Við 3. Tekjur af silfurbergsnámum voru árið 1912, 4,000 kr. 22 aurar; árið 1913 voru námurnar alls ekki reknar, en samkvæmt skilagrein fyrir sölu á silfurbergi það ár, hafa tekjur landssjóðs það ár orðið 6,114 francs 90. Upphæðin er látin halda sjer, eins og hún er í núgildandi fjárlögum, eða 3000 kr.

Við 4. Tekjur frá Ræktunarsjóði. Þessar tekjur voru árið 1912, 9,537 kr. 02 aurar, og 1913, 10,214 kr. 12 aurar. Það má því áætla tekjur þessar 10,000 krónur hvort árið.

Við 4. gr.

Við 1. Venjulegt yfirlit um væntanlegar tekjur af viðlagasjóði 1916 og 1917 og skrá yfir útlánin verða lögð fyrir alþingi. Samkvæmt því yfirliti eru leigur árið 1916 51,987 kr. 73 aur., og árið 1917 49,568 kr. 29 aur., og eru því taldar 52 þús. kr. fyrra árið og 49 þús. kr. síðara árið. Afborganir verða árið 1916 61,279 kr. 80 aur., og 1917 69,397 kr. 59 aur.

Við 2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs.

Innritunarskírteini þessu eru:

225,000 kr. á $3^1/_2$ %, vextir	kr.	7,875
90,000 kr. á 4%, —	—	3,600
	kr.	11,475

Innritunarskírteinin eru til tryggingar fyrir I. og III. flokki veðdeildar.

Við 3. Bankavaxtabrjef þessi eru nú að upphæð 110,000 krónur, og eru til tryggingar III. flokki veðdeildar. Jafnóðum og eitthvert þeirra er dregið út, er nýtt brjef keypt í staðinn.

Við 4. Samkvæmt því, sem segir í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið 1914 og 1915 (Alþ.tíð. 1913, A. bls. 35) var fyrirliggjandi af bankavaxtabrjefum III. flokks í mars 1913 ... ... kr. 1,048,200

1913 voru borguð út	kr.	6,100	
1914 — — —	—	15,500	— 21,600
		Eftir kr.	1,026,600

Þar af eru 249,000 kr. hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn.

Við 5. lið. Þennan lið er erfitt að áætla, því útdrátturinn er tilviljan einber. Fyrir varfærnis sakir þykir eigi rjett, að áætla hann hærri en 10,000 kr.

Við 6. Þessi tekjuliður er áætlaður eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 5. og 6. gr.

Báðar þessar greinar eru óbreyttar. Greiðslan frá Danmörku er samkvæmt lögum 2. jan. 1871 um stjórnskipulega stöðu Íslands í ríkinu.

2. kafli.

Gjöld:

Við 8. gr.

Vextir og afborganir af lánum landssjóðs 1916 og 1917 sundurliðast þannig:

1. Lánið úr ríkissjóði, 500,000 kr. til símalagningar með 4% vöxtum. Afborgist á 15 árum.

Af láninu sem verður 1. janúar 1916 ... ... kr. 300,000,00

greiðast 1916 vextir kr.	11,666,66	afborgun kr.	33,333,33	
— 1917 — kr.	10,333,34	—— kr.	33,333,34	
1916 og 1917 vextir kr.	22,000,00	afborgun kr.	66,666,67	Eftirst. kr. 233,333,33

2. Lán hjá dönskum bönkum tekið 1909 að upphæð 1,500,000 kr. til 30 ára til að kaupa III. fl. bankavaxtabrjef Landsbankans. Vextir 4½%. Lánið verður 1. janúar 1916 ... ... kr. 1,175,000

Af láninu greiðast:

1916 vextir kr.	52,312,50	afborgun kr.	50,000	
Provision —	127,88			
1917 vextir kr.	50,062,50	afborgun kr.	50,000	
Provision —	125,06			
kr.	102,627,94	afborgun kr.	100,000	Eftir kr. 1,075,000

3. Lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni að upphæð 250,000 kr. tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa bankavaxtabrjet landsbankans III. flokks. Vextir 4½%.

Lánið verður 1. janúar 1916 ... ... kr. 229,166,67

1916 vextir kr.	10,218,75	afborgun kr.	8,333,33	
1917 — kr.	9,843,75	—— kr.	8,333,34	kr. 16,666,67
1916 og 1917 — kr.	20,062,50			Eftir kr. 212,500,00

Að öðru leyti skal vísað til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið 1914 og 1915, að því er snertir sjerstaklega lánið frá 1909 (Alþ.tíð. 1913 A. bls. 36—37).

4. Lán tekið 1912 hjá dönskum bönkum til 15 ára með 4½% vöxtum að upphæð kr. 500,000.

Lánið verður 1. janúar 1916.... ... ... kr. 400,000,00

1916 vextir kr.	18,625,00	afborgun kr.	33,333,34	
1917 — kr.	17,125,00	—— kr.	33,333,33	kr. 66,666,67
1916 og 1917 alls kr.	35,750,00	——		Eftir kr. 333,333,33

5. Ritsímalánið 1913 verður 1. jan. 1916 komið niður í kr. 483,378,76

Það greiðist þannig:

1916 vextir kr.	21,653,23	afborgun kr.	8,882,11	
1917 — kr.	21,249,04	—— kr.	9,286,30	kr. 18,168,41
				Eftirstöðvar 31. desember 1917 kr. 465,210,35

6. Lánið til að kaupa ritsíma Reykjavíkur er reikningslán, sem ekki er hægt að gera áætlun um, nema viðskiftagjaldi.

Við 9. gr.

1. liður er óbreyttur sjá lög 3. október 1903.

Við 2. lið. Til utanferða ráðherra. Þessi upphæð hefur frá fyrstu verið óbreytt, 2000 kr. á ári, en hefur oft hvergi nærri hrokkið, eins og nú skal sýnt:

Árið	1904	varð	þessi kostnaður	kr. 2,516,70
—	1905	— —	——	— 3,390,00
—	1906	— —	——	— 1,113,58
—	1907	— —	——	— 2,767,43

Árið	1908	varð þessi	kostnaður	kr. 600,00
—	1909	— —	——	— 2,535,50
—	1910	— —	——	— 1,800,00
—	1911	— —	——	— 1,888,80
—	1912	— —	——	— 3,389,00
—	1913	— —	——	— 3,307,15
—	1914	— —	——	— 5,259,00

Þar sem það má heita nauðsynlegt, að ráðherra fari utan árlega, þó ekki sjeu aukaþing, og þar sem þær ferðir eru nú dýrari en áður, einkum ef fara þarf yfir Noreg, með Bergensbrautinni, sem oft hefur komið fyrir, þá virðist nauðsynlegt að hækka þessa upphæð. Þar við bætist að endurskoðunarmenn landsreikninganna hafa brýnt það fyrir landsstjórninni, sbr. 32. aths. við LR. 1912 að áætla skyldugjöld landssjóðs svo nærri lagi, sem frekast eru föng á, þá er lagt til að þessi liður sje hækkaður upp í 3,000 kr. árlega.

3. og 4. liður eru óbreyttir, sbr. lög 3. oktbr. 1903.

Við 5. lið. Aðstoðar og skrifstofukostnaður hefur numið kr. 17,500 árið 1912 og kr. 20,322 árið 1913. Árið 1914 var hann kr. 20,039,62. Það ár voru nokkuð hækkuð laun margra starfsmanna. Það þykir því ekki hægt að áætla þennan lið lægri en 20,000 kr. árlega. Lögbirtingablaðið hafði engan tekjuhalla 1912, en 1913 varð tekjuhalli kr. 171,70.

6. liður er óbreyttur.

7. liður sömuleiðis og skal um þennan lið, jafnframt og vísað er til athugasemdanna við sama lið í síðasta fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar (Alþ.tíð. 1913 A. bls. 37) tekið fram.

Með því að búast má við, að ekki líði á löngu, áður en ráðherrum verði fjölgað, og með því að það leiðir óhjákvæmilega til þess, að annaðhvort þurfi að byggja nýtt hús ofan yfir stjórnarráðið eða kaupa hús handa *því, sem* boðist hefur, þá verður að fresta umbótum á stjórnarráðshúsinu, sem annars eru alveg nauðsynlegar. Af þessum gjaldlið hafa 500 krónur verið áætlaðar til viðhalds ráðherrabústaðarins. Þó sú upphæð hafi ekki hrokkið, þá má þó búast við að hún hrökkvi *næsta fjárhagstímabil*, þar sem húsið árlega hefur fengið talsverð aðgerð, og virðist óaðfinnanlega við haldið af hendi þess opinbera.

Við 10. gr.

Kostnaður við síðasta reglulega alþingi 1913 var eftir yfirliti í Alþingistíðindunum um 83 þús. króna. Kostnaður þessi hefur farið gífurlega vaxandi, einkum frá 1905, en þá var þingmönnum fjölgað um fjóra. Frá því löggjafarþing hófst og til 1889 var kostnaðurinn nokkuð jafn frá 32—35 þús. kr. Árið 1889 komst hann upp í full 36 þús. kr. og var síðan svipaður til 1903, 37—38 þús. kr. (árið 1893 þó 41½ þús. kr.), En árið 1905 var hann eftir LR. 50,600 kr.; 1907 60,100 kr.; 1909 61,500; 1911 74,400 kr. og 1913, eins og áður getið um 83,000 kr. Það eru víst litlar líkur til, að þessi kostnaður fari lækkandi, þótt svo

virðist, sem ýmisleg kostnaðarútgjöld mætti minka að meira eða minnu leyti. Kostnaður þessi er því áætlaður 80 þús. krónur. Til yfirskoðunar landsreikninganna er sama upphæð sem nú.

Við 11. gr.

Við A. 1 a. Til dómara og sýslumanna. Laun þessi eru talin eins og áður, og sundurliðun söm sem fyr sjá athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 (Alþ.tíð. 1905 bls. 35—36) og eru talin samkvæmt þeim lögum, sem þar er vitnað til.

Við A. 1 b. Laun hreppstjóra eru óbreytt.

Við A. 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík. Sama upphæð sem fyr.

Við A. 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhaldskostnaður.

Útgjöld þessi sundurliðast þannig:

a. Laun fangavarðar	kr.	1,430,00
b. Þóknun dómkirkjuprests	—	100,00
c. Þóknun læknis..	—	60,00
d. Viðurværi fanganna	—	1,225,00
e. Eldiviður og ljós	—	1,000,00
f. Verkfæri..	—	500,00
g. Ýmisleg útgjöld	—	580,00
h. Viðhald fangelsanna	—	300,00
	Kr.	5,195,00

Eini liðurinn, sem breyttur er, er því liðurinn e, eldiviður og ljós. Hann er hækkaður úr 520 kr. árlega upp í 1,000 kr. Stafar þetta aðallega af því, að miðstöðvarhitun hefur verið sett í hegningarhúsið, en áður var hitað í gömlum vindofnum, aðallega með mó, og var það miklu ódýrari en um leið ófullkomnari upphitun. En þar að auki eru kol og olía nú í afarháu verði, og verður því alstaðar að áætla til eldiviðar og ljósa meira en áður.

Við A. 4. Sakamála- og lögreglumála kostnaður. Þessi liður sundurliðast þannig:

a. Þóknun tveggja málaflutningsmanna við yfirrjettinn...	kr.	1,600
b. Kostnaður við saka- og lögreglumál	—	3,000
c. — — gjafsóknarmál...	—	300
d. Laun sendiboðans við yfirrjettinn	—	50
e. Eldiviður og viðhald á yfirrjettarstofunni	—	100
f. Útgjöld við sáttamál	—	50
	kr.	5,100

Allir liðirnir eru látnir halda sjer óbreyttir, og munu láta nærri. Tveir þeirra eru fastir a. og d., hinir lögboðnir og áætlaðir.

Við B. 1. Til útgáfu Stjórnartíðinda. Liðurinn a. er óbreyttur. Liðurinn b. má eigi vera lægri en 6000 kr. eftir reynslu undanfarinna ára. Lið-

urinn d. (nú c.) er af sömu ástæðum hækkaður upp í 1200 kr. Liðurinn c. í fjárlögunum fellur burtu, og kemur aftur undir næsta lið til hagstofunnar.

Við B. 2. Hagstofa Íslands. Liðirnir a. og b. eru ákveðnir með lögum nr. 24, 20. október 1913, 5. gr.

Við lið c. Prentunarkostnaður á því, sem hagstofan hefur gefið út 1914, er um 3000 kr., en það má búast við því, að bæði búnaðarskýrslur og fiskiskýrslur stækki talsvert komandi ár, og þykir því ekki unt að áætla þennan lið lægri en 3500 kr. árlega.

Við lið d. Prentun eyðublaða alment hefur áður verið talin með óvissum gjöldum. En þar sem hagstofan þarf að láta prenta mikið af eyðublöðum undir verslunarskýrslur, búnaðarskýrslur, fiskiskýrslur og fleira, þykir rjett, að tilfæra þann kostnað hjer, sem þeirri prentun er samfara. En þess ber að gæta, að stjórnarráðið þarf auk þeirra eyðublaða, sem hagstofan annast um prentun á, að láta prenta ótal önnur eyðublöð. Verslunarskýrslurnar einar kosta um 500 kr., og er því ógerlegt að áætla þennan gjaldlið lægra en 1000 kr.

Við lið e. Húsaleiga hagstofunnar er nú 35 kr. á mánuði, og hiti, ljós og ræsting um 15 kr. eða alls 50 kr. mánaðarlega. En húsrúmið er í knappasta lagi, og mun mjög bráðlega þurfa á rýmra húsnæði að halda, og er því þessi liður talinn 800 kr. árlega.

Við lið f. Þessi liður er talinn 800 kr., þar af ganga 600 kr. til skrifara, eru þá að eins 200 kr. til ýmsra útgjalda, svo sem ritfanga, talsíma m. m. Þessi upphæð er þó talin að muni til hrökkva, ef andvirði það, sem kann að koma inn fyrir seldar hagskýrslur, er látið ganga upp í þennan kostnað.

Við B. 3. Útgjöld þessi, burðareyrir og skeytasendingar embættismanna, fara stöðugt vaxandi, bæði eftir því sem símum og embættismönnum fjölgar. — Eftir síðustu ára reynslu verður að telja þessi gjöld 16,000 krónur árlega.

Við B. 4. Brunabótagjald m. m. fyrir opinberar byggingar. Upphæðin er óbreytt.

Við B. 5. Til embættiseftirlitsferða. Með tilliti til, að síðasta alþingi lagði mikla áherslu á, að eftirlit með embættismönnum yrði skerpt að mun, er liður þessi hækkaður um 1000 kr. árlega. Af honum er borgaður ferðakostnaður biskups, landlæknis og landritara, og fari þeir eftirlitsferðir allir sama árið, nægir upphæðin tæplega, þó hækkuð sje.

Við B. 6.—9. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við B. 10. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905. Útgjöld þessi voru árið 1912 ekki nema 6,245 kr., en árið 1913 urðu þau 15,625 kr. Það má því ómögulega áætla þau minni en 12,000 kr. árlega.

Við B. 11. Fyrir nokkrum árum, var öllum stærri sýslum landsins lagður peningaskápur til, og smám saman síðan hafa flestar hinar smærri og tekjurýrari sýslur fengið slíka skápa, eftir ósk hlutaðeigandi sýslumanna. Nú hafa

sýslumennirnir í Skaftafellssýslu og Strandasýslu farið þess á leit, að fá skáp, og sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur tjáð stjórnarráðinu, að skápur sá, sem lengi hefur fylgt því embætti, og keyptur var gamall, sje nú orðinn alveg óbrúklegur, og hefur hann því farið fram á, að fá nýjan skáp. Með því, að öllum þessum embættum fylgir talsverð peninga-ábyrgð, og auk þess er líka nauðsynlegt, að geyma ýmsar áríðandi embættisbækur og skjöl á óhultum stað, þá virðist stjórninni sjálfsagt, að fara fram á fjárveitingu í þessu skyni.

Við 12. gr.

Útgjöld við læknaskipunina.

Við 1. Laun læknа. Þau eru óbreytt eins og í núgildandi fjárlögum. Um sundurliðun þeirra vísast til athugasemda við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir árin 1910—11 og 1914—15.

Við 2.—8. Allir þessir liðir eru óbreyttir.

Við 9. Holdsveikisspítalinn. Um einstaka liði skal tekið fram.

Við 1. Þessi liður er hækkaður um 300 kr., með því að kaup hjúa fer sífelt hækkandi, einkum hjúkrunarkvenna.

Við 2. Samkvæmt reikningi spítalans fyrir árið 1913, reyndist fæðið fyrir hvern mann á dag 60,73 aurar. Má því ekki áætla það minna en 61 eyri á dag, þar sem flestar nauðsynjar hafa hækkað í verði síðan, að minsta kosti í bráðina. Eins og að undanförnu er gert ráð fyrir 60 sjúklingum.

Við 3. Þessi liður er hækkaður um 400 kr., enda varð hann árið 1913 rúmar 1400 kr.

Við 4. Þessi liður er einnig hækkaður um 300 krónur vegna gífurlegrar verðhækkunar á flestum meðulum og sáraumbúðum.

Við 5. Þessi liður er hækkaður um 500 krónur frá gildandi fjárlögum. Stafar þessi hækkun sumpart af því, að meira eldsneyti þarf, eftir því sem húsið eldist, og sumpart af því, að kol fara stöðugt hækkandi í verði.

Við 7. Þessi liður er hækkaður um 200 kr. árlega, sem þó er sennilega of lítið, því eðlilega ganga áhöldin og húsbúnaður úr sjer, einkum það sem elst er.

Við 11. Þessi liður, til skemtana sjúklingum, er hækkaður um 100 kr. árlega, og er sú hækkun bygð á reynslu undanfarinna ára.

Aðrir liðir eru óbreyttir, nema 8. liður, hann er jafn bæði árin, með því ekki þarf að mála húsið að utan á næsta fjárhagstímabili. Nemur þá hækkun til holdsveikisspítalans alls 4,574 kr. árlega.

Við 10. Geðveikishælið á Kleppi. Hækkaðir eru þessir liðir: 2. (viðurværi), 3. (klæðnaður sjúklinga), 5. (ljós og hiti), 6. (viðhald og áhöld),

7. (þvottur og ræsting) og 8. (skemtanir). Nemur sú hækkun alls kr. 5,251,50, og má um ástæðu til hennar, að öllu leyti, vísa til þess, sem tekið er fram um næsta lið á undan. Til frádráttar kemur hins vegar aukin meðgjöf, sem nemur kr. 912,50, svo alls verður þá hækkun á þessum gjaldlið kr. 4,839.

Við 11. Heilsuhælið á Vífilsstöðum. Yfirstjórn þess hefur farið fram á, að stjórnin tæki það að öllu leyti til reksturs á kostnað landssjóðs. — Jafnvel þó að því hljóti að reka innan skamms, finnur stjórnin þó ekki nægа ástæðu til, að gera slíkt að sinni tillögu í þetta sinn. Yfirstjórnin hefur sýnt fram á það í ítarlegu skjali, að hælið getur ekki borið sig án mikillar uppfærslu á borgun fyrir sjúklinga, nema því að eins, að það fái tillag úr landssjóði, er nemi 35,000 kr. árlega. Jafnvel þótt stjórnin játi það og viðurkenni, að þetta muni satt vera, vill hún þó ekki upp á sitt eindæmi hækka svo mjög tillagið, en vill láta fjárveitingarvaldið afgera, hvað gera skuli við hælið, og hve hátt tillag það vill veita.

Við 12. a—g. Liðir þessir eru allir óbreyttir.

Liðirnir c. d. og e. hafa nokkurn veginn hrokkið hin síðari ár. Liðurinn g. virðist nægilega hár, því enn eru ekki stofnuð sjúkrasamlög nema í Reykjavík, á Sauðárkrók og Akureyri, og nam styrkurinn til tveggja hinna fyrnefndu 322 kr. og 54 krónum til hins síðast nefnda árið 1914.

Við 12. h. Eins og frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1914 og 1915 ber með sjer, hefur ljóslækningastofnun Finsens í Kaupmannahöfn sent stjórnarráðinu erindi um borgun fyrir íslenskan sjúkling þar á stofnuninni, og kvartað yfir því, að sjúklingar hjeðan komi þangað í hálfgerðu reiðileysi.

Út af þessu hefur landlæknir vakið máls á því, að það væri sanngjarnt og rjettmætt, að fátækir sjúklingar með hörundsberkla eða aðra alvarlega sjúkdóma, sem ekki verður átt við hjer í landi, en sem þeir geti fengið bót á þeim erlendis, sjeu styrktir af almannafje til utanferðar og lækningar þar. Þetta hefur líka áður verið gert í einstöku tilfellum. Landlæknir leggur því til, að tekin sje upp föst fjárveiting í þessu skyni. Stjórnarráðið getur fallist á það, en álítur rjett, að binda hana eingöngu við nefndan hörundskvilla og leggur til, að veittar verði 500 kr. árlega.

Við 13. gr.

A.

Póstmál.

Við 1. a. Laun póstmeistara eru talin eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 1. b. 1. Póstafgreiðslumenn í Reykjavík. Þessi liður er aukinn um 400 kr. árlega. 2. og 3. póstafgreiðslumaður hafa nú 1800 krónur í árleg laun, og er svo tilætlast, að hækka laun þeirra hvors um sig upp í 2000 kr. Báðir hafa þessir menn verið lengi í þjónustu póstmálanna, fyrst framan af við mjög lág laun, og virðist því af þeirri ástæðu, og er tillit er tekið til, hversu allar lífsnauðsynjar stiga í verði, rjett, að bæta kjör þeirra.

Við 1. b. 2. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur. — Upphæðin er aukin um 300 krónur, með því að í ráði er að stofna póstafgreiðslu í Hofsós.

Við 1. c. Til brjefhirðingamanna. Laun til þeirra eru talin 400 krónum hærri en í núgildandi fjárlögum, vegna þess, að bæði fjölgar þeim alt af, og svo verður eigi hjá því komist, að bæta laun sumra þeirra, einkum hinna eldri.

Við 2. Póstflutningur. Þessi útgjaldaliður er hækkaður um 4000 krónur árlega, frá því sem nú er, og er hann þá talinn hjer um bil með þeirri sömu upphæð, sem hann nam árið 1913. Að hann geti lækkað, kemur ekki til mála, þar sem sífelt er verið að bæta við nýjum póstferðum. Um nánari sundurliðun þessa gjaldliðs vísast til athugasemdanna við frumvarpið til fjárlaga fyrir yfirstandandi tímabil.

Við 3. a. Póstmeistari hefur lagt það til, að upphæð sú, sem gengur til fastra aðstoðarmanna á pósthúsinu, sje tekin út af þessum lið, og sett í sjerstakan lið undir 1., og að þeim sje ætlaðar 7000 kr. árlega, en að hans skrifstofufje yrði sett 3,800 krónur eftir því, sem hann sundurliðar nánar, eða þetta tvent til samans 10,800 kr. Þar sem skrifstofukostnaður póstmeistara er nú 6,000 kr., er því farið fram á 4,800 kr. hækkun, eða alt að helmingi hærra, en nú er. Stjórnarráðinu þykir nú engin ástæða til þeirrar aðgreiningar, sem hann fer fram á, því laun til þeirra aukamanna, sem póstmeistari þarf, til að inna af hendi þau verk, sem póstafgreiðslumennirnir fá eigi yfir komist, virðast rjettilega heyra til skrifstofukostnaðar. Þessa »föstu« menn ræður póstmeistari alveg upp á eigin hönd, ákveður starfa þeirra, laun, segir þeim upp o. s. frv., án nokkurar íhlutunar af hendi landsstjórnarinnar, og virðist fara best á því, að þessu sje hagað eftirleiðis eins og hingað til hefur tíðkast. Annars er hætt við, að erfitt yrði að greina þá frá skipuðum póstafgreiðslumönnum, altjend þegar tíma líða fram, og að þeir yrðu skoðaðir, sem fastir starfsmenn þjóðfjelagsins, en ekki aðstoðarmenn póstmeistara. Stjórnarráðið hefur heldur ekki getað fallist á, að hækka þennan lið eins mikið og póstmeistari fer fram á. Það er auðvitað, að nokkuð þarf að auka skrifstofufjeð, ef kostnaður sá, sem leiðir af flutningnum í nýja húsið, svo sem dyravarsla m. m., er talin í þessum lið, eins og póstmeistari ætlast til, en stjórnarráðið ætlar, að það heyri rjettilegar undir »önnur gjöld«, eða þá sjerstakan lið. Með tilliti til þess, að póstmeistari telur nauðsynlegt, að bæta við aukamanni, og hækka dálítið laun einstakra starfsþjóna sinna, þykir rjett að áætla til skrifstofukostnaðar 7,000 krónur, og hækka liðinn d. önnur gjöld upp í 9,000 krónur; nemur þá hækkunin á þessum 2 liðum samtals 2,500 krónum í stað 4,800 kr., er póstmeistari fór fram á.

Liðirnir b. og c. eru óbreyttir. Liðurinn 3. c. í núgildandi fjárlögum fellur burt, eftir að póstmeistari er fluttur inn í hið nýja hús.

Loks er athugasemdin feld burt eftir ósk póstmeistara, sem óþörf, en stjórnarráðið gengur jafnframt að sjálfsögðu út frá því, að pósthúsið sje opið 10 stundir samfleytt hvern virkan dag, og svo margar stundir á helgum dögum, sem þurfa þykir, og á svo hentugum tíma dagsins, að almenningur megi vel við una.

Erindi póstmeistara um allan þennan lið, verður lagt fyrir alþingi.

Við B.

Vegabætur.

Við I. Stjórn og undirbúningur vegagerða.

Við 1. a—c. Laun verkfræðings landsins og ferðakostnaður eru óbreytt eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 2. Í núgildandi fjárlögum er upphæðin 4000 krónur fyrra árið, en 6700 kr. síðara árið, og er hækkunin gerð í því skyni, að bætt verði við einum verkfræðing vegna undirbúnings og framkvæmdar vatnsvirkja, en með því að þau heyra ekki til samgöngumála, er upphæðin til þeirra tekin hjer út, og sett inn annarsstaðar. — Upphæðinni, sem hjer er farið fram á, er ætlast til, að sje varið þannig, til aðstoðarverkfræðings Geirs G. Zoega 2700 kr. fyrra árið og 3000 kr. síðara árið. Landsverkfræðingurinn leggur mikla áherslu á, að Geir G. Zoega fái þessa launahækkun síðara árið, annars sje hætt við, að hann hverfi úr þjónustu landsins, því honum standi til boða betur launuð staða. Með því að Geir G. Zoega í árslok 1916 hefur gegnt starfi sínu í nærfelt 6 ár, fyrst með mjög lágum launum, og þar sem það verður að teljast mjög óheppilegt, að oft sje verið að skifta um menn í þessari stöðu, þá verður stjórnarráðið að mæla með því, að þessi launaviðbót verði veitt nefndum verkfræðing.

Við 3. og 4. lið. Þessir liðir ern óbreyttir.

II. Flutningabrautir.

Við 1. Borgarfjarðarbraut. Upphæðin er ætluð til þess að búa undir afhendingu síðasta kafla hennar, en auðvitað er þetta einungis áætlunarupphæð, þar sem ómögulegt er, svona löngu á undan, að ákveða upphæðina nákvæmlega.

Við 2. Húnvetningabraut. Að framlagið til þessarar brautar er sett svo hátt fyrra árið, stafar af því, að þá verður að brúa Vatnsdalsá hjá Hnausum, og má ráðgera, að sú brú kosti fullar 20,000 krónur, og óhjákvæmilegt að gera veginn næst brúnni samtímis. Vegna þess að þessi langa braut, er svo skamt á veg komin enn, þykir ekki af veita að leggja til hennar 15 þús. krónur árlega fyrst um sinn, eins og gert er síðara árið.

Við 3. Skagafirðingabraut. Til hennar eru ætlaðar 10,000 krónur árlega. Með sömu upphæð fjárhagstímabilið 1918—19 ætti henni þá að vera lokið.

Við 4. Eyjafjarðarbraut. Upphæðin er ætluð til þess að búa kaflann frá Grund að Saurbæ undir afhendingu, en er að öðru leyti óviss áætlunarupphæð eins og upphæðin undir stafl. 1.

Við 5. Reykjadalsbraut. Búist er við, að braut þessi verði fullgerð í ár (1915) og er því upphæðin 5000 kr. fyrra árið aðallega ætluð til þess að búa alla brautina undir afhendingu og er því aðeins áætlunarupphæð.

Við 6. Grímsnesbraut. Þessi braut er svo að segja í byrjun, og er því lagt til að hækka framlögin til hennar upp í 15000 kr. árlega, til þess að henni verði lokið innan hæfilega langs tíma. Síðara árið 1917 má gera ráð fyrir, að á þessari braut verði gerð brú yfir Brúará hjá Spóastöðum.

Við 7. Upphæðin til viðhalds flutningabrauta er óbreytt.

Við III. Þjóðvegir.

Við 1. Stykkishólmsvegur. Upphæðin er hin sama og í núgildandi fjárlögum. Vegur þessi liggur nær eingöngu eftir blautum mýrum, mjög illum yfirferðar, alt vestur að Gröf í Miklaholtshreppi, og er óhjákvæmilegt að halda honum áfram þangað, en úr því er þolanlegur vegur vestur að Hjarðarfelli.

Við 2. Þessi kafli milli Hvítár og Örnólfsdalsár, er að lengd alls 5, 6 km. og tekur við af Borgarfjarðarbrautinni sem flutningaleið fyrir Þverárhlíðina. Um 4,5 km. af leiðinni er þegar upphleyptur vegur, en eftir er um 1,1 km. og er ætlast til þess, að upphæðinni verði varið til þessa kafla og til að umbæta eldri kaflann. Þessi vegarkafli virðist nauðsynlegur í sambandi við Borgarfjarðarbrautina, sem nú er fullgerð.

Við 3. Þessi vegur frá Gljúfurá upp Norðurárdal er byrjunin á þjóðveginum norður yfir Holtavörðuheiði, þar sem Borgarfjarðarbraut sleppir. Kaflinn frá Gljúfurá upp að Hraunsnefi í Norðurárdal, að lengd um 17 km., er einhver versti kaflinn yfirferðar á öllum þjóðveginum nú, og jafnframt einhver sá fjölfarnasti, því um hann liggur leiðin milli Borgarness annarsvegar og Vesturlands og Norðurlands hinsvegar. Er því nauðsynlegt að leggja fje til þessa kafla sem allra fyrst, og hefði í rauninni þurft að gera það fyrra árið, en því er þó slept, vegna þess að margir vegarkaflar eru þegar í smíðum, sem óheppilegt er að hætta við.

Við 4. og 5. Alþingi 1913 veitti fje til þess að byrja á þessum vegarköflum, og einnig til þess að byrja á Hróarstunguveginum (8. lið). Það hefur því þótt sjálfsagt að halda þeim áfram á næsta fjárhagstímabili, þó ekki sje hægt að fara fram á eins háa upphæð til þeirra, sem æskilegt væri, og sem að áliti landsverkfræðingsins mætti ekki vera minni en 10,000 kr. árlega, því af lægri upphæðum fer tiltölulega of mikið í kostnað við ferðir verkstjóra og verkamanna m. m. Með því Öxnadalsvegurinn er talinn skárstur þessara vega, er að eins farið fram á tillag til hans síðara árið. Er það þó eingöngu fjárskorti að kenna, að sú fjárveiting er svo takmörkuð.

Við 6. Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði. Þessi á er ekki mjög stór, en venjulega mjög djúp, eins og nafnið bendir á. Hún liggur á þjóðvegi, og er því

mikil þörf á brú yfir hana, bæði vegna þess, og eigi síður vegna umferðar af innsveitismönnum. Að dregist hefur að brúa þessa á, stafar eingöngu af því, að þjóðvegarstæðið gegnum Ljósavatnsskarð hefur eigi orðið ákveðið fyr en nú, en brúarstæðið varð að ákvarðast í sambandi við það.

Við 7. Hróarstunguvegur. Um hann vísast til þess, sem áður er sagt.

Við 8. Aðrar vegabætur og viðhald. Upphæðin er hin sama og í núgildandi fjárlögum.

Við IV. Fjallvegir.

Til þeirra hafa verið veittar 5000 krónur undanfarið árlega, en eftir þeim beiðnum um styrk til fjallvega, sem framkoma, munu 4000 kr. árlega nægja.

Um vegagerðir landsins yfir höfuð, hvað nauðsynlegt sje að gera á næstu árum, í hvaða röð vega- og brúargerðir skuli framkvæma, um kostnað til þeirra m. m. vísast til erindis landsverkfræðingsins, sem prentað er hjer fyrir aftan sem fylgiskj. B.

Við V. Til áhalda.

Sama upphæð sem í núgildandi fjárlögum.

Við VI. Tillag til sýsluvega.

Á hinum síðari árum hefur það farið mjög í vöxt að veita talsverða upphæð til sýsluvega, gegn því að hlutaðeigandi sýslufjelag legði fram vissan, ákveðinn hluta, frá $^1/_3$ til $^1/_2$ af kostnaðinum. Þessi stefna er í sjálfu sjer eðlileg. Eftir því sem akbrautum fjölgar, og þær verða betur notaðar, vaknar hjá mönnum áhugi á því, að koma slíkum samgöngubótum á innan sýslu, en sýslufjelögin, einkum í víðáttumiklum sýslum, eru langt frá því að vera þess umkomnar, að standast þann kostnað, sem samfara er lagningu akbrauta. Það virðist því alveg eðlilegt, eins og þingið líka hefur gert, að styrkja sýslufjelögin í þessu skyni, og er því farið fram á 20 þúsund krónur árlega, en um leið skal það tekið fram, að stjórnin ætlast til, að þeim skilyrðum sem landsverkfræðingur telur nauðsynleg og um getur í fyrnefndu erindi, sje fylgt.

Við VII. og VIII. Upphæðirnar eru eins og í núgildandi fjárlögum.

Við C.

Samgöngumál á sjó.

Með því að ganga má að því vísu, að Eimskipafjelag Íslands haldi uppi

strandferðum umhverfis landið, að minsta kosti frá árinu 1917, og með því millilandaferðir eru komnar í fast horf og flóabátaferðir sömuleiðis að mestu leyti, þykir eigi ástæða til, að halda áfram fjárveitingu til samgöngumálaráðanauts, og er henni því sleppt. Þann undirbúning, sem frekara þarf að hafa, treystir stjórnin sjer til að hafa sjálf á hendi.

Við I. Til strandferða.

Alþingi 1914 fól landsstjórninni með þingsályktun (þskj. 471) að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli samnings þess, er hún gerði við Eimskipafjelagið 4. febrúar 1914 og að öðru leyti með nokkrum nánar tilteknum skilyrðum. Full líkindi eru fyrir því, að Eimskipafjelagið ekki geti tekið að sjer ferðir fyr en árið 1917. Það virðist því ekki annað fyrir hendi, en að reyna að ná framhaldssamningi við »Björgvinjargufuskipafjelagið« og stórkaupmann Thor E. Tulinius um að halda strandferðum uppi það ár, á líkan hátt og verið hefur árin 1914 og 1915. Upphæðin er því sett 60,000 kr. fyrra árið eins og nú, og 77,300 kr. síðara árið, sem er tillag það, sem alþingi ætlaði Eimskipafjelaginu.

Við II. Til Eimskipafjelags Íslands.

Í núgildandi fjárlögum er fjelagi þessu ætlaður styrkur, síðara árið (1915) 40,000 kr., ef það kemst á fót og tekur þá til starfa. Það verður því að líta svo á, sem það hafi verið vilji alþingis 1913, að veita nefndu fjelagi þennan styrk altjend í byrjun, og þar sem enginn vafi er á, að fjelagið tekur til starfa í ár, þykir rjett að halda þessari upphæð óbreyttri.

Við III. Til bátaferða

á flóum, fjörðum og vötnum. Allir þessir liðir eru látnir halda sjer óbreyttir að upphæðinni til, nema tillagið til Faxaflóabáts, það er fært niður í 12000 kr., sem landsstjórnin hefur jafnan álitið nægilegt og hæfilegt tillag. Skilyrðunum er sömuleiðis haldið óbreyttum. Að vísu virðist stjórninni styrkirnir til bátaferða þeirra, sem um ræðir í IV. 2.—5. lið gildandi fjárlaga alt of háir, bæði í sjálfu sjer, þegar litið er á fjárhag landsins, og sjerstaklega í samanburði við það gagn, sem þeir gera, en þar sem alþingi hefur sjálft sett þessar upphæðir inn, og að nokkru leyti bætt við nýjum ferðum, þykir stjórninni það ekki við eigandi að kippa þeim út, eða færa styrkina niður. Skilyrðin eru hin sömu sem áður.

Við D.

Hraðskeyta- og talsímasamband.

Við I. Árgreiðslur til ritsímafjelagsins mikla norræna eru taldar eins og í núgildandi fjárlögum, samkvæmt samningi við fjelagið.

Við II. Þessi upphæð er látin halda sjer óbreytt. Að vísu hefir landssímastjórinn farið fram á, að tillagið verði sett 10 þús. kr., en bæði með tilliti til þess, að rannsóknir símaleiða hljóta nú að fara minkandi og til þess, að Reykjavík er slept út, en þar er, og hlýtur að vera að ræða um mestar umbætur og útfærslu, þá þykir ekki ástæða til að hækka þennan lið.

Við III. Línur þær, sem taldar eru upp í 4. gr. ritsímalaga 20. október 1913 á að byggja fyrir tekjuafgang landssímans, sbr. 7. gr. Ef stríðið ekki tálmar fyrirhuguðum framkvæmdum í ár, má búast við því, að línur þær, sem taldar eru upp í 2. og 3. gr. laganna verði fullgerðar í ár, og má því byrja á hinum fyrirhuguðu árið 1916, og er ætlast til, að varið sje til þeirra 28,500 kr., það ár eða til þess að byggja eftirfarandi línur:

1.	Keflavík — Hafnir og Keflavík — Grindavík	kr. 13,750	
	að frádregnu tillagi frá hjeraðinu	— 2,750	11,000
	Lína þessi á að liggja frá Keflavík eftir eldri staurarðð til Njarðvíkur, þaðan til Hafna eftir nýrri staurarðð, 9 km. Til Grindavíkur má fara tvær leiðir: frá Höfnum til Reykjaness als 28 km., eða beint frá Njarðvík 15 km. Þessa síðari leið þykir landssímastjóra ráðlegra að velja, með því hvorki símanum eða sýslunni er það nokkuð áhugamál að byggja línu til Reykjaness, enda getur hún þá ætið komið sem hliðarlína frá Grindavík.		
2.	Kópasker — Raufarhöfn	kr. 15,000	
	að frádregnu tillagi frá hjeraðinu	— 3,000	12,000
	Lína þessi er að lengd 31 km.		
3.	Til Hvammstanga	kr. 7,000	
	að frádregnu tillagi frá hjeraðinu	— 1,500	5,500
	Þessa línu er ætlast til að leggja frá nýrri stöð á aðallínunni við Staðarbakka, eða þar í grend, og lengdin er um 12 km.		

Um lagningar árið 1917 er ekki sem stendur, eða nú þegar þetta er ritað (í apr. 1915), hægt að koma með ábyggilega kostnaðaráætlun fyrir fleiri línur, en línu frá Búðardal að Gilsfirði, hún á að vera byrjun á fyrirhugaðri línu um Barðastrandasýslu til Bíldudals. Lína þessi mun kosta 24,500 kr., tillag frá hlutaðeigandi hjeraði er 3,500. Aðrar línuleiðir eru órannsakaðar enn, en sennilega verður hægt að koma fram með frekari kostnaðaráætlanir, þegar á þing er komið. Til slíkra lagninga 1917 er farið fram á 50 þúsund krónur.

Áður hefur verið heimtað, að hlutaðeigandi hjeruð legðu fram 30% af lagningarkostnaði, en hjer er að eins farið fram á, að þau leggi 20% fram. Stafar það af því, að þau hjeruð sem svo seint fá samband, hafa verið töluvert ver sett en önnur, sem fyr hafa fengið það, og auk þess hafa þau óbeinlínis tekið þátt í kostnaði við lagningu landssimanna. Þykir því sanngjarnt að taka tillit til þessa.

Við IV. Starfræksla landsímanna:

Við IV. 1. Laun landsímastjóra ásamt launaviðbót fyrir sjálfan hann eru talin samkvæmt lögum nr, 31, 10. nóvbr. 1907.

Við IV. 2. Til þessa hafa útgjöldin til stjórnar landsímanna verið færð til reiknings ásamt með gjöldum til ritsímastöðvarinnar í Reykjavík. Þetta mátti til sanns vegar færa meðan skrifstofan var sameiginleg, en nú þegar stjórn símanna verður aðskilin frá stöðinni, virðist engin ástæða til að hafa þessi útgjöld í sama lið, heldur miklu fremur hið gagnstæða, og eru því þessi útgjöld sett sjer, og virðist eðlilegast, að þau komi hjer inn. Upphæðin, laun símaverkfræðings, er sú sama sem áður.

Við IV. 3. Þennan lið má alls ekki áætla lægra en hjer er farið fram á vegna þess að talsverðrar aðstoðar þarf með, meðan landsímastjóri eða símaverkfræðingurinn eru á ferðalagi, til eftirlits eða rannsóknar.

Við IV. 4. Ritsímastöðin í Reykjavík. Útgjöldin sundurliðast þannig:

		1916	1917
1.	Laun stöðvarstjóra	2600	2600
2.	— símritara (5—6)	6400	7600
3.	— símameyja (7—8)	5020	5620
4.	Sendlar	2200	2400
5.	Aukaþjónusta	500	600
6.	Viðhald, eldiviður, ljós og ræsting ...	2500	2500
7.	Ýmisleg útgjöld	500	500
		19720	21820

Um einstaka liði skal þetta tekið fram. Afgreiðslan hefir hingað til verið mjög ófullkomin vegna hinna þröngu og afaróhentugu húsakynna, en nú, þegar ritsíminn fær stærra og betra húsnæði, er bæði hægt að koma fyrir fleiri áhöldum og bæta við starfsfólki. Við ritsímann eru nú 3 símritarar, einn á hverjum varðtíma (hver dagur er tveir varðtímar), og einn sem skiftist milli beggja varðtímanna, en þegar alt er komið í lag í hinu nýja húsnæði verður að bæta við mönnum svo að 5 verði símritarar 1916 (3 með 1200 kr. launum og 2 með 1400 króna launum) og 6 árið 1917 sbr. 2. lið. Á sama hátt er farið fram á að bæta við 3—4 stúlkum (3. lið) en þær eru nú 4, tvær á hverjum varðtíma. Útgjöldin til sendla (4. liður) voru árið 1913 1700 kr,, og þykir því ekki ráðlegt að áætla til þeirra minna en 2200 kr. fyrra árið og 2400 kr. síðara árið, þar eð bæði boðsendingar og innheimta fer stöðugt vaxandi. Til eldiviðar og ljósa (6. lið), þarf eðlilega talsvert meira en áður, einkum er tekið tillit til, hve kol fara stöðugt hækkandi í verði. Þessi útgjöld hafa hingað til numið um 1650 kr. árlega, og er því farið fram á að hækka þau upp í 2500 kr. árlega.

Bæjarsími Reykjavíkur hefur hingað til verið talinn undir þessum lið, en er nú slept með öllu í fjárlögunum. En með því að síminn er keyptur fyrir lánsfje og væntanlegum tekjuafgangi skal varið til afborgunar á láninu, virðist rjettast að halda reikningsfærslu hans alveg sjer, sbr. 8. gr. ritsímalaganna, því

hann á að öllu leyti að bera sig sjálfur, þangað til kaupverðið er að fullu greitt. Honum er því slept hjer, en að öðru leyti er tekju og gjaldaáætlun hans næsta fjárhagstímabil þannig:

	1916	1917
Tekjur	28000	29000
Gjöld:		
1. Laun 11—12 talsímameyja	5,400	6,000
2. Aukaþjónusta	600	600
3. Vinnulaun	3,500	3,500
4. Stjórn, reikningshald m. m.	2,000	2,000
5. Aukning, áhöld, viðhald	4,500	4,500
6. Tekjuafgangur, (vextir og afborgun)	12,000	12,400
Kr.	28,000	29,000

Við IV. 5. Ritsímastöðin á Akureyri. Þau gjöld sundurliðast þannig:

	1916	1917
1. Laun stöðvarstjóra	2,000	2,000
2. — símritara	1,200	1,200
3. — símameyja (4)	2,900	3,000
4. Aukaþjónusta alt að	400	400
5. Sendill	400	400
5. Viðhald, eldiviður, ljós og ræsting ...	1,000	1,000
7. Ýmisleg útgjötd	400	400
Kr.	8,300	8,400

Þessir liðir eru allir eins og nú nema 3. liður; með sívaxandi störfum er óhjákvæmilegt að bæta tveimur nýjum stúlkum við.

Við IV. 6. Ritsímastöðin á Seyðisfirði. Þau gjöld sundurliðast svo:

	1916	1917
1. Laun stöðvarstjóra og húsnæði	2,770	2,770
2. — 4 símritara...	5,600	5,600
3. — 2 símameyjar...	1,440	1,440
4. Aukaþjónusta alt að	500	500
5. Sendill	500	500
6. Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting..	380	380
7. Ýmisleg útgjöld	400	400
Kr.	11,590	11,590

Aðalbreytingin á þessum aðallið, frá því sem áður var, er í undirlið 2, þar sem farið er fram á, að fjölga símriturum um tvo. Þetta er alveg nauðsynlegt, og hefir verið lengi, en verður alveg óhjákvæmilegt, ef sjálfhreyfandi áhöld fást, sem landsímastjóri æskir mjög eftir.

Við IV. 7. Ritsímastöðin á Ísafirði. Gjöldin sundurliðast þannig:

		1916	1917
1.	Laun stöðvarstjóra.	2000	2000
2.	— tveggja símameyja...	1620	1620
3.	Aukaþjónusta...	400	400
4.	Sendill...	400	400
5.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting.. ...	840	840
6.	Ýmisleg útgjöld...	400	400
		5660	5660

Af þessum liðum eru 2. liður lítið eitt hækkaður (launahækkun), og 4. liður sömuleiðis og 5. liður; alls nemur hækkunin 400 krónum, og þykir eigi þörf að fjölyrða frekara um hana.

Við IV. 8. Ritsímastöðin á Borðeyri. Þau gjöld sundurliðast svo:

		1916	1917
1.	Laun stöðvarstjóra.	2000	2000
2.	— símameyjar	600	720
3.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting.. ...	600	600
4.	Ýmisleg útgjöld	100	100
		3300	3420

Hækkunin á þessum lið er fólgin í launahækkun síðara árið til talsímameyjar og aukinna útgjalda til eldiviðar m. m.

Við IV. 9. Símastöð í Hafnarfirði. Þessi liður er hækkaður um 100 kr. aðallega vegna hækkunar á eldsneyti.

Við IV. 10. Símastöð í Vestmannaeyjum. Liðurinn er sömuleiðis hækkaður um 200 krónur af sömu ástæðum.

Við IV. 11. Útgjöld við eftirlitsstöðvar. Útgjöld þessi hafa verið hækkuð mjög mikið, um helming og rúmlega það síðara árið. Þessi hækkun stafar af því, að nú ganga hinir upphaflegu samningar við hreppana smámsaman úr gildi, en við endurnýjun þeirra hefur landssíminn víða orðið að taka að sjer meira eða minna af útgjöldunum til stöðvarhalds.

Við V. og VI. Þessir liðir eru hækkaðir; hinn fyrri um 1000 krónur, en sá síðari um 500 kr. árlega, af því að þeir hafa reynst of lágir að undanförnu.

Við VII. Þessi liður er óbreyttur.

Við VIII. Viðhald landssímanna. Þessi útgjöld hafa numið kr. 14,235 árið 1912 og kr. 14,413 árið 1913. Eftir því sem símum fjölgar, er óhjákvæmilegt að þessi útgjöld vaxi og má með engu móti ætla þau lægri en 15,000 kr. árlega.

Við IX. Er fastákveðið gjald.

Við E.

Vitamál.

Við I. a. Laun umsjónarmanns eru hækkuð um 300 kr. upp í 4000 kr. og hefir hann þá jafnhá laun og verkfræðingur Jón Þorláksson. Verkfræðingur Krabbe hefur nú gegnt þessari stöðu í full 9 ár. Fyrst með 3000 kr. launum, og síðar með 3700 kr. launum. Nú er starfið orðið svo umfangsmikið, að hann getur alls engum aukastörfum gegnt, sem honum var áður auðið. Með því að verkfræðingurinn hefur staðið mjög vel í stöðu sinni, og með tilliti til þess, hve allar lífsnauðsynjar hafa hækkað mjög í verði hin síðari ár, og fara stöðugt hækkandi, þá virðist sanngjarnt að gera honum jafnt undir höfði sem hinum landsverkfræðingnum.

Við I. b. Laun aðsoðarmanns. Vitamálaforstjórinn hefur eindregið lagt það til, að laun aðstoðarmannsins verði hækkuð úr 2000 kr. upp í 2700 kr., eins og aðstoðarmaður landsverkfræðingsins hefur. Tekur hann það fram, að bæði sjeu launin í sjálfu sjer ónóg og sjerstaklega handa þeim manni, sem nú gegnir þessari sýslan, því bæði hafi hann góðan »theoretiskan« grundvöll, og margra ára »praxis« í ýmsum greinum erlendis, enda hefði hann reynst prýðisvel þann tíma, sem hann hafi starfað í þágu vitanna. Landsstjórnin verður nú líka að líta svo á, að 2000 kr. sjeu of lág laun, en með tilliti til þess, að maðurinn er alveg nýr í sýslaninni, og til launakjara ýmsra annara embættis- og sýslunarmanna, þykist hún ekki geta farið hærra en upp í 2500 krónur.

Við I. c. Skrifstofuhald. 500 kr. til skrifstofuhalds hrökkva ekki, og er því lagt til, að það verði hækkað upp í 800 kr. árlega.

Við I. d. Ferðakostnaður. Upphæðin er óbreytt.

Við II. Laun vitavarða og III. Reksturskostnaður vitanna. Þegar frumvarpið til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915 var lagt fyrir alþingi, hafði stjórnin gert gagngerða breytingu að því er niðurröðunina snerti, (Alþ.tíð. 1913 A. bls. 49), en alþingi fjelst samt ekki á hana að öllu leyti, sjerstaklega hjelt alþingi fast við að tilfæra hvern vita um sig með launum og reksturskostnaði. Þetta er þó ekki samræmi við aðra niðurröðun í 13. gr., t. a. m. A. og D. og auk þess gerir það reikningshaldið miklu margbrotnara, og verður þó betur eftir því sem vitum fjölgar. Í athugasemdunum má sjá fullkomna sundurgreining gjaldanna og hvernig þau eru tilkomin, ef óvanaleg eru. Stjórnin hefir því enn á ný haldið því formi sem hún hafði síðast.

Laun og reksturskostnaður sundurliðast þannig:

		Laun		Rekstur	
		1916	1917	1916	1917
1.	Akranes	»	50	»	»
2.	Malarrif	75	150	»	400
3.	Svörtuloft	400	400	500	500
4.	Öndverðarnes				
5.	Elliðaey	400	400	400	400
6.	Bjargtangar	200	200	350	350
(7.	Gölltur	50	100	»	150)
8.	Arnarnes	500	500	400	400
9.	Straumnes	100	200	»	400
10.	Grímsey	250	250	500	500
11.	Malarhorn				
12.	Hólmavík	100	100	150	150
13.	Kálfshamarsnes	100	100	200	200
14.	Skagatá	150	150	400	400
15.	Siglunes	900	900	500	500
16.	Flatey	150	150	400	400
17.	Rifstangi	200	200	300	300
18.	Langanes	250	250	200	200
19.	Bjarnarey	100	200	»	400
20.	Dalatangi	600	600	600	600
21.	Vattarnes	100	100	200	200
(22.	Stokksnes	»	75	»	»)
23.	Ingólfshöfði	200	200	400	400
24.	Dyrhólar	200	200	400	400
25.	Vestmannaeyjar	700	700	500	500
26.	Selvogstangi	»	50	»	»
27.	Reykjanes	1500	1500	1600	1600
28.	Reykjanes aukaviti				
29.	Garðskagi	600	600	750	750
(30.	Gerðatangi	»	50	»	»)
31.	Grótta	500	500	450	450
		8325	8875	9200	10550

Launin eru alstaðar hin sömu sem nú eru; að þau samt eru í heildinni lítið eitt hærri en í núgildandi fjárlögum, stafar eins og sundurliðunin sýnir, frá því, að laun varðanna við fyrirhugaða nýja vita eru talin með fyrir þann tíma af fjárhagstímabilinu, sem ætla má að vitarnir starfi. Um reksturskostnað þeirra vita er sama máli að gegna, að hann er líka tekinn með, með tiltölulegri upphæð. Að öðru leyti er reksturskostnaður lækkaður um 100 kr. á þessum vitum: Svörtulofta, Arnarnes, Siglunes og Rifstanga, um 50 krónur við Elliðaeyjarvita, og hækkaður um 100 kr. við Bjargtangavita.

Við E. IV. Bygging nýrra vita. Kröfur sjómanna um nýja vita fara stöðugt vaxandi, og þær kröfur virðast vera sanngjarnar, eða jafnvel sjálfsagðar,

því eftir því sem vitagjaldið er hækkað eða gert viðtækara en áður var, eftir því vex skyldan til að upplýsa strendur landsins. Þeir vitar, sem nú er lagt til að byggja, verða smíðaðir að öllu leyti á verkstæði landsins. Um einstaka vita skal þetta tekið fram:

Við a. Akranesviti. Þar hefir áður verið »lukt«, sem nú er þó lögð niður, og á fjárlögunum fyrir 1904—05 voru veittar alt að 3000 kr. til vita þar, án þess sú fjárveiting yrði notuð. Þar er þó full þörf á góðum vita, þar sem er mikið útræði, og stöðugar ferðir þaðan til Reykjavíkur. Auk þess mundi viti þar hafa mikla þýðingu fyrir öll skip, sem um Faxaflóa sigla.

Við b. Malarrifsviti. Þessi viti er nauðsynlegur fyrir allan þann skipafjölda, sem kemur sunnan fyrir Reykjanes og siglir vestur með landi. Vitinn, sem á að standa á tanganum við bæinn Malarrif, skamt fyrir vestan Lóndranga, er því sjerstaklega ætlaður til að upplýsa norðurhluta Faxaflóa, og lýsa skipum þangað til Svörtuloptaviti tekur við.

Við c. Straumnesviti. Viti þessi er að nokkru leyti framkominn samkvæmt þingsályktun neðri deildar alþingis 1913. Vitinn verður að standa langt frá mannabygðum, og verður því að vera sjálfgæsluviti, er athugaður sje við og við.

Við d. Bjarnareyjarviti. Þessi viti á að fylla upp hið langa svæði, sem er vitalaust milli Dalatanga og Langaness, og þykir best settur á Bjarnarey fram af Kollsmúla.

Við e. Selvogsviti. Þessi viti er tekinn á frumvarpið eftir ósk frá hjerlendum sjómönnum og frá skipstjórum millilandaskipanna; myndar hann tengingalið milli Reykjaness og Vestmannaeyja, og er auk þess mjög æskilegur á þessum stað, vegna þess, að þar eru straumar miklir og áttavitinn óábyggilegur.

Vitaumsjónarmaðurinn hefir lagt til, að 2000 krónum yrði varið fyrra árið til merkistöðvar á Reykjanesi. Til þess að slík merkistöð verði að notum þarf Reykjanes að komast í símasamband, enda ætlast umsjónarmaðurinn til. að sími verði lagður út á Reykjanes samtímis, en símastjórinn telur ekki æskilegt frá símans sjónarmiði að leggja þá línu. Með því að engar verulegar raddir hafa heyrst um nauðsyn slíkrar stöðvar, og sú eina merkistöð, sem reist hefir verið, á Gróttu, hefir verið lítið notuð, virðist mál þetta ekki nú tímabært.

Teikningar af nýbyggingum þessum og önnur skilríki þau snertandi, verða lögð fyrir þingið.

Við V. Sjómerki. Fyrra árið er upphæðin hækkuð með 2500 krónum, er ætlast til fyrir þá upphæð að setja upp leiðarstaura fyrir skipbrotsmenn á svæðinu frá Knappavallaós austan við Ingólfshöfða, yfir Skeiðarársand að Hvalsýki. Á þessu svæði er afarnauðsynlegt að hafa leiðbeiningu um, hvernig skipbrotsmenn eigi að haga sjer til að bjarga lífinu, og hafa þær leiðbeiningar ritaðar á staurana. Með fjárveitingu þessari er gert ráð fyrir 70 staurum, þar af 37 með leiðarvísi.

Við VI. Ymisleg útgjöld. Upphæðin er óbreytt.

Við 14. gr.

A. Andlega stjettin.

Við a. 1. og 2. Laun biskups eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889 1. gr. og skrifstofukostnaður eins og áður.

Við b. 1. Fasta uppbótin til prestakalla. Burt hefur fallið uppbótin til Hestþinga og til Hvamms í Norðurárdal síðan fjárlög voru undirbúin síðast, svo að nú mun nægilegt að telja hana 2000 kr. árlega.

Við b. 2. Þessi liður er áætlaður 3500 krónur eins og síðara ár yfirstandandi fjárhagstímabils.

Við b. 3. Þessi liður er látinn halda sjer óbreyttur.

Við b. 4. Framlag til prestlaunasjóðs. Þetta framlag fer nú loks minkandi. Það var 1912 fullar 57 þús. krónur, 1913 rúmar 46 þús. kr. og 1914 tæpar 42 þús. krónur. Það er talið 40 þús. kr. hvort árið um sig til jafnaðar.

Við b. 5. Í Öræfum eru tvær kirkjur: Sandfells (ljenskirkja) og Hofs (bændaeign). Báðar eru þær tekjulitlar og fátækar, og fárnar að eldast, um 30 ára gamlar, og Sandfellskirkja varla í messufæru standi. Prestakallið er ekki yfirferðarmeira en það, að ein kirkja getur dugað, og er þá Hofskirkja svo sett, að allvel má við una; hefur því verið unnið að því að sameina söknirnar, og má búast við, að sameining komist í kring, jafnskjótt sem útgert er um álag á Sandfellskirkju. Söfnuðurinn hefur tekið að sjer Hofskirkju, og á lögmætum safnaðarfundi 14. maí f. á. hefur sömuleiðis Sandfellssöfnuður samþykt að taka við kirkjunni með 500 kr. álagi, auk sjóðs hennar, sem er um 250 kr. í hinum Almenna kirkjusjóði, og að því tilskildu, að söknirnar verði sameinaðar með einni kirkju að Hofi fyrir alt prestakallið. Biskup telur þessa kröfu mjög hóflega og sanngjarna, og telur sjálfsagt að ganga að henni.

Við b. 6. Einholtskirkja er ljenskirkja frá þeim tíma, er þar var sjerstakt prestakall. Kirkjan er 16 ára gömul og er nú sjóðlaus og skuldlaus, og er talin af prófasti í dágóðu standi. Söfnuðurinn býðst til að taka við kirkjunni með 450 kr. álagi samkvæmt skoðunargerð, sem fram hefur farið og biskup treystir sjer eigi til að hnekkja; mælir hann því með því, að þessu boði verði tekið.

Stjórnarráðið verður og að vera þeirrar skoðunar, að rjett sje að sæta þessum boðum, og fer því fram á, eins og oft hefur áður tíðkast, að alþingi veiti þessar álagsupphæðir.

Við B.

Kenslumál.

I. Háskólinn.

a. Laun. Þau eru ákveðin samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909 og lögum nr. 25, 2. nóvbr 1915, sbr. og fjárlögin fyrir 1914 og 1915. Launin sundurliðast þannig:

Prófessorar:	1916	1917
Jón Helgason	4,200	4,250
Haraldur Níelsson	3,200	3,250
Lárus H. Bjarnason...	4,200	4,250
. . . .	3,200	3,250
Jón Kristjánsson	3,200	3,250
Guðm. Magnússon	3,200	3,250
Guðm. Hannesson	3,200	3,250
Björn M. Ólsen...	4,000	4,000
Ágúst H. Bjarnason...	3,200	3,250
Docentar:		
Sigurður P. Sivertsen	2,800	2,800
Jón Jónsson	2,800	2,800
Bjarni Jónsson...	2,800	2,800
	40,000	40,400

Við b. Aukakensla. Upphæðirnar undir þessum lið eru allar óbreyttar. Þóknunin á lið b. 4. í núgildandi fjárlögum hefur ekki verið greidd út háskólaárið 1914—15 vegna þess, að kennarinn, sem fór hjeðan af landi sumarið 1914, kom eigi aftur sökum styrjaldarinnar, og af því eigi er sjeð fyrir endann á henni, hefur eigi þótt ástæða að taka þóknunina upp í frumvarpið, en stjórnin telur sig hafa rjett til, komi kennarinn aftur á fjárhagstímabilinu, að veita styrkinn upp á væntanlegt samþykki alþingis.

Við c. 1. Námsstyrkur og

Við c. 2. húsaleigustyrkur. Þessir liðir eru eftir tillögum háskólaráðsins hækkaðir, hinn fyrrnefndi upp í 9000 krónur, og hinn síðarnefndi upp í 4000 krónur. Stafar þessi hækkun af því, hve stúdentum hjer fjölgar, og búist við enn meiri fjölgun næstu árin.

Við c. 3. Upphæðin er óbreytt.

Við d. 1. Bókakaup. Liðurinn er eftir ósk háskólaráðsins hækkaður um 200 krónur.

Við d. 2. Til bókakaupa handa heimspekisdeild. Jafnvel þótt stjórnin og þingið ætlaðist ekki til, að slík fjárveiting yrði endurtekin, þá er þó farið fram á 1000 kr. í þessu skyni eftir ósk deildarinnar, sakir mikillar þarfar og með til-

liti til þess, að minni upphæð hafði verið veitt í núgildandi fjárlögum, en um hafði verið beðið.

Við d. 3. Þessi liður er sömuleiðis hækkaður um 300 kr. árlega.

Við d. 4. Liðurinn er óbreyttur.
Hinir aðrir liðir eru óbreyttir, nema e. og g.

Við e. Þessi liður er eftir eindreginni ósk háskólaráðsins hækkaður upp í 2,500 kr.

Við g. Röntgensáhöld. Háskólaráðið og læknadeildin álíta það eðlilegast, að Röntgensstofnunin verði framvegis rekin sem sjerstök landsstofnun, og aðgreind frá háskólanum, því kensla fari þar ekki fram, og stofnunin sje beinlínis til almenningsnota.

Í sjálfu sjer má það auðvitað standa á sama, hvort þessi stofnun er rekin sem sjerstök stofnun, eða í sambandi við háskólann, þó hún reyndar að líkindum yrði eitthvað dýrari í hinu fyrra tilfelli; en með því að Röntgensáhöldin eru samkvæmt fjáraukalögum fyrir 1912 og 1913 beint keypt »handa læknadeild háskólans« (sjá 5. gr.), og samkvæmt beiðni háskólaráðsins (Alþ.tíð. 1913 A. bls. 89), þá virðist stjórninni eigi heimild til annars en að halda henni í sambandi við háskólann, nema þingið vilji ákveða öðruvísi.

Með því þessi stofnun hefur enn sem komið er aðeins starfað í 8 mánuði er ekki hægt að gera nákvæma áætlun yfir tekjur hennar og gjöld. Læknirinn áætlar tekjurnar árlega .. .. kr. 2,400
en gjöldin þessi:

Laun til læknis	kr.	1,000	
Helmingur teknanna til læknis	—	1,200	
Húsaleiga og hitun	—	540	
Rafmagn	—	300	
Röntgen-myndaplötur	—	300	
Aðstoð myndasmiðs	—	120	
Endurnýjun áhalda (Röntgen-lampa)	—	500	
Ýmisleg útgjöld	—	100	kr. 4,060
		Tekjuhalli	kr. 1,660

Hjer er því farið fram á alt að 1600 kr. króna fjárveitingu.

Við II. Mentaskólinn almenni. Launin (a) eru talin eins og í núgildandi fjárlögum. Rektor skólans hefur lagt það til, að fjárveiting sú, að upphæð 200 kr., sem veitt er fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans, falli burt, og að þessi umsjón verði falin sjer, gegn því, að hann fái ókeypis eldivið og ljós, eins og skólameistarinn á Akureyri og forstöðumaður Kennaraskólans fá. Við þessa breytingu mundi liðurinn II. d. 2. færast upp um 200 kr. hvort árið.

Landsstjórninni þætti það í rauninni mjög vel til fallið, að rektor hefði þessa umsjón á hendi, þar sem hann býr í skólanum. Og heldur ekki fyndist henni ósanngjarnt, að rektor fengi ókeypis ljós og hita, eins og þeir tveir skólaforstöðumenn, er vitnað var í. Hinsvegar mætti telja það í meira lagi vafasamt,

hvort 400 kr. hrykkju til, eins og rektor ætlar. En með því hjer er óbeinlínis farið fram á launahækkun, og nefnd hefur nú verið skipuð til að íhuga það mál alt, þykir stjórninni ekki fært að taka þetta til greina.

Að öðru leyti eru allir aðrir liðir óbreyttir nema liðurinn d. 2, er hækkaður um 100 kr. vegna hækkunar á eldsneyti.

Við III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við a. Launin eru talin eins og í núgildandi fjárlögum.

Við b. 1. og 2. Skólameistarinn hefur bent á, að síðustu 4 árin hafi að meðaltali gengið tæp 4000 kr. til auka- og tímakenslu um árið, og telur hann eigi til neins að áætla minna í þessu skyni en 3800 kr. Þetta er tekið til greina á þann veg, að liðurinn b. 2. er hækkaður um 300 kr.

Liðurinn b. 4. til eldiviðar og ljósa er hækkaður upp í 1200 kr. samkvæmt reynslu undanfarandi ára.

Liðurinn b. 6. til dyravörslu er hækkaður um 100 kr. eftir ósk skólameistara. Telur hann þessa hækkun nauðsynlega sökum síhækkandi kaupgjalds og dýrtíðar. Loks er liðurinn b. 8. ýmisleg útgjöld hækkaður um 100 kr. vegna vatnsskatts, sem nú bætist við.

Við IV. Kennaraskólinn. Liðirnir a. og b. 1—2 og 4—7 eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum, en bætt er við, eptir ósk skólastjóra, tveimur nýjum liðum, og 3. liður hækkaður um 200 kr. Skólastjóri hefur að vísu farið fram á enn meiri hækkun upp í 1500 kr., en það virðist þó svo sem 1200 kr. ættu að nægja, sama upphæð sem ætluð er til Akureyrarskóla, sem bæði er stærri, stendur lengri tíma, og er í kaldara loptslagi.

Við b. 8. Skólinn er bygður, svo sem kunnugt er, í stórgrýtis-urðarholti, þar sem vatnsagi er afarmikill. Þurfti því lóðin umhverfis hann afarmikillar lagfæringar við, en í því skyni hafa að eins verið veittar 1000 kr., sem hrukku skamt. Það, sem mest liggur á, er að setja girðingu utan um lóðina, sljetta það sem eftir er af lóðinni órutt og setja holræsi til varnar gegn vatnsaga. Telur skólastjóri, að í þessu skyni muni eigi veita af minni fjárhæð en alt að 2000 kr. eftir áliti landsverkfræðingsins. Þar sem engin sundurliðuð áætlun fylgir, virðist nægilegt að áætla 1500 kr. í þessu skyni, og sjá hvað það dugir.

Við b. 9. Við skólann eru nú útisalerni, sem sjálfsagt virðist að taka burt um leið og bletturinn er lagfærður, og það því fremur, sem rúm er til í kjallara fyrir vatnssalerni. Leggur skólastjóri því eindregið til, að slík salerni verði lögð í skólann, og er talið af sjerfróðum manni, að til þess, og að gera nokkra viðbót við holræsi og safnþró, sem þurfa mundi, mundi ekki veita af minni fjárveitingu en 1000 kr. Stjórnarráðið er skólastjóra alveg sammála um þetta atriði, og leggur eindregið með, að þessi upphæð verði veitt.

Við V. Stýrimannaskólinn.

Við a. Laun hin sömu sem áður, sjá athugasemdir við síðasta fjárlagafrumvarp.

Við b. 1. Þessi liður, til tímakenslu, er hækkaður um 100 krónur; er það sú upphæð, sem nú gengur til hennar, og engin líkindi til, að hún fari ækkandi.

Við b. 2. Til áhaldakaupa er ætluð sama upphæð, sem í núgildandi fjárlögum; má hún að áliti skólastjóra ekki vera minni, með því sjerstaklega vjelfræðisdeildin hefur enn fylstu þörf fyrir ýms nauðsynleg kensluáhöld.

Við b. 3. Þennan lið, til eldiviðar og ljósa, verður að hækka eins við þennan skóla sem aðra, bæði vegna aukinnar aðsóknar og hækkandi verðs á kolum og steinolíu. Hækkunin nemur 100 kr. árlega.

Við b. 4. Ýmisleg útgjöld. Liðurinn er óbreyttur.

Við VI. Til bændakenslu.

Við 1. Bændaskólinn á Hólum. Liðirnir a., b. og c. eru óbreyttir.

Við. d. 3. Þessi liður er settur 100 kr. hærri árlega, en að undanförnu, og er þó hæpið, að þessi upphæð hrökkvi; aðrir undirliðir hjer eru óbreyttir.

Við 2. Bændaskólinn á Hvanneyri. Allir liðirnir eru óbreyttir, nema d. 3. og 5. Fyrri liðurinn (eldiviður og ljós) er hækkaður um 100 kr. árlega, og virðist eigi þörf á að rökstyðja þá hækkun frekar. Síðari liðurinn, ýmisleg útgjöld, er hækkaður upp í 1200 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið. Hækkunin á aðallega að ganga til þess að byggja nýjan reykháf í íbúðarhúsið, og kaupa hljóðfæri til söngkenslu. Að því er fyrra atriðið snertir, þá upplýsir skólastjóri, að of fáir reykháfar hafi verið til þessa í íbúðarhúsinu, einkum eftir að íbúðum fjölgaði, og þar af leiðandi eldstæðum; hafi því oft verið óþolandi í herbergjunum fyrir reyk. Eftir áætlun, sem skólastjóri hefur fengið, mun nýr reykháfur að öllu meðtöldu kosta um 300 krónur. Í reglugerð skólans er ákveðið að kenna söng, en til þess er ekkert hljóðfæri. Fer því skólastjóri fram á, að fá harmóníum, sem kosti um 300 kr. Stjórnarráðið verður að telja þetta hvorttveggja sjálfsagt.

Við 3. Til skólahalds á Eiðum. Sama upphæð sem fyr.

Við VII. a. d. Til iðnfræðslu.

Upphæðirnar eru allar óbreyttar. Þess skal getið, að öll fjelögin hafa undanfarið uppfylt þau settu skilyrði.

Við VIII. Til verslunarskóla.

Upphæðin er sömuleiðis óbreytt. Skilyrðið er uppfylt. Með því að verslunarskólinn nýtur svo mikils styrks úr landssjóði, að svo má segja, að hann beri skólann að mestu leyti uppi, virðist sjálfsagt, að landsstjórnin eigi einhvern þátt í stjórn hans. Því er þess vegna skotið inn í athugasemdina, að hann standi undir yfirumsjón hennar, líkt og iðnskólinn í Reykjavík.

Við IX. Til húsmæðrafræðslu.

Líka sama upphæð sem áður, og skilyrðið uppfylt.

Reikningar þessara skóla verða lagðir fyrir þingið.

Við X. Yfirsetukvennaskólinn.

Við 1. og 2. a. Þessi útgjöld eru taliu samkvæmt lögum nr. 15, 22. oktbr. 1912. Hinir liðirnir eru óbreyttir, eins og í núgildandi fjárlögum.

Við XI. Til kvennaskóla.

Allir liðirnir (5) eru óbreyttir eins og nú. Reikningar kvennaskóla Reykjavíkur verða lagðir fyrir alþingi, en engir reikningar fyrir Blönduósskólann hafa komið fremur en vant er.

Það er sama máli að gegna um skóla þessa og iðnskólann og verslunarskólann, að þeir ættu að standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar á einhvern hátt. Hún vil þó ekki koma með beina tillögu í þá átt, en skýtur því til alþingis, að taka það til yfirvegunar.

Við XII. Til almennrar barnafræðslu.

Við 1. og 2. Til barnaskóla og farskóla. Með því að stjórnin verður að líta svo á, að það hafi verið vilji síðasta alþingis, að veita að minsta kosti þær upphæðir til þessara skóla, sem standa í núgildandi fjárlögum, þá er þeim haldið óbreyttum, þó þær, einkum hin fyrri, sjeu að hennar áliti fullháar, þegar tekið er tillit til margvíslegra annara þarfa landsins.

Við 3. Þessi upphæð er færð niður um 3000 krónur árlega, með því að barnaskólahúsum fjölgar óðum, svo fjárveitingin ætti að fara smáminkandi.

Við 4. Upphæðin er lögákveðin, sjá lög nr. 26, 20. okt.br. 1913, 1. gr.

Við 5. Kostnaður við barnapróf hefur numið árið 1913 liðugum 4,200 krónum. Upphæð þessa má því ekki áætla lægri en þetta.

Við 6. og 7. a. og b. Þessir liðir eru óbreyttir.

Liðurinn 7. c. í núgildandi fjárlögum er feldur burtu með því þetta starf virðist heyra undir hagstofuna, sbr. lög nr. 24, 20. okt. 1913, 2. gr. 8.

Við XIII. a. Til unglingaskóla.

Upphæðin er óbreytt. Þess skal getið, að hinum settu skilyrðum hefur verið fullnægt áður en greiðsla hefur átt sjer stað.

Við XIII. b. Flensborgarskóli. Upphæðin er óbreytt.

Það er eins með þennan skóla og aðra, sem aðallega styðjast við landssjóðsfje, að hann ætti að standa undir umsjón landsstjórnarinnar, og væntir hún því, að alþingi taki það til íhugunar, hvernig þeirri umsjón skuli komið fyrir.

Liðirnir XIV., XV., XVI., XVII. og XVIII. eru allir óbreyttir. Þó skal þess getið, að því er liðinn XVII. d. snertir, að umsókn hefur ekki komið fram frá styrkþega um að fá að halda styrknum áfram, og enga skýrslu hefur hann sent um árangur kenslunnar, eða hvernig hún hafi verið sótt.

Við 15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista.

Við 1. Landsbókasafnið. Liðirnir a.—c. eru lögákveðnir, sjá lög nr. 56, 22. nóvbr. 1907 2. og 3. gr, sbr. þó núgildandi fjárlög. Liðurinn e. til að kaupa bækur er hækkaður um 1000 kr. árlega í því skyni er nú skal greina. Erfingjar Jóns sál. Borgfirðings hafa boðið safninu til kaups bókasafn hans, sem er um 2600 eintök, að ótöldum þó ýmsum smápjesum. Tveir hinir bókfróðustu menn landsins hafa metið safnið til verðs, milli 5000 og 6000 krónur, og erfingjarnir hafa tjáð sig fúsa til að selja safnið fyrir 5,500 krónur, þannig að það yrði afborgað með þúsund krónum á ári. Bókasafn þetta inniheldur nálega allar hækur og blöð á íslensku, gefnar út á 19. öld, fjölda bóka frá 18. öld og eigi allfáar frá 17. öld. Bókasafnsnefndin og landsbókavörður hafa mælt hið besta með því, að bókasafnið yrði keypt, með það fyrir augum, að amtsbókasöfnin gætu fengið, það sem landsbókasafnið ekki vanhagaði um. Bæði vegna þessara meðmæla og með tilliti til þess, að fjárlaganefnd efri deildar 1913 hefur lýst því yfir að hún vildi, að landið keypti safnið, telur stjórnin sjer skylt að koma fram með þessa hækkun á þessum lið (sjá Alþ.tíð. 1913, B. II, bls. 969—70).

Við 1. f. Til bókbands. Þessi liður er hækkaður um 300 krónur árlega, af þeirri orsök, að bókbandsleður hefur hækkað gífurlega nú upp á síðkastið, og lítil líkindi, eins og nú stendur á, að það falli bráðlega.

Við 1. i. Tillagið til prentunar ritaukaskrár hefur í mörg ár ekki hrokkið fyrir útgáfukostnaðinum, hefur hann að meðaltali fjögur síðustu árin verið 288 kr. Þessi liður er því hækkaður um 80 krónur.

Við 1. j. Er nýr liður. Árið 1918 er landsbókasafnið 100 ára gamalt, og þykir því vel við eiga, að semja minningarrit safnsins, er skýrir frá stofnun þess, vexti og viðgangi um þetta tímabil. Ritinu ætti að fylgja myndir þeirra manna, sem helst hafa styrkt það, og staðið fyrir því. Þarf því slíkt rit talsverðan undirbúning, og er farið fram á, að veita alt að 1500 kr. síðara árið í þessu skyni [eftir reikningi].

Aðrir liðir eru óbreyttir.

Við 2. Landsskjalasafnið. Allir liðirnir eru óbreyttir nema d. og f.

Að því er hækkunina á f. snertir, þá er hún aðallega nauðsynleg vegna þess, að af þessum lið verður að taka fje til ljósmyndagerðar. Verður þá svo lítið eftir, að borgunin sem greidd er fyrir afskriftir, verður nær óhæfilega lág. Landsskjalavörður telur fjárveiting þessa afaráríðaudi fyrir rannsóknir hjer á landi í sögu vorri í öllum greinum, og því hefur stjórnin tekið upp hækkun á þessum lið.

Við 3. Þjóðmenjasafnið. Fornmenjavörðurinn hefur, eins og líka ýmsir aðrir sýslunarmenn, farið fram á talsverða launahækkun. Þótt stjórnarráðið geti viðurkent, að æskilegt sje að hækka laun þeirra sumra, finnur það ekki ástæðu til, að koma fram með neina launahækkun að þessu sinni, því nú hefur verið skipuð milliþinganefnd, til að íhuga launamálið í heild sinni.

Liðurinn c. er hækkaður um 200 kr. árlega með tilliti til þess, að við mörg af hinum gömlu málverkum safnsins þarf að gera sem fyrst, en sú aðgerð er mjög kostnaðarsöm, og verður ekki framkvæmd nema með aðstoð erlendra manna, lærðra í þeirri list.

Þá er undir f. nýr liður, til aðgerða á Þingvöllum 2000 kr. Stjórnin fór fram á hið sama í síðasta fjárlagafrumvarpi sínu (sjá Alþ.tíð. 1913, A. bls. 60), en þingið gat þá ekki aðhylst þessa fjárveiting. Um leið og vísað er til ummælanna um þessa fjárveitingu í hinum tilvitnaða stað, verður stjórnin að ítreka tillögu sína um þessa fjárveitingu, því hún lítur svo á, að það sje eigi vanvirðulaust fyrir þjóðina að láta þennan fornhelga stað halda áfram að skemmast af völdum náttúrunnar, án þess nokkuð sje gert til að hindra það.

Við 4. Náttúrufræðisfjelagið. Upphæðin er óbreytt og með sömu skilyrðum. Skýrsla um starfsemi fjelagsins árin 1913 og 1914, mun verða lögð fyrir þingið.

Við 5. Landbókasafnshúsið. Liðurinn a. til eldiviðar, ljósa o. fl. er hækkaður um 400 kr. árlega, og er sú hækkun bygð á síðasta árs reynslu, þá nam þessi upphæð fullum 3700 krónum, en þar af gekk nokkuð fyrir kol eydd árið eftir.

Hinir liðirnir eru óbreyttir.

Liðirnir 6—13 eru óbreyttir.

Við 14. Prófessor Einar Arnórsson hefur vakið máls á því, að enn hefðu engar ráðstafanir verið gerðar til að gefa út landsyfirrjettardóma frá 1800—1873, en þeir fyndust að eins á stangli í blöðum eða tímaritum, eða ágrip þeirra, og

hefur hann því farið þess á leit, að einhver hæfileg upphæð yrði veitt í þessu skyni. Með því að allir eldri alþingisdómar eru eða verða birtir í Fornbrjefasafninu eða Alþingisbókunum og Landsyfirrjettardómar frá 1873 hafa verið birtir árlega, þá kemur hjer fram eyða um nefnt tímabil 1800—1873. Stjórnarráðið verður því að telja æskilegt, að þessir dómar verði smásaman gefnir út, og fer fram á 500 kr. fjárveitingu í þessu skyni árlega. Erindi þetta verður lagt fyrir Alþingi.

Liðirnir 16 og 17 eru óbreyttir.

Liðirnir 17—23 í núgildandi fjárlögum. Síðasta Alþingi gerði þá breytingu á þessum liðum, að hún færði upphæðina til skáldanna saman í einn lið fyrir hvert þeirra, og setti upphæðina á fyrra ár fjárhagstímabilsins. Að vísu mætti skilja þessa aðferð þingsins á þá leið, að það ætlaðist til, að styrkveitingarnar fjellu alveg niður framvegis, eins og líka stundum hefur heyrst á þingi, að rjett væri að gera. En það mun óhætt að fullyrða, að það hafi ekki verið tilgangurinn. Í nefndaráliti N. d. um þetta atriði (Alþtíð. 1913, A. þskj. 348, bls. 785), er það tekið fram, að það væri eðlilegast, að stjórnin hefði eitthvert fje til umráða handa skáldum og listamönnum, svo að þingið væri laust við slíkar fjárveitingar, og óviðfeldnar umræður um einstaka menn. Undir þessa skoðun nefndarinnar taka ýmsir þingmenn við umræðurnar, sjá t. a. m. Alþtíð. 1913 C., bls. 1374—75; 1383, 1387 og víðar. Stjórnin verður því að líta svo á, að það hafi verið vilji síðasta fjárlagaþings, að fela stjórninni útbýtingu fjárins. Stjórnin, fyrir sitt leyti, er á sama máli, en álítur, að hún eigi að hafa óbundnar hendur í þessu efni, og eigi sjálf að bera ábyrgð á úthlutuninni fyrir þinginu. Hjer á landi er engin stofnun eða fjelög, sem að sjálfsögðu ætti að hafa nokkurn forrjett til að vera ráðgefandi við slíka úthlutun, og það mætti búast við sundurlyndi og óánægju, ef slík samvinna ætti að eiga sjer stað milli stjórnarinnar annarsvegar, og einhverrar stofnunar, t. a. m. háskólans, hins vegar. Aftur á móti telur stjórnin sjálfgefið, að ef Alþingi á einhvern hátt ljeti í ljósi ósk sína um, að vissum manni yrði veittur styrkur af þessum lið, þá beri að taka þá ósk til greina. Upphæð styrksins má varla vera minni en 14,000 kr. árlega.

Við 20. Guðjón Samúelsson. Maður þessi nýtur 600 kr. árlega úr landssjóði yfirstandandi fjárhagstímabil. Hann hefur sent stjórninni erindi, og skýrt frá því, að hann að öllu forfallalausu muni geta lokið námi sínu, húsgerðarlist, vorið 1917, en til þess þurfi hann að fá 800 kr. styrk, hvort árið 1916 og 1917. Með því að stjórnin verður að líta svo á, að það hafi verið vilji Alþingis með þessari fjárveitingu, að hjálpa umsækjanda til þess að ná fullnaðarprófi, enda styrkurinn annars þýðingarlítill, þá hefur nefnd upphæð verið tekin hjer upp.

Liðirnir 21—25 eru óbreyttir. Að því er liðinn 24 snertir, skal það tekið fram, að engin beiðni hefur komið frá styrkþega um áframhald, nje skýrsla um það, hvað starfi hans líður; en alt um það hefur styrknum verið haldið í þetta sinn, en nauðsynlegt virðist að setja einhver nánari skilyrði fyrir veitingu hans, svo sem um það, hver skuli eiga handrit æfisagnanna, semjandi eða landssjóður, á hvern hátt aðrir geti notað handritið o. s. frv., og er athygli Alþingis beint að þessu atriði.

Við 26. Sighvatur Gr. Borgfirðingur, sem með óþreytandi elju hefur í mörg ár unnið að því að semja prestatal um land alt, með ítarlegum æfisögum, hefur tvisvar sinnum notið lítilfjörlegs styrks, til þess að geta notað landsskjalasafnið og önnur söfn í þessu skyni. Hann hefur nú farið þess á leit að fá að halda þessum litla styrk bæði árin. Með því að stjórnarráðið telur það maklegt að styrkja þenna efnalausa og eljusama mann til þess að fullgera þetta merkilega safn, vill stjórnin mæla hið besta með, að þessi fjárveiting verði veitt.

Við 27—34. Liðurinn er óbreyttur, nema 29 er lækkaður nokkuð, af ástæðum, sem óþarft virðist að taka fram og 35. liður hækkaður um 300 kr.

Við 16. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

Við 1. Búnaðarfjelag Íslands. Fjelagið hefur 54,000 króna styrk árlega í núgildandi fjárlögum, og fer nú fram á að fá þann styrk enn aukinn um 2 þús. krónur, með því að 2 ný búnaðarsambönd hafi myndast, en einkum þó vegna þess, að fje það, sem ætlað sje til búfjárræktar, sje allsendis ófullnægjandi. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið 1912—13 (Alþtíð. A. bls. 45) var sýnt fram á það, hve stórkostlega styrkurinn til búnaðarfjelagsins hefði farið hækkandi jafnt og þjett, og bent á, að einhverntíma þyrfti staðar að nema. Þetta leiddi til þess, að þá var upphæðin látin halda sjer óbreytt. Á síðasta þingi var enn veitt hin sama upphæð eftir tillögum landsstjórnarinnar, og hafði þó enn verið sótt um aukinn styrk, eins og að undanförnu. (Alþtíð. 1913 A. bls. 63). Landsstjórnin verður að vera sömu skoðunar sem fyr, að eins og fjárhag landsins í heild sinni er varið, tjái ekki að hækka tillagið enn meira, og er því upphæðinni haldið óbreyttri.

Við 2. Til búnaðarfjelaga. Landsstjórnin lagði til í síðasta fjárlagafrumvarpi, að tillagið til búnaðarfjelaga væri 20,000 kr. árlega, en þingið hækkaði það upp í 22 þús. kr., og er því þessari upphæð haldið óbreyttri.

Við 3. Til vatnsvirkja. Á síðasta alþingi var gerð sú breyting á fjárveitingunni í fjárl. 13. gr. B I 2., til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, að hún var síðara ár fjárhagstímabilsins hækkuð úr 4000 kr. upp í 6700 krónur, og við hana hnýtt athugasemd um, að landsverkfræðingurinn með aðstoðarmönnum sínum skuli hafa á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja. Með þessari fjárveitingu er bætt einum aðstoðarverkfræðingi við, og er hann nú ráðinn. Á þessu yfirstandandi ári verður þessi aukna fjárveiting aðeins notuð til undirbúnings og rannsókna, en á næsta fjárhagstímabili, ætti að fara að koma til ýmsra framkvæmda. Þessi fjárveiting á ekki eftir eðli sínu heima í 13. gr., heldur er hjer um verkleg fyrirtæki að ræða, sem virðist rjettast að setja hjer inn.

Við 3. a. Þessi upphæð skiptist þannig: til launa aðstoðarverkfræðings 2200 kr., til annars kostnaðar, svo sem ferðakostnaðar, fæðispeninga, aðstoðar við mælingar m. m. 1200 kr.

Við 3. b. Það gefur að skilja, að ekki er unt nú að koma fram með tillögur, bygðar á gerðum undirbúningi, um fjárveitingar til framkvæmdar á vatnsvirkjum. Þó hefur verið gerður að mestu leyti fullnægjandi undirbúningur, að því er snertir eitt vatnsvirki, umbót áveitunnar á Miklavatnsmýri, og er því lagt til, að nauðsynleg fjárupphæð verði veitt í þessu skyni. Búnaðarfjelagið hefur sem best mælt með þessu, og tilfærir einkum sem ástæðu til að taka þessa fjárveiting upp, að það hafi mikla almenna þýðingu, að fá einhverja, ekki mjög litla, jökulvatnsáveitu fullgerða, áður en lagt er í stórar áveitur, svo sem t. d. Flóaáveituna, til þess að fá upplýsingar um það, hvers árangurs megi vænta af frjóvgun jökulvatnsins, þegar það er af svo skornum skamti, sem það verður að vera í slíkum áveitum Eftir bráðabirgðaáætlun landsverkfræðingsins þarf til að fullgera áveituna 13,000 kr. og er því farið fram á þá upphæð. — Erindi landsverkfræðingsins og Búnaðarfjelagsins verða lögð fyrir alþingi.

Við 4. Um þessa fjárveitingu skal að öllu leyti vísað til athugasemdanna við fjáraukalagafrumvarp stjórnarinnar fyrir árin 1914 og 1915, sem lagt var fyrir aukaþingið 1914 (Alþ.tíð. 1914 A bls. 100—101).

Við 5. Til sandgræðslu. Með lögum nr. 20 2. nóvbr. 1914 var öll forstjórn sandgræðslumálanna lögð undir Búnaðarfjelag Íslands, en fyrir því þykir rjett að halda því máli sem sjerstökum lið utan við Búnaðarfjelagið. Nefnt fjelag hefur skýrt frá því, að það hafi ekki átt kost á því enn, að gera áætlanir um fjárþörf þar að lútandi, en býst við, að framlagið verði hið sama og nú er. Upphæðin er því látin óbreytt.

Við 5. Til skógræktar. Skógræktarstjórinn hefur komið fram með tillögur um að veita til skógræktarinnar 21,000 kr. fyrra árið, og 19,000 kr. síðara árið, og er það tilætlun hans að verja talsverðu af þessu fje, til þess að kaupa skóga einstakra manna og umgirða þá. Meðan skógræktin er ekki komin lengra áleiðis hjer á landi, en hún er, og með tilliti til hins þrönga fjárhags landsins sem stendur, þykir ísjárvert að hlaupa til og kaupa nýja skóga, enda sennilega lítil hætta á því, að þeir verði eyðilagðir, þangað til landið hefur tök á að kaupa þá, svo mikla tilfinningu hafa menn nú orðið fyrir þessu máli og skilning á því. Stjórnarráðið sjer því ekki fært að ætla meira til skógræktar en í núgildandi fjárlögum, eða 12000 kr. til jafnaðar hvort árið um sig. Af þessari upphæð ganga 3000 krónur til skógarvarða, 1800 kr. til eftirlits og yfirferða. Afgangurinn liðugar 7000 kr. ganga þá til græðslu og girðinga.

Laun skógræktarstjórans (a) eru ákveðin í lögum nr. 54, 22. nóvember 1907, 2. gr.

Við 7. Til dýralækninga. Liðirnir a.—d. eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum, hinum liðunum er slept f. og g. að sjálfsögðu, en e. einnig, með því svo var álitið sem sú fjárveiting næði einungis til yfirstandandi fjárhagstímabils.

Að því er liðinn d. snertir, þá voru að vísu 3 nemendur árið sem leið, en einn þeirra, sem skamt var á veg kominn, hvarf heim til Íslands sumarið 1914, og hefur eigi farið aftur utan, og má því telja hann frá náminu. Af þeim tveimur, sem þá eru eftir, lýkur annar fullnaðarprófi sumarið 1916, en gera má ráð fyrir, að einhver komi í hans stað; þykir því rjettast að halda upphæðinni óbreyttri.

Við 8. Eftirlit með útflutningi hrossa. Til þess hefur að vísu verið varið kr. 1175 árið 1914, en með því tæplega má búast við, að sá útflutningur hrossa haldi sjer, með því hann stafar af sjerstökum ástæðum, þá er upphæðin látin óbreytt.

Við 9 a—c. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 10—11. Þessar upphæðir eru óbreyttar.

Við 12 a. og b. Jóhann Fr. Kristjánsson, sem þetta starf hefur með höndum, hefur farið þess á leit, að laun sín yrðu hækkuð upp í 1500 kr., og að sjer væri ætlaður ferðastyrkur, að upphæð 400 kr. Með því að svo skamt er síðan, að maður þessi tók til starfa, sýnist ekki vera ástæða til að fara nú þegar að hækka laun hans, en hinsvegar virðist ástæða til að veita honum nokkurn ferðakostnað, enda hefur Búnaðarfjelagið mælt hið besta fram með því. Eru því teknar upp í þessu skyni 400 kr. árlega. Rækileg skýrsla þessa manns um starfsemi hans árið 1914, verður lögð fyrir þingið.

Við 13. og 14. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 15. Fjárveiting þessi er lögboðin, sjá lög nr. 55, 10. nóvbr 1913, 3. gr.

Við 16. Fiskifjelagið hefur að vísu ekki sent hingað skýrslu um starfsemi sína, eða beiðni um styrk framvegis, eða sundurliðaða áætlun um væntanlega starfsemi sína framvegis, en samt hefur þótt rjett að láta fjárveitinguna standa óbreytta.

Liðirnir 16., 22. og 23. í núgildandi fjárlögum hafa eigi verið teknir upp. Hinn fyrstnefndi, af því að hann verður nú að teljast orðinn óþarfur, þar sem fyrirlestrar hafa verið haldnir um land alt, enda hefur kaupfjelagsstjórinn á Akureyri talið sig samdóma því. Að því er hina liðina snertir, þá hefur fjárveitingin ekki verið notuð árið 1914, og mun það stafa af því sumpart, að ekki hefur fengist nægilegt tillag annarsstaðar frá, og sumpart af því, að ekki hefur orðið fyr en nú samkomulag um erindrekann, sem gert er ráð fyrir í 22. lið. Með því að stjórnin verður að telja það í meira lagi vafasamt, hvort rjett sje að styrkja með miklu fjárframlagi af almannafje slík einkafyrirtæki, og styðja þau í samkeppninni við aðra, hafa liðirnir verið feldir burt.

Liðirnir 17.—25. eru óbreyttir.

26. liður er færður niður í 300 kr.; virðist það í sjálfu sjer nægileg borgun fyrir ekki meira starf, og þá ekki síst, ef námurnar ekki verða reknar næsta ár, sem alllíklegt virðist.

Við 27. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 45, 10. nóvbr 1913 um bjargráðasjóð, á að styrkja sjóðinn á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 25 aurum fyrir hvern mann. Þessi upphæð nam 1914 um 20,000 kr. og því er sú upphæð sett hjer.

Við 28. Sjá lög nr. 60, 10. nóvbr 1913, 1. gr. Eftir upplýsingum frá sýslumanni má sjálfsagt gera ráð fyrir þessari greiðslu síðara ár fjárhagstímabilsins.

Við 29. Á síðasta reglulega alþingi var veittur bæði styrkur og lán ti brimbrjóts í Bolungarvík, en þetta hefur hvorttveggja hrokkið skamt. Hefur því verið leitað á ný til stjórnarinnar um framhaldsstyrk, og hefur stjórninni þótt ástæða til að taka það til greina, þar sem hjer er um stórvirki að ræða, sem ætla má að geri mikið gagn í helstu útræðisstöð landsins.

Við 18. gr.

Þorsteinn skáld Erlingsson ljet eftir sig 2 börn á ómaga aldri. Með því hann engar eigur ljet eftir sig, þykir rjett að veita þeim uppeldisstyrk, sem tæplega virðist settur lægri en 200 krónur handa hverju barni, eins og á stendur, þó það sje talsvert hærra en annars er lögheimilað að veita til framfærslu barna embættismanna.

Við 21. gr.

Jafnvel þó ekki sjeu mikil líkindi til, að hægt sje að lána mikið úr viðlagasjóði, hefur stjórnin þó haldið þeim lánsheimildum, sem telja má gagnlegastar. En þar sem landssjóður iðulega þarf að fá lán sjálfur og það stundum gegn háum vöxtum, þykir engin ástæða til að veita lánin úr landssjóði, að eins gegn 4%. Vextirnir eru því færðir upp í $4^1/_2$ %, nema ritsímalánin, því það mundi skapa misrjetti, sem kæmi harðar niður á þeim, sem hafa orðið að bíða eftir símanum og því farið mörg ár á mis við þau þægindi og gagn, sem honum eru samfara.

Fylgiskjal A.

Skrá

yfir

eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði í byrjun maí 1915.

	A. Embættismenn:	kr. a.
1	Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... kon. úrsk. 31/5 1895.	kr. a. 1,500, 54
2	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði kon. úrsk. 14/4 1896.	1,586, 20
3	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði . ... kon. úrsk. 29/5 1896.	1,593, 78
4	Frans Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu ... ... kon. úrsk. 12/6 1899.	1,601, 40
5	Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði kon. úrsk. 15/11 1900.	1,626, 66
6	Magnús Stephensen, landshöfðingi . ... kon. úrsk. 8/1 1904.	6,000, 00
7	Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði kon. úrsk. 19/4 1906.	1,133, 33
8	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu kon. úrsk. 9/4 1907.	641, 91
9	Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri . ... kon. úrsk. 18/7 1908.	1,440, 00
10	Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu ... ... kon. úrsk. 30/11 1908.	1,008, 00
11	Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjeraði kon. úrsk. 1/11 1910.	1,000, 00
12	Axel Valdemar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu kon. úrsk. 1/7 1911.	1,876, 62
	Flyt	21,008 44

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	21,008 44	
13	Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann. Biðlaun kon. úrsk. $^{20}/_{10}$ 1911.	1,866, 67	
14	Sigurður Sigurðsson, hjeraðslæknir í Dalahjeraði ... kon. úrsk. $^{25}/_{7}$ 1913.	750, 00	
15	Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði ... kon. úrsk. $^{26}/_{5}$ 1914.	1,000, 00	
16	Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjeraði. ... ... kon. úrsk. $^{17}/_{2}$ 1914.	925, 00	
17	Hannes Hafstein, ráðherra ... ... kon. úrsk. $^{21}/_{7}$ 1914.	5,333, 33	
18	Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ... ... kon. úrsk. $^{7}/_{10}$ 1914.	2,276, 70	
19	Björn Bjarnarson, sýslumaður í Dalasýslu .. .. kon. úrsk. $^{11}/_{9}$ 1914.	1,473, 33	34,633, 47

B. Embættismanna ekkjur og börn:

		kr. a.	kr. a.
1	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860 ... ... kr. a. 212, 87		
	Ennfremur styrkur til húsaleigu ... 40, 00	252, 87	
2	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873	197, 00	
3	Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafstein amtmanns, frá 1. júlí 1875	529, 16	
4	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar, frá 1. júní 1876	538, 27	
5	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadt, frá 1. nóvbr. 1881	81, 25	
6	Elinborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg, frá 1. febr. 1886	919, 17	
7	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar, frá 1. jan. 1890	187, 50	
8	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. okt. 1891	750, 00	
9	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis í 13. læknishjeraði, frá 1. ág. 1891	187, 50	
10	Ásta Hallgrimsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1. jan. 1894	350, 00	
11	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja eftir Helga Hálfdánarson forstöðum. prestaskólans, frá 1. febr. 1894	575, 00	
	Flyt	4,567, 72	34,633, 47

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	4,567, 72	34,633, 47
12	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnson sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1. maí 1894 ...	412, 59	
13	Kristín Blöndal, ekkja Lárusar Blöndal sýslumanns í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894	582, 45	
14	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894	305, 00	
15	Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvbr. 1895...	430, 80	
16	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1. júní 1896	187, 50	
17	María Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara, frá 1. apríl 1897	300, 00	
18	Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897	398, 37	
19	Elín Guðrún Blöndal, ekkja Páls Blöndal hjeraðslæknis í 3. læknishjeraði, frá 1. febr. 1903. ..	187, 50	
20	Henriette Lovise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík frá 1. mars 1903 ... ... kr. a. 350, 00 Samkv. kon. úrsk. 21/4 1904 handa börnum hennar til fullra 18 ára: Soffíu, f. 25. apríl 1899 ... ... 80, 00	430, 00	
21	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1. jan. 1905 ... ... 625, 00 Samkv. kon. úrsk. 21/3 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Eggert f. 7. október 1898 ... ... 100, 00 2. Friede, f. 7. október 1900 ... ... 100, 00 3. Helga, f. 18. júní 1902... ... ... 100, 00 4. Þórdísi, f. 1. apríl 1904 ... ... 100, 00	1025, 00	
22	Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis, frá 1. apríl 1906	187, 50	
23	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189, 37	
24	Laura Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1. febr. 1909	187, 50	
25	Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1. jan. 1910...	875, 00	
26	Jörgina Margrjet Sigríður Sveinbjörnsson, ekkja L. E. Sveinbjörnssonar dómstjóra, frá 1. febr. 1910...	725, 00	
27	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1. sept. 1910... ... ... kr. a. 150, 00		
	Flyt	150, 00 10,991, 30	34,633, 47

		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	150, 00	10,991,30	34,633, 47
	Samkv. kon. úrsk. 4/4 1911 handa börnum hennar þar til þau eru fullra 16 ára:			
	1. Ragnhildi, f. 14. júlí 1907	80, 00		
	2. Jóni Baldri f. 15. júní 1909	80, 00	310, 00	
28	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1. nóvbr. 1910	212, 50		
	Samkv. kon. úrsk. 21/8 1911 handa börnum hennar þar til þau eru fullra 16 ára:			
	1. Láru Michaelínu, f. 11. júní 1899	80, 00		
	2. Páli, f. 25. ágúst 1905...	80, 00	372, 50	
29	Þórunn Jónassen, ekkja dr. J. Jónassen landlæknis, frá 1. desbr. 1910		539, 17	
30	Elisabet Sveinsdóttir, ekkja Björns Jónssonar ráðherra, frá 1. desbr. 1912		600, 00	
31	Guðríður Birgitta Thorsteinsson, ekkja rektors Steingríms Thorsteinssonar, frá 1. septbr. 1913		483, 33	
32	Ólíva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar sýslumanns, frá 1. septbr. 1913 ...		560, 83	
33	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtm. Havsteen, frá 1. júní 1915		750, 00	14,607, 13
	C. Uppgjafaprestar:			
			kr. a.	
1	Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900		208, 65	
2	Lárus Benediktsson, prestur að Selárdal, frá fardögum 1902		54, 28	
3	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902		405, 28	
4	Ólafur Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903		145, 56	
5	Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904		230, 00	
6	Páll Sívertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fardögum 1906		477, 73	1,521, 50
			Flyt	50,762, 10

	kr. a.	kr. a.
	Fluttar	50,762, 10

D. Prestsekkjur:

	kr. a.	
Eftir landsreikningnum 1913 námu eftirlaun prests-ekkna úr landssjóði í árslok	8,869, 55	
Þar af samkv. 18. gr. fjárlaganna	2,114, 70	
Föst eftirlaun	6,754, 85	
Síðan hefir fallið burtu	559, 72	6,195, 13

E. Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna:

	kr. a.	
Til próf. dr. phil. Þorvaldar Thoroddsen	2,000, 00	
— síra Matthíasar Jochumssonar	2,400, 00	
— ekkjufrúar Jacobínu Thomsen	300, 00	
Viðbót við eftirlaun prestsekkju Ragnh. Jónsdóttur...	105, 40	
Til ekkjufrúar Torfhildar Holm	360, 00	
— — Marie Katrine Jónsson...	300, 00	
— — Bjargar Jónsdóttur	300, 00	
— — Valgerðar Þorsteinsdóttur	250, 00	
— læknisekkju Magneu Ásgeirsson	200, 00	
— prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur	800, 00	
— ekkjufrúar Ragnhildar Björnsdóttur	300, 00	
— — Þóru Melsteð	600, 00	
— prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur	300, 00	
— — Bjargar Einarsdóttur	300, 00	
— — Guðrúnar Björnsdóttur	300, 00	
Viðbót við eftirlaun læknisekkju Elisabetar Ragnhildar Jónsdóttur	150, 00	
Til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur	200, 00	
Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur	300, 00	
— — — — Kristínar Sveinbjörnsd.	300, 00	
— — — — Guðrúnar Loftsdóttur .	300, 00	
Til Sumarliða pósts...	200, 00	
— Gísla pósts Eiríkssonar	200, 00	
— Jóhanns pósts Jónssonar...	200, 00	
— Hallgríms pósts Krákssonar	200, 00	
— Böðvars pósts Jónssonar...	100, 00	
— Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra...	500, 00	
— Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal...	1,500, 00	
— Sigurðar regluboða og dbrm. Eirikssonar	300, 00	13,265, 40
	Samtals	70,222, 63

Fylgiskjal B.

Athugasemdir við tillögur um fjárveitingar til vegabóta árin 1916—17.

Áður en jeg vík að hinum einstöku fjárveitingartillögum, skal jeg rifja upp nokkur atriði úr »Yfirliti yfir ástand flutningabrauta og þjóðvega árið 1906 og tillögur um vegagerðir á þeim«, sem prentað er í Alþt. 1907, A bls. 257—271, og gera grein fyrir hvað komið er í framkvæmd af þeim tillögum.

Í »Yfirlitinu« var gerð áætlun um:

1.	Flutningabrautir, ólagðar í árslok 1907	kr.	900,000
2.	Þjóðvegi er gera skyldi akfæra	—	1,130,000
3.	Brýr og endurbætur á reiðfærum þjóðvegum	—	370,000
	Sumtals:	kr.	2,400,000

Flutningabrautirnar. Hjer set jeg yfirlit yfir lengd þeirra. hvað ógert var af þeirri lengd í árslok 1907, og hvað þá var áætlað að þyrfti til að fullgera þær, svo og skýrslu um hverju síðan hefir verið varið til þeirra, talið eftir reikningunum fyrir árin 1908—1913, að viðbættum fjárveitingunum fyrir árin 1914-15, og loks áætlun um hvað vanta muni í árslok 1915 til þess að fullgera þær.

Nöfn brautanna	Lengd alls: km.	Ólagt í árslok 1907	Áætl. kostn. 1907 kr.	Síðan eytt og veitt kr.	Vantar enn kr.
Borgarfjarðarbraut	33,4	18,4	135,000	111,989,87	2,000
Húnvetningabraut	39,5	39,5	210,000	54,504,25	130,000
Skagafjarðarbraut	25,7	25,7	75,000	39,836,88	40.000
Eyjafjarðarbraut	26,0	8,9	30,000	30,861,79	2,000
Reykjadalsbraut	37,6	37,6	135,000	95,050,61	5,000
Fagradalsbraut	35,0	20,0	55,000	74,779,43	
Holtavegur	19,6		50,000	44,458,36	
Suðurlandsbraut	76,4		35,000	7,000,00	28,000
Eyrarbakkabraut	11,0				
Grímsnesbraut	56,0	56,0	175,000	59,570,98	115,000
Þingvallabraut	36,5				
Samtals:	396,7	206,1	900,000	518,052,17	322,000

Í næstsíðasta dálkinum eru taldar allar þær upphæðir, sem varið hefir verið til brautanna, eða eru veittar til þeirra í fjárlögunum fyrir 1914—15, nema hreinar viðhaldsupphæðir. Þannig er t. d. talin þar 5000 kr. fjárveiting til Holtavegarins 1910, sem var notuð til þess að endurbæta eystri hluta þess vegar og

búa hann undir afhendingu, þótt sá vegur væri allur lagður fyrir 1907. Sömuleiðis er hjer talinn 7000 kr, fjárveiting árið 1911 til Suðurlandsbrautar, sem gekk til þess að gera upphleyptan veg meðfram Ingólfsfjalli á þeirri braut, en ekki talinn viðhaldskostnaður þeirrar brautar, enda var enginn viðhaldskostnaður tekinn upp í þessa áætlun um byggingarkostnað flutningabrautanna 1907. Yfirleitt eru í þessum næstsíðasta dálki taldar þær einar upphæðir, sem varið hefir verið til þeirra verka á brautunum, sem »Yfirlitið« 1906 taldi að kosta mundu 900,000 kr,, þó með þeirri undantekningu að því er Fagradalsbrautina snertir, að þar er meðtalinn viðhaldskostnaður brautarinnar til þess tíma, er hún var afhent til viðhalds, því að sá kostnaður á að rjettu lagi að teljast með byggingarkostnaði brautanna samkvæmt vegalögunum, en það ákvæði var ekki komið 1906, og þess vegna var slíkar kostnaður ekki tekinn með í áætlanirnar um byggingarkostnaðinn þá. Þessi viðhaldskostnaður Fagradalsbrautarinnar til þess tíma er hún var afhent nemur kr. 6040,19, sem eru taldar með í upphæð brautarinnar í töflunni hjer að framan.

Í síðasta dálkinum er ný áætlun um það, hvað vanta muni til að fullgera flutningabrautirnar þegar búið er að verja til þeirra fjárveitingum yfirstandandi fjárhagstímabils. Þar er viðhaldskostnaður fram til afhendingardags meðtalinn. Að því er snertir Fagradalsbraut, Holtaveg, Eyrarbakkabraut og Þingvallabraut, þá eru þeir vegir fullgerðir og afhentir til viðhalds að svo miklu leyti sem þeir eiga að afhendast, og er því ekki um fjárveitingar að ræða til þeirra. Þó er brúin á Ytri-Rangá, sem er á Holtaveginum, ekki afhent enn þá, en með því að ekki mun þurfti nema örlitla upphæð til að mála hana fyrir athendingu, hefir mjer ekki þótt taka því að áætla hana sjerstaklega. Suðurlandsbrautin er fullgerð að vegalengdinni til, en eftir er að brúa 2 smáár í Ölfusinu, og tel jeg upphæðina, sem þurfi til að fullgera hana, eftir áætluninni frá 1906. Er það að vísu ljóst nú, að ekki muni þurfa nærri því 28 þús. kr. til að brúa þessar tvær ár, en hinsvegar verður full þörf fyrir afganginn til annara umbóta á brautinni, svo sem sjerstaklega til endurbygginga brúnna á Elliðaánum og Hólmsá, sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni frá 1906, en eins vel má telja með byggingarkestnaði eins og með viðhaldskostnaði. Að því er snertir Borgarfjarðarbraut, Eyjafjarðarbraut og Reykjadalsbraut, þá er tilætlunin að lokið verði við lagningu þeirra fyrir það fje, sem veitt er til þeirra á yfirstandandi fjárhagstímabili, og vantar þá ekki annað til þeirra en viðhaldskostnað til afhendingardags. Það er ekki unt að áætla þenna kostnað nákvæmlega, bæði sökum þess, að ómögulegt er að vita fyrirfram hve mikilla aðgerða verður þörf á hverjum brautarkafla, til þess að hann verði talinn í gildu standi tli afhendingar, og svo vegna þess, að ekki er enníá unt að vita hvort nokkur afgangur verður af fjárveitingum yfirstandandi fjárhagstímabils, sem verja megi til þess að byrja á að gera við brautirnar undir afhendingu, þar sem ekki eru einu sinni komnir reikningar og skýrslur yfir vinnuna fyrra ár fjárhagstímabilsins, þegar þetta er ritað. Loks eru þrjár brautir, sem ennþá eru hvergi nærri fullgerðar, sem sje Húnvetningabraut, Skagafjarðarbraut og Grímsnesbraut, og er óhjákvæmilegt að halda áfram nokkuð ríflum fjárveitingum tll þeirra.

Eins og tölurnar bera með sjer, er hin nýja áætlun um 60,000 lægri heldur en sú upphæð, sem vanta ætti til að fullgera brautirnar samkvæmt áætluninni frá 1906, og eru þó talin nokkur útgjöld, sem ekki var gert ráð fyrir

í þeirri áætlun. Þessi mismunur er enganveginn mikill, þegar tekið er tillit til þess, að áætlunin frá 1906 var, eins og hún sjálf ber með sjer, sbr. Alþt. 1907, bls. 265—266 í skjalapartinum, bygð á mjög lauslegum grundvelli og að ýmsu leyti á ágiskunum. Og ekki má af þessum mismun draga þá ályktun, að hinir aðrir liðir áætlunarinnar muni reynast að sama skapi ríflega áætlaðir, því að þessi mismunur stafar að engu leyti af því, að lagning vega hafi yfir höfuð reynst ódýrari en áætlað var 1906, heldur eingöngu af því að brýrnar, einkum stóru brýrnar, verða ódýrari með hinu núverandi byggingarlagi heldur en jeg gat búist við 1906 eftir því sem kostað hafði að byggja slíkar brýr fram að þeim tíma. Hvað vegina sjálfa snertir, þá má miklu fremur búast við að eftir því sem árin líða fari áætlunin frá 1906 um þá að reynast heldur lág, vegna hækkandi kaupgjalds og vegna þess að kröfurnar aukast að því er snertir gerð veganna.

Loks set jeg hjer tillögu um hversu megi skifta því, er vantar til að fullgera flutningabrautirnar, á næstu 4 fjárhagstímabil:

	— Upphæðir í þúsundum króna —							
	1916	1917	1918	1919	1920	1921	1922	1923
Borgarfjarðarbraut	2							
Húnvetningabraut	25	15	15	15	15	25	15	5
Skagafjarðarbraut	10	10	10	10				
Eyjafjarðarbraut		2						
Reykjadalsbraut	5							
Suðurlandsbraut			8	10	10			
Grímsnesbraut	15	15	15	15	15	15	15	10
Samtals:	57	42	48	50	40	40	30	15

Akfærir þjóðvegir. Í áðurnetndu »Yfirliti« var tekin upp lausleg áætlun um kostnað við að leggja akvegi á þeim köflum þjóðveganna, sem mest þörf sýndist þá að gera akfæra, samtals: 439 km. Þessi áætlun skal nú tekin hjer upp, og jafnframt getið um hvað eytt hefir verið eða veitt til akvega og brúa á þeim köflum fram til loka yfirstandandi fjárhagstímabils.

Vegarkaflar.	Lengd km.	Áætlaður kostnaður 1907 kr.	Eytt og veitt síðan 1907 kr.	Athugasemdir.
Borgarnesi—Hjarðarfelli	68,5	115,000	44,984,26	
Gljúfurá í Bgf.—Víðidalsá	115,2	325,000	29,811,81	
Búðardalsvegamót—Breiðabólstað	23,2	40,000		
Varmalæk—Litlu-Þverá	21,8	50,000		
Blönduós—Bólstaðarhlíð	31,2	60,000	5,000,00	
Víðimýri—Silfrastöðum	22,9	130,000		
Akureyri—Bægisá	25,0	40,000	16,397,31	
Gilsferju—Varðgjá	7,8	85,000		
Skjálfandafl.—Einarsst.	11,3	15,000	1,521,50	
Einarsstöðum—Laxá	9,1	35,000		
Egilsstöðum—Jökalsá hjá Fossv.	23,8	65,000	20,728,96	
Flyt:	359,8	960,000	118,443,84	

Vegarkaflar.	Lengd km.	Áætlaður kostnaður 1907 kr.	Eytt og veitt síðan 1907 kr.	Athugasemdir.
Flutt:	359,8	960,000	118,443,84	
Egilsstöðum—Haugum í Skriðdal	34,5	50,000		
Hólum í Hornaf.—Bjarnanesi	5,0	20,000	18,544,74	Fullgert.
Vík í Mýrdal vestur f. Steigarháls	12,0	15,000		
Ytri-Rangá—Þverá	15,0	60,000	22,429,37	
Elliðaám—Leirvogsá	12,7	25,000	26,289,05	
Samtals:	439,0	1,130,000	185,707,00	

Þannig vantar enn um 944,000 kr. til þess að fullgera þessa kafla.

Allir þessir vegarkaflar, að undanteknum veginum frá Gljúfurá í Borgarfirði að Víðidalsá í Húnavatnssýslu að nokkru leyti, eiga sammerkt í því, að þeir eru flutningaleið úr kaupstað fyrir fleiri eða færri sveitir, og er það þess vegna sem lagt er til að gera þá akfæra á undan öðrum þjóðvegarköflum. Sumir þeirra liggja frá kauptúnum upp í sveitir, en sumir eru framhald af flutningabrautum eða hliðarálmur út frá enda flutningabrautanna. Áherslan er þannig lögð á það, að koma upp akveganeti innan hjeraðs í þeim hjeröðum, þar sem landshættir leyfa, sem kvíslist frá kauptúni hjeraðsins upp til sem flestra sveitanna, en hitt fremur látið bíða, að samtengja þessi akveganet með vegum yfir fjöll og heiðar milli hjeraða. Vegurinn frá Gljúfurá að Víðidalsá er þó einmitt að mestu leyti slíkur samtengingarvegur, samtengir Borgarfjarðarbraut að norðan og Húnvetningabraut að sunnan, og er gerð grein fyrir því hvers vegna hann einn er meðtalinn í áðurnefndi »Yfirliti« bls. 262.

Jeg hef áður tekið fram ástæðurnar fyrir því, að akvegirnir eiga að ganga fyrir öðrum vegabótum, einkum fyrir umbótum á reiðvegum, m. a. í brjefi mínu til stjórnarráðsins, dags. 3. okt. 1910, sem fylgdi tillögum mínum um fjárveitingar til vegabóta 1912—13, og skal jeg því ekki fjölyrða um þær hjer, en aðeins minna á, að akvegirnir gera bæði beint og óbeint gagn, með því að þeir gera flutninga manna ódýrari, og kenna mönnum að nota vagna, einnig til annars en kaupstaðarflutninga, og þá lærist mönnum einnig upp úr því að nota hestaflið til annarar vinnu. En umbætur á reiðvegum verða að miklu leyti að teljast til þæginda, sem ekkert gefa í aðra hönd. Þessar sömu ástæður, sem hafa gert það að verkum, að jeg í tillögum mínum undanfarið hef lagt mesta áherslu á það, að flutningabrautunum yrði komið sem fyrst áfram, þær eru einnig þess valdandi, að nú þegar flutningabrautirnar eru komnar vel á veg, svo að unt er að snúa sjer einnig að öðrum vegagerðum, þá legg jeg mesta áherslu á það, að þessum akfæru þjóðvegarköflum verði komið áfram, og álít að jafnframt verði að byrja á styrkja eftir föstum reglum akfæra sýsluvegi, sem allsstaðar eru nauðsynlegir til framhalds og fullkomnunar á vegakerfum þeim, sem flutningabrautirnar og akfæru þjóðvegarkaflarnir mynda. Jafnframt verður þó eigi hjá því komist, að halda áfram að brúa nokkur vatnsföll á þjóðvegunum, þótt eigi liggi þau á þessum umræddu köflum, sem lagt er til að verði gerðir akfærir sem fyrst.

Það er nú vitanlega ekki unt að taka alla þessa akfæru þjóðvegarkafla fyrir í einu, enda er ekki jafn brýn þörf á þeim öllum. Ef til vill væri rjett að

fella alveg burtu kaflann frá Einarsstöðum að Laxá í Þingeyjarsýslu (35,000 kr.), með því að hann líklega verður ekki mjög nauðsynlegur, eftir því sem akveganeti Suður-Þingeyjarsýslu mun verða hagað, en í hans stað ætti þá að taka upp kaflann frá Skjálfandafljóti að Fnjóská, um 21 km. að lengd, sem mun kosta um 50,000 kr.

Jeg leyfi mjer nú að setja hjer tillögu um hverjar af fjárveitingunum til hinna akfæru þjóðvega eigi að ganga fyrir öðrum:

1.	Borgarnes- Hjarðarfell, eða Stykkishólmsvegur. Kaflinn vestur að Gröf í Miklaholtshreppi; til að fullgera hann mun þurfa um .. .. kr.		30,000
2.	Gljúfrá — Víðidalsá:		
	a. Kaflinn frá Gljúfurá að Hraunsneti, kostar um ... ... —		50,000
	b. Brú á Miðfjarðará í Húnavatnssýslu um ... ... —		50,000
3.	Langadalsvegur í Húnavatnssýslu að Æsustöðum .. .. —		45,000
4.	Víðimýri að Ökrum, með brúm á Svartá og Hjeraðsvötn ... —		100,000
5.	Akureyri—Bægisá, eftir að gera kafla sem kostar um		25,000
6.	Akureyri—Varðgjá (brú á Eyjafjarðará m. m.)		85,000
7.	Á kaflanum frá Fnjóská að Einarsstöðum: Brýr á Djúpá og Rauðá og vegur vestan í Fljótsheiði um		11,000
8.	Frá Lagarfljótsbrú að Fossvöllum (Hróarstunguvegur)		45,000
9.	Frá Egilsstöðum að Gilsá á Völlum		15,000
10.	Frá Eystri-Rangá að Þverá		15,000
11.	Á kaflanum frá Varmalæk í Borgarfirði að Litlu-Þverá: Vegagerð milli Hvítár og Örnólfsdalsár .. .. —		4,000
		Samtals kr.	475,000

Í þessa áætlun eru teknir upp bæði þeir kaflarnir, þar sem mest er þörf akvega fyrir kaupstaðarflutninga, og einnig mestu torfærurnar sem nú eru á hinum fyrirhuguðu akfæru þjóðvegum, þar með stórbrýrnar á Eyjafjarðará, Miðfjarðará og Hjeraðsvötnin.

Reiðfærir þjóðvegir. Í »Yfirlitinu« frá 1906 var gert ráð fyrir brúm á reiðfærum þjóðvegum og umbótum á þeim fyrir 370,000 kr. Þessi upphæð var ekki sundurliðuð til fulls, en var þó í rauninni miðuð við það, að ákveðin verk yrðu framkvæmd á þessum vegum. Mjer hefir talist svo til, að í árslok 1915 sje búið að eyða og veita kr. 127,021,98 til þeirra verka, sem ætlast var til að væru unnin fyrir þessa upphæð, Ætti þá að vanta þar um 243,000 kr. En hjer við er það að athuga, að 1906 var gert ráð fyrir að vatnsföll eins og Jökulsá á Sólheimasandi, Markarfljót og önnur auravötn yrðu ekki brúuð, því að það var talið ókleyft, en síðan hafa verið sett lög um að brúa Jökulsá á Sólheimasandi, og er því óhjákvæmilegt að bæta kostnaðinum við þá brú við áætlunina. Ennfremur stendur til breyting á þjóðveginum í Dalasýslu, sem gerir það nauðsynlegt að leggja veg, og hann akfæran, frá Búðardal norður undir Fáskrúð, er kosta mun um 15,000 kr. Og loks verður að taka tillit til þess, að þar sem efni og ástæður ekki leyfa að leggja reglulega akvegi um bygðirnar, er nú farið að tíðkast mjög að gera sumarvegi, sem eru akfærir að sumarlagi. Þar sem þjóðvegum er svo í sveit komið, að þeir mundu verða gerðir akfærir að sumarlagi ef hjeröðin ættu

að sjá um þá, virðist ekki verða hjá því komist að lagfæra þá svo að farið verði um þá með vagna að sumrinu. Með þetta fyrir augum, og svo það, að brúaðar verði þær ár, sem helst verða til farartálma, hef jeg gert eftirfarandi áætlun um vegabætur og brúargerðir á þjóðvegum utan áðurnefndra akvega, sem jeg tel að framkvæma beri nokkurnveginn samtímis þeim akvegaköflum, er að framan var talið að ættu að ganga fyrir öðrum:

1.	Brú á Bleikdalsá og Kiðafellsá á Kjalarnesi, svo og á Laxá í Kjós, ásamt lögum vegarins frá Leirvogsá að Neðra-Hálsi í Kjós, svo að hann verði akfær að sumarlagi	kr.	28,000
2.	Akfær vegur frá Búðardal að Fáskrúð, ef vegalögunum verður breytt svo, að þjóðvegurinn liggi um Búðardal	—	15,000
3.	Að ljúka við veginn yfir Krossárdal milli Bitrufjarðar og Gilsfjarðar, líklega um	—	10,000
4.	Vegagerð á austurhluta Síðunnar, frá Fossnúp að Hverfisfljóti, ásamt brú á Fossála	—	14,000
5.	Brú á Jökulsá á Sólheimasandi	—	78,000
		Samtals kr.	145,000

Eftir framanskráðum tillögum eru þá fjárveitingar þær til þjóðvega, sem ættu að ganga fyrir öðrum:

Til akvega eftir áætluninni frá 1906	kr.	475,000
Til annara þjóðvegakafla	—	145,000
	Samtals kr.	620,000

Það væri mjög æskilegt — og virðist ekki vera ókleyft — að koma þessu í framkvæmd á næstu 8 árum, eða á 4 fjárhagstímabilum, þannig að þessum vegagerðum verði lokið samtímis flutningabrautunum. Það virðist ekki þörf á því að gera nú þegar tillögu um niðurskiftingu fjárveitinganna á hin einstöku ár, en þó skal bent á það, að í þessum 620,000 kr. er falið verð fjögra stórbrúa, sem kosta 50,000 kr. og þar yfir hver, og fer ekki vel á öðru en að ein þeirra sje tekin á hverju fjárhagstímabili. Það er heppilegast að fjárveitingar til vegagerða geti haldið áfram óslitnar ár eftir ár, þannig að til hvers vegar sje veitt lík upphæð hvert ár, uns vegurinn er fullgerður. Ef t. d. er slept að taka stórbrú eitt fjárhagstímabil, og teknar svo tvær næsta fjárhagstímabilið, án þess þó að gera stórfeldan mismun á fjárveitingaupphæðunum, þá verður að stöðva seinna fjárhagstímabilið margar af þeim vegagerðum, sem áður er byrjað á, annaðhvort láta verkfærin liggja þar ónotuð, eða senda þau burt, oft með miklum tilkostnaði, máske segja upp verkstjórum, sem fást svo ekki aftur, og sleppa verkamönnum, sem hafa fengið nokkra æfingu, en verða nú að snúa sjer að öðru, og máske fást ekki aftur þegar tekið verður að nýju til við vegarlagninguna í þeirri sveit, sem þeim er hægast að stunda vinnu í. Hjá þessu má sneiða með því að taka eina stórbrú á hverju fjárhagstímabili, og láta fjárveitinguna það árið, sem brúin er gerð, vera sem næst því er brúarverðinu nemur hærri en hitt árið. Það getur að sumu leyti verið álitamál, í hvaða röð þessar brýr eigi að koma, og skiftir í rauninni litlu, en mitt álit er, að þær 4 brýr, sem hjer er um að ræða, eigi að koma í þessari röð:

1916—17 Eyjafjarðará.
1918—19 Miðfjarðará.
1920—21 Jökulsá.
1922—23 Hjeraðsvötnin.

Jeg skal ekki að svo stöddu fara frekar út í ástæðurnar fyrir þessari niðurröðun, en aðeins geta þess um Jökulsá, að mjer er kunnugt um, að sumir hafa litið svo, að með lögunum um að hana skuli brúa þegar fje sje til þess veitt í fjárlögum, sje því slegið föstu, að brú á hana skuli gerð á undan öllum öðrum stórbrúm. Þessa skoðun get jeg ekki fallist á. Fyrst er það, að lögin bera það alls ekki með sjer, að þetta sje meiningin með þeim, og hefði þó verið hægur nærri að taka það fram í þeim, og engan veginn ástæðulaust að taka jafn mikilvægt atriði beint fram, ef sú væri meining laganna. Þar næst er hitt, að eftir því sem á undan var gengið í málinu, var næg ástæða til þess að slá því föstu með lögum, að áin skyldi verða brúuð, þó ekki væri jafnframt ákveðið neitt um hver í röðinni sú brú skyldi vera. Málið horfði þannig við, að allir höfðu álitið að ómögulegt eða ókleyft væri að brúa þessa á; á þessu áliti er einnig bygt í »Yfirlitinu« frá 1906, sjá 1. c. bls. 264 neðst, og er því þar ekki gert ráð fyrir brú á Jökulsá meðal þeirra vegabóta á þjóðvegum og brúagerða, sem þar eru taldar. Síðan var þó farið að taka til yfirvegunar hver ráð væru til að greiða fyrir samgöngum yfir ána, og með bréfi dags. 9. jan. 1911 sendi jeg stjórnarráðinu áætlun um hengiferju yfir ána, er skyldi kosta 30,000 kr. Jafnframt ljet jeg og í tje áætlun um kostnað við brú yfir ána, að upphæð 78,000 kr., og gat þess, að ekki mætti búast við að brúin eða ferjuumbúnaðurinn stæðist slík jökulhlaup, sem að sögn koma stundum í ána. Þannig lá málið fyrir alþingi 1911, og lít jeg svo á, sem því hafi verið slegið föstu með lögunum, er þá voru sett, að ekki skyldi átt meira við að undirbúa ferju á ána, heldur skyldi áin verða brúuð á sínum tíma, þrátt fyrir það þó álíta yrði, að brúin mundi farast fyr eða síðar af völdum árinnar. Þannig lít jeg á lög þessi, og hef því hjer að ofan sett brúna þar í röðina, sem jeg álít að henni beri sæti eftir samgönguþörfinni. En jeg skal taka það fram aftur, að þessi niðurröðun skiftir að mínu áliti litlu máli, og yfir höfuð álít jeg, að ef samkomulag næst um hverjar vegabætur á þjóðvegum skuli framkvæmdar á næstu 8 árum, þá taki því naumast, að deila um í hvaða röð þær vegabætur eigi að framkvæmast.

Sýsluvegir. Sú hefur orðið reyndin undanfarandi, að þótt stjórn og þing hafi verið samtaka um að halda sem mestu af vegafénu til flutningabrauta og þjóðvega, einkum til flutningabrautanna, þá hafa á hverju þingi verið veittar talsverðar upphæðir til annara vega, einkum sýsluvega, venjulega að því tilskyldu, að tiltekinn hluti kostnaðarins kæmi annarstaðar frá. Eftirsóknin eftir slíkum fjárveitingum hefur verið mikil, svo að ekki hafa nærri allar tillögur í þá átt náð fram að ganga. Þessi eftirsókn eftir fjárframlögum til sýsluvega stafar oft af brýnni þörf, og virðist mjer óhjákvæmilegt að taka tillit til þeirra þarfa við ráðstöfun vegafjárins. Virðist mér þá heppilegast, að stjórninni sje fengin árleg upphæð til umráða, sem varið sje til sýsluvega, eftir fyrirfram ákveðnum föstum reglum. Í þessum reglum tel jeg, að einkum ætti að gæta eftirfarandi atriða:

1. Að verkið sje framkvæmt með ráði landsverkfræðings.
2. Að sýslufjelag það, sem vegurinn tilheyrir, ábyrgist, að veginum verði haldið við, og að hann verði aldrei, án samþykkis landsstjórnarinnar, numinn úr tölu þeirra vega, sem sýslufjelaginu ber að halda við samkvæmt gildandi lögum.
3. Að tilskilið framlag annarstaðar frá verði lagt til vegarins. Það er álitamál, hvort tiltækilegt þætti að setja fasta reglu um hlutfallið milli tillags landssjóðs og tillagsins annarsstaðar frá; fjárveitingar alþingis hafa verið bundnar mismunandi skilyrðum að þessu leyti, stundum heimtað tvöfalt tillag annarstaðar frá, en stundum aðeins jafnhátt landssjóðstillaginu. Ef fast hlutfall verður sett, álít jeg að ekki beri að heimta nema jafnmikið tillag annarsstaðar frá móti landssjóðstillaginu, því að þar sem viðhald slíkra vega hvílir alveg á sýslum og sveitarfjelögum, þá er naumast stuðlandi að því, að þau hleypi sjer í mjög miklar skuldir til vegalagninga, en helmings framlag ætti að vera nægileg trygging fyrir því, að ekki verði lagðir óþarfir vegir.

Það er ekki unt að segja með neinni vissu, hve mikla upphæð þyrfti að áætla á hverju ári, til þess að unt væri að verða við öllum sanngjörnum kröfum um framlög til sýsluvega, en jeg geri ráð fyrir 20,000 kr. á ári.

Ef lokið er á átta árum við flutningabrautirnar og þjóðvegabætur þær, sem nefndar eru að framan, og ætlaðar 20,000 kr. árlega til sýsluvega, má gera ráð fyrir, að útgjöldin til vegabóta þurfi að vera að meðaltali þessi 8 ár, sem hjer segir:

Stjórn og undirbúningur um	10,000 kr.
Flutningabrautir og þjóðvegir um	118,000 —
Viðhald flutningabrauta	11,000 —
Viðhald þjóðvega	16,000 —
Fjallvegir	4,000 —
Áhöld	2,000 —
Til sýsluvega	20,000 —
Samtals:	181,000 kr.

Þessi upphæð er nokkru meiri en hin árlegu útgjöld til vegabóta hafa verið nú undanfarin ár. Útgjöldin til vegabóta hafa verið, eftir því sem mjer telst:

1908	kr.	174,046,29
1909	—	175,586,24
1910	—	162,508,49
Flyt:	kr.	512,141,02

Flutt:	kr.	512,141,02
1911	—	105,625,39
1912	—	174,588,71
1913	—	145,936,78
Ennfremur eftirgefin lán úr viðlagasjóði til brúargerða ...	—	17,320,72
Samtals:	Kr.	955,612,62
Meðaltal 6 ára:	—	159,268,77

— en dýrasta brúin, sem bygð hefur verið á þessum 6 árum (brúin á Ytri-Rangá, 1912), hefur heldur ekki kostað nema kr. 39,458,36, og aðeins tvær aðrar, Fnjóskárbrú 1908 og Norðurárbrú í Borgarfirði 1910, losað 30,000 kr. Á yfirstandandi fjárhagstímabili er engin brú, sem nær 20,000 kr. Þær 4 stórbrýr, sem jeg hef lagt til að verði gerðar á næstu fjórum fjárhagstímabilum, munu kosta að meðaltali um 65,000 kr., en 4 stærstu brýrnar, sem gerðar eru á árunum 1908—1915 kosta að meðaltali um 31,000 kr. Þannig má áætla, að 34,000 kr. hækkun á fjárhagstímabili stafi af því, að nú er ráðgert að taka fyrir stærri brýr en áður, en hækkunin er alls um $43^1/_2$ þús. kr. á fjárhagstímabili, og er því hækkun á framlögum til eiginlegra vegalagninga ekki nema $9^1/_2$ þús. kr. á fjárhagstímabili.

Reykjavík, 30. okt. 1914.

Jón Þorláksson.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1912 og 1913.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1912 og 1913, veitast kr. 156,503,86 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 6,195,98.

Við tölulið 5. 1912	kr. 1,873,75		
1913	— 4,322,23	kr. 6,195,98	
		kr. 6.195,98	

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 6,150,26.

Við 3. Hegningarhúsið í Reykjavík 1912...	kr. 549,62		
1913	— 258,96	kr. 808,58	
Við b. 1. c. Landshagsskýrslur 1912...	kr. 3,387,22		
1913	— 1,950,71	— 5,337,93	
Við B. 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann 1912	— 90,00		
Þar frá dragast sparaðar 1913	— 86,25	— 3,75	
		kr. 6,150,26	

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 17,178,31.

Við 7. lið. Holdsveikra spítalinn 1912	kr. 3,961,15		
1913	— 7,095,01	kr. 11,056,16	
Við 8. lið. Geðveikrahælið á Kleppi 1912	kr. 1,092,35		
1913	— 5,029,80	— 6,122,15	
		kr. 17,178,31	

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 71,900,42.

A. Póstmál:

Við A. 1. b. 2. Póstafgreiðslum.	1913	kr. 1,060,00			
Frádragast sparaðar	1912	— 240,00	kr.	820,00	
Við A. 2. Póstflutningur... ...	1912	kr. 6,345,65			
	1913	— 11,506,13	—	17,851,78	
Við A. 3. a. Skrifstofukostnaður	1912	kr. 807,03			
	1913	— 865,01	—	1,672,04	
Við A. 3. b. Önnur útgjöld ...	1912	kr. 5,003,51			
	1913	— 1,620,25	—	6,623,76	kr. 26,967,58

B. Vegabætur:

Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður	1912	kr. 82,28			
	1913	— 204,61	kr.	286,89	
Við B. II. Flutningabrautir ...	1912	kr. 1,414,13			
sparaðar	1913	— 418,87	—	995,26	
Við B. III. Þjóðvegir	1913	kr. 4,385,97			
sparaðar	1912	— 2,982,08	—	1,403,89	kr. 2,686,04

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

Við D. II. 2. Talsími frá Búðardal	1912	.. ..	kr.	3,298,40	
Við D. III. 2. 6. 7. 10. og 11. lið	1912	kr. 14,427,92			
	1913	— 7,171,15			
Við D. IV. V. og VI.	1912	— 5,431,70			
	1913	— 6,785,03	—	33,815,80	kr. 37,114,20
E. Vitamál	1912	kr. 2,965,65			
	1913	— 2,166,95			— 5,132,60
					kr. 71,900,42

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 19,901,49.

Við B. I. f. Háskólinn	1912...		kr.	1,829,60	
	1913		—	1,350,49	
Við B. I. g. Háskólinn	1912...		—	4,282,32	
	1913		—	3,699,74	kr. 11,162,15
Við II. e. 5. h. alm. mentaskóli	1912...		kr.	954,25	
	1913		—	1,987,75	— 2,942,00
				Flyt	kr. 14,104,15

				Flutt	kr. 14,104,15
Við III. b. 2. Gagnfr.skóli Akureyrar	1912	kr.	572,66		
	1913	—	449,86		
Við III. b. 3.	1912	—	647,00		
	1913	—	773,00		
Við III. b. 5.	1912	—	7,82	—	2,450,34
Við IV. b. 3. Kennaraskólinn	1912	kr.	91,30		
	1913	—	248,63	—	339,93
Við V. b. 1. Stýrimannaskólinn	1912	kr.	322,50		
	1913	—	815,00		
— b. 3.	1912	—	116,90		
	1913	—	61,82		
— b. 4.	1912	—	184,24		
	1913	—	392,06	—	1,892,52
Við VI. l. Heyrnar- og máll.skóli	1912	kr.	203,57		
	1913	—	431,98	—	635,55
Við VII. b. Sundkensla utan Reykjavíkur	1912			—	479,00
				kr.	19,901,49

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 2,694,85.

Við 5. a. og b. Landsbókas.húsið	1912	kr.	2,038,86		
	1913	—	655,99	kr.	2,694,85

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 4,865,23.

Við 1. lið c. 2. 3. og 6. Bændaskóli á Hólum	1912	kr.	458,72		
	1913	—	743,59		
Við 1. lið 1. d.	1912	—	1,203,27	kr.	2,405,58
Við 2. lið c. 3. og 5. Hvanneyrarskóli	1913			—	986,55
Við 5. lið. Framhaldsrannsókn á járnbrautarsvæði	1913			—	1,004,80
Við 35. lið. Skoðun á prestsetrum	1912	kr.	134,95		
	1913	—	333,35	—	468,30
				kr.	4,865,23

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna, veitast: kr. 27,617,32.

Við óviss útgjöld	1912	kr. 5,279,79	
— — —	1913	— 9,838,57	kr. 15,118,36
Til milliþinganefndar í fjármálum landsins			— 4,712,81
Til manntalskostnaðar	1912	kr. 4,591,65	
	1913	— 2,310,00	— 6,901,65
Til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum			kr. 208,85
Fyrir samningu á frumvarpi um lögaldur			— 263,15
Viðbót við bókaútgáfufje Háskólans 1913			— 112,50
Til áveitu á Meðallandssandana			— 300,00
			kr. 27,617,32

Ástæður

fyrir lagafrumvarpi þessu eru í Landsreikningunum 1912 og 1913, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þá reikninga, og svörum stjórnarinnar við þær athugasemdir.

Við 5. gr.

Það hefir ekki þótt bera nauðsyn til, að taka það sem greitt hefir verið til starfrækslu bæjarsímans í Reykjavík upp í frumvarp þetta, þar sem engin áætlun var í fjárlögunum að miða við.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árin 1914 og 1915.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast kr. 84,587,57 til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 729,16.

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 22,084,71.

Við 11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	20,000,00
— 12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
	Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
		Kr.	22,084,71

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 47,711,83.

Við B.	II. Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^2/_3$ hlutar kostnaðar	kr.	449,56
— -	III. Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
— -	XIII. Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^1/_3$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
— -	D. Til ýmsra endurbóta	—	26,162,27
— -	E. Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
		Kr.	47,711,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (Kirkju- og kenslumál) veitast 2,700 kr.

Við A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar: til baðstofubyggingar á Kvennabrekku	kr.	600,00
— B. I a.	Laun háskólakennara	—	2,100,00
		Kr.	2,700,00

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar		kr.	4,000,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast kr. 1,180,67.

Nýr liður.	Til Fossvallasmjörbús	kr.	380,76
— —	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistasýningu í Leipzig 1914	—	800,00
		Kr.	1,180,76

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast kr. 6,181,11.

Kostnaður við fánanefnd		kr.	6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju bankabókara Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlega í eftirlaun af fje Landsbankans. Eftirlaunin greiðast frá 1. jan. 1914 og borgast eftirá fyrir hvern ársfjórðung.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Með erindi 5. sept. f. á. sendi Jón yfirdómari Jensson stjórnarráðinu erindi þess efnis, að hann vegna alvarlegrar vanheilsu hefði neyðst til að láta af störfum sínum við yfirdóminn í bráð, og fá mann til að gegna þeim í sinn stað. Nú sje heilsu sinni svo farið, að engin von sje um alvarlegan bata, nema hann gæti fengið hvíld frá embættisstörfum sínum að minsta kosti misseristíma. Jafnframt og hann fór þess á leit, að fá leyfi til að vera laus við embættisstörf sín þennan tíma, fór hann einnig fram á, að laun manns þess, er skipaður yrði til að gegna embætti hans, yrðu greidd úr landssjóði upp á vænt-

anlega fjárveitingu, vegna þess að efnahagur sinn sje eigi svo vaxinn, að hann geti greitt þau sjálfur.

Um leið og stjórnin veitti hið umbeðna leyfi tók hún það fram, að hún sæi sjer ekki fært að lofa neinu fje til launa hinum setta yfirdómara, en hún væri fús að leita á sínum tíma aukafjárveitingar í þessu skyni.

Með því að stjórnin telur það mjög sanngjarnt, enda fordæmi um það frá Kennaraskólanum, að hið opinbera hlaupi undir bagga með embættismönnum, þegar svo stendur á eins og hjer, og með því launakjör þessa manns og efnahagur gera honum mjög örðugt eða jafnvel ókleift að greiða úr eigin vasa fyrir gæslu embættisins, svo hann hefði ef til vill orðið að skila af sjer embættinu, ef hann hefði átt að kosta þetta af eigin efnum, þá leggur stjórnin það eindregið til, að veitt sje hæfileg upphæð úr landssjóði fyrir gæslu embættisins frá 1. okt. 1914 til 1. mars 1915, þá er lög nr. 31, 30. okt. 1914 koma í gildi, og telur stjórnin hæfilega borgun í því skyni 729,16, eða hálf laun á mánuði.

Við 3. gr.

Við 11. Með lögum nr. 27, 2. nóv. 1914 var stjórninni heimilað að veita Heilsuhælinu á Vífilsstöðum 10,000 kr. aukastyrk og mátti styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn bæri til. Yfirstjórn hælisins lýsti yfir því fyrir landstjórninni, að hún gæti eigi komist af með 10,000 kr., nema þá með því að hækka daglega borgun fyrir sjúklingana að miklum mun. Með því landstjórnin leit svo á, sem þetta mundi verða þess valdandi, að margir sjúklingar yrðu að yfirgefa hælið, og aðrir mundu ekki, eins og nú á stæði, geta komist þangað, þó þess þyrftu nauðsynlega, og með því ennfremur, að hælið ber í rauninni að skoða sem þjóðarstofnun, þá valdi stjórnin heldur að nota fyrgreinda heimild, og veitti 10,000 kr. viðbót.

Jafnvel þó þessi fjárveiting sem og fleiri, er hjer eru tilfærðar síðar, sjeu lögheimilaðar, telur stjórnin þó rjett, að fá heimild fyrir greiðslunum í þessum lögum.

Við 12. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir sent skýrslu verkfræðings um nauðsynlega viðgerð á sóttvarnarhúsinu. Telur verkfræðingur nauðsynlegt, að gera fráræslu frá húsinu, gera við kjallaragólfið, sem sje alveg ónýtt, og við baðherbergi, og megi þessar aðgerðir ekki dragast, því annars sje varla hægt að nota húsið samkvæmt tilgangi sínum. Kostnaður við þessar viðgerðir er talinn 550 krónur. Ennfremur telur bæjarfógetinn nauðsynlegt vegna sóttvarnanna að afgirða lóð hússins, og leggja veg að því, en hann er enginn nú sem stendur, og er áætlaður kostnaður við þetta tvent 900 kr. Er því alls farið fram á fjárveitingu að upphæð 1400 kr. til þessara aðgerða.

Ljósstofnun Finsens í Kaupmannahöfn hefir með brjefi 24. júní 1914 skýrt stjórnarráðinu frá, að íslenskur drengur, Vilhelm Sofus Holm frá Önundarfirði, hafi legið á stofnuninni frá 12. desbr. 1912 til 2. mars 1914. Þá var hann að mestu heilbrigður orðinn af »lupus«, er hafði þjáð hann. Kostnaðurinn við veru hans þar varð alls kr. 1034,71

og var þó að eins reiknuð hálf borgun. Af þessu gat sjúklingurinn sjálfur að eins borgað 50 kr., og stofnunin útvegaði honum 300 kr. styrk frá hinu Classenska Fideicommis, en afganginn, kr. 684,71, hefir stofnunin farið fram á að fá endurgreiddan, annaðhvort úr landssjóði, eða hlutaðeigandi sveitarsjóði. Landlæknir hefir mælt hið besta með því, að þessi upphæð verði greidd úr landssjóði, og stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að þegar um þennan hörmulega sjúkdóm er að ræða, sem ómögulegt er að lækna hjer á landi, sje fylsta ástæða fyrir hið opinbera, að styrkja sjúklinga til spítalavistar, og það ekki síst við þessa stofnun, því annars má búast við, að sjúklingar hjeðan fái þar ekki inngöngu, nema full trygging sje fyrir hendi, eins og stofnunin ótvírætt gefur í skyn.

Við 4. gr.

Við B II. Rauðalækjarbrú liggur á flutningabrautarkafla þeim, er Rangárvallasýslu hefir verið afhentur til viðhalds. Nú þarf að gera steinstöpul undir þessa brú, og verður hann einn hluti af steinsteypubrú þeirri, sem fyrirhuguð er, þegar trjebrúin er orðin ónýt. Kostnaður við stöpulgerðina er áætlaður kr. 674,34 og með því, að þeirri reglu er slegið fastri (sbr. Alþ.tíð. 1913, A. bls. 87), að landssjóður skuli bera $^2/_3$ hluta kostnaðarins, er hjer farið fram á kr. 449,56.

Við B III. Um upphæðina til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu, vísast til laga nr. 26, 2. nóv. 1914.

Við B XIII. Oddviti Reykholtshrepps hefir farið þess á leit, að veittur yrði úr landssjóði $^1/_3$ kostnaðar, alt að 1000 kr. til þess að fullgera akveginn frá Kláffossbrú að Reykholti og til að laga framhald þess vegar, svo að akfært verði fram á Kolslækjareyrar í Hálsahreppi. Vegur þessi er í heild sinni áframhald af Borgarfjarðarbrautinni, upp í Reykholtsdal og Hálsasveit, og er alveg nauðsynlegur til þess að flutningabrautin, sem nú er fullgerð, geti komið þessum sveitum að fullum notum; landsverkfræðingurinn mælir því hið besta með því, að umrætt tillag verði veitt nú í ár, og stjórnin verður að vera samdóma um, að rjett sje að fullgera þennan akveg sem fyrst, og stuðla til þess, að hann komi sem fyrst að fullum notum, og nái um leið sem lengst.

Við D. Endurbætur þessar sundurliðast þannig:

1.	Viðgerðir og breytingar á stöðvarhúsinu í Reykjavík	kr.	6,000,00
2.	Stækkun á miðstöðvarborði landsímans, flutningur og fleira...	—	4,500,00
3.	Kaup á Wheatstone áhöldum til Reykjavíkur og Seyðisfjarðar...	—	6,000,00
4.	a 2 símritarar í Reykjavík, annar $^1/_2$ ár...	—	1,800,00
	b 2 —»— á Seyðisfirði, —»—	—	1,800,00
		Flyt kr.	20,100,00

	Flutt	kr. 20,100,00
4. c 2 símameyjar á Akureyri...	—	1,200,00
d 2 —»— í Reykjavík, önnur 1/2 ár	—	900,00
5. Húsaleiga fyrir landsímastjórann í 10 mánuði og kaup á ýmsum skrifstofugögnum	—	1,850,00
6. Kostnaður út af bruna á Siglufirði	—	2,112,27
	Samtals	kr. 26,162,27

Um einstöku atriði skal tekið fram:

Við 1. Þegar nýja pósthúsið er fullgert, tekur landsíminn alt gamla pósthúsið til afnota, en áður þarf að gera ýmsar nauðsynlegar breytingar við það, svo sem flytja biðstofuna niður og setja lyftivjel milli hennar og afgreiðsluherbergjanna uppi. Kostnaður við nauðsynlegar breytingar er áætlaður af byggingarfróðum manni 6,000 kr.

Við 2. Í sambandi við þessa breytingu og flutning afgreiðslunnar í annað herbergi er nauðsynlegt að stækka miðstöðvarborðið. Nú geta að eins tveir setið við borðið, en það þykir nauðsynlegt afgreiðslunnar vegna, að stækka það um helming. Útgjöldin við það eru áætluð kr. 3,200,00 og 1,300 kr. er talið að kosta muni að útvega »akkumulatorbatteri« »maskininduktor« m. m. sem útvega þarf, af því rafmagn verður eftirleiðis brúkað til lýsingar í póst- og ritsímahúsinu.

Við 3. Sá eini símaþráður sem nú er milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar nægir hvergi nærri símaviðskiftunum. Ber það oft við, að símskeytum, bæði til útlanda og frá, seinkar óhæfilega vegna þessa, og það þótt æfðustu símritararnir sjeu stöðugt við afgreiðslu allan daginn. Til þess að bæta úr þessu — án þess að fjölga þráðum, sem er afardýrt — leggur símastjórnin til, að keypt verði hraðsímatæki, Wheatstonestæki, sem um langan tíma mundi fullnægja viðskiftaþörfinni. Slíkt tæki, ásamt uppsetningu, kostar 6000 krónur.

Við 4. Þessi aukning á starfsmönnum er nauðsynleg bæði vegna sívaxandi starfa, og að því er Reykjavík sjerstaklega snertir, líka vegna flutningsins, sbr. athugasemdina við 2. lið. Afgreiðsla með Wheatstones-tækjum útheimtir einnig fleiri starfsmenn.

Við 5. Með því að alsendis ómögulegt var að hafa lengur skrifstofur landsímastjórnarinnar í gamla pósthúsinu, varð að útvega þeim húsnæði úti í bæ, og um leið útvega ýms húsgögn, sem, hvort sem er, hefði orðið að kaupa, þegar landsíminn fær yfirráð yfir öllu gamla pósthúsinu. Að öðru leyti sundurliðast þessi kostnaður þannig:

Húsaleiga í 10 mánuði	kr.	600,00
Ljós, hiti og ræsting	—	250,00
Peningaskápur, ritvjel, 2 skrifborð m. m.	—	1,000,00
	Samtals	kr. 1,850,00

Við 6. Þann 31. des. 1913 brann stöðin á Siglufirði. Varð þá að kaupa ný áhöld, miðstöðvarborð m. fl. Nam kostnaðurinn við það alls kr. 2,112,27.

Við E. Grímseyjarviti. Sjá heimildarlög nr. 24, 2. nóv. 1914. Upphæðin er sett eftir upplýsingum frá vitaumsjónarmanni.

Við 5. gr.

Við A. Upphæð þessi er að eins endurveiting, sjá fjárlögin fyrir 1912 og 1913 14. gr., A b. 5. 600 kr. voru útborgaðar á fjárhagstímabilinu 1912—13.

Við B I a. Samkvæmt heimildarlögum nr. 25, 2. nóv. 1914, á að setja kennarastól við háskólann í klassiskum fræðum, og hefir kennari verið skipaður frá 1. apríl 1915, og verða þá laun hans það ár 2,100 krónur.

Við 6. gr.

Sjá lög nr. 28, 2. nóv. 1914.

Við 7. gr.

Á fjárlögunum fyrir árin 1912 og 1913 var styrkur veittur til samvinnusmjörbúa (16. gr. 16). Eitt slíkra búa, Fossvallasmjörbúið í Árnessýslu, varð fyrir því óhappi að missa af fjárstyrk 1913 fyrir þá sök, að formaður búsins, sem var nýkominn í þann starfa, varð nokkrum dögum of seinn til að senda skjölin. Stjórn búsins hefir því sent hingað erindi um, að fá upphæðina veitta á fjáraukalögum og með því stjórninni finst það sanngjarnt, eins og á stendur, leggur hún til, að þessi upphæð verði veitt.

Um styrkinn til prentarafjelagsins vísast til athugasemdanna við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1914. (Alþ.tíð. 1914, A. bls. 102).

Við 8. gr.

Í konungsúrskurði 22. nóv. 1913 um sjerstakan fána fyrir Ísland, var tekið fram, að gerð fánans skyldi ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra hefði haft tök á, að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði. Til þess að rannsaka þetta atriði, og ihuga málið og koma fram með tillögur í því, skipaði ráðherra 30. des. s. á. 5 manna nefnd og lauk hún starfi sínu í júní 1914. Kostnaður sá, er leiddi af þessari nefndarskipun, nam alls kr. 6,181,11 og er því farið fram á samþykki þingsins til þessarar greiðslu.

Um styrkinn til ekkju Alberts sál. bankabókara Þórðarsonar, vísast sömuleiðis til nýnefndra athugasemda (l. c, bls. 102—103).

Frumvarp til laga

um

samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

	I. Tekjur:	Áætlun. Kr. au.	Reikningur. Kr. au.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100,000,00	112,417,84
2.	Húsaskattur	26,000,00	28,462,15
3.	Tekjuskattur	60,000,00	69,260,00
4.	Áukatekjur	110,000,00	152,989,17
5.	Erfðafjárskattur	6,000,00	11,012,52
6.	Vitagjald	60,000,00	116,399,79
7.	Leyfisbrjefagjöld	12,000,00	15,133,89
8.	Útflutningsgjald	300,000,00	324,873,44
9.	Áfengistollur	330,000,00	467,527,72
10.	Tóbakstollur	320,000,00	429,809,71
11.	Kaffi- og sykurtollur	760,000,00	978,918,96
12.	Annað aðflutningsgjald	40,000,00	71,520,50
13.	Árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja	18,000,00	22,700,00
14.	Pósttekjur	190,000,00	316,836,58
15.	Símatekjur	205,000,00	343,778,14
16.	Tekjur af Íslandsbanka	24,000,00	24,126,99
17.	Óvissar tekjur	20,000,00	133,822,45
18.	Tekjur af jarðeignum landsjóðs	36,000,00	40,700,45
19.	Tekjur af kirkjum	200,00	356,41
20.	Tekjur af silfurbergsnámunum	4000,00	7,884,22
21.	Tekjur af ræktunarsjóði		19,751,14
22.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	106,000,00	118,654,36
23.	Tekjur af seðlaláni Landsbankans	15,000,00	15,000,00
24.	Leigur af innstæðu í bönkum	16,000,00	13,507,57
	Flyt samtals	2,758,200,00	3,835,444,00

		Áætlun.	Reikningur.
		Kr. a.	Kr. a.
	Fluttar	2,758,200,00	3,835,444,00
25.	Greitt frá prestaköllum	4,000,00	5,093,87
26.	Endurgreiðsla á skyndilánum embættismanna ...	1,200,00	2,578,21
27.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	36,237,77
28.	Greitt úr ríkissjóði Danmerkur...	120,000,00	120,000,00
29.	Vörutollur.		373,583,14
30.	Tekjur af láninu 1909		56,756,50
31.	Lán eftir lögum nr. 20, 1911, og nr. 14, 1909 ...		750,000,00
	Samtals	2,887,400,00	5,179,693,49

II. Útgjöld:		Fjárveiting.	Reikningur.
		Kr. a.	Kr. a.
1.	Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum landsjóðs	99,633,34	304,437,39
2.	Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins	101,000,00	111,173,07
3.	Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	62,400,00	121,622,81
4.	Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173,000,00	176,284,57
	B. Ýmisleg útgjöld	52,300,00	86,012,71
5.	Til útgjalda við læknaskipunina.	333,880,00	336,286,28
6.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	217,800,00	244,625,41
	B. Til vegabóta	315,500,00	315,076,26
	C. Til gufuskipaferða	212,300,00	210,300,00
	D. Til ritsíma og talsíma...	313,900,00	402,871,77
	E. Til vita	93,950,00	91,966,15
7.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	116,700,00	137,475,11
	B. Til kenslumála	470,440,00	482,233,63
8.	Til vísinda og bókmenta	162,740,00	162,270,11
9.	Til verklegra fyrirtækja.	348,394,00	432,629,96
10.	Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna ...	5,200,00	40,324,10
11.	Til eftirlauna og styrktarfjár	158,400,00	126,111,69
12.	Óviss útgjöld	6,000,00	21,118,36
13.	Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum o. fl.		267,877,12
14.	Útgjöld viðlagasjóðs		50,772,81
15.	Til jafnaðar móti lántökum landsjóðs		250,000,00
16.	Við útgjöldin bætast		16,339,55
	Áætlaður tekjuhalli var	446,167,34	
	En tekjuafgangur varð	... ...	791,884,63
	Samtals	3,689,704,68	5,179,693,49

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi sem reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út. Landsreikningarnir árin 1912 og 1913, er lið fyrir lið þræða fjárlögin, verða jafnframt lagðir prentaðir fyrir þingið, og vísast til þeirra, að því er snertir nánari sundurliðun á tekjum og útgjöldum. Að öðru leyti er vísað til eftirfarandi yfirlits.

Yfirlit

yfir

tekjur og útgjöld á árunum 1912 og 1913.

I. Tekjur:

1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	1912:	kr.	54,653,79		
		1913:	—	57,764,05		
					Kr.	112,417,84
2.	Húsaskattur	1912:	kr.	14,086,15		
		1913:	—	14,376,00		
					—	28,462,15
3.	Tekjuskattur	1912:	kr.	34,202,25		
		1913:	—	35,057,75		
					—	69,260,00
4.	Aukatekjur	1912:	kr.	72,859,27		
		1913:	—	80,129,90		
					—	152,989,17
5.	Erfðafjárskattur	1912:	kr.	4,381,90		
		1913:	—	6,630,62		
					—	11,012,52
6.	Vitagjald	1912:	kr.	56,333,63		
		1913:	—	60,066,16		
					—	116,399,79
7.	Leyfisbrjefagjöld...	1912:	kr.	7,701,43		
		1913:	—	7,432,46		
					—	15,133,89
					Flyt: Kr.	505,675,36

			Fluttar:	Kr.	505,675,36
8.	Útflutningsgjald	1912:	kr. 152,359,63		
		1913:	— 172,513,81		
				—	324,873,44
9.	Áfengistollur	1912:	kr. 446,228,21		
		1913:	— 21,299,51		
				—	467,527,72
10.	Tóbakstollur.	1912:	kr. 214,636,42		
		1913:	— 215,173,29		
				—	429,809,71
11.	Kaffi- og sykurtollur	1912:	kr. 459,635,40		
		1913:	— 519,283,56		
				—	978,918,96
12.	Annað aðflutningsgjald	1912:	kr. 35,970,61		
		1913:	— 35,549,89		
				—	71,520,50
13.	Árgjöld af verslun og veitingum áfengra drykkja...	1912:	kr. 11,600,00		
		1913:	— 11,100,00		
				—	22,700,00
14.	Pósttekjur	1912:	kr. 168,426,18		
		1913:	— 148,410,40		
				—	316,836,58
15.	Símatekjur	1912:	kr. 160,634,48		
		1913:	— 183,143,66		
				—	343,778,14
16.	Tekjur af Íslandsbanka	1912:	kr. 14,709,00		
		1913:	— 9,417,99		
				—	24,126,99
17.	Óvissar tekjur	1912:	kr. 48,184,42		
		1913:	— 85,638,03		
				—	133,822,45
18.	Tekjur af jarðeignum landsjóðs ...	1912:	kr. 19,479,21		
		1913:	— 21,221,24		
				—	40,700,45
19.	Tekjur af kirkjum	1912:	kr. 114,40		
		1913:	— 242,01		
				—	356,41
20.	Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	1912:	kr. 3,884,00		
		1913:	— 4,000,22		
				—	7,884,22
21.	Tekjur frá ræktunarsjóði	1912:	kr. 9,537,02		
		1913:	— 10,214,12		
				—	19,751,14
22.	Leigur af innstæðu viðlagasjóðs ...	1912:	kr. 54,550,74		
		1913:	— 64,103,62		
				—	118,654,36
			Flyt:	Kr.	3,806,936,43

				Fluttar: Kr.	3,806,936,43
23.	Tekjur af seðlaláni Landsbankans	1912: kr.	7,500,00		
		1913: —	7,500,00		
				—	15,000,00
24.	Leigur af innstæðu í bönkum og af bankavaxtabrjefum	1912: kr.	7,002,50		
		1913: —	6,505,07		
				—	13,507,57
25.	Greitt frá prestaköllum	1912: kr.	3,202,90		
		1913: —	1,890,97		
				—	5,093,87
26.	Endurgreiðsla á skyndilánum embættismanna.	1912: kr.	1,406,31		
		1913: —	1,171,90		
				—	2,578,21
27.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	1912: kr.	27,969,87		
		1913: —	8,267,90		
				—	36,237,77
28.	Greitt úr ríkissjóði Danmerkur ...	1912: kr.	60,000,00		
		1913: —	60,000,00		
				—	120,000,00
29.	Vörutollur	1913:		—	373,583,14
30.	Tekjur af láninu 1909	1913:		—	56,756,50
31.	Lán samkv. lögum nr. 20, 1911 ...	1912: kr.	500,000,00		
	Lán tekið 1. jan. 1913, til að kaupa bankavaxtabrjef...	1913: —	250,000,00		
				—	750,000,00
				Samtals: Kr.	5,179,693,49

II. Útgjöld:

1.	Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum landsjóðs	1912: kr.	80,544,95		
		1913: —	223,892,44		
				Kr.	304,437,39
2.	Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins.	1912: kr.	54,568,15		
		1913: —	56,604,92		
				—	111,173,07
3.	Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	1912: kr.	37,603,58		
		1913: —	84,019,23		
				—	121,622,81
				Flyt: Kr.	537,233,27

			Fluttar:	Kr.	537,233,27
4.	Til útgjalda við dómgæslu, lögreglustjórn o. fl.:				
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn ...	1912: kr.	87,492,22		
		1913: —	88,792,35		
				—	176,284,57
	B. Ýmisleg útgjöld	1912: kr.	39,602,56		
		1913: —	46,410,15		
					86,012,71
5.	Til útgjalda við læknaskipunina ...	1912: kr.	167,740,17		
		1913: —	168,546,11		
				—	336,286,28
6.	Til samgöngumála:				
	A. Til útgjalda við póststjórnina .	1912: kr.	120,671,49		
		1913: —	123,953,92		
				—	244,625,41
	B. Til vegabóta	1912: kr.	176,976,71		
		1913: —	138,099,55		
				—	315,076,26
	C. Til gufuskipaferða	1912: kr.	108,150,00		
		1913: —	102,150,00		
				—	210,300,00
	D. Til ritsíma og talsíma	1912: kr.	271,196,37		
		1913: —	131,675,40		
				—	402,871,77
	E. Til vita	1912: kr.	29,631,90		
		1913: —	62,334,25		
				—	91,966,15
7.	Til kirkju- og kenslumála:				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar ...	1912: kr.	74,323,90		
		1913: —	63,151,21		
				—	137,475,11
	B. Til kenslumála	1912: kr.	239,433,42		
		1913: —	242,800,21		
				—	482,233,63
8.	Til vísinda og bókmenta	1912: kr.	83,532,44		
		1913: —	78,737,67		
				—	162,270,11
9.	Til verklegra fyrirtækja	1912: kr.	248,884,14		
		1913: —	183,745,82		
				—	432,629,96
10.	Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna	1912: kr.	32,644,40		
		1913: —	7,680,70		
				—	40,324,10
11.	Til eftirlauna og styrktarfjár... ...	1912: kr.	65,532,04		
		1913: —	60,579,65		
				—	126,111,69
			Flyt:	Kr.	3,781,701,02

					Fluttar:	Kr. 3,781,701,02
12.	Óviss útgjöld	1912:	kr.	8,278,79		
		1913:	—	12,838,57		
					—	21,118,36
13.	Fjárgreiðslur skv. lögum, fjáraukalögum o. fl.	1912:	kr.	131,522,17		
		1913:	—	136,354,95		
					—	267,877,12
14.	Útgjöld viðlagasjóðs	1913:			—	50,772,81
15.	Til jafnaðar móti lántökum landssjóðs:					
	Fyrir upphæðina voru keypt bankavaxtabrjef...	1913:	kr.	250,000,00		
					—	250,000,00
16.	Við útgjöldin bætast samkvæmt 89. tillögu yfirskoðunarmanna	1912:	kr.	7,127,55		
	og eftir 91. tillögu s. á.		—	9,212,00		
					—	16,339,55
	Allar tekjurnar voru...		kr.	5,179,693,49		
	Öll útgjöldin voru		—	4,887,808,86		
	Tekjuafgangur, þar í lán frá	1912:	kr.	500,000,00		
	og afgangur		—	291,884,63		
					—	791,884,63
					Samtals:	Kr. 5,179,693,49

Frumvarp til laga

um

rafveitur.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Orðið sveitarfjelag táknar í lögum þessum kaupstað eða hrepp. Sveitarfjelagsstjórn og sveitarfjelagsumdæmi táknar stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelags.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarfjelagsstjórn hefur einkarjett til að veita rafmagni um sveitarfjelagsumdæmið, hvort heldur er með rafleiðslu ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan þess svæðis, sem sveitarfjelagsumdæmið nær yfir.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelagsstjórnin ákveður, að rafveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem næst er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelagsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelagssjóður.

4. gr.

Nú hefur sveitarfjelag komið rafveitu á, og getur þá sveitarfjelagsstjórnin áskilið sjer einkasölu í umdæminu á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við rafveituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarfjelaga samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í kauptúnum með yfir 1000 íbúum og ekki fleiri en 5 í öðrum kauptúnum og sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa;
b. rafleiðslu, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eitt eða fleiri sveitarfjelagsumdæmi, til þess að leiða afl úr fossum til fyrirtækja, enda hafi þeir leyfi landsstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem leiðslan á að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynlegt er fyrir leiðsluna, svo og að efni það, sem þarf til hennar, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem næst er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinnar fyrirhuguðu leiðslu.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarfjelagsstjórnin með samþykki stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengra en 30 ár í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitarfjelagsstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafveituáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitarfjelagið liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefndir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 5 manna yfirmatsnefndar, er hinn íslenski landsyfirrjettur kveður í hvert skifti. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu að mun. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðila.

7. gr.

Nú eru rafleiðslur eða rafveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær leiðslur og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Málið skal höfðað, ef ráðherra gefur samþykki sitt til þess, eftir að sveitarstjórn hefur krafist þess.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr., má kveða svo á, að framanskráð hegningarákvæði skuli einnig gilda, þótt leyfishafi komi í stað sveit-

arstjórnar. Andvirði hinna uppteknu tækja fellur þá til leyfishafa. Mál, er ut af þessu rísa, skal farið með sem almenn lögreglumál, en mál má því að eins höfða, að ráðherra veiti samþykki sitt til þess.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vilja sveitarfjelög, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafleiðslur þar sem fyrir eru aðrar rafleiðslur einstakra manna eða sveitarfjelaga, og skal þá rafleiðslum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim leiðsluþráðum, er fyrir voru.

Nú valda rafleiðslur, er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum leiðsluþráðum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu leiðsluþráða, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu raftauga heimilt að gjöra á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu raftauga þær ráðstafanir á leiðsluþráðum þessum og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafleiðslur, þar sem leiðsluþræðir voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gjörðar hentugar breytingar á leiðslum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara leiðslur.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelagsstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarfjelagssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelagsgjöld.

Í leyfisbrjefum, sem gefin eru út samkvæmt 6. gr., skal ákveðið, hvernig breyta megi gjaldi fyrir rafmagn fyrir þann tíma, sem leyfið er veitt. Í leyfisbrjefum þessum má ennfremur kveða svo á, að taka megi lögtaki gjöld þau, er leyfishafa ber fyrir rafmagn.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarfjelögunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu

áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með staðfestingu stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarfjelagsstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja raftaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjelagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjelagsstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning raftauga, er setja á í samband við rafveitu sveitarfjelagsins, eða við önnur svipuð störf, sem að rafveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á raftaugum sveitarfjelagsins eða öðrum mannvirkjum rafveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarfjelagið getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, meðferð á raftaugum og önnur atriði, er að rafveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 28 frá 20. október 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, falla úr gildi hinn 1. janúar 1916 samkvæmt ákvæðum 11. gr. laganna. Stjórnarráðið hefir því með hliðsjón af þingsályktun efri deildar alþingis frá 10. september 1913, þar sem skorað var á stjórnina að semja og leggja fyrir alþingi frumvarp til nýrra laga um þetta efni, samið framanskráð lagafrumvarp um rafveitu. Eins og vikið er að í 2. gr. frumvarps þessa og 2. gr. laganna frá 20. október 1913, gilda lög nr. 12 frá 20. október 1905 um ritsíma, talsíma o. fl. áfram jafnframt þessum lögum, og eru sum ákvæði frumvarpsins sniðin eftir ákvæðum í nefndum ritsímalögum.

Í athugasemdunum hjer á eftir um hinar einstöku greinar frumvarpsins, er getið hinna helztu breytinga, sem á þessu frumvarpi eru gerðar á rafveitulögunum frá 1913.

Við 1. gr.

Það hefir virst rjett að láta lögin ná ekki aðeins til kauptúna og kaupstaða eins og lögin frá 1913, heldur til allra sveitarfjelaga landsins, hvort heldur þar eru kauptún eða ekki, því um rafveitur getur einnig verið að ræða í þjettbygðum sveitum.

Við 2. gr.

Hjer er sveitarfjelögunum áskilinn einkarjettur sá, sem þeim var heimilaður í 2. og 3. gr. laganna frá 1913, með þeirri breytingu, að sveitarfjelögin þegar frá byrjun hafi einkarjett á að selja rafmagn innan sveitarfjelagsumdæmisins. Samkvæmt lögunum frá 1913 hafði sveitarfjelagið ekki þenna rjett fyr en rafveita er á komin.

Við 3. gr.

Þessi grein er nokkur hluti úr 2. gr. laganna frá 1913.

Við 4. gr.

Akvæði þessarar greinar áskilja sveitafjelagsrafveitunni rjett til að taka að sjer einkasölu í sveitarfjelagsumdæminu á rafmagnstækjum þeim, sem nota á í sambandi við rafveituna, en ekki öllum rafmagnstækjum undantekningarlaust, til hvers sem nota skal, eins og ákveðið var í 3. gr. laganna frá 1913, enda virðist engin sanngirni í því, og mun heldur varla hafa verið tilætlunin.

Við 5. gr.

Til þess að hindra ekki einstaka menn eða nokkra nábýlinga í að koma sjer upp rafveitu til eigin afnota, virðist rjettast að taka það fram í þessari grein, að einkarjettur sveitarfjelaga nái ekki til þesskonar fyrirtækja. Sömuleiðis virðist ráðlegt, að einkarjettur sveitafjelaganna geti ekki náð að hindra, að einstakir menn eða fjelög fái að leiða afl úr fossum lengri eða skemri veg til einhverra fyrirtækja. Yrði að sækja um slíkt leyfi til hvers einstaks sveitafjelags, sem leiðslurnar þyrftu að fara í gegnum, þá gæti það á-

kvæði orðið til þess að fæla menn, einkum útlendinga, frá að hyggja á stórfyrirtæki hjer á landi. Hinsvegar virðist ekki rjett, að þetta geti gjört hver sem vildi og hvernig sem vildi, og á því að sækja um leyfi til þessa hjá landsstjórninni, sem getur sett ákvæði um útbúnað þessara leiðslna, og getur hún leitað sjer upplýsinga hjá sveitarfjelagsstjórninni, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu að leyfið verði veitt, og sett þau skilyrði fyrir öryggi, er þurfa þykir. Fyrir þann, sem á leyfinu þarf að halda, er þetta einfaldari leið og meiri trygging fyrir því, að smámunir verði ekki til hindrunar.

Við 6. gr.

Sveitarfjelögin verða að geta fengið öðrum í hendur einkarjett þann, sem þeim er áskilinn í 2.—4. gr., en fyrir þessu var ekki gjört ráð í lögunum frá 1913. Með því að ekki er gjörlegt að taka upp í lögin öll þau ákvæði, er þesskonar leyfissamningum fylgja, heldur geta þau verið mismunandi í hvert skifti, og þar eð sveitarfjelagsstjórnir margar þekkja lítt til slíkra samningsgjörða, virðist rjett að binda þetta leyfi samþykki stjórnarráðsins, sem oftar fjallar um þessu íka samninga og á kost á að ráðfæra sig við sjerfræðinga. Með þeirri tryggingu, er felst í samþykki stjórnarráðsins, þykir nóg að lögin ákveði að eins hið lengsta árabil, sem veita má leyfið í senn, og að sveitarfjelögin eigi rjett á að fá sjer rafveituna afhenta í lok hvers leyfistímabils. Örðugt er að ákveða, við hvað matsupphæðina skuli miða, því hjer getur verið um vjelar og útbúnað af gamalli gerð að ræða, þótt notfær sje.

Við 8. gr.

Nauðsynlegt er að sveitarfjelög hafi rjett á að eignast rafveitu, er einstakir menn eiga, ef t. d. afstaðan til framleiðslu rafmagns á þessum stað er sjerstaklega hentug fyrir sveitarfjelagið. Í ákvæðum gr. felst einnig trygging fyrir því, að einstakir menn noti ekki rafmagnið, þar sem þannig stendur á, aðeins til eigin þarfa, heldur geti einnig almenningur haft not af því, e staðhættir leyfa.

Við 10. gr.

Grein þessi er sama efnis og 8. gr. laganna frá 1913, með dálitlum viðauka.

Við 11. gr.

Flestar þær rafveitur, sem á eru komnar, eru eign sveitarfjelaga, þó mun vera til að minnsta kosti ein rafveita, sem er eign einstaks manns, er selur rafmagn um nokkurn hluta kauptúns (á Patreksfirði). Hjer er gjört ráð fyrir þessu og hvernig þá skuli með fara.

Við 12. gr.

Grein þessi er sama efnis og 7. gr. laganna frá 1913, þó með þeirri breytingu, að löggilding sú, er sveitarfjelaginu er heimiluð, nær að eins til manna, sem fást við uppsetning þeirra raftauga eða þeirra tækja, er nota á í sambandi við rafveituna.

Við 15. gr.

Með því að hjer er öðruvísi ástatt en í öðrum löndum, — þar sem sjerfræðingafjelög útbúa hentugar reglur og gæta þess, að þeim sje fylgt, — þá getur orðið nauðsynlegt, að stjórnin setji slíkar reglur hjer á landi, einkum þar sem vanda ber allan slíkan útbúnað hjer, bæði veðráttunnar vegna og af því bilanir eru miklu tilfinnanlegri, meðan að eins örfáir menn á landinu geta bætt úr. Hinsvegar getur og af slæmum útbúnaði stafað hætta fyrir líf manna og eldsvoði.

Frumvarp til laga

um

sparisjóði.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugerð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugerð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;

b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugerð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði, þeim sem í hlut á.

Sparisjóðir, þeir sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1916 sækja til stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugerðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum sjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugerð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða

annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og umsjónarmanns sparisjóða.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hinsvegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða, eftir tillögum umsjónarmanns, og ákveður fyrirmynd allra skjala.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftar en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum, þeim er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í Landsbankanum að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á

greiddu ábyrgðarfje, ef eigur sparisjóðs nema meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að eignir hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar og umsjónarmanns sparisjóðanna, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugerð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Ella sendi þeir umsjónarmanni sparisjóðanna skýrslu um misfellurnar.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir, þeir sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi umsjónarmanns sparisjóða, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugerð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

22. gr.

Stjórnarráðið skipar umsjónarmann til að hafa eftirlit með öllum sparisjóðum og starfsemi þeirra. Nefnist hann umsjónarmaður sparisjóða. Árslaun hans eru 1200 krónur, og greiðast þau úr landssjóði. Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til ferðakostnaðar hans og dagpeninga á eftirlitsferðum. Dagpeningar teljast 5 kr. fyrir dag hvern, er hann er fjarverandi frá heimili sínu.

23. gr.

Umsjónarmaður sparisjóða hefir, undir yfirumsjón stjórnarráðsins, nákvæmt eftirlit með starfsemi allra sparisjóða á landinu og getur í því skyni krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda honum jafnskjótt og reikningarnir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eður sparisjóðsstjórnar.

Umsjónarmaður semur og sendir stjórnarráðinu á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt, er stjórnarráðinu þykir best henta.

Heimilt er umsjónarmanni sparisjóða með samþykki stjórnarráðsins í einstökum tilfellum að fela öðrum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð að reka eftirlit það með sparisjóðum, sem honum er falið samkvæmt lögum þessum. Kostnað við þetta má greiða af ferðakostnaðarfjenu eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins.

Stjórnendum sparisjóða og starfsmönnum er skylt að láta umsjónarmanni og umboðsmanni hans svo og stjórnarráðinu í tje skýrslur þær og upplýsingar um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsynlegt þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 krónum á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa umsjónarmanni sparisjóða.

Vanræki umsjónarmaður skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið honum frá.

24. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

25. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

26. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugerð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

27. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renni í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

30. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórnin lagði fyrir alþingi 1913 frumvarp til laga um sparisjóði, og var málið fyrst til meðferðar í efri deild, og tók þar nokkrum breytingum. Í neðri deild komst það í gegnum allar 3 lögboðnar umræður, en var að því búnu felt með litlum atkvæðamun.

Með því stjórnin taldi þetta mál afar þýðingarmikið lagði hún málið enn fyrir alþingi 1914 með þeim breytingum alþingis, er hún taldi aðgengilegar. Málið var að þessu sinni lagt fyrir neðri deild, sem síðast hafði haft það til meðferðar, þar urðu talsverðar umræður um málið og snerust þær aðallega eins og á næsta þingi á undan um það, hvernig umsjóninni með sparisjóðum skyldi hagað, og sjerstaklega um það, hvort einn maður skyldi hafa umsjónina. Málið

varð þó afgreitt frá deildinni, en er til efri deildar kom, þótti henni vera orðið of liðið á þingtímann, til þess að nokkur von væri til að málið yrði útkljáð og samþykti hún því rökstudda dagskrá þess efnis, að stjórnin legði fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um sparisjóði.

Bæði af þessari ástæðu og af því að stjórnin verður að halda fast fram þeirri skoðun, að eftirlit af hendi hins opinbera, sje alveg nauðsynlegt, hefur hún talið sjer skylt að leggja frumvarp í þessa átt fyrir þingið í þriðja sinn.

Til þess að greiða götu frumvarpsins hefir stjórnin tekið svo mikið tillit til þeirra breytinga, sem gerðar voru í neðri deild 1914, sem hún hefur sjeð sjer frekast fært, þannig hefur hún fallist á, að losa sparisjóðina við að greiða árgjald til landssjóðs (24. gr. frv. 1914), að skyldan til þess að hafa 5% af sparisjóðsinnstæðufje í tryggum verðbrjefum eða í Landsbanka, sje fært niður í 3%, og fl.

Eins og áður er umgetið snerust umræðurnar á alþingi bæði 1913 og 1914 aðallega um umsjónarmanninn. Neðri deild alþingis 1914 gekk svo frá þessu ákvæði, að hún feldi sjerstakan umsjónarmann, en samþykti þá tilhögun, að stjórnarráðið skyldi hafa eftirlit með sparisjóðum og starfsmönnum þeirra; eftirliti þessu skyldi hagað þannig, að það ljeti svo fljótt sem unt er (í eitt skifti fyrir öll) bankavanan mann athuga allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða á landinu, og að sjórnarráðið gæti haft samskonar eftirlit með nokkrum hinna stærri sparisjóða á ári hverju.

Þó að þetta sje óneitanlega spor í áttina, þá er það að stjórnarinnar áliti engan veginn fullnægjandi, og getur hún í því efni alveg skírskotað til ummæla sinna og ástæðna við frumvarpið 1914 (Alþ.tíð 1914 A. bls. 58—59). Þetta ákvæði hefur því verið tekið upp óbreytt eins og það var í fyrnefndu frumvarpi, og stjórnin leggur mikla áherslu á, að *einmitt* þetta fyrirkomulag verði samþykt, því með því móti ætti eftirlitið að geta orðið trygt.

Þá hefur stjórnin og sett inn í frumvarpið aftur 10. gr. með þeirri breytingu að tryggingar er að eins krafist af fjehirðum, sem hafa 600 kr. eða þar yfir í laun. Sjeu launin minni en 600 kr., er varla að búast við að menn fáist í starfa þenna ef þeir eiga að setja tryggingu. Hinsvegar verður stjórnin að telja trygginguna nauðsynlega, þó hún af ofangreindum ástæðum sjái sjer ekki fært að leggja til, að hún sje heimtuð nema af fjehirðum við stærri sparisjóði, sem hafa þóknun fyrir starfa sinn sem nokkru nemur. Annan hæfilegri mælikvarða en launahæð fjehirðis hefur stjórnin ekki getað fundið í þessu efni.

Að öðru leyti vísast til frumvarps þess er lagt var fyrir alþingi 1913 (Alþ.tíð 1913 A. bls. 233—244) og frumvarpsins 1914 (Alþ.tíð 1914 A. bls. 50—60).

Frumvarp til laga

um

ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

---

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabrjef og önnur viðskiftabrjef svo og viðtökuskírteini, vátryggingarskírteini og önnur heimildarbrjef ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt brjef, og er brjefið þá marklaust, en dómhafi hefur lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði brjefið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabrjef með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur. Ef um þau brjef er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskírteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörurnar.

3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess eða þeirra, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

4. gr.

Innköllunarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt, sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal auðkenna skjalið svo skýrt, að ekki verði um vilst.

5. gr.

Dómurinn ákveður þvínæst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, sem kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda frekari skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá líða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sínu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar sinnum. Í stefnunni skal brjefið einkent svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá eða þeir, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mótmæli gegn ógildingu, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins áfrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógildingu fyrir hjeraðsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að tilfelli það, sem um er að ræða, sje ekki ógildingarhæft.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabrjef tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Ákvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vörum samkvæmt farmskírteini, standa óhögguð. Sömuleiðis 74. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóvbr. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1°, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanförnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabrjef Ís-

landsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabrjef lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbrjef er veitt til fyrir þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með auknu og margbrotnara viðskiftalífi verður þörfin á heimild til þess að ónýta glötuð skuldabrjef og önnur brjef, sem á líkan hátt ganga í viðskiftum manna á milli, svo og ýms heimildarskjöl önnur (Legifimationspapirer), stöðugt ríkari. Lögreglustjórum og stjórnarráðinu berast nú stöðugt umsóknir um leyfisbrjef til þess að fá ógildingardóm á ýmsum viðskiftabrjefum. Í núgildandi lögum er hinsvegar ekki vafalaus heimild til þess að veita slík leyfisbrjef, nema um *veðskuldabrjef* sje að ræða, *víxla, tjekka, farmskírteini* eða *opinber peningaskjöl,* auk *sparisjóðsbóka* og *bankavaxtabrjefa* í vissum tilfellum. Um önnur brjef, sjerstaklega skuldabrjef, sem ekki er veð fyrir, hlutabrjef, lífsábyrgðarskírteini o. fl., er engin bein ógildingaheimild í núgildandi lögum, og mjög vafasamt, hvort slík heimild verður leidd út úr gildandi lögum. Stjórnarráðinu hefir þó virst rjett að veita leyfisbrjef til slíkra ógildingardóma, þá er sótt hefir verið um þau, og ástæður allar mæltu sjerstaklega með því, og hefir skotið því til dómstólanna, hvort ógilding væri heimil eftir gildandi lögum. Um eitt slíkt brjef er nú genginn dómur í þá átt, að *neitað er um ógildingu.* Annað brjef er undir dómi, og má búast við, að það fari á sömu leið.

Jafnframt er þess að gæta, að þeim lögum, sem nú gilda um ógildingar*aðferðina,* er í ýmsum efnum ábótavant. Eftir þeim liggur það undir úrskurð lögreglustjóra — eða stjórnarráðs eftir atvikum —, hvort leyfisbrjef skuli veitt eða ekki, en eftir eðli sínu eiga ógildingarmál að öllu leyti undir dómstólana. Auk þess brestur skýr ákvæði um ýms atriði ógildingarmála og um þýðingu ógildingardóma.

Stjórnarráðinu þykir því ekki mega bíða lengur, að sett verði skýr og nokkuð rækileg lög um ógildingardóma, og þykir rjett að leggja þar til grundvallar ný lög, sem sett hafa verið um það efni í Danmörku, en það eru §§ 459—468 í Lov om Rettens Pleje 26. mars 1909, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna íslensks rjettar og staðhátta.

Við 1. gr.

Ógilding þarf að vera heimil um öll þau skjöl, sem lúta meginreglunni í 2. gr. ts. 9. febr. 1798, 7. gr., l. nr. 18, 4. nóv. 1887, o. fl. Helst þessara brjefa eru

skuldabrjef, en auk þeirra eru lífsábyrgðarskírteini, farmskírteini, hlutabrjef o. fl. brjef, sem ganga í viðskiftum manna á meðal líkt og skuldabrjef, og má því nefna þau »viðskiftabrjef«. Að öðru leyti verður það að liggja undir úrskurð dómstólanna með tilliti til meginreglna laga, hver brjef teljast viðskiftabrjef á hverjum stað og tíma. En auk »viðskiftabrjefanna« svonefndu, eru ýms önnur skjöl, svo sem vátryggingarskírteini alment, hlutabrjef, margs konar viðtökuskírteini o. s. frv., er menn geta þarfnast ógildardóms á, og hefir því þótt rjett að veita einnig heimild til ógildingar slíkra skjala. Greinin er annars í samræmi við það, sem talið er gildandi lög, en samsvarandi grein er ekki í Rpl. (»Retsplejeloven«).

Við 2.—8. gr.

Þessar greinar eru í samræmi við §§ 459—465 í Rpl. með þeim breytingum, sem nauðsynlegar þykja vegna íslenskra laga.

Við 9.—10. gr.

Hjer eru talin upp þau sjerstöku ákvæði, sem sett hafa verið hjer á landi um ógildingardóma í vissum tilfellum, og er ætlast til að þau haldi gildi sínu án tillits til þessara laga.

Við 11. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, falla auðvitað úr gildi eldri almenn ákvæði um ógildingardóma, sem eru í kg.úrsk. 12. sept. 1864 1 c, dómsmálastj.br. 30. sept. 1864 og ts. nr. 12, 23. ág. 1904 I 1 j 4, en óþarfi virðist að taka það fram sjerstaklega.

Frumvarp til laga

um

afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

---

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar honum gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, hvenær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkurkirkjugarði, 2 kr. fyrir börn yngri en 1 árs en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á safnaðarfundi í Reykjavík 23. júní f. á. var skorað á landsstjórnina að sjá söfnuðinum sem allra fyrst fyrir nýjum grafreit eða stækkun núverandi kirkjugarðs.

Málaleitun þessi barst svo seint til stjórnarinnar, að ekki var hægt að koma fram með lagafrumvarp til að ráða bót á þessu á alþingi 1914, en þingmenn kjördæmisins tóku þá að sjer flutning á frumvarpi um eignarnámsheimild til stækkunar á kirkjugarðinum. Frumvarp þetta varð ekki útrætt á þinginu. Á fjárlögunum 1904—1905 voru veittar 6800 kr. til að stækka kirkjugarðinn; en nú er svo komið, að sá hluti, sem þá var bætt við, má heita alveg útgrafinn, og ber því bráða nauðsyn til að aukið verði við kirkjugarðinn. Þetta er að eins hægt á einn veg, að vestanverðu. Land það er þar nær að kirkjugarðinum er hið svo kallaða Nýjatún, og svo dálítil skák af öðru landi. Að Nýjatúni eru margir eigendur; hefir ekki hingað til getað orðið samkomulag milli þeirra um það, hverju verði þeir vilji láta land af hendi undir garðinn, og þarf því meðal annars af þeim ástæðum eignarnámsheimild þá, sem fram á er farið í frumvarpi þessu.

Legkaup var afnumið sem alment gjald með lögum nr. 40, 30. júlí 1909, en þarsem landssjóður verður að leggja fram mikið fje til lands undir kirkjugarð, virðist ekki ósanngjarnt, að legkaup sje innleitt hjer í bænum á ný, 2 kr. fyrir börn yngri en eins árs og 4 kr. fyrir aðra.

Frumvarp til laga

um

ullarmat.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lútandi. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um það, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Sameiginlegt merki skal vera á allri útfluttri ull. Skal það vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um það, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull til útflutnings.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 100—2000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þingsályktun 25. júlí 1914 skoraði neðri deild alþingis á landsstjórnina að taka til athugunar málið um lögskipaða skoðun á útfluttri ull, og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um þetta efni. Stjórnarráðið hefur fengið tillögur Sigurgeirs Einarssonar, sem undanfarandi ár hefur haft á hendi leiðbeiningar í ullarverkun, og stjórnar Búnaðarfjelags Íslands um þetta mál, og hefur stjórnarráðið getað fallist á tillögur þeirra um, að ráðlegt sje að koma nú á lögskipuðu mati á útfluttri ull, á líkan hátt og nú er lögskipað á útfluttum saltfiski og síld. Í lagafrumvarpi þessu er farið eftir bendingum þeim viðvíkjandi fyrirhuguðu ullarmati, sem prentaðar eru á þingskjali 167 frá alþingi 1914, en annars eru ákvæði frumvarpsins sniðin eftir ákvæðum fiskimatslaganna nr. 21 frá 9. júlí 1909, að því leyti sem þau geta átt við.

Það hefur ekki þótt fært að hafa yfirullarmatsmennina færri en fjóra, og eru árslaun þeirra allra sett jafnhá, enda eru umdæmi þeirra nokkurnvegin jafn stór. Laun þeirra hefur ekki þótt þurfa að setja hærri en gert er í frumvarpinu, þar sem starfstími þeirra mun ekki að samtöldu nema meiru en litlum hluta ársins; launin og ferðakostnað þeirra er ætlast til að landssjóður greiði eins og yfirfiskimatsmanna og yfirsíldarmatsmanna.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins, telst að öðru leyti nægilegt að vísa til brjefs Búnaðarfjelags Íslands, dags. 1. mars þ. á., sem verður látið fylgja þessu lagafrumvarpi.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFJELAG ÍSLANDS.
REYKJAVÍK, 1. MARS 1914.

Hið háa stjórnarráð sendi oss 9. f. m., til umsagnar, tillögu um skoðun og mat á útfluttri ull eftir Sigurgeir Einarsson, og síðar, 12. s. m., þingsályktun neðri deildar alþingis 1914, þar sem skorað er á landsstjórnina að taka til íhugunar málið um lögskipaða skoðun á útfluttri ull og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um það efni.

Tvær eru aðalleiðirnar, sem bent hefur verið á, til þess að bæta úr óverkun þeirri, sem allir viðurkenna að sje víða á ullinni hjer, önnur sú, er farin hefur verið til þess að bæta verkun smjörs og kjöts, sú að framleiðendurnir hefjist handa og hafi samtök um betri verkun á vöru sinni, verki hana fjelagi, hin sú, sem farin hefur verið til umbóta á fiskverkuninni með fiskimatslögunum 9. júlí 1909, að lögbjóða skoðun og mat á vörunni.

Eins og vjer höfum tekið fram í brjefum vorum til stjórnarráðsins 26. nóv. 1912 og 27. jan. f. á., teljum vjer fyrri leiðina æskilegri fyrir margra hluta

sakir; en þó er það sýnt með reynslunni á fiskimatslögunum, að hin leiðin er líka fær, og getur leitt að takmarkinu.

Þegar vjer rituðum brjef vort 26. nóv. 1912, gerðum vjer oss von um, að á næstu árum kæmist nokkur skriður á um stofnun ullarþvottastöðva og töldum rjett að fresta því að lögskipa ullarmat, þar til nokkur reynsla væri komin á um starfsemi þeirra. En sú von hefur brugðist, og ekki er oss kunnugt, að nú sje nein fyrirtæki í undirbúningi í þá átt. Hins vegar virðist vaknaður nokkur áhugi á því, að fá lögskipað ullarmat, svo sem sjá má á skýrslu Sigurgeirs Einarssonar til stjórnarráðsins, dags. 31. des. f. á., en einkum á þingsályktnninni 1914, um lögskipaða skoðun af útfluttri ull, sem borin var fram af bændaflokknum á alþingi. Vjer teljum því rjett, að orðið sje við þingsályktuninni um að leggja fyrir alþingi í sumar frumvarp í þessa átt.

Um tillögur eða frumvarp Sigurgeirs Einarssonar, sem að miklu leyti er stílað eftir lögum um fiskimat 9. júlí 1909, er það að segja, að vjer getum fallist á það að flestu leyti að efninu til, en þykir þörf á að breytt sje nokkuð að niðurskipun og orðalagi. Höfum vjer því samið nýtt frumvarp upp úr því. Helstu efnisbreytingarnar eru þær, að matsskylda teljum vjer ekki einungis vorull, heldur einnig þvegna haustull, og að vjer ætlum matsmönnum einum að gefa matsvottorðið, sem hverri ullarsending á að fylgja til útlanda, þar sem Sigurgeir Einarsson ætlast til þess, að það sje gefið annaðhvort af matsmanni eða yfirmatsmanni. Er sú tillaga vor í samræmi við athugasemd 5. við þingsályktunartillöguna 1914. Vjer ætlum að það muni sjaldan verða að yfirmatsmaðurinn hafi tíma til að dvelja svo lengi á einum stað, að hann geti gerkannað ullarsendingarnar. Starftími hans, ullartökutíminn, verður stuttur á hverju ári, líklega svo sem 2 mánuðir, og varla veitir af þeim tíma til nauðsynlegra ferðalaga, til þess að líta eftir starfi matsmannanna á öllum útflutningsstöðum og til að leiðbeina þeim. Kaup ætlum vjer yfirmatsmönnum öllum jafnt, en ekki miðað við ullarmagn. Fyrirhöfn þeirra fer mest eftir því, hve stórt svæði þeir hafa til yfirsóknar, en minna eftir ullarmagni, þar sem starfið við matið sjálft liggur á matsmönnunum en ekki þeim. Felt höfum vjer og úr ákvæði um bókhald og skýrslugerð matsmanna, teljum það eiga heima í erindisbrjefi þeirra. Þá höfum vjer bætt við því ákvæði, að samrit af matsvottorði sje ritað á farmskrá skips. Lágmark sekta höfum vjer fært niður í 100 kr. Er hvorttveggja þetta síðasttalda í samræmi við fiskimatslögin. Fleiri efnisbreytingar tekur ekki að telja.

Í skýrslu sinni 31. des. f. á., getur Sigurgeir Einarsson um leiðbeiningar þær um meðferð og verkun á ull, sem hann hefir samið og látið prenta í Búnaðarritinu og mörgum blöðum, en sjeu þó ekki orðnar nægilega kunnar. Tekur hann fram, að til þess að slíkar reglur komi að verulegu gagni, þurfi að prenta þær í nægilega mörgum eintökum handa öllum, sem fást við ullarverkun, og senda þær til útbýtingar í hvern hrepp á landinu. Vjer erum því sammála, að ef lögskipað verður ullarmat, þá sje þörf á að gera þetta, og láta þá prenta af leiðbeiningunum svo mörg eintök, að auk þess, sem sent yrði beint í hvern hrepp, gæti matsmenn haft nægilegan eintakafjölda til útbýtingar

handa þeim, sem þyrftu. En verði ekki lögskipað ullarmat, búumst vjer við, að slík útbýting komi að litlu haldi.

Fylgiskjölin endursendum vjer ásamt frumvarpinu.

Guðmundur Helgason.

Þórh. Bjarnarson.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

Rjettur til að vera formaður á íslenskum bifbát eða þilskipi, 12 smálestir að stærð, eða minna, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi leggi fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af viðkomandi yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;

b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

Gegn þessum vottorðum fær svo hlutaðeigandi skírteini, frá viðkomandi yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á bifbát eða þilskipi, alt að 12 smálestum að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

3. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum skal bund-

inn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að viðkomandi hafi staðist skipstjórapróf fyrir smáskip.

4. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 smálestir að stærð, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri á fiskiveiðaskipi.

5. gr.

Rjettur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem skipstjóri í utanlandssiglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það er um getur í 15. grein.

6. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 smálestir að stærð, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini, sem stýrimaður á fiskiskipi.

7. gr.

Rjettur til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlands siglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum.

Sje um gufuskip að ræða er rjetturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, er um getur í 15. grein.

8. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 smálestir má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, skulu stýrimenn vera minst tveir.

9. gr.

Til þess að standast skipstjórapróf fyrir smáskip útheimtist:

a. að hlutaðeigandi kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. að hann kunni að nota áttavita og beri skyn á segulskekkju og misvísun;
c. að hann kunni að nota skipshraðamæli;
d. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu og björgunarverkfæri;
e. að hann sanni að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra,
f. að hann hafi stundað siglingaatvinnu, minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 smálestir eða verið formaður á bifhát í 24 mánuði ekki minni en 6 smálestir.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum, og skipar lögreglustjóri þrjá valinkunna skipstjóra sem prófdómendur. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

10. gr.

Til að öðlast skipstjóraskírteini á fiskiveiðaskipi útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðist fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. að hann hafi verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 smálestir;
c. að hann sje fullveðja;
d. að hann hafi eigi orðið sekur, að lagadómi, um neitt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra;
f. að hann hafi rjett innborinna manna.

11. gr.

Til að öðlast skipstjóraskírteini til utanlandssiglinga útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 10. gr. stafliðunum c—f:

a. að hlutaðeigandi hafi staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. að hann hafi verið stýrimaður eigi minna en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi minna en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða að hann hafi verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

12. gr.

Til að öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi útheimtist:

a. að hlutaðeigandi hafi staðist fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. að hann hafi verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 smálestir, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. að hann hafi eigi verið dæmdur til hegningar fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn

13. gr.

Til að öðlast skírteini til stýrimensku á verslunarskipi í utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 12. gr. stafliðunum c og d:

a. að hlutaðeigandi hafi staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. að hann hafi verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða að hann hafi verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

14. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 10.—13. gr.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað þar sem hlutaðeigandi er búsettur.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 4 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda stjórnarráði Íslands kæru sína og gerir það þá út um málið, en við það skerðist eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini til skipstjórnar eða stýrimensku í utanlandssiglingum og færir auk þess sönnur á með vottorði um, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði, fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 10. og 11. gr. og b í 12. og 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur af þeim áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 10.—13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári svo og stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hvenær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu, svo og hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli viðkomandi skrásetningarstjóra, í hvert skifti, sem skipverji er skráður af skipi og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú verður maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, sekur um eitthvað það verk, sem svívirðilegt er að almenningsdómi, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýri-

mannsprófs, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu þeir sanna að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er, fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skírteini sem fiskiveiðaskipstjórar eða fiskiveiðastýrimenn, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Ennfremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skírteini til skipstjórnar eða stýrimensku í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20 gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað geta sektirnar hækkað, alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að stafliðirnir c í 8. gr. og a í 9 gr., ganga eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá stjórn Fiskifjelags Íslands hefir stjórnarráðinu borist uppkast að lagafrumvarpi um atvinnu við siglingar, sem hefir verið samið af nefnd manna, sem Öldufjelagið í Reykjavík, fjelag skipstjóra og stýrimanna, hafði falið að koma áleiðis tillögum til breytinga á núgildandi lögum nr. 50 frá 10. nóvember 1905 um atvinnu við siglingar. Hefir stjórn Fiskifjelagsins jafnframt getið þess, að siglingaatvinnulögin frá 1905 megi nú telja að mörgu leyti ófullnægjandi. Þau hafi aðallega átt við þilskipaútgerð þá, sem stóð hjer í blóma er lögin komu út, en

það ástand sje nú að mörgu breytt með botnvörpuveiðiskipaútgerð þeirri, sem nú sje komin á og fari í vöxt. Mælir stjórn fjelagsins með því, að landsstjórnin leggi lagafrumvarp um þetta efni fyrir alþingi. Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, sem stjórnarráðið hefir borið málið undir, hefir einnig mælt með því, að mál þetta nái fram að ganga og telur frumvarp það, sem framangreind nefnd hefir samið og hann hefir átt þátt í að undirbúa, til þess fallið að verða að lögum.

Það verður að telja það galla á siglingaatvinnulögunum frá 1905, að þar eru ekki aðgreindar siglingar á verslunarskipum og fiskiskipum; þar er greint milli utanlandssiglinga og innanlandssiglinga og utanlandssiglingar látnar ná jafnt til allra skipa, sem sigla á milli landa, hvort sem þau eru verslunarskip eða fiskiskip, en þetta er óheppilegt, því flest störf á verslunarskipum og fiskiskipum eru ólík og þessvegna ástæða til að setja önnur skilyrði fyrir yfirmenn á verslunarskipum en yfirmenn á fiskiskipum.

Af þessum ástæðum verður stjórnarráðið að telja þörf á breytingum á siglingaatvinnulögunum og er frumvarp þetta því lagt fyrir alþingi. Jafnframt verður lagt fyrir þingið frumvarp til laga um þær breytingar á stýrimannaskólalögunum, sem leiða af þeim breytingum, sem tilætlunin er að koma á með þessu lagafrumvarpi á siglingaatvinnulögunum.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Við 2. gr.

Ákvæði þessar greinar eru nýmæli, er þörf virðist á að setja, þar sem bifbátum hefir fjölgað mjög á síðari árum og eru að verða stærri og fullkomnari en fyr. Fara bátar þessir oft langt til hafs, og verður því að telja óhjákvæmilegt, að þeir menn, sem stjórna þeim, kunni hinar alþjóðlegu siglingareglur og þekki á áttavitann.

Við 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar og 9. greinar frumvarpsins eru að mestu leyti samhljóða ákvæðunum í fyrstu tveim málsgreinum 2. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Bætt er við í staflið b. krófu um þekking á segulskekkju og misvísun og í staflið e. krófu um fullkomna sjón. Í staflið f. er formenska á bifbát, sem er 6—12 smálestir, látin jafngilda siglingaatvinnu á skipi yfir 12 smálestir.

Við 4. gr.

Margir af skipstjórunum á botnvörpuveiðaskipunum hjer hafa aðeins skírteini sem skipstjórar í innanlandssiglingum, og hafa þeir því orðið að fá undanþágur, samkvæmt 13. gr. laganna frá 1905, þegar skipin hafa farið milli landa, sem þau fara alltítt til að selja afla sinn. Þar sem telja verður skipstjórana eins færa til skipstjórnar á þessum ferðum eins og á fiskiveiðum, hefir þetta aðeins valdið óþörfu umstangi.

Við 5. gr.

Sömu skilyrða er krafist til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á verslunarskipi yfir 300 smálestir og til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verslunarskipi, og er ástæðan til þess sú, að gera má ráð fyrir, að slík innan-

landssiglingaskip fari öðru hvoru einnig til útlanda, og gæti þá verið bagalegt að þurfa að skifta um yfirmenn á þeim, eingöngu vegna þeirra ferða.

Við 6. og 7. gr.

Kröfurnar til stýrimanna í þessum greinum eru í samræmi við kröfurnar til skipstjóra samkvæmt 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Við 9. gr.

Vísast til athugasemdarinnar við 3. gr. hjer á undan.

Við 10.—13. gr.

Í þessum greinum eru sett skilyrðin fyrir því að geta öðlast skipstjóraskírteini og stýrimannsskírteini. Að fráskildum prófkröfunum, en um þær skal vísað til lagafrumvarpsins um breyting á stýrimannaskólalögunum, eru kröfurnar líkar og í 8.—11. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Próf við aðra skóla en stýrimannaskólann hjer þykir ekki þurfa að taka með eins og nú er ástatt. Nokkuð er þó hert á skilyrðunum að því er sjómensku snertir, en frá þeim skilyrðum má veita undanþágu samkvæmt 16. gr. frumvarpsins.

Við 14. gr.

Svarar til og er að mestu leyti samhljóða 12. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Niðurlagsákvæði fyrstu málsgreinar nefndrar 12. gr. er slept.

Við 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða 14. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905. Próf í gufuvjelafræði við aðra skóla en stýrimannaskólann hjer þykir ekki þurfa að taka með eins og nú er ástatt.

Um 16. gr.

Vísast til athugasemdar við 10.—13. gr. hjer á undan. Hjer er tekið fram frá hvaða skilyrðum megi veita undanþágu, og sett ákveðið lágmark viðvíkjandi siglingatímanum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli. Eftir því sem siglingar aukast hjer, þykir meiri þörf á að innleiða sjóferðabækur, sem eru taldar trygging fyrir framferði sjómannsins og hvöt fyrir hann til að stunda sem best starf sitt, enda góð leiðbeining fyrir skipstjóra, er þeir ráða ókunna menn á skip sín.

Við 19. gr.

Í fyrstu og annari málsgrein er það tekið fram, að hlutaðeigandi skuli hafa fullkomna sjón. Þetta skilyrði er sett vegna þess að sjálfsagt er, að allir skipstjórar og stýrimenn, bæði á smærri og stærri skipum, hafi fullkomna sjón, því að hún er eitt af skilyrðunum fyrir því, að ásigling komi eigi fyrir, sjerstaklega á nóttu.

Við 22. gr.

Ástæðan til að stafliðirnir c. í 8. gr. og a. í 9. gr. siglingaatvinnulaganna frá 1905 eiga ekki að falla úr gildi fyr, að því er til utanlandssiglinga á verslunarskipum kemur, er sú, að rjett þykir að eiga ekki á neinni hættu með að fá þá skipstjóra og stýrimenn á verslunarskip, sem hæfir eru.

Frumvarp til laga

um

heimild fyrir ráðherra Islands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa. Ákvæðum hennar má þó skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar þessara laga setur stjórnarráðið með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 9 frá 1. ágúst 1914, nr. 10 frá 3. s. m. og nr. 11 frá s. d., sem samþykt voru af alþingi síðastliðið sumar, voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu þeirri, sem stafað gat af Norðurálfuófriðnum. Hinsvegar voru ekki sett af alþingi nein lög, sem tryggðu það, að óhæfilega

hátt verð væri sett af kaupmönnum á vörur, sem almenningur þurfti að kaupa, eins og víðast hvar annars staðar hefur verið gert. Þegar leið fram á haustið 1914 fór að brydda á því, að nauðsyn væri á ákvæðum, er tryggði almenning gegn óhæfilega háu söluverði sjerstaklega á nauðsynjavörum, og taldi þá landsstjórnin, eftir að hafa leitað upplýsinga um málið, óhjákvæmilegt að útvega bráðabirgðalög þau nr. 15 frá 5. október 1914, sem prentuð eru hjer á eftir og lögð eru hjermeð fyrir alþingi. Samkvæmt lögum þessum var skipuð 5 manna nefnd til að ákveða verðlag á vörum og reglugerð útgefin 15. okt. f. á. um framkvæmd laganna og starfsvið nefndarinnar; er reglugerð þessi prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna 1914, bls. 189—190.

Ákvæði lagafrumvarps þessa eru samhljóða ákvæðum bráðabirgðalaganna.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög.

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Með því að það hefur verið borið upp fyrir Oss, að verðlag á nauðsynjavörum hafi farið og fari mjög svo hækkandi vegna styrjaldar þeirrar, sem nú geysar um Evrópu, og það sumstaðar meir en góðu hófi gegnir, og með því þess hefur verið beiðst frá ýmsum hliðum, að ákveðið hámark verði sett við sölu þessara vörutegunda og annara, er þörf kann á að þykja, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, til þess að koma í veg fyrir óhæfilega verðhækkun á lífsnauðsynjum, að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa. Ákvæðum hennar má þó skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari regur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar þessara laga setur stjórnarráðið með reglugjörð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 5. október 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

Frumvarp til laga

um

framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skulu vera í gildi fyrst um sinn, þó svo, að ljetta megi af ákvæðinu um óinnleysanleik seðla Íslands banka eftir nánari ákvæðum landsstjórnarinnar þar um, enda sje bankanum samtímis aftur afhentur gullforðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framangreind lög nr. 11 frá 3. ágúst 1914, sem samþykt voru á síðasta alþingi eftir að Norðurálfustyrjöldin hófst, giltu samkvæmt 4. gr. laganna að eins til októbermánaðarloka 1914. Með því að ástandið var þá óbreytt frá því sem það var, þegar lögin voru sett, og sama þörf fyrir þau eins og þá, taldi landsstjórnin nauðsynlegt að fá gildi þeirra framlengt með bráðabirgðalögum nr. 16 frá 30. október 1914, sem lögð eru fyrir alþingi sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Viðvíkjandi framanskráðu frumvarpi skal þess getið, að ekki er hægt að segja hve lengi það ástand muni vara, sem gjöri ákvæði laganna frá 3. ágúst 1914 nauðsynleg, og því hæpið að setja ákveðið tímatakmark fyrir gildi þeirra, sem gæti leitt til þess að enn á ný yrði að gefa út bráðabirgðalög til framlengingar á þeim. Hjá því virðist mega komast með því að láta lögin hafa gildi fyrst um sinn, en heimila landsstjórninni jafnframt, eins og farið er fram á í frumvarpinu, að nema burtu þær ráðstafanir, er þegar hafa verið gjörðar samkvæmt 1. gr. þeirra um gullforða Íslands banka, er ástandið breyttist svo, að þeirra væri ekki lengur þörf, en ákvæði 2. og 3. gr. laganna hafa að eins inni að halda heimild fyrir landsstjórnina, sem hún ekki notar nema þörf sje á.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um framlengingu á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vegna styrjaldar þeirrar, sem nú geysar í Norðurálfu, teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að ákvæði þau, sem í gildi eru til loka októbermánaðar 1914 samkvæmt lögum 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skuli gilda áfram.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum skulu vera í gildi til loka septembermánaðar 1915, þó svo, að ljetta megi af ákvæðinu um óinnleysanleik seðla Íslands banka einnig innan þess tíma eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar þar um, enda sje bankanum samtímis aftur afhentur gullforðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. október 1914.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

Frumvarp til laga

um

breytingu á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um Stýrimannaskólann í Reykjavik.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

---

1. gr.

1. grein orðist þannig:

Stýrimannaskólinn í Reykjavik veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir hið almenna stýrimannspróf, fiskiskipstjórapróf og próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 króna árslaunum auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita, og einn aukakennara með 1200 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður greiðist úr landssjóði.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Til fiskiskipstjóraprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að notu hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að geta samið grein á íslensku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
18. að hafa lesið kafla í danskri bók eigi minni en 150 bls. og geta útlagt hann munnlega á íslensku og geta talað um hversdagslegt efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
19. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
20. að þekkja hin helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra;

21. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Til hins almenna stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til fiskiskipstjóraprófsins og ennfremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. þekking á áhrifum þeim, sem segulafl hefur á áttavitann, er skipið hallast, og að geta fundið segulskekkjuna, er áttavitinn þá hefur; þekking á notkun »deflektorsins« (einskonar segulrannsóknaráhalds) við segulskekkjurannsókn;
4. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og kunna að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug;
5. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
6. að kunna að ákveða stað skipsins með staðarlínum bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
7. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsleg efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Hver sá, sem staðist hefur fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir, stendur í sambandi við frumvarp það til laga um atvinnu við siglingar, sem lagt verður fyrir alþingi, og vísast til athugasemda við nefnt frumvarp, aðeins skal hjer tekið fram, að kröfurnar til fiskiskipstjóraprófsins, eins og þær eru ákveðnar í 2. gr., eru aðallega hinar sömu og nú eru gerðar til hins minna stýrimannsprófs, aðeins er í 12. lið greinarinnar því skilyrði bætt við, að prófsveinninn kunni að finna á hvaða breidd skipið er með athugun fastastjörnu í hádegisbaug. Enn fremur er farið fram á próf í tungumálum og sjórjetti, en kröfurnar þó talsvert minni en til hins almenna stýrimannsprófs bæði í ensku og dönsku.

Kröfurnar til hins almenna stýrimannsprófs svara til þess sem krafist er til hins meira stýrimannaprófs, þó er í 3. lið 3. gr. farið fram á að bæta við ítarlegri fræðslu um áhrif segulaflsins á áttavitann, þegar skipið hallast, og kröfu um þekking á notkun deflektorsins, og í 4. lið er farið fram á að prófsveinninn kunni að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug.

Frumvarp til laga

um

mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kýs hinn þriðja.

Á sama hátt kýs stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn

og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefur síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Ítarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað skulu settar með reglugerð, er bæjarstjórnin semur, en stjórnarráðið staðfestir.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ef lóð eða land skerðist svo við slíkt eignarnám í bæjarins þarfir, að

það sem eftir verður rýrni í verði hlutfallslega frá því sem var, eða verðmætið eykst vegna framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera, skal tekið tillit til þess við matið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reykjavíkurbær á allmikið af lóðum og löndum lögsagnarumdæmisins. Hefur því verið alltítt, að borgarar bæjarins, sem hafa óskað að fá land til bygginga, ræktunar eða annara afnota, hafa falað land af bænum. Gerir bærinn ýmist að selja lóðirnar eða löndin, láta þau á leigu eða erfðafestu. Endurgjaldið er þó venjulegu ákveðið af bænum og getur það orðið að meira eða minna leyti af handahófi.

Síðustu árin hefur og sú stefna orðið ofan á í bæjarstjórninni, að þegar land eða lóð er látin til afnota um langt árabil, þá sje óheppilegt og ósanngjarnt, að ákveða afnotagjaldið einu sinni fyrir alt um leið og landið er látið af hendi. Slíkt verður jafnan handahóf og reynslan hefur sýnt, að bærinn fær ekki sanngjarnt afgjald fyrir löndin, með því að eftir því sem bærinn stækkar eykst afnotagildi landanna sjálfra og fellur sú verðmætisaukning í vasa notenda, án þess að þeir hafi lagt nokkuð fram sjerstaklega til þess, en landeigandinn, þ. e. bærinn, fer algerlega varhluta af þessari verðmætisaukningu.

Hefur mönnum því hugkvæmst, að rjett sje þegar lönd sjeu látin einstaklingum til afnota um langt árabil, beri eigi að ákveða afnotagjaldið einu sinni fyrir alt heldur á vissu árabili, t. d. 5 ára fresti fyrir næsta (5 ára) árabil á þann hátt, er báðir aðiljar gætu unað við. Til þess þarf mat, en hingað til hefur eigi verið til stofnun eða ákveðnir menn, sem hægt væri að fela slíkt mat og vænta mætti að framkvæmdu matið með þeirri þekkingu og sanngirni að báðir aðiljar gætu treyst því og sætt sig við það. Mat dómkvaddra manna þykir eigi heppilegt vegna þess að þeim eru engar reglur settar fyrir mati sínu, meta því af handahófi, og fylgja mismunandi mælikvarða, því dómkvaddur er sinn í hvert skiftið.

Til þess að bæta úr þessu hefur orðið ofan á, að heppilegast væri að lögskipuð yrði föst matsnefnd, sem framkvæmdi slík möt, sem hjer er um að ræða, og settar væru ákveðnar reglur að fara eftir við matið.

Ennfremur er það títt að bærinn þarf að taka eignarnámi lóðir og lönd einstakra manna undir götur, vegi, torg o. s. frv., hingað til hefur byggingarnefnd, sem bæjarstjórnin kýs, metið hvort endurgjald skuli greiða eigendum fyrir slíkar lóðir og lönd. Þetta hefir oft valdið óánægju, mönnum hætt við að halda fram, að annar aðilja þ. e, bæjarstjórnin, rjeði of miklu um matið. Úr þessu yrði bætt með því að leggja slík möt undir föstu matsnefndina og er það gert með 8. gr. frumvarpsins.

Á síðasta alþingi báru þingmenn Reykjavíkur, eftir ósk bæjarstjórnarinnar, fram lagafrumvarp líks efnis, sem frumvarp það er hjer liggur fyrir. Frumvarpinu var vel tekið og afgreitt af neðri deild. Í efri deild þótti nefndinni, sem þar

fjallaði um málið að vísu sjálfsagt, að alþingi yrði við þeirri ósk bæjarstjórnarinnar að afgreiða lög um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, en taldi þó ýmsa annmarka á nokkrum ákvæðum frumvarpsins og rjeði því deildinni til að afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Var það samþykt. Dagskráin var svo hljóðandi: »Í því trausti að ráðherra með aðstoð bæjarstjórnar í Reykjavík undirbúi og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Eftir tilmælum stjórnarráðsins hefur bæjarstjórnin nú tekið málið til nýrrar athugunar og afgreitt frumvarpið í þeirri mynd, sem það hjer liggur fyrir. Breytingar þær, er gerðar hafa verið á frumvarpinu, sem lá fyrir alþingi 1914, miða allar að því að taka til greina það, sem nefndinni í efri deild fanst vera athugavert við ákvæði frumvarpsins, og eru allar þær athugasemdir teknar til greina að undanskildri uppástungu um að gera ráð fyrir yfirmati í frumvarpinu. Bæjarstjórnin lítur svo á, að þegar komin er á laggirnar slík föst matsnefnd og hjer um ræðir, þá muni þeir, sem hana skipa, fljótlega fá mun meiri æfingu í að meta lóðir og lönd en aðrir menn og því minni þörf á yfirmati en ella. Auk þess eykur það mjög kostnað, án þess að matið fáist rjettara að sama skapi, eða sú þykir hafa orðið reynslan í Reykjavík. Með því að miklu meiri trygging er fyrir sanngjörnu mati með matsnefnd þessari heldur en nú er eftir gildandi lögum um þetta efni, þá getur stjórnarráðið fallist á þetta, enda er í öðrum gildandi lögum, þar sem ábekk matsnafnd er sett, ekki gert ráð fyrir yfirmati, sbr. t. d. lög nr. 12, 20. okt. 1905, 2. gr.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal athugað það sem hjer segir:

Við 1. gr. og 8. gr. 1. kafla.

Hjer er tiltekið verksvið matsnefndarinnar eins og bæjarstjórnin telur þörf á því, sbr. hið framanritaða.

Við 2. gr.

Greinin tiltekur á hvern hátt skipa skuli menn í matsnefnd og kjörtíma þeirra. Í frumvarpinu frá 1914 var ætlast til að bæjarstjórn kysi tvo af þrem, en stjórnarráðið einn. Bæjarstjórnin felst á þá ástæðu nefndar efri deildar, að eðlilegt sje við sum möt (þar sem meta á land í hendur bæjarstjórnarinnar), að eigi sje nema einn af þrem kosinn af bæjarstjórn. Því er stungið upp á að landsyfirdómurinn, sem telja má algjörlega óvilhallan, skipi annan þeirra, sem bæjarstjórn var ætlað að skipa. Kjörtíminn er settur 6 ár til að skapa festu í nefndinni, og búist við að venjulega verði endurkosið í hana. Varamenn þurfa að vera svo nefndin geti jafnan verið starfshæf, þótt einhver fatlist frá.

Við 3. gr.

Í frumvarpinu frá 1914 var gert ráð fyrir 4 króna þóknun til hvers matsnefndarmanns fyrir hvern dag, er hann væri að mati. Nefndin í efri deild athugaði, að þetta gæti oft orðið óhæfilega lág borgun. Bæjarstjórnin vill fallast á það að þetta geti verið rjett, en álítur jafnframt að svo misjafnt verk geti verið á mötum að eigi sje rjett að tiltaka neina ákveðna borgun fyrirfram, hvorki sem dagkaup eða fyrir hvert mat. Þess vegna er matsnefndinni ætlað að ákveða sjálf borgun sína; þykir mega treysta sanngirni svo valdra manna, sem í nefndinni

verði, enda sú regla nú við flest möt, að matsmenn setja sjálfir upp á verk sitt, og hefir eigi komið fram ósanngirni í því. Ef ósanngirni er þó beitt af matsnefnd, er sleginn varnaglinn með því að heimila að láta stjórnarráðið ákveða borgunina.

4. og 6. gr.

Gefa eigi tilefni til skýringa.

Við 5. gr.

Greinin setur þær reglur um framkvæmd á mötum, er bæjarstjórnin telur nauðsynlegt að teknar sjeu í lögin, eftir þeirri þekkingu og reynslu í þessu efni, sem bæjarstjórnin telur sig hafa.

Við 7. gr. og 8. gr. 2. kafla.

Í 7. gr. er bætt ákvæði um að stjórnarráðið skuli staðfesta reglugerð um matið, og er þar farið eftir bendingu nefndar efri deildar.

Síðari hluta 8. gr. er sömuleiðis bætt við samkvæmt ósk nefndar efri deildar.

Frumvarp til laga

um

stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

---

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla til að gefa mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara eptir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs útheimtist:

1. *Í íslensku:* Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.

2. *Í reikningi:* Þekking á hinum fjórum reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og með bókstöfum, hlutfallareikningi, veldi, rót, notkun logaritma og að geta leyst líkingar með einni óþektri stærð.

3. *Í flatarmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinna lína hverrar við aðra, á hringum og þeim línum og hornum, er þar til heyra, marghyrningum, á setningunum um hliðar og horn í þríhyrningum, á samfalla og samlaga þríhyrningum, á setningunum um rjetthyrnda þríhyrninginn, á samsíðingum, að geta gert einfaldar geometriskar konstruktionir, þekking á lengdarmæli og hornmæli, á útreikningi flatarmáls.

4. *Í rúmmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinnar línu við flöt, og afstöðu flata hver við annan, á þrístrending, pyramída, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, er myndast á yfirborði hennar við skurðfleti, á útreikningi á yfirborði og rúmtaki þessara hluta.

Í framannefndum reikningslegum námsgreinum er þess einungis krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings undir vjelfræðina, og við prófunina skal aðeins krefjast þekkingar á hinum ýmsu setningum, en engra sannana.

5. *Í eðlisfræði:* Þekking á lögunum um loftkend efni, þrystingsmælum, dælum, eðlisþyngd, seltumælum, hita og dreifing hans, útþenslu hluta við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti, brenslu, vjelaáburði, samsetningu og sundurliðun krafta, einföldum vjelum (vogarstöng, skrúfu, fleyg o. s. frv.) segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna.

6. *Í vjelfræði:* Þekking á gufuvjelum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvjela og gufukatla, hirðingu gufuvjela og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vjelabilun, ketilsprengingu, aflmælislínum (Indikator-diagröm) og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafli gufuvjela og kolaeyðslu, stilling skyttunnar, hjálparvjelum á skipum (gufustýrivjelum, gufuvindum, ljósvjelum, kælivjelum, o. s. frv.), skifting skipa í vatnsþjett hólf, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslensk gufuskip. Þekking á bifvjelum.

7. *Í vjelteikningu:* Að geta mælt og gert uppdrátt eftir ákveðnum mælikvarða af hlut úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.

8. *Í dönsku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.

9. *Í ensku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í enskri bók verkfræðilegs efnis.

3. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður vjelstjórakólans og 2 menn aðrir, er stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir henni standa sá af nefndarmönnum er stórnarráðið skipar sem oddvita. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda

skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelstjórapróf. Til að dæma um kunnáttu í tungumálum getur stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra menn.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefnin. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum prófdómanda.

4. gr.

Til þess að mega ganga undir vjelstjóraprófið útheimtist:

1. Að hlutaðeigandi hafi stundað járnsmíði í 3 ár eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, sem teknar eru gildar af stjórnarráðinu.

2. Vottorð frá iðnmeistara hans um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi.

Sje sá, er undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelstjóraskólanum, þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið, send stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skírnarvottorð hlutaðeiganda, og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum.

Hafi umsækjandi gengið undir vjelstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl., skal setja í reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirrita skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð og stjórnarráðið geymir, skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1911 var stofnuð vjelfræðisdeild við stýrimannaskólann; tók sú deild til starfa það haust. Er nú búið að halda 3 burtfararpróf við deild þessa, en kröfur þær, sem gerðar eru til þessa burtfararprófs eru aðallega miðaðar við fiskiveiðagufuskip. Þessar kröfur eru svo litlar, að engin útlend vátryggingarfjelög leyfa að menn með slíku prófi megi vera vjelstjórar á mannflutninga- og vöruflutningaskipum. Auk þess eru fiskiveiðagufuskip vor sífelt að stækka, og vjelar þeirra að verða margbrotnari, og verður því að gera meiri kröfur til þekkingar vjelstjóranna.

Af þessum ástæðum virðist nauðsynlegt að stofna vjelstjóraskóla, sem veiti svo fullkomna kenslu, að hún verði talin jafngild erlendri kenslu í gufuvjelafræði.

Vjelstjórafjelag Íslands hefur því farið þess á leit við stjórnarráðið að kenslan í gufuvjelafræði verði aukin þannig að próf þaðan veiti rjettindi til að vera vjelstjóri á hvað stóru gufuskipi, sem Ísland kann að eignast. Tillaga þessi hefur verið borin undir forstöðumann stýrimannaskólans og vjelfræðiskennarann við skólann. Hafa þeir báðir talið nauðsynlegt að auka kensluna. Er frumvarp þetta sniðið eftir kröfum þeim, er gilda um alment vjelfræðispróf í Danmörku samkvæmt lögum 30. mars 1892. Þetta próf er í Danmörku talið fullnægjandi handa vjelstjórum á öllum gufuskipum, nema á mannflutningaskipum til annara heimsálfa, og fullnægir því kröfum þeim, sem gera þarf til vjelstjóra á íslenskum gufuskipum.

Námið hlýtur að taka tvo vetur, og verður því skólinn strax eftir fyrsta árið í 2 deildum, en tilhögun kenslunnar í deildunum verður sett í reglugerð fyrir skólann samkvæmt heimild í 5. gr. frumvarpsins. Farið er fram á að laun forstöðumannsins verði ákveðin 2400 kr. á ári. Þar sem þetta er ábyrgðarmikil staða, og nauðsynlegt að til hennar veljist vel hæfur maður, virðist ógjörlegt að hafa launin lægri, ekki síst er þess er gætt að maður með þeirri þekkingu og hæfileikum, er gera verður til vjelfræðiskennarans, mundi geta valið um yfirvjelstjórastöðu á gufuskipi með 200—300 kr. mánaðarlaunum auk fæðis. Að sjálfsögðu er ætlast til þess að núverandi vjelfræðiskennari við stýrimannaskólann verði skipaður forstöðumaður vjelstjóraskólans.

Það skal að endingu tekið fram, að með þeirri aðsókn, sem nú er að stýrimannaskólanum, er ekkert húsnæði þar fáanlegt fyrir vjelfræðiskensluna; er því ætlast til að skólinn leigi sjer húsnæði fyrst um sinn, en fari aðsóknin við stýrimannaskólann þverrandi svo þar fáist viðunandi húsnæði fyrir skólann, er auðvitað sjálfsagt að flytja hann þangað.

Frumvarp til laga

um

atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum.

2. gr.

Rjettur til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur minna en 200 hestafla vjel (»indiceret«), skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið vjelgæsluskírteini.

Sá sem öðlast vill slíkt skírteini skal sanna:

a. Að hann hafi staðist vjelgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gufuvjelar í 3 ár, og hafi meðmæli þeirra smiða eða vjelstjóra, sem hann hefur verið hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela.
c. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ákvæði um það, hvernig vjelkenslunni skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal ákveða í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

3. gr.

Rjettur til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur minna en 200 hestafla vjel, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi fullnægi 2. gr. í lögum þessum, svo og að hann hafi verið 1 ár undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 75 hestafla vjel.

4. gr.

Rjettur til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur 200—700 hestafla vjel, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, sem ræðir um í 8. gr.

5. gr.

Rjettur til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur 200—700 hestafla vjel, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, sem ræðir um í 9. gr.

6. gr.

Rjettur til að vera undirvjelstjóri eða þriðji vjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, sem ræðir um í 10. gr.

7. gr.

Rjettur til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini það, sem ræðir um í 11. gr.

8. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur 200—700 hestafla vjel, útheimtist:

a. Að hlutaðeigandi hafi staðist vjelstjóraprófvið vjelstjóraskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár, á einhverju því verkstæði hjer á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði, eða vjelaaðstoðarmaður í 12 mánuði, og hafi meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefur verið hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela.
d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

9. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem yfirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur 200—700 hestafla vjel, útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 8. grein:

a. Að hlutaðeigandi hafi verið 2 ár undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 200 hestafla vjel, og hafi meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim, eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið með, um, að hann hafi nægilega þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela, og sje reglusamur.
b. Að hann sje fullra 25 ára að aldri.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem undirvjelstjóri eða þriðji vjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel, útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem tekin eru fram í 8. grein, að hlutaðeigandi annaðhvort fullnægi staflið a. í

9. grein, eða að hann hafi verið vjelaaðstoðarmaður í 2 ár á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem yfirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel, útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem tekin eru fram í 8. gr. og staflið b. í 9. gr., að hlutaðeigandi hafi verið 1 ár undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 700 hestafla vjel.

12. gr.

Á gufuskipi, sem hefur vjel með meira en 100, en minna en 700 hestöflum, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 8. og 9. gr., eftir því sem við á.

Ef vjel skipsins hefur minna en 100 hestöfl, er nægilegt að á því skipi sje einn vjelstjóri, sem fengið hefur skírteini samkvæmt 3. gr.

Á gufuskipi, sem hefur 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar, þ. e. annar og þriðji vjelstjóri. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórarnir samkvæmt 10. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelalið, sem tekið er fram í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3. og 8.—11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið lætur búa til í samræmi við lög þessi.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi brjóti það af sjer, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vjelstjóri.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa

vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 8.—11. gr., en þess sje þó gætt, að til hins útlenda skírteinis hafi verið gerðar eins miklar kröfur og íslenska skírteinisins, sem sótt er um.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis, kost á að fá slík skírteini og hjer ræðir um, án þess að vöntun sje á vjelstjórum.

Beri brýna nauðsyn til, er stjórnarráðinu og heimilt að veita efnilegum kyndurum alt að eins árs bráðabirgðaskírteini í senn, sem undirvjelstjóri á fiskiveiðagufuskipi, sem hefur vjel undir 700 hestöflum.

Bráðabirgðaskírteinisbeiðninni skal fylgja vottorð samkvæmt 8. gr. c.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Til sama tíma er stjórnarráðinu og heimilt að veita þeim mönnum yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 9. gr., þótt þeir hafi eigi verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi, sem hefur meira en 200 h. a. vjel, ef þeir að öðru leyti fullnægja kröfum tjeðrar greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Þeir, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini áður en lög þessi ganga í gildi, skulu njóta sömu rjettinda og lög þessi ákveða, á skipum, sem hafa vjelar upp að 900 hestöflum.

Þeir, sem hafa fengið undanþáguleyfi til að vera undirvjelstjóri eða yfirvjelstjóri, áður en lög þessi ganga í gildi, og eigi int af hendi vjelstjóraþróf, hafa leyfi til að halda stöðu sinni á samskonar skipum og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914 um breyting á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vorið 1914 barst stjórnarráðinu erindi frá vjelstjórafjelagi Íslands, þar sem þess var farið á leit, að vjelstjórakennsla væri aukin svo í landinu, að hjer gæfist kostur á að nema svo mikið í þeirri grein, að þeir, sem kenslunnar hefðu notið, gætu tekið að sjer vjelstjórastöðu á hve stóru gufuskipi, sem Ísland kynni að eignast. Stjórnarráðið taldi að vísu rjett að sinna þessari málaleitan, en þá var orðið svo áliðið tímans til aukaþingsins 1914, að málið varð ekki nægilega undirbúið undir það þing, og var því þessvegna frestað til næsta reglulegs alþingis. Síðan hafa forstjóri stýrimannaskólans, vjelfræðiskennarinn þar og ráðunautur Fiskifjelagsins viðvíkjandi gangvjelum í fiskiskipum haft mál þetta til meðferðar að tilhlutun stjórnarráðsins, og hafa þeir í aðalatriðum orðið ásáttir um þetta mál og eftir tillögum þeirra er lagafrumvarp þetta samið.

Með lögum nr. 25 frá 11. júlí 1911 voru fyrst sett almenn ákvæði um vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og með þeim lögum jafnframt komið á fót sjerstakri deild við stýrimannaskólann, þar sem kend var vjelfræði, sbr. 3. og 10. gr. laganna og reglugerðir 29. ágúst 1912 (Stjórnartíð. B. 1912, bls. 221—229). Áður höfðu ákvæðin um vjelgæslulið á íslenskum gufuskipum verið sett af stjórnarráðinu með reglugerð fyrir hvert einstakt gufuskip, samkvæmt 13. gr. laga nr. 29, 26. október 1893 og síðar 15. gr. laga nr. 50, 10. nóvember 1905. Af því að vöntun reyndist á vjelstjórum, sem fullnægðu þeim skilyrðum, sem nefnd lög frá 11. júlí 1911 settu, komu síðar út bráðabirgðalög 2. mars 1914 og lög nr. 19, frá 2. nóvember s. á., sem rýmkuðu skilyrði þau, sem sett voru með nefndum lögum fyrir því að vera vjelstjórar.

Vjelstjóraatvinnulögin frá 1911 og kennsla sú í vjelfræði, sem sett var á stofn til að fullnægja skilyrðum þeirra, náði aðeins til gufuskipa, sem höfðu vjel með alt að 900 hestöflum, en ákvæði lagafrumvarps þessa eiga við öll hjerlend gufuskip, hve stór sem vjel þeirra er, og er því jafnframt þessu frumvarpi lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík, sem ætlað er að veita þá kennslu, sem útheimtist til þess að geta tekist á hendur vjelstjórastöðu á slíkum gufuskipum.

Hin einstöku ákvæði frumvarpsins og þá aðgreining, sem þar er gjörð viðvíkjandi vjelaliðinu á gufuskipum eftir hestafli vjelanna, virðist ekki þurfa að skýra sjerstaklega; aðeins skal þess getið, að sjerfræðingar þeir, sem um var getið og unnið hafa að undirbúningi frumvarpsins, hafa ekki verið allskostar ásáttir um ákvæðin í fyrri hluta 18. gr., þar sem vjelfræðiskennarinn og ráðunautur Fiskifjelagsins hafa helst hallast að því, að þeir sem fengið hafa vjelstjóraskírteini eftir hinum eldri lögum, skuli fá rjett til vjelstjórnar á skipum, hve stór sem vjel þeirra er, en forstjóri stýrimannaskólans hefur haldið því fram, að þeir skuli aðeins halda þeim rjetti, sem þeir hafa öðlast eftir hinum eldri lögum, eins og í frumvarpinu stendur.

Frumvarp til laga

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til loka septembermánaðar 1915 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en hálfa milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., og málmforðinn nægir ekki til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að útlit var fyrir síðastliðið haust, að skortur myndi verða á gjaldmiðli í landinu vegna ástands þess, er leiddi af Norðurálfustyrjöldinni, taldi landsstjórnin, með hliðsjón af þingsályktun sameinaðs alþingis 13. ágúst 1914 (þingskjal 519), nauðsyn á að útvega heimild til að leyfa Íslands banka aukinn rjett til seðlaútgáfu með bráðabirgðalögum nr. 59 frá 30. nóvember 1914, sem lögð eru hjermeð fyrir alþingi og prentuð sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu, sem er samhljóða bráðabirgðalögunum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Vjer Christian hinn Tíundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um það, að nauðsyn beri til, vegna styrjaldar þeirrar, er nú geysar í Norðurálfu, að auka veltufje á Íslandi um stundarsakir, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn, samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, getur gefið út.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til, að leyfa Íslands banka til loka septembermánaðar 1915 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en hálfa miljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.

2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón kr. og málmforðinn nægir ekki til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

6. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað orðist svo:

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Arið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarstjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

4. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum

fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu 2, og kýs bæjarstjórn þá með hlutfallskosningu; hafi þeir það starf á hendi um 2 ár, og mega þeir ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji, á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur farið þess á leit við stjórnarráðið, að lagt væri fyrir alþingi frumvarp til laga um nokkrar breytingar á bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins frá 8. október 1883, og hefur stjórnarráðið tekið tillögur bæjarstjórnarinnar í þessu efni til greina í framanskráðu lagafrumvarpi. Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer erindi bæjarstjórnarinnar með fylgiskjölum.

Í athugasemdunum hjer á eftir um hinar einstöku greinar frumvarpsins er getið þeirra breytinga, sem lagafrumvarpi þessu er ætlað að gera á bæjarstjórnarlögunum.

Við 1. gr.

Eftir frumvarpinu á að kjósa bæjarfulltrúana til 3 ára og þriðjungur þeirra fara frá árlega, en eftir núgildandi lögum eru þeir kosnir til 6 ára og helmingur þeirra fer frá á hverjum 3 ára fresti.

Við 2. gr.

Hjer er bætt við ákvæði, er heimilar að auka tölu hafnarnefndarmanna um helming.

Við 3. gr.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins á oddviti bæjarstjórnar að ávísa útgjöldum eftir að þau eru samþykt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, sem þau heyra undir, en eftir bæjarstjórnarlögunum á oddviti og að minsta kosti 3 fulltrúar að undirrita allar ávísanir.

Við 4. gr.

Eftir þessari grein frumvarpsins eiga yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna að vera 2, kosnir með hlutfallskosningu af bæjarstjórninni utan hennar til 2 ára, en eftir bæjarstjórnarlögunum er yfirskoðunarmaður einn, kosinn af bæjarbúum til 3 ára.

Frumvarp til laga

um

framlenging á gildi laga nr. 30 22. okt. 1912, og laga nr. 44 2. nóv. 1914 og laga nr. 45 s. d.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Lög nr. 30 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 30 22. okt 1912 um vörutoll, eiga lög þau að eins að gilda til loka yfirstandandi árs. Enda þótt margt hafi verið að lögum þessum fundið, sýnist ekki verða hjá því komist nú að framlengja gildi þeirra fyrst um sinn. Sakir þess hve tíminn var naumur orðinn, er núverandi stjórn tók við, hefir hún eigi komið því við að athuga lögin og gera tillögur til endurbóta á þeim. Með því að vænta má, að þinginu sýnist rjett, að gangskör verði sem fyrst gerð að því að koma skatta- og tollmálum landsins í betra horf, þykir eigi rjett að fara fram á það, að gildi tjeðra laga verði framlengt lengur en yfir næsta fjárhagstímabil, eða til ársloka 1917.

Frumvarp til laga

um

bann á útflutningi frá Islandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandi. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Nú breytist ástandið svo, að stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum, ef það telur hættu á, að ella taki að einhverju leyti eða öllu fyrir vöruflutninga frá þeim löndum til Íslands.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 1000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í vor breyttist ástandið viðvíkjandi útflutningi á vörum frá Bretlandi svo, að hættu varð að telja á því, að leyfi myndi ekki fást framvegis eins og að undanförnu til þess að flytja út frá Bretlandi til Íslands kol og aðrar vörur, sem landið þarfnast, meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, nema því aðeins að trygt yrði, að vörurnar yrðu notaðar hjer, og ekki fluttar út hjeðan aftur. Til þess að geta uppfylt þetta skilyrði, varð landsstjórnin eftir atvikum að telja brýna nauðsyn á að útvega bráðabirgðalög þau um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl., er prentuð eru sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu og lögð eru hjermeð fyrir alþingi. Ef svo skyldi fara, að önnur lönd settu áþekk skilyrði um útflutning á vörum og Bretland, þótti rjett að fá heimild þá, sem getur um 2. gr.

Akvæði lagafrumvarps þessa eru samhljóða ákvæðum bráðabirgðalaganna.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldenborg.

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um nauðsyn á því að banna útflutning frá Íslandi á vörum, sem þangað flytjast frá Bretlandi meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, til þess að greiða fyrir því, að leyfi fáist framvegis til útflutnings á vörum frá Bretlandi til Íslands,

verðum Vjer að telja brýna nauðsyn á því að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem lagt sje bann við útflutningi á vörum frá Íslandi, sem þangað flytjast frá Bretlandi.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandi. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Nú breytist ástandið svo, að stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum, ef það telur hættu á, að ella taki að einhverju leyti eða öllu fyrir vöruflutninga frá þeim löndum til Íslands.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 1000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Einar Arnórsson.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Islands.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

Ráðherrar skulu vera tveir. Akveður konungur starfsvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8000 kr. í árslaun. Auk þess skal annar ráðherranna hafa leigulausan bústað og 2000 kr. í risnufje á ári.

Kostnaður af embættisferðum ráðherra til Kaupmannahafnar, og dvöl þar, greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Í stjórnarráðinu skulu vera 3 skrifstofur, og veitir konungur skrifstofustjóraembættin. Skrifstofustjórar hafa 3500 kr. í árslaun.

Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar veitist fje á fjárlögum.

4. gr.

Þá er lög þessi koma til framkvæmdar, legst landritaraembættið niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frá því að sjerstakt stjórnarráð handa Íslandi var sett á stofn, sjá kgs-úrsk. 14. júlí 1874, og þar til nú, hefir aðeins einn maður átt að standa fyrir allri æðstu stjórn landsins. Þó að þessi skipun kunni að hafa verið sæmileg

í öndverðu, er hún það trauðla lengur. Störf þau, er undir stjórnarráðið heyra, eru svo margvísleg, að enginn einn maður er til hlítar fær um að leysa þau vel af hendi. Í stjórnarráðinu sameinast allar greinar framkvæmdarvaldsins, dómsmál, kirkjumál, kenslumál, fjármálefni öll, þar á meðal hin umboðslega endurskoðun, eftirlit með öllum embættis -og sýslunarmönnum landsins, atvinnumál, svo sem landbúnaðarmálefni, samgöngar, símamál, póstmál, siglingar, verslun, iðnaður, fiskiveiðar, vegamál, sýslu- og sveitarstjórnarmál, eftirlit og umsjón fasteigna landsins o. s. frv., o. s. frv. Einn maður getur eigi kynt sjer þessi mál öll eins og æskilegt væri. Hjer við bætist það auðvitað, að þingið ætlast til þess og þjóðin einnig, að stjórnin eigi frumkvæði til endurbóta á löggjöf landsins milli þinga, og leggi árangur þeirra starfa undir þingið. Og er slíkt eigi nema sanngjarnt og sjálfsagt, ef stjórn landsins er svo fyrir komið, að þess sje kostur.

Menn hafa fundið til þess, að eigi væri heppilegt skipulag að hafa að eins einn ráðherra. Auk þess, sem áður hefir verið tekið fram, ber ennfremur það til þess, að það sýnist fullmikið að leggja alla stjórn landsins í hendur eins einasta manns. Það er og ábyrgðarmeira fyrir hann að stjórna landinu einn án þess að hafa nokkurn mann með stjórnskipulegri ábyrgð til þess að bera sig saman við, enda líkur til, að ýmislegt yrði betur ráðið, ef tveir fullábyrgir menn starfa að því, heldur en ef það er falið að eins einum manni. Loks má geta þess, að stjórnin er styrkari gagnvart öðrum embættismönnum landsins, ef tveir menn skipa hana heldur en ef að eins einn er ráðherra.

Kostnaðarauki af þessu fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, mundi lítill eða alls enginn verða frá því sem nú er. Jafnskjótt sem stjórnarskrárbreyting sú, sem samþykt var á alþingi 1913 og 1914, er komin til framkvæmdar og lagafrumvarp um afnám ráðherraeftirlauna frá þinginu 1914 hefir hlotið staðfestingu, hverfa ráðherraeftirlaun framvegis. Og þarf því eigi að óttast eftirlaunabyrði úr þeirri átt. Samkvæmt áðurnefndu stjórnskipunarlagafrv. og frumvarpi því, sem hjer greinir, legst landritaraembættið niður jafnskjótt sem lög um fjölgun ráðherra koma til framkvæmdar. En landritaraembættinu fylgja 6000 kr. árslaun. Mismunurinn á ráðherralaununum og landritaralaununum er því, eftir því sem hjer er farið fram á, að eins 2000 kr. á ári. Og ætti landinu því í raun og veru, er ráðherraeftirlaunin hverfa, engin útgjaldaauki að verða til frambúðar að skipulagi því, sem hjer er farið fram á. Og þótt hann yrði þessar 2000 kr. á ári, virðist eigi í þá fjárhæð horfandi, ef verulegar bætur fengjust með því ráðnar á stjórnarfari landsins, en slíkt þykir mega ætla.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Við 1. gr.

Til þess er ætlast, að gefin verði út konungleg tilskipun um það, hvaða mál skuli hverfa undir hvorn ráðherra um sig. Þykir ófallið að telja störf hvors um sig upp í lögunum.

Við 2. gr.

Svo er til ætlast, að annar ráðherra verði forseti ráðuneytisins og hafi því á hendi fyrirsvar og risnu. Því er ætlast til, að hann hafi ráðherrabústaðinn og risnufje, eins og ráðherra hefir nú.

Ferðir til Kaupmannahafnar hlýtur annarhvor ráðherra að fara, svo sem ráðherra nú. Hvor geri það hlýtur að fara nokkuð eftir atvikum, en að jafnaði er gert ráð fyrir því, að stjórnarforsetinn hafi það starf á hendi.

Við 3. gr.

Breytir ekkert núverandi skipulagi, sbr. l. nr. 17, 3. okt. 1903, 1. og 4. gr.

Við 4. gr.

Er afleiðing ákvæðanna í 1. gr., sbr. 1. gr. stjórnskipunarlaga 1915.

Við 5. gr.

Rjettast þykir að lögin komi til framkvæmdar um næstu áramót.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909 um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

---

1. gr.

1. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:

Stjórn Landsbankans skipa 3 bankastjórar, og skipar ráðherra þá. Skal 1 þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá, einum eða fleirum, um stundarsakir, er honum þykir nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri hann þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar bókara og fjehirðir bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Meiri hluti bankastjórnar skal undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki meiri hluta bankastjórnar.

Verði ágreiningur milli bankastjóra um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti.

4. gr.

5. gr. 1. setning orðist svo:

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Athugasemdir.

Á alþingi 1909 bar meiri hluti peningamálanefndar þeirrar, er þá var skipuð í neðri deild, upp frv. til breytinga á lögum um stofnun Landsbanka frá 18. sept. 1885. Var í frv. þessu stungið upp á því, að sú skipun, að hvor deild alþingis veldi sinn gæslustjóra, yrði lögð niður, en í stað þess veldi sameinað alþingi lögfræðislegan ráðunaut, er hafði að sumu leyti minni rjettindi en bankastjórarnir tveir, er settir skyldu samkvæmt þessu frv. til þess að stýra bankanum. En svo fóru þó leikar á þingi 1909, að efrideild taldi rjettast að láta hina gömlu skipan um gæslustjórana þingkosnu haldast. Er því sú skipun á stjórn bankans nú, að tveir forstjórar skipaðir af ráðherra, standa fyrir honum og tveir gæslustjórar, kosnir sinn af hverri deild alþingis. Af þessu skipulagi leiðir, að í stjórn bankans þarf enginn lögfróður maður að vera, og hefir eigi heldur neinn verið nú um hríð. Þetta verður stjórnin að telja mjög varhugavert, því að stjórn banka hljóta daglega eða nær því að berast að

höndum málefni, er vart er ætlandi ólögfróðum mönnum að leysa úr enda of ábyrgðarmikið fyrir þá að gera það uppá eindæmi sitt. Auk þess er gæslustjórafyrirkomulagið, sem nú er, óheppilegt. Þingdeildirnar skipa stöðurnar, og má búast við því, að stundum geti annað ráðið um skipun þeirra en það eitt, hversu hæfir mennirnir eru til starfans. Ennfremur eru gæslustjórarnir svo lágt launaðir, að eigi verður með sanngirni heimtað af þeim nema lítið starf í þarfir bankans.

Af þessum ástæðum og með tilliti til þess, að störf bankans fara vaxandi og velta hans eykst, þykir stjórninni rjett að leggja frv. það, er hjer greinir, fyrir þingið.

Leiðrjettingar

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Við 13. gr. E. II. Laun vitavarða lækki um 50 kr. fyrra árið og 225 kr. síðara árið.

Við 13. gr. E. III. Reksturskostnaður vitanna lækki um 150 kr. síðara árið. Útgjöldin í 13. gr. lækka því um 425 krónur.

Við 14. gr. B. II. b. Launin til söngkennara hafa fallið burt, 600 kr. hvort árið. 13. gr. hækkar því um 1200 kr.

Tekjuhallinn í 20. gr. verður samkvæmt þessu kr. 130,416,92.

Í athugasemdunum á bls. 39 4. lið:

í stað	18,625 kr.	komi	18,000 kr.
- —	17,125 —	--	16,500 —
- —	35,750 —	—	34,500 —

Nd. **23. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar.

Flutningsmenn: G. Eggerz, Björn Kristjánsson, Þórarinn Benediktsson, Sveinn Björnsson, Jón Magnússon.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd, til þess að íhuga mál, er snerta sjerstaklega sjávarútveg landsins.

Ed. **24. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsmenn: Jósef J. Björnsson og Magnús Pjetursson.

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal

hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá, er eldri er. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, eg skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarm. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett þegar kjörskráin gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið til-

greina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er fram lögð, skal auglýsa hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern, næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá því er kjörskráin var fram lögð, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrá, þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.

Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir


atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórnin annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannaefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þa frá sjer, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá i hennar umdæmi og 10%

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög tóðruð sterku ljereíti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hvorri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og í efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land alt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði er þetta á sjer stað, og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarsstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn, þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem geta sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, svo að hvergi sjer í hann auðan, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot, er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

35 gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik eða önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og, ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sér stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókina. Skulu þessir kjósendur því næst víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram, uns allir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á, að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt, tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkj-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefnin eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tikynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið, þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar Alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla þá, er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna þeirra, sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda á landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp, þannig að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingum jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og 10% umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar, sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross,

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim eða setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta þess, er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir meðtekið alla atkvæðakassana úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og forsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku forsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla þeirra, sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá á landinu og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða með viku fyrirvara, að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf þann, er hefir verið við krossað á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir meingallar á.

Þegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra, sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig, að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasendingin ekki í tæka tíð, er stjórnarráðinu skylt að gera þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnum listanna, eftir því sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu að síður autt sæti aðalmanns, en stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá stjórnarráðið kosning á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosning eins og lög þessi mæla fyrir um kosning landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu komu í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til stjórnarráðsins. Sendir stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar, samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningu til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða geri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 7 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sending atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasending.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breyting á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis og þau eru birt í Stjórnartíðindunum.

Ákvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skifti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram í síðari hluta marsmánaðar 1916, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1.—10. júní sama ár.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla þá, sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Konungur ákveður kjördaginn innan þeirra takmarka, sem að framan eru sett, og skipar fyrir um kosningarnar, og má stjórnarráðið, ef þurfa þykir, stytta alla fresti um framlagning kjörskrár, um kærur og úrskurði um kosningarrjett.

Ed. **25. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd í fjárlögin.

Flutningsmenn; Björn Þorláksson, G. Björnsson, M. Pjetursson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Nd. **26. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga og gera tillögur um dýrtíðarráðstafanir o. fl.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og gera tillögur til Alþingis um það, hverjar ráðstafanir gera megi til að draga úr afleiðingum af fyrirsjáanlegri dýrtíð, sjerstaklega á matvælum og eldivið, á komandi hausti, og meðan helst ástand það, sem nú er í Norðuráltunni.

Nd. **27. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar.

Flutningsmenn: Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson. Björn Hallsson. Stefán Stefánsson Eyf.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga og gera tillögur um þau mál, er snerta landbúnað.

Nd. **28. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um strandferðir.

Frá ráðherra.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um tilhögun strandferðanna.

Nd. **29. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga og koma fram með tillögur um lög um þingsköp handa Alþingi.

Frá ráðherra.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um lög um þingsköp handa Alþingi.

Ed. **30. Tillaga**

til þingsályktunar um þingsköpin.

Flutningsmaður: G. Björnson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til að íhuga þingsköpin og koma fram með tillögur um lög um þingsköp handa Alþingi.

Ed. **31. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um strandferðir.

Frá ráðherra.

Efri deild Alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um tilhögun strandferðanna.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um verðtoll.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verslunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af hundraði af hreinni verðhæð vörunnar í umbúðum.

Undanþegið verðtolli er: heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð. Svo eru og undanþegin tollinum skip, sem siglt er hingað til lands.

2. gr.

Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávalt fylgi vörusendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengskapar- og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða kaupreikninga og verslunarbækur viðtakanda á heimili hans eða skrifstofu.

Skipstjóra er skylt, áður en byrjað er að flytja vörur úr skipi, að láta tollheimtumanni í tje staðfest eftirrit af vöruskrá skipsins og æru- og samviskuvottorð um, að hann hafi ekki meðferðis aðrar vörur en taldar eru á skránni.

3. gr.

Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í kaupreikningi, og skal þá tollheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda þangað til kaupreikningur er sýndur, nema því að eins að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða honum toll af mismun matsverðs og sannverðs.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

5. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir toll af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsmönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra sje, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsmennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 13. kap. hegningarlaganna fyrir brot á starfskyldum sínum.

6. gr.

Tollheimtumanni bera 3 af hundraði sem innheimtulaun.

7. gr.

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning, og er það sjálfrátt eða verð

reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður nefndra viðurlaga, alt að 1000 kr. sekt.

8. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna svo sem til er tekið í lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

9. gr.

Brot á lögunum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Flutningsmenn: Jón Jónsson. Þorleifur Jónsson.

1. gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 30,000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um harðindatrygging búfjár.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Stjórnarráð Íslands annast um að koma á fót, svo fljótt sem verða má, almennum samtökum meðal bænda, um að tryggja búfjenaðinn gegn vetrar- og vorharðindum með gætilegum heyásetningi, með forðagæslu, með stofnun fóðurforðabúra og með stofnun fjártryggingarsjóðs Íslands.

2. gr.

Til þess að koma ákvæðum 1. gr. í framkvæmd, skipar stjórnarráðið, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, tvo eða fleiri menn til þess að ferðast um landið, sinn í hvoru lagi, eitt ár eða lengur ef með þarf, til þess að veita bændum nauðsynlegar leiðbeiningar til þess að gera í hreppi hverjum, samkvæmt lögum þessum, samþyktir um fjártryggingaratriði þau, sem nefnd eru í 1. gr.

Ráðherra Íslands gefur mönnum þessum erindisbrjef. Dagpeninga og ferðakostnað þeirra ákveður ráðherra og greiðist hvorttveggja úr landssjóði.

3. gr.

Hreppsnefnd, sem stofna vill til samþyktar um harðindatrygging búfjár samkvæmt lögum þessum, skal leggja frumvarp til samþyktar fram á almennum fundi í hreppnum. Skal hreppsnefndin hafa boðað til fundarins með nægum fyrirvara, og tilgreint fundarefnið í fundarboðinu. Atkvæðisrjett á samþyktarfundi hafa allir þeir bændur og aðrir, sem grasnyt hafa og atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Hreppsnefndin skal hafa kjörskrá hreppsins við hendina. Nái frumvarpið, með þeim breytingum, sem á því kunna að verða gerðar á fundinum, $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, sem þar eru greidd, enda sjeu $^2/_3$ þeirra hreppsbúa mættir, sem atkvæðisrjett eiga á samþyktarfundi, skal hreppsnefndin senda það, svo fljótt sem verða má, til stjórnarráðsins til staðfestingar.

Álíti stjórnarráðið, að samþyktin komi í bága við lög eða rjettindi manna, er samþyktin endursend án staðfestingar ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birtingu hennar, og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Sama gerir stjórnarráðið þegar því er aftur send samþykt, sem löguð hefir verið samkvæmt bendingum þess, með sama hætti og ný samþykt væri gerð.

Samþykt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, gildir upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykt má breyta á sama hátt og ný samþykt er gerð.

4. gr.

Í samþykt hvers hrepps skal ákveðið:

1. Að koma sem fyrst á í hreppnum svo gætilegum heyásetningi, að venjulega sje ekki settur á vetur fleiri fjenaður en svo, að þau hey, sem aflast hafa sumarið áður, muni duga fyrir hann, þó að vetur og vor verði í harðasta lagi, eftir því sem þar er vanalegt, og að setja ekki á neitt af þeim heyfyrningum, sem verða eftir góðan vetur, nema þegar grasbrestur eða óþurkar hafa valdið því, að nýju heyin eru óvanalega lítil eða ljeleg, — heldur láta hey safnast, ef fleiri góðir vetur með allgóðum sumrum á milli fylgjast að.

   Þegar heyfyrningar eru orðnar svo miklar, að þær nema fullkomnu fóðri í meðalvetri fyrir alt sauðfje og hross, sem vanalega eru á fóðrum, er ekki ætlast til að fyrningar sjeu auknar úr því.
2. Að koma á fót, innan 12 mánaða frá því samþyktin öðlast gildi, fóðurforðabúri fyrir hreppinn, sjá 6. grein.
3. Að kosnir sjeu á hverju sumri, á almennum fundi, forðagæslumenn, sem hreppsmenn treysta best til að gefa bændum leiðbeiningar um heyásetning og hirðingu fjenaðar, sjá 8. grein.
4. Forðagæslumönnum sje ákveðin borgun fyrir forðagæsluna í minsta lagi 2 krónur til hvors þeirra fyrir hvern dag, sem þeir eru í eftirlitsferðum — eða 2 krónur fyrir hvert býli, sem þeir hafa eftirlit með. Borgun þessi greiðist úr sveitarsjóði.
5. Að leggja árlega af hreppssjóði í fjártryggingarsjóð Íslands 20 aura fyrir hvert jarðarhundrað í hreppnum eftir jarðabókinni 1861.

5. gr.

Í hverri samþykt má ákveða:

1. Að enginn bóndi eða annar, sem grasnyt hefir í hreppnum og fjenað á fóðrum, megi taka fóður eða farga heyi eftir miðsvetrarskoðun forðagæslumanna nema með þeirra ráði, á meðan fóður fæst keypt í fóðurforðabúri hreppsins.
2. Að allir bændur í hreppnum skuli á hverju ári gera skýrslur um heygjafir nautgripa, sauðfjár og hrossa, hvers fyrir sig, svo sjá megi, hve mörgum innistöðuvikum gjafatíminn allur samsvarar. Enn fremur að forðagæslumenn leiðbeini við samning á skýrslum þessum og útvegi form fyrir heygjafaskýrslurnar.

6. gr.

Forðabúr má stofna með heyi eingöngu, með kraftfóðri (innlendu eða útlendu) eingöngu, eða bæði með heyi og kraftfóðri, samkvæmt því, sem fyrir verður mælt í samþykt hreppsins.

Hreppsnefndin skal annast um stofnun fóðurforðabúrsins og hafa umsjón þess og innheimtu fyrir það á hendi. Hún ávísar í samráði við forðagæslumenn það fóður, sem úti er látið úr forðabúrinu. Skal hreppsnefndin hafa greinilega bókfærslu, er sýni hverskonar fóður, hve mikið og með hvaða verði er úti látið til hvers þess, sem fóður kaupir úr forðabúrinu.

Hreppsnefndin má veita gjaldfrest á borgun fyrir fóður úr forðabúrinu, þó ekki lengri en til 15. októbermánaðar það ár.

7. gr.

Hver sá, sem óhlýðnast ráðum forðagæslumanna með því að setja fleiri fjenað á vetur en þeir telja ráðlegt, eða með því að farga heyi eða taka fóður móti þeirra ráði, fær ekki keypt fóður úr forðabúri hreppsins, nema forðagæslumenn álíti, að öllum öðrum hreppsbúum sje vel borgið.

Allir hreppsbúar, sem hlýðnast ráðum forðagæslumanna, eiga jafnan rjett, að tiltölu við fjenaðarfjölda, til fóðurkaupa úr forðabúrinu.

8. gr.

Forðagæslumenn skulu vera 2 í þeim hreppum sem hafa færri en 40 býli, en mega vera 4, ef þörf þykir, þar sem býlin eru 40 eða fleiri. Sama gildir, þó býlin sjeu ekki 40, ef hreppurinn er svo erfiður yfirferðar eða svo langt milli bæja, að ekki sje fært fyrir sömu mennina að framkvæma hverja eftirlitsferð á hálfum mánuði í öllum hreppnum.

Kosning forðagæslumanns gildir árlangt. Endurkosning má eiga sjer stað, svo lengi sem forðagæslumenn ekki skorast undan að taka á móti kosningu. Kosningarrjettur við kosning forðagæslumanna er hinn sami og við kosning hreppsnefndar.

Ef forðagæslumenn eru 4, skiftir hreppsnefndin hreppnum í 2 forðagæsluumdæmi, og hafa þá 2 eftirlitið á hendi í hvoru þeirra. Ef annarhvor forðagæslumanna hindrast og getur ekki sint forðagæslunni á rjettum tíma, getur hinn forðagæslumaðurinn haldið starfinu áfram og tekið mann í hins stað sjer til aðstoðar.

9. gr.

Forðagæslumenn skulu fara 3 aðaleftirlitsferðir um hreppinn á ári hverju á tímabilinu 15. október til 15. nóvember, 15. janúar til 15. febrúar og 14. apríl til 14. maímánaðar. Í hverri samþykt skal svo nánar ákveðið, hvenær á þessum tímabilum eftirlitsferðirnar skulu farnar, eftir því sem haganlegast þykir í hverjum hreppi, en ekki skal ætla lengri tíma en 12 daga til hverrar ferðar.

Í haustferðinni skulu forðagæslumenn mæla öll hey og meta fóðurgildi þeirra, og venjulega áætla hvað setja má að eins á nýju heyin svo vel birgt sje í fullkomnum vetrar- og vorharðindum. Skulu forðagæslumenn leiðbeina þeim bændum um fækkun fjenaðar, sem þeir álíta að hafi ekki nóg fóður. Í miðsvetrarferðinni skal einnig mæla heyin, og reikna hve lengi þau muni endast í innistöðu, og leiðbeina, ef með þarf, um fækkun fjenaðar eða útvegun fóðurbætis. Í þessari ferð gefa forðagæslumenn vitnisburði fyrir útlit fjenaðar og fyrir umgengni í húsum og heystæðum. Í vorferðinni mæla forðagæslumenn öll hey og reikna hve lengi þau endast í innistöðu. Nú skoða þeir vandlega allan fjenað og gefa þá aftur vitnisburð fyrir útlit hans, svo og fyrir umgengni í húsum og heystæðum. Sje nú einhver fjáreigandi illa staddur með hey, eða fjenaður hans sje vanhaldinn, skulu forðagæslumenn brýna fyrir honum ákvæði 27. greinar laga þessara og veita honum meðmæli til fóðurkaupa í forðabúri hreppsins, ef þeir sjá það fært samkvæmt 7. grein.

Vitnisburðir fyrir umgengni í húsum og heystæðum skulu ákveðnir með tölum 6, 5, 4, 3, 2, 1, sem merkja: ágætlega, dável, vel, laklega, illa, af-

arilla. Ákveða má vitnisburðinn nánar með + eða ÷. Útliti fjenaðar og holdafari skal þannig lýst: spikfeitt, feitt, bjarglegt, grant, magurt, horað.

Í öllum eftirlitsferðunum gefa forðagæslumenn allar nauðsynlegar leiðbeiningar um hirðing fjenaðar og umgengni í húsum og heystæðum, og sömuleiðis um samning á heygjafaskýrslum eftir þörfum.

Eftir fardaga, eða þegar útsjeð er um að ekki þurfi að halda frekar á heyi það vor, skulu forðagæslumenn mæla allar heyfyrningar hjá þeim, sem þeir hafa haft eftirlit með að vetrinum, og innfæra þetta í skýrsluna um vorskoðunina. Í þessari ferð skulu forðagæslumenn leita svo nákvæmra upplýsinga, sem kostur er á, um lengd gjafatímans fyrir nautgripi, sauðfje og hross, miðað við innistöðugjöf. Einnig skulu forðagæslumenn leita náinna upplýsinga um vanhöld á fjenaði það vor, þar með talin vanhöld á unglömbum. Þetta hvorttveggja skulu þeir svo innfæra í skýrsluna.

Allir hreppsbúar, sem fjenað hafa á fóðrum, eru skyldir til að gefa forðagæslumönnum allar nauðsynlegar upplýsingar áhrærandi hey og fjenað.

Hver sem bannar forðagæslumönnum að skoða hey og fjenað, eða neitar þeim um þær upplýsingar, sem þeir óska eftir, um vanhöld á fjenaði, skal sæta sektum, 2—20 krónum.

10. gr.

Forðagæslumenn skulu gjöra skýrslu í tvennu lagi fyrir hverja skoðun. Aðra skýrsluna rita þeir í bók (forðagæslubók), sem landsstjórnin leggur til, og sem þeir geyma þar til hún er útskrifuð. Skal hreppsnefndin þá senda bókina til stjórnarráðsins til geymslu í landsskjalasafninu, en stjórnarráðið sendir aftur nýja bók. Forðagæslubókin skal framlögð til athugunar á almennum hreppsfundi á hverju sumri, að aflokinni síðustu skoðun það ár. Hitt eintakið af skýrslunni skal rita á eyðublöð, sem stjórnarráðið leggur til, og afhenda forðagæslumenn hreppsnefndinni skýrslurnar fyrir allar skoðanirnar í júnímánuði, en hún sendir þær með fyrstu póstferð á eftir til stjórnarráðsins.

11. gr.

Heyforðabúr skal jafnan stofna með því móti, að hreppsnefndin semur fyrir miðjan júlímánuð við þá menn í hreppnum, sem gefa kost á að hafa til sölu á næsta vori handa hreppsbúum ákveðna þyngd af góðu heyi, móti ákveðinni borgun fyrir geymsluna, miðað við hver 100 tvípund, og móti því að þeir fái ákveðið verð fyrir hver 100 tvípund af heyinu, ef á því þarf að halda, en eigi það ella sjálfir og megi hagnýta það eftir vild sinni.

Í samþykt á ekki að fastákveða upphæð heyforðans, upphæð geymslugjalds nje verð heysins, að eins tiltaka lágmark á þessu öllu. Um alt þetta semur hreppsnefndin nánar á almennum fundi í hreppnum, er hún kallar saman fyrir miðjan júlímánuð á hverju sumri.

Borgun fyrir heygeymsluna greiðist úr sveitarsjóði í fardögum eða þegar útsjeð er um það, að heygeymslulotorðin hafi verið efnd.

Hreppsnefndin má, ef hún álítur það hagfeldara, tryggja hreppnum ákveðinn heyforða til hjálpar í heyskorti á annan hátt en hjer er fyrir mælt.

12. gr.

Ef forðabúri með kraftfóðri á að koma á fót, má gjöra það með því móti, að hreppsnefndin semur að sumrinu við einhverja verslun í nágrenni um það, að útvega og geyma til næsta vors ákveðinn forða af því kraftfóðri, sem hreppsnefndin vill leggja í forðabúrið, mót ákveðinni borgun fyrir geymsluna og ákveðnu verði fyrir kraftfóðrið, miðað við hver 100 tvípund. Til 10. dags júnímánaðar má verslunin ekki afhenda kraftfóður það, sem hreppsnefndin hafði samið um, öðruvísi en eftir ávísun frá henni. Eftir 10. júní má verslunin selja hverjum sem vill það, sem hreppsnefndin hefir ekki ráðstafað.

Geymslugjald kraftfóðursins, hvort sem það hefir gengið út eða ekki, borgast úr sveitarsjóði.

13. gr.

Áliti hreppsnefndin ekki tiltækilegt að tryggja hreppnum kraftfóðurforða með því móti, sem bent er á í 12. grein, en vilji eigi að síður sjá hreppnum fyrir kraftfóðri samkvæmt 6. grein, þá kaupir hún kraftfóðrið að sumrinu og annast um flutning á því á þann stað í hreppnum, sem álist hentugastur geymslustaður. Skal hreppsnefndin annast um, að kraftfóðrið sje svo vel geymt, að það rýrni ekki nje skemmist fyrir illan umbúnað.

Verð kraftfóðursins ásamt öllum kostnaði við heimflutning og geymslu borgist úr sveitarsjóði.

Taka má hreppsnefndin lán til kraftfóðurkaupanna í fyrstu. Vextir og afborgun af láninu greiðist úr sveitarsjóði.

Heimflutningskostnaði við kraftfóðrið bætir hreppsnefndin við verð þess, þegar hún selur það, og setur að öðru leyti verðið svo hátt, að líklegt sje að endurnýja megi kraftfóðrið án kostnaðarauka fyrir sveitarsjóð.

14. gr.

Útistandandi skuldir fóðurforðabúrs má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

15. gr.

Hreppsnefndin semur ár hvert skýrslu um fjártryggingarframkvæmdir í hreppnum og reikning yfir allan kostnað, sem af þeim hefir leitt fyrir hreppssjóð, svo sem borgun fyrir heygeymslu og kraftfóðursgeymslu, borgun til forðagæslumanna, heimflutningskostnað á óútgengnu kraftfóðri og ómakslaun hreppsnefndar. Skýrsluna og reikninginn sendir hreppsnefndin í júlímánuði til stjórnarráðsins ásamt nægilegum fylgiskjölum. Áliti stjórnarráðið sönnunarskjölin ekki fullnægjandi, heimtar það skýringar frá hreppsnefndinni. Þegar stjórnarráðið hefir fengið sannanir fyrir því, að fyrirmælum fjártryggingarlaganna hafi verið fylgt, ávísar það hreppsnefndinni, eða umboðsmanni hennar, úr landssjóði $^3/_8$ parta af öllu því, sem hreppssjóður hefir kostað til forðagæslu og fóðurforðatryggingar á árinu. Afborgun og vextir af láni til að stofna kraftfóðurforðabúr telst ekki með þeim kostnaði, sem landssjóður tekur þátt í.

Stjórnarráðið úthlutar eyðublöðum undir skýrslur og reikninga hverri hreppsnefnd, þar sem fjártryggingarsamþykt hefir verið gerð.

16. gr.

Fyrir ómök, innheimtu, reikningsfærslu og skýrslugerðir við framkvæmd fjártryggingarráðstafana í hreppnum má hreppsnefndin reikna sjer ómakslaun kr. 1,50 fyrir hvert býli í hreppnum, þó aldrei minna en 20 kr. og aldrei meira en 100 kr. Greiðist þetta úr sveitarsjóði og telst með öðrum kostnaði við harðindatrygging búfjár.

17. gr.

Hverju hreppsfjelagi, er gerir samþykt samkvæmt lögum þessum og ákveður að stofna í hreppnum fóðurforðabúr með kraftfóðri, skal, ef óskað er, veitast lán úr viðlagasjóði, gegn ábyrgð sýslusjóðs, alt að 200 til 1200 krónur, eftir fjenaðarfjölda hreppanna, til að koma forðabúrinu á fót. Lánið skal endurborgast á 20 árum og ávaxtast með 5%.

18. gr.

Árstillagi hvers hrepps til fjártryggingarsjóðs Íslands heldur stjórnarráðið eftir af styrk þeim, sem á því ári greiðist úr landssjóði til hreppsins samkvæmt 15. grein.

19. gr.

Úr landsjóði skal á hverju ári leggja tvöfalt meira fje í fjártryggingarsjóð Íslands, en tillög þau öll nema samanlögð, sem hrepparnir hafa lagt í sjóðinn á því ári.

20. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirstjórn og umsjón allra fjártryggingarmála landsins. Það skipar, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, umsjónarmann sjer til aðstoðar við stjórn fjártryggingarmálanna, og felur honum umsjón þeirra eftir því sem það álítur við eiga. Skal umsjónarmaður ferðast um landið á hverju sumri, til að líta eftir hvernig fjártryggingarlögunum er framfylgt og veita hreppsnefndunum leiðbeiningar. Umsjónarmaður fjártryggingarmála skal vera búsettur í Reykjavík. Laun hans ákveður Alþingi, en ferðakostnaðarreikninga hans úrskurðar Stjórnarráðið. Hvorttveggja greiðist úr landssjóði.

21. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi umsjón og stjórn fjártryggingarsjóðs Íslands. Allar tekjur sjóðsins skulu settar á vöxtu í Landsbankanum jafnóðum og þær innheimtast, þannig að taka megi til fjárins hvenær sem þarf að veita lán úr sjóðnum samkvæmt 22. grein.

Stjórnarráðið getur skipað sjerstakan mann til að annast starfrækslu sjóðsins, þegar það álítur þörf. Borga má fyrir starfræksluna af tekjum sjóðsins samkvæmt 22. grein. Reikninga sjóðsins skal leggja fram á hverju reglulegu Alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, og skulu þeir síðan prentaðir með landsreikningunum. Ágrip af ársreikningi sjóðsins skal á hverju ári birtast í Lögbirtingablaðinu.

22. gr.

Fjártryggingarsjóð Íslands skal lána, einkum til framfarafyrirtækja í landbúnaði, gegn 1. veðrjetti í jörðum eða ábyrgð sýslufjelaga. Stjórnarráðið veitir lánin í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og veitast þau til 15 ára, afborgunarlaust fyrstu 3 árin og með jöfnum afborgunum á hverju ári eftir það. Vextirnir af lánum þessum skulu vera $4^1/_2$% um árið, sem legst við sjóðinn honum til aukningar, og þar að auki $^1/_2$% um árið, sem verja má til starfrækslu sjóðsins eftir þörfum. Þegar fjártryggingarsjóður Íslands er orðinn svo stór, að ekki er nauðsynlegt að verja þessum hluta vaxtanna öllum til starfrækslunnar, skal mynda varasjóð af því sem afgangs verður.

23. gr.

Fjártryggingarsjóð Íslands má ekki skerða, eða verja neinu af vöxtum hans nje tekjum í næstu 10 ár, frá þeim tíma talið, að 100 hreppar hafa gert samþyktir um tryggingu búfjár, samkvæmt lögum þessum, nema því sem ákveðið er í 22. grein, að verja megi til starfrækslu sjóðsins. Þó má stjórnarráðið, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, ef harðindi koma á þessu tímabili, sem standa lengur en eitt ár, veita vaxtalaust lán til þriggja ára af vöxtum og tekjum sjóðsins, gegn ábyrgð sýslunefndar, til kraftfóðurkaupa að haustinu fyrir þá hreppa, sem verst eru staddir.

24. gr.

Eftir að þau 10 ár eru liðin, sem getið er um í 23. grein, má Stjórnarráðið, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, ef mikil harðindi koma, sem standa lengur en eitt ár, verja á meðan harðindin standa yfir ársvöxtum sjóðsins öllum, og svo miklu af árstillögum til hans, sem nauðsyn krefur, til fóðurkaupa fyrir þá hreppa, sem harðindi kreppa mest að, enda hafi hreppar þessir gert samþyktir um tryggingu búfjár fyrir 10 árum, og stöðugt framfylgt ákvæðum þeirra að öllu leyti.

Hver sá hreppur, sem ekki gerir samþykt til tryggingar búfjár samkvæmt lögum þessum, á ekkert tilkall til styrks úr fjártryggingarsjóði Íslands. Hið sama gildir um hvern þann hrepp, sem gert hefir samþykt til fjártryggingar, en hættir að framfylgja ákvæðum hennar að einhverju leyti, án samþykkis Stjórnarráðsins.

25. gr.

Þegar er þeim harðindum ljettir af, sem ráð er gert fyrir í 24. grein, skal halda áfram að safna í fjártryggingarsjóð Íslands eins og fyrir er mælt í 4. og 19. gr., og ávaxta sjóðinn eins og áður, þar til hann hefir náð þeirri upphæð, að ársvextir hans, sem leggjast eiga við sjóðinn, nema 50,000 krónum. Á þessum tíma má þá, ef aftur koma harðindi, sem standa lengur en eitt ár, verja, eins og sagt er í 24. gr., árlegum vöxtum og tillögum sjóðsins eftir því sem nauðsyn krefur.

26. gr.

Þegar fjártryggingarsjóður Íslands hefir náð þeirri upphæð, sem ákveð-

ið er í 25. gr., skal Alþingi endurskoða lög þessi og getur þá gert ný ákvæði um sjóðinn.

27. gr.

Hvern þann fjáreiganda, sem gerir þann fjenað, sem hann hefir undir hendi, horaðan, að dómi forðagæslumanna, eða fellir nokkuð af honum vegna fóðurskorts, en fjáreigandi hefir vanrækt að útvega fóður, þó fáanlegt hafi verið, eða af því að fjenaðurinn var kvalinn, þó nóg fóður væri til — skulu forðagæslumenn kæra til hreppstjóra, en hreppstjórinn sendir sýslumanni kæruna. Sýslumaður skal rannsaka málið, og reynist kæran á rökum bygð og hinn ákærði sannur að sök, sæti hann sektum 20—200 krónum, eftir málavöxtum.

Mál, sem höfðuð verða samkvæmt þessari grein, og út af brotum gegn 9. gr., skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

28. gr.

Lög um kornforðabúr og viðaukalög við þau, lög um heyforðabúr, lög um forðagæslu og lög um bjargráðasjóð skulu úr gildi numin.

Fylgiskjal I.

Athgs. Þessi lög hefir samið Torfi heitinn Bjarnason í Ólafsdal og eru því ástæður hans prentaðar hjer með, svo og brjef hans til Íslendinga.

Ástæður fyrir uppkasti til laga um harðindatrygging búfjár.

Það er öllum kunnugt, að fóðurskortur og meiri og minni fellir og gagnsmunatjón á búfje manna hefir að kalla má komið árlega fyrir einhversstaðar á landi voru, síðan menn hafa fyrst sögur af landbúnaðinum. Á fyrri tímum kvað svo mikið að þessu, að landsmenn hrundu niður þúsundum saman af hungri og hungursóttum, sem af fjárfellinum leiddi. Að vísu hefir fjárfellirinn ekki valdið mannfelli síðan snemma á næstliðinni öld. Um miðja öldina var líka langur góðærakafli, svo að hagur bænda blómgaðist mjög. En þegar leið á öldina og árferðið versnaði og mjög tók að sverfa að bændum, þá átti þjóðin kost á ýmsum bjargráðum — ef bjargráð má kalla — sem menn höfðu ekki af að segja á fyrri tímum. Menn gátu nú sloppið við hungurdauða með því að taka hallærislán, þiggja ölmusugjafir frá öðrum þjóðum og með því að flýja þúsundum saman af landi burt. Á meðan þessu fer fram, á meðan bændur eiga á hættu að missa bústofn sinn að meira eða minna leyti, hvenær sem hafís og harðindi ber að höndum, er ekki sýnilegt að landbúnaðurinn rjetti við til frambúðar.

Þeir sem stunda landbúnað eru enn þá langfjölmennasta stjett þessa lands, og svo getur verið framvegis, ef landbúnaðurinn kæmist í það horf, að fjenaður landsmanna væri ávalt fullkomlega trygður gegn harðindum. Og með því að landbúnaðurinn hefir hingað til verið kjarninn í tilveru þjóðarinnar, og getur verið

það framvegis, og ef vel er á haldið, þá hefir það ekki litla þýðingu fyrir hag allrar þjóðarinnar, hvernig þessi stjett er stödd í efnalegu tilliti. Það hefir mikla þýðingu fyrir alla þjóðina, hvort bændastjettin heldur áfram að kasta öllum arði margra góðra ára í horfellishítina á einu harðindaári, og steypast um leið í basl og úrræðaleysi — eða sjeð verður fyrir því, að harðindin geti aldrei gert meira mein en að stöðva framfarir landbúnaðarins í bili, geti aldrei eyðilagt neitt af því, sem áunnist hefir á góðu árunum. Þá gæti blómgun landbúnaðarins haldið stöðugt áfram og velmegun bændastjettarinnar aukist jafnt og stöðugt, að eins með smáviðstöðum á hörðu árunum.

Skal jeg svo snúa mjer að hinum einstöku greinum uppkastsins:

1. gr.

Þegar þess er gætt, að hafísinn, sem er aðalorsök harðindanna hjer á landi, má með fullum rjetti bera saman við árásir útlendra óvina, sem rjeðust á þjóðina þegar minst varir, þá er ekki ætlandi til þess, að samtakalaus viðleitni bændanna geti varist þessum árásum. Þúsund ára reynsla er líka búin að sýna, að fæstir bændur hafa verið færir um það. Af þessu leiðir, að það má telja ekki að eins fyllilega rjettmætt fyrir landsstjórnina, heldur jafnvel beina skyldu hennar, að leitast við að koma í veg fyrir það, að vetrar- og vorharðindi vinni landbúnaðinum sama tjón framvegis og þau hafa unnið að undanförnu.

2. gr.

Með því að öll lagaþvingun er jafnan óvinsæl og mundi reynast erfið til framkvæmda í þessu máli, þá er varla tiltækilegt að lögskipa fjártryggingarráðstafanirnar, einkum ef ætlast væri til, að sveitarsjóðirnir bæru kostnaðinn að miklu leyti, og að hver bóndi leggi þar að auki fram mikinn kostnað, með því að safna heyfyrningum þegar vel árar. Það sýnist því tiltækilegast að velja samþyktarleiðina til að koma fjártryggingarmálinu í framkvæmd, reyna að fá bændur til að bindast almennum samtökum til að tryggja búfjenaðinn. En af því að enn mun ekki vaknaður almennur áhugi á þessu máli, þá verður víst varla komist hjá því að láta þá menn, sem hafa áhuga og þekkingu á því, ferðast um landið og hvetja bændur til samtakanna og leiðbeina þeim að ýmsu leyti, til þess að samræmi geti orðið í framkvæmdunum.

3. gr.

Það liggur beinast við og er vafningaminst, að hver hreppur geri samþykt út af fyrir sig, án nokkurrar milligöngu sýslunefndar, og eigi svo að eins við stjórnarráðið um staðfesting samþyktarinnar.

4. gr.

Þessi grein heimtar að tekin sje upp í samþykt hverja öll þau atriði til fjártryggingar, sem nefnd eru í 1. grein. Þetta er nauðsynlegt til þess, að vissa sje fyrir því, að allar þær samþyktir sem gerðar verða, leggi áherslu á öll þau atriði, sem eru grundvöllur búfjártryggingarinnar. Ekki verður heldur búist við nauðsynlegu samræmi í samþyktunum, nema að lögin leggi allan grundvöll þeirra. Skal jeg svo fara nokkrum orðum um alla töluliði greinarinnar:

1. Að koma á svo gætilegum heyásetningi, sem hjer er farið fram á, er afar áríðandi, og má teljast aðalatriði og undirstaða búfjártrygginganna, því án gætilegs heyásetnings alment mundu fóðurforðabúrin ekki nægja. Þau mundu ekki geta orðið svo öflug, að þau dygðu í einu miklu hraðindaári, ef haldið væri áfram því heyásetningarlagi, sem nú tíðkast allvíða. Þar að auki mundu fóðurforðabúrin verða miklu óhentugra og dýrara bjargráð en heyfyrningarnar. En af því að fyrst í stað kann að reynast örðugt að fá suma bændur til að fallast á nauðsyn heyfyrninganna, þá má varla binda fullnaðar-framkvæmd þessa atriðis við ákveðið tímatakmark. Rækileg forðagæsla mundi smámsaman fá alla bændur til að safna heyfyrningum, þegar vel árar.
2. Það er ekki ofætlun að koma fóðurforðabúri á fót innan þess tíma, sem hjer er tiltekið, og rjett er að binda þetta atriði við ákveðið tímatakmark.
3. Forðagæsla, sem stofnsett er með frjálsum samtökum bænda, ætti að verða öflugasta meðalið til að bæta meðferð búfjár og venja bændur á gætilega heyásetning. Án rækilegrar forðagæslu mundu almennar heyfyrningar ekki komast á, og forðabúrin reynast ónóg í harðindum. Þau fáu dæmi, sem menn þekkja um forðagæslu, stofnaða með frjálsum samtökum bænda, sýna, að hún hefir haft hin heillaríkustu áhrif.
4. Það má telja sjálfsagt að forðagæslumenn fái sanngjarna borgun fyrir ómak sitt. Forðagæslulögin frá 1913 skylda hreppsnefndirnar að vísu til að borga forðagæsluna, en þau gefa nefndunum um leið undir fótinn til að skera þessa borgun við nögl. Rjettast er að tiltaka lágmark borgunarinnar og má þá borga meira, ef nauðsyn krefur. Aðalatriðið er að fá bestu mennina, sem kostur er á, til að gegna forðagæslunni. Sá sparnaður mundi borga sig illa að fá ljelega forðagæslumenn fyrir lágt kaup.
5. Þó að almennar heyfyrningar í góðum árum komist á, og þó að fóðurforðabúr væru stofnuð, þá mundu þessar ráðstafanir alls ekki nægja alstaðar til að fyrirbyggja vandræði í margra ára harðindum. Þá yrði að grípa til frekari fóðurkaupa frá öðrum löndum, til þess að geta sneitt hjá alt of mikilli fjenaðarfækkun að haustinu, þar sem ástæðurnar væru lakastar. Þetta framlag frá hreppunum væri þá tillag til sameiginlegs tryggingarsjóðs, er þeir fengju svo hjálp úr, er þörfnuðust hennar í langvinnum harðindum. Tillag það, sem upp á er stungið, er ekki hátt, og engum hreppi um megn að greiða það af hendi. Rjettara er að miða árgjald þetta við jarðarhundruð í hreppunum en við fólkstölu. Fólkstala hreppanna er breytileg en jarðahundraðatalan ekki. Og svo stendur fjenaðarfjöldi hreppanna víða í rjettara hlutfalli við jarðarhundruðin en við fólkstöluna.

5. gr.

Greinin *leyfir* hreppsnefndunum að gera ákvæði um 2 atriði, sem mjög gagnlegt væri að tekin yrðu upp í hverja samþykt:

1. Það kann að þykja ófrjálslegt að banna mönnum að taka fóður eða farga heyi nema með ráði forðagæslumanna, og er því rjett að leggja það á vald hreppsmanna hvort þetta ákvæði sje sett í samþyktina. En ákvæðið er nauðsynlegt til þess að venja ráðlitla menn af þeim gamla ósið, að setja illa á,

beinlínis í því trausti, að góðsamir nágrannar þeirra taki af þeim fjenað eða láti þá fá hey fyrir lítið eða ekkert, þegar þeir eru orðnir heylausir.

Sú venja, sem lengi hefir viðgengist, að hver bóndi, sem er heybirgari en nágranni hans, er talinn skyldur til að hjálpa þeim, sem heylausir verða, er mjög óholl og hættuleg. Venja þessi hefir oft leitt til þess, að heybirgu bændurnir hafa hjálpað um hey, þangað til að þeir komust sjálfir í vandræði. Í öðru lagi hefir þessi venja stutt að því, að framsýnir bændur hafa ekki viljað safna heyfyrningum, til þess að láta aðra eyða þeim, oft fyrir lítið eða ekkert.

Þó að þessi gamla venja sje vottur um hjálpfýsi manna, óeigingirni og góðvild, og væri mjög lofsverð á meðan engra úrræða var leitað til að koma í veg fyrir horfelli eða niðurskurð fjenaðar að vorinu, þá ættu allir að skilja, að þetta væri raunar mjög misskilin hjálpsemi, og alveg óþörf, ef fóðurforðabúr eru til. Sá sem vill hjálpa nágranna sínum í heyleysi, getur það alveg eins, þó hann láti hann ekki fá hey frá sjálfum sjer, ef heyforðabúr er til í sveitinni. Ef heylausi bóndinn er fátækur og á bágt með að kaupa heyið, en hinn er efnaður og hjálpsamur, þá getur hann eins vel hjálpað heyþurfanum til að borga heyið úr forðabúrinu, eins og að láta hann fá það frá sjálfum sjer.

2. Ákvæðið um heygjafaskýrslur er mjög gagnlegt, en varasamt að lögskipa það í byrjun. Hitt er líklegt, að flestir hreppar fjellust á að taka það með, þegar gagnsemi þess væri skýrð fyrir mönnum og hentugt form fyrir heygjafaskýrslur útvegað.

6. gr.

Ef bændur tækju almennt upp þann sið, að safna heyfyrningum í góðum árum, þá mundi ekki oft eða mikið þurfa að halda á fóðurforðabúrum. En eigi að síður eru þau nauðsynleg. Sumir bændur kunna að skella skolleyrunum við ráðleggingum forðagæslumanna fyrst um sinn. Svo geta ýms óhöpp valdið því, að stöku bændur verði heylausir, þó að almenningur sje vel birgur. Stöku jarðir geta líka orðið tiltölulega óvanalega hart úti í vondum vetrum. Og fleira getur valdið því, að nauðsynlegt sje, að hafa ávalt til varaforða, sem forðagæslumenn geti vísað á, ef einhver verður heytæpur. *Það má ekki koma fyrir, að bændur neyðist til að skera niður fénað sinn að vorinu, af því að fóður sé hvergi fáanlegt.*

Það er eðlilegast að láta hvern hrepp ráða því, hverskonar fóðurforðabúri hann vill koma upp. Á einum stað kann að vera gild ástæða til að stofna að eins heyforðabúr, á öðrum að eins kraftfóðurforðabúr, og á hinum þriðja hvorttveggja. Má ætla, að bændur á hverjum stað sjeu færastir til að dæma um þetta.

Það eykur að vísu störf hreppsnefndanna, að annast um fóðurforðabúrin. En af því að fjártryggingarmálið er engu þýðingarminna en önnur hreppsmál, af því að skemtilegra er fyrir hreppsnefndina að annast um ráðstafanir til að fyrirbyggja það, að menn flosni upp í sveitinni, eða að ráðstafa uppflosningum eftir fjárfelli, og af því að vænta má, að jafnan séu valdir færustu og bestu mennirnir í hreppsnefndina, þá sýnist ekki verða komist hjá því, að fela hreppsnefndunum þennan starfa.

7. gr.

Það er ekki nema sanngjarnt, að sá, sem óhlýðnast ráðum forðagæslumanna, sitji á hakanum með fóðurkaup úr forðabúri hreppsins. Ef það kæmi fyrir, *sem þó ekki ætti að vera*, að forðabúrið entist ekki til að fullnægja þörfum hreppsbúa, þá þarf að vera svo um búið, að fóðurhjálpin komi sem réttast niður, og verður þá einkum að miða við fjenaðarfjölda.

8. gr.

Þó að í flestum hreppum muni vera mögulegt að afljúka inniskoðun á 12 dögum, þá munu þeir hreppar vera til, sem þetta er ekki kleift. Ætti þar, sem svo stendur á, að vera leyfilegt að hafa 4 forðagæslumenn, því að mörgum nýtum bændum mun þykja frágangssök að vera lengur en hálfan mánuð burtu frá heimili sínu í hvert sinn.

Nauðsynlegt er að tveir forðagæslumenn fylgist, því tveir menn mundu oftast leysa starfið betur af hendi en einn, bæði hvað snertir að mæla heyin og meta gæði þeirra, og dæma um hirðing og ástand fénaðar o. fl. Svo getur einn maður auðveldlega fatlast frá starfinu, og þá kemur alveg óvanur maður, eða starfið fellur niður um sinn. Síður er hætt við, að báðir mennirnir fatlist í einu.

9. gr.

Það er mjög nauðsynlegt, að farnar sjeu 3 eftirlitsferðir á vetri, og er rjett að hver hreppur ákveði, hvenær eftirlitið skuli fara fram á þeim tímabilum, sem greinin tiltekur.

Fyrsta skoðun (haustskoðun) þarf að vera um veturnætur. Ef það kemur upp strax á veturnóttum, að einhver er óbirgur með fóður, er hægt fyrir hann að farga af fénaðinum að skaðlausu.

Miðsvetrarskoðunin er ómissandi vegna þess, að komið getur það fyrir, að bóndi, sem virtist birgur á veturnóttum, sé nú illa staddur. Skemdir hafa getað komið upp í heyjunum og þau reynst lakari en áætlað varð, á meðan ekki var farið að gefa af þeim. Skeð getur líka, að einhver fjármaður hafi eytt meira heyi en forðagæslumenn töldu þörf á. Og svo getur verið, að einhver hafi sett fleira á en forðagæslumenn töldu fært. Á miðjum vetri er enn tími til að bæta úr fóðurskortinum að skaðlitlu, með því að létta einhverju á fóðrum. Svo er það fyrst um miðjan vetur, sem forðagæslumenn geta sjeð, hvernig fjenaðarhirðing er af hendi leyst, og þá fyrst geta þeir gefið verulegar leiðbeiningar um hirðingu og umgengni í húsum og heystæðum. Getur orðið til mikils gagns að gefa þá vitnisburði fyrir hvorttveggja.

Hentugast er að þriðja skoðunin (vorskoðunin) fari fram á tímabilinu viku fyrir sumar til vinnuhjúaskildaga. Þá er oftast sýnilegt orðið, hvernig afkoman muni verða það vor hjá flestum bændum, ef ekki eru harðindi. Í vondum vorum er erfitt að dæma um afkomuna svo snemma, en þá sjest þó, hvort nóg hey eru til þó harðindi haldist fram eftir vorinu. Aftur getur oft komið fyrir, að sauðfje og hross sjeu alveg komin af gjöf fyrir sumarmál.

Síðasta eftirlitsferðin þarf ekki og má ekki fara fram fyr en allur fénaður er kominn af gjöf. Fyr verður ekki séð, hve mikil hey fyrnast, og fyr er

ekki hægt að gera grein fyrir gjafatímanum og vanhöldunum það vor. Aldrei ætti að fara þessa ferð fyr en að liðnum fardögum eða um fardaga, og í slæmum vorum miklu seinna.

10. gr.

Til þess að skýrslur þær, sem sjálfsagt er að heimta að forðagæslumennirnir geri um skoðanirnar, verði fullnægjandi og í samræmi, er nauðsynlegt að stjórnarráðið leggi til eyðublöð undir þær. Að eintak af þessum skýrslum sje innfært í bók, er á sínum tíma komist í skjalasafn landsins, er til mikils gagns og fróðleiks fyrir eftirkomendurna. Rétt er að forðagæslubókin sje lögð fram öllum til athugunar á almennum hreppsfundi. Nauðsynlegt er, að annað eintak af skýrslunum sé sent á hverju sumri til stjórnarráðsins. Geta skýrslurnar gefið stjórnarráðinu og umsjónarmanni fjártryggingarmála ýmsar gagnlegar bendingar.

11. gr.

Það mun reynast erfitt að stofna heyforðabúr með öðru móti en hjer er bent á, einkum vegna þess, að vel getur komið fyrir, að ekki þurfi að taka til heysins í mörg ár, þegar gætilegur heyásetningur er alment kominn á. Rýrnar þá heyið ár frá ári, og getur farið svo, að eftir mörg ár verði það orðið laklegt fóður fyrir lambær og kýr, og verði því að minni notum en til var ætlast. En erfiðleikar mundu verða á því og allmikill kostnaður að skifta um heyið fyrir nýtt hey. Aftur á móti er séð fyrir því, að ávalt sé nýtt hey í forðabúrinu, þegar forðabúrsbóndinn endurnýjar það á hverju ári og fær hæfilega borgun fyrir geymslu heysins á hverju ári. Auðvitað er vel hugsanlegt, að hreppsnefndin sjái greiðan veg til að tryggja hreppnum heyforða á annan hátt og er þá sjálfsagt að gera ráð fyrir því.

12. og 13. gr.

Rjettast er að leggja það á vald hreppsnefndar, hvort samið er við einhverja verslun um geymslu á kraftfóðri eða nefndin kaupir kraftfóðrið og geymir í hreppnum. Fyrri aðferðin mundi að líkindum oftast reynast kostnaðarminni og því haganlegri, ef staðhættir leyfa slíkt. Ef engin verslun er í nágrenni, sem hægt sé að ná til snemma að vorinu, ef á liggur, þá er ekki um annað að gera en hafa kraftfóðurforðann í sveitinni.

Það mun þykja óviðfeldið, að hér er ætlast til að hreppssjóður borgi geymslugjald þess kraftfóðurs, sem gengur út. Hitt kann að þykja réttara, að láta kaupanda kraftfóðursins borga það. En hér er á það að líta, að hugsanlegt er, að bóndi geti fengið kraftfóðrið hjá kaupmanni sínum án milligöngu hreppsnefndarinnar. Þarf hann þá ekki að borga geymslugjald, en hreppssjóður verður að borga það, úr því að kraftfóðrið gekk ekki út. Sama getur komið fyrir þó kraftfóðurforða búrið sé í sveitinni og kraftfóðrið gangi ekki út. Ef nokkurt lag kemst á heyásetninginn, þá sannast það, að ekki þarf oft að halda á kraftfóðurforðabúrunum og þá munar það ekki miklu, þótt alt geymslugjald sé borgað úr sveitarsjóði fyrir þau árin, sem kraftfóðrið verður notað eins og fyrir hin, er verða miklu fleiri, sem enginn notar það. Vafningaminst er því að hreppssjóður borgi ávalt alt geymslugjald.

14. gr.

Þarf engrar skýringar við.

15. gr.

Sjálfsagt er að hreppsnefndin geri árlega skýra grein fyrir öllum fjártryggingarráðstöfunum í hreppnum, svo að sjá megi hvort fjártryggingarlögunum hafi verið fylgt. Nauðsynlegt er að stjórnarráðið leggi til eyðublöð fyrir skýrslur þessar og reikningana, bæði vegna samræmisins og til að koma í veg fyrir vafninga, tafir og óþarfar bréfaskriftir.

Aðalkjarni þessarar greinar er það, að stjórnarráðið borgi hreppsnefndum úr landssjóði $^2/_3$ hluta af öllum kostnaði við forðagæslu og fóðurforðabúr. Það kann að þykja til of mikils ætlast að landssjóður leggi til $^2/_3$ hluta af þessum kostnaði, þar eð þessar ráðstafanir sjeu einkum gerðar vegna bændanna, og að skaðinn af fóðurskorti og fjenaðarfelli lendi fyrst og fremst á þeim. Hjer er gert ráð fyrir, að bændur leggi úr hreppssjóði $^1/_3$ hluta af þessum kostnaði, og svo er ætlast til, að þeir safni heyfyrningum í öllum góðum árum. Og heyfyrningar eru kostnaður fyrir bændur, þeir missa vexti af verði heysins, og heyið rýrnar við geymsluna. Ef bændur söfnuðu almennt svo miklum heyfyrningum, að muni helmingnum af öllum útheyskap í meðalári, sem er það minsta sem fyrnast þarf, til þess að bændur þoli einn harðan vetur með vondu vori á eftir, þá mundi kostnaðurinn við þær heyfyrningar nema hér um bil 135,000 kr. fyrir alt landið. Og sá kostnaður lendir eingöngu á bændum. Geri maður svo ráð fyrir, að kostað væri til forðagæslu og fóðurforðabúra og fjártryggingarsjóðs á öllu landinu 120,000 krónum á ári og að sveitarsjóðirnir borguðu $^1/_3$ hluta, en landssjóður $^2/_3$ hluta, þá borguðu bændur alls til búfjártrygginga 175,000 kr. en landssjóður borgaði 80,000 kr.

Þess má líka gæta, að þó að skaðinn, sem af fóðurskorti leiðir, lendi fyrst og mest á bændum, þá kemur hann fram með ýmsu móti á öllum landslýð og á landssjóði. Þau verslunargjöld, sem landbúnaðarlýðurinn borgar nú, mundu stórkostlega minka við almennan fjárfelli og peningastraumur úr sveitunum til kaupstaðanna minka, og þjóðin öll verða fyrir stórtjóni af mannflutningum úr landinu.

Loks er á það að líta, að fóðurskortur og fénaðarfellir, og volæði það, sem þar af leiðir, stafar oftast af þeim orsökum, sem með fullum rjetti má líkja við árásir útlendra óvina. Og enginn landstjórn ætlast nú til þess, að hver einstaklingur verji sig fyrir árásum útlendra óvina. Hver landstjórn annast um landvarnir gegn útlendum árásum og kostnaðurinn til landvarnanna er tekinn af öllum landslýð í sameiningu.

Fyrir meira en 1000 árum töldu landstjórnirnar (konungarnir) skyldu sína að verja lönd sín fyrir víkingum. Auðvitað urðu bændur að taka þátt í landvörninni. Landstjórnin okkar hefir hingað til lagt litla áherslu á það að verja þjóðina fyrir grænlensku víkingunum, sem koma þegar minst varir og höggva strandhögg, eins og víkingarnir í fornöld. Af þesskonar árásum á búfjenað sinn hefir engin þjóð haft að segja nema Íslendingar síðan á víkingdöldinni.

16. gr.

Það eru varla tiltök að gera hreppsnefndunum að skyldu að annast um framkvæmdir fjártrygginganna, reikningshald og skýrslugerðir, sem leiðir af þeim, án þess að þær fái borgun fyrir það, og er rjett að telja þá borgun með öðrum kostnaði við fjártryggingar.

17. gr.

Landsjóður hefir veitt lán til að stofna kraftfóðurforðabúr (kornforðabúr), og er auðvitað nauðsynlegt að því sé haldið áfram ef með þarf. Má lánið varla vera minna en hér er til tekið, ef kraftfóðurforðinn á að hafa nokkra þýðingu og ef hreppurinn þarf að taka lánið.

18. gr.

Þarf engrar skýringar við.

19. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði 15. greinar.

20. gr.

Hér er gert ráð fyrir líku fyrirkomulagi og við yfirstjórn og umsjón fræðslumála landsins, og sýnist ekki verða komist hjá því.

21. gr.

Fyrirkomulag það, sem hér er stungið upp á, er umfangslítið, og sýnist geta átt eins vel við um þennan sjóð og Ræktunarsjóð Íslands.

22. gr.

Það á vel við að lána sjóðinn til framfarafyrirtækja í landbúnaði. En verði ekki nóg eftirspurn eftir þeim lánum, er sjálfsagt að veita lán í öðru skyni móti jafngóðri tryggingu.

23. og 24. gr.

Eitthvert tímatakmark verður að setja um það, hvenær megi fara að veita mönnum hjálp úr sjóðnum, og má varla vera minna en hann fái að safnast óhindraður í 10 ár. Tilgangurinn með að stofna þennan sjóð er sá, eins og tekið er fram við 4. gr. stafl. 5, að veita hjálp í fleiri ára harðindum, og þá er auðsætt, að nauðsynlegt er að lofa fénu að safnast og sjóðnum að vaxa um nokkurra ára skeið, annars getur hann aldrei veitt verulega hjálp þegar mest ríður á. Og aldrei ætti að skerða sjóðinn eða hindra vöxt hans vegna eins árs harðinda. Við eins árs harðindum ættu menn ætíð að geta séð með gætilegum heyásetningi og fóðurforðabúrum.

Nauðsynlegt er að ákveða um skilyrði fyrir því, að hreppur geti öðlast styrk úr sjóðnum, og þó hart kunni að þykja, að þeir hreppar einir njóti styrksins, sem fullnægt hafa fjártryggingarlögunum í 10 ár eða lengur, þá er þó varla tiltækilegt að láta þá hreppa eiga tilkall til sjóðsins, sem ekkert vilja á sig leggja, enda er þetta hið eina aðhald, sem beitt verður til þess að allir eða flestir hreppar taki þátt í samtökum þeim, sem lög þessi stofna til.

25. og 26. gr.

Það má telja sjálfsagt, að haldið sé áfram að safna í fjártryggingarsjóðinn á milli harðindakaflanna, þar til er hann hefir náð einhverri vissri upphæð. Svo vel ætti að vanda fjártryggingarlögin í upphafi, að ekki þyrfti að endurskoða þau fyr en eftir allmörg ár, svo að veruleg reynsla væri fengin. Þegar ársvextir

sjóðsins hafa náð þeirri upphæð, sem hér er nefnd, er sjóðurinn orðinn um 1,000,000 króna, og gæti það takmark náðst — að eins með hluttöku 100 hreppa — á 12—15 árum, ef ekki þyrfti oft að hindra vöxt sjóðsins á þeim tíma, og á eftir því skemri tíma, sem fleiri hreppar hefðu gert samþyktir.

27. gr.

Þó að löggjafarvaldið hafi að undanförnu hótað bændum hegningu fyrir horfelli, þá hefir reynslan sýnt, að þær hótanir hafa að engu gagni komið. Það er líka mjög tvísýnt, hvort ráðlegt væri að hegna fyrir horfellinn, þegar nýrra ráða er leitað til þess, að bændum sé unt að ná til fóðurs að vorinu til að bjarga fénaðinum, ef þá ber upp á sker. Það er meira en vorkunn, þó bændur hlaupi ekki til þess að vorinu að drepa fénaðinn niður þó útlitið sé iskyggilegt, því enginn getur sagt nema batinn komi, þegar minst varir, svo að öllu sé borgið. Þess eru mörg dæmi, að bændur hafa skorið fénað sinn niður 1 eða 2 dögum áður en batinn kom, af því að hvergi var hjálp að fá. Eru slík dæmi allátakanleg og umhugsunarverð. En hitt er jafn sjálfsagt, að sá bóndi á skilið að vera sektaður, sem ekki vill kaupa framboðið fóður, og lætur fénaðinn svelta og horfalla, eða sá, sem horkvelur fénaðinn þó nóg fóður hafi. Og miklar líkur eru til þess, að þeim mönnum, sem þannig breyttu, yrði ekki hlíft við kæru, — enda mundu þeir fáir verða, líklega alls enginn.

Það liggur í augum uppi, að lög, sem væru lík þessu uppkasti í aðalatriðunum, mundu baka bændum allmikinn kostnað með heyfyrningunum og landsjóði allmikil útgjöld, þegar þau kæmu til framkvæmda. En trauðla munu finnast ráð, sem duga til að koma í veg fyrir fóðurskort og fjárfelli á Íslandi, án þess að bændur tækju upp þá sjálfsögðu reglu, að setja gætilega á og safna heyfyrningum, þegar vel árar, og að landsjóður leggi fram allmikið fje til fjártryggingarinnar. Á það má og líta, að heyfyrningakostnaðurinn er hreinn og beinn gróðavegur fyrir bændur, og að landsjóður mundi smámsaman fá þann kostnað margborgaðan, sem hann legði fram — borgaðan með aukinni framleiðslu, aukinni velmegun í landinu og auknum tekjum frá landbúnaðarlýðnum.

Nóg reynsla ætti að vera fengin fyrir því, að í þessu máli duga ekki orðin tóm, fremur en í öðrum framfaramálum. Í þessu þýðingarmikla máli verða allir að leggja hönd á plóginn. *Bændur og landstjórn verða að gera skyldu sína af fremsta megni, og verða samtaka ef duga skal.*

Ólafsdal, í mars 1915.

T. Bjarnason.

Fylgiskjal II.

Lausleg áætlun

um kostnað, sem lög um harðindatrygging búfjár, lík uppkasti mínu, mundu baka landsjóði, ef 100 hreppar með 3200 býlum gera samþyktir:

1.	Tillag til forðagæslu, 4 kr. á býli, er 12,800 kr., $^2/_3$ er	kr.	8,537
2.	— — heyforðabúra, 300 kíló á býli og 70 a. geymslugjald á 100 kíló = 6720 kr., $^2/_3$ er	—	4,480
3.	— — kraftfóðurforða, 100 kíló á býli á 20 kr., geymslugjald 10% = 6400 kr., $^2/_3$ er	—	4,266
4.	— — ómakslauna hreppsnefnda, 1,50 á býli = 4,800 kr., $^2/_3$ er	—	3,200
5.	— — fjártryggingarsjóðs Íslands af 45,000 jarðarhundr., 40 a. á hvert	—	18,000
6.	Laun og ferðakostnaður umsjónarmanns fjártryggingarmála o. fl., hjer um bil	—	3,517
	Kostn. á ári þegar 100 hreppar eru komnir	kr.	42,000

Kostnaður yrði líklega á

1. ári:	Laun 2 sendimanna og ferðakostnaður	kr.	3,000
2. —	Kostnaður sömu manna, 3000 kr., til forðagæslu o. fl. í svo sem 50 hreppum, 20,000 kr. = ...	—	23,000
3. —	Til forðagæslu o. fl. í 100 hreppum	—	42,000
4. —	Til forðagæslu o. fl. í 150 hreppum	—	63,000
	Og ef að allir hreppar landsins tækju þátt í samtökunum, þá gæti árskostnaður landsjóðs orðið alt að	—	80,000

Ólafsdal í mars 1915.

T. Bjarnason

Fylgiskjal III.

Sendibrjef til Íslendinga.

Ólafsdal 22. mars 1915.

Háttvirtu landsmenn!

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður til íhugunar uppkast til laga um harðindatrygging búfjár, ásamt nokkrum ástæðum fyrir uppkastinu.

Uppkast þetta hefi jeg haft á prjónunum í 2 ár, og velt því talsvert fyrir mjer, en býst samt við að á því sjeu enn þá margir gallar, ekki að eins að formi og frágangi, heldur líka hvað efnið snertir. Jeg hefi ekki átt kost á að bera uppkastið undir þingmenn, og veit því ekki hvernig þeir muni líta á efni þess.

Uppkast þetta gerir ráð fyrir allháum kröfum fyrir búfjártryggingarnar, bæði frá landsjóði og bændum. En það er sannfæring mín, að ekki megi draga mikið úr þeim kröfum, ef menn ætla að búa svo um hnútana, að búfje bænda sje trygg eign, hve mikil harðindi sem beri að höndum.

Þingið 1913 ætlaðist til að forðagæslulögin og bjargráðasjóðslögin bættu úr þessu eldgamla búskaparmeini okkar, að búfjenaðurinn er alment í hættu staddur hvenær sem árferðið harðnar. En það eru litlar líkur til þess, að lög þessi komi að haldi. Þar að auki hefir borið á talsverðri óánægju hjá bændum út af þessum lögum, bæði á síðasta þingi og í blöðunum.

Jeg hefi ávalt haldið því fram, eins og kunnugt er af greinum mínum í Búnaðarritinu, að ekki tjái að ætlast til þess, að bændur verjist til hlítar árásum hafíss og harðinda, án þess að landsstjórnin leggi til þess sitt liðsinni. En hitt er líka auðsætt, *að landstjórnin getur tiltölulega lítið gagn gert í þessu máli, nema bændur taki höndum saman við hana til að koma því í rjett horf.*

Mjer hefir því komið til hugar, að rjettast væri að leita umsagnar bænda um það, hvort þeir óska að þingið taki þetta mál enn á ný til íhugunar og hvort þeir vilja láta gera nokkrar alvarlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fjárfelli framvegis.

Oft er þörf, en nú er nauðsyn, segir gamalt máltæki. Ávalt hefðu landsmenn þurft að tryggja búfjenaðinn gegn harðindahættunni — við það munu allir kannast — en um mörg ár hefir þörfin ekki verið eins brýn og bersýnileg sem nú. Dýrtíð og siglingateppa er þegar gengin í garð, sem afleiðing af Evrópustríðinu, og enginn telur sig sjá fyrir endann á því enn þá. Miklar líkur taldar til þess, að stríðið verði all-langvint. Og hitt má telja víst, að dýrtíðin haldi áfram um sinn eftir að stríðið hættir.

Það virðist því auðsætt, að okkur ríði mikið á því að halda búfjenu í góðu standi og vanhaldalausu. Búfjeð er jafnan aðalbjargarvonin okkar bændanna, og *eina bjargarvonin* þegar útlend matvæli eru orðin bæði dýr og mjög af skornum skamti. Í hið minsta mun öllum sýnilegt, að við getum ekki hugsað til að bjarga fjenaði okkar á útlendu fóðri á næstu árum. Þá eru það heyin, sem eiga að hjálpa okkur, um annað er þá ekki að tala.

Af þessum ástæðum kom það, að jeg rjeðist í að gera tilraun til þess að flýta fyrir því, að bændur og landsstjórn tækju höndum saman til að tryggja búfjenaðinn. Og þó að þetta tiltæki megi telja framhleypni af mjer, sem ekkert er við almenn landsmál riðinn, þá vona jeg að mjer verði fyrirgefið það, þegar þess er gætt, að jeg hefi um undanfarin 6 ár verið að reyna að vekja athygli manna á þessu máli — *máli, sem jeg tel vera okkar langþýðingarmesta búnaðarmál,* en sem mjer finst almenningur gefa of lítinn gaum.

Það eru nú vinsamleg tilmæli mín, *að þetta brjef, uppkastið, sem hjer með fylgir og ástæðurnar fyrir því,* verði svo fljótt sem við verður komið, tekið til rækilegrar umræðu og íhugunar á almennum fundi í hreppi yðar, og *tillögur fundarins síðan sendar með póstum í öndverðum júnímánuði til forseta Búnaðarfjelags Íslands í Reykjavík.*

Einnig vil jeg mælast til þess, að málið um harðindatrygging búfjár verði rætt á öllum þingmálafundum í vor, *ályktun tekin um meðmæli með uppkasti mínu eða mótmæli gegn því, og afgreitt svo til þingmanns hvers kjördæmis.*

Jeg tek það upp aftur, að jeg vil leyfa mjer að biðja bændur að íhuga þetta mál rækilega, og lýsa því svo yfir *skýrt og skorinort*, bæði á hreppafundum og þingmálafundum, *hvort þeir óska að þingið í sumar taki málið um harðindatrygging búfjár til meðferðar eða láti það afskiftalaust að sinni.*

Jeg tel lítinn vafa á því, að svo framarlega sem uppkast mitt fær daufar undirtektir hjá bændum eða sætir talsverðum mótmælum í aðalatriðunum, þá verði málinu ekki hreyft á þinginu í þetta sinn. Það mundi ekki verða reynt að þröngva nokkrum nýjum lögum um þetta mál upp á bændur, þó að þingmönnum kynni að sýnast þörf á einhverjum frekari aðgerðum — mundi ekki verða reynt, þegar það sæist svart á hvítu, að bændur færðust alment undan því að gera nokkra alvarlega tilraun til að tryggja búfjenaðinn.

Sömuleiðis tel jeg lítinn vafa á því, að svo framarlega sem þjer takið málinu alment vel, og lýsið yfir því, *að þjer sjeuð fúsir til að framfylgja lögum um harðindatrygging búfjár, sem í aðalatriðunum gengu í sömu átt og uppkast mitt, þá mundi þingið varla vísa málinu frá.* Þó að þingmenn hafi nú sjálfsagt í mörg horn að líta með fje landsjóðs, þá myndu þeir varla láta þetta þýðingarmikla mál reka lengur á reiðanum, ef þeir sæju að bændum væri alment full alvara að mæta landstjórninni á miðri leið — að þeir væru fúsir til að leggja hart á sig til þess að tryggja búfjenaðinn.

Það verður því á yðar valdi, bændur góðir, hvort nokkur tilraun verður gerð í þetta sinn til þess að koma í veg fyrir fjenaðarfelli í næstu harðindum. — Að þessu leyti er málið nú í yðar höndum og á yðar ábyrgð.

Gætum þess nú, góðir menn, að hingað til hefir engin alvarleg tilraun verið gerð til þess að útrýma horfellinum, og að hægðarleikur er að gera það, *ef að bændur og landstjórn leggjast á eitt og gera sína skyldu afdráttarlaust.* En án þess er óhugsandi að ráðin verði bót á þessu þjóðarmeini.

Það væri frægðarverk og Íslendingum til ævarandi sæmdar, ef bændur og landstjórn yrðu nú samtaka í því að uppræta þessa þúsund ára gömlu búskaparmeinsemd okkar — horfellinn — sem ávalt hefir staðið þjóðinni fyrir þrifum og hindrað eðlilegar framfarir hennar í öllum greinum.

Virðingarfylst, yðar

T. Bjarnason.

Nd. **35. Tillaga**

til þingsályktunar út af staðfestingu stjórnarskrárinnar.

Flutningsmenn: Sig. Eggerz, Skúli Thoroddsen og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir því, að hún telur landið óbundið af öðrum skilmálum fyrir staðfesting stjórnarskrárinnar en þeim, sem felast í fyrirvara Alþingis 1914.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um að nema úr gildi lög nr. 44, 10. nóvember 1913, um forðagæslu.

Flutningsmenn: Eggert Pálsson, Sigurður Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson og Einar Jónsson.

Lög nr. 44, 10. nóvember 1913, um forðagæslu, eru úr gildi numin.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóvember 1907, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Orðin í 4. gr.: »gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skólakostnaði«, falli burt.

2. gr.

Síðari málsgrein 7. gr. »Í þeim skólahjeruðum« og til enda greinarinnar, falli burt.

3. gr.

Aftan við 30. grein bætist:

Hún skal og leggja fram reikning skólans til sýnis gjaldendum og auglýsa hvar og hvenær reikningurinn liggi frammi.

Ed. **38. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar.

Flutningsmenn: G. Björnson og Karl Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 3 manna nefnd, til að íhuga mál, er snerta sjerstaklega sjávarútveg landsins.

Ed. **39. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl. (stj.frv.).

Til þess að tryggja það, að framvegis fáist leyfi til þess að flytja ýmsar nauðsynjavörur frá Bretlandi til Íslands meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, gaf konungur út bráðabirgðalög 19. f. m., er banna útflutning að nýju á öllum vörum sem hingað flytjast frá Bretlandi. Er frumvarp þetta samhljóða bráðabirgðalögunum, sem prentuð eru aftan við það sem fylgiskjal.

Nefndin er stjórninni samdóma um, að brýn þörf sje á lögum í þessa átt, og að einnig sje rjett að veita stjórninni heimild til að leggja samskonar útflutningsbann á vörur, sem flytjast til Íslands frá öðrum löndum, ef breyttar kringumstæður gera það nauðsynlegt. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með nokkrum smábreytingum, sem prentaðar eru hjer á eftir.

Nefndinni virðist rjett að ákvæði frumvarpsins gildi um allar vörur, sem koma frá Bretlandseyjum. Ákvæði 1. gr. um að láta megi vörur þessar af hendi til íslenskra fiskiskipa, meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland, virðist einnig mega ná til útlendra fiskiskipa, sem eru að veiðum hjer við land og leggja afla sinn upp hjer.

Þá virðast oss sektarákvæði frumvarpsins of lág. Ef einhverjum hugkvæmdist að flytja aftur út úr landinu heilan skipsfarm af vörum frá Bretlandseyjum, gæti hagnaðurinn við það orðið svo mikill, að 1000 kr. sekt væri ekki tilfinnanleg. Leggjum vjer því til að hámark sektanna verði hækkað upp í 5000 kr.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. 1. lið. Fyrir orðið »Bretlandi« komi: Bretlandseyjum.
2. Við 1. gr. 2. lið. Fyrir orðin »íslensk — — — Ísland« komi: fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.
3. Við 3. gr. Fyrir »1000 kr.« komi: 5000 kr.
4. Við fyrirsögnina. Fyrir orðið »Bretlandi« komi: Bretlandseyjum.

Alþingi, 14. júlí 1915.

Jósef J. Björnsson, form. — Steingrímur Jónsson, skrifari og framsm.

Magnús Pjetursson.

Nd. **40. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til að athuga þegnskyldumálið.

Flutningsmenn: Matth. Ólafsson og Sig. Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess, meðan á þingi stendur, að athuga þegnskyldumálið og koma fram með ákveðnar tillögur í því.

Ed. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Guðm. Ólafsson og Björn Þorláksson.

Efri deild Alþingis ályktar að lýsa því yfir, að hún telur staðfestingarskilmála stjórnarskrár 19. júní 1915 í fullu samræmi við fyrirvara Alþingis 1914, og lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar.

Nd. **42. Tillaga**

til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Alþingi ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að fara þess á leit við dönsku ráðherra-stjórnina, að 4—5 hraðskreiðir fallbyssubátar sjeu eftirleiðis látnir hafa á hendi landhelgisvörnina við strendur Íslands, í stað danska varðskipsins, sem nú er, og sje hver þeirra, að stærð og lögun, sem allra svipaðastur botnvörpungum (»trawlers«), er fiskiveiðar stunda við strendur Íslands, og stærri meðal-stærðar eru taldir.

Nd. **43. Fyrirspurn**

til ráðherra um loftskeytastöð í Reykjavík.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Hvers vegna hefir eigi enn verið reist loftskeytastöð sú í Reykjavík, sem um ræðir í 6. gr. l. nr. 25, 22. okt. 1912? Var eigi tekið lán til hennar árið 1913? Hverjar ráðstafanir hefir landsstjórnin gert til að stöðin verði reist?

Nd. **44. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals- og Árskógshreppum.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

Öxnadalshreppur og Árskógshreppur í Eyjafjarðarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Ef þjóðjörð eða kirkjujörð, er seld hefir verið eða seld kann að verða ábúanda samkvæmt lögum nr. 30, frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50, frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, og lögum nr. 51, frá 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum, gengur úr sjálfsábúð, en hvorki leiguliði eða hlutaðeigandi sveitarfjelag vill nota kauparjett sinn, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð, er þá hefir forkaupsrjett að henni.

Sama forkaupsrjett hefir landssjóður á þeim jörðum, er seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum, og á öllum öðrum jörðum, er ganga kaupum og sölum.

2. gr.

Nú tilkynnir eigandi eða annar fyrir hans hönd landsstjórninni, að jörð sje til sölu eða sje gengin úr sjálfsábúð samkvæmt 1. gr., og skal landsstjórnin hafa tilkynt hlutaðeiganda innan tveggja mánaða, hvort hún vill að landssjóður neyti kauparjettar síns. Sje svar hennar játandi, gerir hún jafnframt ráðstafanir til að mat fari fram, samkvæmt lögunum um sölu þjóðjarða, og sölu kirkjujarða, svo fljótt, sem landsstjórnin álítur gerlegt, og skal kaupverðið venjulega bygt á því mati. Landssjóður kostar matið.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að kaupa til handa landssjóði jarðir þær, er ræðir um í lögum þessum, venjulega fyrir það verð, er matsmenn gera, (samb. 2. gr.), ella fyrir annað hæfilegt verð, að fengnum upplýsingum kunnugra manna. Kaupverðið greiðist, ef um seldar þjóðjarðir eða kirkjujarðir er að ræða, úr sjóðum þeim, er andvirði jarðanna áður hafði runnið í, en ella greiðist það úr landssjóði.

Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um byggingu jarðanna. En um umráð þeirra fer síðan svo sem lög nr. 30, frá 20. okt. 1913 mæla fyrir um.

Afgjald jarðanna að frádregnum umboðslaunum rennur í sjóð þann, er verð þeirra var greitt úr.

4. gr.

Ef jörð er seld öðrum en ábúanda eða sveitarfjelaginu, án þess að landsstjórninni hafi verið gert viðvart samkvæmt 1. gr., er landsstjórninni heimilt að rifta sölunni og kaupa fyrir sama verð og jörðin var þá síðast seld fyrir.

Ed. **46. Nefndarálit**

um frumv. til laga um rafveitur.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp.

Lög nr. 28, 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum voru samin í flýti á þinginu 1913; var það nauðsynjaverk; en ákveðið að þau skyldu ekki gilda lengur en til 1. jan. 1916 og ætlast til að stjórnin legði fyrir þetta þing frumvarp til nýrra laga um rafmagnsveitur, það hefir hún nú gert og haft nógan tíma fyrir sjer. En engu að síður er allur frágangur á frumvarpinu mjög ljelegur bæði að efni og orðfæri.

Er það t. d. um efnið að 4. gr. og 6. gr. í lögum nr. 28, 1913, eru ekki teknar upp í frumvarpið og engin rök færð fyrir því í athugasemdunum, hvers vegna þessum greinum er slept. Í orðalaginu er hörmuleg ósamkvæmni; er það til dæmis að orðin sveitarfjelagsstjórn og sveitarstjórn eru höfð á víxl, þótt söm eigi að vera merkingin.

Vjer höfum leitast við að bæta orðfærið á frumvarpinu án þess þó að semja það upp að nýju, sem helst hefði þurft. Virðist oss óþarft að gera hjer grein fyrir öllum þeim orðabreytingum, munum minnast þeirra, er málið kemur til umræðu.

En vjer leggjum einnig til að gerðar sjeu ýmsar efnisbreytingar; vikjum vjer nú að þeim, en vísum að öðru leyti til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið.

Í 5. gr. a. eru ákvæðin miðuð við kauptún og sveitir, en ekki minst á kaupstaði og þess því ekki gætt, að til eru kaupstaðir hjer á landi sem ekki ná 1000 að íbúatölu (Seyðisfjörður).

Nú er augljóst að sveitarstjórnir munu ekki setja upp rafmagnsveitur annarstaðar en í kaupstöðum, kauptúnum eða þjettbýlum sjávarþorpum, og því jafnaugljóst að hjer á að koma inn orðið sveit (í frumvarpinu: sveitarfjelagsumdæmi) í þeirri merkingu, sem 1. gr. tiltekur.

Í 6. gr. er sveitarstjórnum heimilað að fá öðrum til umráða einkarjett sinn um 30 ára skeið í senn. Vjer teljum æskilegast að hver sveit eigi sjálf sína rafmagnsveitu og illa farið ef sveit selur öðrum rjettinn til mjög langs tíma. Leggjum því til að tímalengdin sje færð niður í 15 ár.

Ef meta á rafmagnsveitu í hendur sveitarstjórn, er sjálfsagt að gera ráð

fyrir yfirmati (6. gr., 3. málsgr.), en vjer teljum óhentugt að landsyfirrjettur kveði 5 menn til yfirmatsins. Sveitin, sem hlut á að máli, getur verið á öðrum landsenda og yfirrjetturinn ókunnur mannvali þar. Hins vegar á vel við, að meðal yfirmatsmanna sje einn verkfróður utansveitarmaður og skuli yfirrjetturinn nefna hann til, en málsaðiljar hvor sinn mann.

Vjer leggjum til að niðurlag 1. málsgreinar 7. gr. sje felt burt og sömuleiðis síðasta málsgreinin. Vjer teljum þau ákvæði óþörf og sum varhugaverð og munum gera nánari grein fyrir því í umræðum.

Í lögum nr. 28, 1913 er gert ráð fyrir að sveitarstjórn kosti hústaugar (4. gr.) og henni heimilað að heimta gjald af húsráðendum fyrir þær taugar, hvort sem þær eru notaðar eða ekki (6. gr.).

Í frv. er ekkert að þessu vikið.

Að rjettu lagi á sveitarstjórn að vera frjálst að velja um, hvort hún vill kosta hústaugarnar eða láta húseigendur um þann kostnað. En taki sveitarstjórn að sjer að gera hústaugarnar, þá verður hún að hafa heimild til að heimta gjald af þeim, eins og fyrir er mælt í lögunum 1913. Vjer gerum því viðaukatillögur við 10. gr. þar að lútandi. En síðustu málsgr. þeirrar greinar teljum vjer óþarfa; vjer teljum rjett, ef sveitarstjórn selur af hendi einkarjett sinn, að henni sje þá frjálst að haga samningum sínum eftir því sem henni þykir hentast.

Vjer leggjum því til að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, sem hjer fara á eftir (þingskj. 48).

Efri deild Alþingis, 16. júlí 1915.

Karl Einarsson	G. Björnson.
formaður	ritari og framsögumaður

Magnús Pjetursson.

Ed. **47. Nefndarálit**

um frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp. Vjer vísum til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið og höfum fáu þar við að bæta.

Allar tillögur efri deildar um þetta mál á síðasta þingi hafa verið teknar til greina, nema sú um yfirmat.

Vjer getum ekki fallist á röksemdir bæjarstjórnar fyrir því, að yfirmat sje óþarft; vjer teljum það mjög svo nauðsynlegt, þar sem hjer getur verið að ræða um mjög deildar meiningar um verðmæti þeirra.

Að öðru leyti fellum vjer oss vel við frumvarpið og leggjum til að það verði samþykt, en aukið við það einni grein um yfirmat, er verði 9. gr.

VIÐAUKATILLAGAN

hljóðar þannig:

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10% af matsverði, þá greiða aðiljar að sínum helmingi hvor.

Efri deild Alþingis, 16. júlí 1915.

Eiríkur Briem	G. Björnson
formaður.	ritari og framsögumaður.

Karl Einarsson.

Ed. **48. Breytingartillögur**

við frv. til laga um rafveitur.

Frá nefndinni.

1. við 1. gr.

Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

2. við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að setja rafmagn innansveitar.

3. við 3. gr.

a) Fyrir orðið »sveitarfjelagsstjórn« komi:
sveitarstjórn.

b) Fyrir orðið »rafveita« komi:
rafmagnsveita.

c) Fyrir orðið »sveitarfjelagssjóður« komi:
sveitarsjóður.
Þessi orðabreyting skal ná til annara greina frumvarpsins.

d) Fyrir »þar sem næst er« komi:
þar sem hægast er.

4. við 4. gr.

a) Fyrir orðið »sveitarfjelag« komi:
sveitarstjórn
í þessari og öðrum gr. frumv. nema 6. gr.

b) Fyrir »umdæminu« komi:
sveitinni.

c) Fyrir »rafveituna« komi:
veituna.

5. við 5. gr.

a) Fyrir »í kauptúnum . . . . og sveitum« komi:
í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum.

b) Fyrir orðið »rafleiðsla« komi:
rafmagnstaug.
Þessi orðabreyting skal ná til annara greina frv.

c) Fyrir »eitt eða fleiri sveitarfjelagsumdæmi« komi:
eina eða fleiri sveitir.

d) Orðin »til fyrirtækja« falli burtu.

e) Fyrir orðið »leiðsla« komi:
rafmagnstaugar.

f) Fyrir »á að liggja« komi:
eiga að liggja
og fyrir »nauðsynlegt er« komi:
nauðsynleg eru
fyrir »sem þarf til hennar« komi:
sem á þarf að halda.

g) Fyrir »þar sem næst er« komi:
þar sem hægast er.

h) Fyrir »hinnar fyrirhuguðu leiðslu« komi:
hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. við 6. gr.

a) Fyrir »lengra en 30 ár« komi:
lengur en 15 ár.

b) Fyrir »sveitarfjelagið« komi:
sveitin.

c) Fyrir »5 manna . . . . í hvert skifti« komi:
3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar.

d) Fyrir »að mun« komi:
meir en nemi 10% af matsverði.

e) Fyrir »málsaðila« komi:
málsaðilja.

7. við 7. gr.

a) Fyrir »leiðslur« komi:
taugar.

b) Niðurlag fyrstu málsgreinar frá »Málið skal . . .« falli burt.
e) Síðari málsgrein 7. gr. falli burt.

8. við 9. gr.

a) Fyrir orðið »leiðsluþráður« komi:
taug.
b) Fyrir »raftauga« komi:
tauga.
c) Fyrir »ráðstafanir á leiðsluþráðum þessum« komi:
þær breytingar á þeim.
d) Fyrir »leiðslum komi:
taugum.

9. við 10. gr.

a) Á eftir »5. hvert ár« komi ný málsgrein þannig:
Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.
b) Fyrir »sveitarfjelagsgjöld« komi:
sveitargjöld.
c) Síðasta málsgr. 10. gr. falli burtu.
d) Setningin »verði kostnaðurinn« o. s. frv. verði 3. (síðasta) málsgrein 10. greinar.

10. við 12. gr.

Á eftir »verkkaupsskrá« komi:
og reglum um frágang á verkinu.

11. við 13. gr.

Fyrir »rafmagstækja« komi:
rafmagnstækja.

12. við 14. gr.

a) Á eftir »rafmagnsins« komi:
frágang og.
b) Á eftir »brot á henni« komi:
og renni þær í sveitarsjóð.

13. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
Frumvarp til laga um rafmagnsveitur.

Ed.

49. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ullarmat (stj.frv.).

Frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi af landstjórninni er framhald þess, sem í ullarmatsmálinu gjörðist á Alþingi 1914.

Menn hafa lengi fundið til þess að verkun á íslenskri ull væri ekki svo góð, sem æskilegt væri. Fjölda manna hefir og vafalaust skilist, að afleiðing af misjafnri verkun ullarinnar hlyti að vera lægra verð. Af þessum sökum er og langt síðan að þær raddir ljetu til sín heyra að ullarverkun þyrfti að batna, og óneitanlega hefir nokkuð verið gjört til þess að koma þessu í framkvæmd. Bæði einstakir menn, en þó einkum kaupfjelög hafa unnið í þessa átt og óneitanlega unnist nokkuð á til umbóta.

Þær umbætur á ullarverkun, sem þannig eru framkomnar á síðari árum, hafa þó þótt of hægfara og fyrir því hafa menn viljað taka til nýrra úrræða, sem hrundið gæti málinu lengra áleiðis.

Á undan þinginu 1914 höfðu nokkrir ullareigendur til sveita skorað á þingmenn sína að flytja á því þingi frv. um lögskipað mat á útfluttri ull. Málinu var því hreyft í Bændaflokknum, sem ræddi það ásamt Sigurgeir Einarssyni. Af því spratt svo þingsályktunartillaga sú, sem neðri deild Alþingis samþykti 25. júlí 1914 um að skora á landstjórnina að taka málið til íhugunar og leggja frv. um lögskipaða skoðun á ull, sem út á að flytja fyrir Alþingi.

Landstjórnin hefir nú orðið við þessari áskorun og lagt frumvarp það fyrir þingið, sem háttvirt deild hefir falið oss að athuga.

Eins og brjef Búnaðarfjelags Íslands til stjórnarráðsins, sem prentað er sem fylgiskjal með frv., tekur fram, hafa menn bent á tvær aðalleiðir til umbóta í ullarverkun: samtök framleiðenda um betri verkun eða lögskipað ullarmat.

Nefndin lætur það álit sitt uppi um þessar tvær aðalleiðir, að þótt hún játi, að fyrir ýmsra hluta sakir hefði verið æskilegast að frjáls samtök manna um bætta ullarverkun, hefðu getað komið málinu í æskilegt horf, þá lítur hún svo á að nokkrar þær torfærur liggi á þeirri leið, sem mjög hljóti að tefja æskilega framför. Mætti sem dæmi í því efni nefna kapp það um kaup á ullinni, sem oft á sjer stað milli þeirra, er ull kaupa og stundum kann að herða á kaupanda að kaupa miður vandaða ull. Þessa hlýtur minna að gæta, ef lögskipað er mat á allri ull, sem út á að flytja. Þess vegna aðhyllist nefndin stefnu frv. þótt hún játi að sú leið sje ófrálsari en hin.

Nefndin vill og taka það fram, að málið hefir fengið svo góðan undirbúning, sem með sanngirni verður heimtað. Það er íhugað rækilega af Sigurgeir Einarssyni, sem árum saman hefir aflað sjer fróðleiks um ullarverkun og því er manna best að sjer í þeim hlutum af hjerlendum mönnum; það er rætt af Alþingi og athugað af Búnaðarfjelagi Íslands, og á tillögum úr öllum þessum stöðum hefir stjórnin bygt frv. Undirbúningur málsins mælir því að áliti nefndarinnar með framgangi frv. á þinginu.

Þótt frv. sjálft hafi ekki legið fyrir ullarframleiðendum til athugunar og umsagnar, þá hafa þeir þó haft fyrir sjer athugasemdir þær, er flutningsmenn

þingsályktunartillögunnar, sem samþykt var um málið á þinginu 1914, ljetu fylgja henni. En bendingarnar, sem í þeim athugasemdum felast eru í fullu samræmi við aðalatriði frv.

Nefndin hefir athugað þingmálafundargerðir þær allar, sem nú hafa verið lagðar fram á lestrarsal Alþingis, til þess að fá vitneskju um vilja alþingiskjósenda í þessu máli. Samkvæmt fundargerðum þessum verður ekki sjeð, að málið hafi verið rætt nema á tiltölulega fáum fundum, því ekkert er um það sagt í fundargerðum margra kjördæmanna. Þau kjördæmi eru: Strandasýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Barðastrandarsýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Árnessýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður og Rvík.

Á þingmálafundum í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Suður-Múlasýslu hefir málið aftur á móti verið rætt og fundarályktanir teknar um það á 10 fundum alls.

Á 8 af þessum 10 fundum hljóða ályktanir á þá leið, að fundurinn »aðhyllist«, er »fylgjandi« eða »meðmæltur« því að samin sjeu lög um ullarmat. Tveir fundir skora á þingið að afgreiða lög um ullarmat.

Ef dæma skal eftir því, sem fram hefir komið á þingmálafundum þeim, sem haldnir voru á undan þessu þingi, verður ekki sagt að almennur áhugi sje fyrir því að fá lög um þetta efni. Hins vegar er áhuginn þó nokkur, þar sem 5 kjördæmi óska þess og óhætt mun að segja að eitt kjördæmi að auki — Norður-Múlasýsla — muni vera sömu skoðunar, þar eð skorað var á þingmenn þess kjördæmis fyrir þingið 1914, að gangast fyrir því, að lögskipað ullarmat kæmist á. Vel má og vera að sama skoðun ríki í ýmsum eða jafnvel öllum þeim kjördæmum, sem ekki hafa haft málið til umræðu á þingmálafundum, því hvergi koma mótmæli fram gegn því í skjölum þeim, er nefndin hefir athugað.

Af því, sem hjer hefir sagt verið, virðist nefndinni sennilegt, að draga megi með rjettu þá ályktun, að lögum um ullarmat muni verða vel tekið yfirleitt.

Þar sem nefndin því er sammála um, að þörf sje á betri ullarverkun en nú er, til þess að íslenska ullin nái áliti og komist í hærra verð, og þar sem nefndin ennfremur er sammála um, að frv. stuðli að þessu, sje undirbúið eftir föngum og muni ekki ógeðfelt landsmönnum, þá leyfir hún sjer að mæla með því við háttvirta deild að hún samþykki frumvarpið með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þingskj. 50.

Um þær breytingartillögur skal tekið fram.

Breytingartillögurnar við 1. gr., 2. gr. og 6. gr. eru orðabreytingar, sem engri efnisbreytingu valda.

Um viðauka þann, sem nefndin leggur til að bætt sje við 4. gr., vill hún láta í ljós, að hún telur líklegt að ljettara verði fyrir yfirullarmatsmennina að gegna starfa sínum, ef þeir eru búsettir í miðju umdæmis síns, en væru þeir búsettir nær takmörkum þess eða utan þeirra.

Viðbótin við 7. gr. miðar til þess að fyrirbyggja alla tortryggni gegn ullarmatsmönnum.

Breytingin á lágmarki sekta í 9 gr. miðar til þess að auka tryggingúna fyrir því, að öll útflutt vorull og þvegin haustull verði metin.

Breytingin á 10. gr. stafar af því, að nefndin lítur svo á, að til þess lögin

geti nægilega snemma komist til fullrar framkvæmdar á árinu 1916, þá sje gott að þau gangi í gildi í ársbyrjun 1916.

Þess skal getið, að nefndin hefir rætt þær breytingar við Sigurgeir Einarsson, sem nokkru breyta í efni frv.

Efri deild Alþingis, 16. júlí 1915.

Björn Þorláksson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögum. Guðm. Ólafsson.

Sigurður Stefánsson. H. J. Kristófersson, með fyrirvara að því er snertir 1. gr.

Ed. **50. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ullarmat.

Frá nefndinni.

I. Við 1. gr. 1. Í stað orðanna »þar að lútandi« komi: um það.
2. Orðið »það« á eftir orðunum »fylgja vottorð ullarmatsmanns um« falli burt.

II. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar »Sameiginlegt merki . . . . . Ísland« orðist svo:
Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«.

III. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

IV. Við 6. gr. Orðið »það« á eftir orðunum »drengskaparheit um« falli burt.

V. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:
nje kaupa ull til útflutnings hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

VI. Við 9. gr. Í stað »100« komi: 200.

VII. Við 10. gr. Í stað orðsins »apríl« komi: janúar.

Ed. **51. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

Nefndin hefir fengið hjá Stjórnarráðinu allítarlega skýrslu um tildrög og undirbúning þessa máls í hjeraði. Af henni sjest, að breytingar þær á bæjarstjórnarlögunum, sem frumvarp þetta fer fram á, eru flestar í fyrstu komnar frá málfundafjelaginu »Stígandi« á Ísafirði, og eftir að hafa verið ræddar þar og samþyktar voru þær samþyktar af fjölmennum borgarafundi 1914 ásamt áskorun til bæjarstjórnarinnar um að koma þeim á framfæri við Alþingi 1914.

Nokkur ágreiningur var í fyrstu um sumar þessar breytingar milli borgaranna og bæjarstjórnarinnar, eftir að hún hafði unnist til að taka málið til athugunar, en í meðferð þess hefir sá ágreiningur þó jafnast nokkuð. Má um þetta lesa í áðurnefndri skýrslu.

Einkum eru það tvö atriði, sem enn er ágreiningur um milli borgaranna og bæjarstjórnarinnar. Fyrra atriðið er breyting á 14. grein bæjarstjórnarlaganna; vilja borgararnir þar láta formann skólanefndarinnar eiga sæti og atkvæði í bæjarstjórninni um öll uppeldis- og fræðslumál í stað sóknarprestsins sem nú á þar sæti samkvæmt lögunum, en því vill bæjarstjórnin halda óbreyttu. Hitt atriðið er breyting á 30. gr. laganna. Þar vilja borgararnir halda þeim rjetti, sem lögin heimila þeim, að mega sjálfir kjósa yfirskoðunarmann bæjarreikninganna, en bæjarstjórnin vill svifta þá þessum rjetti og flytja hann til bæjarstjórnarinnar.

Um fyrra atriðið er breytingartillaga borgaranna alveg í samræmi við fræðslulögin, sem ekki gera ráð fyrir því, að sóknarpresturinn sje sjálfkjörinn í skólanefnd. Standi því þetta ákvæði bæjarstjórnarlaganna óbreytt, getur vel farið svo, að formaður skólanefndar eigi ekkert atkvæði í bæjarstjórninni um uppeldis- og fræðslumál kaupstaðarins og verður að telja það miður heppilegt. Þessi breyting frá eldri bæjarstjórnarlögunum er og tekin upp í yngstu bæjarstjórnarlög vor, lögin um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. nóvbr. 1907, auðvitað einmitt með tilliti til fræðslulaganna.

Um hitt atriðið, að bæjarstjórn kjósi sjálf yfirskoðunarmann sinna eigin reikninga hefir hingað til verið litið svo á, að hitt væri eðlilegra, að sá rjettur væri hjá borgurum kaupstaðanna. Í bæjarstjórnarlögum allra kaupstaðanna er ákveðið að yfirskoðunarmenn skuli kosnir af bæjarbúum eftir sömu reglum og bæjarfulltrúarnir. Að breyta út af þeirri alsherjarreglu með því að svifta borgarana í þessum eina kaupstað þessum rjetti, virðist ástæðulítið og það á þessum lýðfrelsistímum, þótt eitthvað kunni að geta mælt með því.

Þessi breyting bæjarstjórnarinnar hafði ekki fylgi nema helmings bæjarfulltrúanna, en atkvæði oddvita rjeði úrslitum. Bæjarfulltrúarnir 3, sem móti henni voru, hafa látið bóka ágreiningsatkvæði sín í fundargjörð bæjarstjórnarinnar og fært ástæður fyrir þeim (sbr. áðurnefnda skýrslu).

Af áðurnefndri skýrslu má sjá, að bæjarstjórnin hefir fallist á þá tillögu borgaranna að fjölga bæjarfulltrúunum, en ekki viljað taka fjölgunina upp í frum-

varpið, heldur fá hana umboðsleiðina, sem heimiluð er í bæjarstjórnarlögunum. Almennur vilji borgaranna er að ákveða þetta beint með lögum.

Nefndin telur eðlilegra að tala bæjarfulltrúanna sje beint ákveðin í lögunum og henni verði ekki breytt nema með lögum; hefir og Alþingi tekið upp þá reglu er bæjarfulltrúum var fjölgað í Reykjavík með lögum 22. nóvbr. 1907. Hjer má gera ráð fyrir, að ekki verði í bráð farið fram á fulltrúafjölgun á Ísafirði og því muni ekki bráðlega þurfa að breyta lögunum um þetta atriði.

Af framangreindum ástæðum leggur nefndin því til, að framan við frumvarpið komi ný grein (1. gr.) um fjölgun fulltrúanna en í sambandi við það þótti henni einnig rjettara að taka upp nýja grein með gildandi lagafyrirmælum um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, eins og gert í Hafnarfjarðarlögunum, og fella því burt 5. gr. laganna ásamt 4. gr.

Auk þessara tveggja nýju greina leggur nefndin samkvæmt framansögðu til að ný grein komi í stað 14. gr. bæjarstjórnarlaganna um rjett formanns skólanefndarinnar til sætis og atkvæða í bæjarstjórninni í stað sóknarprestsins, og að síðustu, að borgararnir fái að halda fram rjetti sínum til að kjósa yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna, sem þeir nú hafa samkvæmt 30. gr. laganna.

Þá þykir nefndinni og rjett, að kjörtími yfirskoðunarmanna sje hinn sami og bæjarfulltrúanna, 3 ár. Í Hafnarfjarðarlögunum er starfstími yfirskoðunarmanna þrjú ár.

Nefndin hefir gert smávægilegar breytingar á formi frumvarpsins, sem henni þykja betur fara; ræður hún hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Ný grein, sem verður 1. gr., svohljóðandi:
   Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. Ný grein, sem verður 2. gr., svohljóðandi:
   Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. Við 1. gr. frumvarpsins, sem verður 3. gr.:
   Inngangur greinarinnar falli burt.

4. Ný grein, sem verður 4. gr.
   Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir for-

maður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. Við 2. gr., sem verður 5. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burt.

6. Við 3. gr., sem verður 6. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burtu.

7. Við 4. gr., sem verður 7. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burt.

8. Við 4. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma.

9. Ný grein, sem verður 8. gr.:
Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

10. 5. gr. verður 9. gr.

Efri deild Alþingis, 17. júlí 1915.

Kristinn Daníelsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Nd. 52. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

Flutningsmaður: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi við hafnarsjóð Akureyrar mannvirki og land, er þarf til að gera hafnarvirki og bryggjur eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, einnig land við bryggjur til að leggja á vörur, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnar- eða bryggjugerð hefir í för með sjer, alt gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akureyrar. Nú vill annarhvor máls-

aðili ekki una við matið og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akureyrar.

2. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar nær, má ekki gjöra í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda (hafnarnefndinni) beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 kr. og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja fimm menn og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjar-

sjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Akureyrar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur í lögsagnarumdæminu innan takmarka hafnarinnar.

   Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins.
5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugjörð, er bæjarstjórn Akureyrar semur og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða hver skuli greiða þau. Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og vitagjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnetnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu tillögu um það efni.

Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan Stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu, og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—50 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugjörðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Akureyrarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Nd. **53. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta og leggur til að það verði samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 17. júlí 1915.

Einar Jónsson, form. Björn Kristjánsson, skrifari.

Björn Hallsson. Matth. Ólafsson. Sigurður Gunnarsson.

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Skúli Thoroddsen, Þjetur Jónsson og Sigurður Sigurðsson.

Framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, skal frestað um 5 ára bil frá 1. nóv. 1915 að telja.

Ed. **55. Frumvarp**

til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum, ef það telur hættu á, að ella taki að einhverju leyti eða öllu fyrir vöruflutninga frá þeim löndum til Íslands.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **56. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandi o. fl.

Frá nefndinni.

Við 2. gr.; Orðin »ef það — — — til Íslands« falli burt.

Ed. **57. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi (stj.frv.).

Með skírskotun til athugasemda stjórnarinnar við frumvarp þetta, leggur nefndin til að háttv. deild samþykki það að mestu óbreytt að efni til.

Að eins getur nefndin ekki fallist á það að ætíð skuli stefnt til bæjarþings Reykjavíkur, er varnarþing ógildingarmálsins er ekki ákveðið af eðli þess. Nefndin lítur svo á, að rjetti engra sje spilt þótt beiðandi ógildingardóms (stefnandi) geti, ef hann vill heldur, valið — innan lögsagnarumdæmis þess, sem hann á heima í, — þá þinghá, er hjeraðsdómari er búsettur í.

Aðrar breytingar, sem nefndin leggur til að gjörðar verði, eru að eins leiðrjettingar, og svo til að færa til betra máls, og verður reynt að gjöra grein fyrir þeim í framsögunni.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. við 1. gr.

Á eftir orðinu »viðskiftabrjef« komi:
, (komma).

2. Við 2. gr.

a) Á undan orðunum »sem fasteignin er« komi:
þar.

b) Á eftir orðinu »Reykjavíkur« komi:
eða fyrir aukarjett í þeirri þinghá, innan þess lögsagnarumdæmis, er beiðandi stefnu á heima í, þar sem hjeraðsdómari er búsettur.

3. Við 3. gr.

a) Á eftir orðunum »innköllun þess« komi:
manns.

b) Á eftir orðinu »þeirra« komi:
manna.

4. Við 4. gr.

a) Á eftir orðinu »ógilt« komi:
og.

b) Í stað orðanna »auðkenna skjalið« komi:
lýsa skjalinu.

5. Við 5. gr.

a) Í stað orðanna »úrskurði, sem« komi:
úrskurði, er.

b) Í stað orðsins »frekari« komi:
fyllri.

6. Við 6. gr.

a) Orðið »sinnum« falli burt.

b) Í stað orðanna »Í stefnunni skal brjefið einkent« komi í nýrri málsgrein:
Í stefnunni skal brjefinu lýst:

c) Í stað orðanna »sá eða þeir« komi:
sá maður eða þeir menn.

d) Í stað orðanna »hvaða dag dómþingið« komi:
hvaða dag, stað og stund dómþingið.

7. Við 8. gr.

Í stað orðanna »að tilfelli« og til enda greinarinnar komi:
að skilyrði fyrir ógilding voru ekki fyrir hendi.

8. Við 9. gr.

Í stað »mgr.« komi:
málsl.

9. Við 10. gr.

Á eftir orðunum »l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr.« komi:
2. og 3. málsl.

Efri deild Alþingis, 17. júlí 1915.

Björn Þorláksson,	Karl Einarsson,
form.	skrif. og frams.m.

Guðm. Ólafsson.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um stofnun kennaraembættis í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði við Háskóla Íslands.

Flutningsmaður: Guðm. Hannesson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði.

2. gr.

Kennarinn í þessum fræðum hefir sömu skyldur og rjettindi sem dósentar við háskólann.

Embætti þetta veitist eftir tillögum háskólaráðsins.

Ed. **59. Frumvarp**

til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og, er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar Stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kýs hinn þriðja.

Á sama hátt kýs Stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni, ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar Stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina, ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg,

hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefur síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning, ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Ýtarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavikurkaupstað skulu settar með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur, en Stjórnarráðið staðfestir.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ef lóð eða land skerðist svo við slíkt eignarnám í bæjarins þarfir, að það sem eftir verður rýrni í verði hlutfallslega frá því sem var, eða verðmætið eykst vegna framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera, skal tekið tillit til þess við matið.

9. gr.

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10% af matsverði, þá greiða aðiljar að sínum helmingi hvor.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast,

sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Samskonar útflutningsbann og getur um í 1. gr. er Stjórnarráði Íslands heimilt að leggja með reglugjörð á vörur, sem til Íslands flytjast frá öðrum löndum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **61. Frumvarp**

til laga um ullarmat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undir-

merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull nje kaupa ull til útflutnings hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landsjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **62. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa;

b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 15 ár í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefndir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn

eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með staðfestingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim atbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. **63. Tillaga**

til þingsályktunar um verkmannamálið.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands:

1. að útvega sem allra gleggstar upplýsingar um verkmanna-löggjöfina í þeim löndum, þar sem hún er fullkomnust, svo sem um slysa-ábyrgð verkmanna, um sjúkra-, atvinnuleysis- og elli-styrk verkmanna, um gjörðardóma í ágreiningsmálum verkmanna og vinnuveitanda, um vinnu barna og kvenna í verksmiðjum, og ella, o. fl., o. fl., — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi.

2. að semja, og leggja fyrir næsta Alþingi, lagafrumvörp, er lúta að hinu ýmsa, er í fyrsta tölulið greinir.

Nd. **64. Tillaga**

til þingsályktunar um húsmanna-málið.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands:

1. að útvega sem allra gleggstar skýrslur um lánsstofnanir, húsmanna-stjettinni til handa, sem og um styrk- og lánveitingar ýmiskonar, sem vant er, að veita húsmanna-fjelögum — eða mönnum nefndrar stjettar —, í þeim löndum, þar sem kjörum húsmanna-stjettarinnar mest er farið að sinna, — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi til yfirvegunar.

2. að útvega ennfremur, og leggja fyrir næsta Alþingi, sem allra gleggstar skýrslur um alt, er að húsmannalöggjöfinni lýtur, í þeim löndum, þar sem hún er fullkomnust, eða húsmönnunum, og þá og þjóðfjelaginu í heild sinni, hagkvæmust.

3. að leggja síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um skipun millilþinganefndar, til að íhuga, og gera tillögur um, heppilega lagasetningu, til eflingar efnalega sjálfstæðri, og vel mannaðri, húsmanna- (og þurrabúðar- og grasbýla-) stjett í landinu.

Ed. **65. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um ullarmat (þgskj. 61).

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

Við 1. gr.
Í staðinn fyrir »hreppstjóri« komi:
umboðsmaður hans.

Ed. **66. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Árið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

4. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

6. gr.

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

7. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt í 22. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (6. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. 67. Rökstudd dagskrá

samþykt í Nd. 20. júlí.

(Tillaga til þingsályktunar út af staðfestingu stjórnarskrárinnar á þgskj. 35).

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Sökum þess að deildin telur staðfestingarskilmála stjórnarskrár 19. júní 1915 í fullu samræmi við fyrirvara Alþingis 1914, þá lýsir hún ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 68. Frumvarp

til laga um ullarmat.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða umboðsmaður hans hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vik í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull nje kaupa ull til útflutnings hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landsjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **69. Frumvarp**

til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og, er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar Stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kýs hinn þriðja.

Á sama hátt kýs Stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni, ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar Stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina, ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefur síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning, ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbein-

ingar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Ýtarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað skulu settar með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur, en Stjórnarráðið staðfestir.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ef lóð eða land skerðist svo við slíkt eignarnám í bæjarins þarfir, að það sem eftir verður rýrni í verði hlutfallslega frá því sem var, eða verðmætið eykst vegna framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera, skal tekið tillit til þess við matið.

9. gr.

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10% af matsverði, þá greiða aðiljar að sínum helmingi hvor.

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi.

(Eftir 2. umr. í Ed.),

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabrjef og önnur viðskiftabrjef, svo og viðtökuskírteini, vátryggingarskírteini og önnur heimildarbrjef ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt brjef, og er brjefið þá marklaust, en dómhafi hefir lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði brjefið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabrjef með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, þar sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl

ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur eða fyrir aukarjett í þeirri þinghá, innan þess lögsagnarumdæmis, er beiðandi stefnu á heima í, þar sem hjeraðsdómari er búsettur. Ef um þau brjef er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskírteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörurnar.

3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess manns eða þeirra manna, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

4. gr.

Innköllunarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt og sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal lýsa skjalinu svo skýrt, að ekki verði um vilst.

5. gr.

Dómurinn ákveður því næst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, er kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda fyllri skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá líða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sínu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar.

Í stefnunni skal brjefinu lýst svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá maður eða þeir menn, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag, stað og stund, dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mótmæli gegn ógildingu, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins áfrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógildingu fyrir hjeraðsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að skilyrði fyrir ógilding voru ekki fyrir hendi.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabrjef tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Ákvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vörum samkvæmt farmskírteini, standa óhögguð. Sömuleiðis 74. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóvbr. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1°, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanförnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabrjef Íslandsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabrjef lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr., 2. og 3. málsl. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbrjef er veitt til fyrir þann dag.

Nd. **71. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, 2. nóv. 1914 og laga nr. 45, s. d.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr., skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

segldúkur, strigi.

Ed. **72. Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um rafmagnsveitur.

Frá nefndinni.

Aftan við 5. gr., staflið a, komi:

þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.

Ed. **73. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. hljóði svo:

Hver maður 15—60 ára að aldri, og þeir sem eldri eru en 60 ára og útsvarsskyldir eru taldir, hvort heldur karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestlaunasjóð 1,50 kr. á ári.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 7. gr. hljóði svo:

Hver maður, sem er 15—60 ára að aldri, og þeir sem eldri eru en 60 ára og útsvarsskyldir eru taldir, hvort heldur karl eða kona í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Ed. **74. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

32. gr. nefndra laga orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samtals búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.
b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að

efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 15 ár í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti, sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða ó-

reglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með staðfestingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára

að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Árið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

4. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

6. gr.

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

7. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt í 22. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina,

er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (6. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **77. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. s. frv.

Á síðasta þingi, er Evrópustyrjöldin var hafin, samþykti Alþingi lög þessi, er stjórnin leggur nú til að framlengd verði.

Af því öldungis stendur nú á eins og þá, og að engar horfur eru á, að styrjöldinni linni í bráð, fellst nefndin á, að lög þessi verði framlengd til öryggis Íslands banka, sparisjóðum landsins, og landsjóði.

En nefndinni þykir rjett, að lög þessi gildi til einhvers ákveðins tíma, og með því ekki er ólíklegt, að Evrópustyrjöldin geti staðið yfir all-lengi enn þá, jafnvel næstu 2 árin, leggur nefndin til að lögin verði látin gilda til þingloka næsta reglulegs Alþingis, nema Alþingi geri áður aðra ráðstöfun.

Með því ákveðið er í lögum nr. 11, 3. ágúst 1914 1. gr., að skila skuli Íslandsbanka gullforðanum er seðlar hans verða gerðir innleysanlegir, þykir nefndinni ekki ástæða til að endurtaka ákvæði um það í þessu frumvarpi, eins og stjórnarfrumvarpið gerir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingu:

BREYTINGARTILLAGA:

Fyrir orðin í 1. grein: »fyrst um sinn« til enda greinarinnar, komi: til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1915.

Hjörtur Snorrason, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari.

Sigurður Gunnarsson. H. Hafstein. Jón Magnússon.

Þorleifur Jónsson. Jón Jónsson.

Ed. **78. Þingsályktun**

um stjórnarskrármálið.

(Samþykt í Ed. 22. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að lýsa því yfir, að hún telur staðfestingarskilmála stjórnarskrár 19. júní 1915 í fullu samræmi við fyrirvara Alþingis 1914, og lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Matthías Ólafsson.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, og gefur þeim erindisbrjef.

2. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir sem þá nota, eftir samkomulagi, þó aldrei minna en 75 aura um klukkustund.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um heimild til að selja hálfa jörðina Möðruvelli í Hörgárdal.

Flutningsmaður: M. J. Kristjánsson.

Landstjórninni veitist heimild til að selja ábúandanum Eggert Davíðssyni, hálfa jörðina Möðruvelli í Hörgárdal, fyrir það verð, sem um semur.

Ed. **81. Nefndarálit**

um frumv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frumv. þetta er hið sama og frumv. það, er afgreitt var af síðasta þingi, og ekki var staðfest, vegna þess að dráttur varð á staðfestingu stjórnarskrárinnar. Frumv. er óbreytt að öðru en því, að ártölum er breytt í kaflanum: »*Ákvæði um stundarsakir*« — 1916 sett í stað 1915.

Nefndin hefir íhugað frumv. vandlega og leggur til, að háttv. deild samþykki það með eftirfarandi breytingum, sem flestar eru orðabreytingar einar og gerð verður nánari grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 20. gr.

Fyrir »auða rönd seðilsins« í síðustu málsgrein komi:
auða röndin á seðlinum.

2. Við 22. gr.

Fyrir »í efra framhorni«, í síðari málsgrein, komi:
á efra framhorni.

3. Við 30. gr.

Fyrir »riti kjörstjórn, þingmannaefnin« komi:
riti kjörstjórn og þingmannaefnin.

4. Við 49. gr.

Fyrir »jafnstóra seðla« komi:
samskonar seðla.

5. Við 65. gr.

Fyrir »10%«, í fyrri málsgrein, komi:
12%.

6. Við 70. gr.

Fyrir »við krossað«, komi:
krossað við.

7. Við 71. gr.

Fyrir »meingallar« í 7. málsgrein, komi:
gallar.

8. Við 72. gr.

á eftir orðinu »þeirra«, í 13. línu, 3. málsgreinar, komi:
þingmanna og varaþingmanna.

Alþingi, 23. júlí 1915.

Eiríkur Briem,	Karl Finnbogason,
formaður.	skrifari og framsögum.

M. Pjetursson.

Nd. **82. Frumvarp**

til laga um ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabrjef og önnur viðskiftabrjef, svo og viðtökuskírteini, vátryggingarskírteini og önnur heimildarbrjef ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt brjef, og er brjefið þá marklaust, en dómhafi hefir lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði brjefið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabrjef með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, þar sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur eða fyrir aukarjett í þeirri þinghá, innan þess lögsagnarumdæmis, er beiðandi stefnu á heima í, þar sem hjeraðsdómari er búsettur. Ef um þau brjef er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskírteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörurnar.

3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess manns eða þeirra manna, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

4. gr.

Innköllunarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt og sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal lýsa skjalinu svo skýrt, að ekki verði um vilst.

5. gr.

Dómurinn ákveður því næst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, er kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda fyllri skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá liða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sínu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar.

Í stefnunni skal brjefinu lýst svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá maður eða þeir menn, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag, stað og stund, dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mótmæli gegn ógildingu, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins áfrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógildingu fyrir hjeraðsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að skilyrði fyrir ógilding voru ekki fyrir hendi.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabrjef tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Akvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vörum samkvæmt farmskirteini, standa óhögguð. Sömuleiðis 74. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóvbr. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1°, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanförnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabrjef Íslandsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabrjef lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr., 2. og 3. mgr. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbrjef er veitt til fyrir þann dag.

Nd. **83. Þingsályktun**

um verkmannamálið.

(Samþykt í Nd. 23. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands að útvega sem allra gleggstar upplýsingar um verkmanna-löggjöfina í þeim löndum, þar sem hún er fullkomnust, svo sem um slysa-ábyrgð verkmanna, um sjúkra-, atvinnuleysis- og elli-styrk verkmanna, um gjörðardóma í ágreiningsmálum verkmanna og vinnuveitanda, um vinnu barna og kvenna í verksmiðjum, og ella, o. fl., o. fl., — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi.

Nd. **84. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands, *til* að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

Hæstvirt stjórn hefir lagt frumvarp þetta fyrir Alþingi, og er það að öllu samhljóða bráðabirgðarlögum, er sett voru 5. okt. f. á.

Nefndin hefir orðið einhuga um að nauðsyn geti verið á að hafa verðlagsnefnd, á meðan á Evrópustríðinu stendur.

Það getur verið brýn þörf að reyna að hafa einhvern hemil á, að verð á nauðsynjavörum fari ekki upp úr öllu valdi, að óþörfu, eða einungis fyrir óhóflega álagningu seljanda.

En hinsvegar dylst nefndinni ekki, að mjög verður að gæta þess að fara varlega í þessar sakir, svo að eigi sé heldur þröngvað kosti seljanda, og að frjáls

og eðlileg samkeppni bíði sem minstan hnekki. Enda mun nefnd sú, er skipuð var 15. okt. f. á., hafa verið mjög gætin í þessu máli.

Það, sem sumir nefndarmenn voru í nokkrum vafa um viðvíkjandi þessu frumvarpi, var það, hvort nauðsyn bæri til þess, að heimild væri til að ákveða verðlag á innlendum nauðsynjavörum, og hvernig því mætti við koma í framkvæmdinni.

Vér getum nú ekki séð, að talsmál geti orðið um að ákveða verðlag á þeim innlendum afurðum, sem ætlaðar eru beint til útflutnings, — þar skapar heimsmarkaðurinn verðið — enda getur það ekki náð nokkurri átt, að fara að setja neinar hömlur fyrir því, að framleiðendur megi selja vörur sínar því verði, sem boðið er í þær erlendis frá, svo að heimild um að ákveða verðlag á innlendum vörum *á ekki* og *má ekki* ná til annara en þeirra kaupmanna, eða seljenda, er selja til neyslu í landinu, með uppskrúfuðu, óhæfilegu og óviðeigandi verði, frá því sem þeir hafa borgað framleiðendum.

Þegar þessa er gætt, þá sjáum vjer ekki neitt verulegt við það að athuga, þótt ákvæðið standi um að innlendar nauðsynjavörur geti einnig heyrt undir þetta, þar sem hugsanlegt er, að smásalar og millimenn, sem selja til neyslu í bæjum, kynnu að nota sjer neyð, og setja óhóflega hátt verð á vöru sína, og það er í þeim tilfellum, að heimildin á við.

Það hefir komið fram í nefndinni, að vel ætti við, ef að ákveða þyrfti verðlag á innlendri vöru, að í nefndinni ætti sæti að minsta kosti 2 menn úr flokki framleiðenda í landinu.

Með þessum athugasemdum ráðum vér til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 22. júlí 1915.

Benedikt Sveinsson, formaður.	Þorleifur Jónsson, skrifari.	Jóhann Eyjólfsson.
Matth. Ólafsson.	Sveinn Björnsson, með fyrirvara.	

Nd. 85. Nefndarálit

um Landhelgissjóðsmálið.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, hefir nú athugað það á þrem fundum.

Nefndin er öll sammála um, að meginhugsun frumvarpsins, sú að auka Landhelgissjóðinn, sje rjett, enda í samræmi við stefnu þá, er þingið tók 1913 með stofnun Landhelgissjóðsins.

En hinsvegar er nefndin eigi allskostar sammála um hve stóra fjárhæð landssjóður eigi að leggja fram til sjóðsins. Minni hluti nefndarinnar, þeir Jón

Jónsson og Benedikt Sveinsson vilja halda sjer við ákvæði frumvarpsins eða, að minsta kosti, eigi fara niður úr 25 þús. króna, en meiri hlutinn, þeir Sigurður Gunnarsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson vilja færa upphæðina niður í 20 þús. kr. á ári.

Minni hlutinn telur, að óhæfilega langur tími líði þangað til sjóðurinn geti tekið til starfa, ef tekjur hans sje eigi auknar að miklum mun, og það því fremur, sem nú líti út fyrir, að tekjur hans af sektum verði mjög litlar, með því að svo fáir útlendir botnvörpungar stundi veiði hjer við land.

Meiri hlutanum er það ljóst, að því minni tekjur, sem sjóðurinn hefir, því lengur dregst, að hann geti tekið til starfa, en hann álítur, að fjárhagsútlitið sje nú svo ískyggilegt, að eigi beri að verja stórfje til neins þess, er eigi gefur skjótan og áreiðanlegan arð, en undir það telur hann ekki þetta mál heyra. — Skoðun hans er sú, að takmark vort eigi að vera það, að taka landhelgisvörnina með öllu í vorar hendur, og vjer eigum að verja til undirbúnings þess nokkru fje á hverju fjárhagstímabili, meira þegar vel lætur í ári og minna þegar miður lætur.

En þótt oss nefndarmenn hafi greint á um upphæðina, höfum vjer þó eigi viljað gera þennan ágreining að sundrungarefni, og leggur því nefndin, í heild sinni, til, að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvarpið með eftirfarandi breytingu:

Í stað »30,000 krónur«, í fyrstu gr. komi:
20,000 krónur.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1915.

Matth. Ólafsson form. og framsögum.	Sigurður Gunnarsson skrifari.
M. J. Kristjánsson.	Jón Jónsson.

Benedikt Sveinsson.

Nd. 86. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Nefnd þeirri, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands hefir einnig verið falin til íhugunar tillaga til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar.

Nefndin er öll á því máli, að ekki beri að leita meir en þegar hefir gert verið á náðir Dana með landhelgisvarnir, enda mundi reynast árangurslaust, að fara þess á leit, er tillagan fer fram á.

Skoðun nefndarinnar er sú, að vjer verðum að una við þá landhelgisvörn, sem vjer höfum nú, þar til vjer getum aukið hana af eignum ramleik og að síðustu tekið hana með öllu í vorar hendur.

Nefndin leggur því til að tillagan sje felld.

Neðri deild Alþingis, 23. júlí 1915.

Matth. Ólafsson, form. og framsögum. Sigurður Gunnarsson, skrifari.

M. J. Kristjánsson. Jón Jónsson. Benedikt Sveinsson.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

Frá dýrtíðarnefndinni.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbristingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur; getur þá Stjórnarráð Íslands ákveðið með auglýsingu að 1., 2. og 3. gr. l. nr. 59, 10. nóv. 1913 skuli aftur öðlast gildi.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá Dýrtíðarnefndinni.

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðshönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka ennfremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra afurða, þar á meðal kjöts, fiskjar, fugla, lifandi hesta, lifandi sauðfjár, ullar o. s. frv.

Landsstjórnin getur gefið undanþágur undan slíkum útflutningsbönnum og meðal annars bundið slíkar undanþágur skilyrðum, er hún telur nauðsynleg til þess að tryggja landsmönnum nægar birgðir af umræddum afurðum.

Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Ennfremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugerð eða reglugerðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Nd. **89. Nefndarálit**

Frá Dýrtíðarnefndinni.

Nefnd sú, sem neðri deild Alþingis kaus til að íhuga og gera tillögur til Alþingis um dýrtíðarráðstafanir o. fl., leyfir sjer hjer með að koma fram með álit sitt.

Um það leyti sem Norðurálfuófriðurinn hófst, sat Alþingi á aukafundi. Þótti þá rjett og sjálfsagt að gefa landsstjórninni þá þegar heimild til ýmsra ráðstafana, sem miðuðu að því, að firra landið og þjóðina vandræðum, sem menn þá ætluðu að orðið gætu út af ófriðnum. Var það gert með lögum nr. 9, 1. ágúst 1914. Auk ýmsra heimilda, sem landstjórninni eru gefnar í lögum þessum, er jafnframt sett á fót 5 manna nefnd, er sameinað Alþingi kýs, landsstjórninni til ráðuneytis. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldu þau ganga úr gildi, er næsta Alþingi kæmi saman. Eru þau því nú úr gildi gengin.

Nefndin lítur nú svo á, að lög þessi hafi komið að góðum notum og full ástæða sje til þess, að til sjeu heimildarlög fyrir landsstjórnina, sem fari í líka átt.

Nefndin hefir því tekið sjer fyrir hendur, að semja frumvarp til slíkra laga og leggur til að deildin samþykki það *sem allra fyrst.*

Nefndin hefir bygt á lögum nr. 9, 1. ágúst 1914, en þó breytt þeim í ýmsum atriðum. Til betra yfirlits eru lög 1. ágúst 1914 prentuð sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Breytingar þær, sem á hafa verið gerðar, leiða sumpart af sjálfu sjer

(breytt orðfæri, burtfelling 4. tl. 2. gr.); sumpart felast í þeim ítarlegri ákvæði um framkvæmd laganna; loks er nokkrum þeirra ætlað að gera við hættum, sem þykja vofa yfir nú, en eigi þóttu yfirvofandi í byrjun ófriðarins. Á þetta sjerstaklega við 2. og 3. málsgrein 3. greinar frumv.

Eins og kunnugt er hafa flestar íslenskar afurðir hækkað mjög mikið í verði á erlendum markaði. Af því hefir aftur leitt aukinn útflutning á ýmsum afurðum, frá því sem venjulegt er, og má búast við enn auknum útflutningi. Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að til þess geti komið, að svo mikið verði flutt út af ýmsum innlendum vörutegundum, að af geti orðið skaðleg þurð á þeim í landinu sjálfu og jafnvel stafað háski af, ef eigi er heimilt fyrir landsstjórnina að taka í taumana. Telur því meiri hlutinn brýna þörf á því, að heimila landsstjórninni að hefta útflutning íslenskra afurða, einna eða fleiri, að nokkru eða öllu leyti, ef þörf gerist. Þetta er aðeins *heimild,* sem ætlast er til, að eigi verði notuð nema stjórnin telji brýna þörf á. Væntir meiri hlutinn, að með því móti megi tryggja landsmönnum nægar birgðir, t. d. af kjöti og fiski.

Minni hlutinn lítur á þessi ákvæði nokkuð á annan veg, og mun hann gera grein fyrir því áliti sínu sjerstaklega.

Að öðru leyti er eigi ágreiningur í nefndinni um frumvarpið. Í framsögunni mun gerð frekari grein fyrir ýmsum atriðum frumvarpsins.

Nefndin leggur áherslu á, að flýtt verði sem mest framgangi frumv. þessa á þinginu.

Til þess að ljetta undir fyrir mönnum, að afla sjer matvæla í haust og vetur, vill nefndin leggja til þá bráðabirgðaráðstöfun að breyta fuglafriðunarlögunum í líkt horf sem þau voru, áður en lögin nr. 59, 10. nóv. 1913, gengu í gildi og láta þá breytingu haldast meðan ófriðurinn stendur. Með því verður meðal annars heimilt að skjóta rjúpur á komandi hausti, og auk þess nokkrar aðrar fuglategundir, sem góðar eru til matar, en friðaðar voru með lögum 10. nóv. 1913. Með því að hjer er að eins um að ræða bráðabirgðabreytingu og núgildandi fuglafriðunarlög ganga í gildi, þegar ófriðnum ljettir, er það einróma álit nefndarinnar að ráðstöfun þessi sje eigi athugaverð.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1915.

H. Hafstein, form.	Sveinn Björnsson, skrifari.	Jón Magnússon.

Með skírskotun til sjerstaks nefndarálits.

Benedikt Sveinsson. Þorleifur Jónsson.

Fylgiskjal.

LÖG

um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

1. gr.

Sameinað Alþingi, kýs jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum, o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugjörð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hvenær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Nd. **90. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn.

Frá M. J. Kristjánssyni og Matthíasi Ólafssyni.

Fyrir orðið »gefur« í síðustu línu fyrstu greinar komi: gefa.

Ed. **91. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Guðm. Ólafsson.

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Áður en kosning byrjar skal kjörstjórn hafa til hæfilega stóra kjörseðla með sama útliti, og eigi færri en kjósendur eru í hreppnum, lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við hvert nafn á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði [gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer svo inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, eftir því hve marga þarf að kjósa. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 18. gr. sveitarsjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, og orðin: »og um það, hvernig haga skuli kosningunni«, svo og orðin: »að framan« í fyrri málsgr. 57. gr. sömu laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **92. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Nefnd sú, er háttv. deild skipaði, til að athuga frumvarp þetta, hefir athugað ástæður þær, sem stjórnin minnist á í athugasemdum sínum við frumvarpið, sjerstaklega það, að nauðsynlegt virðist, að greina milli atvinnu við siglingar á verslunarskipum og fiskiskipum, sem ekki er gert í gildandi lögum um þetta efni. Nefndinni virðast tillögur stjórnarinnar um þetta heppilegar, og felst hún yfirleitt

á frumvarpið að efni til. Þó virðist nefndinni ekki ástæða til, að láta ákvæði frumvarpsins ná til báta minni en 6 lesta, eða að gera jafnríkar kröfur um sjón þeirra manna, sem stjórna skipum frá 6 til 12 lesta,og um sjón annara skipstjóra.

Að öðru leyti eru breytingar þær, sem nefndin leyfir sjer að leggja til að gerðar verði, að mestu orðabreytingar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögunni.

Nefndin finnur ástæðu til að taka það fram, að málið á frumvarpinu er svipað og á eldri lögunum, svo stjórninni verður ekki sjerstaklega gefin sök á því.

Vjer leyfum oss að leggja það til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 2. gr.

a. 1. málsgrein orðist svo:
Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

b. Í stað orðanna »að sjón . . . . . skipstjóra« komi:
með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt.

c. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:
Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð.

2. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:
Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 lestir, en ekki yfir 30 lestir að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

3. Við 4. gr.

a. Í staðinn fyrir orðið »Rjettur« komi:
Rjett.

b. Fyrir orðið »smálestir« komi:
lestir.

Svo breytist þetta orð alstaðar í frumvarpinu.

c. Í stað orðanna »skal bundinn . . . . . fiskiveiðaskipi« komi:
hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

4. Við 5. gr.

a. Fyrir orðið »Rjettur« komi:
Rjett.

Þannig einnig í 6. og 7. gr.

b. Fyrir orðin »skal bundin . . . . . getur í 15. grein« komi:
hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

5. Við 6. gr.

Í stað orðanna »skal bundinn . . . . . á fiskiskipi« komi:
hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

6. Við 7. gr.

Í stað orðanna »skal bundinn . . . . . getur í 15. grein« komi:
hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

7. Við 9. gr.

a. Í stað orðanna »Til þess . . . útheimtist« komi:
Sá einn getur staðist skipstjórapróf fyrir smáskipi, er:
b. Stafliður *a.* orðist svo:
Kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir o. s. frv.
c. Stafl. *b.* orðist svo:
Kann að nota áttavita og ber skyn á afhvarf (deviation) og misvísun.
d. Stafl. *c.* orðist svo:
Kann að nota o. s. frv.
e. Stafl. *d.* orðist svo:
Þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling.
f. Stafl. *e.* orðist svo:
Sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
g. Stafl. *f.* orðist svo:
Hefir stundað o. s. frv.
h. Fyrir orðin »12 smálestir« í sama staflið komi:
12 lestir að stærð
og fyrir orðið »bifbát« komi:
vjelbát.
i. Málsgreinin í enda greinarinnar orðist svo:
Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

8. Við 10. gr.

Greinin orðist svo:
Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi sem:
a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lestir;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir rjett innborinna manna.

9. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna »Til að öðlast . . . . hafi staðist« komi:
Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum er, auk þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem talin eru í 10. gr. stafliðunum c—f:
a. hefir staðist.
b. Í stað orðanna »að hann hafi verið á 2 stöðum í stafl. b. komi:
hefir verið.

10. Við 12. gr.

a. Í stað orðanna »Til . . . útheimtist« komi:
Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:
b. Í stað orðanna »að hlutaðeigandi hafi staðist« komi:
staðist hefir.
c. Í stað orðanna »að hann hafi verið« komi:
hefir verið.
d. Í stað orðanna »að hann hafi eigi verið dæmdur til hegningar« komi:
hefir eigi verið dæmdur.
e. Í stað orðanna »að hann sanni« komi:
sannar.

11. Við 13. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum er, auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem talin eru í 12. gr. stafliðunum c og d:
b. Í stað orðanna »að hlutaðeigandi hafi staðist« komi:
staðist hefir.
c. Í stað orðanna »að hann hafi verið« á tveim stöðum undir staflið b. komi:
hefir verið.

12. Við 14. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan í 10.—13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.
b. Orðin »á þeim stað þar sem hlutaðeigandi er búsettur« falli burt.
c. Í stað orðanna »4 krónur« komi:
10 krónur.

d. Síðasta málsgrein orðist svo:
Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

13. Við 15. gr.
Greinin orðið svo:
Sá, er öðlast hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

14. Við 16. gr.
a. Í stað orðann »liðunum b. og c. í 10. og 11. gr. og b. í 12. og 13. gr.« komi:
liðunum b. og c. í 10. gr. og b. í 11., 12. og 13. gr.
b. Í stað orðanna »af þeim« komi:
hins.

15. Við 17. gr.
a. Í stað orðanna »svo og« í annari málsgr. komi:
svo skal þar og vera.
b. Í stað sömu orða í 3. málsgrein komi:
svo skal þar og skýrt frá.
c. Orðið »viðkomandi» falli burt.

16. Við 18. gr.
Greinin orðist svo:
Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

17. Við 19. gr.
a. Orðin »skipstjóra og« falli burt.
b. Fyrir orðin »skírteini sem fiskiveiðaskipstjórar eða fiskiveiðastýrimenn« komi skipstjóra- eða stýrimannsskírteini á fiskiskipi.
c. Fyrir orðin »skírteini til skipstjórnar eða stýrimensku» komi:
skipstjóra- eða stýrimannsskírteini.

Efri deild Alþingis, 24. júlí 1915.

Karl Finnbogason.	Eiríkur Briem, formaður.	Karl Einarsson, ritari og framsögum.
Kristinn Daníelsson.		H. J. Kristófersson.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Tólf dögum fyrir eða eftir þrifaböðun, eftir lögum nr. 46, 10. nóv. 1913, þá er næst verður eftir það, er lög þessi ganga í gildi, skal alt sauðfje á landinu baðað úr maurdrepandi baðlyfi.

2. gr.

Á því ári skal hið lögskipaða þrifabað vera úr sama baðlyfi sem aukabaðið eða öðru jafn banvænu fyrir kláðamaur.

3. gr.

Hvortveggja böðunin skal framkvæmd eftir fyrirsögn dýralæknanna Magnúsar Einarssonar og Sigurðar Einarssonar og undir umsjón þeirra.

4. gr.

Landssjóður greiðir þann kostnað, sem leiðir af aukabaðinu, fyrir baðlyf og umsjón.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. nóvember 1915.

Ed. **94. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 22. júlí.

(Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið á þgskj. 41).

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Um leið og efri deild Alþingis lýsir því yfir, að hún telur landið óbundið af öðrum skilmálum fyrir staðfesting stjórnarskrárinnar en þeim, sem felast í fyrirvara Alþingis 1914, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **95. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 22. júlí.

(Tillaga til þingsályktunar um stjórnarskrármálið á þgskj. 41).

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Með því að deildin telur íhlutunartilraun danskra stjórnarvalda um íslensk mál á ríkisráðsfnndi 19. júní 1915, er stjórnarskráin var staðfest og útgefinn konungsúrskurður um uppburð íslenskra mála í ríkisráði, skýrt og ótvírætt mótmælt af Íslandsráðherra á þeim fundi, en Danir þektu umboð hans, sem fólst í fyrirvara Alþingis 1914, og þannig kröfur Alþingis í þessu efni, sem þingið heldur fast við, þá lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **96. Álit**

um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

Sá var eflaust tilgangurinn með lögunum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, að auka og efla sjálfsábúð í landinu, en engan veginn að gera jarðir þessar að leigujörðum í höndum einstakra jarðeigenda. Þegar jarðirnar ganga úr sjálfsábúð, teljum vjer að sala jarðanna hafi ekki náð tilgangi sínum, því eitt af tvennu teljum vjer álitlegast: sjálfsábúð eða að jarðir sjeu opinberar eignir. Tilgangur frumvarps þessa, sá að gera jarðirnar aftur að landssjóðseignum, er þær ganga úr sjálfsábúð er að voru áliti fyllilega rjettmætur (og jafnvel eigi eingöngu þessar jarðir heldur jarðir yfirleitt, er einstakir menn eiga), nema svo standi á, að jarðirnar gangi að eins úr sjálfseign um stundarsakir, t. d. meðan börn eigenda eru á unga aldri en öll líkindi til þess að eitthvert þeirra hefji búskap á jörðinni.

Hinsvegar virðist oss að þessu muni verða mjög torvelt að hrinda í framkvæmd, án þess að koma í bága við gildandi lög eða að landssjóður skaðist stórlega. Ákvæðin í 2. gr. frv., er lúta að því að jarðeigendur sjeu skyldir að selja landssjóði jarðir sínar eftir mati, teljum vjer að komi ótvírætt í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Þau geta og eflaust við og við orðið jarðeiganda til stórskaða. Sje aftur matinu slept, eru öll líkindi til þess, að verðinu sje hleypt svo upp, að landssjóður hljóti allajafna, ef ekki nálega ætíð, að hafna kauparjetti sínum. Lögin næðu þá ekki tilgangi sínum og yrðu gagnslaus. Vjer sjáum oss því eigi fært að mæla með því að deildin samþykki frv. þetta, og oss hafa ekki hugkvæmst þær endurbætur á því er gætu ráðið fram úr vandkvæðunum.

Nú er það og haft fyrir augum í frv. þessu, að útlendingar geti ekki umsvifalaust eignast hjer fasteignir, jarðarítök eða veiðirjett og jafnvel stofnað sjálfstæði landsins í hættu á þann hátt, en þessa eru mörg dæmi erlendis. Þó lítt

hafi þetta að tjóni orðið, enn sem komið er, þá virðist oss rjett að sjá ráð við þessu í tíma, enda hefir Alþingi hvað eftir annað haft mál þetta til meðferðar (1879, 1893, 1899 og 1901) og jafnvel samþykt lög í þessa átt (1899); þá hefir og landbúnaðarnefndin 1877 hallast á sömu sveif. Það hefir komið fram við meðferð málsins á þingi, að margs er að gæta við slíka lagasmíð og teljum vjer því rjettara að stjórnin undirbúi málið og leggi fyrir næsta Alþingi frv. í þessa átt. Munum vjer flytja þingsályktunartillögu þess efnis.

Alþingi, 26. júlí 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður.	Guðm. Hannesson, ritari.
Hjörtur Snorrason.	Bjarni Jónsson frá Vogi.
Björn Hallsson.	Jóhann Eyjólfsson.

Frá minni hlutanum.

Eins og framanritað álit meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar í málinu um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þingskjal 45) ber með sjer, þá leggur hann til að frumvarpið sje felt.

Aðal-ástæðan fyrir þessari ályktun virðist vera sú, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins komi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Styður meiri hlutinn sig þar við álit lögfræðinga í þessu efni. Hins vegar telur nefndin, meiri hluti hennar, að undanþága frá því að hlíta matsverði á jörðum, er landssjóði eru boðnar, leiði til þess, að tilgangi laganna sje með öllu spilt. — Jafnvel þó að þessi ótti sje ekki með öllu ástæðulaus, þá get jeg þó ekki betur sjeð, en að lög um þetta efni yrðu að gagni, þó að því ákvæði væri bætt aftan við aðra grein, að seljanda væri heimilt að sæta hærra boði í jörðina en matsverðinu nemur, ef landsstjórnin ekki vill sinna því verði. Ákvæði svipuð þessu eru í lögunum um forkaupsrjett leiguliða o. fl. frá 20. okt. 1905 (samanb. 1. gr. þeirra), og hafa lög þau þó orðið að góðu liði.

Jeg verð að álíta, að frumvarp þetta um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum fari alveg í rjetta átt, enda viðurkennir og meiri hlutinn það. Og jafnvel þó að frumvarpið, verði það að lögum með þeirri viðaukabreytingu við 2. gr., er jeg ætla að koma fram með, fyrirbyggi ekki að öllu leyti það, að einstaka jörð, sem landssjóði kynni að verða boðin, lendi í höndum kaupbrallara, vegna þess, að þeir byðu hærra verð í jörðina en landsstjórnin sæi sjer fært að sinna, þá hygg jeg samt að lögin gerðu mikið gagn. — Fyrir því legg jeg til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri viðaukabreytingu, er hjer fer á eftir.

VIÐAUKATILLAGA

við frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (þingskjal 45).

Aftan við 2. gr. bætist:

Þó er seljanda heimilt, fái hann hærra boð annarstaðar frá, að sæta því, vilji landsstjórnin ekki sinna því verði.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **97. Álit**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Guðm. Hannessyni og Birni Hallssyni.

Við undirritaðir höfum eigi sjeð oss fært, að víkja til muna frá frv. þessu eins og það var samþykt í neðri deild á síðasta þingi; þóttu allar verulegar breytingar á því lítt vænlegar til samkomulags, að minsta kosti í þessari deild, eftir undirtektum að dæma á síðasta þingi. Við viljum þó geta þess, að nokkur ástæða hefði verið til þess, að stjórnin hefði tekið málið upp á annan veg, því það er fullreynt, að frv. þetta er lítt vinsælt á þingi og ágreiningur mikill um eitt aðal-atriðið, eftirlitsmann sparisjóða. Gat hjer margt komið til athugunar t. d.: a) fullkomin greining í hreina sparisjóði og sýslubanka, sem bent var á í framsögu málsins á síðasta þingi; b) sameining allra sparisjóða um land alt í eitt samvinnukerfi með aðalstöð í Reykjavík, annaðhvort í sambandi við Landsbankann eða sjálfstæðri; c) að koma á hentugu og ódýru sambandi milli sparisjóða vorra og póststjórnarinnar líkt og tíðkast í Ástralíu; d) póstsparisjóðir o. fl.

Við lítum svo á, að heppilegt sje, að alt fyrirkomulag sparisjóða, bókfærsla og skjalaform sje eins við alla sparisjóði landsins, enda höfum við ekki breytt frv. að þessu leyti.

Hvað eftirlitið snertir, nytsemi þess og nauðsyn, þá teljum við að sparisjóðir vorir hafi allgóða tryggingu og eftirlit, því víða eru stofnendur sjóðanna á lífi og láta sjer ant um allan hag þeirra; stjórnendur eru venjulega einhverjir af bestu mönnum bygðarlagsins, og ábyrgðarmenn þeirra eru bæði kunnugir menn og eiga nokkuð í hættu, ef hagur sjóðanna hallast. Ofan á þetta bætist endurskoðun á ári hverju og skýrslur til Stjórnarráðsins. Ef sú trygging er lítilsvirði, sem í öllu þessu er falin, er hæpið að eftirlit miður kunnugs manns eitt sinn á ári komi að tilætluðum notum. Reynslan sýnist og styðja þessa skoðun. Sparisjóðir vorir hafa bæði reynst vel og njóta almenningstrausts.

Þá virðist okkur einnig, að athugavert sje að hefta frelsi sjóðanna yfir þarfir fram; þykir ekki ólíklegt, að það kunni að rýra áhuga og ábyrgðartilfinningu stjórnenda og ábyrgðarmanna.

Eigi að síður þykir okkur óvarlegt, að sleppa öllu frekara eftirliti frá

hálfu landsstjórnarinnar, en teljum það muni fyrst um sinn nægja, ef stjórnir sjóðanna *gætu átt von á rækilegri endurskoðun hvenær sem vera skyldi.* — Til þessa nægir það, að Stjórnarráðið geti árlega látið athuga vandlega *nokkra* sparisjóði, og höfum við komið með breytingartillögu í þá átt. Okkur virðist óþarft, að athugaðir sjeu fleiri en 5 sjóðir á ári og rjeði þá Stjórnarráðið hverjir þeir væru. Slíkt eftirlit ætti einn maður að geta framkvæmt á 1—2 mánuðum, og yrði það þá eigi tilfinnanlegur kostnaður fyrir landssjóð.

Við ætlumst til að bankavanur maður fari þessar eftirlitsferðir, t. d. sá af starfsmönnum Landsbankans, sem best þætti til þess fallinn, og sami maðurinn ár eftir ár, ef þess væri kostur. Við höfum spurt annan bankastjórann að því, hvort hann gæti látið slíkan mann í tje gegn endurgjaldi og kvað hann, að á því myndi tæpast standa.

Þetta óbrotna eftirlit hefir meðal annars þann kost, að hve nær sem einhverjar kviksögur ganga um einhvern sparisjóð, þá getur stjórnin fengið fulla vissu um það, hvort þær eru á nokkrum rökum bygðar, og borið þær opinberlega til baka, ef þær reynast þvættingur einn.

Þá gerum við og ráð fyrir, að eftirlitsmaður kynti sjer eftir föngum sparisjóðamál erlendis, hjeldi eitthvert sparisjóða tímarit, og gæfi stjórnum sjóðanna þá fræðslu og góð ráð, sem hann frekast gæti á eftirlitsferðum sínum.

Færi nú svo, að stjórnin gæti lagt síðar fram *fullar sannanir* fyrir því, að sparisjóðirnir væru í því ólagi, að full nauðsyn væri á ríkara eftirliti, teljum við víst, að þingið myndi *þá* fást til að auka það.

Við höfum talið, að lausafje sparisjóða sje betur komið í innlánsskírteinum eða í sparisjóði í Landsbankanum en í verðbrjefum. Þau eru ekki allskostar handbært fje nema með afföllum, síst er hörgull er á peningum, og enginn hagur fyrir sjóðina að nota þau fremur en peninga.

Innlánsskírteinum má aftur auðveldlega haga svo, að ætíð losist hæfileg upphæð á hverjum mánuði affallalaust, eins og tíðkast í Ástralíu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 7. gr.

Á eftir orðunum »taki lán úr sjóðnum« komi:

nema með leyfi aðalfundar og gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, enda sjeu $^2/_3$ ábyrgðarmanna á fundi.

Við 10. gr.

Orðin »og umsjónarmanni sparisjóða« falli burt.

Við 12. gr.

Orðin í síðustu málsgrein »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.

Við 13. gr.

a. Þriðja málsgrein orðist þannig:

Sparisjóðum þeim, er geyma 50,000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í

Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þegar varasjóður nemur 10% af innstæðufjenu fellur þó þessi skylda burt. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

b. Síðasta málsgrein falli burt.

Við 16. gr.

a. Í stað orðanna í 2. málsgr. »eigur sparisjóðs nema« komi: varasjóður nemur.

b. Orðin »umsjónarmanns sparisjóða« í þriðju málsgrein falli burt.

Við 17. gr.

Orðin »í tryggum og auðseldum verðbrjefum eða« falli burt.

Við 19. gr.

Orðin í 2. málsgr. »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.

Við 20. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« komi: að dómi endurskoðenda sparisjóðsins.

Við 21. gr.

Í stað orðanna »getur stjórnarráðið« komi: getur sýslunefnd eða bæjarstjórn.

Við 22. og 23. gr.

Í stað þessara greina komi ný grein, og breytist tala eftirfarandi greina eftir því, sem hljóði þannig:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það getur árlega látið bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag alt að 5 sparisjóða, og skal þá einkum taka tillit til stærri sjóðanna. Eftirlitsmaðurinn skal leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um skipulag og starfsemi sparisjóða og öðru, er hann telur að sjóðunum megi að gagni koma. Að loknu eftirliti gefur hann Stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóða þeirra, er hann hefir athugað.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum sparisjóða, að láta Stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur þeirra og allan hag, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur Stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjet handa eftirlitsmanni.
Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

Alþingi, 24. júlí 1915.

Guðm. Hannesson, framsögum. Björn Hallsson.

Nd. **98. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 1. gr. Í stað »30,000 krónur« komi:
60,000 krónur.
En til vara (þ. e. verði fyrgreind breytingartillaga feld):
Í stað »30.000 krónur« komi:
40,000 krónur.

Nd. **99. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Sjávarútvegsnefndinni hefir verið falið að athuga frumvarp þetta. Hún hefir nú athugað það nákvæmlega á þrem fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að það sje vel fallið til að verða gert að lögum.

Þó leggur nefndin til að smávægileg orðabreyting sje gerð á 8. grein frumvarpsins. Í frumvarpinu er notað orðið »vitagjald« um gjald það, er ætlast er til að skip gjaldi til hafnarsjóðs fyrir ljós á höfninni eða bryggjum við höfnina. En þar sem gjald það, er skip nú gjalda til landssjóðs, fyrir afnot vita og leiðarmerkja er nú í lögum vorum nefnt þessu nafni, þá gæti þetta valdið misskilningi og leggur því nefndin til, að því sje breytt í »ljósgjald«. Þá hefir og nefndin leiðrjett prentvillu er slæðst hefir inn í 14. grein frumvarpsins um sektirnar. Í frumvarpinu stendur 10—50 en átti að vera 10—500 kr. og hefir nefndin fallist á þá breytingu.

Nefndin leggur því til að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvfirpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Orðið »vitagjald« á tveim stöðum í 8. grein breytist í ljósgjald,
og 10—50 kr. í 14. grein breytist í 10—500 kr.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1915.

Matth. Ólafsson, skrifari og framsögum. Skúli Thoroddsen. M. J. Kristjánsson.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson Eyf.

G, Eggers formaður. Þórarinn Benediktsson.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Flutningsmenn: Þórarinn Benediktsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu 6 árum eftir að lög þessi koma í gildi. Sýslunefndir skulu sjá um framkvæmd mælinganna.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsteikningu af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeigandanda. Ummálsteikningin skal gerð eftir mælikvarðanum 1:2000.
Stjórnarráðið semur reglugjörð um mælingarnar.

3. gr.

Stjórnarráðið nefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndir gera tillögur um tilnefninguna í samráði við búnaðarsamböndin.

4. gr.

Upp í kostnaðinn við mælingarnar greiðast úr landssjóði 2 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og að auki 15 aurar fyrir hvert jarðarhundrað, þó aldrei meira en 10 kr. alls fyrir eitt býli. Fje þetta skal greitt til oddvita sýslunefndar hvert ár, þá er lokið er mælingum í sýslunni það ár og skýrsla gefin um þær.

5. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd, á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir býlatölu, en að hálfu eftir hundraðatölu, þó þannig, að aldrei komi á eitt býli meira en 10 kr. alls. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leigulíða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Fylgiskjal.

BÚNAÐAREJELAG ÍSLANDS.

Reykjavik 4. mai 1915.

Hinn 14. mars f. á. sendi hið háa Stjórnarráð oss og óskaði tillagna vorra um þingsályktun neðri deildar Alþingis 1913 um mælingu á túnum og matjurtagörðum. En í þeirri þingsályktun er skorað á landsstjórnina að rannsaka og undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvernig og á hvaða hátt auðveldast sje að framkvæma mælingu á túnum og matjurtagörðum landsins og hvað slíkt mundi kosta. Kæmi það í ljós við þessa rannsókn, að skipa þurfi fyrir með lögum um framkvæmd slíkra mælinga, lagði deildin það til, að stjórnin semji og leggi fyrir Alþingi frumvarp þar að lútandi.

Það virtist nú liggja fyrst fyrir að reyna að komast fyrir það, hvað mælingarnar mundu kosta. Í því skyni rituðum vjer 30. júlí f. á. búnaðarsamböndunum fjórum hinum stærri (Ræktunarfjelagi Norðurlands og Búnaðarsamböndum Austurlands, Suðurlands og Vestfjarða), og fórum þess á leit við þau, að þau ljeti þá um sumarið starfsmenn sína vinna að slíkum mælingum eina viku hvert, svo að gera mætti sjer af því hugmynd um, hve fljótt þetta verk vinst. Var gert ráð fyrir því, að mælingin yrði gerð á þann hátt, sem tekið er fram í tillögum búnaðarþings 1913 um túnmælingar og skyldi gerð ummálsteikning af hinu mælda landi. Velja skyldi til tilraunanna tún með ýmislegri stærð og lögun, en þó þannig, að ekki væri mjög langt á milli jarðanna, svo að ekki færi mikill tími í milliferðirnar. Ef mælingamaðurinn skyldi vinna eitthvert annað starf á bæjunum, t. d. mæla jarðabætur, skyldi nákvæmlega tekið eftir, hve mikill tími hafði til þess gengið, og síðan varið jafnmiklum tíma til túnamælinga umfram vikuna, svo að glögt sjáist, hve mikið vanst að þeim á viku. Óskað var, að þess væri getið, hve mikill tími færi alls til milliferða og yfir höfuð skyldi geta hvers þess, sem þörf væri á til skýringar, þar á meðal þess, hverja aðstoð mælingamaðurinn þurfti og hafði við mælingarnar.

Búnaðarsamböndin urðu öll við ósk vorri um mælingarnar og hafa nú sent skýrslur um þær og teikningar. En skýrslurnar frá tveim þeirra höfum vjer ekki fengið fyrri en nú fyrir nokkrum dögum, og því er það, að svar vort upp á brjef Stjórnarráðsins kemur ekki fyr en þetta.

Af mælingaskýrslum þessum sjest:

1. Jón Jónatansson mældi syðra 5 tún, og fóru til þess, með kortagerð 27 klukkutímar eða 5,4 kl.t. á tún til jafnaðar. Stutt milli bæja.
2. Sigurður Kristjánsson mældi vestra 3 tún á 31 klt. eða að jafnaði 1 tún á $10^1/_3$ klt. Stutt milli bæja
3. Valtýr Stefánsson mældi nyrðra 10 tún á 60 kl.t. eða hvert tún á 6 kl.t. að meðaltali.
4. Benedikt Blöndal mældi eystra 4 tún á 77 klt.t. eða hvert tún á $19^1/_4$ kl.t. að jafnaði. Langt milli bæja, og kortagerðin vönduð mjög og þau gerð í tvennu lagi.

Hafa þá til mælinga hvers túns gengið að meðaltali 8,9 klt. eða sem næst einu dagsverki. Með er talin mæling matjurtagarða á bæjum. 3 mælingarmanna taka það fram, að ferðin milli bæjanna sje með talin, og vjer teljum víst, að svo hafi þeir allir gert. Á 2 stöðunum var stutt milli bæja. Allir höfðu þeir mann til aðstoðar og einn þeirra 2 að nokkru leyti.

Vjer ætlum því, að mæling túna og matjurtagarða á einu býli muni verða að jafnaði eitt dagsverk mælingamannsins, og mælingakostnaðurinn fyrir hvert býli (kaup og ferðakostnaður mælingamannsins og aðstoðarmaður) mun verða um 8 kr.

Vjer ætlum að óhætt muni vera að reiða sig á, að kostnaðurinn fari ekki fram úr þessu. Þess kynni að vera nokkur von, að hann yrði heldur lægri við það, t. d., að mælingamennirnir, sem ynnu að því starfi, sumar eftir sumar, yrðu við það svo leiknir í því, að fljótara ynnist en í fyrstu. Þó þykir oss ekki örugt að áætla kostnaðinn minni en þetta.

Samkvæmt því, er hagstofan telur, munu vera nálægt 6,500 býli á landinu. Yrði þá mælingakostnaður þeirra allra 52,000 kr.

Svo mikill kostnaður er það að vísu, að álitamál getur það verið, hvort ráð er að leggja hann á menn, nú sem stendur. Þó álítum vjer rjett að lagt verði fyrir Alþingi í sumar, samkvæmt þingsályktunartillögunni, frumvarp til laga um mælingar túna og matjurtagarða, því að ekki búumst vjer við, að mælingunni verði komið á, án lagasetningar. En þó teldum vjer ráðlegt, að málið yrði eigi útkljáð á því þingi, svo að eigi kæmi kostnaður þessi yfir landsmenn að óvörum, heldur fengi þeir tækifæri til að athuga málið og ræða milli þinga.

Vjer leyfum oss nú að senda með brjefi þessu, drög nokkur til lagafrumvarps um mælingar túna og matjurtagarða, eftir því, sem vjer hugsum oss, að mælingunum mætti verða framgengt, og láta fylgja nokkrar athugasemdir til skýringar.

Við 1. gr.

Vjer hugsum oss, að lög þessi verði ekki látin ná til kaupstaðanna. Þar stendur að mörgu leyti öðruvísi á, svo að samskonar ákvæði gætu varla átt þar við og í sveitum. Þar eru sífeldar breytingar á hinu ræktaða landi, fram og aftur, tún og garðar t. d. tekið undir hús. Reykjavíkurbær hefir nú sjálfur gert ráðstafanir um mælingar þar, og má vera að svo sje um fleiri kaupstaðina.

Ekki sjáum vjer fært að tiltaka skemri tíma en 6 ár til mælinganna. Skiftir það miklu, til þess að vel verði unnið og verkið verði ekki of dýrt, að sömu mennirnir vinni að því ár eftir ár og að vinna megi það nokkuð eftir

hentugleikum og ekki um dýrasta tíma ársins. Ef vinna skyldi á skemri tíma, er hætt við að skortur yrði á hentugum mönnum, og verkið yrði ver af hendi leyst, en þó dýrara.

Vjer sjáum ekki annað hentugra ráð, en að fela sýslunefndum að sjá um framkvæmd mælinganna hverri í sinni sýslu. Til tals gæti að vísu komið, að fela hreppsnefndum það, með tilliti til þess, hvernig vjer hugsum oss kostnaðinn greiddan, sbr. 5. gr. En af því að búist er við, að það verði sjaldnast nema einn maður, eða að minnsta kosti ekki nema fáir menn, sem vinna að mælingum í hverri sýslu hvert sumar, sbr. athugasemdirnar við 3. gr., þá þarf einhverja sameiginlega umsjón um starfið í sýslunni, sem t. d. ákvæði, hvar mælt skuli hvert sumar, og þykir sú umsjón best komin hjá sýslunefndinni.

Við 2. gr.

Sjálfsagt þarf að gefa ítarlegar reglur um mælingarnar, t. d. um það, hvað telja skuli tún. Mun vera hentugra, að þær sjeu settar með reglugjörð, heldur en með lögum.

Við 3. gr.

Vjer hugsum oss, að mælingunum muni að jafnaði verða hagað svo, að það verði sömu mennirnir, sem hafa mælingar þessar á hendi, og þeir, sem mæla jarðabætur búnaðarfjelaga, og að þeir geri hvorttveggja í sömu ferðinni. Mælingamenn jarðabóta eru nú tilnefndir af sýslunefndum, víðast hvar samkvæmt tillögum Búnaðarsambandanna. Við þetta er miðað í þessari grein. En sjálfsagt þykir, að Stjórnarráðið hafi æðsta valdið um það, hverjum trúað sje fyrir verki, sem svo er mikils um vert og landið leggur svo mikið fje fram til, sem gert er ráð fyrir í 4. gr.

Við 4. gr.

Ekki getum vjer sjeð, að mælingum þessum geti orðið komið á, án allmikils framlags til þeirra úr landssjóði, enda er það landsþörf, sem á að bæta úr með þeim. Hugsum vjer oss það framlag, sem næst helmingi kostnaðarins, eða um 26000 kr. En nauðsynlegt þykir, að ákveðið sje í lögunum, hvernig það framlag skiftist milli hinna einstöku hjeraða. Ætlum vjer, að næst verði komist sanngirni á þann hátt, að tillagið fari að hálfu eftir býlatölu, en að hálfu eftir hundraðatali jarða. Býlin munu, eins og áður er sagt, vera um 6500. En jarðahundruð eru eftir jarðabókinni 86755. Nokkrar jarðir hafa síðan verið lækkaðar í mati og nokkrar eru í eyði. Þá verður og samkvæt 1. gr. að draga frá kaupstaðajarðirnar. Þetta alt nemur svo litlu, að oss hefir ekki þótt þörf á að rannsaka það nákvæmlega, en hyggjum að það fari mjög nærri að telja bygð ból utan kaupstaða 86000 hundruð. Leggjum vjer nú til, að tillag landssjóðs skiftist þannig, að 2 kr. sjeu greiddar fyrir hvert býli og að auki 15 aurar fyrir hvert jarðarhundrað. Með tilliti til þess, að fáeinar jarðir eru mjög hundraðamargar, án þess að það stafi af túnstærð t. d. varpjarðir, þá þykir þó rjett að tiltaka það hámark, að fyrir ekkert býli verði goldið meira en 10 krónur alls. — Með þessari tilhögun mundi fara mjög nærri því, að helmingur tillagsins færi eftir býlatölu, en hinn helmingurinn eftir hundraðatölu, tillagið eftir hundraðatali aðeins lítið eitt minna.

Við 5. gr.

Sá hluti mælingakostnaðarins, sem ekki verður greiddur úr landssjóði og eftir áætluninni hjer að framan yrði nálægt helmingi hans, eða aðeins örlitlu meira, hugsum vjer oss að verði lagður á eigendur jarðanna eftir samskonar mælikvarða og nefndur er í 4. gr., en sú greiðsluaðferð, sem hjer er stungið upp á, er sett til þess, að gera innheimturnar greiðari.

Engar tillögur gerum vjer um sektir fyrir brot á lögunum, sjáum ekki að um önnur brot á þeim geti verið að ræða en þau, sem hegningarlögin ná til.

Fylgiskjalið endursendum vjer.

Brjefi þessu látum vjer fylgja mælingaskýrslur þær og teikningar, sem vjer höfum fengið frá Búnaðarsamböndunum og ennfremur 1 hefti af Búnaðarritinu með tilvísun til bls. 312—313 (nefndarálits frá jarðræktarnefnd á búnaðarþingi 1913 um mælingar á túnum og matjurtagörðum).

Guðmundur Helgason.

Þórh. Bjarnarson.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Nd. **101. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skulu vera í gildi til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr, þó svo, að ljetta megi af ákvæðinu um óinnleysanleik seðla Íslands banka eftir nánari ákvæðum landsstjórnarinnar þar um, enda sje bankanum samtímis aftur afhentur gullforðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **102. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (á þingskj. 88).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 2. gr., fyrstu línu:

Fyrir orðin »ef þörf gerist« komi:

ef brýn þörf gerist.

Ed. **103. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals- og Árskógshreppum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Öxnadalshreppur og Árskógshreppur í Eyjafjarðarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20,000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **105. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Vjer, sem háttv. deild hefir skipað til að athuga frumvarp þetta, getum fallist á það í öllum atriðum að efni til. Frumvarpið stendur í nánu sambandi við frumvarpið um atvinnu við siglingar, og felur í sjer að eins litlar breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú er á prófum við skólann. Um þetta vísast til athugasemdanna við frumvarpið.

Meiri hluti nefndarinnar hefir hallast að því, að setja nýjar orðmyndanir »segulhalli« og »afhvarf« í stað hinna alþjóðlegu orða, sem notuð eru í frumvarpinu, nefnilega »inklination« og »deviation«, þó þannig, að alþjóða orðin sjeu sett á eftir hinum íslensku á milli sviga.

Minni hlutinn, formaður og ritari nefndarinnar, hafa óbundið atkvæði í þessu atriði.

Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. við 2. gr., 3. stafl.

a. Fyrir »inklination« komi:
segulhalla (inklination).
b. Fyrir »deviation« komi:
afhvarf (deviation).
c. Fyrir »hún« komi:
það.

2. við 2. gr., 18. stafl.

Fyrir »hversdagslegt« komi:
hversdags-

3. við 3. gr., 3. stafl.

a. Fyrir »segulskekkjuna« komi:
afhvarfið (deviationina).
b. Fyrir »segulskekkjurannsókn« komi:
afhvarfs (deviations) rannsókn.
c. Orðin »einskonar segulrannsóknaráhalds« falli burt.

4. við 3. gr., 8. stafl.

Fyrir »hversdagsleg« komi:
hversdags-

Efri deild Alþingis, 26. júlí 1915.

Eiríkur Briem, formaður.	Karl Einarsson, ritari og framsögum.
H. J. Kristófersson.	Kristinn Daníelsson.

Karl Finnbogason.

Nd. **106. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (þgskj. 88).

Frá Eggert Pálssyni og Pjetri Jónssyni.

Á eftir 2. málsgr. 3. greinar bætist orðin:

Ef aðflutningur til landsins af útlendum vörum að öllu eða nokkru leyti heftist, svo að til voða horfi fyrir landsmenn.

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um póstsparisjóði.

Frá Sparisjóðanefndinni.

1. gr.

Tilgangur póstsparisjóðsins er að auka sparsemi, með því að taka á móti fje til ávaxta á ábyrgð landssjóðs, og auka innstæðuna með því að bæta við vöxtum, en jafnframt að hafa alt af nægilegt fje handbært.

2. gr.

1. Hver og einn getur lagt fje í póstsparisjóð fyrir sjálfan sig og aðra.
2. Það er hægt að leggja fje í póstsparisjóð á pósthúsum þeim, sem póststjórnin ákveður, allan þann tíma, sem þau eru opin fyrir almenning.
3. Í fyrsta skifti sem fje er lagt inn, skal skýra frá fullu nafni þess, sem á fjeð, heimili og atvinnu, og ef hægt er fæðingarári og fæðingardegi.

   Þegar lagt er inn fje fyrir ómynduga, er einnig rjett að geta nafns foreldranna.
4. Sá, sem leggur inn fje fyrir annan, getur áskilið að eigi megi segja því upp til útborgunar fyr en eftir ákveðinn tíma.

   Vilji hann setja önnur skilyrði fyrir útborgun fjárins, verður hann að leggja það undir úrskurð póststjórnarinnar, hvort fjenu megi veita viðtöku með því skilyrði.

3. gr.

Ein króna er minsta upphæð, sem má leggja inn í póstsparisjóð í einu. Auk þess verður að eins lagt inn í heilum krónum.

4. gr.

Til þess að styðja sparsemi á minni upphæðum en krónu, sjer póststjórnin um, að hægt verði að fá sparimerki til þess þannig að leggja inn í póstsparisjóðinn á þann hátt, sem sjerstaklega verður ákveðið.

5. gr.

1. Í fyrsta skifti, sem lagt er inn í póstsparisjóð, skal sá, sem það gerir, fá ókeypis viðskiftabók fyrir þann, sem á að fá hið innlagða fje. Í hvert skifti, sem lagt er inn, eða tekið út, skal upphæðin rituð í viðskiftabókina.
2. Þegar viðskiftabók er afhent, skulu rituð í hana skilyrði þau, sem kunna að hafa verið sett fyrir útborgun fjárins, og í henni á að vera útdráttur úr lögum þeim og ákvæðum, er snerta viðskifti almennings við póstsparisjóðinn.
3. Venjulega má enginn eiga meir en eina viðskiftabók við póstsparisjóðinn í einu. Þó geta ómyndugir fengið sjerstaka viðskiftabók, til þess að leggja inn eigið fje, þótt aðrir hafi lagt inn í sjóðinn fyrir þeirra reikning, og

sömuleiðis aðrir, þegar viðskiftabækur þeirra hafa verið gefnar út með sjerstökum skilyrðum.

6. gr.

Til þess að kvittun fyrir innlögum sje gild, skal hún vera svo sem póststjórnin leggur fyrir.

7. gr.

1. Vexti af innstæðu skal að eins reikna fyrir heilan mánuð, frá og með næsta mánuði eftir að fjeð er lagt inn, til þess mánaðar, sem fjeð er tekið út.
   Þegar öll innstæðan ásamt vöxtum er tekin út, reiknast vextir til þess mánaðar, sem útgjaldaskipun póststjórnarinnar er gefin út.
2. Áfallnir vextir skulu lagðir við innstæðuna við lok hvers árs. Af allri innstæðunni skal síðan reikna vexti frá byrjun næsta árs, þó eigi nema af heilum krónum.
3. Nemi innstæða í einni viðskiftabók meiru en 2000 krónum, verða eigi greiddir vextir af því, sem fram yfir er.

8. gr.

1. Stjórnarráðið ákveður, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje.
2. Vaxtalækkun gengur eigi í gildi fyr en tveim mánuðum eftir að auglýsing um hana hefir verið birt.

9. gr.

1. Sá, sem vill taka út inneign sína eða hluta af henni, skal sýna viðskiftabók sína á pósthúsi og skriflega segja upp fjárhæðinni. Hann skal ákveða, hvar hann vilji fá fjeð útborgað.
2. Uppsagnarfrestur skal venjulega vera sem hjer segir:
   Alt að 100 krónum ..... minst 7 dagar.
   Yfir 100 kr. alt að 500 krónum ..... — 14 —
   — 500 — ..... — 30 —
   Þó verður uppsagnarfresturinn að laga sig eftir því að nái til útgjaldaskipunar póststjórnarinnar.
   Pósthúsið gefur nauðsynlegar upplýsingar um það.
3. Póststjórnin getur gefið fyrirmæli um það, með hvaða skilyrðum fje má greiða úr póstsparisjóði, án þess að bíða þess, að uppsagnarfrestur sje liðinn.
4. Sje eigi allri innstæðunni sagt upp, verður upphæð sú, sem um er að ræða, að vera í heilum krónum.
5. Hafi hlutaðeigandi eigi tekið fjeð innan fjórtán daga, frá því það, eftir uppsögninni og póstgöngunum, átti að vera handbært, verður uppsögnin álitin ógild, og vextir reiknast af fjenu eins og það hefði verið lagt inn í póstsparisjóðinn að nýju.

10. gr.

1. Þegar handhafi viðskiftabókar kemur til þess að taka út fje, sem hefir

verið sagt upp, verður hann, ef póstmaður þekkir hann ekki, að styðja heimild sína með því, að koma fram með samskonar upplýsingar og ræðir um í 2. gr. 3.

2. Þegar upplýsingar þessar eru samhljóða þeim, sem gefnar voru, er lagt var inn, og engin ástæða er til að ætla, að maðurinn sje annar en hann segist vera, skal borga fjeð út.

Annars skal málið borið undir póststjórnina, sem gerir um það, hvort eigi að útborga eða vísa málinu til dómstólanna.

Hafi eigandi viðskiftabókar sagt upp öllu því, sem hann á inni í einni bók, skal viðskiftabókinni skilað í hendur þeim, sem greiðir fjeð.

11. gr.

1. Gift kona, sem á fje í póstsparisjóði, getur sagt því upp, og tekið það út án samþykkis manns hennar. Sömuleiðis geta unglingar, sem eru orðnir 10 ára, án leyfis fjárráðamanns ráðstafað fje því, sem þeir hafa lagt inn í póstsparisjóð.
2. Þegar svo stendur á, sem ræðir um í þessari grein, má eigi borga fje út úr póstsparisjóði til eiginmanns án samþykkis konu hans, nje til fjárhaldsmanns nema með samþykki hins ómynduga.

12. gr.

Sömu viðskiftabók má nota bæði þegar lagt er inn og tekið út, og við hvert pósthús, sem gegnir sparisjóðsstörfum.

13. gr.

1. Á hverju ári fyrir lok þess mánaðar, sem lagt hefir verið inn í póstsparisjóð í fyrsta skifti, er rjett að afhenda viðskiftabókina á einhverju pósthúsi, sem gegnir sparisjóðsstörfum, gegn kvittun, til þess að pósthúsið sendi hana til póststjórnarinnar, sem lætur rannsaka bókina og færa inn í hana vexti fyrir umliðið almanaksár. Eftir það verður viðskiftabók skilað eigandanum á sama pósthúsinu gegn nefndri kvittun.
2. Láti eigandi viðskiftabókar farast fyrir innan þess tíma, sem áður segir, að afhenda hana, og síðar kemur fram mismunur á viðskiftabók og reikningum póstsparisjóðsins, þá skulu reikningarnir, að því, er snertir inneign eiganda, vera sönnun.

14. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn nje tekur út í fimtán ár samfleytt, þá skal fjeð ganga til póstsparisjóðsins. Þó á póststjórnin, þegar svo ber undir, að láta greiða það vaxtalaust til eiganda bókarinnar, ef hann gefur sig fram.

15. gr.

1. Flytjist eignarrjettur að viðskiftabók frá einum til annars fyrir erfðir eða erfðaskrá eða fyrir gjaldþrot eða fjárnám, skal það þegar í stað tilkynnast póststjórninni.

2. Áður en sú tilkynning er framkomin og er samþykt, hefir flutningurinn eða framsalið engan rjett gagnvart póstsparisjóði.
3. Flutningur á eignarrjetti að viðskiftabók eða framsal á henni, getur eigi átt sjer stað, nema þegar svo stendur á, sem að framan segir í þessari grein undir 1. lið.

16. gr.

1. Glatist viðskiftabók, skal það þegar í stað tilkynt póststjórninni, og skal þeirri tilkynning fylgja skýrsla um það, hvenær og með hvaða atvikum að bókin hefir horfið.
2. Þegar póststjórnin fær slíka tilkynning, skal hún annast að viðskiftabókin verði þrisvar auglýst í Lögbirtingablaðinu.
3. Sex mánuðum eftir að síðasta auglýsingin hefir verið birt, má póststjórnin gefa út nýja viðskiftabók í stað hinnar týndu, en hún ákveður, hvort trygging beri að setja fyrir hinni nýju viðskiftabók og sömuleiðis, þegar svo ber undir, hve mikið skuli greiða fyrir hina nýju bók.
4. Þegar ný viðskiftabók hefir verið gefin út, verður hin fyrri viðskiftabók dauð og marklaus.

17. gr.

Ef eigandi viðskiftabókar fer þess á leit við póstjórnina, að keypt verði fyrir fje, sem hann á í sparisjóði, arðberandi skuldabrjef, samskonar og þau, sem póstsparisjóður má kaupa fyrir eigin reikning, á póststjórnin að annast kaup á slíku skuldabrjefi með svo lágu verði, sem kostur er á, og án ómakslauna, og ef hægt er, innan þess uppsagnarfrests, sem tiltekinn er í 9. gr. 1. Skuldabrjefið skal síðan afhendast eiganda viðskiftabókar á ákveðnu pósthúsi, mót greiðslu á burðargjaldi eftir vigt og verði, ef það hefir orðið að senda skuldabrjefið með pósti til eigandans.

18. gr.

1. Fje það, sem greitt er í póstsparisjóð og eigi þarf að hafa handbært, skal leggja inn í Landsbankann eða Íslandsbanka.
2. Fyrir svo mikinn hluta af fje þessu, sem póststjórnin álítur hæfilegt, til þess þó að geta greitt fje það, sem kann að verða sagt upp í póstsparisjóði, skal póststjórnin kaupa arðberandi skuldabrjef, gefin út af landssjóði, Landsbanka eða Íslandsbanka.

19. gr.

1. Kostnaður við rekstur póstsparisjóðsins, skal greiðast af tekjum þeim, sem fást við vaxtamismun.
2. Í byrjun, og svo lengi sem tekjur póstsparisjóðsins eigi hrökkva til þess, skal póstsjóður greiða það, sem kann að vanta á að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum.
3. Síðar meir, er póstsjóður hefir fengið endurgoldið það, sem hann hefir lagt til póstsparisjóðsins, skal ágóði póstsparisjóðsins allur ganga til hans sjálfs, honum til eflingar og tilgangi hans.

20. gr.

1. Eftir lok hvers reikningsárs skal Stjórnarráðinu send skýrsla um póstsparisjóðinn.
2. Jafnframt þessari skýrslu skal póststjórnin gera grein fyrir fje því, sem kann að vera ætlast til að póstsparisjóður verji það árið í ráðstafanir til að auka sparsemi almennings, einkum meðal fátæklinga.

21. gr.

Póststjórnin geymir verðbrjef póstsparisjóðs og annast sölu þeirra eða veðsetningu eftir því, sem hún álítur nauðsynlegt.

22. gr.

Enginn má gefa neinum upplýsingar um viðskifti póstsparisjóðs við þá, sem eiga inni hjá honum, öðrum en þeim sjálfum eða þeim, sem eru komnir í þeirra stað, eða hafa öðlast rjettindi þeirra.

23. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvenær póstsparisjóðurinn tekur til starfa.

Fylgiskjal.

PÓSTSTOFAN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 22. febr. 1915.

Hjer með leyfi jeg mjer, virðingarfylst, að senda hinu háa Stjórnarráði hjálagt frumvarp til laga um stofnun á póstsparisjóði, sem jeg álít, að geti orðið landinu til gagns og sóma, með því að efla fjársöfnun og sparsemi.

Flestar þjóðir láta sjer mjög ant um, að landsmenn eyði eigi öllu því, er þeir vinna sjer inn, jafnóðum, heldur geymi það, sem þeir geta án verið í svipinn, til þess að geta gripið til þess síðar, þegar óhöpp ber að höndum, sjúkdómar eða elliþreyta.

Því meir sem sú hugsun grípur hugi manna, ungra og gamalla, því meiri menningarbragur verður á þjóðinni.

Menn verða að læra það, að smá-upphæðir geta orðið að stórum fjársjóði, og að menn verða eigi ríkir af því, sem þeir afla, heldur af því, sem þeir spara.

Hjá ýmsum þjóðum er þetta kent við skólana, og sparsemi unglinganna örvuð með sparimerkjum, sparibaukum o. fl., enda er það talið einna þýðingarmest, að gera mönnum hægt fyrir, að koma handbæru fje fyrir á öruggan stað, því það vill oft verða svo, að aurunum er veltigjarnt, sjeu þeir hafðir handa milli.

Hjá fjölda þjóða hafa verið stofnaðir póstsparisjóðir, og eru þeir taldir eitt með því öflugasta, sem gert hefir verið, til þess að auka sparsemi hjá hinum efnaminni.

Af menningarþjóðum heimsins eru það að eins fjórar, Danmörk, Noregur, Sviss og Þýskaland, sem hafa ekki enn þá komið á fót póstsparisjóðum. Alstaðar þar sem þeir hafa verið stofnaðir, hafa þeir reynst vel, og því mætti búast við, að svo mundi og verða hjer á landi.

Að vísu hafa menn víða hjer á landi sparisjóði, en pósthúsin eru þó margfalt fleiri. Jeg ætlast raunar ekki til, að öll pósthús gegni póstsparisjóðsstörfum til að byrja með, og það hefir hvergi verið gert.

Í Bandaríkjunum í Norðurameríku var byrjað með 48 pósthúsum, en ári síðar voru það orðin 7500 pósthús, sem gegndu póstsparisjóðsstörfum, og með tímanum eiga þau að verða 40000.

Auk þess, sem það verður ljettara fyrir menn, að ná til pósthúsanna en sparisjóðanna, af því að þau eru fleiri, þá er það að athuga, að þau eru opin meiri hluta dagsins, þar sem sparisjóðirnir eru víðast ekki opnir nema suma daga vikunnar og stuttan tíma í einu.

Það er eigi óhugsandi, að margur eyririnn eyðist fyrir það, sem annars mundi lenda í póstsparisjóði.

Í öðrum löndum vinna skólar, verksmiðjur og ýmsir atvinnurekendur að því, að safna spariskildingum fólks með sparimerkjasölu, sparibaukum o. fl.

Jeg hygg að samvinna milli nefndra stofnana mundi ljettara geta komist á milli póstsparisjóðsins, en hinna almennu sparisjóða.

Svo er það atriði eigi lítilsvert, að út úr póstsparisjóði má taka fje á hvaða pósthúsi sem er, ef það gegnir póstsparisjóðsstörfum. Fyrir því er póstsparisjóðurinn notaður mjög mikið af erfiðisfólki, sem fer víða um landið til að leita sjer atvinnu.

Það er eigi ólíklegt, að talsvert af sumarkaupi verkafólks á Austfjörðum hefði lent í póstsparisjóði, ef hvert pósthús þar á fjörðunum hefði veitt því móttöku, í stað þess að hverfa að nokkru leyti, og stundum að öllu leyti, á leiðinni austan að.

Helstu mótbárurnar á móti stofnun póstsparisjóða hafa verið tvær:

1. Að póstsparisjóður yrði eigi svo mikið notaður, að hann gæti borið sig, og
2. að hann yrði svo mikið notaður, að hann mundi skaða hina almennu sparisjóði.

Jeg held að hvorugt þurfi að óttast. Ef póstsparisjóður hjer yrði lítið notaður, yrði hann heldur eigi kostnaðarsamur.

Auðvitað færi nokkuð fje í prentun eyðublaða og bóka í byrjun, og einhverja borgun yrðu póstmenn utan Reykjavíkur að fá. Sumstaðar er sú borgun látin fara eftir fjárhæðinni, en sumstaðar eftir innlagafjölda.

Í Svíaríki eru borgaðir 5 aurar fyrir hverja nýja bók og 2 aurar fyrir hvert skifti, sem lagt er inn í póstsparisjóðinn þar fyrir utan. Ennfremur eru við árslok borgaðir 5 aurar fyrir hverja nýja viðskiftabók, sem lifir árið út.

Kostnaður við bókhaldið á póststofunni í Reykjavík, færi eftir því, hvort póstsparisjóðurinn yrði mikið notaður.

Jeg skil varla að þessi hlið málsins ætti að fella það.

Hið síðara atriði ætti heldur eigi að verða póstsparisjóðsstofnun að falli.

Hinir almennu sparisjóðir taka á móti fje því, sem þeim berst, og aðalatriðið fyrir þá, er að ávaxta það, en þeir skeyta minna um söfnun fjár.

Aðalatriðið fyrir póstsparisjóðinn er að auka fjársöfnun og ná í það fje, sem annars yrði að eyðslufje.

Póstsparisjóðurinn gefur lægri vexti og vill ekki hafa stórar upphæðir í einni viðskiftabók.

Eitt er það enn, sem mundi hvetja suma menn til þess að leggja fje í póstsparisjóð, fremur en að geyma það heima, það er ábyrgð landssjóðs. Það getur vel verið, að allir okkar sparisjóðir sjeu fulltryggir, en betri trygging geta tortryggir menn eigi fengið en ábyrgð landssjóðs.

S. Briem.

Til Stjórnarráðsins.

Nd. **108. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afnám forðagæslulaga frá 10. nóv. 1913.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild skipaði til að íhuga ofangreint frumvarp, leyfir sjer að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Flestir nefndarmenn eru á þeirri skoðun, að í raun og veru gæti það ekki orðið til neins tjóns eða baga fyrir landbúnað vorn, þótt forðagæslulögin væru numin úr gildi. Því að þeir hafa eigi neina trú á því, að þau geti komið í veg fyrir fjenaðarfelli í aftaka hörðum árum, einkanlega þar sem þó nokkuð víða um land mun vera mótspyrna á móti lögunum, og hætt við, þegar svo stendur á, að þeim verði slælega beitt.

Enda er það skoðun flestra í nefndinni, eftir þeirri þekkingu, sem þeir hafa á þessum efnum, að hugsunarháttur almennings hafi á síðari áratugum, tekið svo miklum stakkaskiftum, að nú sjeu fáir, sem ekki leggja alla stund á að hafa nóga björg fyrir skepnur sínar í öllum vanalegum vetrum. Nú orðið eru allir þolanlega skynsamir búmenn farnir að sjá, að það er beinlínis stór hagnaður að eiga færri skepnur, sem eru viss og afnotamikil eign, hvernig sem alt veltist, heldur en að hafa fjölda fjenaðar, sem allur getur verið í voða, hvenær sem eitthvað bjátar á með vetrarfar eða vortíðina, auk þess sem velvild og umhyggja fyrir dýrunum hefir glæðst afarmikið á síðari tímum.

Þegar þessa alls er gætt, þá eru flestir nefndarmenn ekki í neinum vafa um, að kvikfjárrækt vorri mundi ekki standa neinn háski af því, þótt lög þau er hjer um ræðir væru feld úr gildi.

En þar sem nefndinni er einnig kunnugt um, að margir líta svo á að ísjárvert sje að afnema forðagæslulögin, nema þá að einhver lög um búpen-

ingsskoðanir komi í staðinn, því jafnvel þótt ýmsir sjeu á móti forðagæslulögunum eins og þau eru úr garði gerð, bæði vegna hinnar miklu skriffinksu sem krafist er, svo þeim sje fullnægt o, fl., þá mun þó sú skoðun nokkuð víða, að það geti verið stuðningur í því fyrir bændur, og leiðbeining, að búpenings- og heyjaskoðun fari fram einu sinni á vetri eða svo. Þó vill nefndin ekki leggja til að frumvarpinu sje haldið fram, heldur sje stjórninni falið að leita álits allra hreppsnefnda í landinu um forðagæslumálið, milli þinga.

Mál þetta grípur svo mikið inn á svið bænda og búenda, að best er og eðlilegast, að löggiöf um þessi efni sje sem mest bygð á tillögum frá bændum sjálfum. Þeir hljóta að hafa töluverða reynslu við að styðjast, og hafa nú vanist ýmiskonar lögum um þessi mál, og væntir nefndin þess, að á þann hátt kunni að fást ýmsar nýjar bendingar, sem gætu verið nokkurs virði til að byggja lagasetningu á.

Samkvæmt þessu, sem hjer er sagt, leyfir nefndin sjer að koma með svofelda

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGU:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita álits og umsagnar allra hreppsnefnda um forðagæslumálið, og þá einkum um það:

   a, hvort þær telji lög í þeim efnum miða til verulegrar nytsemi eða ekki.
   b, hvort þær telji heppilegra — ef lög um þessi mál þykja á annað borð æskileg — almenn lög eins eða svipuð þeim, sem nú eru í gildi, eða að eins heimildarlög í líkingu við tillögur þær, sem fram hafa komið, bæði frá Torfa sál. Bjarnasyni og fleirum.

2. Að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi — ef breytinga er alment óskað — lagafrumvarp, í sem fylstu samræmi við þær álitsgjörðir og óskir, er komið hafa fram.

Alþingi 26. júlí 1915.

Eggert Pálsson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari.

Jóhann Eyjólfsson, með fyrirvara. Sigurður Gunnarsson. G. Eggerz.

Nd. **109. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlaganefndin hefir athugað frumvarp þetta, svo og ýms skjöl, er að því lúta, á allmörgum fundum og gerir við það þessar athugasemdir:

1.

Nefndinni hefir borist erindi frá stjórn landsbankans út af brunatjóni því, sem varð á næstliðnu vori á skrifstofu landsfjehirðis í landsbankanum, af óvátrygðum munum, svo sem ritföngum, eyðublöðum o. fl. Til þess að bæta upp tjón þetta, hefir landsfjehirðir orðið að verja um 600 kr., og segir hann í brjefi til bankastjórnarinnar, að hið árlega skrifstofufje sje orðið ófullnægjandi undir venjulegum kringumstæðum, svo að sjerstaka viðbót þurfi vegna þessa aukakostnaðar. Jafnvel þótt svo virðist, sem landsstjórninni finnist ekki knýjandi ástæða til að fara fram á aukafjárveiting í þessu skyni, þykir nefndinni sanngjarnt að brunatjón þetta komi niður á landssjóði og leggur til, að 600 kr. sjeu veittar í þessu skyni.

2.

Þeir Kristinn Sigurðsson múrari og Jens Eyjólfsson trjesmiðir, er tóku að sjer bygging pósthússins gegn fyrirfram ákveðinni upphæð, fara þess á leit með brjefi til Stjórnarráðsins, að þeim sje veitt uppbót á verksamningnum fyrir verðhækkun sem af völdum Norðurálfuófriðarins varð á ýmsu efni til hússins. Fara þeir fram á kr. 1881,00, samkvæmt sundurliðuðum reikningi. Stjórnin hefir falið byggingameistara Einari Erlendssyni mál þetta til umsagnar, og færir hann skaðabótareikninginn niður í kr. 1562,76, en mælir með, eða telur sanngjarnt, að sem því svari sje bætt upp. Nefndinni hefir nú verið skýrt frá, að menn þessir hafi leyst verk sitt heiðarlega af hendi þrátt fyrir óvænta örðugleika, svo og það, að tilboð þeirra um pósthúsbygginguna var hið lang lægsta, sem fáanlegt var. Þykir henni því rjett, að hjer komi sanngirni á móti, og leggur til að veittar sjeu 1500 kr. í þessu skyni.

3.

Út af 4. gr. D. lið, sendi ráðherra nefndinni brjef frá landssímastjóranum með breytingartillögum við nefndan lið. Kvaddi nefndin síðan landssímastjórann til viðtals á fundi og ræddi hina sundurliðuðu áætlun hans um aukafjárveitinguna. Varð það niðurstaðan af öllum þessum skýringum, að nefndinni þótti óhjákvæmilegt að hækka fjárveitinguna úr kr. 26162,27, upp í kr. 28712,27, er þá sundurliðast þannig:

1.	Viðgerðir og breytingar á stöðvarhúsinu í Reykjavík	kr. 2500,00
2.	Stækkun á miðstöðvarborði landssímans, flutningur o. fl.	— 2500,00
3.	Kaup á Wheatstone-áhöldum til Reykjavíkur og Seyðisfjarðar...	— 7200,00
4.	a. 3 starfsmenn í Reykjavík	— 3000,00
	b. 2 símritarar á Seyðisfirði	— 1800,00
	c. 2 símameyjar á Akureyri	— 1200,00

d. 2 —»— í Reykjavík	—	900,00
e. Símamey og aukaþjónusta á Borðeyri..	—	400,00
5. Húsaleiga fyrir landssímastjórann í 10 mánuði og kaup á ýmsum skrifstofugögnum	—	1850,00
6. Þátttaka í launum dyravarðar póst- og símahússins fyrir yfirstandandi ár	—	250,00
7. Kostnaður út af bruna á Siglufirði	—	2112,27
8. Kaup á viðgerðarkabel	—	5000,00

Það er of langt upp að telja ástæður fyrir hverjum lið, og vísar því nefndin til athugas. við stjórnarfrv. með samanburði við áðurnefnt brjef landssímastjórans, dags. 15. þ. m., sem lagt verður fram á lestrarsalnum.

4.

Viðvíkjandi síðasta lið 7. greinar vill nefndin gera þá athugasemd, að nefndinni er ekki kunnugt um að nein skýrsla hafi verið birt um ferð þá, er þar ræðir um, til prentlistarsýningarinnar í Leipzig 1914, og væntir þess, að hún verði lögð fyrir þingið, eða birt á prenti.

5.

Athugasemdin aftast í frumv. um árleg eftirlaun, 400 kr. af fje landsbankans, handa ekkjunni Steinunni Kristjánsdóttur, er gerð eftir tillögum landsbankastjórnarinnar, en kemur þó að því leyti ekki heim við upphaflega tillögu hennar, að bankastjórnin vildi veita styrk þennan *einungis á meðan* ekkjan væri að koma börnum sínum á framfæri, en ekki lengur, svo að það yrði ekki eftirleiðis eins og kvöð á landsbankanum að taka ekkjur starfsmanna bankans á föst eftirlaun. Nefndin leggur því til, að breyta þessu í þá átt sem landsbankastjórnin ætlaðist til. Og eftir fengnum upplýsingum ætti 5 ára styrkur að ná ofannefndum tilgangi.

6.

Nefndin vill með athugasemd í fjáraukalögunum, að Alþingi heimili stjórninni að kaupa húseignina nr. 12 í Kirkjustræti, sem nú mun vera föl með allri lóð sem henni hefir fylgt fyrir 18000 kr.

Ráðherra hefir leitað álits fjárlaganefndar um það, hvort hún sæi nokkuð á móti því, að landsbankinn fengi keypta lóð á því svæði Arnarhólstúns, sem fyrirhugað hefir verið opinberum byggingum. Án þess nefndin vilji nokkuð leggja til þess, hvort landsbankahúsið verður bygt á sama stað og áður eða einhversstaðar á öðrum hentugum stað, þá lýsir hún því yfir sem sínu áliti, að slík bygging, vegleg og traust sem væntanlega verður, getur vel átt heima á Arnarhólstúni, enda verður að teljast með opinberum byggingum.

Nefndin leyfir sjer að athuga það í sambandi við þetta fjáraukalagafrv., að á núgildandi fjárlögum er hvergi getið um nýjan tekjulið, sem einmitt hefir

komið til á þessu fjárhagstímabili, samkv. lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, en það er ágóðahluti af innskotsfje landssjóðs í landsbankanum. Ágóðahluti þessi nam fyrir árið 1914 (frá 1. júlí til ársloka) kr. 2652,35.

Neðri deild Alþingis, 26. júlí 1915.

Sveinn Björnsson, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum.

Björn Kristjánsson. Þórarinn Benediktsson. Eggert Pálsson.

Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.

Nd. 110. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. grein og orðist þannig:
   Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast kr. 600,00
   Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... — 600,00
2. Við 4. gr. Á undan »Við B II« komi nýr liður, er orðist þannig:
   Við 13. gr. A. 3. f. Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna vegna verðhækkunar á efni, af völdum Norðurálfuófriðarins... ... ... kr. 1500,00
3. Við 4. gr. Við D. Fyrir »26,162,27« komi:
   28,172,27.
4. Við athugasemdina síðast í frumvarpinu. Athugasemdin orðist þannig:
   Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.
5. Aftan við frumvarpið bætist þessi athugasemd:
   Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Nd. 111. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr. á undan »Við B. II« komi:
Við 13. gr. B. Viðbót við skrifstofukostnað kr. 13,04.

Nd. **112. Tillaga**

til þingsályktunar um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir fasteignum á Íslandi.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþing frv. um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir jörðum, jarðarítökum og veiðiám á Íslandi.

Nd. **113. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá minni hluta dýrtíðarnefndarinnar.

1. 2. málsgrein 3. greinar orðist svo:
   Á sama hátt heimilast landsstjórninni, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvælum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

2. 3. málsgrein sömu greinar — »landsstjórnin — afurðum« falli burt.

3. Við 5. gr. »og má verja« og út málsgreinina, falli burt.

Nd. **114. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um póstsparisjóði.

Frá meiri hluta Sparisjóðanefndarinnar.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum í 2. lið »póststjórnin ákveður« komi:
og hlutaðeigandi hreppsnefnd mælir með.

Við 5. gr.

Við fyrstu málsgrein bætist:
og á innleggjandi heimtingu á að gæta þess, að sama upphæð sje í hvert sinn færð inn í viðskiftabók hans og póstbókina.

Við 14. gr.

Orðin »þá skal fjeð ..... gefi sig fram« falli burt. Í stað þess komi:

þá ber póststjórninni ekki að greiða framvegis vcxti af því fyr en viðskifti hefjast að nýju. Verði það eigi innan 50 ára skal fjeð ganga til póstsparisjóðsins.

Við 18. gr.

Í stað »Íslandsbanka« í 1. málsgrein komi:
eða útibú hans.

Í stað orðanna »Landsbanka eða Íslandsbanka« í niðarl. greinarinnar komi:
eða Landsbanka.

Alþingi 26. júlí 1915.

Guðm. Hannesson. skrifari. Stefán Stefánsson (Eyf.)

Björn Hallsson. G. Eggerz, með fyrirvara.

Nd. **115. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ullarmat.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Sigurður Gunnarsson.

Við 1. gr.

1. Í stað orðanna í síðustu málsgrein: »eða umboðsmaður hans« komi:
eða hreppstjóri.
2. Aftan við málsgreinina bætist:
»Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar, skal sýslumaður skipa til þessa annan hæfan mann, á útflutningsstaðnum, eða í námunda við hann«.

Ed. **116. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og Kristinn Daníelsson.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands falli burtu orðið: »Unaóss« og komi í staðinn: Loðmundarfjarðar og í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

Ed. **117. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

Nefndin felst á ástæður stjórnarinnar fyrir því, að nauðsyn sje að stofna vjelstjóraskóla í Reykjavík nú þegar. Þörf á vel færum vjelstjórum er orðin mikil, og horfur á, að hún fari mjög vaxandi.

Nefndin vill gera nokkrar breytingar á frumvarpinu. Alt eru það orðabreytingar nema ein, og snertir hún ekki aðeins þetta frv., heldur og frumvarpið um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, sem nefndin hefir einnig haft til meðferðar.

Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við *það* frv., er ágreiningur um það, hvort þeir, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini eftir hinum eldri lögum, skuli — eftir að lögin um vjelgæslu á íslenskum skipum gengi í gildi — öðlast rjett til vjelstjórnar á skipum, hversu stór sem eru, eða njóta að eins þess rjettar, er þeir eiga samkvæmt eldri lögum.

Nefndin telur varhugavert, að veita þessum mönnum rjett til vjelstjórnar, á hvaða skipi sem er, til jafns við þá, sem öðlast réttinn með því, að fullnægja hærri kröfum. En hins vegar vill hún gera þeim svo auðgert, að öðlast rjettinn, sem verða má, án þess að veikt sje tryggingin fyrir því, að þeir megi með hann fara.

Hún leggur því til, að þessum mönnum verði leyft að taka vjelstjórapróf, án þess að fullnægja kröfum þeim, er settar eru í 1. og 2. tölulið 4. gr. í lögum þessum. Þetta telur nefndin hættulaust, og styðst þar við skoðun vjelfræðiskennarans við stýrimannaskólann. Og það skiftir sýnilega miklu fyrir fullorðna menn, sem vilja verða og eru færir um, að verða vjelstjórar á stórskipum, að þurfa ekki að eyða 3 árum til að læra járnsmíði, heldur að eins örstuttum tíma, til að taka próf.

Nefndin var ekki öll á eitt sátt um öll atriði, og mun hver nefndarmanna gera grein fyrir sínum ágreiningi.

En meiri hlutinn ræður háttv. deild, til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.
   Fyrir »gefa«, í 1. málsgr., komi:
   gera.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir »útheimtist«, í upphafi gr., komi:
   þarf.
   b. Fyrir »stilling«, í 6. lið, 6. línu, komi:
   stelling.
   c. Fyrir »vatnsþjett«, í 6. lið 7. og 8. línu, komi:
   vatnsheld.
   d. Fyrir »bifvjelum«, síðast í 6. lið, komi:
   mótorum.

3. Við 4. gr.
   a. Upphaf gr. orðist svo:
      Sá einn má ganga undir vjelstjóraþróf, er:
      1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.
      2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum, o. s. frv.
   b. Fyrir »hlutaðeiganda«, í næst síðustu málsgr., komi:
      umsækjanda.
   c. Fyrir »umsækjandi«, í síðustu málsgr., komi:
      hann.
   d. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera undirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.
4. Við 6. gr.
   a. Fyrir »útheimtist«, í fyrri málsgr., komi:
      krafist er.
   b. Fyrir »löguð«, í síðari málsgr., komi:
      ætluð.

Efri deild Alþingis, 27. júlí 1915.

Eiríkur Briem, formaður. Karl Finnbogason, framsögum.

Karl Einarsson, ritari.

Kristinn Daníelsson. H. J. Kristófersson.

Ed. **118. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frv. þetta er svo úr garði gert, að nefndinni þótti ráðlegast að endursemja það að mestu.

Þó leggur hún til að gerðar sjeu aðeins tvær efnisbreytingar.

Hin fyrri er sú, að fella burt b-lið 8. greinar frumvarpsins. Honum er ofaukið, því í honum felst aðeins skilyrði vélstjóraprófsins, sem krafist er í a-lið sömu greinar, og stendur í 4. gr. frumvarpsins um stofnun vjelstjóraskóla.

Síðari efnisbreytingin er sú, að fella úr 13. gr. frumvarpsins orðin: »á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur«. Nefndinni virðist heppilegast, að hver sem annars á rjett á að fá skírteini þau, sem hjer ræðir um, geti fengið

þau hjá lögreglustjóra, þar sem hann er staddur, þegar hann þarf á skírteini að halda, hvort sem hann á þar heima eða ekki.

Nefndin leggur til, að hv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a, hefir staðist vjelgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík.

b, hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi, og þekking á hirðingu gufuvjela;

c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. Við 3. gr:

Greinin orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 8. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

6. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 10. gr., á rjett til að

vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

7. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

8. Við 8. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

a. hefir staðist vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík.
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

9. Við 9. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 8. gr.:

a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár, og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela;
b. er 25 ára að aldri.

10. Við 10. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 8. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 9. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

11. Við 11. gr.

Greinin orðist svo:

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 8. gr. og staflið b. í 9., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. Við 12. gr.

a. Orðin »sem hefir vjel«, í 1. málsgr., falli burt; og fyrir »hestöflum«, í sömu málsgr., komi:
hestafla vjel.

b. 2. málsgr. orðist svo:
Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.
c. Fyrir »sem hefir« í 3. málsgr., komi:
með.
d. Orðin »þ. e. annar og þriðji vjelstjóri«, í 3. málsgr., falli burt.
e. Fyrir »vjelalið, sem tekið er fram«, í 4. málsgr., komi:
vjelgæslulið, sem áskilið er.

13. Við 13. gr.

a. Fyrir »lætur búa til ..... lög þessi«, í 3. málsgr., komi:
semur.
b. Orðin »á þeim stað ..... heimilisfastur«, í 4. málsgr., falli burt; og fyrir »brjóti það af sér«, komi:
fyrirgeri því.

14. Við 15. gr.

Orðin »í hegningarvinnu«, falli burt; og fyrir »skírteini sínu sem vjelstjóri«, komi:
vjelstjóraskírteini sínu.

15. Við 16. gr.

a, Fyrir »hins útlenda skírteinis ..... sótt er um«, í 1. málsgr., komi:
að öðlast hið útlenda skírteini, hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.
b. Fyrir »og hjer ræðir um ..... vjelstjórum«, í 3. málsgr., komi:
þótt ekki vanti vjelstjóra.
c. 4. málsgr. orðist svo:
Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðið ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.
d. 5. málsgr. orðist svo:
Beiðni um slíkt skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 8. gr. b.
e. 7. málsgrein orðist svo:
Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 9. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 9. greinar.

16. Við 18. gr.

Greinin orðist svo:
Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini, áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða, á skipi með alt að 900 hestafla vjel.
Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri,

áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

Efri deild Alþingis, 27. júlí 1915.

Eiríkur Briem, formaður.	Karl Finnbogason, framsögum.	Karl Einarsson, ritari.

Kristinn Daníelsson. H. J. Kristófersson.

Nd. **119. Breytingartillaga**

við breyttill. á þingskjali 110 (fjáraukal.).

Frá fjárlaganefndinni.

Við 3. Fyrir 28,172,27 komi:
28,712,27.

Nd. **120. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

Flutningsmaður: Pjetur Jónsson.

Við 3. gr. Fyrir: »1916« komi:
1918.

d. **121. Álit**

um frv. til laga um heimild til að selja hálfa jörðina Möðruvelli í Hörgárdal.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Nefndin lítur svo á að frv. þetta komi í bága við 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, en varhugavert að brjóta bág við ákvæði hennar. Hún ræður því deildinni til að fella frumvarpið.

Alþingi, 27. júlí 1915.

Stefán Stefánsson, formaður.	Guðmundur Hannesson, skrifari.
Sigurður Sigurðsson.	Björn Hallsson.
Hjörtur Snorrason.	Jóhann Eyjólfsson.

Ósamþykkur
Bjarni Jónsson.

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um ullarmat.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar, skal sýslumaður skipa til þessa annan hæfan mann, á útflutningsstaðnum, eða í námunda við hann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landsjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **123. Nefndarálit.**

Frá minni hluta Dýrtíðarnefndarinnar.

Við höfum ekki getað orðið öðrum nefndarmönnum samferða um sum mikilvæg atriði í frv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (þgskj. 88) og höfum því borið fram breytingartillögur á þingskj. 113.

Í stuttu máli sjáum við enga ástæðu til að breyta í nokkru verulegu frá

lögum þeim, sem Alþingi setti í fyrra um sama efni og prentuð eru sem fylgiskjal á þingskjali 88.

Í áliti meiri hlutans er talað um, að flestar afurðir landsins hafi hækkað mjög í verði á erlendum markaði og af því hafi leitt aukinn útflutning á ýmsum afurðum frá því sem venjulegt sje.

Þó að verð á ýmsum innlendum afurðum hafi hækkað allmikið vegna ófriðarins, þá getum við alls ekki fallist á, að nauðsyn beri til að veita stjórninni heimild til þess að banna útflutning á innlendri matvöru þess vegna, og alls eigi nema flutningur á matvörum frá útlöndum heftist svo, að til vandræða horfi fyrir landsmenn.

Í annan stað er ekki unt að staðhæfa, að meira hafi verið flutt úr landinu af matvælum en venja er til, eða að það muni verða svo mjög, að vandræði hljótist af á komanda hausti, því að engar skýrslur eða áætlanir hafa legið fyrir nefndinni í því efni.

Við teljum enga hættu á því, að matarskortur verði í landinu, jafnvel þótt kjöt yrði nú flutt út með mesta móti, því að vissa er fyrir því, að fje verður lógað með langmesta móti í haust, sakir heyskorts sem stafar af grasbresti um land alt, einkum á Norðurlandi. Slátur úr öllu því fje verður kyrt í landinu og eru það mikil matföng og ódýr eftir því, sem um er að gera.

Kjöt mun og fáanlegt sama verði, sem bændur fá fyrir það annarstaðar, og þótt verðið sje að vísu óvenju hátt, þá er á það hvorttveggja að líta, að allur þorri manna mun sem mest sneiða sig hjá að kaupa þær tegundir matar, sem dýrastar eru, og í annan stað, að flestir verða að sætta sig við áþekka verðhækkun margra nauðsynja á þessum tímum. Verkkaup manna hefir stórum hækkað, svo að framleiðslan verður miklu dýrari og erfiðari en verið hefir. Auk þess eru bændur víða mjög aðþrengdir sakir harðindanna í fyrra og nú bætist ofan á fádæma kalt og óhagfelt sumar um mikinn hluta landsins. Í sumum bygðarlögum hefir orðið stórtjón af fjárpest síðastliðið vor. Af öllu þessu ætti það að vera ljóst, að landbændur eru ekki svo vel á vegi staddir, að fært sje að gera nokkuð það, er hnekt geti sem bestum markaði á vöru þeirra, og sem greiðustum viðskiftum við útlönd, að unt er.

Útlend matvara (kornvara) er miklu ódýrari til manneldis en kjöt er nú, og því sjálfsagt, að gert sje sem greiðast fyrir mönnum að koma út dýru vörunni fyrir þá vöru, sem ódýrari verður.

Að öðru leyti er óvíst um verð á kjöti framvegis, því að ef svo fer, að Bretar gera upptækt kjöt það, sem hjeðan ætti að senda til Norðurlanda, þá er auðsætt, að verðið fellur mjög bráðlega og yfirfljótanlegt verður af kjöti í landinu.

Um útflutning á fiski er mjög lítið hægt að staðhæfa, en sá útflutningur mun líkur og vant er. Siglingar botnvörpunga með fisk sinn til Bretlands eru mjög torveldar og hættulegar, fyrst af hættu sprengidufla og kafbáta og því næst jafnvel fyrir þær girt með banni bresku stjórnarinnar. Eru því líkur meiri til þess en áður, að lítið verði um útflutning á nýjum fiski í ís og af því leiðir aftur, að kaupstaðirnir sunnanlands hafa að öllum líkindum meiri birgðir af fiski botnvörpunga næsta vetur, en verið hefir að undanförnu. Að minsta kosti eru engar sannanir eða jafnvel líkur fyrir því gagnstæða. Verð á blautum fiski er ekki

miklum mun hærra nú hjer í Reykjavík en að undanförnu, þrátt fyrir aukinn kostnað við alla útgerð.

Við teljum líklegt, að ekki verði flutt þeim mun meira út af ull en að undanförnu, að til neinna vandræða horfi. Megnið af ullinni hefir hingað til flust til útlanda og er því engin ástæða til að banna eða skerða útflutning þessarar vöru.

Hross hafa að vísu verið flutt út í meira lagi, en að því er enginn skaði skeður og fulltrúa erum við þess, að landið sje enn eigi svo hrossafátt, að eigi megi vel við bjargast. Enn þá síður er hætta á, að hrossastofninum sje nokkur hætta búin, með því að hvert folald er nú dregið á vetur. Teljum við heldur ekki hrossaeigendur þá óvita, að þeir fargi svo sjer til skaða, að löggjöfin þurfi að grípa þar fram í, þótt verðið sje nú óvenju-hátt.

Okkur virðist því alls engin ástæða til, að gefa almenna heimild til að banna útflutning á hrossum og ull, eins og nú standa sakir, nje heldur innlendra matvæla.

Alt öðru máli væri að gegna, ef aðflutningur á matvörum teptist, svo að til vandræða horfði, og teljum við þá rjett, að stjórnin hafi heimild til, að banna útflutning á matvælum, og þá einnig á lifandi sauðfje og jafnvel hrossum, en heimild í þessu skyni var full-nóg í lögum síðasta þings og hana viljum við standa láta, en frekara ekki.

Við vitum nú að vísu, að það, sem komið hefir meiri hlutanum út á þessa hálu útflutnings-banns-braut, er uggur um, að svo mikið verði selt úr landi í haust af innlendum matvælum, að kaupstaðirnir sumir, einkum Reykjavík, geti ekki fengið nægar birgðir af þeim vörum, en eins og við höfum sagt hjer á undan, þá teljum við óþarfa, að grípa til slíkra örþrifaráða. Virðist okkur, að bæjarstjórnir geti brugðið við sem fyrst og lagt drög fyrir, að fá fisk og síld hjá fisk-kaupmönnum og framleiðendum, og kjöt og slátur og mör hjá sláturfjelögum og teljum þá líklegt, að með þeim hætti mætti fá vöruna betra verði, heldur en ef einstakir menn eru fyrir um alla útvegi, hver handa sjer. Í sambandi við þetta má einnig benda á heimild til eignarnáms á nauðsynjavörum, gegn fullu endurgjaldi, í 3. gr. frumvarpsins.

Að öllu þessu athuguðu leyfum við okkur að flytja breytingartillögurnar á þingskj. 113 og leggjum eindregið til, að háttvirt deild samþykki þær.

Loks viljum við benda á það, að jafnvel þótt við teljum ekki rjett að heimila útflutningsbann á matvælum, þá viljum við þó banna útflutning á rjúpum og öðrum fuglum, sem farið er fram á að ófriða í frv. til laga á þingskjali 87 og munum bera fram breytingartillögu þess efnis við það frumvarp. Rjúpa og fleiri fuglar eru ófriðaðir í frv. þessu einungis í því skyni að gera mönnum hægra fyrir að afla sjer matvæla til neyslu, en alls ekki til þess að veita þeim tækifæri til þess að græða fje á sölu fuglanna til útlanda, og er því engum órjettur ger með slíku bannákvæði.

Alþingi 26. júlí 1915.

Benedikt Sveinsson. Þorleifur Jónsson, framsögumaður.

Nd. **124. Breytingartillaga**

við frv. um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913 (þgskj. 87).

Frá Benedikt Sveinssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. Aftan við 3. gr. bætist ný grein svohljóðandi:

4. gr.

Á meðan lög þessi eru í gildi, er bannað að flytja úr landi rjúpu og aðra fugla, að viðlagðri einnar krónu sekt fyrir hvern fugl, sem út er fluttur. Sektirnar renni í landssjóð.

2. Greinatala frv. breytist samkvæmt þessu.

Ed. **125. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá nefndinni.

1. Við 20. gr.

Fyrir »auða rönd seðilsins«, í síðustu málsgr., komi:
auða röndin á seðlinum.

2. Við 22. gr.

Fyrir »í efra framhorni«, í síðari málsgr., komi:
á efra framhorni.

3. Við 30. gr.

Fyrir »riti kjörstjórn, þingmannaefnin«, komi:
riti kjörstjörn og þingmannaefnin.

4. Við 33. gr.

Orðin »svo að hvergi sjer í hann auðan«, — falli burt.

5. Við 36. gr.

Fyrir »eða«, í 2. línu, komi:
nje.

6. Við 45. gr.

Fyrir »öðrum málslið«, komi:
annari málsgrein.

7. Við 49. gr.

Fyrir »jafnstóra seðla«, komi:
samskonar seðla.

8. Við 65. gr.

Fyrir »10%«, í fyrri málsgr., komi:
nægilega marga seðla.

9. Við 67. gr.

a. Fyrir »eða« í 2. málsgr., komi:
nje.

b. Fyrir »meðtekið alla atkvæðakassana«, í 4. og 5. línu, 3. málsgreinar, komi:
tekið við öllum atkvæðakössunum.

c. Fyrir »forsigla« og »forsigluðu«, í sömu málsgr., komi:
innsigla — innsigluðu.

10. Við 70. gr.

Fyrir »við krossað«, komi:
krossað við.

11. Við 71. gr.

a. Á eftir »nafn tölusett«, í 7. málsgr., komi:
eða krossað við eitt nafn.

b. Fyrir »meingallar«, síðast í sömu málsgr., komi:
gallar.

12. Við 72. gr.

Á eftir orðinu »þeirra«, í 13. línu, 3. málsgreinar, komi:
þingmanna og varaþingmanna.

13. Við 73. gr.

Aftan við greinina bætist:
Kosningarúrslitin skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **126. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun vélstjóraskóla í Reykjavík.

Frá Karli Finnbogasyni og Kristni Daníelssyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir »geometriskar konstruktionir«, í 3. tölulið, komi:
flatarmálsteiknanir (geometriskar konstruktionir).

b. Fyrir: »bifvélum«, í 6. tölulið, komi:
hreyfivélum (motorum).

Ed. **127. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Karli Finnbogasyni og Kristni Daníelssyni.

Við 3. gr. 3. tölulið:

Fyrir: »deflektorsins«, komi:
afhvarfsmælisins (deflektorsins).

Ed. **128. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907 um fræðslu barna.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason og Karl Einarsson.

16. gr. orðist svo:

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði. Próf þetta er fullnaðarpróf, og skulu til þess koma öll þau börn, sem eru fullra 14 ára að aldri, og eigi hafa áður lokið lögskipuðu námi. Í skólahjeruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjeruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða eftirlits með heimafræðslu, eða, ef slíks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess. Við próf þetta skal jafnan vera prófdómari skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af kennara eða þeim, sem prófið heldur, og prófdómara. Að loknu prófi skal prófdómari senda skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um barnafræðsluna í hjeraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal halda að vorinu, og ákveður prófdómari stað og tíma í samráði við skólanefnd eða fræðslunefnd.

Nú kemur 14 ára barn, sem eigi hefir lokið fullnaðarprófi, ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefir til framfærslu, sektum frá 2—20 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektir renna í sveitarsjóð.

Nd. **129. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Matthías Ólafsson.

1. gr.

Fyrir 600,000 kr. í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:
800 þúsund kr.

2. gr.

6. grein falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »Þó skal það engan þátt taka«, til enda málsgreinarinnar, falli burt.

4. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:
800 þúsund kr.

Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.

Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Af ábyrgðar-upphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20 þúsund kr., sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

5. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1.

Annan tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttu-

brekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Breiðamel, Laxárbrú, Búðardal, Ljárskóga að Fáskrúð, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Nd. **131. Álit**

um frumvarp til laga um verðtoll.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Eftir að vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis hafði skipað í nefnd til að athuga frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, 2. nóv. 1914 og laga nr. 45 s. d., höfðum ályktað að leggja það til, að háttvirt neðri deild Alþingis fjellist á frumvarpið óbreytt eins og það kom frá stjórninni, þá var oss fengið til athugunar frumvarp til laga um verðtoll og jafnframt var tveim mönnum bætt í nefndina.

Ástæðan til þess, að nefndin lagði til að frumvarp stjórnarinnar yrði samþykt var ekki sú, að nefndin í heild sinni teldi vörutollsfyrirkomulagið heppilegast og því síst rjettlátast, heldur hin, að á þessu þingi mundi eigi vinnast tími til að athuga og komast að rjettri niðurstöðu um tillögur skattamálanefndarinnar. Nefndinni var það ljóst, að það mál þyrfti að fá enn rækilegri undirbúning. Allri nefndinni var það ljóst, að aldrei mundi takast að afla landssjóði nægra tekna með beinum sköttum einum, en úr því svo væri, að grípa þyrfti til óbeinna skatta, þá mun meiri hluti nefndarinnar hafa verið á því máli, að verðtollurinn mundi heppilegri en vörutollur sá, er þjóðin hefir nú búið við um stund, og sem hún, mjög alment, er óánægð með. En nefndin áleit, að ef þessi tvö frumvörp yrðu samferða í deildinni, mundi það valda truflun í meðferð málanna og tefja fyrir störfum þingsins. Auk þess var yfirstandandi tími sjerstaklega illa fallinn til að koma fram með slíkt frumvarp, þar sem allar vörur eru nú í óvenjulega háu verði sökum ófriðarins og mundi því tollur, er miðaður væri við verð vörunnar koma allhart niður á neytendunum, nema því að eins, að tollinn mætti þá hækka eða lækka, eftir því hvernig verðið væri í það og það skiftið á heimsmarkaðinum, en slík ákvæði eru ekki í frumvarpi því, er fyrir liggur.

Að hallast að útflutningstolli sem tekjulind fyrir landssjóð, má telja rjett afleita skoðun, enda þótt sá tollur sje auðveldur í innheimtu.

Í stuttu máli er það skoðun minni hlutans, að beinir skattar sjeu rjettlátastir og að engum sjerlegum erfiðleikum sje bundið að heimta þá inn, en honum er það ljóst, að þeir ná skamt til að fullnægja tekjuþörf landssjóðs og því sje óhjákvæmilegt að grípa til óbeinu skattanna. En ef um það er að ræða, að

leggja toll á allar, eða því nær allar, neysluvörur, þá sje þó verðtollurinn stórum rjettlátari en vörutollurinn og engu erfiðari til innheimtu. Sje hægt að falsa vöruverðið eða reikningaupphæðirnar, þá má engu síður falsa farmskrárnar, hvað svo sem um það er sagt. Og víst er það, að fá mundu þau dæmi reynast, að tollur mundi mjög svikinn á þann hátt, að tvennskonar reikningar fylgdi vörunum.

Það er misskilningur, að vörutollurinn sje vinsæll hjá þjóðinni; hann er þvert á móti afar óvinsæll. Að vísu skal við það kannast, að naumast er hægt að hugsa sjer nokkurn almennan toll vinsælan, en sá tollur, sem kæmist næst því, að vera ljettastur á þeim vörutegundum, sem fátæklingar mest þurfa, mundi einnig komast næst því að verða vinsæll, en það er víst, að nær því marki kemst verðtollurinn en vörutollurinn.

Minnihlutinn væntir þess því, að þegar skattalöggjöf vor verður tekin til gagngerðrar endurskoðunar, þá mundi það verða verðtollur en ekki vörutollur, sem þingið hallast að.

En þar til svo skipast, eða að minsta kosti, næsta fjárhagstímabil, leggur minnihlutinn til að unað sje við vörutollinn og að frumvarp það um verðtoll, sem nefndin hefir haft til meðferðar, verði felt í háttv. deild, ef flutningsmaður ekki fæst til að taka það aftur.

Neðri deild Alþingis, 27. júlí 1915.

Matth. Ólafsson.

Ed. 132. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis. (24).

Frá nefndinni.

Fyrir »Konungur ákveður« í upphafi þriðju málsgreinar í ákvæðum um stundarsakir, komi:

Stjórnarráðið ákveður.

Ed. 133. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa. Ákvæðum hennar má þó skjóta til Stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar þessara laga setur Stjórnarráðið með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 134. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skulu vera í gildi til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 135. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20,000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **136. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að innsigli sjeu ekki brotin, eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil, og ekkert hafi verið tekið af áfenginu.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipinu.

Ef áfengi hefir verið skotið undan innsiglan, varðar sem innsiglisrof.

Ekkert íslenskt fiskiskip má flytja nokkurt áfengi til landsins.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum öllum gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

2. gr.

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og má þá láta hann sæta sektum frá 10 til 100 króna. Þá skal hann og gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geti hann ekki fært sönnur á, að hann hafi fengið það, án þess brotin væri lögin um aðflutningsbann á áfengi, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í gæsluvarðhaldi lengur en 24 klukkustundir.

3. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 4 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 14 dögum áður en umgetinn frestur er liðinn.

4. gr.

8. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga orðist svo:

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annars manns, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum eftir lyfseðli löggilts læknis það áfengi, sem löggilt er til lækninga.

Bannað er að löggilda til lækninga í lyfjaskrá landlæknis þá áfengisvökva, sem ætlaðir eru til neyslu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur eingöngu til lækninga.

Um sölu áfengis, sem gert hefir verið óhæft til drykkjar, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að brugga úr því áfenga drykki.

5. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða 200 til 2000 króna sektum, er renna í landssjóð. Áfengi, er íslensk fiskiskip flytja til landsins, skal upptækt og er eign landssjóðs.

6. gr.

5., 8. og 13. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 eru úr gildi feldar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.

Ed. **137. Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. gr.

Á Íslandi er bannað að brugga eða búa til áfenga drykki. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda eða alkohóli að rúmmáli.

2. gr.

Það er og bannað að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.

3. gr.

Brot gegn 1. grein varðar 200—2000 króna sektum.

4. gr.

Brot gegn 2. grein, varðar 50—500 króna sektum. Tilraunir varða sömu sektum.

5. gr.

Allar sektir renna í landssjóð.

6. gr.

Öll áhöld, er notuð hafa verið við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða við tilraun til þess að gera áfengi, sem er óhæft til drykkjar, aftur drekkandi, svo og áfengið, sem búið hefir verið til eða reynt hefir verið að gera aftur drekkandi, ásamt ílátum, skal vera upptækt og andvirðið renna í landssjóð.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum, skal fara sem með almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla um leið úr gildi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja frá 12. janúar 1900.

Ed. **138. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;
b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 lestir, en ekki yfir 30 lestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

4. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lestir að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lestir, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

6. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lestir að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlands siglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lestir, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

8. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 lestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 lestir, skulu stýrimenn vera minst tveir.

9. gr.

Sá einn getur staðist skipstjóraprófi fyrir smáskipi, er:

a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. kann að nota áttavita og ber skyn á afhvarf (deviation) og misvísun;
c. kann að nota skipshraðamæli;
d. þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;

f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lestir að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lestir.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

10. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lestir;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir rjett innborinna manna.

11. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem talin eru í 10. gr., stafliðunum c—f:

a. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður eigi minna en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi minna en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

12. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lestir, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

13. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem talin eru í 12. gr., stafliðunum c og d:

a. staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma

minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

14. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 10.—13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

15. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 10. gr. og b í 11., 12. og 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 10.—13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur

fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannsprófs, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu þeir sanna að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50. 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða- stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

5

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10 nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að staflíðirnir c í 8. gr. og a í 9. gr., gánga eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916

Nd. **139. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt neðri deild Alþingis hefir vísað til Sjávarútvegsnefndar deildarinnar frumvarpi til laga um löggilta vigtarmenn og leyfir nefndin sjer að láta uppi álit sitt um nefnt frumvarp.

Þar sem það er nú mjög farið að tíðkast, að framleiðendur hjer á landi, eða kaupsýslumenn selji vöru sína til útlendra kaupenda, hjer við land á skipsfjöl, eða eins og það er nefnt á verslunarmálinu: »fob«, þá virðist nauðsynlegt, að hjer á landi sjeu skipaðir löggiltir vigtarmenn, er gefi vottorð um, að vigt vörunnar sje sú, sem farmskrár og sölureikningar greina. Er þetta trygging fyrir kaupanda og getur sparað seljanda óþarfa tortryggni og aðfinslur frá hendi kaupanda. Sjálfsagt þykir að slíkir menn sje eiðsvarnir og hefir því nefndin lagt til, að svo sje ákveðið í lögunum. Þótt nefndin geti fallist á, að lögreglustjórar tilnefni vigtarmennina hver í sínu umdæmi, þá telur hún þó heppilegra að Stjórnarráðið gefi þeim erindisbrjef, með því að þá yrði fullkomið samræmi milli þeirra. Þá telur og nefndin sjálfsagt, að vigtarmennirnir hafi stimpla, er þeir setji á vottorð þau, er þeim er skylt að láta fylgja hverri vörusending, er þeir hafa vegið. Virðist rjett að landssjóður beri kostnað þann, er af því leiðir, svo sem verð stimplanna, sending þeirra o. s. frv.

Nefndinni þótti rjett, að taka það fram í lögunum sjálfum, að vottorð vigtarmanna væri full sönnun, gagnvart kaupanda, um þyngd þess, er vegið er.

Til umtals kom í nefndinni, hvort eigi mundi ástæða til að fela slíkum eiðsvörnum mönnum að mæla og gefa vottorð um rúmmál vöru, er send væri, eða send kynni að verða til útlanda, eftir rúmmáli. En bæði er það, að til þess þarf meiri þekkingu en alþýðumenn hafa alment og hins vegar mun alls engin vara hjeðan af landi seld á þennan hátt. Meiri ástæða gæti verið til að krefjast vottorðs þeirra um talda vöru, svo sem lambaskinn og refa, þótt nefndin hafi eigi gert það að tillögu sinni

Nefndin leggur því eindregið til, að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. grein:

Á eftir orðinu »löggiltir«, í fyrstu línu greinarinnar komi:
eiðsvarnir.

Í þriðju línu sömu greinar falli burt orðið »og« en í þess stað komi:
en Stjórnarráðið.

Aftan við greinina bætist svohljóðandi setning:

Landsjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

Við 2. grein.

2. grein verði 3. grein, en í hennar stað komi ný grein, er verði 2. grein, og hljóði svo:

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

Við 3. grein.

3. grein verði 4. grein.

Neðri deild Alþingis, 28. júlí 1915

G. Eggerz, form. Matth. Ólafsson, skrifari. Skúli Thoroddsen.

M. J. Kristjánsson. Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Þórarinn Benediktsson.

Nd. 140. Álit

um frumvarp til laga um póstsparisjóði.

Frá meiri hluta Sparisjóðanefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar telur það æskilegt, að póstsparisjóðir komist á fót í þeim sveitum, sem erfitt eiga með að ná til annara sparisjóða. Aftur teljum vjer óheppilegt að póstsparisjóðir keppi við venjulega sparisjóði og dragi þannig fje hjeraðanna til Reykjavíkur. Að þessu lýtur breytingartillaga vor við 2. grein á þgskj. 114.

Alþingi, 26. júlí 1915.

Stefán Stefánsson (Eyf.), form. Guðm. Hannesson, ritari.

Björn Hallsson. G. Eggerz, með fyrirvara.

Nd. **141. Frumvarp**

til laga um heimild til að selja Skarfsstaði í Hvammssveit í Dalasýslu.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja ábúandanum Skarfsstaði í Hvammssveit í Dalasýslu við því verði, sem hún telur sanngjarnt, er hún hefir fengið tillögur sýslunefndarinnar í Dalasýslu um söluverðið.

Fylgiskjal I.

Jörðina Skarfsstaði í Dalasýslu tók jeg til ábúðar árið 1883; hún var þá í mestu niðurníðslu, og hvað húsabyggingar snertir var hún svo, að hjer um bil hvert einasta hús varð að byggja upp á fyrsta ári; hún hafði líka verið mörg undanfarin ár næstum því í eyði, sundurskift á milli margra ábúenda, sem sökum fátæktar gátu ekki ræktað hana eftir þörfum.

Þá var hún í svo rýru áliti, að enginn bóndi fjekst til að taka hana til ábúðar, sem fær var til að rjetta hana við úr þeirri vanrækslu, sem hún var komin í.

Af því að jeg varð strax og hefi orðið að leggja talsvert fje til umbóta á jörðinni, þá langar mig til að geta orðið eigandi verka minna og þess vegna fór jeg að biðjast eftir kaupum á jörðinni.

Jeg sendi kaupbeiðni mína ásamt virðingargjörð á jörðinni o. fl. til sýslunefndar Dalasýslu árið 1908 áleiðis til Stjórnarráðs Íslands, og mjer er það kunnugt, að áðurnefnd sýslunefnd veitti, fyrir sitt leyti, leyfi fyrir sölunni.

Síðan hefi jeg ekkert svar fengið, en jeg hefi heyrt að Stjórnarráðið hafi neitað um söluna, mest af þeirri ástæðu, að sóknarpresturinn í Hvammsprestakalli hafi lagt svo fast á móti sölunni.

Árið 1910 ánýjaði jeg svo þessa beiðni mína og fjekk þá ný meðmæli hjá sýslunefnd Dalasýslu, eins og meðfylgjandi útdráttur úr sýslufundargjörð sýslunnar það ár sýnir, og hrekja þau meðmæli ástæður þær, sem jeg hefi heyrt að sóknarprestur Hvammsprestakalls hafi haft á móti sölunni.

Hvort þessi endurnýjun á beiðni minni hefir komist til Stjórnarráðsins, veit jeg ekki, því jeg hefi ekkert heyrt um málið síðan.

Af þessum framangreindum ástæðum leyfi jeg mjer því að snúa mjer til hins háa Alþingis með þetta mál.

Skarfsstöðum, 19. júlí 1915.

Sigmundur Grímsson.

Til Alþingis 1915.

Fylgiskjal II.

ÚTDRÁTTUR

úr sýslufundargjörð Dalasýslu árið 1910.

Ár 1910, fimtudaginn þann 28. apríl, var aðalfundur haldinn af sýslunefnd Dalasýslu og voru á honum mættir auk oddvita aðalsýslunefndarmenn allra hreppa sýslunnar. Þessi mál komu til umræðu og ályktunar:

— — — — — — — — — — — — — — — — — —

— — — — — — — — — — — — — — — — — —

6. Samkvæmt beiðni Sigmundar Grímssonar á Skarfsstöðum, leggur sýslunefndin það til, að hann fái ábýlisjörð sína, Skarfsstaði í Hvammshreppi, keypta, þar sem enginn sýnilegur möguleiki sje til þess, að nokkurntíma komi þar verslunarstaður, nema ef einhver verslun kynni að hafa eitthvert útibú þar, sem bóndinn á Skarfsstöðum eða einhver bóndi þar í grend hefði umsjón á.

— — — — — — — — — — — — — — — — — —

Uppl. samþ.

Fundi slitið.

Björn Bjarnarson.	Magnús Magnússon.	Ólafur Finnsson.
Bened. Magnússon.	Magnús Friðriksson.	Jón Guðmundsson.
Bjarni Jensson.	Jóhann B. Jensson.	Indriði Indriðason.

Rjetta útskrift staðfestir

Kr. Linnet.
(L. S.)

Gjald 25 — tuttugu og fimm au.
Borgað. K. L.

Nd. **142. Álit**

um frv. til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá minni hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

Þegar lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða voru samþykt, mátti heita að sú sannfæring hefði gagntekið þjóðina og þingmenn hennar, að sjálfsábúð hlyti að vera heillavænlegri landi og lýð en öll önnur ábúð, að bæði landssjóði og bændum væri það stórtjón, að jarðir væru opinber eign. Bændur voru flestir sannfærðir um þetta, og margir mikilsmetnir menn utan bændastjettar fylgdu fastlega þessari skoðun, t. d. Þórhallur biskup Bjarnarson og Páll heitinn Briem í ritgerðum hans í »Lögfræðingi«. Leiddi þetta svo til þess, að lögin voru samþykt og fjöldi jarða seldur, en tilgangurinn var að auka sjálfsábúð.

Þó ráðstöfun þessi á jarðeignum landsins hafi mælst vel fyrir og jarðirnar gengið út, þá virðist oss eigi að síður, að margt sje athugavert við þjóðjarðasöluna og ekki athugað sem skyldi. Við viljum því fara nokkrum orðum um málið frá okkar sjónarmiði.

Eins og kunnugt er, hefir það verið álit margra góðra manna, að jarðeignir ættu ekki að vera eign einstakra manna. Það er þýðingarlítið að telja þá hjer, en við viljum að eins minnast á, að sú er kenning jafnaðarmanna um allan heim, og öll hin mörgu fjelög, sem útbreiða kenningar Henry George, líta eins á, Bodenreform-flokkurinn þýski, og Lloyd George, hinn alkunni enski stjórnmálamaður, hallast á sömu sveif, að minsta kosti hvað smærri jarðir snertir. Jafnvel heilt ríki, New-Zeeland, fylgir þeirri stefnu, að gera allar jarðir að þjóðeignum og hefir gefist það vel. Ekki er okkur kunnugt um, að bændur þar sjeu á nokkurn hátt óánægðir með þetta fyrirkomulag, enda gæti það tæplega þrifist þar, ef svo væri.

Nú er það auðsætt, að eigi landseign jarða að gefast vel, þá er óhjákvæmilegt, að ábúðarlöggjöfin sje verulega góð og rjettlát, en því fer fjarri, að það verði sagt um ábúðarlöggjöf vora. Mætti geta þess til, að einmitt ábúðarlöggjöf vor og umboðsstjórn landssjóðsjarðanna hafi valdið að mestu leyti óánægju þeirri, sem víða kemur í ljós yfir eignarhaldi landssjóðs á jörðum. Ef þessu verður eigi breytt verulega til bóta, má ganga að því vísu, að þjóðjarðasalan sje bæði rjettmæt og óumflýjanleg.

Ef ræða skal þetta mál, er það óumflýjanlegt, að gera sjer fyrst ljóst að hverju takmarki sje stefnt, hvers almenningsheill krefjist í þessu efni. Við viljum telja þessi atriði:

1) Að landið sje sem best notað og ræktað, framfleyti sem mestu.

2) Að sem flest af landsins börnum, er þess óska, geti fengið jarðnæði, og sveitirnar framfleytt fleira fólki.

3) Að jarðir hækki ekki óþarflega í verði og lendi í höndum braskara.

4) Að verðhækkun lands, sem ekki stafar af framkvæmdum ábúenda, falli að sem mestu leyti til þjóðfjelagsins.

5) Að útlendingar geti ekki sölsað undir sig íslenskar jarðeignir.

Hverskonar ábúðarskipulag hlýtur að dæmast eftir því, að hve miklu leyti það fullnægir þessum ofantöldu skilyrðum, eða, að svo miklu leyti sem reynslu brestur, hver líkindi eru til að það geri það. Nú teljum við, að helst komi til greina, að bera saman erfðaábúð, sem að sjálfsögðu má haga á ýmsan hátt, og sjálfsábúð. Af annari ábúð þykir lífstíðarábúð best, en flestir eða allir ábúendur myndu þó frekar kjósa erfðaábúð, ef þeir ættu hennar kost, vegna barna sinna.

Að sjálfsögðu bæri fyrst og fremst að skýra frá *reynslu* sjálfra vor og annara í þessum efnum, því hún hefir ólíku meira gildi en allar bollaleggingar á pappírnum, en í einföldu þingskjali verður tæplega frá henni skýrt; til þess er það of langt mál. Í fám orðum má segja, að sjálfsábúð hafi hvervetna reynst vel í flestum greinum, en eigi að síður haft ýmsa mikilsverða annmarka, sem hafa valdið því, að ætíð hafa margir móti henni mælt. Erfðaábúð hefir og gefist vel, en misjafnlega, eftir því hversu ábúðinni var háttað. Hver innlenda reynslan sje, er erfitt að segja, því allar skýrslur vanta til þess að bera saman búskap á sjálfseignar- og leigujörðum. Það er ekki einu sinni auðið að sjá, hve margir sjálfseignarbændur eru á ári hverju, og engar skýrslur eru heldur um, hver

hafi orðið afdrif þjóðjarðanna, er seldar hafa verið, hvort búskapurinn á þeim hafi batnað eða jarðirnar haldist í sjálfsábúð, og hefði þó verið skylt að vita deili á þessu. Þó má sjá af skýrslum vorum, að sjálfseignarbændum fer fjölgandi, en þrátt fyrir það eru, 1910, 62—63% allra bænda leiguliðar. Enn sem komið er, eru *leiguliðarnir að miklum mun fleiri.*

1. Hagnýting landsins og ræktun.

Fylgismenn þjóðjarðasölu og sjálfsábúðar halda því fram, að ekkert gefi jafnríka hvöt til framfara í búskap og endurbóta á jörðum og sjálfseignin. Þeir segja, að *hún ein* gefi bóndanum vissu fyrir, að hann og börn hans njóti allra endurbótanna, að hún gefi honum þá sjálfstæðistilfinningu, sem sje honum ómetanlegur styrkur í lífsstarfi hans og framfaraviðleitni, að sjálfseignin auki trygð manna við jarðirnar og hefti óþarfan og skaðlegan búferlaflutning. Alt þetta miði beint að því, að efla hagnýting og ræktun landsins.

Ef erfðaábúðinni fylgir leyfi til þess að selja og veðsetja jörðina, nær það engri átt, að hvötin sje minni en á sjálfseign, því að í raun og veru er þá að ræða um sjálfseign með árgjaldi. Þetta sjest og glögglega á erfðafestulöndum hjer í Reykjavík. En jafnvel þó erfðaábúðinni fylgdi ekki slíkur rjettur, þá er það ekki mjög líklegt að bændur hlífist við að gera jarðabætur af þeirri ástæðu, að útarfar þeirra ráði ekki yfir jörðinni, er allur beini ættleggurinn er aldauða, eða hirðir ekki um að nota ábúðarrjett sinn. Þvert á móti er það augljóst, að erfðaábúð, en ekki sjálfseign, tryggir ættina betur en nokkurt annað fyrirkomulag, og það svo vel, að sumir telja það ísjárverðan galla, því þá hlyti að myndast einskonar sveitaaðall, sem hjeldu jörðunum, svo aðrir gætu ekkert jarðnæði fengið. Það má telja víst, að erfðaábúð tryggi betur en sjálfsábúð ræktarsemi og trygð við jörðina, því allajafna hjeldist jörðin um langan aldur í ættinni. Þegar hún gengi að lokum úr ættinni, fengju erfingjar sanngjarna borgun fyrir þær endurbætur, sem framkvæmdar hefðu verið og nytsamar þættu.

En því má heldur ekki gleyma, að sjálfsábúð fylgja margir ókostir. Hún gefur að vísu dugnaðarmanninum ríka hvöt til framfara og endurbóta, en jafnframt gefur hún slóðanum *ótakmarkaða heimild til að níða jörðina.* Nú eru því miður slóðarnir ekki færri en dugnaðarmennirnir, og kemur þetta berlega í ljós, ef athugaður er búskapur yfir lengri tíma á einhverri jörð. Góðir og illir ábúendur skiftast á og einn rífur niður, það sem annar byggir. Um það geta ekki verið skiftar skoðanir, að þetta er landinu til niðurdreps og sú krafa algerlega rjettmæt, að *þeir, sem níða jarðirnar, missi ábúðarrjettinn.* Með algerðri sjálfseign er tæpast auðið að upptylla þessa kröfu, en tiltölulega auðvelt með erfðaábúð.

Þá er það alkunnugt og ómótmælanlegt, að kaup á jörð festir fje ábúandans, að veltufjeð og efni til allra búskaparframfara verða að því skapi rýrari. Að þessu leyti er sjálfsábúð miklu lakari en leiguábúð með góðum skilmálum, að minsta kosti fyrir fjelitla, en svo eru flestir frumbýlingar.

Þá er það ekki þýðingarlaust fyrir ræktun og notkun landsins, að einstaklinga eign á jörðum *tryggir alls ekki að jarðir sjeu eða haldist í sjálfsábúð.* Landssjóður á fæstar leiguliðajarðirnar. Hver jörð, sem landssjóður selur, getur gengið úr sjálfsábúð óðara en kaupin eru gerð. Aftur eru flestir sammála um,

að ábúðarkjör leiguliða á bændajörðum sjeu venjulega ótryggari og verri en á þjóðareignum, og að sama skapi má vænta að ræktun landsins hraki.

Hvað ræktun landsins snertir, leggjum vjer mikla áherslu á, eins og fyr er tekið fram, að hvötin til endurbóta er jöfn við sjálfsábúð og erfðaábúð, að sjálfsábúðin gefur ótakmarkaða heimild til að níða, en erfðaábúð getur fyrirbygt það með öllu. En hún getur meira: Hún getur lagt ábúanda þá skyldu á herðar, að *bæta*, trygt að jörðin taki sífeldum framförum að vissu takmarki. Ef eftirlit með jörðunum er í nokkru lagi, þá er ekki lítið úr þessu gerandi.

Þegar öllu er á botninn hvolft, virðist okkur að svo megi haga erfðaábúð, að hún hafi alla kosti, sem sjálfsábúð getur haft hvað ræktun landsins snertir og góðan búskap, en jafnframt haft mikla yfirburði, að hún ein geti hindrað niðurniðslu og jafnvel trygt sífelda framför, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

2. Fjölgun býla.

Þrátt fyrir alt fjas um það, að hjer sje ærið landrými »fyrir miljónir manna«, eins og oft er sagt, er sannleikurinn sá, að víðast er tilfinnanlegur hörgull á jarðnæðum og hlýtur að fara sívaxandi. Þjóðfjelagið hefir skyldu til þess, að sjá sem flestum fyrir jarðnæði, sem vilja gerast bændur, ef þess er kostur, á þann hátt, að búskapurinn á jörðunum geti sómasamlega framfleytt fjölskyldu. Hvernig leysir sjálfsábúðin úr þessum vanda í samanburði við þjóðeign og erfðaábúð?

Það mun óhætt að fullyrða, að sjálfseignarbændum sje lítið gefið um það, að byggja af jörðum sínum eða selja land undir ný býli. Þeir eru einráðir um slíkt, því lögnáms verður sjaldan gripið til, nema sjerstaklega standi á. Nú er svo með land sem annað, að það hækkar í verði eftir því sem eftirspurnin eykst, og þó bændur fengjust til þess að láta land af hendi til landlausra manna, þá yrði það að sjálfsögðu dýrt. Þetta hefir t. d. komið ljóslega fram í Danmörku, er land hefir verið keypt handa nýbýlum. Landssjóðsstyrkurinn til nýbýlismanna hefir að miklu leyti lent í vasa jarðeigenda. Það er auðsætt, að sjálfsábúðin er hjer mikill Þrándur í Götu, ef til þess kæmi, að hjer gæti risið upp nýbýlabúskapur og fólki fjölgaði í sveitum.

Alt öðruvísi horfir þetta við, ef jarðir eru þjóðeignir. Þar sem svo horfir við, mætti leggja þá kvöð á jörðina, að innan ákveðinna takmarka mætti skifta henni í tvö býli eða fleiri, og myndu þá slík nýbýli jafnaðarlega leigð börnum ábúandans eða öllu heldur, að þau sætu fyrir öðrum. Auðvitað kæmi ekki til tals, að rýra svo heimajörðina, að hún væri ekki gott býli eigi að síður. Þá er og sjálfsagt, að landinu væri það í lófa lagið, að setja sanngjarnt verð á landið, eða gera ekki leiguna hærri en hún þyrfti að vera.

Hvað fjölgun býla snertir og kjör ábúenda á nýbýlum, þá hefir þjóðeign mikla yfirburði yfir sjálfseign. Hitt er annað mál, að enn er það óvíst og óreynt, hvort land vort og veðrátta leyfir að gera jarðirnar miklu minni en þær eru.

3. Verðhækkun jarða.

Á síðustu árunum hefir það víða komið í ljós, að jarðir hækka mjög í verði, t. d. í nágrenni Reykjavíkur. Ef verðhækkunin stafar af prangi kaupsýslumanna og öðru ekki, er auðsætt að hún er til ills eins, hækkar afgjald jarðarinnar fyrir ábúanda, en eykur hvorki tekjur hans nje afurðir jarðarinnar. Ef verðhækkunin

stafar af hærra verði á afurðum, getur hún að nokkru leyti verið góð og rjettmæt, en lækki svo verð þeirra síðar, þá sitja bændur með þung afgjöld og litlar tekjur. Yfirleitt er mikil verðhækkun á jörðum, eða með öðrum orðum há afgjöld af þeim, að vísu hagur fyrir fyrsta manninn, sem kann að selja jörð sína, en óhagur öllum komandi kynslóðum ábúenda eftir hans dag.

Það er auðsætt, að sjálfseignin setur þessu engin takmörk, freistar að ýmsu leyti til þess að færa verðið upp sem mest má. Þessi hætta er miklu minni hvað þjóðeignir snertir. Þjóðfjelagið hefði litla freistingu til þess að færa afgjaldið óeðlilega upp, og venjulega myndi lítil breyting á því verða í búskapartíð hvers manns. Að svo miklu leyti sem afgjaldið hækkaði, yrði það eftir föstum, sanngjörnum reglum, sem vandlega væru hugsaðar fyrirfram og ábúanda væri kunnugt um.

4. Landstekjur af verðhækkun.

Allir eru sammála um það, að allar endurbætur, sem ábúandi gerir, skuli hans eign að öllu leyti, ef ábúðarlöggjöfin er í rjettu lagi. En verðhækkun getur og sprottið af alt öðrum ástæðum en starfi ábúenda, eins og á sjer stað um kálgarðana gömlu hjer í Reykjavík, sem urðu þegjandi að dýrum húsastæðum. Slík verðhækkun á að miklu eða öllu leyti að renna til þjóðfjelagsins, sem verðhækkuninni veldur.

Margir erfiðleikar eru á að hagnýta sjer þennan rjettláta tekjustofn, án þess að úr því verði ójöfnuður, en tvímælalaust er þetta miklu auðveldara ef jarðirnar eru þjóðeignir, en ekki í sjálfsábúð. Þó má að sjálfsögðu með miklum umsvifum leggja verðhækkunarskatt á eignir einstakra manna, en erfiðara hlýtur það að vera. Þjóðeignin hefir hjer yfirburði.

5. Eignarrjettur útlendinga.

Þó land vort sje hart og flestar jarðirnar lítils virði í samanburði við erlendar jarðeignir, þá er þó engan veginn óhugsandi, að útlendingar sölsuðu hjer land undir sig, jafnvel heilar sveitir. Að vísu má draga úr þessari hættu með hentugri löggjöf, en þjóðareign á jörðunum er *eina óyggjandi* úrræðið til þess að girða fyrir slíkt brask.

Við höfum hjer að framan talað um erfðaábúð, en ekki lýst því nánar, hvernig við hugsum okkur hana. Til þess að fyrirbyggja misskilning viljum við lýsa stuttlega því skipulagi, sem fyrir okkur vakir.

a) Ábúðarrjettinum fylgir ekki leyfi til sölu og veðsetningar.

b) Það af börnum ábúandans, sem hann kýs til þess, erfir ábúðarrjettinn óskiftan, nema nýbýli sjeu stofnuð. Þá taka tvö eða fleiri af börnum ábúanda við jörðinni. Allur arfur hinna barnanna greiðist þá í lausafje.

c) Allar húsa og jarðabætur, er ábúandi gerir á jörðinni, eru hans eign og greiðast honum eftir sanngjörnu mati, ef hann fer frá jörðinni. Þó skal eigi hærra metið en svo, að svari því afgjaldi, sem leigja mætti jörðina fyrir.

d) Jarðarafgjald hækkar að eins við verðhækkun, sem ábúandi á engan þátt í, en ekki hve mikið sem hann sjálfur bætir jörðina.

e) Ábúðarrjettur er því skilyrði bundinn, að jörðin sje ekki nídd, nytsömum mannvirkjum haldið við og að nokkru sje bætt við, svo trygt sje að jörðin taki sæmilegum framförum. Til þess að tryggja þetta, stendur jörðin undir eftirliti.

f) Rjett teljum við, og eiganda jarðarinnar skaðlaust, að ábúandi megi leysa sig undan eftirgjaldskvöðinni með því að greiða jarðarverðið í peningum, en þó það væri gert, hjeldist eftir sem áður sama eftirlit með jörðinni, sömu reglur um ábúð, sömu reglur um útbyggingu ef jörðin er nídd eða að engu bætt (ef lögleg forföll banna ekki, t. d. sjúkdómar, harðindi o. fl.) og eftir sem áður væri engin heimild til þess að selja jörðina og veðsetja.

Umsjón jarðanna ætlumst við til að hreppstjórar eða hreppsnefndir hafi. Við teljum fult svo álitlegt, að hrepparnir eigi jarðirnar, eins og landið, og jarðaafgjöldin gangi ekki út úr hreppnum.

Við höfum hjer að ofan reynt til þess að benda á nokkur atriði, sem að okkar áliti hafa tæpast verið athuguð sem skyldi og snerta öll þjóðjarðasölumálið, í þeirri von, að menn athuguðu það betur. Þó við sjeum fúsir til að viðurkenna marga ágæta kosti sjálfsábúðar, þá þykir okkur rjett, að þingmenn og þjóð hugsi sig um áður en síðustu þjóðjarðirnar eru seldar. Okkur þykir sá 5 ára frestur á sölunni, sem frv. þetta fer fram á, heppilegur, og ráðum því deildinni til að samþykkja það. Á þeim tíma teljum við líklegt, að ábúðarlöggjöf vor verði endurskoðuð, nýbýlamálið rannsakað og skýrslum safnað um afdrif þeirra þjóðjarða, er seldar hafa verið.

Þá viljum við að lokum minna á, að svo framarlega sem nokkuð verður úr því, að nýbýlabúskapur hefjist hjer að mun, er mjög illa farið að allar þjóðjarðir sjeu seldar. Auk þess eru jarðir nú að stíga í verði, eins og afurðir sveitabúskapar, og líklegt að ákvæði þjóðjarðasölulaganna um verð jarðanna sjeu þegar úrelt.

Alþingi, 28. júlí 1915.

Guðm. Hannesson, framsm. Sigurður Sigurðsson.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um ullarmat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar, skal sýslumaður skipa til þessa annan hæfan mann, á útflutningsstaðnum, eða í námunda við hann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landsjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **144. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

(Eftir 2. umr. Nd.).

1. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi við hafnarsjóð Akureyrar mannvirki og land, er þarf til að gera hafnarvirki og bryggjur eða undir braut-

ir og vegi í þarfir hafnarinnar, einnig land við bryggjur til að leggja á vörur, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnar- eða bryggjugerð hefir í för með sjer, alt gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akureyrar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una við matið og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akureyrar.

2. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda (hafnarnefndinni) beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 kr. og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja fimm menn og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum

hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Akureyrar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur í lögsagnarumdæminu innan takmarka hafnarinnar.

   Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins.
5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugjörð, er bæjarstjórn Akureyrar semur og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða hver skuli greiða þau. Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn

frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan Stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu, og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugjörðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Akureyrarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **145. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. grein orðist þannig:

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir hið almenna stýrimannspróf, fiskiskipstjórapróf og próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið forstöðumann með 2000 króna árslaunum auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita, og einn aukakennara með 1200 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður greiðist úr landssjóði.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Til fiskiskipstjóraprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, segulhalla (inklination) og afhvarfi (deviation) og hvernig það verður fundið, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólunni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;

9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hve nær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hve nær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að geta samið grein á íslensku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
18. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 150 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku og geta talað um hversdags-efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
19. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
20. að þekkja hin helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra;
21. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Til hins almenna stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til fiskiskipstjóraprófsins og ennfremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. þekking á áhrifum þeim, sem segulafl hefir á áttavitann, er skipið hallast, og að geta fundið afhvarfið (deviationina), er áttavitinn þá hefir; þekking á notkun afhvarfsmælisins (deflektorsins) við afhvarfs- (deviations) rannsókn;
4. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og kunna að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug;
5. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
6. að kunna að ákveða stað skipsins með staðarlínum bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
7. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Hver sá, sem staðist hefur fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem Stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson og Jón Magnússon.

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því, að ofbjóðu þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Skyldir skulu allir búandi menn, að hafa næg hús fyrir allan búpening sinn. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings, um rekstur og annan flutning innanlands, svo og um meðferð á hestum. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Nd. **147. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson.

Í stað 2. málsgr. 1. gr. (»Hross má eigi flytja .... til ágústmánaðarloka«) komi:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. apríl, og eigi á þilfari á öðrum tíma árs, en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Nd. **148. Frumvarp**

til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Jón Jónsson, Sveinn Björnsson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði.

2. gr.

Kennarinn í þessari grein skal hafa á hendi vísindalegar tilraunir til að bæta vinnubrögð í landinu. Að öðru leyti hefir hann sömu skyldur og rjettindi sem prófessorar við háskólann.

Nd. **149. Álit**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Matth. Ólafssyni.

Jeg hefi eigi getað átt samleið með samnefndarmönnum mínum í þessu máli, og vil jeg því í fám orðum gera grein fyrir af hverjum ástæðum jeg hefi eigi getað fallist á niðurstöðu þá, er hinir hlutar nefndarinnar hafa komist að.

Jeg felst að vísu á þá skoðun, að aðal markmið sparisjóða sje að taka á móti og ávaxta sparifje manna, en jeg álít, að þar sem eins stendur á og hjer hjá oss, að bankar eru fáir og fjelitlir og koma því hinum ýmsu hjeruðum landsins að litlu gagni, þá sje nauðsynlegt að það fje, er menn spara í landinu, sje sem allra mest í umferð, með öðrum orðum sje lánað út til að ljetta undir framkvæmdum, sem ella kæmist ekki á, af því að bankarnir sumpart eru svo langt í burtu, að menn eigi geta notað þá og sumpart af því, að þeir geta eigi hjálpað

vegna fjárskorts. Jeg er í engum efa um að mjög margt hefði verið ógert út um landið, af því, sem nú er gert, ef sparisjóðirnir annaðtveggja eigi hefði verið til eða eigi haft annað starf með höndum en að geyma sparifje manna. En þar sem jeg nú hefi þá skoðun, að sparisjóðirnir hafi sem lausastan tauminn í þessu efni, þá leiðir og af því, að jeg vil hafa eftirlitið með þeim, sem allra öruggast meðal annars til þess, að þeir, er fje safna, eigi þurfi á nokkurn hátt að óttast um fje sitt, þótt þeir leggi það í sparisjóðina, og að sparisjóðirnir vinni þannig tvöfalt gagn, fyrst með því, að geyma fje safnenda, og í öðru lagi með því, að greiða fyrir viðskiftum og framkvæmdum út um landið. Í þessu landi má enginn peningur liggja iðjulaus.

Frá mínu sjónarmiði ber landsstjórninni eigi einungis rjettur, heldur og skylda til að hafa nákvæmt eftirlit með sparisjóðum landsins, alla þá stund, sem lánsfje er ófáanlegt, með nokkurn veginn aðgengilegum kjörum út um sveitir landsins. Þegar svo er komið, gæti komið til mála að sparisjóðir hefði aðallega fjársöfnun eina með höndum.

Undir það, sem jeg nú hefi sagt, hygg jeg að flestir eða ef til vill allir samnefndarmenn mínir gætu skrifað. Ágreiningurinn milli mín og þeirra, er í því fólginn, að það sem þeir telja sæmilegt eða nægt eftirlit, tel jeg ljelegt eða með öllu ónógt. Mun jeg nú leitast við að færa rök fyrir þeirri staðhæfing minni.

Tveir nefndarmenn, G. Eggerz og Stefán Stefánsson, hallast helst að því, að eftirlit sje með öllu óþarft, sparisjóðunum stjórni nú svo valinkunnir menn, að engin ástæða sje til tortryggni.

Hingað til hefir það verið bannað í lögum flestra sparisjóða, að stjórnendurnir mættu taka lán í þeim sjálfir eða ábyrgjast lán úr þeim. Þessu vilja nú þessir nefndarmenn breyta og gefa þeim leyfi til, að taka lán úr sjóðunum, þó því að eins, að aðalfundur leyfi. Meðan jeg bjóst við, að samkomulag gæti orðið um sæmilegt eftirlit hafði jeg fallist á þessa breytingu, en þó þannig, að lánsupphæðin til þeirra mætti aldrei fara fram úr 10% af innstæðufjenu. Af nefndaráliti þeirra Guðm. Hannessonar og Bjarnar Hallssonar sje jeg, að þeir hafa fallið aftur frá því ákvæði, og mega því sparisjóðsstjórnendur fá alt fje sparisjóðsins, það er handbært er, að láni, ef þeir geta fengið samþykki rúms þriðja hluta ábyrgðarmanna á aðalfundi til þess, og sett eitthvert fasteignarveð, sem þeir sjálfir meta.

Þó eru þetta þeir tveir af nefndarmönnum, er fremur hafa hallast að einhverju eftirliti, og býst jeg því ekki við, að hinir tveir, þeir G. E. og St. St., fari fram á breytingu á þessu, til hins betra, en þetta ákvæði verð jeg að telja með öllu óhæft, enda þótt eftirlitið ætti að vera í besta lagi, hvað þá þegar það er mjög slælegt.

Þá kem jeg að því, sem er aðal-ágreiningsefnið.

Í frumvörpum stjórnarinnar hefir því jafnan verið haldið fram, að umsjónarmaðurinn væri nauðsynlegur, og virðist stjórnin hafa fært sæmilega skýr rök fyrir því. Það mætti nú halda því fram, að eigi væri mark á því takandi, þótt stjórnin hjeldi fast við umsjónarmanninn, þar sem hún þegar í byrjun hafði lagt allmikla áherslu á það atriði. En þess ber að gæta, að nú hafa þegar þrír ráðherrar, sumpart undirbúið þetta frumvarp og sumpart lagt það fyrir þingið, og allir vilja þeir halda umsjónarmanninum, og var þeim þó kunnugt um, hvernig

að þingið tók í það mál. Af þessu virðist mega álykta, að þeir telji eftirlitið að minsta kosti ljelegra án hans, og er það ótvírætt rjett álitið. Annars er erfitt að sjá hvers vegna að umsjónarmaðurinn er svo mörgum þm. þyrnir í augum, því eigi vil jeg geta þess til, að það sje af því, að þingmenn renni grun í, að kjósendur telji það óþarfa embættisstofnan. Slíka lítilmensku ætla jeg engum þingmanni, ef þeir væru sannfærðir um gagnsemina af umsjónarmanninum.

Er þá næst að athuga, hvað nefndarmenn þeir, er eitthvert eftirlit vilja hafa, vilja setja í stað umsjónarmannsins. Þeir viðurkenna það nú, reyndar óbeinlínis, að eftirlit það, er þeir leggja til, að haft sje, eigi sje eins fullkomið og með umsjónarmanninum, en þess sje heldur ekki þörf og þess utan hafi það þann mikla kost, að það sje mun ódýrara, hve miklum mun geta þeir ekki sagt. Þeir leggja sem sje til, að eftirlitið sje í því fólgið, að landsstjórnin fái bankavanann mann til að líta eftir 5 sparisjóðum á ári. Þennan bankavana mann á að fá hjá Landsbankanum, og það kvað ekki vera hætt við, að hann fáist ekki, því núverandi bankastjóri kvað hafa sagt, að hann mundi geta lánað landinu einn af bestu mönnum sínum.

Þetta er nú í sjálfu sjer gott að vita, að hægt er að fá mann hjá bankanum, að minsta kosti, meðan núverandi bankastjóri lifir eða hefir umráð yfir bankanum. En jeg verð að efa, að eftirmaður hans yrði að sjálfsögðu eins birgur af mönnum og hann virðist vera. Mér finst t. d., að ef jeg væri bankastjóri, þá mundi svar mitt við slíkri beiðni verða eitthvað á þá leið, að jeg hefði eigi fleiri menn en jeg þyrfti á að halda og gæti því engan lánað, síst af öllu þann, er jeg teldi bestan, og jeg skil ekki, að landsstjórnin gæti tekið neinn af starfsmönnum bankans að óvilja bankastjóra. En þótt þetta gæti nú jafnan fengist og trygging væri fyrir því, þá er það víst, að enga tryggingu er hægt að hafa fyrir því, að þetta yrði ávalt sami maðurinn og það væri afar-óheppilegt. Fastur umsjónarmaður mundi innan skamms hafa kynt sjer svo ástandið í landinu og hlyti, áður en langt liði, að þekkja af eigin sjón allflest veð í sparisjóðunum. Ef um samkepni gæti verið að ræða milli bankans og sparisjóðanna, þá má fara nærri um, hve holl afskifti bankamannsins yrði á sparisjóðina. Umsjónarmaðurinn hefði enga hvöt til að bægjast við sjóðina og gæti ekki haft neitt annað en gagn þeirra fyrir augum.

Þeir G. H. og B. H. láta mikið yfir því, hve vel sparisjóðum landsins sje stjórnað og hve tryggir þeir sje. Þó eru þess dæmi, að sparisjóðir hjer á landi hafa orðið gjaldþrota og jafnvel týnst með öllu, og nú síðustu dagana berast sögur af einum sjóði, sem sagt er að sje hætt staddur, þótt vonandi rætist fram úr því.

Jeg fæ eigi betur sjeð, en að eftirlit sje nauðsynlegt og það því fremur, sem brask er mjög að aukast í landinu. Það er of seint að taka í taumana þegar óhapp hefir viljað til. En ef eftirlitið á að vera að nokkru verulegu gagni, þá þarf að vera eitt yfir-eftirlit, og þótt ekki væri annað við það unnið en að auka traust landsmanna á sjóðunum, og það hlyti það að gera, þá væri nokkru til þess kostandi.

Jeg legg því til, að háttvirt neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 13. gr.

Á eftir orðinu: »Landsbankanum« komi:
eða útibúum hans.
»eða — upphæð« falli burt.

Við 16. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein: »eignir hans nemi« komi:
varasjóður hans nemi.

Neðri deild Alþingis, 29. júlí 1915.

Matth. Ólafsson.

Ed. **150. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík (þgskj. 117).

Frá Karli Einarssyni.

Við 3. við 4. gr.

Í stað orðsins »undirvjelstjóri« komi:
yfirvjelstjóri.

Ed. **151. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum (þgskj. 118).

Frá Karli Einarssyni.

Við 16. Við 18. gr.

Orðin: »á skipi með alt að 900 hestaflavjel« falli burt.

Ed. **152. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um atvinnu við siglingar (þgskj. 138).

Frá nefndinni.

Aftan við »áfátt« í 2. gr., komi:
samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Nd. **153. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir samkomulagi, þó aldrei minna en 75 aura um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **154. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

Nd. **155. Álit**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá G. Eggerz og Stefáni Stefánssyni Eyf.

Eins og kunnugt er hefir frumvarp um sparisjóði legið fyrir þingunum 1913 og 1914. Það er því í þriðja sinn að slíkt frumvarp nú er lagt fyrir Alþingi.

Aðalágreiningsatriðið á fyrri þingum hefir verið það, hvernig haga skyldi eftirlitinu með starfsemi sparisjóðanna, og enn er það svo, að nefnd sú, er sett var til að athuga frumvarp þetta, hefir klofnað á þessu atriði.

Því hefir verið haldið fram, að aðalatriðið í frumvarpinu væri ákvæðið um skipun umsjónarmanns með ákveðnum árslaunum. Á þetta getum við ekki fallist.

Þess ber nefnilega að gæta, að samkvæmt núgildandi löggjöf, mega sparisjóðir haga lögum sínum sem þeim best þykir. Þetta teljum vjer mjög varúðarvert, að landsstjórnin geti á engan hátt hlutast til um, hvaða ákvæði skuli tekin upp í lög sparisjóða, eða hvernig fyrirkomulag þeirra skuli vera, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þessum stofnunum fjölgar sem óðast og innstæða sparisjóðanna fer árlega vaxandi. En á þessu er ráðin bót með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, þótt eftirlit stjórnarinnar verði .annað en farið er fram á í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu má sparisjóður ekki taka til starfa fyr en Stjórnarráðið hefir staðfest lög hans og athugað, að ákvæðum þeim sje fullnægt, er frumvarpið inniheldur.

Má geta þessara tryggingarákvæða:

1. Í stjórn sjóðanna mega ekki vera færri en 3 menn. Nú eru aðeins 2 menn við suma sparisjóði, og eru þeir bæði starfsmenn og stjórn sjóðsins.
2. Ef fjehirðir fær þóknun fyrir starf sitt, er nemi meiru en 600 kr., skal hann setja tryggingu.
3. Reglur eru settar um, hvaða bækur skuli færðar við hvern sjóð, og hvernig bókfærslunni skuli hagað; enn fremur verður gefin fyrirmynd fyrir skjölum sjóðanna. Þetta er ekki þýðingarlítið atriði, að koma allri bókfærslu í sem óbrotnast og hagfeldast lag og með sama sniði við alla sjóði landsins.
4. Varasjóður sjóðanna má ekki að öllu leyti vera veltufje.
5. Sjóðunum er skylt, ef þeir ná 50,000 kr. auk varasjóðs, að eiga í Landsbankanum eða í verðbrjefum 3% af innstæðufjenu.

Við höfum bent á framangreind atriði, til þess að leiða athygli að því, að þau ein tryggja mikið alla starfsemi sparisjóðanna, og er þá að athuga sjálft eftirlitið frá landsstjórnarinnar hálfu.

Leiðir þær, er farnar hafa verið á fyrri þingum, eru aðallega þessar:

1. Einn umsjónarmaður, er skyldi hafa eftirlit með öllum sparisjóðum landsins undir umsjón Stjórnarráðsins.
2. Að fela eftirlitið fleiri mönnum, annaðhvort þannig, að sjerstakur maður skoði hvern sjóð, eða þá þannig, að einn maður hefði nokkra sjóði, er lægju nálægt hver öðrum, til umsjónar.
3. Að Stjórnarráðið láti bankavanan mann einu sinni athuga allan hag sparisjóðanna, og setji, að skoðuninni lokinni, sjerstakan eftirlitsmann, er búsettur sje í sömu sýslu, er hlutaðeigandi sparisjóður liggur.
4. Að bankafróður maður líti eftir þeim sparisjóðum, þar sem innstæðufjeð nemur 100,000 kr. eða meira.

Við undirritaðir viljum að sjálfsögðu að sparisjóðir landsins sjeu sem best trygðir, en vjer sjáum ekki, að nein trygging felist í því, þótt ókunnur maður verði sendur, enda þótt bankafróður sje, eins og ráðgert er í frumvarpinu, til þess að skoða sparisjóði landsins. Umsjónarmaðurinn á að hafa í árslaun, fyrir

utan ferðakostnað og dagpeninga á ferðum, 1200 kr., en launin eru svo lág, að ekki er hugsandi, að til þess starfa fengjust aðrir en ungir og óreyndir menn, og skifti yrðu líklega árlega.

En nú myndi, að okkar hyggju, eitt af aðalhlutverkum umsjónarmannsins verða það, að athuga gjaldþol þeirra manna, sem skifta við sjóðina, ábyrgðir og fasteignaveð. Við höfum enga trú á því, að ókunnur maður geti gagnrýnt gerðir sparisjóðastjórnanna í þessum sökum.

Þótt við undirritaðir sjeum fremur þeirrar skoðunar, að umsjónarmaður, eins og ræðir um í frumvarpinu, verði ekki til mikillar tryggingar fyrir sjóði vora, þá er okkur hins vegar kunnugt um, að aðrir líta öðruvísi á mál þetta, og viljum vjer því til málamiðlunar leggja til, að stjórninni sje heimilt að láta bankafróðan mann athuga starfsemi þeirra sjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að öðru leyti finnum við ekki ástæðu til þess, að gagnrýna frekar eftirlitsleiðir þær, er brotið hefir verið upp á á fyrri þingum, þar eð þær allar hafa verið margræddar.

Samkvæmt framanskráðu leyfum við okkur að bera fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr.

Á eftir orðunum »taki lán úr sjóðnum« komi:
nema með leyfi aðalfundar og gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, enda sjeu $^2/_3$ ábyrgðarmanna á fundi.

2. Við 10. gr.

Orðin »og umsjónarmann sparisjóða« falli burt.

3. Við 12. gr.

Orðin í 5. málsgrein »og lánsynjanir« falli burt.
Orðin í síðustu málsgrein »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.

4. Við 13. gr.

3. málsgrein orðist þannig: eftir orðin: »fyrir slíkri upphæð» komi:
þegar varasjóður nemur 10% af innstæðufjenu, fellur þó þessi skylda niður

5. Við 16. gr.

Orðin »umsjónarmanns sparisjóða« í 3. málsgrein falli burt.

6. Við 19. gr.

Orðin í 2. málsgr. »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.

7. Við 20. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« komi:
að dómi endurskoðenda sparisjóðsins.

8. Við 21. gr.

Í stað orðanna »getur Stjórnarráðið« komi:
getur sýslunefnd eða bæjarstjórn.

9. Við 22. og 23. gr.

Í stað þessara greina komi ný grein, og breytist tala eftirfarandi greina eftir því, sem hljóði þannig:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur, svo oft sem nauðsyn krefur, bankafróðan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag þeirra sparisjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að loknu eftirliti gefur hann stjórninni nákvæma skýrslu um alt ástand sjóðanna og hag þeirra.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða, að láta Stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsyn þykir að krefjast, og getur Stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjaldaga.

Í fjárlögum skal veita hæfilega þóknun til þessa eftirlits.

Alþingi, 27. júlí 1915.

G. Eggerz, framsögumaður. Stefán Stefánsson, Eyf.

Ed. **156. Frumvarp**

til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla, til að gera mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður Stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara, eftir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1. *Í íslensku:* Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.

2. *Í reikningi:* Þekking á hinum fjórum reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og með bókstöfum, hlutfallareikningi, veldi, rót, notkun logaritma og að geta leyst líkingar með einni óþektri stærð.

3. *Í flatarmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinna lína hverrar við aðra, á hringum og þeim línum og hornum, er þar til heyra, marghyrningum, á setningunum um hliðar og horn í þríhyrningum, á samfalla og samlaga þríhyrningum, á setningunum um rjetthyrnda þríhyrninginn, á samsíðingum, að geta gert einfaldar flatarmálsteiknanir (geometriskar konstruktionir), þekking á lengdarmæli og hornmæli, á útreikningi flatarmáls.

4. *Í rúmmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinnar línu við flöt, og afstöðu flata hver við annan, á þrístrending, pyramída, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, er myndast á yfirborði hennar við skurðfleti, á útreikningi á yfirborði og rúmtaki þessara hluta.

Í framannefndum reikningslegum námsgreinum er þess einungis krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings undir vjelfræðina, og við prófunina skal aðeins krefjast þekkingar á hinum ýmsu setningum, en engra sannana.

5. *Í eðlisfræði:* Þekking á lögunum um loftkend efni, þrýstingsmælum, dælum, eðlisþyngd, seltumælum, hita og dreifing hans, útþenslu hluta við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti, brenslu, vjelaáburði, samsetningu og sundurliðun krafta, einföldum vjelum (vogarstöng, skrúfu, fleyg o. s. frv.) segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna.

6. *Í vjelfræði:* Þekking á gufuvjelum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvjela og gufukatla, hirðingu gufuvjela og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vjelabilun, ketilsprengingu, aflmælislínum (Indikator-diagröm) og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafli gufuvjela og kolaeyðslu, stelling skyttunnar, hjálparvjelum á skipum (gufustýrivjelum, gufuvindum, ljósvjelum, kælivjelum, o. s. frv.), skifting skipa í vatnsheld hólf, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslensk gufuskip. Þekking á hreyfivjelum (mótorum).

7. *Í vjelteikningu:* Að geta mælt og gert uppdrátt eftir ákveðnum mælikvarða af hlut úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.

8. *Í dönsku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.

9. *Í ensku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í enskri bók verkfræðilegs efnis.

3. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir henni standa sá af nefndarmönnum, er Stjórnar-

ráðið skipar sem oddvita. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelstjóraapróf. Til að dæma um kunnáttu í tungumálum getur Stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra menn.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefnin. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum prófdómanda.

4. gr.

Sá einn má ganga undir vjelstjóraapróf, er:

1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi.

Sje sá, er undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelstjóraskólanum, þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið send Stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skírnarvottorð umsækjanda, og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum.

Hafi hann gengið undir vjelstjóraapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl., skal setja í reglugjörð, sem Stjórnarráðið setur.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirrita skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er ætluð og Stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi, og fæðingarári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

Ed. **157. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðist vjelgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 8. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 10. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

8. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

a. hefir staðist vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

9. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 8. gr.:

a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár. og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela.
b. er 25 ára að aldri.

10. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 8. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 9. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

11. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 8. gr. og staflið b. í 9. gr., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi, með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. gr.

Á gufuskipi, með meira en 100, en minna en 700 hestafla vjel, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 8. og 9. gr., eftir því sem við á.

Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.

Á gufuskipi, með 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórarnir samkvæmt 10. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelgæslulið, sem áskilið er í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3. og 8.—11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er Stjórnarráðið semur.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð Stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert vjelstjóraskírteini sínu.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjóraþróf samkvæmt lögum þessum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 8.—11. gr., en þess sje þó gætt, að til að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis, kost á að fá slík skírteini, þótt ekki vanti vjelstjóra.

Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðir ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.

Beiðni um slík skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 8. gr. b.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 9. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 9. greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini, áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða, á skipi með alt að 900 hestafla vjel.

Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri,

áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914, um breyting á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;
b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 lestir, en ekki yfir 30 lestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

4. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiski-

skipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lestir að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lestir, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

6. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lestir að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlands siglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lestir, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 15. grein.

8. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 lestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 lestir, skulu stýrimenn vera minst tveir.

9. gr.

Sá einn getur staðist skipstjórapróf fyrir smáskipi, er:

a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. kann að nota áttavita og ber skyn á afhvarf (deviation) og misvísun;
c. kann að nota skipshraðamæli;
d. þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lestir að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lestir.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

10. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lestir;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir rjett innborinna manna.

11. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem talin eru í 10. gr., stafliðunum c—f:

a. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður eigi minna en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi minna en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

12. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lestir, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

13. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem talin eru í 12. gr., stafliðunum c og d:

a. staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

14. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 10.—13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

15. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 10. gr. og b í 11., 12. og 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 10.—13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannsprófs, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu þeir sanna að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða- stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að stafliðirnir c í 8. gr. og a í 9. gr., ganga eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Sþ. **159. Skýrslur**

um »Gjafasjóð Jóns Sigurðssonar«.

A.

Skýrsla

um gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1913 til 31. des. 1914.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins í árslok 1912 (sbr. Alþingistíð. 1913, A. bls. 1071).		
	a. Bankavaxtabréf...	kr. 11,300,00	
	b. Veðskuldabréf	— 7,500,00	
	c. Í Landsbankanum	— 676,83	
	d. Í peningum	— 51,75	Kr. 19,528,58
		Flyt:	Kr. 19,528,58

		Flutt:	Kr. 19,528,58
2. Vextir á ofannefndu tímabili.			
a. af bankavaxtabrjefum $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ '13, $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ '14	kr. 1,017,00		
b. af veðskuldabrjefum $^{11}/_{6}$ '13 og $^{11}/_{6}$ '14	— 602,73		
c. af fje í Landsbankanum	— 29,69	Kr.	1,649,42
3. Ágóði á útdregnum bankavaxtabrjefum		—	65,00
			21,243,00

Gjöld:

1. Skrifbók handa verðlaunanefnd		Kr.	2,45
2. Auglýsingar		—	12,40
3. Verðlaun:			
a. til Einars prófessors Arnórssonar	kr. 750,00		
b. til Jóns prófasts Jónssonar	— 750,00	—	1500,00
4. Sjóður í árslok 1914			
a. Bankavaxtabrjef	kr. 11,300,00		
b. Veðskuldabrjef	— 7,500,00		
c. Í Landsbankanum	— 928,15	—	19,728.15
		kr.	21,243,00

Reykjavík 22. júlí 1915.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem

B.

Skýrsla
frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirrituð nefnd, sem kosin var á Alþingi 1913 samkvæmt 3. gr. í Reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar 16. okt. 1912, gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsingu, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, Lögrjettu og Ísafold, um, að þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af tjeðum sjóði, væri boðið að senda rit til vor fyrir árslok 1914, er þeir hygði til verðlauna fyrir.

Nefndinni barst á þessum fresti að eins ein ritgerð, með einkunnarorðunum: »Orðstír deyr aldrei, hveims sjer góðan getr«, og var meiri hluti nefndarinnar á því, að ekki væri ástæða til, að sæma ritgerðina verðlaunum.

Með því að þannig engum verðlaunum varð útbýtt á þessu ári, kom til greina heimild sú, sem nefndin hefir, samkvæmt 2. gr. í Reglum frá 16. okt. 1912, til að styrkja, þegar svo stendur á, útgáfur merkilegra heimildarrita. Nefndin samþykti í einu hljóði, að nota sjer þessa heimild til þess, að veita Sögufjelaginu

1000 kr. í því skyni, og með því skilyrði, að það gæfi út á þessu ári 10 arkir af Alþingisbókum Íslands fram yfir það, sem því er skylt að gefa út fyrir landssjóðsstyrkinn.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjer með þess sóma, að leggja fyrir hið háa Alþingi.

Reykjavík 28. júlí 1915.

Björn M. Ólsen. J. Jónsson. Jón Þorkelsson.

Til Alþingis 1915.

Ed. **160. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um ullarmat. (Þingskj. 143).

Frumvarp þetta er komið aftur hjer í deildina frá háttv. neðri deild. Í neðri deild hefir frumvarpið tekið þeirri breytingu einni, að niðurlag 1. gr. er fært í sama horf og það var í stj. frv., og við greinina bætt ákvæði um, að sje hreppstjóri útflytjandi ullar, þá verði sýslumaður að skipa annan mann til að rita á vottorð ullarmatsmanna um, að ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið.

Meiri hluti nefndarinnar álítur þessar breytingar ekkert varhugaverðar og viðbótina til bóta. Leggur hann því til að frv. verði samþykt eins og það liggur nú fyrir. Minni hlutinn (Hákon Kristófersson) er þessu ekki sammála og mun hann gera grein fyrir skoðun sinni undir umræðunum um málið.

Efri deild Alþingis, 30. júlí 1915.

Björn Þorláksson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsm. H. J. Kristófersson.

Guðm. Ólafsson. Sigurður Stefánsson.

Ed. **161. Frumvarp**

til laga um veitingu prestakalla.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

1. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum

samritum og sóknir eru í prestakallinu. En prófastur sendir sóknarnefndum samritin til birtingar og leggur jafnframt fyrir þær, að semja kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

2. gr.

Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni sjeu fimm dálkar fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar skráin er samin, leggur sóknarnefnd hana fram á kirkjustaðnum kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar þar í sókn, enda sje skráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

Tilkynnir sóknarnefnd jafnframt prófasti, hvenær kjörskrá er lögð fram.

3. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af kjörskrá eða einhvern ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra brjeflega fyrir sóknarnefnd áður vika sje liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefnd boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti, á fund með sjer, og leggur fullnaðarúrskurð á kæruna á fundinum.

4. gr.

Þegar sóknarnefnd hefir gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni, ásamt vottorði um það, að skráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en prófastur skýrir biskupi þegar í stað frá tölu kjósenda í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

5. gr.

Þá er umsóknarfrestur er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestsskapar í þjóðkirkju landsins og hve marga kjörseðla þurfi.

Kjörseðlarnir skulu allir vera af sömu gerð og jafnstórir og á þá prentuð í stafrófsröð nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

Stjórnin annast þá um, að tilbúnir sjeu og sendir biskupi, nægilega margir kjörseðlar. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverri sókn, tvenn ljereftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sje prentað utan á annað: »greidd atkvæði« og á hitt: »ónotaðir og ónýttir seðlar«.

Biskup sendir síðan prófasti með póstábyrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigluðum sendingum, sjer til hverrar sóknarnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Prófastur sendir síðan sóknarnefndum, en þær leggja umsóknirnar ásamt fylgiskjölum fram á kirkjustaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minsta kosti vikutíma. Jafnframt ákveður prófastur kjörfundardag fyrir prestakallið með hæfilegum fresti, og setur sömu dagstund í öllum sóknunum.

Skal að jafnaði kosið í kirkjunni og á sunnudegi.

6. gr.

Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri. Nú eru sóknarnefndarmenn þrír, og skulu þeir þá skipa kjörstjórn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 þeirra frá eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður kjörstjórnar.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma. Skal oddviti sóknarnefndar setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slík atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir ekki fundinn.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gjörðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje innangengt í nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo umbúið, að ekki sje sjáist að utan eða annarstaðar frá, þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, eða kosning fari fram í kirkjunni, skal tjalda af eitt hornið, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9 gr.

Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverir sjeu í kjöri.

10. gr.

Aður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og lætur ganga til kosninga.

11. gr.

Þeir sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim líst og eftir því sem þeir komast að. Án leyfis kjörstjórnar, mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur og umboðsmenn þeirra, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórnin getur hvatt menn sjer til aðstoðar, til að halda uppi reglu meðan á kosningunni stendur. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess umsækjanda, er hann kýs, brýtur síðan seðil-

inn saman, þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt merkir maður, úr kjörstjórninni, við nafn kjósenda á kjörskránni.

Ónýtist seðill hjá kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist. Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi til nefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gjörðabókinni. Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningarathöfnin eigi standa skemur en 2 stundir nema allir kjósendur, er á kjörskrá standa hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

12. gr.

Í Reykjavík má kjósa á fleirum en einum stað í einu, eftir nánari ákvörðun sóknarnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. 3 menn, tilnefndir af sóknarnefnd, taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefir hver kjördeild sína fundarbók. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annarstaðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda sóknarnefnd atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

13. gr.

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í viðeigandi umslög og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja sín innsigli fyrir umslögin, ef þeir vilja. Ennfremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla, og lætur þá í sitt umslag og innsiglir sem fyr segir.

14. gr.

Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar. Að þeim liðnum sendir sóknarnefnd formanni yfirkjörstjórnar, afrit gjörðabókar, umsóknargögn öll, seðlaumslögin og ummæli sín um kærur, ef fram hafa komið yfir kosningunni.

15. gr.

Yfirkjörstjórn skipa biskup landsins og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Ræður afl atkvæða ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn. Jafnskjótt sem sendingarnar eru komnar úr öllum sóknum prestakallsins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin; kveður hún til umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, ef nokkrir eru. Heldur yfirkjörstjórn gjörðabók og sendir landsstjórninni afrit hennar ásamt kosningargögnum.

16. gr.

Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.

17. gr.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði á kjörfundum, og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn prestur, og fær veitingarbrjef ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú er að eins einn umsækjandi, og fer með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum. Kjósendur sem honum vilja hafna, skila seðlinum ómerktum. Greiði helmingur kjósenda atkvæði, og fullur helmingur greiddra atkvæða taki umsækjanda eða hafni honum, ræður það úrslitum.

19. gr.

Enginn er kosið hefir skriflega, er skyldur til að skýra frá því fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarformaður nje nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir. —

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi ekki skemur en viku eða sektum ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

21. gr.

Landsjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Að öðru leyti fer um kostnað af prestskosningum samkvæmt 6. gr. laga nr. 40, frá 30. júli 1909.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1916 og eru lög nr. 28. frá 16. nóv. 1907 jafnframt úr gildi gengin.

Nd. **162. Nefndarálit**

um frv. til laga um afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.

Nefndin tók fyrst til athugunar, hvort rjett væri og sanngjarnt að landið legði til land undir kirkjugarð í Reykjavík. Að vísu er svo mælt fyrir í lögum 8. nóv. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, en að sjálfsögðu mátti breyta þeim og afnema þessa skyldu landssjóðs. Fyrir þessu mátti meðal annars færa þá ástæðu, að kirkjugarðalöggjöf vor miðar bersýnilega við það, að land undir kirkjugarða kosti lítið, að minsta kosti ekki meira en venjuleg tún í sveitum, enda var legkaup nýlega úr lögum numið. En í Reykjavík er alt öðru máli að gegna, og land þar mjög dýrt. Með þessu virtist og það mæla, að hjer á í hlut ríkasti söfnuður landsins, sem landssjóði ber lítil skylda til að styrkja öðrum framar.

Við nánari athugun var þó nefndin sammála um, að þessi útvegur væri ekki allskostar heppilegur, og tvísýnn gróði af því fyrir landssjóð, Þess ber að gæta, að Reykvíkingar borga mikið í prestlaunasjóð, er kemur öllu landinu að notum, og fær landsjóður á þann hátt sitt upp borið, en væri söfnuði afhent kirkja og kirkjugarður, hyrfi alt gjald jafnframt til prestlaunasjóðs, því sennilega yrði söfnuðurinn þá fríkirkjusöfnuður.

Í öðru lagi athugaði nefndin núverandi kirkjugarð, ástand hans og hvort þörf væri á að stækka hann. Stærð garðsins er um 16,000 □ metrar. Síðan hann var tekinn fyrst til afnota eru 78 ár. Mikill hluti garðsins er því bersýnilega orðinn svo gamall, að tvímælalaust mætti grafa þar aftur. Ef umferðartími garðsins væri 25 ár, eins og víðast tíðkast erlendis, ætti hann að vera nægilega stór fyrir Reykiavík með þeim mannfjölda, sem hjer er, jafnvel þó skipulegir vegir og gangar lægju um garðinn. Með nokkrum rjetti má því segja, að garðurinn sje fullstór og síst ástæða til þess að auka hann fyrst um sinn.

Því miður hefir svo verið með garðinn farið, að eigi verður lengi dregið að auka hann og lítið eða ekkert unnið við að draga það. Greftranir hafa alla tíð farið fram reglulítið og jafnvel grafið nýlega hingað og þangað í elstu hlutum garðsins. Þá er heldur ekki nein kirkjugarðsskrá, er sýni hve gömul leiðin eru og þaðan af síður hver grafinn er. Þetta veldur því, að erfitt er að nota reglulega elstu hluta garðsins. Ekki hefir þetta að neinu verulegu leyti batnað eftir að hin ítarlega reglugerð um kirkjugarða var gefin út 16. ág. 1902. Ákvæðum hennar hefir að heita má verið að engu skeytt. Enginn uppdráttur hefir verið gerður af garði og og leiðum, engin leiði tölusett, engin kirkjugarðskrá verið haldin og engir vegir verið lagðir á þennan hátt, sem reglugjörðin býður. Yfirleitt er kirkjugarðurinn í mestu vanhirðu og bæði landi og lýð til skammar. Þá vanta og öll ákvæði um umferðartíma greftrana, sem eru þó óumflýjanleg í öllum bæjum, að minsta kosti þeim, sem ekki hafa takmarkalítið ódýrt land. Ofan á þetta bætist, að jarðvegur garðsins er mjög ljelegur, leirblandinn, víða blautur og rotnun sein, svo að jafnvel í elstu leiðum eru kistur ekki fyllilega fúnaðar eftir nálega 80 ár. Þá eru að lokum nokkrir hlutar garðsins ónýtir, sökum þess að jarðvegur er þar of grunnur, og er því garðurinn í raun og veru töluvert minni en flatarmál hans sýnir.

Þegar alt þetta var athugað, var nefndin sammála um, að rjett væri að

stækka garðinn, eða öllu heldur gera nýjan kirkjugarð. Hún tók þá til athugunar hvernig þessu mætti haga.

Það hefir aðallega vakað fyrir mönnum, að stækka núverandi kirkjugarð og kaupa til þess skák af hinu svonefnda Nýjatúni. Nefndinni virtist, að land þetta myndi að líkindum verða svo dýrt, að legkaup yrði óhæfilega hátt, ef það væri keypt, líklega um 10 kr. fyrir fullorðinn, svo framarlega sem landssjóður ætti ekki að bíða mikinn skaða af garðkaupunum. Þá þótti og líkindi til, að jarðvegur í túni þessu myndi með líkum annmörkum og í kirkjugarðinum, en annars hefir hann eigi verið rannsakaður svo vjer vitum.

Nefndin hallaðist að því, að hentugast væri að gera nýjan kirkjugarð og kaupa land, sem best þætti, að öllu athuguðu, og ódýrast. Hún taldi víst að á þennan hátt mætti spara töluvert fje öllum að skaðlausu.

Stærð kirkjugarðsins taldi hún hæfilega 6 dagsláttur, er endast myndi bænum í 30 ár. Eftir þann tíma ætlast hún til að byrjað sje að taka elsta hluta gamla kirkjugarðsins til afnota, og þá jafnframt keyptur einfaldur ofn, til þess að brenna þær leifar af líkum og kistum, er kunna að vera óeyddar. Fyrir þann tíma þurfa að sjálfsögðu að vera gerð lagafyrirmæli um endurgreftrun og umferðartíma, en grafið í nýja garðinum frá fyrstu byrjun svo reglulega, að ekki komi í bág við reglubundna umferð eftir víst árabil, og auk þess að öllu leyti gætt ákvæðanna í reglugjörð um kirkjugarða.

Ef teknar eru 6 dagsláttur af landi utan aðal bæjarins undir kirkjugarð, og gert ráð fyrir, að það sje ekki matið að mun meira en tún til grasræktar, kostar nýr kirkjugarður engu meira en tiltölulega lítil stækkun á núverandi kirkjugarði.

Að lokum hefir nefndin íhugað bálfaramálið. Hún telur það æskilegt, að bálfarir kæmist hjer á, svo eigi þurfi að flytja þá menn af landi burt, er óska að þeir sjeu brendir. En kostnaður við þetta mundi nema um 50,000 kr., með byggingu og öllu, er til þarf, ef vel er frá öllu gengið, og útfararkostnaður yrði að mun meiri en nú gerist. Ef gert er ráð fyrir að ofninn sjálfur kosti um 10,000 kr. og endist til þess að brenna 1000 lík, þá er slitið eitt á honum meira en 10 kr. virði tyrir hvern mann, sem brendur er. Við þetta bætast kokes (um 400 kg.) á 10—12 kr., vinnan við hitun ofnsins og ræsting herbergja. Eftir sem áður þarf dálítinn blett í kirkjugarði, til þess að jarðsetja öskuna og flestur annar kostnaður við útförina hjeldist óbreyttur (líkvagn o. fl.). Viðbúið er að bálfarir yrðu lítið notaðar af almenningi fyrstu árin, og væri þá miklu til þess kostað, að brenna fáeina menn.

Ef einstakir menn stofnuðu fjelag í þessu skyni og ljettu stofnkostnaðinn, telur nefndin landinu skylt að styðja fyrirtækið eða jafnvel koma því á fót, ef það brygðist, en ekki ráðlegt að verja um 50,000 kr. af landsfje til þessa að svo stöddu.

Alþingi 30. júlí 1915.

Jón Magnússon, formaður. Guðm. Hannesson, skrifari (með fyrirvara).

Þórarinn Benediktsson. Hjörtur Snorrason. Matth. Ólafsson.

Nd. **163. Breytingartillögur**

við frv. til laga um afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.

Frá Kirkjugarðsnefndinni.

1. Við 1. gr.
Greinin orðist þannig:
Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir kirkjugarð í Reykjavík gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. við 3. gr.
Fyrir orðin: »Reykjavíkurkirkjugarði — fyrir aðra« komi:
kirkjugarði Reykjavíkur 3 kr. fyrir börn yngri en 1 árs, en 6 kr. fyrir aðra.

3. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
Frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Nd. **164. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

1. gr.

Til Hafnargerðar í Siglufirði veitast úr landsjóði alt að 37,500 — þrjátíu og sjö þúsund og fimm hundruð — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1917.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landsjóðs alt að 112,500 — eitt hundrað og tólf þúsund og fimm hundruð — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undirbrautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14

daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og Stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

8. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður

ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landsjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist Stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, en úrskurða af Stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er hreppsnefndin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Fylgiskjal.

Eins og sjá má af þingmálafundargjörð hjeðan úr Siglufirði þann 29. júní þ. á., var samþykt áskorun til Alþingis um, að veita styrk úr landssjóði til þess, að byggja hafskipabryggju í Siglufirði að 1/4 kostnaðar, og að landssjóður annað hvort láni eða taki ábyrgð á þeim 3/4 hlutum, sem eftir eru, þó þannig, að verð alls fyrirtækisins fari ekki fram úr 150 þúsund krónum.

Þessi málaleitun mun ekki koma hinu háa Alþingi algerlega að óvörum, því að í fyrra voru samþykt lög nr. 37, 2. nóv. um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps í lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Hafnarnefndin í Siglufjarðarkauptúni leyfir sjer nú, háttvirtu alþingismenn, að snúa sjer til yðar í umboði hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi, og fara þess á leit, að þjer komið þessu máli áleiðis við hið háa Alþingi nú í sumar.

Hafnarnefndin fjekk nú í sumar er leið, verkfræðing Benedikt Jónasson, til þess að gera dýptarmælingar á því svæði, sem ætlast hafði verið til, að hafnarbryggjan yrði bygð á. Og í vetur hefir landsverkfræðingur Th. Krabbe verið fenginn til þess, að gera teikningar og kostnaðaráætlanir eftir dýptarmælingunum og þeim kröfum, sem hafnarnefnd hafði sett fram.

Teikningar og kostnaðaráætlanir hr. Th. Krabbe verða lagðar fram fyrir hið háa Alþingi.

Um rjettmæti og nauðsyn þessa fyrirtækis skulum vjer leyfa oss að skýra frá í lausum aðaldráttum.

Siglufjörður liggur, eins og kunnugt er, hjer um bil miðja vegu milli Horns og Langaness, og er, að undanteknum Akureyrarpolli, besta og öruggasta höfn á Norðurlandi. Hjeðan er styst að sækja á öll bestu þorskfiskimið norðanlands, enda kemur fiskur fyrst á vorin á Siglufjarðarmið. Hingað leita stærri og minni mótorbátar tugum saman, allar götur vestan af Vestfjörðum og austan af Langanesi, og halda hjeðan út á sumarvertíð, og hingað leita nálega öll fiskiþilskip hvaðanæfa af landinu, þann tíma, er þau stunda veiðar undan Norðurlandi, ef þau þarfnast einhvers, svo sem matvæla, beitu, íss, síma, læknishjálpar o. s. frv.

Yfirleitt má segja, að Siglufjörður sje nyrðra, það sem Vestmannaeyjar eru syðra. En hjer við bætist svo sú feikilega síldveiðaútgerð, sem hjeðan er rekin. Samfara þeim vexti, sem í kauptúninu hefir verið 10 síðastliðin ár, er nú svo komið, að hvergi er til óleigð lóð að sjó, sem hæfileg væri undir hafnarbryggju. Öll strandlengjan er leigð einstökum mönnum, en kauptúnið sjálft á hvergi rjett til sjávar. Hjer getur enginn maður gengið á land eða af og enginn hlutur verður fluttur af skipi eða á nema yfir annars manns lóð, og getur sá auðvitað neitað þeirri umferð hvenær sem vill, og er enda sjálfgert á sumrum, þegar allar bryggjur eru alskipaðar af síldartunnum og krökar af slorugu síldverkunarfólki, og svo girtar allavega af skipum. Afgreiðslumenn strandferðaskipa eru oft og einatt í stökustu vandræðum að afgreiða skipin, svo að ekki verði mikill dráttur á, vegna bryggjuleysis. Og eftir því, sem flutningur og skipagöngur aukast, verður þetta æ verra og verra. — Í sambandi við aukinn flutning, skulum vjer að eins leyfa oss, að minna á þær 4 síldarverksmiðjur, sem hjer hafa komist á fót nú allra síðustu árin. Að lokum skal þess einnig getið, að aðkomandi mótorbátar, sem hjeðan er haldið út á sumarvertíð, eiga það einungis undir náð einstakra manna, hvort þeir geta lagt afla sinn á land eða ekki.

Til þess að væntanleg hafnarbryggja gæti orðið sem stærst, og komið að sem fylstum notum, hefir hafnarnefndin tekið tillit til þess, að strandlengjan undan Siglufjarðareyri er nú alsetin. Fleiri menn ná þar ekki til. Ef unt yrði að byggja þessa bryggju, eftir teikningum Th. Krabbe, mundi bætast við lendingarstaður og síldverkunarsvæði handa að minsta kosti 8 síldveiðaskipum og jafnvel þó nokkrum fleirum. Verði þetta þannig, þá skulum vjer leyfa oss, að benda hinu háa Alþingi á auknar tekjur, er landssjóði áskotnuðust.

Telji maður meðal-ársveiði herpinótarskips 4000 tunnur, og það er ekki hátt í lagt, og sje 6 skipum haldið út frá bryggjunni, (það er einnig mjög lágt), þá mundi öll veiðin nema 24000 tunnum. En útflutningsgjald af síld er 50 aur. af tunnu; tekjuauki landssjóðs því beinlínis 12000 krónur.

Það er ætlast til, að hafskipabryggjan verði bygð yst á Siglufjarðareyri, utar en allar aðrar bryggjur. Nú með því, að bryggjan verður að vera svo löng, sem tiltekið er í áætluninni, til þess að nóg dýpi fáist handa stærri skipum, og með því að í norðaustanrokum á síðhaustum og vetrum leggur töluverða báru inn fjörðinn samfara geisilegri veðurhæð, þótti sjálfsagt, að hafa brimbrjót utan við bryggjuna. Einnig hefir þetta mikla þýðingu í ísárum. En þar sem bryggjan verður bygð einmitt þar sem sleppir varnargarði þeim, sem nú er verið að byggja til varnar Siglufjarðareyri, þá sjest ljóslega, að brimbrjóturinn eykur vörnina, og ver mannvirki, bryggjur og polla, sem innar eru.

Hafnarnefndin hefir að sjálfsögðu athugað, hvort annað eins mannvirki og hjer ræðir um, mundi geta borið sig fjárhagslega, svo að tiltækilegt væri, að ráðast í það, og hefir komist að þessari niðurstöðu:

Árið 1914 komu hingað 44 millilanda- og strandferðaskip, og var smálestatala þeirra 25482 smálestir. Á Eyjafirði er bryggjugjald 4 aurar af hverri smálest dag hvern. Væri sama gjaldi haldið hjer, enda þótt ekkert skip lægi hjer degi lengur, þá yrði það 4 sinnum 25482 aurar eða rúmlega 1000 krónur

Ef 7 síldveiðaskip hefðu síldarsöltun við bryggjuna, og miðað er við 4000 tunnu meðal-afla, þá nemur það 28000 tunnum; afgjald er hjer vanalega nálægt 30 aur., þessi tekjugrein yrði þá um ... 8400 krónur.

Mótorbátar hafa orðið að greiða hjer 50 krónur í bryggjuleigu og væri sennilega lafhægt, að leigja 20—30 bátum uppsátur, en það yrði að minsta kosti .. .. 1000 krónur

En þar sem öll höfnin fyrir innan bryggjuna yrði miklu betri en áður, þá væri sjálfsagt, að setja hafnargjaldið upp. Nú er hafnargjald 5 aurar fyrir hverja smálest, og var hafnargjaldið 1914 um 1400 krónur

Á Akureyri er hafnargjald að meðaltali 10 aurar á smálest, væri gjaldið haft eins hjer, þá græddust um ... ... 1400 krónur

Ljósgjald má taka af skipum og hefir það verið 2 krónur á hvert skip á Akureyri, hvað sem stærð leið. Hingað komu til Siglufjarðar á árinu 1914: 44 millilanda- og strandferðaskip, 54 lestaskip og 120 fiskiskip, öll útlend, eða samtals 218 skip. Með 2 kr. gjaldi fengist á þessum lið ... ... 436 krónur

Hjer verður öllum óvissum tekjum slept. En samkvæmt ofanskráðu verða tekjur hafnarinnar ... ... 13636 krónur

Þessi áætlun álítum vjer, að sje hið frekasta lágmark, sem hægt er að setja um tekjur hafnar á Siglufirði. Því að eftir því, sem framþróun hefir verið til þessa, og það ástand og eftirspurn, sem nú er, má áætla tekjur hafnarinnar miklum mun hærri.

Nú leyfir hafnarnefnd Siglufjarðar í umboði hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi sjer, að fara þess á leit við yður, háttvirtu þingmenn, að þjer viljið gerast flutningsmenn að meðfylgjandi frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún. Er þar farið fram á, að veitt verði úr landssjóði alt að 37500 krónur til hafnargerðar hjer, og að ráðherra Íslands ábyrgist fyrir landssjóðs hönd alt að 112500 króna lán handa hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps til hafnarbyggingar í Siglufjarðarkauptúni. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið eftir hafnarlögum Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Þó er ein aðal-breyting fólgin í frumvarpinu, að nema burt afskifti sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu af hafnarmálefnum Siglufjarðarkauptúns.

Þessi breyting virðist vera nauðsynleg, þar sem sýslunefndir eiga að eins, einn reglulegan fund með sjer árlega, enda oflangt að leita úrskurðar sýslunefndarinnar um hafnarmál í Siglufirði og það til gjörókunnugra manna. Það hefir því þótt rjett að flytja vald sýslunefndarinnar í hafnarmálefnum Siglufjarðarkauptúns til hreppsnefndarinnar í Hvanneyrarhreppi, enda hefir hún borið og ber ábyrgð á fjármálum hafnarsjóðsins. Tala hreppsnefndarmanna var síðastliðinn vetur aukin um tvo menn, einmitt með það fyrir augum, að hreppsnefndin gæti haft frekari og nánari afskifti og eftirlit með þeim málum, sem hreppsfjelagið og Siglufjarðarkauptún varða. Hafnarnefndin hefir átt tal við oddvita sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu og hefir hann álitið sjálfsagt, að þessu atriði yrði hagað svo sem hjer er farið fram á.

Loks hefir verið bætt við einni grein, 19. gr., um að lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild undir hafnarbryggju í Siglufjarðarkauptúni væru úr gildi numin með þessum lögum, þar sem alt hið sama er falið í þessu frumvarpi og þó nokkrum mun rýmra.

Vjer teljum alls ekki örvænt að Hvanneyrarhreppur mundi geta fengið lán það, sem umræðir í frumvarpinu, með hæfilegum kjörum hjá norskum bönkum, ekki hvað síst í þeim bæjum, sem hafa svo gífurleg viðskifti hjer í Siglufirði og mundu hafa þessarar hafnar mikil not.

Að endingu viljum vjer að eins ítreka hve líkt er um margt hjer og í Vestmannaeyjum og minna á, að þau gögn sem björguðu hafnarmáli þeirra eyjamanna eru einnig, og ef vill engu síður, gögn vor Siglfirðinga.

Hafnarnefndin vonar, að enda þótt meðfylgjandi frumvarp ekki hafi komist fyr í hendur yðar, háttvirtu alþingismenn, þá verði samt unt að koma því fram og leiða það til farsælla lykta á þessu Alþingi.

Siglufirði 12. júlí 1915.

Í hafnarnefnd Siglufjarðarkauptúns.

Guðm. T. Hallgrímsson. Hafliði Guðmundsson. Helgi Hafliðason.

Til alþingismanna Eyjafjarðarsýslu.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla, nr. 45, 16. nóv. 1907.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, Eyf. H. Hafstein.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, sem nú skal greina:
1. Grundarþing: Grundar- Munkaþverár- og Kaupangssóknir.
2. Saurbær: Saurbæjar- Möðruvalla- Miklagarðs- og Hólasóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla, nr. 45, 16. nóv. 1907, 1. gr. XVIII. 96.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Nd. **166. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:
1. Staðastaður: Staðastaðar- og Búðasóknir.
2. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, og Kolbeinsstaðasóknir.
3. Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóv. 1907, 1. gr. IX. 47, og X. 48.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Nd. **167. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðtoll.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp það um verðtoll, sem henni var falið til athugunar, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að eigi sje ráðlegt að byggja tolllöggjöf vora á þeim grundvelli, að taka ákveðið hundraðsgjald af innkaupsverði aðfluttrar vöru samkvæmt innkaupareikningum.

Þar sem nefndin er sammála um að ráða hinni háttvirtu deild frá, að aðhyllast þennan grundvöll fyrir tolllöggjöf hjer á landi, en að hún hinsvegar hefir fallist á tillögur stjórnarinnar um að framlengja vörutollslögin, þá vill hún nota tækifærið til þess að segja stuttlega álit sitt um þær toll- og skattamálastefnur, sem umræður hafa orðið um í Neðri deild.

En stefnurnar eru:

1. Beinir skattar.
2. Verðtollur
3. Vörutollur.

Þegar er að ræða um tollmál eða skattamál, verður löggjöfin einkum að hafa þetta fyrir augum:

1. *að* tollar þeir og skattar, sem lagðir eru á þjóðina komi áreiðanlega í landssjóð, eins og löggjöfin ætlast til, svo að tekjurnar sjeu tryggar og að siðspilling geti ekki af tolllögunum stafað.
2. *að* eigi kosti það landið of mikið fje, að fá þessa tryggingu fyrir því, að tollarnir komi óskertir í landssjóð.
3. *að* erfiðismunirnir við innheimtuna standi í eðlilegu hlutfalli við upphæð þá, sem á að innheimta og
4. *að* tollar og skattar komi sæmilega rjettlátlega niður, að svo miklu leyti, sem löggjöfin getur viðráðið.

Þessu takmarki vilja allir ná, er við tollmál fást, og þessu takmarki ná að miklu leyti stóru löndin umhverfis oss, sem hafa ráð á því, að hafa örugga tollgæslu á hverjum stað, þar sem skip kemur, sem grannskoðar allan farminn. En þó allir, sem um tollmál tala eða skrifa, vilji ná þessu takmarki, þá eru skoðanir þeirra mjög mismunandi, og hættir mönnum til, þeim sem eigi hafa umgengist almenn viðskifti í landinu, þó lærðir sjeu í öðrum greinum, að byggja skoðanir sínar á slíkum málum á útlendum höfundum, eða við það, sem reynslan hefir sýnt að best á við *í öðrum löndum*, þar sem tollgæslan er fullkomin. Þeim hættir við að gleyma því, *að hjer á landi má telja að engin tollgæsla sje til.*

Það liggur því í augum uppi, *að* Íslendingar verða *að velja sjer þá toll-*

álaga aðferð, sem tryggir best, að tollarnir komi í landssjóð sem minst skertir, þó landið hafi svo sem enga tollgæslu.

Þó alls eigi sje rjett að loka augunum fyrir því, hvað gott þykir annarsstaðar í tollmálum eða öðru, þá verður þó altaf niðurstaðan hjá þeim, sem þekkja kringumstæðurnar hjer, að rannsaka sem grandgæfilegast, hvað best geti átt við *í þessu landi*, er vjer búum á, þegar tekið er tillit til allra kringumstæðna. En þá má auðvitað ekki gleyma því *hvað landið er fáment* í samanburði við *landstærðina*, og hvað efnahagurinn er yfirleitt þröngur, þó afkoman sje eftir öllum vonum.

Beinir skattar.

Þeir sem halda fram beinum sköttum, sem aðallega mundi verða fasteignaskattur, því aðrir beinir skattar mundu verða mjög svo óábyggilegir og kostnaðarsamir, bera einkum tvent fyrir sig.

1. *að* núverandi tollar komi órjettlátlega niður, og
2. *að* þjóðin verði að greiða þá alt að því tvöfalda, með því að kaupmenn leggi svo mikið á tollinn.

Að sjálfsögðu er rjett að hafa það fyrir augum að skattar og tollar komi sem rjettlátast niður, en gæta verður þó að því, að leggja ekki svo mikla áherslu á það, að í bága komi við annað, sem í *fremstu röð* verður að takast til greina, svo sem *að skattarnir komi sem minst skertir í landssjóð, án mikils tilkostnaðar, og að skattalöggjöfin verði ekki orsök til siðspillingar í landinu.*

Og eigi hefir það verið skýrt enn þá, hvernig háir fasteignarskattar geti orðið svo álagðir, án mikils kostnaðar, að þeir komi nokkurnveginn rjettlátlega niður.

Ef tollarnir ættu aðallega að flytjast yfir á fasteignir landsins, þá sjáum vjer ekki aðra leið til þess, *án mikils kostnaðar*, en að leggja skattinn á jarðir og hús og lóðir í kaupstöðum eftir virðingarverði eignanna, *með áhvílandi veðskuldum*, eins og milliþinganefndin 1907 ætlaðist til, og sem margir munu telja frágangssök, eða að *frádregnum veðskuldum*, samkvæmt núgildandi skattalöggjöf, án tillits til efnahags fasteignareigandans að öðru leyti.

Slíkur hár skattur, sem verulega um munaði, hlyti að koma órjettlátlega niður, jafnvel þó síðarnefnda leiðin væri valin, það gerir, meðal annars, hvað matið á fasteignum er nú orðið óábyggilegt á móts við það sem áður var, og að fjöldi af bláfátækum mönnum eiga fasteignirnar aðeins að nafninu til, bæði hús og jarðir. Í því efni hefir Landsbankinn, að sögn skrifara nefndarinnar, fullkomna reynslu, hversu ónákvæm slík möt eru fyrir t. d. veðdeildina, þrátt fyrir skýr lagaákvæði um það, hvernig mat til lántöku í veðdeildinni skuli fara fram. Þessu til skýringar má nefna 2 dæmi af mörgum:

1. Samkvæmt veðdeildarlögunum útnefndi sýslumaður í sýslu einni hjer á landi 2 »óvilhalla« menn til þess að virða eina stóreignina hjer, hreppstjórann og kennara hreppsins, sem alment voru álitnir vera fullkomlega til þess hæfir, að því er vitsmuni snerti. Þeir framkvæmdu virðinguna undir eiðstilboð samkvæmt veðdeildarreglugjörðinni, og var grein sú úr

reglugjörðinni, er virðingarmennirnir áttu að virða eftir, prentuð í sjálfu útnefningarskjalinu, þeim til leiðbeiningar. Þeir virtu svo eignina, að bankastjórnarinnar áliti svo gífurlega hátt, að hún gat ekkert tillit tekið til hennar, enda vildi hreppurinn ekki kaupa hana fyrir þriðjung virðingarverðsins, af því henni þótti þriðjungur virðingarverðsins of hátt verð á eigninni.

2. dæmi:

Maður nokkur í Reykjavík fjekk land til ræktunar á erfðafestuleigu, talsvert fyrir utan bæinn gegn venjulegu eftirgjaldi.

Voru rjettindi þessi bundin því skilyrði, að eigandinn yrði að hafa ræktað þessa spildu að fullu innan ákveðinnar áratölu. Landið var að stærð tæpir 10 hektarar eða um 31 dagslátta.

Leigutakinn vill nú fá lán út á þennan blett, lætur bæjarfógeta útnefna virðingarmenn, *aðra en bankinn notaði*, og virtu þeir þennan blett á 14,400 kr.

Bankastjórnin ljet nú menn, sem þektu vel til jarðabóta, meta og leggja í dagsverk það, sem búið var að vinna við blettinn, og reyndist það tæplega 600 kr. virði.

Og þessi blettur, með eigi meiri mannvirkjum, er svo metinn á 14,400 kr. og geta allir sjeð, hvað mikið er á slíkri virðingu að byggja.

Af þessum dæmum má sjá, að grundvöllurinn fyrir fasteignagjaldinu mundi verða harla óábyggilegur *hjer á landi*, þar sem fámennið er, og hver þekkir annan.

Ef slíkur hár fasteignaskattur yrði lagður á fasteignir landsins, verður og að taka til greina að hann mundi rýra *veðgildi* fasteignanna að miklum mun, sem fátæk alþýða hjer á landi má ekki við, því húsbyggingar t. d. eru gerðar alloftast af vanefnum, og þeir sem byggja hús mega helst engan eyri missa til þess frá atvinnurekstri sínum, og verða því að knýja á bankana til þess að lána sem allra mest af húsverðinu. Öllum almenningi er því nauðsynlegt að geta notað fasteignir sínar *sem veðgildi til þess ítrasta*, og má því ekki við því, *að veðgildið sje rýrt*. En af því leiðir, að þeir skattar eða tollar verða hollari, *eins og hjer á stendur*, sem hvíla á gjaldþolstrausti kaupmanna og því ekki rýra að neinu leyti veðgildi fasteigna einstaklinganna.

Það ætti og að vera mönnum ljóst, að ekki væri með öllu hættulaust að leggja háa beina skatta á fasteignir, sem nú eru veðsettar bönkunum, eða veðdeildinni, því eigi hefir verið tekið tillit til þeirra, þegar lánin, sem á þeim hvíla, voru veitt. Slíkir skattar mundu því alveg raska tryggingu þeirri, sem sett var fyrir bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, er þau voru sett í umferð. Og það gæti haft þau eftirköst að bankavaxtabrjefin fjellu að mun í verði, og verða óseljanleg á útlendum markaði. Þar af leiðir, að slíkir háir skattar mættu alls ekki leggjast á fasteignirnar fyr en jafnóðum og áhvílandi veðdeildarlán að minsta kosti greiddust að töluverðum hluta, en mörg þeirra eru veitt til 40 ára, svo langt væri þess að bíða að lögin mættu koma í framkvæmd.

Þó þessi fasteignaskattaleið, sje ef til vill æskilegri en óbeinir skattar, og að þeir sjeu að ryðja sjer til rúms sumstaðar í öðrum löndum, þá stendur þar alt öðruvísi á en hjer. Í fyrsta lagi eru húsin reist fyrir miklu minna verð erlendis en hjer, sem sýnir sig á því, að húsaleiga t. d. í Reykjavík er nú orðin mun hærri en t. d. í Kaupmannahöfn, og þolir því ekki hækkun,

og svo eru eignirnar þar miklu sjaldnar en hjer eign einstakra fátækra manna, heldur þeirra manna eða fjelaga sem efni hafa, eða lánstraust í ríkum mæli. Og loksins er áhættuminna að byggja skatta á virðingum á fasteignum erlendis en hjer.

Sú staðhæfing manna, að kaupmenn leggi alment alt að því 100% á tollana, er algjörlega röng, og sönnunin fyrir því liggur opin fyrir hverjum manni, er athuga vill auglýsingar kaupmanna á helstu tollvörunum.

Langhæstur tollur af neysluvörum er á sykri miðað við verðmæti. Hann er 15 aura á kilogr. Þrátt fyrir það seldu kaupmenn kandíssykur í Reykjavík í júlí 1914 á 48 aur. kílogr. og hvítasykur í toppum og höggvinn á 46 aur. kílogr. í heilum umbúðum.

Nú var innkaupsverðið á kandíssykri um þessar mundir 28 aurar kilogr. Flutningsgjald, ábyrgð og uppskipun fullir 4 aurar á kilogr. Tollurinn 15 aurar. Þetta er samtals 47 aurar. Þar við bætist svo almennur verslunarkostnaður, vörurýrnun o. s. frv.

Það er því augljóst, að ekki er lagt neitt á tollinn á þessum sykri.

Hvítasykur er venjulega tveimur aurum ódýrari í innkaupi, og því seldur hjer 2 aurum ódýrara kílogr.

Og svona má rekja auglýsingarnar aftur í tímann frá því gömlu tollarnir komust á og samkepnin í verslun hófst, og gildir þessi regla eins um aðrar tollskyldar vörur með gömlu tollunum.

Orsökin til þess, að kaupmenn hafa lagt lítið eða ekkert á tollana, stafar bæði af samkepninni, og því, að þeir hafa fengið lengri eða skemmri gjaldfrest á greiðslu tollanna, og lengstan gjaldfrest þar sem verslunin var afskektari frá samgöngum. Þar sem samgöngur voru greiðar, og mestmegnis er verslað fyrir peninga, þar hafa kaupmenn oft verið búnir að selja vöruna áður en þeir þurftu að borga tollinn, því þeir gátu og pantað vöruna smám saman eftir því sem þörfin krafði. Sama er að segja um vörugjaldið. Það er svo lágt á hverjum hlut, að eigi þykir taka því að leggja neitt á það, enda gjaldfrestur hinn sami, sem á öðrum tollum.

Skrifara nefndarinnar er og persónulega kunnugt um, að ein af stærri verslununum hjer í bænum leggur alls ekki neitt á vörutollinn. Þegar hún selur t. d. vörur í heildsölu, þá reiknar hún heildsöluverðið nákvæmlega eins og hún gerði áður en vörutollurinn komst á, og þegar hún veit um þyngd sendingarinnar bætir hún vörutollinum, án álags, neðan á reikninginn. Aðra beina skatta bygða á framtali, telur nefndin varhugaverða af ýmsum ástæðum, sem oflangt yrði hjer upp að telja.

Þegar nú það er kunnugt, að þjóðinni er yfirleitt illa við háa beina skatta, þá virðist ekki vera nein ástæða til þess, að þröngva þeim upp á hana, þegar þá líka engin vissa er fyrir að þeir taki óbeinu sköttunum fram, eins og hjer hagar til.

»Verðtollurinn«.

Toll þennan hugsa menn sjer að leggja á þannig, að láta hvern þann, sem flytur eitthvað af vörum frá útlöndum, greiða ákveðnar prósentur af

hverjum innkaupareikningi. Eiga innkaupsreikningarnir, ásamt farmskrá, að gilda sem sönnunargögn fyrir því, hvað aðflytst af vörum, og við hvaða verði.

Grundvöllur þessi er mikils til of óábyggilegur, og óhæfilega nærgöngull við verslunarstjettina, sem streitist við að halda verslunarsamböndum sínum og innkaupsverði sínu leyndu. Auk þess veldur þessi tollaálöguleið innheimtumönnum afarmikilli fyrirhöfn, og því tæplega treystandi, að þeir skoði eða láti skoða, alla innkaupareikningana. Og *skoðun* reikninganna er ekki heldur næg, heldur yrðu þeir að *afhendast* tollheimtumanni og fylgja með skilagrein hans fyrir tollinum til hinnar umboðslegu endurskoðunar, eða til landssjóðs. Annars yrði endurskoðunin alveg óábyggileg, og óframkvæmanleg. Vill nefndin svo skýra þetta lítið eitt nánar.

Farmskrá er venjulega svo gerð, að fyrst er sett á hana merki sendingarinnar og stykkjatala, svo viðtakandi geti leitt sig að henni samkvæmt farmskírteini sínu; þar næst nafn þess, er sendir, sem stundum er sá sem selur vöruna, stundum annar, þá nafn viðtakanda, síðan nafn vörunnar t. d. »járnvörur«, »vefnaðarvörur« o. s. frv., og svo loksins þungi sendingarinnar, eða teningsmál. En *verðgildi* vörunnar er ekki nefnt. *Farmskráin veitir því enga sönnun fyrir því.*

Öll sönnunin fyrir verðgildi vörunnar verður því að felast í reikningunum. En þeir eru mjög ljelegt sönnunargagn, ef kaupmaður á annað borð hefir tilhneigingu til að koma sjer hjer hjá tollgreiðslu. Setjum svo, að tveir menn reki verslun í fjelagi, annar sje búsettur á Þýskalandi eða Englandi en hinn í Reykjavík, og að þeir sendi t. d. vefnaðarvörukassa til verslunar sinnar í Reykjavík, sem er 50 kilógr. að þyngd. Kassinn er sendur þeim fjelaganum sem hjer er, ásamt reikningi eða reikningum yfir vöruna í kassanum. Sá fjelaginn sem sendir, getur sent reikning með hinu rjetta verði, og annað með miklu lægra verði, og er sá reikningur svo sýndur tollheimtumanninum, eða afhentur honum.

Þannig getur verslunin skotið sjer undan tollgreiðslu á miklu af tollinum, án þess tollheimtumaður geti neitt um það vitað.

Fjelagarnir geta og skotið sjer undan tollgreiðslu með því, að senda 2 reikninga yfir innihald kassans með *sönnu* verði. Setjum svo, að í þessum kassa sjeu silkivörur tyrir 100 kr. og aðrar vefnaðarvörur fyrir 50 kr., en sem fer mikið meira fyrir. Getur sendandinn þá skrifað sjerstakan reikning yfir silkivörurnar og annan reikning fyrir hinar. En svo er tollheimtumanni að eins afhentur annar reikningurinn t. d. sá lægri, og tollur greiddur af honum. En af hinum reikningnum 100 kr.. er þá enginn tollur greiddur.

Tollheimtumaðurinn getur ekkert við þetta ráðið; hann verður að taka gildan reikning sem hann fær í hendur, því verðmæti vörunnar fer ekki eftir þyngd vörunnar á farmskránni og með þeim hætti getur kaupmaðurinn sjer alveg áhættulaust skotið sjer hjá að greiða svo og svo mikið af tollinum sem honum sýnist.

Svona mætti rekja dæmin áfram, en þetta á að vera nægt til að sýna, að þessi tollálöguleið er ekki fær í landi, sem enga tollgæslu hefir.

Ef ætti að nota hana, yrði tollgæslan að vera svo fullkomin, að hver umbúð væri opnuð, og hvert smástykki í hverri umbúð athugað og borið saman við reikningana. Þess utan þyrftu tollgæslumenn að hafa þekkingu á

að meta hvort verðið á reikningum þeim, er sýndir eru, væru *sannvirði* vörunnar, en sú þekking er tæplega til hjer á landi, því til þess þurfa menn að hafa víðtæka vöruþekkingu, og að vera kunnugir markaðsástandinu á hinum ýmsu tímum, á öllum vörum, er til landsins flytjast.

Það segir sig sjálft, að slíkt, sæmilega *örugt* tolleftirlit hlyti að verða *afardýrt* í svo stóru og strjálbyggðu landi, og aldrei fullkomlega ábyggilegt.

Eitt hið allra skaðlegasta við þetta fyrirkomulag væri það, að það mundi rjúfa hina almennu viðskiftaleynd, sem á að vera heilög fyrir hvern verslandi mann, og sem allar þjóðir viðurkenna, að sje skýlaus eign hvers verslandi manns, svo skýlaus, að því er hegnt sem glæp, að opna annara manna brjef, að koma upp leyndarmálunum sem í því kunna að felast. Og það er ekki betra þó Alþingi heimili það með lögum, því þá er það *rán* á þessum skýlausa rjetti, sem þingið löghelgar, og eru með því opnaðar dyrnar fyrir margvíslegri siðspilling.

Svo þykir það mikilsvert í öðrum siðuðum löndum, að kaupmenn geti haldið viðskiftasamböndum sínum leyndum, og innkaupakjörum, að það varðar við lög að ljóstra því upp. T. d. er á Þýskalandi lögð hegning við, ef þjónn segir keppinaut húsbónda síns frá um innkaupalindir hans eða annað, sem húsbóndinn getur beðið skaða af. Og í sömu sökinni er sá, sem tælir þjóninn til þess að segja frá því, sem leynt á að vera.

Tollaga fyrirkomulag þetta ætti allra síst við á Íslandi og væri sennilega hvergi framkvæmanlegt. En þrátt fyrir það gengur þeim, sem stungið hafa upp á þessu tollfyrirkomulagi, auðvitað ekki nema gott til. Þeir hafa sem sje hugsað sjer, að með því móti gætu þeir náð því, sem aðrar þjóðir ná með öruggri tollgæslu, *að láta tollinn koma sem rjettlátast niður.* Þeir einblína svo á þennan eina kost, sem í rauninni er minna um vert, frá almennu sjónarmiði, að þeir gleyma því, sem mesta áhersluna ber að leggja á.

Og svo taka þeir ekki eftir því, að jafnvel þó hægt væri að fara þessa tollaga leið, *þá ráða þeir ekki yfir því*, að tollurinn komi svo jafnt niður, eins og þeir ætlast til, heldur *kaupmennirnir*, sem selja vöruna. Þó *þeir* greiði jafnan toll af öllum vörum, er þeir flytja að t. d. 3%, þá geta þeir hæglega ljett þessum tolli alveg af tilteknum vörum, og lagt hann á aðrar vörur, er þeir versla með. Og þann flutning tollsins af einni vöru á aðra, mundi samkeppnin fljótt skapa.

Þessum *aðaltilgangi* »verðtollsins«, að láta tollinn koma rjettlátlega niður, yrði því alls eigi náð, er til framkvæmdanna kæmi, eins og dæmið af sykurverðinu hjer að framan sýnir.

Vörutollurinn.

Nefndin vill þá að lokum minnast á vörutollinn. Hann er lagður á allflestar vörur eftir þunga, lítið á hverja en langmest á vefnaðarvörur og glysvarning miðað við þunga.

Þessi leið er gagnstæð hinni gömlu tollálöguleið, að leggja háan toll á fáar vörugreinir að enskum sið, svo sem kaffi, sykur og tóbak. Þessir gömlu háu tollar greiddust undanbragða lítið, á meðan verslunarsambandið var ná-

lega eingöngu við Kaupmannahöfn, sem hafði sterkar gætur á hvað fluttist til Íslands. En sú breyting er nú á orðin, að menn af ýmsum þjóðflokkum versla hjer, og þykir sumum hverjum af þeim jafnvel frami í því, að skjóta sjer undan tollgreiðslu í landssjóð. Þeir eiga og mun hægara með það en áður, þar sem vörurnar eru nú að minna leytinu keyptar í Danmörku, heldur í öðrum löndum.

Það er líka reynsla fyrir því, að allmikið hefir borið á undandrætti af tóbaks- og vindlatolli t. d. í Reykjavík. Það hefðu því verið vandfundnar vörugreinar, aðrar en *kornvörur,* sem hægt væri að leggja á háan toll, sem áreiðanlega kæmi svikalaust í landssjóð, þrátt fyrir eftirlitsleysið.

En kornvörutollur mundi hafa komið mjög órjettlátlega niður, ef verulega um hann munaði, því þá vöru verða fátæklingar að kaupa í álíka mæli og sá ríki. Og þó útflutningstollur vor sje allra tolla bestur, — ef hann er lagður rjettlátlega á alla þjóðina, en ekki einstaka stjett, eins og nú er gert — þar sem lítið er fyrir honum haft, og að hann kemur undandráttarlaust í landssjóð, þrátt fyrir tollgæsluleysið, þá þótti ekki tiltækilegt að leggja það til, að lagður yrði svo hár nýr útflutningstollur á innlendar afurðir, sem vínfangatollinum næmi, en í stað hans kom vörutollurinn. Það var líka um þær mundir, er vörutollslögin komust á, búið að hrópa svo mikið um órjettlæti útflutningstollsins, að engin þjóð legði slíkan toll á nema vjer, það væri eitt skrælingja markið á oss o. s. frv.

Þó engin af þessum ummælum væri á neinum rökum bygð, voru þau þó nóg til þess, að vekja óhug manna á almennum útflutningstolli, þegar enginn andmælti.

Þeim heiður, sem innleiddu þessa útflutningstollshugmynd, því þeir hafa þó skilið, að eigi var nóg að semja tolllög og leggja tollinn á, í *tollgæslulausu landi,* heldur þyrfti líka að tryggja það, að tollurinn kæmi undandráttarlaust í landssjóð.

Það á að vera öllum ljóst, að í tollmálum getum vjer eigi farið eins að og aðrar þjóðir, sem hafa öfluga tollgæslu. Þess vegna þurfti að finna álíka örugga leið til þess að ná skilvíslega tolli af útlendum vörum, eins og vjer nú náum af útfluttum vörum. Og leiðin gat ekki verið nema ein, *að leggja toll á aðfluttu vörurnar eftir þunga, með umbúðum,* en skifta þeim í nokkra flokka, með mismunandi tollálagi, svo tollurinn kæmi nokkurn veginn rjettlátlega niður á pappírnum að minsta kosti.

Með því eina móti var hægt að ná tollinum án verulegs undandráttar í landssjóð, *án sjerstakrar* tollgæslu, og án of mikilla erfiðismuna fyrir tollheimtumenn.

Þess vegna urðu lögin um vörutoll að lögum 1912.

Grundvöllurinn undir vörutollslögunum er þetta:

1. *að* leggja toll á hverja vöru eftir þunga (eða teningsmáli) *með umbúðum.*
2. *að* leggja tollinn á vöruna *eins og hún er nefnd* á farmskrá (Manifest) skipsins, er flytur vöruna að, svo innheimtumenn þurfi enga vöru að rannsaka.
3. *að* vörutegundirnar eru greindar í flokka eftir verðmæti, með mismunandi tollgjaldi á hverjum vöruflokki, svo gjaldið leggist sem jafnast á verðmætið.

Þó er tiltölulega lagt lang minst gjald á kornvörur.
Á nokkrar vörutegundir er ekkert gjald lagt.

4. *að hafa tollgjaldsmuninn á milli flokka svo lítinn, að eigi borgi sig að búa um vöru, sem þyngri tollur er á, með vörum sem lægri tollur er á lagður.*
5. *að* skifta vörunum þannig í flokka, að óhægt sje að hafa vörur eins flokks í samskonar umbúðum og vörur einhvers annars flokks.

Alls þessa mun hafa verið gætt eftir föngum, er frumvarpið til þessara laga var samið, og er því auðsætt, að fullkomna verslunarþekkingu þarf til þess að semja slík lög, ef vel á að fara, og að það er ekki meðfæri þings eða þingnefndar, sem hafa mjög takmarkaðan tíma og takmarkaða þekkingu á þeim málum, að grauta í slíkum lögum.

Ef þeim grundvelli, er nú var getið, er ekki raskað, þá má með vörutollslögunum ná því takmarki, er hjer að framan greinir:

að tollurinn komi áreiðanlega í landssjóð eins og lögin ætlast til, og að tollsvik sjeu hjer um bil alveg fyrirbyggð.
að tryggingin fyrir því kemur alveg af sjálfu sjer,
að innheimta tollsins er ekki fyrirhafnarmikil nje kostnaðarsöm og
að tollurinn getur komið rjettlátlega niður.

Álag tollsins og innheimta, er bygð á *farmskrá* hvers skips. Það er nákvæm skrá yfir allan farminn með merkjum, nöfnum og þunga varanna o. s. frv., og er sú skrá um allan heim talin nægilega trygg sönnun fyrir vörumagninu, sem sent er með skipum, einkum ef sú skrá er vottuð af viðkomandi yfirvaldinu eða konsúl á fermingarstaðnum, en svo er áskilið í vörutollslögunum, að farmskráin sje staðfest á þann hátt. Hinsvegar felst tryggingin fyrir því, að vörur sjeu settar á farmskrána með sínum rjettu nöfnum, meðal annars á því, að svo lítill munur er á vörugjaldinu á vöruflokkunum, þeim vörum, sem hægt er að búa um í sömu umbúðum, að það getur aldrei borgað sig, að koma sjer undan tollgreiðslu með því að skifta um umbúðir.

Hver þjóð, sem flytur vörur til annara landa, telur sjer skylt að sjá um, að farmskráin sje sem rjettust, og að hjálpa tollgæslu móttökulandsins til þess, að heimta rjettilega toll af vörunum. Það greiðir svo mikið fyrir viðskiftum landanna. Auk þess eru ýmsar aðrar ástæður, sem tryggja það, að farmskráin sje rjett, svo sem, að eftir henni er flutningsgjaldið reiknað, sem ter eftir tegund vörunnar og þunga, eða teningsmáli, hagfræðisskýrslur landsins er sendir, styðjast við farmskrána. Tolllögin heimta það og, að farmskráin sje rjett, þar sem tollur er endurgoldinn af útfluttum vörum. Ábyrgðarfjelögin þurfa þess og við o. s. frv.

Farmskrá með skipum yfir allan farminn er fara til Íslands er tvírituð. Heldur skipstjóri öðru samritinu, hitt er sent frá fyrstu höfn hjer, er skipið hafnar sig á, beint til Stjórnarráðsins. Þriðja eintakið, sem skipinu fylgir, eru *útdrættir* úr aðal farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hinar einstöku hafnir, og eru þessir útdrættir afhentir tollheimtumönnum á hverri höfn, sem svo eiga að fylgja tollreikningunum frá hverjum sýslumanni.

Og þar sem Stjórnarráðið fær farmskrá yfir *allan farm*, hvers skips beina leið, getur það rannsakað hvort tollheimtumennirnir skila öllum útdráttunum úr farmskránni, og öllum tollinum.

Með þessu móti er fengin sterk trygging fyrir því, að allur vörutollurinn komi skilvíslega í landssjóð, *án sjerstakrar tollgæslu*, og engin líkindi til að tryggingin væri betri, þó sett væri hjer á stofn afardýr tollgæsla, eins og gerist í öðrum löndum. En öll aðal tryggingin fyrir því að vörutollurinn komi skilvíslega í landssjóð, án sjerstakrar tollgæslu felst í því,

að vörutegundunum sje skipað í flokka af þekkingu og

að sem minstur munur sje gerður á vörutollinum á þeim vöruflokkum eða vörum, sem fyrirhafnarlítið er að setja í aðrar umbúðir en venja er til, eða að búa um þær með öðrum vörum.

Af þessu sem að framan er sagt, er augljóst, að ekkert tollfyrirkomulag, sem enn er þekt hjer á landi, er jafn ábyggilegt og kostnaðarlítið í samanburði við tryggínguna, sem það veitir fyrir því, að tollarnir komi skilvíslega í landssjóð, eins og *útflutningstollur* og *vörutollur*.

Samkvæmt því sem að framan er sagt um verðtoll, leggur nefndin til að frumvarpið um verðtoll verði felt.

Neðri deild Alþingis 30. júlí 1915.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögum.

Samþykkir niðurstöðunni, en ósamþykkir ýmsum atriðum í nefndarálitinu.

Einar Jónsson, formaður. Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Björn Hallsson.

Með skírskotun til sjerstaks álits.

Matth. Ólafsson.

Nd. 168. LÖG

um ógilding viðskiftabrjefa og annara skjala með dómi.

(Afgreidd frá Nd. 31. júlí).

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabrjef og önnur viðskiftabrjef, svo og viðtökuskírteini, vátryggingarskírteini og önnur heimildarbrjef, ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt brjef, og er brjefið þá marklaust, en dómhafi hefir lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði brjefið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabrjef með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, þar sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur eða fyrir aukarjett í þeirri þinghá, innan þess lögsagnarumdæmis, er beiðandi stefnu á heima í, þar sem hjeraðsdómari er búsettur. Ef um þau brjef er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskírteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörurnar.

3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess manns eða þeirra manna, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

4. gr.

Innköllunarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt og sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal lýsa skjalinu svo skýrt, að ekki verði um vilst.

5. gr.

Dómurinn ákveður því næst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, er kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda fyllri skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá líða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sínu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar.

Í stefnunni skal brjefinu lýst svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá maður eða þeir menn, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag, stað og stund, dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mót-

mæli gegn ógildingu, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins áfrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógildingu fyrir hjeraðsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að skilyrði fyrir ógilding voru ekki fyrir hendi.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabrjef tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Ákvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vörum samkvæmt farmskírteini, standa óhögguð. Sömuleiðis 74. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóv. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1°, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanförnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabrjef Íslandsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabrjef lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr., 2. og 3. mgr. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbrjef er veitt til fyrir þann dag.

Nd. **169. LÖG**

um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 31. júlí).

1. gr.

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og

standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Árið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

4. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

6. gr.

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir..

7. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt í 22. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (6.

grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **170. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um harðindatryggingu búfjár.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Þó frv. þetta sje samið af ágætismanni og nauðakunnugum öllum högum og hagsmunum alþýðu, þá virðist oss það að ýmsu leyti varhugavert.

Hvað aðalstefnu frv. snertir, að byggja alla forðagæslu og fjártryggingu á frjálsum samþyktum bænda, þá teljum vjer það vafasamt mjög, að slík lög kæmu að tilætluðum notum, jafnvel þó menn væru sendir um land alt til þess að skýra málið og hvetja menn til þess að gera samþyktir. Betur lýst oss á að allir hreppar væru skyldaðir til að gera samþyktir, en væri að miklu leyti í sjálfsvald sett, hvernig samþyktin væri.

Með frv. er ætlast til að gera gagngerða breytingu, eigi að eins á forðagæslulögunum heldur einnig á bjargráðasjóðslögunum. Nú er það ætlun vor, að allur almenningur sje nokkurn veginn ánægður með bjargráðasjóðslögin, að öðru leyti en því, að margir óska þess að inneign hvers hrepps í bjargráðasjóði sje sjereign hans. Auk þess sjáum vjer ekki að ákvæði frv. þessa um fjártryggingarsjóð Íslands sjeu til verulegra bóta. Að miða gjaldið við jarðarhundrað verður tæpast hentugra eða rjettlátara en að miða það við fólksfjölda, og hið fyrirhugaða skipulag fjártryggingarsjóðsins er naumast heppilegra en bjargráðasjóðsins nú. Vjer teljum því rjett að breyta ekki bjargráðasjóðslögunum að svo stöddu.

Þá eru ákvæði frv. viðvíkjandi forðagæslu og fóðurbirgðum. Það teljum vjer hiklaust rjett, að *leggja alla áherslu á að bændur safni fyrningum*, því þau forðabúr munu reynast oss hentust og duga drýgst, en helst til langt farið að krefjast þess, að þær sjeu svo auknar að nemi fóðri handa öllum fjenaði í meðalvetri. Að gera fóðurforðabúr að skyldu teljum vjer miður heppi-

legt, því þó þau kunni að vera gott úrræði í sumum sveitum, þá mun eigi svo vera í öllum. Að voru áliti er löggjöf vor um forðabúr allhentug og ætti að nægja.

Hvað forðagæslumenn, skoðanir og skýrsluhöld snertir er frv. þetta svipað núgildandi lögum, en þó öllu margbrotnara. Þetta teljum vjer ekki til bóta. Forðagæslumennirnir og starf þeirra hefir mætt allmiklum andróðri, en vjer getum ekki sjeð, að komist verði af án þeirra, ef nokkurt eftirlit skal hafa með fóðurforða bænda, enda hefir höf. frv. þar verið á sama máli. Þá þykir oss athugavert að eftir frv. eykst kostnaður við fjártrygginguna að miklum mun og að líkindum fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í II. fylgiskjali.

Vjer látum oss nægja að benda á þessi fáu atriði. Vjer teljum rangt að samþykkja frv. á þessu þingi. Höfundur þess hafði leitað álits bænda á því víðsvegar um land, en vjer höfum eigi sjeð fleiri svör en úr 14 hreppum og eru 7 þeirra hlyntir frv., en 7 mótfallnir því. Nú er það svo að nokkur óánægja er í ýmsum hjeruðum með forðagæslulögin, og þætti oss því rjett að stjórnin leitaði umsagnar allra hreppsnefnda um forðagæslumálið á næsta sumri, athugaði álit þeirra og tillögur og legði síðan málið fyrir næsta þing, ef henni þætti þá ástæða til.

Alþingi 30. júlí 1915.

Stefán Stefánsson Eyf., formaður.	Guðm. Hannesson, skrifari.
Björn Hallsson.	Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **171. Tillaga**

til þingsályktunar um forðagæslumálið.

Frá meiri hluta Landbúnaðnefndar.

Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina að leita á næsta vori álits og umsagnar allra hreppsnefnda landsins um forðagæslumálið, hversu því verði komið í sem best horf, og undirbúa það síðan undir næsta þing, ef ástæða þykir til.

Nd. **172. Þingsályktun**

um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir fasteignum á Íslandi.

(Samþykt í Nd. 31. júlí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta Alþing frumvarp um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir jörðum, jarðarítökum og veiðiám á Íslandi.

Nd. **173. Nefndarálit**

um frv. til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.

Frumv. þetta lagði stjórnin fyrir háttv. Ed.; var það samhljóða bráðabirgðalögum 19. júní þ. á. Háttv. Ed. samþykti frv. stjórnarinnar með lítilsháttar breytingu við 2. gr. Nefndin leggur til að 2. gr. frv. verði feld burt, með því að hún væntir þess að heimild fyrir stjórnina til útflutningsbanns á *erlendri* nauðsynjavöru, verði gefin í öðrum lögum, sem liggja fyrir þinginu. Frumvarpið nær þá eingöngu til útflutningsbanns á vörum, sem fluttar eru til landsins frá Bretlandseyjum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykt þannig breytt.

BREYTINGARTILLAGA:

2. gr. frv. falli burt.

Neðri deild Alþingis, 31. júlí 1915

H. Hafstein. Sveinn Björnsson. Þorleifur Jónsson.

Benedikt Sveinsson. Jón Magnússon.

Nd. **174. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. grein orðist þannig:

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir hið almenna stýrimannspróf, fiskiskipstjórapróf og próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið forstöðumann með 2000 króna árslaunum auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita, og einn aukakennara með 1200 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður greiðist úr landssjóði.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Til fiskiskipstjóraprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, segulhalla (inklination) og afhvarfi (deviation) og hvernig það verður fundið, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólunni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hve nær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hve nær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að geta samið grein á íslensku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
18. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 150 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku og geta talað um hversdags-efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
19. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
20. að þekkja hin helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra;
21. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Til hins almenna stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til fiskiskipstjóraprófsins og ennfremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. þekking á áhrifum þeim, sem segulafl hefir á áttavitann, er skipið hallast, og að geta fundið afhvarfið (deviationina), er áttavitinn þá hefir; þekking á notkun afhvarfsmælisins (deflektorsins) við afhvarfs- (deviations) rannsókn;
4. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og kunna að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug;
5. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
6. að kunna að ákveða stað skipsins með staðarlínum bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
7. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Hver sá, sem staðist hefur fiskiskipstjóravapróf eða hið almenna stýrimannspróf samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem Stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

Ed. **175. Breytingartillögur**

við frv til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum,

Frá Karli Einarssyni.

1. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist:
og vjelbátum.

2. við 18. gr.
Í stað orðanna »á skipi með alt að 900 hestafla vjel« komi;
Þó skal það tekið fram berum orðum í skírteini því, er hann fær samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari undanþágu heimild.

Nd. **176. Álit**

um frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 50, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 31, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frumv. þetta. Meiri hlutinn telur stefnu þess andviga anda og tilgangi þjóðjarðasölulaganna og getur því ekki fallist á það.

Ástæður fyrir þessu áliti voru, eru meðal annars þessar:

1. Vjer álítum rjett að selja allar þjóðjarðir og kirkjujarðir, nema að því leyti sem áðurnefnd lög mæla öðru vísi fyrir.
2. Sala slíkra jarða styður verulega að ræktun landsins, bættum húsakynnum bændastjettarinnar og gerir menn áræðnari og þolnari við landbúskap.
3. Frestur sá, sem frumv. þetta gerir ráð fyrir, teljum vjer fyrsta sporið í þá átt, að afnema alveg lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða en það verðum vjer að telja mjög varhugavert.

Minni hluti nefndarinnar viðurkennir, »að sjálfsábúð hafi hvervetna reynst vel í flestum greinum«, en hallast þó að erfðaábúð, sem er þó lítt reynd hjer á landi, og sem vjer verðum að álíta að hafi ekki sambærilega kosti að bjóða á móti sjálfsábúð. Maður, sem hefir jörð að erfðaábúð þarf að greiða árlegt gjald í landssjóð, en þess þarf sjálfseignarbóndi ekki, nema á meðan hann er að borga jörðina, hafi hann keypt hana.

Minni hlutinn heldur því enn fremur fram, að erfðaábúð tryggi betur en sjálfsábúð, að afkomendur ábúenda haldi áfram búskap á jörðunum. Þetta getum vjer ekki viðurkent, því að ekki mun sjálfseignarjörðin ábúendum síður kær en erfðafestujörðin, enda færir minni hlutinn litlar sannanir fyrir þessari skoðun sinni. Vjer viljum líka taka það fram, að ekki er líklegt, að

afkomendur sjálfseignarbænda sjeu ólíklegri til framhaldsábúðar á jörðum feðra þeirra, en afkomendur erfðafestubænda, eða að þeir sjeu að nokkru leyti ólíklegri til þess að feta vel í fótspor þeirra, að því er snertir dugnað eða rækt við jarðirnar.

Minni hlutinn segir að þeir sem kaupa ábýli sín, festi svo mikið fje, »að veltufje og efni til allra búskaparframfara verði að því skapi rýrari«. En þegar þess er nú gætt, að að eins $^1/_{10}$ hluti jarðarverðsins er greiddur þegar kaupin fara fram, og að árlegar greiðslur (vextir og afb.) samsvara í flestum tilfellum eftirgjaldsupphæðinni eða litlu meira, þá verður ekki sjeð að við kaupin festist mikið fje kaupanda, eða að þau standi honum fyrir þrifum efnalega.

Hvað viðvíkur fjölgun býla, þá virðist 2. gr. þjóðjarðasölulaganna vera þar nægilega tryggur vörður. Sýslunefndum verður að treysta til þess, að gæta þeirrar skyldu sinnar, að mæla ekki með sölu þeirra jarða, sem líklegar eru til sundurskiftingar.

Minni hlutinn segir, að jarða- og húsabætur með erfðafestu rjetti, sje eign ábúanda og skuli greiðast honum eftir sanngjörnu mati, þegar hann fer frá jörðinni, en þó skuli ekki hærra metið »en svo, að svari því afgjaldi, sem jörðina mætti leigja fyrir«. Þetta finnst okkur afar ósanngjarnt, því að það er augljóst eftir þesssari kenningu, að því meira, sem búandinn hefir lagt í kostnað á jörðinni, því meira á hann á hættu þegar hann fer frá henni. Þetta er meðal annars verulegur ókostur erfðafestuábúðarinnar.

Að endingu má benda á það, að stundum hefir innheimtu jarðarafgjalda og umsjón með jörðunum, frá hálfu umboðsmanna landssjóðs, verið verulega ábótavant, auk þess, sem því fylgir talsverður kostnaður, sem landssjóður væri að mestu laus við, ef jarðir hans væru flestar seldar ábúendum.

Að öllu þessu athuguðu, verðum við að ráða háttvirtri deild til að fella þetta frv.

Alþingi 31. júlí 1915.

Stefán Stefánsson, formaður.	Björn Hallsson, framsögumaður.
Jóhann Eyjólfsson.	Hjörtur Snorrason.

Samþykkur um niðurstöðuna, en ósamþykkur ýmsu í ástæðunum.

Bjarni Jónsson,
frá Vogi.

Nd. **177. Ágreiningsálit**

um frv. til laga um verðtoll.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Jeg er ósamþykkur öllum hinum nefndarmönnunum um niðurstöðuna í þessu máli, og sumum þeirra um tollmál yfir höfuð.

Landsbúið verður að leggja mikið í kostnað, meðal annars fyrir þá sök, að hjer eru engir sjóðir, sem stofnaðir sjeu til styrktar sjerstökum framkvæmdum. Landsjóður verður því að hlaupa alstaðar undir bagga. Það er því augljóst, að menn verða að sjá búi þjóðarinnar fyrir tekjum. Eru og allir á eitt sáttir um það, en þá skilur, er velja skal um leiðirnar.

Jeg tel það ekkert efamál, að rjettlátast væri að gera öllum landslýð útsvar eftir efnum og ástæðum. En tvær höfuðástæður eru til þess, að sú aðferð verður eigi höfð. Hin fyrri sú, að niðurjöfnun mundi reynast ókleif og eigi svo rjettlát á borði sem í orði. Hin síðari er sú, að alþjóð manna er þessari aðferð svo fráhverf, að það er frágangssök, að afla landsjóði tekna með þessum hætti.

Einu tekjulindirnar verða því skattar og tollar.

Háttvirtir samnefndarmenn hafa ritað langt mál um þessar tekjulindir og flokka þær svo:

1. Beinir skattar.
2. »Verðtollurinn«.
3. Vörutollurinn.

Jeg mun nú halda sömu flokkaskiftingu og víkja nokkrum orðum að hverjum flokki fyrir sig.

Þess vil jeg þó láta getið áður, að eg hygg það eigi rjett sagt, að hjer sje um þrjár stefnur að ræða. Mjer hefur skilist, að hjer væri eigi nema tvær stefnur: 1. beinir skattar og *vörutollur*, auk tolla á sjerstökum vörutegundum, og 2. beinir skattar og *verðtollur*, auk tolla á sjerstökum vörutegundum. Menn hefir með öðrum orðum aðeins greint á um það, hvort fylla skyldi skarð áfengistollsins með *vörutolli* eða *verðtolli*.

Beinir skattar.

Á þgsk. 167 er langt mál um það, hver ógjörningur það væri, »ef tollarnir ætti aðallega að flytjast yfir á fasteignir landsins«. Jeg læt mjer óviðkomandi, að athuga þær röksemdir. Því að jeg hefi eigi haldið því fram. Slíkt yrði að minni hyggju eigi gerandi, nema á þann hátt einan, að landið, íslenska ríkið, ætti sjálft allar jarðeignirnar. Þá gæti eftirgjaldið orðið aðaltekjugrein, en tollar horfið.

Ef byggilegt land á Íslandi væri metið nærri sanni, þá mundi það vera 100,000,000 kr. virði. Væri nú þetta land ríkiseign og selt á leigu við það hóf, sem nú er, hjer um bil 4% af matsverði jarðarinnar, þá hefði landsjóður 4,000,000 kr. í tekjur af jarðeign sinni Að sjálfsögðu færi nokkuð í kostnað af

þessu eftirgjaldi, en hins ber og að gæta, að tekjuskattur og húsaskattur og eignaskattur mundi þá draga langt til þess að fylla þörf landsjóðs. Mundi þá lítt þurfa tolla við.

Væri nú jarðeign svo háttað, sem nú var sagt, þá mundi þó verða að gera gagnólík ábúðarlög þeim, sem nú eru, ef vel ætti að fara. Landsetar landsins yrði að hafa erfðafestuábúð á bletti sínum og eiga auk þess sjálfir mannvirki sín og endurbætur á honum, og gengi það að erfðum og væri keypt af mönnum til landseignar, ef þeir mætti eigi lengur sitja blettinn. Verður hjer eigi lýst nánar þeim leigukjörum, sem til þarf, til þess: 1. *að leiguliðum verði ábúðin jafn-hagfeld sem sjálfsábúð*, 2. *hvötin til jarðabóta jafn-sterk sem hjá sjálfseignarbændum, og* 3. *að ríkið fái meginið af tekjum sínum í eftirgjaldi eftir jarðeignir sínar.*

Með þessum hætti hyggja sumir menn, að takast mætti að losna við tolla. Og telja þeir það æskilegt fyrir þá sök, að allir tollar koma illa niður. Enginn veit, hvar óskytja ör geigar. Hinu munu fáir halda fram, að gerandi sje að fella niður tolla og láta fasteignaskatt koma í staðinn, meðan svo er háttað jarðeign og ábúð sem nú er. Það mundi blátt áfram leiða til þess, að leiguliðar yrðu að gjalda tvöfalt eftir: landsjóði og jarðeiganda. Mundi því ógjörningur að leggja svo háan skatt á fasteignir, að komist yrði hjá tollum. Þó má vel vera, að hækka mætti fasteignaskatt nokkuð úr því, sem nú er, en af því mundi ekki leiða neitt af þeim voða, sem talinn er í nefndarálitinu á þgskj. 167. En þá þarf tolla.

En hugsum oss nú, að þessi tollanefnd legði það til við Alþingi, að breyta stefnu í það horf, sem getið var hjer að framan, að láta tolla hverfa og eftirgjald af jörð koma í staðinn, og hugsum oss, að þingið fjellist á það. En vjer mundum þó eftir sem áður verða að leita landsjóði tekna með tollum. Því að langur tími mundi líða, þangað til íslenska ríkið hefði eignast allar jarðir á landinu. Mig rekur því enginn nauður til að rekja þetta mál lengur að sinni.

Þá kem jeg að deiluefninu, sem er: Hvort er nú rjettara að auka tekjur landsjóðs með vörutolli eða verðtolli?

Vörutollur og verðtollur.

Vörutollur er lagður á, eftir þyngd, og er það eitt nægilegt, til þess að að hverjum manni sje það í augum uppi, að hann er lagður á í blindni. Þegar mál þetta var á ferðinni í þessari deild 1912, var samin skýrsla um það, hvernig verðtollur og vörutollur koma niður, sjá Alþt. 1912 A., bls. 322, þingskjal 202. Þar má sjá, að eftir vörutollslögunum, sem þá voru og á ferðinni, átti að gjalda 2 kr. í toll af krít fyrir 3.40 kr., en eftir verðtollslögunum 10 aura; af leirvörum fyrir 90 kr. átti að gjalda 24 kr. í vörutoll, en 2.70 kr. í verðtoll; af sóda fyrir 4.50 kr. 2 kr. í vörutoll, en $13^1/_2$ eyri verðtoll; af jarðeplatunnu fyrir 5 kr. átti að gjalda 2 kr. í vörutoll, en 15 aura í verðtoll; af einni smálest af kolum, venjul. á 8 kr., átti að gjalda 1 kr. í vörutoll, en 24 aura í verðtoll. Taflan sýnir og að verðtollur 3% kemur lítið þyngra niður á kornvörum, en hinn, og miklu ljettar á smjörlíki og fínni brauðtegundum. Þetta nægir til þess að sýna,

hver blindingsleikur slík löggjöf er. Raunar á að draga úr þessu með flokkuninni, en hversu vel það tekst má sjá, ef menn vilja bera saman toll af silki og ódýrri vefnaði, á gulli og gimsteinum annars vegar og grænsápu hins vegar. Mun þá hverjum manni verða það auðsætt, að flokkunin dregur nauðalítið úr blindni tolltekjunnar, en ónýtir hins vegar trygging þá, gegn tollsvikum, er í því mundi liggja, að flokkunin væri eigi.

Einkennilegt má það heita, er menn telja tollsvik vera torveld eftir vörutollslögunum, þar sem hverjum manni hlýtur að vera það auðskilið, að enginn hlutur er auðveldari, en að senda vörur undir lognu nafni, eða með öðrum orðum, að haga umbúðum svo, að varan komi í ódýrri flokk, en vera ber. Er það t. d. alkunna, að glysvarning senda sumir undir nafninu »grove Jærnvarer«, en miklu fleira mun þó af þessu leikið, en menn grunar. Kaupmenn hjer geta auðvitað beðið erlenda viðskiftamenn sína að senda sjer vörur í tilteknum umbúðum, og gera útlendingarnir það, án þess að þeir viti, í hverju skyni það er gert, og geta því haldið fullkomnum heiðarleglеik sínum, en kaupreikninga munu heiðarlegir menn eigi fást til að falsa.

Hjer er í stuttu máli sýnt, að grundvöllurinn undir vörutollslögunum er ekki annað en sandur, og rennur hann út á milli fingra löggjafans, ef hann tekur til og vill reyna tryggleik hans. Höf. margnefnds álits telur hann fimmfaldan, en allir þættirnir eru ónýtir.

1. *Að* hafa þunga vörunnar fyrir tollgrundvöll, stríðir á móti heilbrigðri skynsemi.
2. *Nafn* vörunnar á farmskrá, er engin trygging, og langtum lakari en kaupreikningur.
3. Það er rangt að flokkaskiftingin sje bygð á *verðmæti*, hún er bygð á *umbúðum*, sbr. 5. lið hjá höf. álitsins.
4. Munurinn á flokkunum er nægur til þess, að vel borgar sig að villa um flokka
5. Tilraunin »að óhægt sje að hafa vörur eins flokks í samskonar umbúðum og vörur einhvers annars flokks« hefir mistekist og hlaut að mistakast.

Jeg ber ætíð virðing fyrir þekkingunni. Þar sem því höf. álitsins segist hafa fullkomna verslunar-þekking og hennar þurfi við til þess, að semja slík lög, þá þóttist jeg varbúinn við, að deila um þessi efni við hann. En nú taldi jeg víst, að fleiri hefði all-góða verslunar-þekking, þótt ekki viti jeg, hvort hún er fullkomin. Fór jeg því til kaupmanna, sem taldir eru vel að sjer og hygnir menn, og bar þetta mál undir þá. Voru þeir mjer yfir höfuð samdóma um samanburðinn á þessum tvennum toll-lögum, og töldu fyrir mjer ýms dæmi þess, hvernig mætti villa vöruflokka, t. d. flytja silki með nótagarni, glysvarning undir járnvörunafni o. s. frv. Farmskráin er eigi tryggur grundvöllur, að þeirra dómi, því að þeir skoða eigi hvort rjett sje til innihalds sagt, er farmskrána rita, og eigi heldur yfirvald eða ræðismaður á fermingarstaðnum. Geta þeir því enga ábyrgð borið á því, að eigi sje vilt um flokka eða nöfn á vöru-sendingunni. En þar með er þá höfuðkosti vörutollsins, sem ritari nefndarinnar telur, snúið í villu. Hitt telja fyr greindir kaupmenn langtum tryggari grundvöll, að byggja á kaupreikningi, því að bæði er skjalafals svo illa þokkað brot, að menn fremja það alls eigi eða þá eigi nema til mikils sje að vinna, og auk þess margfalt hættulegra, ef upp kemst, en einföld tollsvik. Það töldu þeir og víst, að erlendir menn mundu eigi þora að senda lægri kaupreikning en vera bæri, þótt ekki væri af öðru en skynsamlegum ótta við, að þeir fengi þá aldrei hið rjetta verð af viðtakanda.

Eftir þessu er þá sannað, að verðtollurinn er rjettlátlegri, handhægari og vísari í hendi. Svo jeg fari að dæmi háttv. mótstöðumanns, míns tel jeg hjer yfirburði verðtollsins yfir vörutollinn í nokkrum liðum:

1. Grundvöllurinn er dýrleiki vörunnar, og verðtollur er því miklu nær því en hinn að koma niður eftir efnum og ástæðum. Þessi grundvöllur er því í samræmi við heilbrigða skynsemi.
2. Tollurinn er lagður á eftir kaupreikningi og þarf því engar vörur að rannsaka, en miklu meiri trygging að rjett sje sagt til verðs en vörunafns.
3. Að ekki þarf að flokka, og þótt misjafnt % gjald væri lagt á, þá getur innheimtumaður talið sjálfur saman hina ýmsu gjaldgjafa við skrifborðið sitt.
4. Tollurinn er svo lágur, að engum mun þykja borga sig að leggja brjeffalshættu á mannorð sitt til þess að komast undan honum.
5. Tollurinn kemur með skilum í landssjóð, með lítilli fyrirhöfn og litlum kostnaði, því að tollsvik verða engin þar sem svo mikið liggur við, nl., að sá sem falsar reikninga, missir alla tiltrú, jafnvel þótt hann stýri undan refsingu og um þenna toll er það akkert öfugmæli, að hann geti komið rjettlátlega niður.

Ályktunarorðin tek jeg úr áliti nefndarritarans: »Af þessu, sem að framan er sagt, er augljóst, að ekkert tollfyrirkomulag, sem enn er þekt hjer á landi, er jafn ábyggilegt og kostnaðarlítið í samanburði við tryggínguna sem það veitir fyrir því, að tollarnir komi skilvíslega í landssjóð eins og« verðtollur.

Tillaga mín er því að verðtollsfrv. verði samþykt með þeim breytingum, ei jeg mun bera fram á sjerstöku þingskjali.

»Þeim heiður, —«

Útflutningstollur er enginn tollur, heldur atvinnuskattur á einstökum stéttum. Menn þurfa ekki að stíga í vitið til þess að sjá, að útflutningsgjald á fiski lendir beinlínis og eingöngu á fiskimönnum og útgerðarmönnum. Aðrar stéttir taka þar engan þátt í, því að erlendi markaðurinn ræður fiskverðinu. Svo er um alt útflutningsgjald. En þeim tel jeg bera lítinn heiður, sem leggja skatt á einstakar atvinnugreinir í landinu.

Þessi ósómi þarf að hverfa, og skora jeg því á stjórnina að taka skatta og tolla til íhugunar og finna ráð til að fylla þörf landssjóðs, án þess að slíkt hneykslisákvæði sje framar í lögum vorum.

Alþingi 31. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Nd. **178. Álit**

um frumvarp til laga um harðindatrygging búfjár.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Höfundur þessa lagabálks, Torfi heitinn Bjarnason í Ólafsdal, var svo þjóðkunnur ágætismaður, að sjálfsagt er fyrir þing og stjórn að íhuga tillögur hans með hinni mestu athygli. Þó verður það enn sjálfsagðara, þegar þess er gætt, að við þetta mál var knýttur æfiáhugi hans og mikil vinna. Þótt heyafli landsmanna ykist að þriðjungi eða helmingi við umbætur frá hans hendi, sá hann þó, að þetta dugði eigi til þess að buga þúsund ára gamla búnaðarsynd landsmanna, horfellinn. Þess vegna lagði hann allan hug á að vinna á henni með öðrum brögðum. Er niðurstaða hans fólgin í frumvarpi þessu.

Við erum alveg á sama máli sem hann um það, að á engu ríði meir, þegar bæta skal hag þessa lands, en einmitt því að tryggja bústofn bænda. En margföld reynsla sýnir að þeir eru eigi nægilega forsjálir og er því þörf samtaka. Þessi samtök verða þó aldrei nægilega trygg, nema löggjöfin leggi þeim sitt lið. Það liðsinni getur verið fólgið í tvennu, skyldulögum eða heimildarlögum. Við teljum rjetta skoðun höf. á þessum tveim löggjafarleiðum, enda var hann allra manna kunnugastur hugsunarhætti búanda. Skyldulög yrðu óvinsæl og þeim illa hlýtt, en flestir eða allir hreppar mundu gera samþyktir, ef þeir vissi að annars fengi þeir ekkert af opinberu fje, þótt aðrir taki það fyrir augum þeirra. En ef allir hreppar gerði samþyktir án þess að þeir væru skyldaðir til, þá mundi fást meiri áhugi almennings á málinu og því verða betur borgið.

Sjálfsagt teljum við, að skylt verði mönnum að taka upp í samþyktirnar þau atriði, sem eru nefnd í 4. gr. En þess viljum við geta, að í stað forðabúrs innan hreppsins, ætti að mega koma samningur við nálæga verslun um fyrirliggjandi fóðurforða handa hreppnum, ef til þurfi að taka. Þó mætti engin hætta vera á flutningateppu að vetrarlagi, hvorki af ísalögum nje öðru.

Jarðarhundruð teljum við einmitt rjettasta gjaldstofninn fyrir fjártryggingargjaldið. Fjártala er stopull grundvöllur og mannfjöldi alveg ranglátur grundvöllur undir fjártryggingargjaldi. Annars væri vafalaust rjettast að koma þessum fjártryggingarsjóði á stofn svo sem til er tekið í frumvarpinu, en láta bjargráðasjóðinn haldast og vera til mannbjargar og tryggingar öðrum hlutum en búfje, þegar hallæri og landplágur ber að hendi. Bjargráðagjald á að sjálfsögðu að leggja á eftir fólksfjölda.

Ákvæði frv. um forðagæslu og hirðingar teljum við einkar heppileg og einmitt fjarska nauðsynlegt að eftirlitsferðum sje hagað sem segir í frv. Slíkt hið sama er um ákvæðin um sjóðinn og meðferð á honum. Við teljum og rjett að stjórnin leiti eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands þótt naumast þurfi að setja það í lög, þar sem Búnaðarfjelag Íslands er eigi annað en stjórnarráðsskrifsstofa og ráðunautar þess embættismenn, launaðir úr landssjóði, og því skyldir til að láta ljós sitt skína á stjórnina í öllum slíkum málum.

Tillögur okkar verða því þær, að lögin gangi fram án verulegra breytinga. En af því, að höf. vildi fá umsögn allra hreppsnefnda í landinu um lögin og af

því að við teljum það rjett, þá leggjum við ekki kapp á að lögin gangi fram á þessu þingi. Viljum vjer því, að stjórnin fái Búnaðarfjelagi Íslands frv. til umsagnar, en sendi það síðan ásamt nefndarálitum þingsins og umsögn Búnaðarfjelags Íslands til allra hreppsnefnda á landinu til álita og heimti svör af þeim svo fljótt, að tími vinnist til að leggja frv. aftur fyrir næsta þing.

Alþingi 1. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson, frá Vogi. Hjörtur Snorrason.

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Í þeim kauptúnum, þar sem ekki er hægt að veita neytsluvatni, skal hreppsnefndum heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og fyrir er mælt um vatnsveitur í lögum nr. 26, 22. okt. 1912.

Ed. **180. Breytingartillaga**

við frv. til laga ullarmat (143).

Frá Karli Einarssyni

Síðasta setning 1. gr. orðist svo:

Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þessa þar annan hæfan mann.

Ed. **181. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Karli Finnbogasyni og Guðm. Ólafssyni.

Við »Ákvæði um stundarsakir«.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Kosning þeirra 6 landskjörnu þingmanna til efri deildar og 6 varaþingmanna, sem á að fara fram í fyrsta skifti, eftir að lög þessi öðlast gildi, svo og kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram sama dag, 1.—10. júní 1916.

Nd. **182. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum (þgskj. 157).

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 1. gr.
A eftir orðinu: »atvinnu«,
komi: við vjelgæslu.

Nd. **183. Breytingartillaga**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Við 8. gr. 4.

Á eftir orðunum: »við bryggjur hafnarsjóðsins«, komi:
Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.

Ed. **184. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 180

Frá nefndinni.

Orðið »þar« falli burt.

Ed. **185. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir samkomulagi; þó aldrei minna en 75 aura um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **186. Frumvarp**

til laga um slysa-ábyrgðarsjóð sjómanna og daglaunamanna.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson og Hjörtur Snorrason.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja alt að 5000 kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils til slysaábyrgðarsjóðs, er stofnaður kann að verða fyrir sjómenn og daglaunamenn.

Styrkveitingin er því skilyrði bundin, að Stjórnarráðið samþykki lög þau, sem slíkt fjelag setur sjer, og getur fjelagið ekki fengið fjeð afhent, fyr en fjelagsmenn eru fæst 500.

Nd. **187. LÖG**

um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 2. ágúst).

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem

bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og, er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrír menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar Stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kýs hinn þriðja.

Á sama hátt kýs Stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni, ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar Stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina, ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem meta á, eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefir síðast verið goldin fyrir nágrannalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning, ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Ýtarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað skulu settar með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur, en Stjórnarráðið staðfestir.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi, torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur möt, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ef lóð eða land skerðist svo við slíkt eignarnám í bæjarins þarfir, að það sem eftir verður rýrni í verði hlutfallslega frá því sem var, eða verðmætið eykst vegna framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera, skal tekið tillit til þess við matið.

9. gr.

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10% af matsverði, þá greiða aðiljar að sínum helmingi hvor.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla, til að gera mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður Stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara, eftir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1. *Í íslensku:* Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.

2. *Í reikningi:* Þekking á hinum fjórum reikningstegundum með heilum

tölum, almennum brotum, tugabrotum og með bókstöfum, hlutfallareikningi, veldi, rót, notkun logaritma og að geta leyst líkingar með einni óþektri stærð.

3. *Í flatarmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinna lína hverrar við aðra, á hringum og þeim línum og hornum, er þar til heyra, marghyrningum, á setningunum um hliðar og horn í þríhyrningum, á samfalla og samlaga þríhyrningum, á setningunum um rjetthyrnda þríhyrninginn, á samsíðingum, að geta gert einfaldar flatarmálsteiknanir (geometriskar konstruktionir), þekking á lengdarmæli og hornmæli, á útreikningi flatarmáls.

4. *Í rúmmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinnar línu við flöt, og afstöðu flata hver við annan, á þrístrending, pyramída, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, er myndast á yfirborði hennar við skurðfleti, á útreikningi á yfirborði og rúmtaki þessara hluta.

Í framannefndum reikningslegum námsgreinum er þess einungis krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings undir vjelfræðina, og við prófunina skal að eins krefjast þekkingar á hinum ýmsu setningum, en engra sannana.

5. *Í eðlisfræði:* Þekking á lögunum um loftkend efni, þrýstingsmælum, dælum, eðlisþyngd, seltumælum, hita og dreifing hans, útþenslu hluta við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti, brenslu, vjelaáburði, samsetningu og sundurliðun krafta, einföldum vjelum (vogarstöng, skrúfu, fleyg o. s. frv.) segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna.

6. *Í vjelfræði:* Þekking á gufuvjelum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvjela og gufukatla, hirðingu gufuvjela og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vjelabilun, ketilsprengingu, aflmælislínum (Indikator-diagröm) og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafli gufuvjela og kolaeyðslu, stelling skyttunnar, hjálparvjelum á skipum (gufustýrivjelum, gufuvindum, ljósvjelum, kælivjelum, o. s. frv.), skifting skipa í vatnsheld hólf, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslensk gufuskip. Þekking á hreyfivjelum (mótorum).

7. *Í vjelteikningu:* Að geta mælt og gert uppdrátt eftir ákveðnum mælikvarða af hlut úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.

8. *Í dönsku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.

9. *Í ensku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í enskri bók verkfræðilegs efnis.

3. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir henni standa sá af nefndarmönnum, er Stjórnarráðið skipar sem oddvita. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelstjóraapróf. Til að dæma um kunnáttu í tungumálum getur Stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra menn.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefnin. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakenn-

arar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum próf-dómanda.

4. gr.

Sá einn má ganga undir vjelstjórapróf, er:

1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi.

Sje sá, er undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelstjóraskólanum, þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið send Stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skírnarvottorð umsækjanda, og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum.

Hafi hann gengið undir vjelstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl., skal setja í reglugjörð, sem Stjórnarráðið setur.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirrita skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er ætluð og Stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi, og fæðingarári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

Nd. **189. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskirteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðist vjelgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, er ræðir um í 8. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, er ræðir um í 10. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

8. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugerð eða reglugerðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Nd. **211. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbristingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

4. gr.

Á meðan lög þessi eru í gildi er bannað að flytja úr landi rjúpu og aðra fugla, að viðlagðri einnar krónu sekt fyrir hvern fugl, sem út er fluttur. Sektirnar renna í landssjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan Norðurálfufriðurinn stendur; getur þá Stjórnarráð Íslands ákveðið með auglýsingu að 1., 2. og 3. gr. l. nr. 59, 10. nóv. 1913 skuli aftur öðlast gildi.

Nd. **212. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Flutningsm.: Sveinn Björnsson.

1. gr.

Fyrir »1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna komi: 2 krónur, en annarsstaðar 3 krónur.

2. gr.

Fyrir »1200 kr.« í 3. gr. 2. c. komi: 1800 kr.

Nd. **213. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verðtoll.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 10. gr.

Fyrir »1. jan. 1916« komi: 1. jan. 1918.

Nd. **214. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verðtoll, þgskj. 32.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 8. gr.

Fyrir »13. febr. 1873« komi: 19. júní 1915.

Ed. **215. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Síðari liður 2. greinar laga nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lög-

um, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og sveitarfjelaga, svohljóðandi: »Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu« er úr lögum numin.

Ed. **216. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóvember 1913 um forðagæslu.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Lög um forðagæslu frá 10. nóvember 1913 skulu einnig ná til kaupstaðanna.

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um allsherjar þjóðskjalasafn í Reykjavík.

Flutningsmenn: H. Hafstein og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skulu í því geymast bæði öll þau skjöl og bækur, er hingað til hafa verið geymd í Landsskjala safninu, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skal skipaður yfirskjalavörður, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Skipaður skal og við skjalasafnið aðstoðarskjalavörður, og hefir hann í árslaun 2000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **218. Frumvarp**

til laga um jarðamat.

Flutningsmaður: Jón Þorkelsson.

1. gr.

Allar jarðeignir á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta jarðamat eftir lögum þessum skal fara fram árið 1916 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef jörð verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum jörðum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja jörð skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af jörðinni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er jörðin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram og virðingar til lántöku og veðsetningar. Jarðir skulu lagðar í hundruð á landsvísu og metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar jarðeignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Við jarðamat skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús og afskift tún og engi með ákveðnum ummerkjum og er sjereign, metin út af fyrir sig hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga.

Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

4. gr.

Með hverri jörð skal meta hús þau, er henni fylgja og höfð eru til ábúðarnota, sömuleiðis allskonar hlunnindi og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef afhent jarðamatsnefnd í staðfestri afskrift eða frumriti, og síðan látin fylgja jarðamatsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

5. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru sameign sveitarmanna og einungis notuð til upprekstur, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu ekki verðlögð sjer í lagi, en við matið skal þeim skift jafnt milli jarða þeirra, er eigna sjer löndin.

6. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í jarðamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd og bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jarðamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Jarðamat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

7. gr.

Við mat jarða skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur og koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag júlímánaðar. Innan sama tíma er hverjum jarðeiganda heimilt að kæra yfir því, að aðrar jarðir sjeu of lágt metnar. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti jarðamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

8. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra jarðeigna í umdæmi sínu og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan lagfæra jarðamatið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan septembermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

9. gr.

Samkvæmt matsgjörðum jarðamatsnefnda með þeim breytingum, er á jarðamatinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda, lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið. Jarðabókin gildir frá 1. janúar árið eftir að jarðamat fer fram, til 31. des. það ár, sem næsta jarðamat er framkvæmt. Eftir henni skal greiddur fasteignarskattur af jarðeignum og önnur þau gjöld til almennings þarfa, sem lögð eru á jarðeignir eða miðuð við jarðadýrleika. Jarðabókin skal prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati jarða milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Allan jarðamatskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

Flutningsm.: Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, G. Eggerz, Þórarinn Benediktson og Björn Hallsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Þórarni Böðvari Guðmundsson frá Seyðisfirði, einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er honum sýnist, járnsand (Volcanic Sand) fyrir innan landhelgislínuna.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, sem lög þessi heimila, greiði leigutaki minst 15 aura í landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af efnum þeim, sem unnin eru úr sandinum.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis, ber landsjóði þegar í byrjun 4%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir, samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed. **220. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Nd. **221. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um rafmagnsveitur.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og hefir stjórnin gert grein fyrir breytingum þeim, er það hafði að geyma frá lögunum nr. 28 frá 20. okt. 1913, í athugasemdum við frumvarpið. Það var lagt fram í efri deild og nefnd skipuð, er samið hefir nefndarálit á þingskjali 46. Nefndin rjeð til allmargra breytinga á frumvarpinu, bæði á efni og orðfæri, og tók það nokkrum stakkaskiftum í meðferð deildarinnar.

Vjer höfum borið frumvarpið, eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild, saman við stjórnarfrumvarpið og teljum breytingarnar til bóta.

Jafnvel þótt orðfæri frv. sje enn nokkuð ábótavant, hefir oss þó ekki sýnst að bera fram breytingartillögur, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 4. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Benedikt Sveinsson, skrifari.
Einar Jónsson.	Sigurður Sigurðsson.
Björn Hallsson.	

Nd. **222. Frumvarp**

til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, hvenær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 3 kr. fyrir börn yngri en 1 árs, en 6 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Ed. **223. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, frá 10. nóv. 1905.

Nefnd sú, er háttvirt deild hafði falið að athuga frumvarp þetta, hefir átt með sjer nokkra fundi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu á núgildandi fátækralögum, að sveitfestistíminn, 10 ár, verði feldur burt, en í þess stað komi, að þar eigi maður sveit, er hann hefir dvalið lengst samtals eftir 16 ára aldur.

Nefndin var strax sammála um, að sveitfestisdvölin, eins og hún er nú ákveðin, gæti verið ranglát, og að það ranglæti kæmi tíðast niður á fæðingarsveitinni, þar eð menn gætu farið sveit úr sveit, og dvalið allmörg ár á hverjum stað, án þess að hafa unnið sjer nokkursstaðar sveitfesti, þar sem til þess útheimtist 10 ára dvöl samfleytt í sama hreppi.

Nefndin lítur svo á, að hin sífelda aukning og breyting á atvinnuvegum landsmanna geri það að verkum, að menn flytji fremur nú en áður úr einni sveit í aðra, jafnvel í einn landsfjórðung úr öðrum, og að þau tíðu verustaðaskifti, geri það að verkum, að íþyngja fæðingarsveitinni frekar en áður var. Atvinnumöguleikarnir hafa nú á seinni árum margfaldast og menn þar af leiðandi átt hægra með að halda sjer uppi með sífeldum skiftum á dvalarstað.

Að menn geti verið, ef til vill fleiri áratugi, án þess að hafa unnið sjer nokkursstaðar sveitfesti, en lendi svo seint og síðar meir á sinni fæðingarsveit sem þurfalingar, telur nefndin mjög ranglátt. Hún lítur svo á, að sanngjarnast sje, að til þess að afla sjer framfærslurjettar útheimtist, að maðurinn hafi unnið eitthvað í sveitarfjelaginu, heldur en að hann hafi að eins verið þar fæddur og oft og einatt farið þaðan á bernskuárum. En með því fyrirkomulagi sem nú er, þ. e. 10 ára samfleyttri dvöl í sama sveitarfjelagi, telur nefndin engar líkur til að þetta misrjetti geti lagast.

Til þess að koma nokkrum jöfnuði á í þessum efnum, telur nefndin ekki nema þrjár leiðir farandi:

1. Að þar eigi maður framfærslurjett, er hann dvelur og á lögheimili, þá er hann verður styrkþurfi.
2. Að hann eigi þar sveit, sem hann hefir verið lengst samtals, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
3. Að styttur sje sveitfestistíminn.

Um það hafa verið skiftar skoðanir í nefndinni, hver þessara leiða væri aðgengilegust. En til samkomulags hafa allir nefndarmenn orðið á það sáttir, að aðhyllast þá leið, að stytta sveitfestistímann.

Um sveitfestistímann urðu allmiklar umræður, þá er fátækralögin voru til meðferðar hjer á þingi árið 1905. Á umræðum þeim, er þá fóru fram um þetta atriði, kemur það glögglega í ljós, að margir þingmenn hafa álitið 10 ára dvöl óheppilega, en af því það væri þá orðin svo gömul venja, þykir þeim ekki ráð að breyta í það skifti, en telja á hinn bóginn, að svo megi og muni verða síðar, þó aðrar breytingar sjeu ekki þá gerðar á lögunum.

Eins og þegar er tekið fram, þá virðast umræður um málið 1905 bera þess ljósan vott, að þingmenn hafi álitið 10 ára dvöl óhæfilega og gert ráð fyrir, að það ákvæði í lögunum yrði að eins um stundarsakir. Meðal annara, er þá töluðu um málið, sjest, að hinn þáverandi þingmaður Vestmanneyinga, sem jafnan mun hafa verið mjög glöggskygn maður, hefir álitið, að 1—2 ára sveitfestistími væri heppilegastur. Þá virðist einnig sú hugsjón hafa vakað fyrir mörgum þingmönnum, að eðlilegast væri, að þar ætti hver framfærslusveit, er hann væri staddur og yrði styrkþurfi.

Þó nokkur hluti nefndarinnar vildi fyrir sitt leyti langhelst leggja það til, að frumvarpið væri samþykt óbreytt, þá hefir það orðið að samkomulagi í nefndinni, eins og þegar er sagt, að ráða hinni háttvirtu deild að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Í staðinn fyrir orðið »samtals« komi:
   samfleytt.
3. Á eftir orðunum »löglegt heimilisfang« komi:
   þó ekki skemur en 5 ár.
4. Aftan við frumvarpsgreinina bætist ný grein svo hljóðandi, sem verður 2. grein.

2. gr.

33. gr. orðist þannig:

Nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt í fleiru en einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann dvaldi síðast.

Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

Alþingi 4. ágúst 1915.

Magnús Pjetursson (formaður) H. J. Kristófersson (framsm.)

Steingrímur Jónsson.

Nd. **224. Frumvarp**

til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **225. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. við 3. gr. Á eftir »við A. 1. a.« komi:
Við B. 6. Af þessu fje skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbát við strandgæslu alt að ... ... kr. 700,00

2. Við 8. gr. Í byrjun greinarinnar komi nýr liður:
Við 8. d. Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915 ... ... — 200,00

3. Aftan við frumvarpið komi:

a. Landsstjórninni heimilast að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af 184 tn. af saltketi innfluttu 21. júli 1914 kr. 570,40.

b. Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

c. Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1752,54 frá 1. janúar 1914 að telja.

Nd. **226. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um húsmannamálið.

Þó mikill sje munur á húsmannastjett erlendis og hjer á landi og varlega byggjandi á erlendum skýrslum um hana og erlendri löggjöf, þá teljum vjer það æskilegt, ef þingmenn fengju aðgengilegt yfirlit yfir hag erlendra húsmanna og hverra ráða hefir verið leitað til þess, að bæta kjör þeirra. Að vísu geta margir þingmenn aflað sjer þessara upplýsinga sjálfir, en svo er þó ekki um alla.

Oss virðist það þó eigi síður nauðsynlegt, að aflað væri sem bestra upplýsinga um hag hús- og þurrabúðarfólks *hjer á landi.* Landshagsskýrslur vorar eru mjög ófullkomnar að þessu leyti. Á þeim má þó sjá, að 1906 er tala húsfólks 816 en þurrabúðarfólks 1772. Og að 255 húsmenn hafa talið fram eina kú eða fleiri og 553 þurrabúðarmenn. Þá hafa og verið heimiluð lán úr viðlagasjóði til húsmanna og þurrabúðarmanna síðustu 13 árin, sem nema alls um *130,000 kr.*

Af því sem hjer er sagt, er það ljóst, að fjöldi hús- og þurrabúðarmanna hafa eina kú eða fleiri, og eflaust er brýn nauðsyn, að þeir geti allir eða sem flestir átt kú og haft mjólk handa börnum sínum og heimilisfólki. Nú er það auðsætt, að löggjöf vor tekur ekkert tillit til þessa, og hvað landstærðina snertir, sýnist hún ekki styðjast við neina heilbrigða hugsun. Fyrst var ákveðið, að landið skyldi vera 400 □ faðmar. Þetta var of stórt fyrir matjurtagarð, og of lítið fyrir tún. Síðan var stærðin ákveðin ekki minni en 900 □ faðmar og *ekki meiri* en 1800 faðmar. Þessi stærð er of lítil fyrir tún, sem fóðri eina kú, jafnvel þó hámarkið sje tekið, sem ætlast er til, að sje að eins undantekning. Löggjöf vor í þessu efni sýnist oss því lítt hugsuð og þyrfti endurbóta. Mætti ákveða landið svo, að annaðhvort væri það miðað við matjurtagarða eina eða land, sem framfleytti þar á ofan 2—5 geitum, en helst 1—2 kúm.

Eins og fyr er getið hefir landið lagt töluvert af mörkum til þess, að styrkja húsmenn. Hitt er oss eigi ljóst, hver hefir orðið árangurinn af slíkum lánum úr viðlagasjóði, en æskilegt mjög að vita, hvert þau hafa komið að tilætluðum notum. Þá virðist oss vert að athuga, hvort líkur eru til þess, að húsmannastjett, í því sniði, sem tíðkast hefir, muni geta haft viðunandi tekjur, er geti sómasamlega framfleytt fjölskyldum sínum, því geti ekki hagur hennar orðið

svo rúmur, að komist verði hjá hreinni fátækt og vesaldóm, er síst hagur í því, að ýta undir fjölguu hús- og þurrabúðarmanna. Gæti þá komið til tals, að auka landstærðina, þar sem því verður komið við, svo að býlin yrðu jarðir, er gæfu meira í aðra hönd, þó aðra atvinnu þyrfti að stunda jafnframt búskapnum.

Aðal-áhersluna viljum vjer leggja á, að stjórnin afli upplýsinga um hag húsmanna hjer á landi. Ef hún sjer síðan ástæðu til, gerum vjer ráð fyrir, að hún búi málið undir næsta þing, en ekki virðist oss, að nauðsyn bera til, að hugsa fyrir milliþinganefnd í þessu máli, síst að svo stöddu.

Vjer höfum leyft oss, að gera breytingartillögu við ofangreinda tillögu í samræmi við álit vort á málinu.

Alþingi 5. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður.	Guðm. Hannesson, ritari.
Björn Hallsson.	Jóhann Eyjólfsson.
Bjarni Jónsson.	Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **227. Breytingartillaga**

við þingsályktunartillögu um húsmannamálið.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands:

1. Að útvega sem glegstar skýrslur um allan hag íslenskra hús- og þurrabúðarmanna, hvort þeir hafa land það er lög mæla fyrir, hversu það er ræktað og notað, hver er aðalatvinna þeirra og aukaatvinna, hverjar árstekjur að meðaltali, og hverjar endurbætur *þeir telja sjálfir* álitlegastar á högum sínum.
2. Að safna skýrslum um það, hver hefir orðið árangurinn af lánveitingunum úr viðlagasjóði til hús- og þurrabúðarmanna.
3. Að safna skýrslum um hag erlendra húsmanna, einkum þar sem líkt er ástatt og hjer, hverra ráða hefir verið leitað til þess að bæta kjör þeirra og leggja útdrátt úr þeim fyrir næsta Alþingi.
4. Að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um húsmenn og þurrabúðarmenn, ef stjórninni virðist ástæða til þess að öllu athuguðu.

Nd. **228. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Jóhann Eyjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að endurskoða vegalögin, sjerstaklega með það fyrir augum, að breyta ákvæðum laganna um viðhald flutningabrauta og leggja fyrir næsta Alþingi — ef tími vinst til — nýtt frumvarp til vegalaga.

2. Að leita tekjustofna handa sýslunum til að standast kostnað við viðhald á sýsluvegum og flutningabrautum, að svo miklu leyti, sem viðhald flutningabrauta kemur til að hvíla á sýslufjelögunum, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

Nd. **229. LÖG**

um ullarmat

(Afgreidd frá Ed. 5. ágúst).

1. gr.

Öll vorull og þvegin haustull, sem flutt er hjeðan af landi, skal metin og flokkuð eftir gæðum af ullarmatsmönnum undir umsjón yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmennirnir og yfirullarmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningaskipunum, og er útflytjendum ullar skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri ullarsendingu skal fylgja vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sje skoðuð og flokkuð eftir rjettum reglum og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þessa annan hæfan mann.

2. gr.

Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu »Ísland«. Auk þess skal haft undirmerki, er sje skammstafað nafn verslunar þeirrar eða kaupfjelags, er ullina flytur út eða selur til útflutnings. Í undirmerkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir. Ennfremur skulu höfð merki, er greini ullartegundir eða flokka. Loks skal hver sekkur tölusettur.

3. gr.

Nánari reglur um mat ullar, merking og meðferð við útskipun og í skipi setur Stjórnarráðið í erindisbrjefum ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna.

4. gr.

Ráðherra skipar yfirullarmatsmenn. Skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt. Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, hver í sínu umdæmi, en umdæmin eru þessi:

1. Frá Vík í Mýrdal til Borgarness, að báðum stöðum meðtöldum, og Vestmannaeyjar.
2. Frá Búðum til Hvammstanga.
3. Frá Blönduósi til Þórshafnar.
4. Frá Bakkafirði til Hornafjarðar.

Yfirullarmatsmenn skulu að öllum jafnaði vera búsettir sem næst miðju þess umdæmis, sem þeir hafa til yfirsóknar.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn á hverjum ullarútflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem yfirullarmatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans.

6. gr.

Ullarmatsmenn og yfirullarmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stílar þeim heitið.

7. gr.

Árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr landssjóði. Kaup ullarmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er ull flytja út, eftir því, sem ákveðið verður í erindisbrjefi ullarmatsmanna.

Ekki mega ullarmatsmenn nje yfirullarmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningaskipunum nje öðrum, sem við útflutning ullarinnar eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbrjefi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

8. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og ullarmeðferð á útflutningsstöðum, og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í ullarverkun eftir því, sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr landssjóði, eftir reikningi, sem Stjórnarráðið úrskurðar, alt að 200 kr. hver þeirra.

9. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út ull, án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merking hennar, sæti 200—2000 kr. sektum til landsjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot ullarmatsmanna og yfirullarmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **230. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frumvarp það, er hjer liggur fyrir og hv. efri deild hefir fengið oss til athugunar, er framkomið að ráði og tilhlutun landssímastjórans og jafnframt eftir ósk hjeraða þeirra, er hlut eiga að máli, enda eru breytingar þær, sem frumvarpið fer fram á í raun og veru sjálfsagðar, en ákvæði núgildandi laga því til fyrirstöðu að þær verði framkvæmdar, og úr því á frumvarp þetta að bæta.

Breytingarnar eru tvær, önnur á Austfjörðum, hin á Reykjanesskaga.

Hin fyrri breyting er fólgin í því, að í stað þess að eftir ákvæði laganna ætti að leggja línu í framhaldi frá Hjaltastað út á Unaós og þaðan suður til Borgarfjarðar, þá sje Unaós slept úr, þar sem engin þörf er á síma, og línan lögð frá Hjaltastað til Borgarfjarðar, og er það ein hlið í þríhyrningi í staðinn fyrir 2 ella og því mun styttri, enda áætlaður kostnaður 5800 kr. minni, en aftur sje lögð aukalína frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar, sem er 10 rasta leið og kostnaður áætlaður 7000 kr., svo að allur kostnaðarauki við þessa breyting er þá 1200 kr., sem má hverfandi teljast, þar sem í hlut á heil sveit með allmiklum framtíðarmöguleikum, er hefir mikla þörf símans.

Hin önnur breyting er fólgin í því, að eftir gildandi ákvæðum á að halda áfram línunni, sem komin er frá Hafnarfirði suður í Garð, þaðan suður Miðnes og Hafnir út á Reykjanes og þaðan til Grindavíkur, sem er löng leið kringum allan Reykjanesskaga. Í stað þess er nú hugað að línan til Grindavíkur sje lögð á staurana sem nú eru suður með sjó suður á Vogastapa og þaðan beint til Grindavíkur á nýja staura, og línan til Hafna lögð frá Keflavík inn í Njarðvík á eldri staura og þaðan á nýja staura stystu leið í Hafnir. Þessar tvær línur verða mun styttri samanlagðar, heldur en hin kringum Reykjanes og kostnaður fyrir það að því skapi minni og einnig fyrir það, að nú er verið að leggja veg af Vogastapa til Grindavíkur, sem línan á að liggja meðfram, og sem gera mun töluverðum mun ljettari og ódýrari flutning á staurunum.

Að þessu athuguðu þykir oss sjálfsagt að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 4. ág. 1915.

Björn Þorláksson	Kristinn Daníelsson
formaður.	skrifari og framsm.

Eiríkur Briem.

Nd. **231. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 6. gr.

Á undan orðunum »Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar kr. 600,00«, komi:
Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum kr. 500,00.

Ed. **232. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Vjer undirritaðir, er hin háttvirta efri deild hefir falið að athuga ofannefnt frumvarp, höfum nú rætt það og íhugað.

Þær sömu ástæður eru enn fyrir hendi, eins og þær sem upphaflega gáfu tilefni til þess að nefnd lög frá 3. ágúst f. á. voru sett, með því að Norðurálfuófriðurinn stendur enn yfir og óvíst hve nær honum lýkur; fyrir því er sama þörf sem þá til þess, að landsstjórnin hafi heimild til að gera þær ráðstafanir, er lögin ræða um; vjer viljum því, í trausti þess að nefnd heimild verði þó eigi notuð frekar en full nauðsyn er til, ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 5. ágúst 1915.

Karl Finnbogason,	Eiríkur Briem,
formaður.	skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Nd. **233. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka.

Frá meirihluta nefndarinnar.

Aðalbreytingar, sem frumvarp þetta gerir á núgildandi lögum bankans, eru aðallega þessar:

1. Að bankastjórar verði 3, en ekki 2 eins og nú, og á 3. bankastjórinn að vera lögfræðingur.
2. Að ráðherra á nú að mæla fyrir um samband bankastjóranna sín á milli. Mun þar átt við, hvernig þeir skifta með sjer störfum, sem bankastjórarnir nú koma sjer saman um, samkvæmt gildandi lögum.
3. Ráðherra er ætlað eins og áður að skipa fjehirði og bókara og víkja þeim frá »að fengnum tillögum« bankastjórnar, en eftir gildandi lögum á ráðherra að framkvæma það »eftir tillögum« bankastjórnar.

Aðrar breytingar eru afleiðingar af þessum aðalbreytingum.

Vjer getum ekki sjeð, að þessar breytingar sjeu til verulegra bóta. Bankastjórnin hefir ekki kvartað um, að hún væri ofhlaðin störfum, og mál þetta hefir ekki verið borið undir hana. Og þó að þörf væri á nýjum og auknum kröftum í bankann, vegna margvíslegra viðskifta, sjáum vjer ekki, að bankann vanti um fram alt lögfræðing í stjórnina. Maðurinn þyrfti fyrst og fremst að hafa þekkingu á bankamálum, en vjer teljum mjög vafasamt, að nú sem stendur sje kostur á slíkum manni.

Vjer játum, að það gæti verið styrkur fyrir bankann og landsmenn, ef í þjónustu bankans væri fenginn bankafróður fjármálamaður, helst útlendingur, til að reyna að útvega markað fyrir íslensk verðbrjef erlendis. Slíkur maður hefði auðvitað það hlutverk með höndum í sambandi við þetta, að kynna stærri þjóðunum, svo sem Englendingum, Þjóðverjum og Frökkum, fjárhagshorfur hjer og framfaraskilyrði, og ástæður lands og þjóðar, í því skyni að efla lánstraust landsins. En við þetta mun erfitt að fást, meðan á ófriðnum stendur. Þó viljum vjer skjóta því til landsstjórnarinnar að stuðla að því, að stjórn Landsbankans verði sjer úti um slíkan mann, undir eins og von er á einhverjum árangri af starfinu og friður kemst á í ófriðarlöndunum. Út af umræðum þeim, sem komu fram við 1. umræðu um þá ráðstöfun landsbankastjórnarinnar, að hún hætti að innleysa seðla Landsbankans *á kostnað hans* í útlöndum, þá hefir 1. þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu óskað þess, að nefndaráliti þessu fylgi greinargerð bankastjórnarinnar fyrir þessari ráðstöfun, bæði til Stjórnarráðsins, sem er dagsett 24. des. f. á., og í blaðinu »Vísir« 23. febr. þ. á., sem einnig birtist í blaðinu »Börsen« í Kaupmannahöfn 14. apríl þ. á. í danskri þýðingu. Og þar við voru engar athugasemdir gerðar.

Vjer leggjum svo til, að frumvarpið verði ekki samþykt að þessu sinni.

Neðri deild Alþingis 5. ágúst 1915.

Hjörtur Snorrason	Jón Jónsson
formaður.	framsm.
Björn Kristjánsson.	Þorleifur Jónsson.

Fylgiskjal I.

Landsbanki Íslands Reykjavík 24. desbr. 1914.

———

Símnefni: Landsbanki.
Talsími 65.

Vjer viðurkennum móttöku háttv. brjefs hins háa Stjórnarráðs dags. 21. þ. m. ásamt þar með fylgjandi trúnaðarmáls-erindi frá skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn dags. 11. þ. m. um innlausn seðla landssjóðs erlendis, sem Landsbankanum eru leigðir.

Samkvæmt lögum um stofnun Landsbanka nr. 14, 18. sept. 1885 eru landssjóðsseðlarnir óinnleysanlegir, en þó höfum vjer mælst til þess við Landmandsbankann í Kaupmannahöfn, að hann eftirleiðis hjeldi áfram að innleysa seðlana í minni mæli fyrir ferðamenn. Samkvæmt hjálögðu brjefi hans 18. okt. þ. á. vill hann fullkomlega verða við þessum óskum vorum, og innleysir eftir áramótin seðla þessa á sama hátt og hann nú innleysir ýmsa helstu útlenda seðla »(tyske, engelske etc.)«. Verður þá sá, sem selur bankanum seðlana, að borga hæfileg afföll (»Kurs«) fyrir kostnaði og vöxtum. Með þessu mun sjeð fyrir þeirri þörf »að fá þá seðla innleysta, sem óhjákvæmilegt er að út úr landinu fari«. En til seðla sem óhjákvæmilegt er, að út úr landinu fari, teljum vjer ekki stærri peningasendingar kaupmanna o. fl., sem helst ættu að gerast með tjekkum og póstávísunum og sem væri í samræmi við það, sem annarsstaðar gerist.

Til þess að gera þeim til geðs, sem heldur vilja senda úl seðla en tjekka eða póstávísanir gæti bankinn og útbú hans látið þá fá í skiftum fyrir Landsbankaseðla, eftir því sem föng leyfa, aðra seðla, sem gjaldgengir eru erlendis án affalla.

Það er vanalegt að seðlar víða um heim ganga kaupum og sölum milli landa, og verða menn að sætta sig við hin venjulegu afföll. Það eru víst fáir bankar eins og Landsbankinn, sem leggja skatt á sig til þess að seðlar þeirra gangi affallalaust erlendis; einkum kemur þetta illa við, þar sem vjer sjálfir höfum orðið að flytja inn erlenda seðla með allmiklum kostnaði og vaxtatapi. Vjer höfum athugað þetta mál frá því vjer komum í Landsbankann og höfum þegar 1910 skrifast á við Landmandsbankann um það. Var hann á sama máli og vjer um það, hve óeðlilega þessu væri fyrir komið. Skoðun beggja bankanna hefir verið sú, að rjettast væri, ef seðlarnir væru innleystir erlendis, að seljendur þeirra borguðu kostnaðinn, eins og annarsstaðar gerist.

Þegar seðlar Íslands banka voru í sumar gerðir óinnleysanlegir, og ekki eingöngu þeir, heldur líka danskir seðlar, þá var ekkert óeðlilegra en að Landsbankaseðlarnir hefðu haldið áfram að vera innleysanlegir á kostnað Landsbankans og það *í öðru landi*, þar sem ekki hafði frá upphafi verið til ætlast, að þeir væru nokkursstaðar innleystir, ekki einu sinn *innanlands*. Ef vjer hefðum haldið áfram að láta innleysa seðlana erlendis, gátum vjer búist við, úr því Íslands bankaseðlarnir voru gerðir óinnleysanlegir, að Landsbankaseðlarnir hefðu orðið

mestmegnis notaðir til þess að senda þá til Kaupmannahafnar með ýmsu móti sem borgun, svo flutningur þeirra þangað yrði miklu meiri en áður, og þar af leiðandi aukinn kostnaður fyrir bankann. Bankinn hefði getað komist í stórvandræði, ef hann hefði þurft að innleysa erlendis mikinn hlnta seðlafúlgunnar — eða máske meira en einfalda upphæð hennar — á nokkrum mánuðum, sem vel gat átt sjer stað. Vjer álitum oss því skylt, að firra bankann þeim kostnaði og vanda, sem af slíkri seðlainnlausn hlaut að stafa.

Þegar athugað er það, sem að framan er sagt, teljum vjer ekki ráðlegt að afturkalla umrædda ákvörðun frá næstu ársbyrjun og fara að innleysa aftur takmarkalaust seðla landssjóðs erlendis á kostnað Landsbankans.

Út af því sem herra skrifstofustjóri Jón Krabbe lætur í ljósi, að það gæti svo farið, að það rýrði lánstraust landssjóðs, ef ekki væri vegur til, að fá landssjóðsseðlana innleysta erlendis, þá leyfum vjer oss að benda á, að það mun vera samningur milli Dana, Norðmanna og Svía, að seðlabankar þeirra leysi inn seðla hvor annars á víxl kostnaðarlaust. Með hliðsjón af þessu kynni það ef til vill að virðast heppilegt, ef hið háa Stjórnarráð telur það nauðsynlegt, að seðlar landssjóðs verði takmarkalaust innleystir erlendis, að landsstjórnin þá reyndi að komast að samskonar samningum við þessi lönd nm innlausn íslenskra seðla.

En í þessu sambandi viljum vjer þó benda á, að þegar ræða skal um takmarkalausa seðlainnlausn erlendis, þarf margt að athuga, þar á meðal það, að eigi er hættulaust að láta seðlana vera þar í umferð. Landið tekur þá á sig áhættu út af *seðlafölsun*, sem óneitanlega væri þá miklu meiri, en ef seðlarnir væru að eins í umferð hjer innanlands. Um þetta atriði er oss kunugt, að ýmsir erlendir bankamenn eru oss samdóma. Þessi áhætta um seðlafölsun, sem því fylgdi, ef landssjóðsseðlarnir væru í umferð erlendis, virðist því mundi einmitt veikja lánstraust landssjóðs, en ekki styrkja.

En af því að mál þetta virðist ekki hafa verið skýrt erlendis fyrir bankamönnum og fjármálamönnum frá þessu sjónarmiði, álítum vjer að það væri mjög æskilegt, að skrifstofu Stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn yrði falið að gera það. Þeir mundu þá fljótt sjá að verið er að tryggja landssjóð og Landsbankann með þessari ráðsstöfun, en ekki spilla lánstrausti þeirra. Þeir mundu einnig fallast á, að óviðeigandi væri á þessum ófriðartímum að gera *óinnleysanlega* seðla *innleysanlega* og þeir mundu því frekar sannfærast um, hvílík þarfleysa þetta væri, sem betur væri skýrt fyrir þeim, hve litla seðlaupphæð Landsbankinn hefir undir höndum — einar 750 þúsund krónur. — Þeir mundu þá sjá að það hlýtur að vera næg þörf fyrir þessa litlu upphæð í landinu sjálfu.

Vjer endursendum hjer með fylgiskjal það er fylgdi brjefi hins háa Stjórnarráðs.

Meðfylgjandi brjef Landmandssbankans óskum vjer endursent.

Virðingarfylst.

Landsbanki Íslands.

Björn Sigurðsson. Björn Kristjánsson.

Til
Stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr »Vísi«, 23. febr. 1915.

— — — Vísir hefir nú átt tal um þetta mál við báða bankastjóra Landsbankans, og skýrðu þeir frá ástæðum sínum til þessarar ráðstöfunar hjer um bil á þessa leið:

»Þegar um þetta mál er að ræða, þá er fyrst á það að líta, að alla tíð frá því, er Landsbankinn var stofnaður, hafa seðlar hans að lögum verið óinnleysanlegir með gulli. Alt og sumt, sem lögin frá 18. sept. 1885 segja um það efni, eru þessi ákvæði í 4. gr. þeirra:

»Seðlarnir skulu gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hjer á landi og eru hjer manna milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði. — — — Í bankanum má fá seðlunum skift mót öðrum seðlum, en gegn smápeningum eftir því sem tök eru á«.

Þessa grein skildi stjórn bankans rjett og fylgdi henni fram, alt fram að árinu 1905, þá er Íslandsbanki tók til starfa. Þá var tekið upp á því, af misskilinni samkepni við hann, að fá seðlana innleysta í Landmandsbanken á kostnað Landsbankans, með öðrum orðum að gera þá sama sem innleysanlega með gulli, og það í öðru landi, og sjá allir, að það er gagnstætt anda þessarar greinar.

Það er jafnvel eigi hættulaust, að eiga mikið af seðlum bankans í veltunni ytra. Með því tekur landssjóður á sig áhættuna af seðlafölsun, og hún er meiri þar en hjer, og það er óeðlilegt, að nokkur banki sje að leggja á sig skatt, til þess að seðlar hans sjeu innleystir affallalaust í öðru landi, einkum þegar full þörf er á seðlunum til viðskifta í landinu sjálfu.

Við höfum þegar fyrir löngu athugað þetta mál og skrifast á um það við Landmandsbankann þegar árið 1910, og áleit hann eins og við, að þessi aðferð væri óeðlileg. Það sje rjett, að seljendur seðlanna borgi þann kostnað, sem af innlausninni leiðir, eins og siður er til víðast um heim, er um annara landa seðla er að ræða. Þannig hefir þetta líka verið haft frá því er bankinn var stofnaður og þangað til 1905, og kvartaði enginn um.

Þegar nú seðlar Íslandsbanka voru gerðir óinnleysanlegir í sumar, eins og svo víða hefir gert verið vegna ófriðarins, þá væri það sjerstaklega óeðlilegt, ef seðlar, sem annars eru að lögum óinnleysanlegir, væru látnir vera innleysanlegir í framkvæmdinni, og það í útlöndum. Það fyrirkomulag hefði mátt misnota á mjög skaðlegan hátt fyrir bankann, til þess að útvega sjer gull. Þá hefði mátt búast við því, að menn notuðu sem mest Landsbankaseðla til borgana út úr landinu, og yrðu þá meiri flutningar á þeim og þar af leiðandi aukinn kostnaður, og það gæti jafnvel stofnað bankanum í vandræði, ef hann hefði þurft að láta innleysa þar mikinn hluta seðlafúlgu sinnar, og það ef til vill oftar en einu sinni á ári, sem vel hefði getað orðið. Þessum kostnaði, og ef til vill vandræðum, álitum við skylt að firra bankann.

Það er athugandi, að Íslandsbankaseðlar eru með lögum gerðir gjaldgengir í opinber gjöld og sjóði í Danmörku, en það hafa Landsbankaseðlarnir aldrei verið gerðir, og sýnir það, að landsstjórnin hefir ekki ætlast til þess, að þeir sjeu þar í veltu.

Þrátt fyrir þetta höfum við nú samt mælst til þess við Landmandsbankann, að hann leysi framvegis inn Landsbankaseðla í minna mæli fyrir ferðamenn, en þá auðvitað án kostnaðar fyrir bankann, og hefir hann orðið við því og gerir það á þann hátt, sem títt er um útlenda seðla. Að eins á þá sá, sem selur, að borga hæfilega fyrir kostnað og rentutap. Það er þannig hægt hjeðan af, eins og hingað til, að fá innleysta þá seðla, sem óhjákvæmilegt er að fari út úr landinu, en það á ekki við um stærri sendingar frá kaupmönnum. Þær ættu helst að vera í tjekkum og póstávísunum, eins og annarstaðar gerist, en til þess þó að gera þeim til geðs, sem endilega vilja senda seðla, er bankinn reiðubúinn til þess að skifta við þá á sínum seðlum og öðrum, sem affallalaust ganga ytra. Það er líka í fullu samræmi við nefnda grein í lögunum frá 1885.

Ef Íslendingar vilja það endilega að seðlar Landsbankans sjeu innleysanlegir ytra, affallalaust, þá væri það rjett og sjálfsagt, að stjórnin gerði samning um það við Svía, Norðmenn og Dani, ef það er kleift, að þeir leystu þá inn okkur að skaðlausu, eins og við gerum við þeirra seðla, en þá þyrfti landið jafnframt að leggja bankanum til gullforða.

Annars er vonandi að kaupsýslumenn og bankamenn ytra átti sig fljótt á þessu og fallist á ástæður okkar, einkum þegar þess er gætt, að seðlafúlgan er ekki meira en einar 750 þúsundir, sem við þurfum sjálfir fyllilega á að halda«.

Nd. 234. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um rafmagnsveitur (þgskj. 75).

Frá ráðherra.

1. Við 6. gr.: Í stað »15« í 3. línu komi: 30.

2. 3. málsgrein sömu greinar orðist svo:

Skjóta má gjörð þeirra til 5 manna yfirmatsnefndar, er hinn íslensk landsyfirdómur kveður til í hvert skifti. Kostnað við yfirmat greiði sá, er um yfirmat biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverðinu. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

Nd. **235. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Nefndin felst á tillögur Jóns Þorlákssonar, verkfræðings landsins, í brjefi hans til Stjórnarráðsins 2. ágúst 1915:

1. Að vegarstefnan sje nægilega ákveðin með því einu, að láta »Búðardal« koma fyrir »Hjarðarholt«.
2. Að »tekin sje af tvímæli um viðhaldsskyldu vegarkaflanna, þau ár, sem ganga til þess, að koma breytingunni í framkvæmd«.
3. Að þjóðvegarkaflinn, sem fellur úr, sje gerður að sýsluvegi.

Hún flytur því breytingartillögur í samræmi við þessar tillögur hans.

Hún leggur til, að frv. verði síðan látið hafa sem greiðastan gang gegnum þingið, svo að fjárveitingin til brúargerðar á Ljá ónýtist eigi fyrir aðgerðir eða aðgerðaleysi löggjafarvaldsins. En brú þessi hefir lengi verið áhugamál hjeraðsins, og væri nú komin á, ef málið hefði eigi verið svæft í efri deild í fyrra.

Alþingi 4. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogi
skrifari.

Pjetur Jónsson. Jón Jónsson. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **236. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907.

Frá Veganefndinni.

1. Við 1. gr. Fella skal úr orðin »Breiðamel, Laxárbrú« og »Ljárskóga að Fáskrúð«.
2. Tveim nýjum greinum skal bæta inn í:

2. gr.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafla við, þar til er lokið er vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

3. 2. gr. verður 4. gr.

Ed. **237. LÖG**

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.

(Afgreidd frá Ed. 5. ágúst).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa. Ákvæðum hennar má þó skjóta til Stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar þessara laga setur Stjórnarráðið með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **238. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals-, Árskógs-, Reykdæla- og Aðaldælahreppum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Öxnadalshreppur og Árskógshreppur í Eyjafjarðarsýslu og Reykdælahreppur og Aðaldælahreppur í Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár.

Ed. **239. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs.

Frumvarp þetta er þingmannafrumvarp frá neðri deild. Í því var fyrst farið fram á 30 þúsund króna tillag úr landssjóði á ári til Landhelgissjóðsins, eða 25 þúsund króna hækkun frá því sem ákveðið er í Landhelgissjóðslögunum, en í meðferð málsins var þessi hækkun færð niður í 20 þús. kr. og frumvarpið þannig samþ. með allmiklum meiri hluta.

Nefndin viðurkennir þörfina á því, að þessum sjóði vaxi sem fyrst svo fiskur um hrygg, að hann geti innan mjög langs tíma komið landhelgisvörnunum að verklegum notum.

Á hinn bóginn er, eins og nú stendur, venju fremur óvíst um, hvernig fjárhagur landsins verður á næstu árum og að því leyti varlega farandi í að setja landssjóðsfje fast.

Eins og kunnugt er, var það tilætlunin með stofnun þessa sjóðs, að tryggja það, að sektir þær, er landssjóði áskotnuðust fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi yrðu ekki jafnóðum gerðar að eyðslufje, heldur á sínum tíma varið til eflingar fiskiveiðum landsmanna með því að verja þeim til landhelgisvarnanna.

Eftir reynslu undanfarinna ára hafa sektir þessar og andvirði upptæks afla og veiðarfæra numið miklu fje; mátti því gera ráð fyrir, að sjóðurinn efldist svo *af þeim*, að hann eftir ekki alllangan tíma gæti komið landhelgisvörnunum að verulegu liði. Sökum þess var tillag landssjóðs til sjóðsins ekki ákveðið hærra en gert er ráð fyrir í Landhelgissjóðslögunum, eða aðeins 5000 kr. á ári.

Nú horfir þetta nokkuð öðruvísi við. Meðan Norðurálfustyrjöldin stendur yfir, er ekki að vænta mikilla tekna fyrir sjóðinn, þar sem fiskiskipagangur til landsins er að mestu teptur. En hins vegar dregur það ekkert úr þörfinni á sem skjótustum vexti sjóðsins.

Nefndin hefir fengið skýrslu frá Stjórnarráðinu um hag Landhelgissjóðsins, er hún lætur fylgja nefndarálitinu, sem fylgiskjal. Samkvæmt því hefir hluti Landhelgissjóðsins af sektum og andvirði upptæks afla og veiðarfæra síðastliðið ár numið kr. 46340,51, en þetta ár er fyrsta ár laganna. Það sem er af þessu ári, hefir honum sama sem ekkert fje áskotnast og hlýtur því að kippa mjög úr vexti hans.

Af þessum rótum er hækkun landssjóðstillagsins í neðri deild runnin.

Landssjóðstillagið má skoða sem framlag til eflingar fiskiveiðanna og þegar á það er litið, hve yfirgnæfandi hluti landssjóðsteknanna kemur frá sjávarútveginum, má upphæð þessi ekki mikil kallast.

Nefndin verður því að leggja það til, að háttv. ed. samþykki frumvarpið óbreytt.

Að endingu verður nefndin að telja það miður farið, ef fje Landhelgissjóðsins liggur mjög lengi vaxtalaust fyrir honum í landssjóði (sbr. flgskj.).

Efri deild Alþingis, 5. ágúst 1915.

Kristinn Daníelsson, form.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Karl Finnbogason.

Fylgiskjal.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 4. ágúst 1915.

Hin háttvirta nefnd, sem efri deild Alþingis kaus til að íhuga breytingu á lögum um Landhelgissjóðinn, hefir beðist skýrslu um hve mikil eign sjóðsins hafi verið orðin um síðustu áramót.

Við síðustu áramót höfðu verið greiddar í Landhelgissjóðinn 31. des. 1914 ... kr. 5000,00
sem voru tillag landssjóðs fyrir það ár. 14. júlí þ. á. voru greiddar í sjóðinn ... — 5000,00
og þegar endurskoðun reikninganna yfir sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar, upptækan afla og veiðarfæri árið 1914 var lokið, 24. síðastliðinn, þá sýndi sig að hluti Landhelgissjóðsins af þeim var ... ... — 46340,51
Samtals... kr. 56340,51

Þessar síðast töldu kr. 46340,51, hef jeg ekki sjeð fært að borga út að svo stöddu, því á landssjóði hvíla svo miklar útborganir nú í svipinn, og landssjóður hefir undanfarin 2 ár greitt 200,000 kr. til Landsbankans, og 100,000 kr. til Eimskipafjelags Íslands, án þess að neitt fje sje komið þar í staðinn. Alþingi ætlaðist til að það skarð yrði fylt upp með láni, sem ekki hefir verið tekið enn og ekki er að vita hvenær tekið verður.

F. h. r.
e. u.

Indr. Einarsson.

Til
hr. alþingismanns, sjera Sigurðar Stefánssonar.
Alþingi.

Nd. **240. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Nefndin felst að öllu leyti á tillögur landsverkfræðings í brjefi til Stjórnarráðsins 31. júlí 1915, sem hjer er fylgiskjal.

Leggur hún til, að frv. þetta verði gert að lögum.

Alþingi 5. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Pjetur Jónsson. Jón Jónsson. Jóhann Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík 31. júlí 1915.

Með brjefi dags. 23. þ. m. hefir hið háa Stjórnarráð beiðst skýrslu minnar um það, hve mikla upphæð þyrfti á næsta hausti, og hve mikla upphæð á næsta fjárhagstímabili til þess að halda vegi þeim, sem nú er milli lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, í sæmilegu standi.

Út af þessu hefi jeg nú kynt mjer ástand nefnds vegar, og er það álit mitt, að á næsta hausti þurfi að verja til viðgerðar á honum alt að 500 krónum, og síðan alt að 1000 kr. árlega fyrst um sinn í tvö ár. Er þá gert ráð fyrir, að veginum verði, eins og hingað til, haldið við með því að bera ofan í hann ósigtaða möl, en engar breytingar gerðar á breidd hans eða legu; ræsi og smábrýr úr trje verði gerðar upp úr steinsteypu jafnóðum og nauðsyn krefur; en þegar til þess kæmi að byggja upp brúna í Kópavogi, þá þyrfti til þess sjerstaka fjárveitingu, og mun ekki til þess koma á næstu tveim árum.

Jafnframt hefur hið háa Stjórnarráð beiðst þess, að jeg gerði þær athugasemdir um þetta mál, sem mjer þætti ástæða til að gera.

Að því er snertir hin teknisku hlið málsins, sem mjer ber sjerstaklega um að fjalla, leyfi jeg mjer að vísa til þess, að jeg hefi í brjefi mínu til Stjórnarráðsins 4. mars þ. á. meðal annars tekið það fram:

1. Að engar gagngerðar endurbætur á þessum vegi geti orðið fullnægjandi, nema þær nái til *alls* vegarins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar; en þessi umræddi kafli milli lögsagnarumdæmanna er aðeins tæpur helmingur vegalengdarinnar.
2. Að ef landsjóður vill kosta *nýjan* veg, sem samsvarar umferðinni og kröfum tímans, á miðkaflanum (sem helst má ætla, að hafi verið tilstofnað með lögunum frá 2. nóv. 1914 um þennan veg), þá verður að leita samkomulags og samvinnu við bæjarstjórnirnar í Reykjavík og Hafnarfirði um, að þær geri samsvarandi umbætur á sínum köflum.
3. Hverjar þessar umbætur skuli vera, verður að ákveða eftir því, hve mikil umferðin um veginn er nú, með hæfilegri hliðsjón af væntanlegum vexti hennar í framtíðinni (og er hugsanlegt að þá komi í ljós að rjettara væri að leggja sporbraut og halda núverandi vegi við jafnframt henni, heldur en að ráðast í að leggja nýjan og dýran veg).
4. Það þarf því fyrst að athuga umferðina, og síðan gera áætlun um þannig lagaða samgöngubót, sem fullnægir henni, og málsaðiljar geta orðið ásáttir um. Gat jeg þess, að jeg mundi annast þennan undirbúning, ef hið háa Stjórnarráð mælti svo fyrir, en jeg hefi engar fyrirskipanir um það efni meðtekið enn þá, og þessvegna ekki byrjað á neinum slíkum undirbúningi.

Að því er snertir löggjafarhlið málsins, hefi jeg einnig áður látið í ljósi, að lögin frá 2. nóv. 1914 eru bæði ófullkominn og óheppileg. Þau gera landssjóði að skyldu að *leggja flutningabraut* milli lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þegar fje verður til þess veitt í fjárlögum. En þau eru ófullkomin að því leyti, að þau kveða ekki á um, hver skuli halda hinum núverandi vegi við, þangað til hin fyrirhugaða flutningabraut verður tekin til notkunar, en ákvæði um það eru nauðsynleg, vegna þess að fyrverandi sýsluvegur Kjósarsýslu, sem er nær helmingur vegalengdarinnar, telst sem stendur ekki til neins vegaflokks. Og óheppileg eru lögin að því leyti, að samkvæmt þeim og samkvæmt gildandi ákvæðum hinna almennu vegalaga, á að afhenda hverju sýslufjelagi til viðhalds þann kafla brautarinnar, sem liggur innan sýslumarkanna; en þetta er mjög ranglátt gagnvart Kjósarsýslu, sem hefur engin flutninganot af þessum vegi, er teljandi sjeu. Og loks má finna það að lögum þessum, að þau bera það ekki ótvírætt með sjer, hvort tilætlunin sje sú, að gera nýjan veg, fullkomnari en hinn núverandi, eða sú, að taka hinn núverandi veg í tölu flutningabrauta og afhenda hann eftir einhverja meiri eða minni viðgerð sýslufjelögunum til viðhalds.

Þegar ræðir um, að bæta úr þessum göllum, einkum að því er snertir ákvörðun viðhaldsskyldunnar, virðist naumast vera um nema tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að taka vegarkaflann í þjóðvegatölu, og láta landssjóð kosta viðhald hans eins og annara þjóðvega. Hin er sú, að skifta viðhaldskostnaðinum á hjeruð þau og kaupstaði, sem nota veginn, eftir notkunarhlutföllum. En það er mjög erfitt, ef ekki ókleift, að finna nokkurn ábyggilegan mælikvarða fyrir notkunar-hlutföllum; það eru kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður og svo Gullbringusýsla, sem nota veginn mest. Ef gera ætti tilraun til að ákveða notkunar-hlutföllin, þá yrði að ákveða þau fyrir allan veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, 9,25 km. í einu lagi, en ekki fyrir þenna miðkafla vegarins sjerstaklega.

Mjer sýnist hin leiðin tiltækilegri, að taka veginn í þjóðvegatölu, og leyfi jeg mjer að leggja til, að það sje gert, með svofeldri breytingu frá vegalögunum frá 1907:

Á eftir 3. gr. 10 komi nýr liður, svohljóðandi:

»11. Frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, milli lögsagnar-umdæmanna«.

Það óska jeg einnig, að taka fram, að þótt slík breyting á vegalögunum yrði lögtekin, þá mætti ekki skoða hana sem loforð um neitt annað eða meira en að landssjóður taki að sjer að halda við samskonar vegi, sem nú er á þessum stað, þ. e. mölbornum akvegi, ekki sem loforð um lagningu nýs og fullkomnari vegar. Mjer virðist ekki tímabært, að gera neinar ákvarðanir um lagningu nýs og fullkomnari vegar, fyr en rannsókn hefir farið fram á því, hvers muni með þurfa til þess, að fullnægja umferðinni.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

Nd. **241. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá ráðherra.

Við 6. gr.: Í stað »kr. 2,100,00« (við B. I. a. Laun háskólakennara) komi: kr. 2,350,00

Nd. **242. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnastöðum og lendingum (201)

Frá Guðm. Hannessyni.

Fyrir niðurlagsorðin: »bráðust þörf — — hafnargerðum« komi: ardsamast er og þýðingarmest fyrir fiskiveiðar vorar að hafnir sjeu gerðar eða lendingar bættar.

Nd. **243. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913. (Þingskj. 211).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli í burtu.
2. Við 2. gr. Greinin falli í burtu.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 5. gr. Niðurlag greinarinnar: »Getur þá« — »öðlast gildi« falli í burtu.

Nd. **244. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup á Þorlákshöfn.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Matthías Ólafsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að fela stjórninni að semja sem fyrst um kaup á jörðinni Þorlákshöfn í Árnessýslu, með öllu tilheyrandi, og verði samkomulag um verð og aðra skilmála, skal stjórnin festa kaup á henni.

Að öðrum kosti skorar neðri deild Alþingis á stjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um eignarnám á jörðinni, eða það af henni, sem nauðsynlegt er til fiskiskipahafnar, verbúða, fiskþurkunar o. s. frv., svo og nægilegt land til samgangna að höfninni og frá henni.

Nd. **245. Þingsályktun**

um forðagæslumálið.

(Samþykt í Nd. 6. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita álits og umsagnar allra hreppsnefnda um forðagæslumálið, og þá einkum um það:
   a, hvort þær telji lög í þeim efnum miða til verulegrar nytsemi eða ekki.
   b, hvort þær telji heppilegra — ef lög um þessi mál þykja á annað borð æskileg — almenn lög, eins eða svipuð þeim, sem nú eru í gildi, eða að eins heimildarlög í líkingu við tillögur þær, sem fram hafa komið, bæði frá Torfa sál. Bjarnasyni og fleirum.
2. Að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi — ef breytinga er almennt óskað — lagafrumvarp í sem fylstu samræmi við þær álitsgjörðir og óskir, er komið hafa fram.

Ed. **246. Frumvarp**

til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðshönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og íslensk fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvælum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Enn fremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugjörð eða reglugjörðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með

heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda Stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugjörð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugjörð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugjörð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar sinnum í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1916 sækja til Stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugjörðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er Stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum Stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugjörð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverjir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir vítavert hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverjir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna Stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má eigi veita nema í lengsta lagi til eins árs, og eigi má endurnýja þau oftar en svo, að innheimtu þeirra sje fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur Stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugjörð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi endurskoðenda sparisjóðsins, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur Stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það Stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugjörð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur Stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til

einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

22. gr.

Heimilt er að geyma um stundarsakir fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugjörð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renni í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

28. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

Ed. **248. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912 um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Vjer, sem háttv. efri deild fól að athuga frumvarp þetta, höfum allir orðið sammála um, að það horfi til góðrar nytsemdar.

Það er öllum vitanlega eitt hið mesta nauðsynjamál fyrir heilbrigði og varnir gegn sóttum, að gott og holt sje neysluvatn á hverju bygðu bóli.

Að vísu er þess víðast kostur á landi voru, þar sem gnægð er af lækjum og tærum lindum. En þó getur út af því brugðið, einkum í þjettbýli og kauptúnum.

Úr því hefir þó verið bætt talsvert á seinni árum með því, að allvíða hefir verið komið upp vatnsveitum með neysluvatnsæðum inn í hvert hús, og hafa vel stutt að því lögin frá 22. okt. 1912, sem sett voru til þess, að tryggja stofnun og rekstur slíkra vatnsveitu-fyrirtækja, og eru ein hin þörfustu lög.

En nú stendur svo á í sumum kauptúnum, að þannig löguðum vatnsveitum verður ekki við komið, og þá ekki annað ráð, en að grafa brunna, sem miklu máli skiftir, að sje góðir og vel frá þeim gengið. En til þess getur einnig þurft bæði all-mikinn stofnkostnað í upphafi og framhaldskostnað af greiðslu vaxta og afborgana af stofnfje, viðhaldi og rekstri.

Nú miðar hin fyrirliggjandi frumvarpsgrein til þess, að veita á sinn hátt þannig löguðum vatnsbólum sömu stoð, sem veitt er vatnsveitum með tilvitnuðum lögum.

Vjer höfum borið frumvarpið saman við sjálf lögin, og virðist oss öll ákvæði þeirra geta átt við á sama hátt um brunna, sem um vatnsveitur.

Sjerstaklega tókum vjer til athugunar, hvort við ætti að veita undanþágu frá vatnsskatti á húsum, sem hefðu fyrir sig eigið vatnsból og notuðu það. En þótt til tals gæti komið, að sanngjarnt væri í sjerstökum tilfellum, að slakað væri til nokkuð á gjaldi, þá virtist oss sveitastjórnir geta komið þeirri sanngirni að með þeirri flokkun á skattinum, sem ráðgerð er í 5. gr. laganna, og ekki nauðsyn að gera ráð fyrir slíkum undantekningum í þessari lagagrein.

En hins vegar er nytsemdarverk sem þetta, til svo mikils hags fyrir alt borgarafjelagið á hverjum stað, að skylt sje að enginn gangi undan með öllu, að ljetta undir framkvæmd þess.

Þykir oss því frumvarpið mega vera eins og það er, og leggjum til, að það sje samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 6. ágúst 1915.

G. Björnson, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Karl Finnbogason.

Ed. **249. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: maríuerlur,

steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbristingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar svo sem hjer segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. mars og eigi enda fyr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda- eða fýlaveiði.

4. gr.

A meðan lög þessi eru í gildi er bannað að flytja úr landi rjúpu og aðra fugla, að viðlagðri einnar krónu sekt fyrir hvern fugl, sem út er fluttur. Sektirnar renna í landssjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan Norðurálfuófriðurinn stendur; getur þá Stjórnarráð Íslands ákveðið með auglýsingu að 1., 2. og 3. gr. l. nr. 59, 10. nóv. 1913 skuli aftur öðlast gildi.

Ed. **250. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á hafnastöðum og lendingum.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að láta hafnarverkfróðan mann, á næstu árum, skoða leiðir og lendingar í helstu verstöðum landsins eða í nánd við þær, þar sem fiskiveiðar eru reknar haust og vetur, hvort eð

er á smáum eða stórum bátum og gera kostnaðaráætlanir um hafnargerðir og lendingabætur á þeim stöðum.

Rannsóknir þessar skulu fara fram í samráði við Fiskifjelag Íslands og samkvæmt áliti þess um, hvar arðsamast er og þýðingarmest fyrir fiskiveiðar vorar að hafnir sjeu gerðar eða lendingar bættar.

Nd. **251. Frumvarp**

til laga um póstsparisjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur póstsparisjóðsins er að auka sparsemi, með því að taka á móti fje til ávaxta á ábyrgð landssjóðs, og auka innstæðuna með því að bæta við vöxtum, en jafnframt að hafa alt af nægilegt fje handbært.

2. gr.

1. Hver og einn getur lagt fje í póstsparisjóð fyrir sjálfan sig og aðra.
2. Það er hægt að leggja fje í póstsparisjóð á pósthúsum þeim, sem póststjórnin ákveður, allan þann tíma, sem þau eru opin fyrir almenning.
3. Í fyrsta skifti sem fje er lagt inn, skal skýra frá fullu nafni þess, sem á fjeð, heimili og atvinnu, og ef hægt er fæðingarári og fæðingardegi.

   Þegar lagt er inn fje fyrir ómynduga, er einnig rjett að geta nafns foreldranna.
4. Sá, sem leggur inn fje fyrir annan, getur áskilið að eigi megi segja því upp til útborgunar fyr en eftir ákveðinn tíma.

   Vilji hann setja önnur skilyrði fyrir útborgun fjárins, verður hann að leggja það undir úrskurð póststjórnarinnar, hvort fjenu megi veita viðtöku með því skilyrði.

3. gr.

Ein króna er minsta upphæð, sem má leggja inn í póstsparisjóð í einu. Auk þess verður að eins lagt inn í heilum krónum.

4. gr.

Til þess að styðja sparsemi á minni upphæðum en krónu, sjer póststjórnin um, að hægt verði að fá sparimerki, til þess þannig að leggja inn í póstsparisjóðinn á þann hátt, sem sjerstaklega verður ákveðið.

5. gr.

1. Í fyrsta skifti, sem lagt er inn í póstsparisjóð, skal sá, sem það gerir, fá ókeypis viðskiftabók fyrir þann, sem á að fá hið innlagða fje. Í hvert skifti, sem lagt er inn, eða tekið út, skal upphæðin rituð í viðskiftabókina.

2. Þegar viðskiftabók er afhent, skulu rituð í hana skilyrði þau, sem kunna að hafa verið sett fyrir útborgun fjárins, og í henni á að vera útdráttur úr lögum þeim og ákvæðum, er snerta viðskifti almennings við póstsparisjóðinn.
3. Venjulega má enginn eiga meir en eina viðskiftabók við póstsparisjóðinn í einu. Þó geta ómyndugir fengið sjerstaka viðskiftabók, til þess að leggja inn eigið fje, þótt aðrir hafi lagt inn í sjóðinn fyrir þeirra reikning, og sömuleiðis aðrir, þegar viðskiftabækur þeirra hafa verið gefnar út með sjerstökum skilyrðum.

6. gr.

Til þess að kvittun fyrir innlögum sje gild, skal hún vera svo sem póststjórnin leggur fyrir.

7. gr.

1. Vexti af innstæðu skal að eins reikna fyrir heilan mánuð, frá og með næsta mánuði eftir að fjeð er lagt inn, til þess mánaðar, sem fjeð er tekið út.

   Þegar öll innstæðan ásamt vöxtum er tekin út, reiknast vextir til þess mánaðar, sem útgjaldaskipun póststjórnarinnar er gefin út.
2. Áfallnir vextir skulu lagðir við innstæðuna við lok hvers árs. Af allri innstæðunni skal síðan reikna vexti frá byrjun næsta árs, þó eigi nema af heilum krónum.
3. Nemi innstæða í einni viðskiftabók meiru en 2000 krónum, verða eigi greiddir vextir af því, sem fram yfir er.

8. gr.

1. Stjórnarráðið ákveður, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje.
2. Vaxtalækkun gengur eigi í gildi fyr en tveim mánuðum eftir að auglýsing um hana hefir verið birt.

9. gr.

1. Sá, sem vill taka út inneign sína eða hluta af henni, skal sýna viðskiftabók sína á pósthúsi og skriflega segja upp fjárhæðinni. Hann skal ákveða, hvar hann vilji fá fjeð útborgað.
2. Uppsagnarfrestur skal venjulega vera sem hjer segir:

   Alt að 100 krónum ..... minst 7 dagar.
   Yfir 100 kr. alt að 500 krónum ..... — 14 —
   — 500 — ..... — 30 —

   Þó verður uppsagnarfresturinn að laga sig eftir því að nái til útgjaldaskipunar póststjórnarinnar.

   Pósthúsið gefur nauðsynlegar upplýsingar um það.
3. Póststjórnin getur gefið fyrirmæli um það, með hvaða skilyrðum fje má greiða úr póstsparisjóði, án þess að bíða þess, að uppsagnarfrestur sje liðinn.
4. Sje eigi allri innstæðunni sagt upp, verður upphæð sú, sem um er að ræða, að vera í heilum krónum.

5. Hafi hlutaðeigandi eigi tekið fjeð innan fjórtán daga, frá því það, eftir uppsögninni og póstgöngunum, átti að vera handbært, verður uppsögnin álitin ógild, og vextir reiknast af fjenu eins og það hefði verið lagt inn í póstsparisjóðinn að nýju.

10. gr.

1. Þegar handhafi viðskiftabókar kemur til þess að taka út fje, sem hefir verið sagt upp, verður hann, ef póstmaður þekkir hann ekki, að styðja heimild sína með því, að koma fram með samskonar upplýsingar og ræðir um í 2. gr. 3.
2. Þegar upplýsingar þessar eru samhljóða þeim, sem gefnar voru, er lagt var inn, og engin ástæða er til að ætla, að maðurinn sje annar en hann segist vera, skal borga fjeð út.

Annars skal málið borið undir póststjórnina, sem gerir um það, hvort eigi að útborga eða vísa málinu til dómstólanna.

Hafi eigandi viðskiftabókar sagt upp öllu því, sem hann á inni í einni bók, skal viðskiftabókinni skilað í hendur þeim, sem greiðir fjeð.

11. gr.

1. Gift kona, sem á fje í póstsparisjóði, getur sagt því upp, og tekið það út án samþykkis manns hennar. Sömuleiðis geta unglingar, sem eru orðnir 10 ára, án leyfis fjárráðamanns ráðstafað fje því, sem þeir hafa lagt inn í póstsparisjóð.
2. Þegar svo stendur á, sem ræðir um í þessari grein, má eigi borga fje út úr póstsparisjóði til eiginmanns án samþykkis konu hans, nje til fjárhaldsmanns nema með samþykki hins ómynduga.

12. gr.

Sömu viðskiftabók má nota bæði þegar lagt er inn og tekið út, og við hvert pósthús, sem gegnir sparisjóðsstörfum.

13. gr.

1. Á hverju ári fyrir lok þess mánaðar, sem lagt hefir verið inn í póstsparisjóð í fyrsta skifti, er rjett að afhenda viðskiftabókina á einhverju pósthúsi, sem gegnir sparisjóðsstörfum, gegn kvittun, til þess að pósthúsið sendi hana til póststjórnarinnar, sem lætur rannsaka bókina og færa inn í hana vexti fyrir umliðið almanaksár. Eftir það verður viðskiftabók skilað eigandanum á sama pósthúsinu gegn nefndri kvittun.
2. Láti eigandi viðskiftabókar farast fyrir innan þess tíma, sem áður segir, að afhenda hana, og síðar kemur fram mismunur á viðskiftabók og reikningum póstsparisjóðsins, þá skulu reikningarnir, að því er snertir inneign eiganda, vera sönnun.

14. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn nje tekur út í fimtán ár samfleytt, þá ber póststjórninni ekki að greiða framvegis vexti af því fyr en

viðskifti hefjast að nýju. Verði það eigi innan 50 ára, skal fjeð ganga til póstsparisjóðsins.

15. gr.

1. Flytjist eignarrjettur að viðskiftabók frá einum til annars fyrir erfðir eða erfðaskrá eða fyrir gjaldþrot eða fjárnám, skal það þegar í stað tilkynnast póststjórninni.
2. Áður en sú tilkynning er framkomin og er samþykt, hefir flutningurinn eða framsalið engan rjett gagnvart póstsparisjóði.
3. Flutningur á eignarrjetti að viðskiftabók eða framsal á henni, getur eigi átt sjer stað, nema þegar svo stendur á, sem að framan segir í þessari grein undir 1. lið.

16. gr.

1. Glatist viðskiftabók, skal það þegar í stað tilkynt póststjórninni, og skal þeirri tilkynning fylgja skýrsla um það, hvenær og með hvaða atvikum að bókin hefir horfið.
2. Þegar póststjórnin fær slíka tilkynning, skal hún annast að viðskiftabókin verði þrisvar auglýst í Lögbirtingablaðinu.
3. Sex mánuðum eftir að síðasta auglýsingin hefir verið birt, má póststjórnin gefa út nýja viðskiftabók í stað hinnar týndu, en hún ákveður, hvort trygging beri að setja fyrir hinni nýju viðskiftabók og sömuleiðis, þegar svo ber undir, hve mikið skuli greiða fyrir hina nýju bók.
4. Þegar ný viðskiftabók hefir verið gefin út, verður hin fyrri viðskiftabók dauð og marklaus.

17. gr.

Ef eigandi viðskiftabókar fer þess á leit við póstjórnina, að keypt verði fyrir fje, sem hann á í sparisjóði, arðberandi skuldabrjef, samskonar og þau, sem póstsparisjóður má kaupa fyrir eigin reikning, á póststjórnin að annast kaup á slíku skuldabrjefi með svo lágu verði, sem kostur er á, og án ómakslauna, og ef hægt er, innan þess uppsagnarfrests, sem tiltekinn er í 9. gr. 1. Skuldabrjefið skal síðan afhendast eiganda viðskiftabókar á ákveðnu pósthúsi, mót greiðslu á burðargjaldi eftir vigt og verði, ef það hefir orðið að senda skuldabrjefið með pósti til eigandans.

18. gr.

1. Fje það, sem greitt er í póstsparisjóð og eigi þarf að hafa handbært, skal leggja inn í Landsbankann eða útibú hans.
2. Fyrir svo mikinn hluta af fje þessu, sem póststjórnin álítur hæfilegt, til þess þó að geta greitt fje það, sem kann að verða sagt upp í póstsparisjóði, skal póststjórnin kaupa arðberandi skuldabrjef, gefin út af landssjóði eða Landsbanka.

19. gr.

1. Kostnaður við rekstur póstsparisjóðsins, skal greiðast af tekjum þeim, sem fást við vaxtamismun.

2. Í byrjun, og svo lengi sem tekjur póstsparisjóðsins eigi hrökkva til þess, skal póstsjóður greiða það, sem kann að vanta á að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum.
3. Síðar meir, er póstsjóður hefir fengið endurgoldið það, sem hann hefir lagt til póstsparisjóðsins, skal ágóði póstsparisjóðsins allur ganga til hans sjálfs, honum til eflingar og tilgangi hans.

20. gr.

1. Eftir lok hvers reikningsárs skal Stjórnarráðinu send skýrsla um póstsparisjóðinn.
2. Jafnframt þessari skýrslu skal póststjórnin gera grein fyrir fje því, sem kann að vera ætlast til að póstsparisjóður verji það árið í ráðstafanir til að auka sparsemi almennings, einkum meðal fátæklinga.

21. gr.

Póststjórnin geymir verðbrjef póstsparisjóðs og annast sölu þeirra eða veðsetningu, eftir því sem hún álítur nauðsynlegt.

22. gr.

Enginn má gefa neinum upplýsingar um viðskifti póstsparisjóðs við þá, sem eiga inni hjá honum, öðrum en þeim sjálfum eða þeim, sem eru komnir í þeirra stað, eða hafa öðlast rjettindi þeirra.

23. gr.

Stjórnarráðið ákveður, hvenær póstsparisjóðurinn tekur til starfa.

Ed. **252. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttvirt deild fjekk frumvarp þetta til athugunar, hefir ekki að öllu leyti getað orðið sammála um nytsemi þess.

Tveimur nefndarmönnunum þykir kosningum til hreppsnefnda og sýslunefnda nægilega vel fyrirkomið með opinberri atkvæðagreiðslu, og að aukin fyrirhöfn og kostnaður sje að breyting þeirri, sem frumvarpið fer fram á.

Aftur á móti lítur einn nefndarmaðurinn svo á, að þótt lítið eitt meiri fyrirhöfn sje við leynilegar kosningar, sje sú aðferð miklu betri, að vilji kjósenda verði á þann hátt lausari við áhrif frá öðrum, og úrslit kosninganna sýni þar af leiðandi betur vilja almennings.

Þá má telja leynilegu aðferðinni það til gildis, að hún kemur í veg fyrir kala og jafnvel óvild, er kviknað hefir stundum manna á milli út af opinberum kosningum.

Að þetta hefir verið álit löggjafarvaldsins nú á síðari árum, sjest ljóslega á hinum ýmsu lögum um leynilegar kosningar, sem komið hafa frá Alþingi.

Kostnaðarauki við þessa breytingu á kosningaaðferðinni, er svo örlítill, að telja má beinlínis hjegóma, að á hann sje minst.

Ekki verður heldur annað sagt, en miklu máli skifti, hvernig þessar kosningar takast; sýslunefndirnar hafa fjárveitingarvald sýslnanna í sínum höndum og hreppsnefndir fjárráð hreppanna; er því mikið undir því komið, að þær sjeu skipaðar hæfum mönnum.

Miklar líkur, ef ekki vissa, er fyrir því, að aðferð sú, er hjer um ræðir tryggir þetta betur, og að síður verður tekið til greina kapp einstakra manna, að ná kosningu eða losna við hana.

Minni hluti nefndarinnar leggur því eindregið til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.

Í staðinn fyrir orðið »stóra« í fyrri málsgr. komi:
jafnstóra.
Síðari málsgr. greinarinnar orðist þannig:
Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru, skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

2. Við 4. gr.

Fyrir orðið »svo« í upphafi síðari málsgr. komi:
síðan.

3. Við 5. gr.

Aftan við orðið »seðlunum« í enda 1. málsgr. bætist:
eða ef tölurnar á honum eru fleiri en þeir, er kjósa skal.

Alþingi 6. ágúst 1915.

Guðm. Ólafsson
skrifari og framsögum.

Með skírskotun til þess er segir í nefndarálitinu og þeirri athugasemd, að okkur þykir rjettara að leitað sje álits hreppsnefnda um málið, leggjum við til að því sje frestað að þessu sinni.

Kristinn Daníelsson, form. Sigurður Stefánsson.

Nd. **253. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi (Stykkishólmsvegur).

Lögin 9. sept. 1899 um þenna veg gera raunar ráð fyrir því, að sýslurnar kosti viðhald hans, en lög 22. nóv. 1907 um vegi taka hann beinlínis í tölu þjóðvega (3. gr. 8. tölul.) og sýnist því sjálfsagt að viðhaldi hans sje háttað sem viðhaldi annara þjóðvega. En fyrsta málsgrein 18. gr. vegalaganna, sú málsgrein sem þetta frv. vill fella úr, gerir þann mun einan á þessum þjóðvegi og öðrum, að 14. gr. vegalaganna nær ekki til hans. Nú er það sem fyr segir sjálfsagt að allir þjóðvegir komi undir sömu grein laganna og breyting þessi mundi eigi baka landssjóði neinn kostnað, sem geti verið umtalsverður, og varð því nefndin á einu máli um það, að leggja til að frumvarp þetta yrði gert að lögum.

Alþingi, 6. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Jón Jónsson. Pjetur Jónsson. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **254. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 3 manna nefnd milli þinga, til að rannsaka orsakir slysfara hjer á landi, einkum drukknana, og koma fram með ákveðnar tillögur um:

1. Ráðstafanir til að afstýra slysförum.
2. Frumvarp til laga um slysatryggingar, einkum slysatryggingu sjómanna.

Ed. **255. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

32. gr. nefndra laga orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur

hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samfleytt búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, þó ekki skemur en 5 ár, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

33. gr. orðist þannig:

Nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt í fleiru en einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann dvaldi síðast. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

Ed. **256. Frumvarp**

til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 5000 kr. eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **257. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 90,200 kr. 61 e. til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:

Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.

— B. 6. Af þessu fje (til dómgæslu o. fl.) skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 22,084 kr. 71 e.:

Við 11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	20,000,00
— 12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
	Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
		Kr.	22,084,71

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 51,774 kr. 87 a.:

Við A. 3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins.. ...	kr.	1500,00
Við B. I.	1. c. Viðbót við skrifstofukostnað	—	13,04
— - II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^2/_3$ hlutar kostnaðar	—	449,56
— - III.	Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
— - XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^1/_3$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
— D.	Til ýmsra endurbóta...	—	28,712,27
— E.	Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
		Kr.	51,774,87

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 3,450 kr.:

	Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum	kr.	500,00
Við A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku.	—	600,00
— B. I. a.	Laun háskólakennara.	—	2,350,00
		Kr.	3,450,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til	þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar	—	4,000,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,380 kr. 76 a.:

Við 8. d.	Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915	kr.	200,00
Nýr liður.	Til Fossvallasmjörbús	—	380,76
— —	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914.	—	800,00
		Kr.	1,380,76

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... ... kr. 6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af 184 tn. af saltkjöti innfluttu 21. júlí 1914 kr. 570,40.

Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1752,54 frá 1. janúar 1914 að telja.

Nd. **258. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup á kornvöruforða til tryggingar landinu.

Flutningsmenn: Sig. Eggerz. Hjörtur Snorrason. Þórarinn Benediktsson. G. Eggerz.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að kaupa kornvöruforða til tryggingar landinu fyrir alt að 500 þúsund krónur.

Nd. **259. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um póstsparisjóði (þgskj. 251).

Frá ráðherra.

Við 14. gr. »50« verði:
20.

Nd. **260. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909 um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá minni hlutanum.

Vjer undirritaðir teljum frumvarp þetta hafa við mikil rök að styðjast. Höllumst vjer að þeirri skoðun, að betra væri fyrir Landsbankann, að stjórn hans væri skipuð þremur mönnum, sem allir gætu gengið að starfi sínu óskiftir, heldur en að hafa þá skipun sem nú er: tvo eiginlega bankastjóra, framkvæmdarstjórana, og auk þess tvo aðstoðarbankastjóra, gæslustjórana, sem ekki geta nema í hjáverkum sint bankanum, með því að laun þeirra eru svo lítil. Þá og í rauninni fremur lítil trygging fyrir því, að þeir sjeu hæfir til að taka þátt í bankastjórn, meðal annars af því, að þeir geta ekki gert þetta að aðallífsstarfi sínu. Virðist það auðsætt, að einn hæfur bankastjóri óskiftur mundi vinna bankanum miklu meira gagn en tveir gæslustjórar, þótt góðir væri, með þeirri skipun sem nú er. Og það virðist ekki ófyrirsynju, að auka og styrkja stórn Landsbankans, með sjerstöku tilliti til hinnar miklu aukningar á starfsfje hans, er varð með lögum nr. 50 frá 10. nóv. 1913. — Þá er og öll ástæða til þess, að landsstjórnin hafi enn meiri ráð yfir bankanum en áður, er svo mikið fje er lagt úr landssjóði til bankans, að næst er að skoða bankann beint sem hluta af landssjóði. Því er ekki óeðlilegt, að landsstjórn-

in sje óbundin af bankastjórn við skipun bókara og fjehirðis, og skipi fyrir um framkvæmd starfa bankastjóranna. — Vjer hyggjum að sú breyting, sem frumvarpið vill gera á skipun bankastjórnarinnar þyrfti ekki að hafa neinn verulegan kostnað í för með sjer fyrir bankann.

Þótt margt mæli með því, að einn maður af þremur í bankastjórninni sje lögfróður maður, þá erum vjer þó eigi þess fullvissir, að nauðsynlegt sje, að lögskipa, að svo skuli vera. Svo gæti stað á, að völ væri á manni til viðbótar í bankastjórnina, sem meira gagn gæti unnið bankanum, en nokkur lögfræðingur hjerlendur, sem kostur væri á.

Þótt vjer lítum svo á, að frumvarp þetta sje til verulegra bóta, þá höfum vjer þó talið rjett, að ráða hinni háttvirtu deild til þess að láta það ekki ganga fram á þessu þingi. Þegar um það er að ræða, að breyta skipun slíkrar stofnunar sem þjóðbanki er eða landsbanki, þá varðar það mestu, að breytingin sje vandlega athuguð, hitt minna, hvort hún komist á einu árinu fyr eða síðar.

Teljum vjer rjett, að þetta mál væri tekið til athugunar í sambandi við peningamál landsins yfirleitt, og að landsstjórnin ætti að rannsaka það til næsta þings, hvert gagn mætti af því verða, að reyndur bankamaður og fjármálamaður yrði fenginn til að athuga peningamál landsins, þar á meðal skipulag Landsbankans, og gera tillögur um endurbætur á því, ef þurfa þykir, svo og á hvern hátt verði útvegaður markaður fyrir íslensk verðbrjef, og bankanum komið í viðskiftasamband við erlendar peningastofnanir, og ennfremur, að landssjórnin geri þær ráðstafanir í þessu efni, er hún telur þörf á, og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar.

Neðri deild Alþingis, 7. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson. H. Hafstein.

Jón Magnússon,
framsögum.

Ed. **261. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Nefnd sú, er fjekk ofannefnt lagafrumvarp til meðferðar og athugunar, hefir haldið með sjer nokkra fundi, og skal hjer í stuttu máli skýrt frá áliti hennar og þeirri niðurstöðu, er hún hefir að komist.

Í heild sinni lítur nefndin svo á, að yfir höfuð stefni frumvarp það, er hjer er um ræða, að því að gera aðflutningsbannslögin framkvæmanlegri en ella. Og gengur nefndin að því vísu, að lögreglustjórum landsins og þeim mönnum, er eiga að hafa á hendi framkvæmd laga yfir höfuð og eftirlit með þeim, mundi

veita að mun ljettara að gæta áfengisbannslaganna eftir en áður, ef, eða þegar þetta frumvarp með tilætluðum breytingum næði fram að ganga.

Til að sannfærast um þetta, þarf ekki annað en að bera 1. gr. frumvarpsins, sem kveður svo á, að alt aðflutt áfengi skuli innsigla á fyrstu höfn, er skip kemur á, og vera stöðugt undir innsigli, þangað til skipið fer frá síðustu höfn á landinu, saman við 5. gr. bannlaganna, þar sem áfengi, er ætlað er til skipsforða er undanskilið innsiglan.

Því fer fjarri að bannlögin sjeu hert með umræddu frumvarpi nje með þeim breytingartillögum er nefndin gerir. Sektarákvæði gildandi laga haldast óbreytt og í raun og veru eru engin ný sektarákvæði sett inn, nema þau er um er að ræða í 2. grein.

Ákvæði þessarar greinar eru þó ekki nýmæli. Í reglugjörðum bæjanna eru heimilaðar samskonar ráðstafanir og meðferð á ölvuðum mönnum, er þeir raska ró og friði eða eru ósjálfbjarga. Enda verður að ætla, að frumv., ef að lögum yrði mundi ekki heimila að ölvaðir menn væru settir í hald og sektaðir, nema undir áðurnefndum kringumstæðum.

Frumvarpið miðar og til þess, að gera sum fyrirmæli bannlaganna skýrari og ákveðnari. Reynslan hefir sýnt, að erfitt og jafnvel ómögulegt er, að fá menn alment til að hlýða sumum ákvæðum laganna, sem þó eru alveg nauðsynleg, og má til þessa nefna það ákvæði, að eigendur áfengisbirgða skuli vera skyldir til, að gefa vottorð um birgðirnar. Var því óumflýjanlegt, að gera ný ákvæði, er láta varða við lög, ef fyrirmælum hinna fyrri ákvæða er ekki hlýtt.

Um einstök atriði var talsverður ágreiningur í nefndinni, og má gera ráð fyrir, að ágreiningsmennirnir skýri frá því sjerstaklega, hvar og hversvegna þeir hafa ekki getað orðið meiri hlutanum algerlega samferða.

Nefndin eða meiri hluti hennar leggur því til við háttvirta deild, að hún samþykki frumvarpið með þeim 17 breytingum, er standa á þingskjali nr. 262.

Fyrir breytingartillögunum mun verða gerð grein í framsögunni.

Alþingi 7. ágúst 1915.

Jósef Björnsson,	Björn Þorláksson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

G. Björnson.

Karl Einarsson,
með skírskotun til sjerstakra breytingartill.

Að ýmsu leyti ósamþykkur meðnefndarmönnum mínum (sbr. sjerstakar breytingartill.) og mun jeg gera grein fyrir afstöðu minni við umræðurnar.

Magnús Pjetursson.

Ed. **262. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Ný grein bætist framan við frumvarpið sem 1. grein, svohljóðandi:
   Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannslaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:
   ef það er unt.

2. Við 1. gr. sem verður 2. gr., í 2. málsgr. aftan við orðin »ábyrgist skipstjóri, að« bætist inn í:
   engu áfengi sje skotið undan innsiglun og að.

3. Við sömu gr., 4. málsgrein falli burt.

4. — — — í 5. málsgrein, sem verður 4. málsgr. fyrir, »öllum« komi:
   skipverja.

5. Síðasta málsgr. sömu greinar falli burt.

6. Við aðra gr., sem verður 3. gr., í 1. málsgrein fyrir »Geti hann ekki .... áfengi«, komi:
   Geri hann það ekki.

7. Síðari málsgr. 2. greinar orðist svo:
   Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur og aldrei lengur en 24 klukkustundir.

8. Við 3. gr., sem verður 4. gr., fyrir »4« komi:
   12.

9. Inn í sömu grein, milli beggja málsgreinanna bætist:
   Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.
   Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

10. Við söma gr. fyrir »14 daga« komi:
    8 vikna.

11. Við 4. gr. sem verður 5. grein: 1. málsgrein falli burt.

12. Í 2. málsgr. sömu greinar falli burtu orðið: «þessum«.

13. Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:
Um sölu áfengis sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að brugga úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

14. Við 5. gr. sem verður 6. gr.: Fyrri setningin orðist svo:
Brot gegn 2. grein laga þessara varði sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannslaga.

15. Við 6. gr. sem verður 7. gr., bætist:
Svo er og úr gildi feld 2. málsgrein í 2. grein í lögum nr, 23, 20. október 1913 um viðauka og breytingu á lögum um aðflutningsbann 30. júlí 1909.

16. 7. gr. verði 8. gr.

17. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist:
og lögum nr. 23, 20. oktober 1913 um viðauka og breytingu á þeim lögum.

Ed. **263. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Magnús Pjetursson og Karl Einarsson.

1. Við 1. gr.

5. málsgr. »Ekkert íslenskt fiskiskip o. s. frv.«, falli burt.

2. Við 4. gr.

3. málsgr. falli í burt, en í stað hennar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal Stjórnarráðið löggilda til lækninga með viðauka við lyfjaskrá landsins þessa áfengisvökva:
Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín, Cognac og öl (pilsner, þó í honum sje meira en $2^1/_4$ % vínanda að rúmmáli).

3. Við 5. gr.

Síðari málsl. falli burtu.

Ed. **264. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsm. Magnús Pjetursson.

1. við 1. gr.

Aftan við aðra málsgr. bætist:

Þó má Stjórnaráðið veita útlendum flutninga- og farþegaskipum leyfi til þess að hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má af forða þeim gefa eða selja öðrum en skipverjum.

2. við 2. gr.

Greinin orðist þannig:

Nú er maður ölvaður á almannafæri og má þá leiða hann fyrir dómara. Skal hann þá skyldur að skýra frá á hvern hátt hann hefir fengið áfengi það, er hann er ölvaður af orðinn. Vilji hann ekki gera það, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Nd. **265. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og hefir hún eigi gert neinar verulegar breytingar á því, frá því, sem það var þegar það var lagt fyrir deildina af stjórninni.

Frumvarp þetta var samið síðastliðinn vetur af skipstjórafjelaginu »Aldan« í Reykjavík og tók stjórnin það af fjelaginu og gerði það að sínu eigin máli. Hefir stjórnin getið þess í athugasemdum sínum við frumvarpið hvernig það sje til komið.

Áður en skipstjórafjelagið »Aldan fór þess á leit við stjórnina, að hún tæki málið að sjer, hafði það borið frumvarpið undir álit stjórnarnefndar Fiskifjelags Íslands og ársfund fjelagsins og hafði verið fallist á það, að efni til.

Orsökin til þess, að skipstjórafjelagið tók þetta mál til athugunar var sú, að óhæfilega litlar kröfur eða öllu heldur engar kröfur, höfðu verið gerðar til þeirra manna, er hingað til hafa stundað formensku á vjelabátum og smáum þiljubátum, innan við 12 smálesta. Hinsvegar þóttu kröfur þær, er hingað til hafa verið gerðar til skipstjóra á íslenskum fiskiskipum, sem stærri eru en 30 smálesta óþarflega harðar, bornar saman við kröfur þær, er útlendingar gera til slíkra manna. Á hinn bóginn gerir frumvarpið ráð fyrir víðtækri þekkingu hjá þeim mönnum er stjórna verslunar- og farþegaskipum.

Yfirleitt mun frumvarpið sanngjarnt, án þess að slaka til á rjettmætum

kröfum. Kröfurnar svara mjög vel til ábyrgðarinnar sem á mönnunum hvílir og til þeirrar atvinnu, sem hver staða um sig veitir.

Vjer höfum því að mestu getað fallist á frumvarpið, að efni til. Hinsvegar höfum vjer talið þörf á að breyta niðurröðun efnisins.

Skilyrðin fyrir rjetti til skipstjórnar og stýrimensku eru misjöfn, eftir því hvert skipið er og í hverskyns siglingum það er. Vjer höfum álitið aðgengilegra að hafa saman á einum stað í lögunum skilyrðin fyrir skipstjórnar og stýrimenskurjettindum fyrir hverja tegund skipa og höfum því lagt til, að þær greinar, er hljóða um samskonar rjettindi sje færðar saman í sjerstaka kafla með fyrirsögnum.

Af þessu hefir leitt að breyta hefir þurft tilvísunum til greinanna, sem verða allar aðrar í röðinni en þær voru áður.

Orðabreytingar höfum vjer fáar gert aðrar en þær, að vjer höfum tekið upp aftur orðmyndina »smálest«, eins og stóð í frumvarpi stjórnarinnar, í stað »lest«, sem efri deild leggur til að notað sje. Orðið »lest« mun í eldri lögum tákna aðra stærð en »ton«, sem »smálest« er þýðing á. Lestin mun hafa verið sem næst 2 »ton« eða um 2000 kg. Vjer álítum því eigi heppilegt að breyta þessu í þessum einu lögum þar sem »ton« í öllum öðrum lögum vorum mun nefnt smálest.

Á nokkrum stöðum höfum vjer felt úr óþarfar endurtekningar og mun þess frekar getið í framsögunni.

Á eina breytingu er vjer leggjum til að gerð sje, verður sjerstaklega að minnast. Hún er sú að fella burt staflið f. í 10. grein.

Í stjórnarskránni 19. júní þ. á. er tilsvarandi ákvæði fallið burtu og virtist þá sjálfsagt að fella það einnig úr gildi í öðrum lögum, eða að minsta kosti eigi taka það upp í nýja löggjöf.

Oss hefir eigi þótt rjett, að krefjast þess, að þeir, er verið hafa formenn á vjelabátum 4—12 smálesta, áður en lög þessi ganga í gildi skuli skyldir að afla sjer vottorðs, nje sanna að sjón þeirra sje svo góð, sem krafist er af skipstjórnarmönnum yfirleitt og höfum því lagt til að 19. grein sje breytt í þá átt.

Að síðustu skal þess getið, að vjer höfum eigi sjeð ástæðu til að stafliður c í 8. grein laga nr. 50 10. nóv. 1905 haldist í gildi til 1. jan. 1918 og höfum því lagt til, að hann sje einnig feldur úr gildi.

Vjer ráðum því háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingartillögum, er vjer berum fram á þingskjali 266.

Neðri deild Alþingis, 7. ágúst 1915.

G. Eggerz, form., með fyrirvara. Skúli Thoroddsen. M. J. Kristjánsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Matth. Ólafsson, skrifari.

Sigurður Gunnarsson. Þórarinn Benediktsson.

Nd. **266. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um atvinnu við siglingar.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

1. Eftir 1. grein frumvarpsins komi:

I. kafli.

Um rjett til formensku á skipum 4—12 smálestir.

2. Eftir 2. grein komi:

II. kafli.

Um rjett til skipstjórnar á skipum alt að 30 smálesta.

3. Eftir 9. grein, sem verði 4. grein komi:

III. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 300 smálesta, í innanlands og utanlandssiglingum.

4. 4. grein verði 5. grein.
5. 10. grein verði 6. grein.
6. 6. grein verði 7. grein.
7. 12. grein verði 8. grein.

8. Eftir 12. grein, sem verði 8. grein, komi:

IV. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum yfir 300 smálesta, í utanlandssiglingum.

9. 5. grein verði 9. grein.
10. 11. grein verði 10. grein.
11. 15. grein verði 11. grein.
12. 7. grein verði 12. grein.

13. Eftir 13. grein frumvarpsins komi:

V. kafli.

Ákvæði ýmislegs eðlis.

14. 8. grein verði 14. grein.
15. 14. grein verði 15. grein o. s. frv.

16. Í stað »6—12 lestir« í 1. línu 2. greinar komi:
4—12 smálesta,

og í 3. málsgrein sömu greinar »6—12« komi:
sama.

17. Í stað »lestir« á tveim stöðum í 3. grein komi:
smálestir.

18. Orðið »skipstjóri«, í annari línu 4. greinar, falli burt.
Í stað »lestir« í sömu grein komi:
smálesta.

19. Í stað »lestir«, í 5. grein komi:
smálesta
og í stað »15. grein«, í sömu grein komi:
11. grein.

20. Í stað »lestir«, í 6. grein komi:
smálesta.

21. Í stað »lestir«, í 7. grein komi:
smálestir
og í stað »15. grein« í sömu grein komi:
11. grein.

22. Í stað »lestir«, á tveim stöðum í 8. grein komi:
smálesta.

23. Í stað »12 lestir«, í 9. grein komi:
12 smálesta,
og í stað »6 lestir«, í sömu grein komi:
4 smálesta.

24. Í stað »lestir« í staflið b í 10. grein komi:
smálesta.
Stafliður »f.« í sömu grein, falli burt.

25. 11. grein orðist svo:
Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:
a. er fullveðja,
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn,
d. hefir staðist hið almenna stýrimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík,
e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum, og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

26. Í stað »lestir« í staflið b í 12. grein komi:
smálesta.

27. Í stað »b. og c. í 10. og b. í 11., 12. og 13. grein«, í 16. grein, komi:
b. og c. í 6. grein og b. í 8., 10. og 13. grein.

28. Í stað »10.—13. gr.« í enda 1. málsgreinar 17. greinar komi:
6., 8., 10. og 13. grein.

29. Fyrsta málsgrein 19. greinar orðist þannig:
Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannaprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
30. Í stað þessara orða í 22. gr. »að stafliðirnir c. í 8. gr. og a. í 9. gr. ganga«, komi:
að stafliður a. í 9. gr. gengur.

Ed. **267. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. orðin »nefndra laga« falli burt.
2. — 2. — á eftir orðunum »sveitarfjelagi« komi 5 ár eða lengur.
3. Aftan við aðra grein komi ný grein sem verður:

3. gr.

Í staðinn fyrir »10 ára dvöl« í 36. og 37. grein fátækralaganna komi: 5 ára dvöl.

Nd. **268. Breytingartillögur**

við frv. til laga um póstsparisjóði.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 8. gr. tölulið 2. Í stað, »tveim mánuðum« komi:
þrem mánuðum.

Við 9. gr. tölulið 2. Á eftir orðinu: »Uppsagnarfrestur« bætist inn í:
utan Reykjavíkur.

Við sömu gr. tölulið 3. Aftan við liðinn bætist:
Í Reykjavík þarf engan uppsagnarfrest.

Nd. **269. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir nú athugað þetta mál, og hefir enginn ágreiningur orðið um það í nefndinni að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir, og jafnvel með þeirri breytingu að tímatakmark þessarar viðbótar seðlaútgáfurjettar yrði framlengt til 1. des. 1917, eða fram yfir þann tíma á því ári, að hugsanlegt er, að Íslandsbanki gæti notfært sjer svo mikið af seðlum.

Meiri hlutinn hefir jafnvel viljað teygja sig nokkuð lengra, *að eins til samkomulags*, án þess þó að telja seðlaaukning eðlilega eða nauðsynlega. Miklu eðlilegra hefði verið á svona tímum *að takmarka* seðlaútgáfu, ef hægt hefði verið, til þess að gefa myntinni rúm í umferð í landinu.

Minni hlutinn hefir farið fram á að auka seðlaútgáfurjett Íslands banka »eftir því, sem viðskiftaþörfin krefur«, eða að minsta kosti um 1 miljón krónur, en það þykir meiri hlutanum mjög varhugavert, og alveg fráleitt, að veita seðlaútgáfurjett, eftir því sem, ef til vill, ímynduð viðskiftaþörf krefur, sem gæti leitt til ofmikils innflutnings af útlendum vörum, og óeðlilegrar verðhækkunar á öllu er gengur kaupum og sölum. Og auk þess leiðir ofmikil seðlaútgáfa til aukins fjárbralls (Spekulationa) og útrýmir gulli úr landinu. Og hættan er því meiri sem seðlaútgáfurjetturinn er *ódýrari*.

Ef banki t. d. fær að gefa út seðla á þann hátt, að borga sárlítið eða ekkert fyrir seðlaútgáfurjettinn, þá er freistingin nærri, einkum ef bankinn er hlutafjelagsbanki undir privatmanna stjórn, að koma seðlum sínum út, jafnvel þó fyrirtækin, sem þeir eru lánaðir til, væru til engra hagsmuna fyrir þjóðina, og jafnvel til óþurftar. Og það virðist ekki ábyrgðarlítið fyrir Alþingi að gefa einni stofnun lögþvingað lánstraust hjá þjóðinni svo miljónum skiftir, tryggingarlítið. Og eins og kunnugt er, eru seðlar Íslandsbanka lögboðinn gjaldeyrir með lögþvinguðu ákvæðisverði, sem er fremur sjaldgæft. Og því varhugaverðara er að gera það, sem mjög greinilega var skýrt frá því á síðasta þingi, og það jafnvel af núverandi ráðherra, (sbr. þingskj. 405) að löggjöf bankans væri mjög ábótavant, í öllu því er lýtur að ábyggilegu eftirliti með bankanum, en í *ströngu eftirliti felst aðaltryggingin* fyrir því, að þjóðin eigi geti beðið neinn skaða við það, að veita bankanum hið mikla lánstraust, sem hann hefir notið hjá almenningi og nemur nú $2^1/_2$ miljón króna.

Af því hugmyndir manna um seðlaútgáfurjett, eru mjög á reiki, og óljósar, virðist nefndinni nauðsynlegt að skýra dálítið nánar hvað í slíkum rjetti felst og hvernig best verði fyrir það girt, að þjóðin geti beðið neitt tjón af notkun bankaseðla. Og það er því meiri ástæða til þess, sem flestar þjóðir hafa fyr eða síðar strandað á því skeri, að gefa ofmikið út af seðlum.

Svo virðist sem sumir líti svo á, að trygging sú, sem sett er alment

fyrir því, að seðlabankar geti innleyst seðla sína með mynt er krafist er, sje *veð fyrir öllum seðlum sem í umferð eru á hverjum tíma,* sje nokkurskonar *handveð,* og *að seðlarnir* sjeu því *forgangsskuld,* ef seðlabankarnir verða gjaldþrota, sem eigi hefir svo sjaldan fyrir komið.

En þetta er algerður misskilningur. Verði seðlabanki gjaldþrota, þá eru seðlarnir að voru áliti, eins og hver önnur skuldakrafa í þrotabúi, sem engan forgangsrjett hefir.

Tryggingin fyrir því, að handhafar bankaseðla eigi bíði neitt tjón, felst því alls eigi í því, að þeir hafi neina *veðtryggingu* hjá seðlabankanum, heldur felst hún í því, að bankarnir standi undir *ströngu* og *ábyggilegu eftirliti* af *hálfu hins opinbera, og að lög bankanna taki það ótvírætt fram,* hvernig eftirlitinu skuli hagað.

Nú voru leidd ljós rök að því, á síðasta þingi, *að hin nauðsynlegustu fyrirmæli um þetta eftirlit vantaði í lögin um stofnun Íslandsbanka.*

Hjer brestur því þá tryggingu, sem önnur lönd setja fyrir seðlaútgáfurjetti.

Og þar sem svo ljóslega var fundið að þessu á síðasta þingi, þá var ekkert eðlilegra, heldur en Íslandsbanki hefði *boðið fram* lögun á löggjöfinni í þessu efni, handhöfum seðlanna til tryggingar, *og bankanum sjálfum til ómetanlegs gagns.*

Í stað þess fer hann nú fram á ótakmarkaðan seðlaútgáfurjett, eða að minsta kosti 1 milj. króna seðla-aukning, án þess að bæta úr vöntun þessarar sjálfsögðu tryggingar, og án þess að leiða nokkur rök að því, að hættulaust sje að gefa út meira af seðlum hjer á landi.

En til þess að dæma um það, þarf grundvallaða rannsókn óvilhallra, og þar til hæfra manna, en það er eigi hægt að framkvæma á stuttum tíma.

Það virðist því augljóst, að hið lögskipaða lánstraust hjá þjóðinni $2^1/_2$ miljón í seðlum, er veitt bankanum eingöngu upp á hans »ærlega andlit«, án þess tekið sje tillit til þeirra trygginga, sem önnur lönd heimta fyrir slíku lögboðnu lánstrausti, seðlabankanna.

Það ætti að vera öllum ljóst, að Alþingi verður að gæta mestu varúðar í því, að beita minni varkárni í fjármálum sínum, en nágrannaþjóðirnar, þar sem það mundi ganga út yfir lánstraust landsins yfirleitt, sem má síst við því að veikjast.

Hvert einasta land, sem veitir banka rjett til þess að gefa út bankaseðla, gerir það samkvæmt nákvæmri rannsókn á því, hvað mest megi gefa út af seðlum, eins og sjá má af skýrslunni með nefndaráliti þessu.

Þess vegna ákveða flest lönd, hvað mikið megi vera í umferð af seðlum umfram gull það, sem seðlabankinn hefir í vörslum sínum, seðlunum til innlausnar.

Flest lönd munu gæta þess, að eigi geti verið meira af seðlum í umferð, en sem svarar helmingnum af nauðsynlegum gjaldmiðli, eða minna, eða sem svarar því sem viðskiftin í landinu eru meiri á nokkrum tíma árs, en þau eru í meðallagi aðra tíma ársins.

Meðfylgjandi skýrsla sýnir þetta ljósast.

Skýrslan sýnir:

1. Hvað 12-seðlabankar mega gefa út mikið af seðlum.
2. Hver gullforðatryggingin er.
3. Hvað sú *raunverulega* gullforðatrygging hefir numið *til jafnaðar* í 5 ár (1908—1912).
4. Fólkstölu landanna, *fyrir utan nýlendur.*
5. Hvað margar krónur koma þá á mann í ógulltrygðum seðlum.
6. Og loksins með hvaða skilmálum hin ýmsu lönd veita leyfi til þess, að gefa út meira af seðlum, en upphaflega hefir verið ákveðið, að gefa mætti út að jafnaði.

Af skýrslunni sjest, að hin raunverulega mynttrygging er venjulega miklu meiri en hin lögákveðna gullforðatrygging, og að gullforðatryggingin er að meðaltali *langlægst* hjá Íslandsbanka, enda þótt hann reki stór sparisjóðsviðskifti, sem öðrum seðlabönkum mun ekki leyft að reka. Og eigi er auðið að sjá af reikningum þess banka, hvað myntforðinn er að meðaltali á hverju ári; að eins sjest, hvað hann er í lok hvers árs, og nam hann í árslokin, að meðaltali í 5 ár (1908—1912,) 33½ af seðlafúlgunni, sem var í umferð.

Af skýrslunni má ennfremur sjá, að af 11 eða 12 bönkum gefur Íslandsbanki mest út af *ógulltrygðum* seðlum á mann í landinu, þó ekki sje tekið tillit til seðla landssjóðs.

En einhverjar þýðingarmestu upplýsingarnar, sem skýrsla þessi veitir, eru athugasemdirnar við hvert land um það, *með hvaða kostum bankarnir mega gefa út seðla umfram það, sem reynslan og vísindin hafa komist að niðurstöðu um, að gefa megi út jafnaðarlega af seðlum.*

Í flestum löndunum er leyft að fara út yfir þetta takmark, *en þess vandlega gætt, að bankarnir hafi engan hag af því,* annan en þann, að geta gripið til einhvers gjaldmiðils, ef fyrir kemur, að áætlanir þeirra um viðskifti, er þeir hafa tekið að sjer, raskast fyrir einhver ófyrirsjeð óhöpp, óvanalegt misæri, verkföll o. s. frv.

Bönkunum er þá til ómetanlegs gagns að geta gripið til svona fjár, til þess að geta komið sjer úr klípu, *þó þeir hafi engan beinan arð* af slíkum seðlum.

Að miða seðlaútgáfu við það, sem svonefnd »viðskiftaþörf« krefur er harla óábyggilegur grundvöllur, enda mun *sá grundvöllur* alls eigi vera notaður í öðrum löndum, sem aðalgrundvöllur. Það þarf ekki annað en benda á seðlabankafyrirkomulagið í Bandaríkjunum og Kanada til að sjá það. Þar er ákveðið að hver seðlabanki megi að jafnaði gefa út í seðlum *jafnmikla upphæð og innborgað hlutafje nemur* (með markaðsverði). Þar er því ekki bygt á þessari svonefndu viðskiftaþörf.

Lög Kanada um seðlabanka eru frá 1913, og því sennilega nýjustu lögin um það efni.

Það virðist og fjarstæða, að veita seðlabanka seðlaútgáfurjett, eftir því sem *hann* álítur að hann þurfi að brúka af seðlum, eða geti komið út, og því meiri fjarstæða er það, þegar seðlaútgáfurjetturinn þá líka á að vera ódýr eins og áður er skýrt.

Þar sem það hlýtur að vera afarörðugt fyrir Alþingi að gera sjer grein fyrir hvað ráðlegt sje að gefa út af seðlum hjer á landi, þá vill meiri hluti

nefndarinnar eindregið ráða til þess að Alþingi taki upp grundvöll þann, sem Bandamenn hafa valið sjer, sem er og í fullu samræmi við skoðun *stofnenda Íslandsbanka*, en leyfa honum í *viðlögum* að gefa út ½ miljón kr. umfram.

Eins og andmælendur seðlaaukningarinnar á síðasta þingi bentu á, var alls eigi brýn nauðsyn til að auka við seðlana þá. Reynslan hefir og sýnt, að Íslandsbanki notaði ekki alla sína gömlu seðlafúlgu, og átti þó inni erlendis allmikið fje alt árið. Og öldungis eins mundi það vera nú, og jafnvel að mun minni ástæða til seðlaaukningar nú en í fyrra, þar sem sumarið í ár hefir verið mesta þurka sumar, og saltfiskur því komist fljótar í verð en í fyrra, enda meira selt af óverkuðum fiski í vor en dæmi eru til áður.

Peningaaðstreymi að bönkunum hefir því verið óvenjulega mikið það sem af er árinu, og mun halda áfram vegna hins háa verðs á öllum afurðum.

En þrátt fyrir þetta, og að eins til þess að styðja að góðu samkomulagi, að svo miklu leyti sem í voru valdi stendur, vill meiri hluti nefndarinnar leggja til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu, að gildi laganna nái til 1. des. 1917.

Ef vjer gætum búist við því, að Alþingi hagaði sjer í þessu máli eins og þing annara landa, sem hafa bæði reynsluna og þekkinguna að baki sjer, og máttinn til að framfylgja því rjetta í aðalmálum síns lands, eins og skýrslan sýnir, þá mundum vjer halda því fram, að Íslandsbanki greiddi 5½ % af þeim hluta seðlaviðbótarinnar, sem eigi er gulltrygður — en 5½ % vextir munu vera hjer meðal banka-útlánsvextir.

En þar sem eigi mun nein von um, að Alþingi notfæri sjer þessa grundvallarreglu annara landa til þess að fyrirbyggja óhæfilega mikla notkun bankaseðla, þá er meiri hlutanum alveg sama um, hvort bankinn er látinn borga 2 % skatt af seðlunum eða ekki neitt, því *það* er ekki aðalatriðið fyrir nefndinni, að fyrirbyggja, að bankinn njóti hags, þó óeðlilegur sje, af notkun seðlaviðbótarinnar, heldur að koma í veg fyrir að hann gefi út of mikið af seðlum, borið saman við önnur lönd, sem gæti orðið landinu fremur til niðurdreps en stuðnings, þegar öllu væri á botninn hvolft, og það mundi fljótt koma í ljós, ef vjer yrðum fyrir verulegu misæri. Landssjóðurinn mundi þá jafnvel ekki verða ósnortinn.

Vjer ráðum svo til að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingu.

BREYTINGARTILLAGA.

Fyrir »til loka septembermánaðar 1915« komi:
1. desember 1917.

Neðri deild Alþingis, 9. ágúst 1915.

Hjörtur Snorrason, formaður.	Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.
Jón Jónsson.	Þorleifur Jónsson.

Skýrsla um seðlaútgáfu og tryggingu fyrir seglaútgáfu nokkurra landa.

Seðlabankarnir	Ákveðin seðlaútgáfa	Gullforðatrygging að lögum	Raunveruleg gullforðatrygging meðaltal árin 1908—1912	Fólkstala landanna	Kemur þá á mann í *ógulltryggðum* seðlum kr.	aur.
1. Englandsbanki...	£ 18,450,000	má vera ógulltrygt	130%	1911 46,035,570	10	80
2. Ríkisbankinn þýski.....	Mrk. 750 milj.	minst 1/3	70% þar af mynt 66%	1913 64,925,993	7	08
3. Austurríkis- og Ungverjabanki...	Kr. 600 milj.	40%	78 1/2% þar af í mynt 75%	1911 51,890,000	5	80
4. Banki Ítaliu.....	Lir. 660 milj.	40% þar af í mynt 73%	79% þar af í mynt 73%	1911 34,813,975	13	00
5. Rússlandsbanki..	Rubl. 600 milj.	50% í gulli	119% þar af í mynt 105%	1911 133,055,000	4	33
6. Finnlandsbanki..	Mrk. 40 milj.	50%	117%	1911 3,154,825	9	10
7. Ríkisbanki Svía..	Kr. 100 milj. framyfir gullforða	40 milj. *minsti gullforði*	58% þar af í gullm. 43%	1911 5,561,899	17	95
8. Noregsbanki.....	Kr. 35 milj. umfram gullforða		63% þar af í gullm. 39%	1912 2,435,705	14	30
9. Ísland.						
Íslandsbanki.....	Kr. 2,500,000	37 1/2%	40.7%	85,183	18	34
Landssjóðsseðlar	Kr. 750,000	ógulltrygðir	.....	.....	8	80
				Kr.	27	14
10. Kanadabankar...	Bankarnir mega gefa út jafnmikið og innborguðu hlutafje þeirra nemur *eftir markaðsverði.*					
11. Bandaríkjabankar.....	Mega gefa út jafnmikið í seðlum og innborguðu hlutafje bankanna nemur *eftir markaðsverði*					

1. Heimilt er Englandsbanka að gefa meira út af seðlum gegn *jafngildi* í gulli.

2. Heimilt er þýska ríkisbankanum að gefa meira út af seðlum gegn 5% vöxtum á ári af ógulltrygðu viðbótinni, sem greiðist 7., 15. og 23. hvers mánaðar. Þannig verður skatturinn 5.48%.

3. Austurríkis- og Ungverjalands-bankinn má auka seðla sína nákvæmlega eftir sömu reglu og ríkisbankinn þýski.

4. Banki Ítala má aldrei hafa minni gullforða en 40%. Sje gefið meira út en 660 miljónir fær ríkið 1/3 forvaxta af fyrstu 50 milj.; 2/3 forvaxta af 50—100 milj.; *alla forvextina* á 100—150 milj. og ef gefið er út 150 milj. eða meira 7 1/2% ársvexti.

5. Má gefa út meira gegn *jafngildi* í gulli.

6. Finnlandsbanki má gefa út 10 milj. umfram hina ákveðnu upphæð án skatts, *ef brýna bráðabirgða nauðsyn ber til,* og með landsstjórnarleyfi.

7. Ríkisbankinn sænski má ekki gefa meira út í ógulltrygðum seðlum.

8. Noregsbanki má með leyfi landsstjórnarinnar, og af gildum ástæðum, gefa meira út af ógulltrygðum seðlum gegn 6% ársvöxtum í ríkissjóð fyrir 1. mánuðinn, sem svo hækkar um 1/2% fyrir hvern mánuð.
9. óútkljáð.

10. Kanadabankarnir mega gefa út meira af seðlum, en hlutafje þeirra nemur, *gegn jafngildi í gulli,* sem afhent er landsstjórninni til geymslu (central gold reserves). Þeir mega og gefa út 15% að auki í seðlum um uppskerutímann (1. sept. til síðasta febr.) gegn 5% skatti í ríkissjóð.

11. Bandaríkjabankarnir mega gefa út meira af seðlum gegn 5% ársvöxtum 1. mánuðinn, sem fari hækkandi um 1% fyrir hvern mánuð sem á eftir fer, upp að 10%. *Alls* má gefa út af seðlum í Bandaríkjunum, *gulltrygðum og ógulltrygðum,* 500 miljónir dollara. Fólkstalan var 1913 106,530,520. Koma þá á mann kr. 16,60.

Nd. **270. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Oss hefir verið falið ofannefnt frumvarp til athugunar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og var lagt fyrir háttv. efri deild Alþingis, er setti nefnd í það.

Nefndin í efri deild gerði á því að eins örfáar breytingar og þó engar á efni þess. Teljum vjer þær til bóta.

Vjer erum sammála háttvirtri nefnd í efri deildinni, bæði um nauðsyn vjelstjóraskóla og um efni frumvarpsins og ráðum því deildinni eindregið til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 9. ágúst 1915.

G. Eggerz, formaður.	Matth. Ólafsson, skrifari.

Sigurður Gunnarsson. Skúli Thoroddsen. M. J. Kristjánsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Þórarinn Benediktsson.

Nd. **271. LÖG**

um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals-, Árskógs-, Reykdæla- og Aðaldælahreppum.

(Afgreidd frá Nd. 9. ágúst).

Öxnadalshreppur og Árskógshreppur í Eyjafjarðarsýslu og Reykdælahreppur og Aðaldælahreppur í Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár.

Nd. **272. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1.

Annan tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttu-

brekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafla við, þar til er lokið er vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Nd. **273. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

32. gr. orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samfleytt búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, þó ekki skemur en 5 ár, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

33. gr. orðist þannig:

Nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt í fleiru en einu sveitarfjelagi, 5 ár eða lengur og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann dvaldi síðast. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

3. gr.

Í staðinn fyrir »10 ára dvöl« í 36. og 37. grein fátækralaganna komi: 5 ára dvöl.

Nd. **274. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

18. gr. orðist svo:

Landssjóður kostar viðhald þjóðvega með undantekningum þeim, er getur um í 16. gr.

Nd. **275. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

Nd. **276. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

Frá G. Eggerz.

Við 2. gr.

8. liður falli burt.

Ed. **277. Rökstudd dagskrá**

(feld í Ed. 9. ágúst).

(Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, þgskj. 135).

Flm. Guðmundur Björnson.

Deildin frestar umræðum um þetta mál hálfan mánuð og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **278. Breytingartillaga**

við frv. til laga um atvinnu við siglingar.

Frá G. Eggers.

2. gr. falli burt.

Nd. **279. Nefndarálit**

um frumv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Frá minni hluta bankamálanefndarinnar.

Vjer undirritaðir, er kosnir höfum verið í nefnd af háttvirti neðri deild, til þess að íhuga stjórnarfrumvörp þau um bankamál, er lögð hafa verið fyrir deildina, höfum ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum vorum allskostar samdóma að því er snertir bráðabirgðarlög nr. 59 dags. 30. nóvbr. 1914, um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá. er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Oss er það ljóst, ekki síður en miklum meiri hluta á alþingi 1914, að brýn þörf er á því að auka seðlaútgáfurjett bankans. Enginn mun treysta sjer til að neita því lengur, að viðskiftaþörfin í landinu krefst aukins gjaldmiðils og aldrei hefir þetta komið betur fram en einmitt nú í sumar, því að miklu meir hefir þurft af seðlum á þessu sumri til að fullnægja viðskiftaþörfinni en nokkru sinni áður.

Landsbankinn hefir nú orðið að jafnaði alla sína seðla úti, en seðlafúlga hans (landssjóðsseðlarnir) er, eins og kunnugt er..... 750.000 kr.

Nú um mánaðamótin síðustu voru í umferð af seðlum Íslandsbanka ..... 2,552,255 —

Af dönskum seðlum, sem bankarnir báðir hafa neyðst til að flytja hingað til lands bæði í fyrra og í sumar, mun eflaust sem stendur vera í umferð að minsta kosti..... 500,000 —

Auk þessara samtals 3,802,255 kr.

er talsvert í umferð hjer á landi af norskum og jafnvel sænskum seðlum, og er eigi ofmikið úr gert, þó það sje að minsta kosti lagt að jöfnu á við það, er bankarnir og útbú þeirra hafa átt í sjóði um mánaðamótin síðustu af þeim seðlum, sem taldir eru í umferð hjer að ofan.

Hámarkinu fyrir gjaldmiðilsþörfinni á þessu ári er þó hvergi nærri náð enn þá, því að eftir margra ára reynslu undanfarið er allajafna mest af seðlum í umferð í október og nóvembermánuðum ár hvert og ekki er útlit fyrir að öðruvísi muni verða í ár, þar sem enn eru óútfluttar og að mestu óborgaðar miklar birgðir af þurkuðum saltfiski, öll síld, alt kjöt, gærur o. fl.

Með þeirri framleiðslu sem hjer á landi er orðin, sem betur fer, og hækkandi verðlagi á því nær öllum afurðum og varningi, innlendum og erlendum, mun mega fullyrða að ekki veiti af alt að 5 miljóna króna gjaldmiðli (seðlum eða peningum) til að fullnægja viðskiftaþörfinni í öllu falli að sumrinu og haustinu til. — Tjáir í þessu efni ekki að vitna í ástandið eins og það var hjer á landi fyrir 10—20 árum síðan; svo mjög hafa ástæður breyst.

Bankarnir hafa nú rjett til að setja í umferð að eins 3,250,000 kr. auk þeirrar $^1/_2$ milj. króna sem heimiluð er um stundarsakir með ofannefndum bráðabirgðalögum. — Vantar þá samkvæmt ofansögðu talsvert á aðra miljón króna gjaldmiðils og úr þessu verður að bæta, ef ekki á að hefta alla frekari framleiðslu í landinu, stöðva öll verkleg framfarafyrirtæki og koma verslun landsins í gamla vöruskifta og einokunarhorfið, og þá um leið gera verslunina sem mest erlenda, eins og áður var.

Hjá flestum öðrum siðuðum þjóðum er því svo fyrirkomið, að bæta má úr gjaldmiðilsþörfinni á þann hátt, að banki sá eða bankar, sem til þess hafa sjerstaka heimild, mega gefa út seðla með þar til settum skilyrðum, annaðhvort eftir því sem viðskiftaþörfin krefur eða upp að einhverju hámarki, sem miðað er við viðskiftaþörfina á hlutaðeigandi stað eða landi. — En þó nú að því nær allar aðrar þjóðir hafi um mjög langt áraskeið talið þetta fyrirkomulag langbest og haganlegast til að fullnægja gjaldmiðilsþörfinni, þá má að vísu hugsa sjer fleiri leiðir, *ef þær þá reynast færar.* Það má t. d. bjóða svo fyrir — og á þeirri hugsun hefir bólað hjá einstaka manni á landi hjer — að *ekki* megi setja í umferð af *innlendum* seðlum nema nokkurn hluta þess gjaldmiðils sem viðskiftaþörfin krefur, hitt *skuli* vera í gulli, silfri eða þá *erlendum* seðlum. En það er ofboð hætt við því, að á slíku fyrirkomulagi reyndust hjer á landi, ekki síður en annarstaðar, allmargir og stórir agnúar, og víst er um það, að eins og nú er ástatt er þessi leið ófær með öllu og óframkvæmanleg að því er myntaða peninga snertir.

Myntaða peninga, sem gjaldgengir eru hjer á landi, er eigi unt að útvega frá útlöndum vegna útflutningsbanns þar, meðan á stríðinu stendur. Um þá leið getur því að svo stöddu eigi verið að ræða og þarf því eigi að þessu sinni að fara frekar út í þá hlið málsins.

Með erlendum seðlum er ekki ókleift — þó illkleift sje nú — að bæta úr gjaldmiðilsþörfinni, að svo miklu leyti sem erlendir seðlar hafa gjaldgengi í landinu. En á því getur leikið nokkur efi, hvort sú aðferð að flytja inn í landið stærri eða minni fúlgu af erlendum seðlum til takmarkalausrar umferðar, ekki komi í bága við rjett Íslandsbanka samkvæmt 8. gr. laga 10. nóvbr. 1905. — En þó nú að bankinn ljeti, eins og hann hingað til hefir gert, umferð allra erlendra seðla — aðallega danskra seðla — óátalda og tæki þá jafnvel í umferð sjálfur, þá má fyrst og fremst benda á það, hve ósanngjarnlegt það er við sjálfstæðis- og þjóðrækniss tefnu vor Íslendinga að kosta, alveg að óþörfu, miklu fje til þess að hafa danska seðla í umferð, þó að vjer höfum fullan rjett á — eins og allar aðrar þjóðir gera — að útrýma umferð erlendra seðla með útgáfu innlendra seðla, og njóta þannig sjálfir hagsmunanna af seðlaútgáfurjettinum.

Þá er hitt eigi síður athugavert, hve miklu dýrara það er að útvega og setja í umferð danska seðla en innlenda. Sjerstaklega er þess að gæta, að flutn-

ingur hingað til lands á dönskum seðlum er mjög örðugur og kostnaðarsamur, meðan á stríðinu stendur.

Á það þarf að sjálfsögðu eigi að benda, að þess dýrari og örðugri sem útvegur á nauðsynlegum gjaldmiðli er í einhverju landi, þess dýrari verður peningaleigan þar, o: vextir hækka af öllum lánum.

Eini vegurinn sem hjer virðist nokkurn veginn fær til þess að bæta úr hinni ómótmælanlegu gjaldmiðilsþörf, og sem jafnframt er að voru áliti eðlilegasti og sjálfsagðasti vegurinn, er sá, að rýmka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, er einn hefir, samkvæmt nýnefndum lögum 10. nóv. 1905, rjett til seðlaútgáfu hjer á landi um víst árabil — annaðhvort þannig að bankinn megi, með vissum skilyrðum, gefa út seðla eftir því sem viðskiftaþörfin krefur eða þá upp að einhverju því hámarki, sem segja má um að fyrirsjáanlegt sje að viðskiftaþörfin og gjaldmiðilsþörfin krefjist.

Hefði oss þótt rjettast og heppilegast að stjórnin hefði undirbúið málið á þessum grundvelli og borið fram lagafrumvarp í þessu efni.

Þrátt fyrir þessa skoðun vora, er vjer þannig höfum lýst, getum vjer í þetta sinn, eins og allar ástæður eru nú, látið oss nægja að leggja það til við hina háttvirtu deild, að hún samþykki ofannefnd bráðabirgðalög frá 30. nóv. f. á. með þeirri breytingu á 1. gr. laganna, að heimildin gildi til loka nóvembermánaðar 1917, og að aukningin á seðlaupphæðinni sje bundin við heila miljón króna en ekki hálfa, því að við lægri upphæð en eina miljón króna teljum vjer með engu móti hættulaust að binda seðlaaukninguna, ef ekki á að horfa til stórvandræða með alt viðskiftalíf í landinu, en við því teljum vjer skyldu þingsins að sporna.

Alþingi 9. ágúst 1915.

H. Hafstein. Jón Magnússon. Sigurður Gunnarsson.

Nd. **280. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við 1. grein:

Í stað »loka septembermánaðar 1915« komi:
1. desember 1917.

og í stað »hálfa miljón« komi:
eina miljón.

Nd. **281. Álit**

um frumv. til laga um heimild til að selja Skarfsstaði í Hvammsveit í Dalasýslu.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Við athugun á máli þessu hefir það komið í ljós að upplýsingar þær sem gefnar eru í fylgiskjali I eru eigi allkostar rjettar, bæði eftir umsögn nákunnugs manns og brjefi til Stjórnarráðsins frá sjera Ásgeiri Ásgeirssyni í Hvammi dags. 23. júlí 1908, má hiklaust telja að jörð þessi falli undir 2. gr. þjóðjarðasölulaganna þrátt fyrir það þó sýslunefnd hafi verið á öðru máli. Í brjefi sjera Ásgeirs Ásgeirssonar er þess getið meðal annars að undir jörðina liggi stórt grasi vaxið land, vel fallið til sundurskiftingar, með ágætri lendingu, að staðurinn sje vel fallinn til kauptúns er 3 hreppar geti sótt til enda sje þar útmæld verslunarlóð undir söludeildarhús kaupfjelags Hvammsfjarðar. Stykkishólmskaupmenn hafa slátrað þar um 1000 fjár að haustinu og komið þangað á verslunarskipum sínum. Eftir upplýsingum þeim, er nefndin hefir fengið er lýsing þessi í öllum aðalatriðum rjett og telur hún því að hjer beri frekar að líta á ákvæði þjóðjarðasölulaganna um það, hverjar jarðir skuli ekki selja, en ummæli sýslunefndar, sem að eins taka til þess að hún búist ekki við að verslunarstaður rísi þar upp, og sjer meiri hluti nefndarinnar sjer því ekki fært að leggja til að frv. sje samþykt.

Alþingi 10. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf. form. Guðm. Hannesson, ritari. Sigurður Sigurðsson.

Björn Hallsson. Hjörtur Snorrason. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **282. Tillaga**

til þingsályktunar um Flóa-áveituna.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að:

I. Láta á næsta sumri 3 hæfa menn rannsaka Flóa-áveitumálið og má verja til þess alt að 2500 kr. af landsfje. Menn þessir skulu:

a) Leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um alt er til þeirra tekur viðvíkjandi áveitumálinu, sjerstaklega hæfilegt endurgjald í landi, ef verkið er framkvæmt á landssjóðskostnað.

b) Athuga og gera áætlun, ef nauðsyn krefst, um það hversu lögnám á jörðunum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landssjóð.

c) Gera tillögur um það, hversu bygðinni, skiftingu lands, býlastærð og býlafjölda á áveitusvæðinu, túnstæðum o. þvíl. yrði best og haganlegast komið fyrir.

II. Að undirbúa að öðru leyti áveitumálið fyrir næsta þing.

Alþingi, 10. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., form. Guðm. Hannesson, ritari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður Sigurðsson. Bjarni Jónsson.

Björn Hallsson. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, en að mestu samið af vjelfræðingum hjer í Reykjavík. Hlutverk þess á að vera, að sjá fyrir því að gufuskipaútvegur vor fái nýta vjelstjóra með samskonar þekkingarskilyrðum og slíkir menn hafa í útlöndum, þar sem vjelfræðisþekking er í besta lagi og hins vegar eiga lögin að tryggja rjett þeirra manna, er með dugnaði sínum einum hafa aflað sjer nauðsynlegustu þekkingar á meðferð gufuvjela, án þess að hafa gengið á neinn vjelstjóraskóla. Nefndinni virðist, að ef frumvarp þetta verði að lögum, muni það ná þessum tilgangi, og felst hún því með öllu á efni þess.

Hins vegar hefir nefndinni þótt framsetning frumvarpsins óþarflega flókin, og hefir því komið sjer saman um að breyta niðurröðun efnisins, svo sem sjá má af þingskjali 284.

Nefndin ræður því háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim, er hún leyfir sjer að bera fram á þingskjali 284.

Neðri deild Alþingis, 10. ágúst 1915.

G. Eggerz, formaður. Matth. Ólafsson, skrifari.

M. J. Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Stef. Stefánsson, Eyf. Sigurður Gunnarsson.

Þórarinn Benediktsson.

Nd. **284. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

1. 8. grein frumvarpsins verði 5. grein.
2. 5. grein —— verði 6. grein.
3. 9. grein —— verði 7. grein.
4. 6. grein —— verði 8. grein.
5. 10. grein —— verði 9. grein.
6. 7. grein —— verði 10. grein.
7. Við 4. grein. Í stað »8. gr.« komi: 5. gr.
8. Við 5. grein. Í stað »9. gr.« komi: 7. gr.
9. Við 6. grein. Í stað »10. gr.« komi: 9. gr.
10. Við 9. grein. Í stað »8. gr.« komi: 5. gr.
11. Við 10. grein. Í stað »8. gr.« komi: 5. gr.
og í stað »9. gr. a.« komi: 7. gr. a.
12. Við 11. grein. Í stað »8. gr. og staflið b. í 9. gr.« komi: 5. gr. og staflið b. í 7. gr.
13. Við 12. grein. Í stað »2., 3., 8. og 9. gr.« komi: 2., 3., 5. og 7. gr.
og í stað »samkv. 10. gr.« komi: samkvæmt 9. gr.
14. Við 13. grein. Í stað »og 8.—11. gr.« komi: 5., 7., 9. og 11. gr.
15. Við 16. grein. Í stað »8.—11. gr.«, í 1. málsgrein komi: 5., 7., 9. og 11. gr.
Í stað »8. gr. b.« í 5. málsgrein sömu greinar komi: 5. gr. b.
Í stað »9. gr.« á 2 stöðum í 7. málsgrein sömu greinar, komi: 7. gr.

Nd. **285. Nefndarálit**

um frv. til laga um dýraverndun. (þgskj. 146).

Nefndin hefir íhugað frv. Er hún öll á einu máli um að hjer sje um mál að ræða, sem sje fyllilega þess vert að það nái fram að ganga á þessu þingi. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja frumv. með þeim breytingum, sem greinir í lok nefndarálitsins.

Ástæður fyrir breytingartillögum sínum vill nefndin greina þessar:

Brt. við 2. gr. Nefndinni er kunnugt um að eigi óvíða í landinu er svo ástatt nú að búendur hafa eigi næg hús fyrir allan búpening sinn. Þetta telur nefndin óhæft og sjálfsagt að reyna að kippa því í lag. En mörgum mundi gert fullerfitt fyrir, ef þeir væru skyldaðir til þess að fullnægja þessu ákvæði tafarlaust og fyrirvaralaust. Telur nefndin rjett að gefa þessum mönnum hæfilegan frest til að koma upp húsum þeim, sem vanta, og leggur til að frestur þessi verði gefinn til 1. okt. 1917 eða sem næst tveggja ára fresti.

Brt. við 3. gr. Nefndin telur óþarft að Stjórnarráðið setji reglur um rekstur innanhjeraðs með því að fullnægjandi reglur í þá átt munu vera til víðast hvar í landinu í fjallskilareglugjörðum. Nægilegt ætti því að vera að takmarka þessa reglusetning Stjórnarráðsins við rekstur á fje til slátrunar og á fje og hestum til útflutnings. Fer brtt. í þá átt.

BREYTINGARTILLÖGUR

Við 2. gr.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Frá 1. október 1917 skulu allir búandi menn skyldir að hafa næg hús o. s. frv.

Við 3. gr.

Fyrri málsgrein orðist svo:

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum.

Neðri deild Alþingis, 10. ág. 1915.

Einar Jónsson, form. Sveinn Björnsson, skrifari. Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson. Björn Hallsson.

Nd. **286. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907. (Þskj. 147).

Nefndin hefir íhugað frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það með breytingu þeirri, er hjer fer á eftir.

Nefndin telur þarft og nauðsynlegt að banna útflutning hrossa um þann tíma árs, sem gera má ráð fyrir að skip hreppi ill veður í hafi. Lítur nefndin svo á, að það sje undir öllum kringumstæðum að misbjóða skepnunum, að flytja þær milli landa á þessum árstíma; og það því fremur sem hún telur víst, að því sje mjög ábótavant, að skip þau, sem hingað til hafa tekið hross til útflutnings, hafi verið útbúin sem skyldi til hrossaútflutnings. Finnur nefndin ástæðu til þess að beina því til landsstjórnarinnar, hvort eigi sje ástæða til að brýna fyrir löggæslumönnum að litið sje eftir því, að fullnægt sje ákvæðum laga 22. nóv. 1907 um þetta efni.

Nú er það kunnugt, að búast má við illviðrum í hafi, engu síður í októbermánuði en í nóvember, og engu síður í apríl en í mars. Leggur því nefndin til að tími sá, sem útflutningur hrossa sje bannaður, sje látinn vera frá 1. október til 1. maí.

BREYTINGARTILLAGA.

Fyrir orðin »1. nóvember til 1. apríl« komi:
1. október til 1. maí.

Neðri deild Alþingis, 6. ágúst 1915.

Einar Jónsson, form. Sveinn Björnsson, skrifari. Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson. Björn Hallsson.

Nd. **287. Þingsályktun**

um húsmannamálið.

(Samþykt í Nd. 10. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands:

1. Að útvega sem glegstar skýrslur um allan hag íslenskra hús- og þurrabúðarmanna, hvort þeir hafa land það er lög mæla fyrir, hversu það er ræktað og notað, hver er aðalatvinna þeirra og aukaatvinna, hverjar árstekjur að meðaltali, og hverjar endurbætur *þeir telja sjálfir* álitlegastar á högum sínum.

2. Að safna skýrslum um það, hver hefir orðið árangurinn af lánveitingunum úr viðlagasjóði til hús- og þurrabúðarmanna.

3. Að safna skýrslum um hag erlendra húsmanna, einkum þar sem líkt er ástatt og hjer, hverra ráða hefir verið leitað til þess að bæta kjör þeirra og leggja útdrátt úr þeim fyrir næsta Alþingi.

4. Að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um húsmenn og þurrabúðarmenn, ef stjórninni virðist ástæða til þess að öllu athuguðu.

Ed. **288. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Áður en kosning byrjar skal kjörstjórn hafa til hæfilega, jafnstóra kjörseðla með sama útliti, og eigi færri en kjósendur eru í hreppnum, lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru, skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði [gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, eftir því hve marga þarf að kjósa. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman svo að letrið

snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp tölurna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 18. gr. sveitarsjórnarlaga frá 10. nóv. 1905, og orðin: »og um það, hvernig haga skuli kosningunni«, svo og orðin: »að framan« í fyrri málsgr. 57. gr. sömu laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **289. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912 um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Frá nefndinni.

Á eftir orðunum: »þar sem ekki er hægt« komi:
með kleifum kostnaði.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um vatnssölu í kaupstöðum.

Flutningsmaður: M. J. Kristjánsson.

1. gr.

Hvervetna þar, er bæjarstjórn hefir lagt vatnsveitu í pípum, til afnota fyrir kaupstað, skal hún hafa einkarjett til vatnssölu á því svæði, er vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og eins á höfn kaupstaðarins, innan takmarka hennar eins og þau nú eru og síðar kunna að verða sett. Vatnið selst eftir taxta, er bæjarstjórn semur og Stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum. Auk þess skal sá, er vatn selur ólöglega, greiða kaupstaðnum endurgjald það, er hann hefir fengið fyrir ólöglega selt vatn.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

Nd. **291. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

Frá fjárlaganefndinni.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Styrk þessum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, 11. júlí 1911 um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Fjárlaganefndinni hefir borist erindi frá Fiskifjelagi Norðlendinga, þar sem farið er fram á nægilegan styrk til þess, að verja landhelgina gegn yfirgangi útlendra síldveiðimanna. Er skýrt frá því, að slíkri landhelgisvörn hafi verið haldið uppi með 1 mótorskipi um síldveiðitímann síðastliðið ár, og hafi tilraunin hepnast mjög vel. Telur fjelagið nú nauðsynlegt, að hafa 2 mótorskip til eftirlitsins, og telur að það mundi kosta 12000 kr. á ári. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu er þessu meðmælt og sömuleiðis stjórn Fiskifjelags Íslands.

Fjárlaganefndin álítur ástæðu til að sinna þessu erindi, en treystir sjer eigi til, að leggja til svo mikla hækkun á þeim lið fjárlaganna (11. gr. B, 7), sem þetta fellur undir, að nokkuð verulega hrykki til.

Þegar útflutningsgjald var lagt á síld með l. nr. 11, 31. júlí 1907 var, í 2. gr. laganna, ákveðið, að 10% af öllu síldarútflutningsgjaldi skyldi renna í Fiskiveiðasjóð Íslands, »og skal því fje varið til eflingar síldarútveg innlendra manna«.

Með l. nr. 18, 11. júlí 1911 var svo nánar tiltekið, að styrk þessum skyldi *úthlutað* til útgerðar skipa þeirra, sem veiðina stunda, enda reki skipið ekki veiði annarsstaðar en hjer við land.

Styrkfúlga þessi hefir numið því, þau 3 ár, sem henni hefir verið úthlutað, sem hjer segir:

1911	kr.	7926,13.
1912	—	6169,65.
1913	—	9549,31.

Ef styrknum væri nú varið til eftirlits um síldveiðitímann fyrir Norðurlandi, með tveim mótorskipum, mundi láta nærri að það hrykki til að verða við óskum Fiskifjelags Norðlendinga í umræddu erindi. Nefndin telur þessa leið heppilega og ber því fram frumv. þetta. Að vísu fara útgerðir skipa þeirra, er síldveiðar stunda á mis við dálitla upphæð, sem þeim hefir verið úthlutað árlega undanfarið. En upphæð sú sem komið hefir á hvert skip er svo örlítil í samanburði við veltuna að útgerðina munar nær ekkert um hana.

Nefndin telur að upprunalegum tilgangi laganna, ɔ: að efla síldarútveg innlendra manna, verði miklu betur náð með því að verja fyrir þeim landhelgina fyrir yfirgangi útlendinga, en með þeim lítilfjörlega fjárstyrk, sem kemur á hvert skip við úthlutunina.

Ef frumv. verður samþykt og lögin eru þegar látin ganga í gildi, getur þetta komið að notum þegar á þessu ári.

Ed. **292. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum. (Þgskj. 256).

Háttv. Nd. hefir felt 2. gr. frumvarpsins burt, af því hún væntir að heimild fyrir stjórnina til útflutningsbanns á erlendri vöru verði gefin í öðrum lögum sem liggja fyrir þinginu. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt eins og það fór hjeðan úr deildinni.

Vjer erum samdóma háttv. Nd., um að rjett sje að gefa stjórninni umrædda heimild með lögum, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum, og væntum að það verði gert. Ráðum vjer því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 10. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, form.	Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

M. Pjetursson.

Nd. **293. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum (á þgskj. 254).

Frá Birni Hallssyni og Jóni Jónssyni.

Orðin í 1. málsgrein: »að skipa 3 manna nefnd milli þinga til« falli burt.

Ed. **294. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað.

Vjer undirritaðir nefndarmenn höfum athugað frumvarp þetta, og leggjum til að háttvirt deild samþykki það óbreytt eins og það komf rá háttv. neðri deild. Að vísu hefði oss þótt betur fara á fáum stöðum að haga orðum á annan veg en gert er, en þykir það þó ekki næg ástæða til að hrekja málið milli deilda.

Alþingi 11. ág. 1915.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsm.

H. J. Kristófersson.

Ed. **295. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum.

Frá nefndinni.

1. við 3. gr.

2. málsgr. orðist þannig:

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinu.

2. við 3. gr.

Á eftir annari málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Ed. **296. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 264.

Flutningsm. Magnús Pjetursson.

Við 1. gr.

Í stað orðanna:
»Þó má Stjórnarráðið — — — hafa« komi:
Þó mega útlend skip hafa til næstu hafnar.

Ed. **297. Nefndarálit**

um frumv. til laga um heimildir fyrir landstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum (246).

Háttv. neðri deild hefur nú eftir rúman mánuð sent frá sjer frumvarp þetta, sem þó óneitanlega hefði átt að flýta um fram alt.

Eftir að hafa athugað frumvarpið vill nefndin leggja til, að háttv. deild samþykki það, með þeirri breytingu, að ákvæðin um heimild til að banna útflutning á íslenskum matvælum sje ekki algerlega þýðingarlaus, eins og hún þó virðist vera eftir frumvarpinu, en þó hins vegar sjeu skilyrðin þannig, að útflutningur verði ekki bannaður nema brýn nauðsyn beri til. Þá vill og nefndin leggja til, að bannaður sje allur útflutningur á mör og tólg, þar eð hún lítur svo á, að nægur markaður sje fyrir vöru þá nú í landinu meðan á

dýrtíðinni stendur, en feitmetisþörfin mikil, svo framleiðendur ættu ekki að líða neinn halla af þessu.

Efri deild Alþingis, 11. ágúst 1915.

Magnús Pjetursson, form.	Karl Einarsson, ritari og framsögum.

G. Björnson. Guðm. Ólafsson. H. J. Kristófersson.

Nd. **298. Álit**

um frumv. til laga um heimild til að selja Skarfsstaði í Hvammssveit í Dalasýslu.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Þegar landbúnaðarnefndin »athugar«, þá verður margt skrítið. Hún »athugaði« fyrir skemstu sölu á hálfum Möðruvöllum í Hörgárdal og komst að þeirri niðurstöðu, að þá jörð mætti eigi selja sökum þess, *að sýslunefnd hafði lagt á móti.* Töluðu þá sumir með fjálgleik miklum svo segjandi: »Jeg vil að þingið geri sjer það að reglu, að selja aldrei þjóðjörð, nema með leyfi sýslunefndar eða jafnvel hrepps, því að vjer álítum að hjeraðavöld eigi að ráða slíku«. Litlu síðar þurfti hún að athuga þetta mál. En þá vill hún ekki selja, þótt *sýslunefnd hafi tvívegis gefið sölunni meðmæli sín.* Þá þurfa hjeraðavöldin engu að ráða, og þá hjálpar ekkert, þótt þingmálafundur í hreppnum, sem jörðin liggur, skori á þingið að veita þessa söluheimild. En hví skyldi eigi landbúnaðarnefnd vor vera óstöðug eins og veðráttan?

Þá koma nú hinar veigamiklu röksemdir nefndarinnar. Það er satt, að jörðin hefir gott slægjuland, enda mundi enginn sækja um kaup á henni fyrir hálft fjórða þúsund króna, ef hún hefði engan kost. En hitt er vafasamara, að þetta land sje sjerlega vel fallið til sundurskiftingar, ef talað er um að skifta í lífvænleg býli. Jörðin má nú heita góð jörð, en ef henni yrði skift, þá yrði henni aldrei skift í meira en tvö lífvænleg býli. Því að þar getur eigi verið um smábýli að ræða, sem eru til stuðnings mönnum, er stunda aðra atvinnu en landbúnað, svo sem fiskiveiðar, iðnað o. þ. h. Svo stendur á, að fiskur gengur eigi inn á fjörðinn, svo að engin veiði er þar, nema eitthvað af hrognkelsum á vorin, en það er magur atvinnurekstur að veiða þau, þótt þau geti komið að liði búandi manni, að leggja veiðina í búið. Iðnaður er óhugsandi þar eða þar nærri, því að þar er ekkert vatnsafl svo að teljandi sje, nje heldur þar í nágrenninu. Daglaunavinna mun þar aldrei verða, því að kaupstaður getur eigi verið þar. Ef þar væri sett verslun, mundi aðeins nokkur hluti Hvammssveitar eiga hægri sókn þangað en að öðrum stöðum, í mesta lagi öll Hvammssveitin. Jeg veit ekki hverja 3 hreppa háttv. meiri hluti talar um. Naumast kemur þeim góðu mönnum þó til hugar að Laxdælir sæki fram hjá Búðardal, er liggur í þeirra hreppi, eða Saurbæingar frá Salthólmavíkinni suður yfir Svínadal eða Sælingsdalsheiði til Skarfsstaða. Ekki

einu sinni Fellsstrendingar mundu sækja þangað, því að þeir hafa aðdrætti sína á sjó og eiga eigi lengri leið til Stykkishólms en til Skarfsstaða, enda er þaðan jafnlangur sjór í Skarfsstaðanes og til Búðardals. Tveir af þessum 3 hreppum meiri hlutans hljóta því að liggja í tunglinu. — Óhætt mun og að fullyrða að fimm hreppar í Dalasýslu, Hvammssveit, Laxárdalur, Haukadalur, Miðdalir og Hörðudalur beri eigi nema eitt kauptún. Hitt er og alveg áreiðanlegt, að þetta eina kauptún verður jafnan Búðardalur, því að hann liggur á þessu svæði miðju og er nú þegar orðinn höfuðkauptún þessara hreppa. — Þeir segja góða lending á Skarfsstöðum. Svo mikið er hæft í því, að þar er nokkru aðdýpra en í Búðardal, en hafnleysan er þar hin sama. Nú verður og bryggja gerð í Búðardal, er nær svo langt út, að ferma má og afferma um stórstraumsfjöru. Yrðu því Skarfsstaðir ver settir að þessu, bryggjulausir, en Búðardalur og því engin von að þeir boluðu honum út. Þá er sú sönnun meiri hlutans ljettvæg, að Stykkishólmskaupmenn hafi einu sinni slátrað þar 1000 fjár. Hitt er betri sönnun mínu máli, að þeir hafa aldrei gert það aftur. Nú er og slátrunarhús komið í Búðardal og er ósennilegt að slátrunarhús verði reist í hverri sveit. Þótt einhverntíma kunni að hafa komið verslunarskip og legið einn eða tvo daga fyrir Skarfsstaðalandi, þá er nú sá siður löngu lagður niður. Kaupfjelag Dalamanna hafði þar um tíma útibú, en hefir nú lagt það niður, af því að *það borgaði sig ekki að hafa það þar.* Höfn fjekk jeg þar löggilta 1909 eftir ósk manna þar, og munu kauptúnsdraumar hafa vakið þá ósk, en síðan hefir því máli eigi verið meira sint en svo, að verslunarlóðin er enn þá óákveðin.

Meiri hluti nefndarinnar hefir því engin rök að styðjast við, heldur aðeins höfðatölu og vilja.

Jeg legg til að málið verði látið ganga fram.

Alþingi 10. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson,
frá Vogi.

Nd. **299. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 269.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Orðið »til« í fyrri línu breytingartillögunnar falli burt.

Ed. **300. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

18. gr. orðist svo:

Landssjóður kostar viðhald þjóðvega með undantekningum þeim, er getur um í 16. gr.

Ed. **301. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

Ed. **302. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1.

Annan tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafla við, þar til er lokið er vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Nd. **303. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í þeim kauptúnum, þar sem ekki er hægt með kleifum kostnaði að veita neysluvatni, skal hreppsnefndum heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og fyrir er mælt um vatnsveitur í lögum nr. 26, 22. okt. 1912.

Nd. **304. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.

b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 30 ár í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 5 manna yfirmatsnefndar, er hinn íslenski landsyfirdómur kveður til í hvert skifti. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með stað-

festingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim atbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Ed. **305. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafa út af Norðurálfu-ófriðinum.

Frá nefndinni.

Orðið »íslensk« í 1stu málsgr. 3. gr. falli burt.

Ed. **306. Viðaukatillaga**

við frumv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, 2. nóv. 1914 og laga nr. 45, sama dag.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

Aftan við 1. gr. bætist:

með þeirri breytingu, að auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2 lið 1. gr., skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur: segldúkur, strigi, (Hessian) ullarumbúðastrigi (Baggings).

Ed. **307. LÖG**

um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

(Afgreidd frá Ed. 11. ágúst).

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skulu vera í gildi til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **308. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Frá máli þessu er skýrt allítarlega í fylgiskjali því frá Búnaðarfjel. Íslands, sem prentað er með frv., og leyfir nefndin sjer að vísa til þess um tildrög málsins og nauðsyn. Nefndin var sammála um það, að hjer væri um gott mál og nauðsynlegt að ræða, en við nánari athugun hefir henni virst heppilegt að gera tvær breytingar á frv. Tekur önnur til þess, hver kosta skuli mælingarnar, en hin hversu þær sjeu framkvæmdar.

Hvað kostnaðinn snertir, þá sjer nefndin ekki ástæðu til þess að landssjóður verji miklu fje til mælinganna. Hjer eiga í hlut jarðeigendur, sem ætla má að flestir sjeu svo efnum búnir, að þeir geti borgað einfalda mælingu á túnum sínum og matjurtagörðum, og geri það með glöðu geði, því mælingarnar ættu að geta bæði orðið þeim fróðlegar og gagnlegar. Hinsvegar er það sanngjarnt, að landssjóður borgi sómasamlega það eintak af ummálsdrætti hvers býlis, sem Stjórnarráðinu er látið í tje, og ætlumst vjer því til, að hann greiði í þessu skyni 2 kr. fyrir hvert býli jafnóðum og ummálsdrættir eru sendir Stjórnarráðinu.

Vjer höfum lagt það til, að Búnaðarsambönd landsins framkvæmi mælingarnar undir eftirliti sýslumanna og taki borgun fyrir verkið hjá ábúendum, sem aftur eiga aðgang að eiganda jarðarinnar. Búnaðarsamböndin hafa bæði áhuga á málinu og hæfa mælingamenn. Á þennan hátt verður og innheimta óbrotin og ódýr.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingartillögur við frv., sem fara í þá átt sem fyr er sagt. Verði þær samþyktar hvílir mælingakostnaðurinn mjög ljett á landssjóði, og kemur auk þess niður á fleiri árum.

Alþingi 12. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson (Eyf.), form.
Guðm. Hannesson, ritari.

Björn Hallsson.
Jóhann Eyjólfsson.

Bjarni Jónsson.
Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson, með fyrirvara.

Nd. **309. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist þannig:

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Búnaðarsambönd landsins hafa mælingarnar á hendi, en Stjórnarráðið semur reglugjörð um þær og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

2. Við 2. gr.

a. Fyrir orðið »ummálsteikning« komi:
ummálsdráttur.
b. og fyrir »ummálsteikningin skal gerð« komi:
ummálsdrátturinn skal gerður.
e. Orðin »Stjórnarráðið ..... mælingarnar« falli burt.

3. Við 3. gr.

Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Kostnaðinn við mælingarnar greiða jarðeigendur, en fyrir ummálsdrætti þá, sem Stjórnarráðinu eru látnar í tje, greiðir landssjóður 2 kr. fyrir hvert býli. Fje það er landssjóður greiðir, skal greitt oddvita sýslunefndar hvert ár, þá er lokið er mælingum í sýslunni það ár, skýrsla gefin um þær og ummálsdrættirnir komnir til Stjórnarráðsins, en hann greiðir það aftur búnaðarsambandinu, sem í hlut á.

Ábúendur greiða gjaldið fyrir mælingarnar og má taka það lögtaki, en leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

5. Við 5. gr.

Greinin falli burt.

Nd. **310. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóvember 1913 um forðagæslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Lög um forðagæslu frá 10. nóvember 1913 skulu einnig ná til kaupstaðanna.

Ed. **311. Þingsályktun**

um rannsókn á hafnastöðum og lendingum.

(Afgreidd í Ed. 12. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að láta hafnarverkfróðan mann, á næstu árum, skoða leiðir og lendingar í helstu verstöðum landsins eða í nánd við þær, þar sem fiskiveiðar eru reknar haust og vetur, hvort eð er á smáum eða stórum bátum og gera kostnaðaráætlanir um hafnargerðir og lendingabætur á þeim stöðum.

Rannsóknir þessar skulu fara fram í samráði við Fiskifjelag Íslands og samkvæmt áliti þess um, hvar arðsamast er og þýðingarmest fyrir fiskiveiðar vorar að hafnir sjeu gerðar eða lendingar bættar.

Nd. **312. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

I. kafli.

Um rjett til formensku á skipum 4—12 smálestir.

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 4 til 12 smálesta að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;

b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 4 til 12 smálestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

II. kafli.

Um rjett til skipstjórnar á skipum alt að 30 smálesta.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

4. gr.

Sá einn getur staðist skipstjórapróf fyrir smáskipi, er:

a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. kann að nota áttavita og ber skyn á aíhvarf (deviation) og misvísun;
c. kann að nota skipshraðamæli;
d. þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 smálesta að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 4 smálesta.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

III. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 300 smálesta, í innanlands og utanlandssiglingum.

5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 smálesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 smálesta;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 smálesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 smálesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

IV. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum yfir 300 smálesta, í utanlandssiglingum.

9. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

a. er fullveðja,
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn,
d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

11. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

12. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálesta, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

13. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem talin eru í 12. gr., staflíðunum c og d:

a. staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

V. kafli.
Ákvæði ýmislegs eðlis.

14. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 smálesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálesta, skulu stýrimenn vera minst tveir.

15. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 10.—13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 6. gr. og b í 8., 10. og 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 6, 8., 10. og 13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannaprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða- stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að stafliður a í 9. gr., gengur eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **313. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 12. ágúst.

(Frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., bls. 161—163 að framan).

Flutningsmaður: Jón Jónsson
framsögumaður meiri hl. nefndar í málinu.

Í þeirri von að landsstjórnin stuðli að því, að stjórn Landsbankans ráði sjer um tíma duglegan fjármálamann bankafróðan, að enduðum Norðurálfuófriðnum, til þess að starfa að sölu bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar erlendis og greiða fyrir viðskiftum bankans við erlendar peningastofnanir og efla lánstraust landsins í útlöndum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **314. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 12. ágúst.

(Frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., bls. 161—163 að framan).

Flutningsmaður: Jón Magnússon
framsögumaður minni hl. nefndar í málinu.

Í trausti þess, að landsstjórnin rannsaki það, hvert gagn mætti af því verða, að reyndur bankamaður og fjármálamaður yrði fenginn til að athuga peningamál landsins, þar á meðal skipulag Landsbankans, og gera tillögur um endurbætur á því, ef þurfa þykir, svo og á hvern hátt verði útvegaður markaður fyrir íslensk verðbrjef og bankanum komið í viðskiftasamband við erlendar peningastofnanir, og enn fremur að landsstjórnin geri þær ráðstafanir í þessu efni, er hún telur þörf á, og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **315. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannslaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:

ef það er unt.

2. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin, eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil, og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó mega útlend skip hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má af forða þeim gefa eða selja öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipinu.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

3. gr.

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og má þá láta hann sæta sektum frá 10 til 100 króna. Þá skal hann og gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur og aldrei lengur en 24 klukkustundir.

4. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

5. gr.

Brot gegn 2. grein laga þessara varði sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannslaga.

6. gr.

5., 8. og 13. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 eru úr gildi feldar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.

Ed. **316. Varatillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali 306.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

Með þeirri undanþágu, sem talin er í 1. gr. laga nr. 30, 22. október 1912, og laga nr. 44. 2. nóv. 1914 og laga nr. 45, sama dag, skulu vera tollfrjálsar fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar.

Ed. **317. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr.

Aftan við gr. bætist:

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði, sem þeir eru margir er kjósa skal og má hann þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggja eða fleiri eftir því hve marga þarf að kjósa.

2. Við 2. gr.

Í stað orðanna í fyrri málsgr. »jafnstóra kjörseðla með sama útliti og eigi færri en kjósendur eru í hreppnum«, komi:

marga kjörseðla, alla jafnstóra með sama lit,gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá	Atkvæði

3. Við 4. gr.

Fyrir orðin í síðari málsgr. »þarf að kjósa« komi:
hann kýs framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra.

Nd. **318. Álit**

um frumv. til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

Tilgangurinn með frumv. þessu er að sjálfsögðu sá, að gera nú tilraun til að útrýma fjárkláða úr landinu. Kemur þá tvent til athugunar: hvort líklegt sje að slík tilraun takist og hvort landinu sje sú hætta búin af þessu faraldri, að rjettmætt sje nú að verja mjög miklu fje til slíkrar tilraunar.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til útrýmingar á fjárkláða, hafi fyllilega sýnt það, að útrýmingarböðun er lítt treystandi. Að vísu er það fullsannað, að slingurslaust má lækna kláðann, ef böðunin er samviskusamlega framkvæmd, enda tekst bændum það fyllilega, þegar kláði kemur upp og um hann er skeytt, en með böðun á öllu sauðfje landsins verður naumast haft svo gott eftirlit, að nægi til þess að ekki sleppi nokkrar kindur undan, sem síðan sýkja frá sjer. Þegar Myklestad reyndi til að útrýma kláðanum, var alt grunsamt fje tví- eða þríbaðað og vandlega grafist eftir hvar nokkur vottur fyndist um veikina. Henni var þá alveg útrýmt í flestum sveitum og hvarf hún þar algerlega svo árum skifti, en í sumum tókst böðunin ekki betur en svo, að kláðans varð vart á stöku stað nokkru eftir og honum því ekki til fullnustu útrýmt. Eigi að síður bar þó þessi tilraun þann mikla árangur, að bæði lærðu bændur að þekkja kláða, greina fjárkláða frá óþrifakláða og að lækna hann. Þessi þekking gefur nú mikla von um það, að á fleirum árum takist að útrýma kláðanum, *með því að elta hann uppi, hvar sem hann gerir vart við sig*, en aftur höfum vjer litla von um að tvíböðun eitt sinn um land alt takist nú þeim mun betur en fyr, að kláðanum verði útrýmt.

Þá er að líta á útbreiðslu kláðans og hve mikil hætta landinu stafi af honum. Í þessu skyni höfum vjer athugað skýrslu Stjórnarráðsins um fjárkláðann frá síðastliðnu ári. Þær telja að kláða hafi orðið vart í 7 sýslum og að eins á 12 bæjum, en vjer höfum þó orðið þess varir, að skýrslur þessar eru ekki allskostar rjettar. Vjer höfum frjett til kláða í 11 sýslum, og að minsta kosti í 2 þeirra mun hann ekki vera sjaldgæfur. Eigi að síður fáum vjer ekki betur sjeð en að hætta sú, sem af veikinni stafar, sje tiltölulega lítil, einkum fyrir þá sök, að hverjum bónda er í lófa lagið að lækna hann, ef vilji er til þess. Vjer teljum það fult svo líklegt, að kláðinn verði sjaldgæfari með ári hverju, eftir því sem almenningi

verður ljósara hve nauðsynlegt er að losa sig við þennan óþrifakvilla, en verði reyndin sú, að hann útbreiðist, þá teljum vjer fyrst kominn tíma til þess að gera tilraun með tvíböðun um land alt. Af þessum ástæðum leggjum vjer til að deildin felli frumvarp þetta. Aftur virðist oss brýn nauðsyn að kláðalögunum frá 1901 sje rækilega hlýtt og beitt og skýrslur um kláðann betur úr garði gerðar en nú er.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., form. | Guðm. Hannesson, ritari. | Jóhann Eyjólfsson.

Hjörtur Snorrason. | Björn Hallsson. | Sigurður Sigurðsson.

Nd. **319. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10 nóv. 1913.

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson.

1. gr.

a. liður 3. gr. orðist svo:
Rjúpur alfriðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. febrúar til 10. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **320. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, (þingskj. 116).

Flutningsm.: Jósef Björnsson.

1. Á undan frumvarpsgreininni komi ný gr. svohljóðandi sem verði 1. gr.:
   Aftan við 7. tölulið í 2. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, bætist nýr töluliður sem hljóði svo:
   8. Talsímalínan Sauðárkrókur — Siglufjörður.
   Jafnframt falli burt 8. töluliður í 3. gr. sömu laga.
2. Frumvarpsgreinin verði 2. gr.

Ed. **321. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.
b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að

efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 30 ár í senn með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 5 manna yfirmatsnefndar, er hinn íslenski landsyfirdómur kveður til í hvert skifti. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða ó-

reglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með staðfestingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. **322. Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Frá 1. október 1917 skulu allir búandi menn, hafa næg hús fyrir

allan búpening sinn. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Nd. **323. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðist vjelgæsluprófi við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, er ræðir um í 5. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

a. hefir staðist vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, er ræðir um í 7. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr.:

a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár, og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela.
b. er 25 ára að aldri.

8. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

9. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 7. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

10. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skirteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

11. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskirteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. og staflið b. í 7. gr., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi, með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. gr.

Á gufuskipi, með meira en 100, en minna en 700 hestafla vjel, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 5. og 7. gr., eftir því sem við á.

Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.

Á gufuskipi, með 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórarnir samkvæmt 9. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelgæslulið, sem áskilið er í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3., 5., 7., 9. og 11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er Stjórnarráðið semur.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð Stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert vjelstjóraskírteini sínu.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis, kost á að fá slík skírteini, þótt ekki vanti vjelstjóra.

Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðið ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.

Beiðni um slík skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða. Þó skal það tekið fram berum orðum í skírteini því, er hann fær samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari undanþáguheimild.

Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914, um breyting á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **324. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og gert við það smávegis breytingar, er vjer teljum fremur til bóta.

Þess skal getið, að 2 nefndarmenn, þeir Guðm. Eggerz og Skúli Thoroddsen, hafa sjerstöðu í nefndinni, að því er snertir 18. tölulið 2. gr. og 8. tölulið 3. greinar, og áskildu þeir sjer rjett til að koma fram með breytingartillögu í þá átt, ef svo við horfði.

Að öðru leyti leggur nefndin í heild sinni til, að háttvirt neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 13. ágúst 1915.

G. Eggerz, form. Matth. Ólafsson, skrifari. Þórarinn Benediktsson. Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. M. J. Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Ed. **325. Tillaga**

til þingsályktunar um Flóaáveituna.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að:

I. Láta á næsta sumri 3 hæfa menn rannsaka Flóaáveitumálið og má verja til þess alt að 2500 kr. af landsfje. Menn þessir skulu:

a) Leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um alt, er til þeirra tekur viðvíkjandi áveitumálinu, sjerstaklega hæfilegt endurgjald í landi, ef verkið er framkvæmt á landssjóðskostnað.
b) Athuga og gera áætlun, ef nauðsyn krefst, um það, hversu lögnám á jörðunum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landssjóð.
c) Gera tillögur um það, hversu bygðinni, skiftingu lands, býlastærð og býlafjölda á áveitusvæðinu, túnstæðum o. þvíl. yrði best og haganlegast komið fyrir.

II. Að undirbúa að öðru leyti áveitumálið fyrir næsta þing.

Ed. **326. Frumvarp**

til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðshönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinn.

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Enn fremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugjörð eða reglugjörðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Nd. **327. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (222).

Frá Kirkjugarðsnefndinni.

1. Við 1. gr.

Á eftir orðunum »land undir« bætist við:
nýjan.

2. Við 2. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein »til viðbótar kirkjugarðinum« komi:
undir nýjan kirkjugarð.
Við greinina bætist ný málsgrein:
Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja alt að 10,000 kr.

3. Við 3. gr.

Fyrir 3 kr. komi:
2,50 kr.
og fyrir 6 kr. komi:
5 kr.

Ed. **328. LÖG**

um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum innfluttum frá Bretlandseyjum.

(Afgreidd frá Ed. 12. ágúst).

1. gr.

Bannað skal að flytja út frá Íslandi vörur, hverju nafni sem nefnast, sem þangað eru fluttar frá Bretlandseyjum. Tekur bann þetta til hverrar þeirrar vöru, sem flutt er á land á íslenskri höfn eftir að lög þessi öðlast gildi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland og leggja hjer upp afla sinn.

Nú breytist ástandið svo, að Stjórnarráð Íslands telur banns þessa ekki þörf lengur, og er því þá heimilt að ljetta banninu af með auglýsingu, að einhverju leyti eða með öllu.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, sem út verða gefnar samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs alt að 5000 kr. eða fangelsi,

ef brot er stórvægilegt eða ítrekað, og fer um mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **329. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Vjer undirritaðir, er háttvirt deild fjekk frumvarp þetta til athugunar, erum á einu máli um það, að breytingar þær, sem það gerir á núgildandi lögum um þetta efni, sjeu rjettmætar og nauðsynlegar.

Mörg prestaköll á landinu eru talsvert viðlend og því erfiðleikum bundið fyrir þá, sem atkvæðisrjett hafa við prestskosningar, að nota þann rjett, ef kosning fer aðeins fram á einum stað í hverju prestakalli, enda hefir það komið fyrir við prestkosningar, að flest öll atkvæði, sem greidd voru, hafa verið úr þeirri sókn, er kosið var í.

Þetta bendir ljóslega á það, að gildandi lagaákvæði um veitingu prestakalla sjeu óheppileg og þurfi að breyta þeim, þar sem gera verður ráð fyrir því, að áhugi kjósenda að ráða sjer prest muni vera svipaður í öllum sóknum í sama prestakalli, og áðurnefnd útkoma, sem alls ekki hefir verið sjaldgæf við prestskosningar, sje eingöngu því að kenna, hve erfitt það er nú fyrir mikinn meiri hluta safnaðanna, að taka þátt í kosningunum, enda hafa komið fram óskir frá nokkrum þeirra um þá breyting, sem hjer er gert ráð fyrir.

Biskup hefur leitað álits allra sóknarnefnda á landinu um þetta mál og hafa tæp 200 þeirra sent svör sín.

Nefndin hefir kynt sjer brjef sóknarnefndanna og telur mikill meiri hluti þeirra breytinguna æskilega og mikla rjettarbót.

Þær fáu sóknarnefndir, sem á móti eru, eða láta þetta ekki til sín taka, óttast ýmist aukinn kostnað, eða þá að breytingin tekur ekki til þeirra.

Vjer teljum það rjett og vel til fallið, er kosning fer fram í hverri sókn, að kosið sje á kirkjustaðnum og að kosningin fari venjulega fram í kirkjunni. Að voru áliti er það nægilegt og hagkvæmt, að ekki sje nema ein yfirkjörstjórn, í Reykjavík, fyrir alt landið, og gerir það kostnaðaraukann við þessa breytingu mjög lítinn, en hann mundi hafa orðið talsvert meiri væri yfirkjörstjórn í hverju prestakalli.

Þá eru ákvæði frumvarpsins um það, hve margir verði að sækja kjörfund, svo hann sje lögmætur, og um atkvæðamagn umsækjanda til að hljóta kosningu, skýrari en í lögunum frá 16. nóv. 1907, og það skilyrði sett, að fullan $^1/_4$ hluta kjósenda í prestakallinu þurfi til þess að ráða söfnuðinum prest eða hafna honum.

Vjer ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingartillögum, er hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr.:

Á eftir orðinu »kjósenda« bætist inn í:
í hverri sókn.

2. Við 7. gr.:

Í staðinn fyrir: »ef meiri hluti . . . . fundinn« í niðurlagi greinarinnar komi ný málsgr.:

Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

3. Við 11. gr.:

Í fyrri málsgr. falli burtu orðin: »hæfilega margir«.

4. Við 12. gr.:

Á eftir »Í Reykjavík« í upphafi gr. bætist inn í:
og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri.

5. Við sömu gr.:

Á eftir 2. málsgr.: »Þó skal . . . stað« bætist inn í ný málsgr.:
Sóknarnefnd ákveður hverir skuli kjósa í hverjum stað.

6. Við 13. gr.:

Greinin orðist þannig:

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja. Enn fremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla og lætur þá í umslag og innsiglir sem fyr segir.

7. Við 14. gr.:

Á eftir orðinu »sóknarnefnd« bætist inn: með póstábyrgð.

Fyrir breytingartillögunum verður gerð grein við framsöguna.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Steingrímur Jónsson, formaður.	Guðmundur Ólafsson, skrifari og framsögum.

Jón Þorkelsson.

Nd. **330. Frumvarp**

til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landsjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinu.

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Enn fremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugjörð eða reglugjörðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Ed. **331. Breytingartillaga.**

við frumvarp til laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, frá 2. nóv. 1914 og laga nr. 45 s. d.

Flutningsm. H. J. Kristófersson.

Við 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

Með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912 eru undanþegnar vörutolli

Nd. **332. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Frá Veganefndinni.

1. Við fyrsta lið:
   Í stað orðanna »vegalögin — flutningabrauta« skal koma:
   flokkun þá til viðhalds á vegum, sem er í vegalögunum 22. nóv. 1907.
2. Úr öðrum lið skal fella: »sýslu« framan af orðinu *sýsluvegum*; ennfremur »og flutningabrautum — sýslufjelögunum«.
3. Bæta skal við tillöguna svohljóðandi 3. lið:
   Að taka til íhugunar, hvort eigi sje tímabært að breyta vegagerðaraðferð á vegum þeim, sem landssjóður kostar að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega, hvort eigi beri að hafa vegina undirgrýtta (»púkkaða«), og leggja fyrir næsta þing skýrslur landsverkfræðings og álit um kostnað við slíka gerð á vegum, samanborið við þá vegagerðaraðferð, sem nú tíðkast, og um haldgæði þeirra ásamt tillögum landsstjórnarinnar um þetta efni.

12. gr. 5.

Nd. **333. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Birni Kristjánssyni og Sigurði Sigurðssyni.

Við 12. gr.

Á eftir 5. tölulið komi tveir nýir liðir:

1. Styrkur til Kjósarhrepps í Kjósarsýslu til að leita sjer læknis ..... 200—200
   Styrkurinn greiðist hreppsnefnd Kjósarhrepps.
2. Styrkur til Þingvallahrepps í Árnessýslu til þess að leita sjer læknis 150—150
   Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Þingvallahreppi.

Liðatalan breytist eftir þessu.

Nd. **334. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. október 1891.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

(Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Eyf., Bjarni Jónsson, Björn Hallsson, Hjörtur Snorrason og Jóhann Eyjólfsson).

1. gr.

Dýralæknar skulu vera þrír, einn í Sunnlendinga og Vestfirðingafjórðungum, einn í Norðlendinga og hinn þriðji í Austfirðinga fjórðungi.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Með þessum lögum eru ónýtt þau ákvæði fyrstu og annarar greinar í lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891, sem koma í bága við þau.

Ástæður.

Hannes Jónsson hefir undanfarin ár notið styrks þess, sem veittur er dýralæknaefnum til náms. Hann hefir nú útskrifast með besta vitnisburði. Kom hann að máli við landbúnaðarnefndina og kvaðst nú búinn að ganga í þjónustu landsins, ef það þyrfti sín. Ráðherra taldi og hið sama fyrir nefndinni. Meiri hluti hennar taldi nauðsynlegt að fjölga dýralæknum fyrir margra hluta sakir, og hugði námsstyrkinn veittan í því skyni, en eigi til þess, að ala upp dýralækna handa öðrum þjóðum. Taldi hann og brýnasta þörfina í Austfirðinga fjórðungi. Þessvegna flytur meiri hlutinn þetta frumvarp.

Síðan 1891 hafa peningar fallið mjög í verði og þótti nefndinni því full ástæða til að færa launin lítið eitt upp, enda vafasamt að nú fáist nokkur maður í tólf hundruð króna stöðu. En sjálfsagt er að persónulegar launaviðbætur lækki að sama skapi sem launin hækka.

Nd. **335. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Nefndin var á því máli, að ákvæðin um viðhald á vegum ætti nú eigi lengur við og þyrfti að gera nýja skipun á. Ýmsar skoðanir komu fram í nefndinni um það, hversu haga mætti viðhaldinu:

I. Órjettlátt er að þeir landshlutar beri jafnan vegakostnað sem aðrir, er engra vega njóta. Það yrði því rangt að láta landssjóð halda vegunum við að öllu leyti. Á hitt er að líta, að akfærir vegir eru nálega alstaðar einhversverð samgöngubót og á ýmsum stöðum mikilsverð, því er rjett, að þau hjeruð gjaldi nokkuð fyrir, er slíkra vega njóta. Væri því hentast að landssjóður annaðist einn allar póstleiðir, þar sem ekki eru nema reiðgötur, en hjeruðin gjaldi vegartoll í landssjóð, þar sem akvegir eru, og haldi landssjóður síðan vegunum við. Vegartoll þenna yrði að ákveða eftir ástæðum, hæstan þar sem akvegurinn er mest hjeraðsvegur, (t. d. brautin frá Haugum að Kláffossi í Borgarfirði) en minst almenn umferð um, lægstan þar sem akvegurinn er þjóðvegur og póstleið. Ætti þá að skifta vegunum í tvo flokka, reiðvegi á póstleið og akvegi. Aðrir vegir væri landssjóði óviðkomandi, og ljeti vegalögin reiðgötur í hreppum og sýslum afskiftalausar, þar sem ekki eru póstleiðir. Hins vegar er ástæðulaust að gera mun á póstum og aukapóstum og þeirra leiðum.

II. Hjeruð ætti að kosta nýja vegi á móts við landssjóð, t. d. að hálfu, en síðan ætti landssjóður að halda þeim við. Telja þeir, sem þessu fylgja, það unnið, að hjeruð muni ekki krefja dýrra vega, nema þar sem nauðsyn er á.

III. Landssjóður skal gera vegina, en til viðhalds skulu þeir flokkaðir í þrent og hvíli viðhaldið bæði á landssjóði og á hjeruðunum. Viðhaldsskyldu hjeraðanna skal ákveða eftir því, hversu almenn eða einstakleg afnotin eru, svipað því, sem segir í I.

Þessara ýmsu skoðana er hjer getið til leiðbeiningar.

En hverja af þessum stefnum, sem menn vildu aðhyllast, þá verður sýslum þörf á vegafjám, og telur nefndin rjett, að löggjöfin leiti gjaldstofna handa þeim, til þess að standast þenna kostnað. Væri ef til vill ástæða til að rannsaka, hvernig sýslusjóðir geti fengið tekjur með öruggum og þó sanngjörnum hætti. Nefndin telur því annan lið tillögunnar rjettan.

En auk þess, er nú var nefnt, telur nefndin nauðsyn á að rannsaka vegagerðina sjálfa. Þykir henni því rjett að láta landsverkfræðinginn gera skýrslu um dýrleika og haldgæði vega með ýmsum gerðum, svo að þingið geti fengið glögt yfirlit yfir hlutfallið milli dýrleika vega á aðra hlið og hagnýting þeirra og haldgæða á hina. Þess vegna vill hún bæta þriðja lið við á tillöguna, þar sem þetta felst í.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykt með þeim breytingum, sem nefndin ber fram í sjerstöku þingskjali. (332).

Alþingi 12. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari. Jóhann Eyjólfsson. Pjetur Jónsson.

Sveinn Björnsson. Sigurður Sigurðsson. Jón Jónsson.

Nd. 336. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Háttvirt efri deild hefir gert breytingar á 3. gr. frumv. Með því að vjer teljum breytingarnar vera nokkuð til bóta frumv., eins og neðri deild afgreiddi það, ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja það óbreytt, og væntum þess, *að umræðunni verði flýtt sem mest.*

Neðri deild Alþingis, 13. ágúst 1915.

H. Hafstein, form. Sveinn Björnsson, skrifari. Jón Magnússon.

Nd. **337. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Áður en fjárlaganefndin tók til athugunar gjaldahlið fjárlaganna, ræddi hún um aðalstefnuna í fjármálum að þessu sinni. Kom nefndarmönnum saman um, að í þetta sinn yrði óhjákvæmilegt, að takmarka gjöldin sem mest, svo að frumvarpið þyrfti eigi að fara frá þinginu með verul. tekjuhalla. Höfðu fjárlaganefndir beggja deilda borið sig saman um þetta og orðið á eitt mál sáttar. Fyrst er á það að líta, að tekjurnar eru óvissari nú en áður sökum ýmsra afleiðinga af Norðurálfustyrjöldinni. Þar næst það, að vel getur svo farið, að landsstjórnin verði að gera ráðstafanir til að varna innanlands vandræðum, og þær ráðstafanir kosti nokkurt handbært fje. Loks er peningakreppan, sem gera mun landsstjórninni örðugt, eða jafnvel ókleift, að útvega lán þótt heimild sje veitt til þess.

Nefndin hefir nú athugað fjárlagafrumvarpið og öll þau erindi, bæði frá stjórnarráði og einstökum mönnum, er komið hafa til þingsins varðandi fjárlögin, á 34 nefndarfundum. Leyfir hún sjer að gera nokkrar breytingartillögur á sjerstöku þingskjali og jafnframt eftirfylgjandi athugasemdir:

Við 2. gr.

Við athugun á tekjunum í þessari grein, virtist nefndinni áætlun á 12. lið (vörutollinum) sjerstaklega athugaverð. Þegar stjórnin tiltók upphæðirnar, miðaði hún meðal annars við þá ágiskun, að vörutollurinn 1914 mundi nema 400,000 kr., en reynslan varð ca. 345,000 kr. Nefndin fjekk nú stjórnarráðið til að safna skýrslum um vörutoll, fallinn í gjalddaga 30. júní þ. á., og eftir framkomnum skýrslum nemur þessi hluti vörutollsins f. 1915 nettó kr. 132,268,00

Vörutollur sá, er fjell í gjaldd. frá 1. júlí til 31. des. 1914, nam netto .. .. — 134,160,00

Ef sama upphæð kæmi inn á síðara missiri þessa árs, yrði vörutollurinn .. .. kr. 266,428,00

Nefndin telur nú að vísu allar líkur til að vörutollurinn verði talsvert hærri en þetta, þó styrjöldin haldi áfram, ef vöruaðflutningar ekki teppast mjög. En henni virðist þó sjálfsagt, að lækka áætlun hans fyrra árið (1916) um 50,000 kr. Þar á móti virðist nefndinni ekki ástæða til, að gera ráð fyrir að styrjöldin standi lengur en til næsta árs og lætur því áætlunina síðara árið óbreytta.

Kaffi- og sykurtollurinn var rannsakaður á sama hátt og vörutollurinn, og kemur þá í ljós að hann hefir numið:

frá $^{1}/_{1}$—$^{30}/_{6}$ 1915 netto	kr.	308,021,00
— $^{1}/_{7}$—$^{31}/_{12}$ 1914 —	—	240,413,47
eða yfir tvö síðastliðin misseri	--	548,434,47

Þetta er talsvert hærra en áætlun frumvarpsins og þess vegna til uppbótar á vörutollinn.

Nefndin leggur til að færa lítils háttar til áætlun fleiri tekjuliða, og sjerstaklega símateknanna. Þar hallast nefndin að áætlun landsímastjórans fyllilega

og vill færa þann lið upp um 10,000 kr. hvort árið. Þær tekjur námu 1914 fullum 203,000 kr. og engar líkur til að þær bregðist, heldur fremur hækki.

Við 4. gr.

Þótt það skifti litlu, leggur nefndin til, að leigur af innstæðu viðlagasjóðs síðara árið sje settar 500 kr. hærri (49,500 kr.). Og væntanleg útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks telur hún óhætt að áætla 15,000 kr. á ári eins og hann nam 1914, því sá útdráttur fer sívaxandi, þótt hann geti oltið á ýmsu frá ári til árs. Í þessari grein hefir gleymst að færa nýjan tekjulið: ágóða af innskotsfje Landsbankans, samkv. lögum nr. 50, 20. nóvember 1913. Þennan ágóða áætlar nefndin eftir fengnum upplýsingum 10,000 kr. f. árið og 14,000 kr. síðara árið. Eins og kunnugt er bætast 100,000 kr. við þetta fje árlega, og er ágóðinn eigi áætlaður nema 4% árlega, en nam 1914 fullum 5%.

Búðahreppur í Suðurmúlasýslu sækir til Alþingis um uppgjöf á eftirstöðvum símaláns, kr. 2,888,89. Landsímastjóri mælir með að uppgjöf sje veitt á 2000 kr. og færir til, að í fyrsta lagi muni þessi hreppur hafa lagt hlutfallslega langmest til síma, og í öðru lagi, að lína sú, er framannefnt lán gekk til, er nú orðinn kafli úr línunni til Hornafjarðar. Nefndin fellst á að veita eftirgjöf á 1500 kr. af nefndu símaláni.

Við 5. gr.

Presturinn á Breiðabólsstað í Fljótshlíð fer nú eins og fyr fram á, að árgjaldinu af brauðinu megi verja til jarðabóta á prestsetrinu. Af sömu ástæðum eins og fjárlaganefndin 1913, leggur nefndin nú til, að tekin sje upp sama athugasemd í 5. gr. sem í núgildandi fjárlögum.

Við 9. gr.

Landsbankastjórnin hefir farið þess á leit við Stjórnarráðið, eftir beiðni landsfjehirðis í brjefi dags. 9. des. f. á., að hækkað sje fje það, er í fjárl. er veitt til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum (sjá 6. lið). Stjórnin virðist ekki hafa fundið ástæðu til þessarar hækkunar. En nefndin lítur svo á, að eðlilegt sje að borga beinan kostnað til þessa eftir reikningi, og eru af landsfjehirði færð rök að því að 5000 kr. á ári hrökkvi eigi, og fer þó eigi sjálfur fram á launahækkun.

Nefndin leggur því til að liður þessi sje hækkaður um 500 kr. á ári.

Við 10. gr.

Stjórnin hefir miðað alþingiskostnaðinn við alþingisreikningana fyrir 1913. Nú hefir nefndin látið 2 menn, sinn úr hvorri fjárlaganefnd deildanna, fara í gegnum alla alþingisreikningana 1913, og er álit þeirra, að miðað við þá reikninga sje full-ríflega áætlað til alþingiskostnaðar fyrir reglulegt þing 75,000 kr. Í reikningunum fyrir 1913 er ýmislegur kostnaður óvenjulegur, svo sem þinghúsgarðsbygging, ásamt fleiru garðinum viðvíkjandi, sem ekki er alm. árskostnaður. Mikill kostnaður við að koma í lag skjala- og bókasöfnum Alþingis, sem ekki verður endurtekinn. Loks eru ýmsir gjaldliðir hærri á þessum reikningi en þörf er á, þar á meðal ljós og eldsneyti. Af þessum ástæðum felst nefndin á, að færa áætlun alþingiskostnaðar ofan í 75,000 kr.

Aftur á móti býst nefndin við, að nú verði kosnir 3 yfirskoðunarmenn landsreikninga, og leggur því til, að upphæðin til þeirra sje hækkuð um þriðjung.

Við 11. gr.

Nefndinni barst erindi frá fyrv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, þar sem hann býður fram framhald af efnisyfirliti yfir stjórnartíðindin fyrir árin 1904—1914, ef hann fengi alt að 50 kr. fyrir hverja örk. Fyrv. ráðherra Sigurður Eggerz hafði tekið vel í að leggja til við þingið um fjárveiting til þessa. Nefndin telur rjett, að fje sje veitt til þessa, og vill þá að árið 1915 sje tekið með. Hún leggur því til að alt að 500 kr. sje veittar til ritlauna fyrir yfirlitið jafnhliða öðrum kostnaði við stjórnartíðindin.

Ráðherra hefir munnlega stungið upp á því við fjárlaganefndina, að alt að 1000 kr. væri veitt fyrra árið til þess að gefa út á erlendu máli bók um landshagi Íslands. Nefndin álítur mjög nauðsynlegt að slík bók sje gefin út, til þess að útlendingar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um hag landsins, er sjeu svo rjettar sem best eru föng á. Að vísu munu í slíkri bók verða að miklu leyti sömu skýrslur og í væntanlegri árbók Hagstofunnar, en auk þess ætti að vera í bókinni lesmál til frekari skýringar og helst víðtækari upplýsingar um land og þjóð, en Hagstofan hefir tök á að gefa í árbók. Slík bók er mun auðlesnari fyrir alla ókunnuga en hagárbækur, sem eru eingöngu töflur. Þótt fjárveitingin sje sett á fyrra árið, álítur nefndin að það geti verið undir atvikum komið, hvort árið hún verði notuð, því að vel getur verið að hagstofan standi betur að vígi með að gefa hana út síðara árið, er henni hefir unnist meiri tími til þess að vinna úr hinum ýmsu greinum hagskýrslnanna, og bókin geti þess vegna orðið fullkomnari en ella.

Um 1. og 2. lið (stjórnartíðindin og Hagstofuna) vill nefndin geta þess, að henni virðist þeir rjettar settir í 9. gr.

Eftir tillögu yfirskoðunarmanns landsreikninganna, þess er sæti á í nefndinni, leggur hún til, að liðurinn B. 3 skiftist í tvent, burðargjöld embættisbrjefa og símakostnað. Nefndin furðar sig á, hve stjórnin áætlar mikla hækkun á þessum lið frá fyrri árum; býst við að 14.000 kr. á ári muni nægja, er skiftist þannig, að til brjefburðargjalds veitist 6000 kr., en til símakostnaður 8000 kr.

Fje til embættiseftirlitsferða er hækkað frá gildandi fjárlögum um $^2/_5$ eða 1000 kr. á ári. Nefndinni virðist meðalvegur þar á milli muni nægja, og stingur upp á 500 kr. lækkun. En þar með vill hún þó alls ekki draga úr rækilegu eftirliti, enda eru þetta áætlaðar upphæðir.

Miklar umkvartanir komu fram til þingsins frá þeim, sem hafa haft með höndum eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga (B. 7), hve örðugt sje að fá jafnmikil fjárframlög til þessa, annarsstaðar að, á móti landssjóðstillaginu. Meiri hluti nefndarinnar telur sanngjarnt að taka tillit til þessa og leggur nefndin því til að slaka til á skilyrðinu ofan í þriðjung á móti $^2/_3$ úr landssjóði, og að hækka fjárveitinguna um 1000 kr. á ári af þessum ástæðum.

Frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu hefir komið beiðni um peningaskáp handa embættinu, sem ekki verður undan komist fremur en þeim sem stjórnin hefir tekið til greina (B. 11); skápana þarf því 4. Nú hefir nefndin fengið þær upplýsingar, að mikill fjöldi þeirra járnskápa, er hingað til hafa verið keyptir,

reynist ótryggir í miklum bruna, og að varla fáist innan við 250 kr. öruggir skápar, þótt smáir sjeu. Leggur hún því til að Rangárvallasýslu sje bætt við og liðurinn sje færður upp í 1000 kr.

Við 12. gr.

Jón læknir Kristjánsson í Reykjavík sækir um 1000 kr. styrk á ári til þess að stunda hjer lækningar á lækningastofu, sem hann er að stofna fyrir »Fysiotherapie«. Það eru ýmsar útvortis aðgerðir með rafurmagnsböðum og bökstrum, ljósböðum o. fl. í sambandi við nuddlækningar. Hefir hann aflað sjer, samkvæmt vitnisburðum, er fyrir liggja, sjerþekkingar í þessum efnum, og að mestu komið upp áminstri lækningastofu. Áður hefir hann haft mikla aðsókn sem nuddlæknir. Hann hefir skýrt nefndinni frá, að áhöld þessi ásamt niðursetningu, rafurmagnsleiðslu og aðgerð á húsrúmi því, er hann hefir leigt til þessa, muni kosta alt að 7000 krónum. Nefndinni er ljóst að það er hin mesta þörf á þessum fyrirhuguðu lækningum, engu síður en öðrum lækningum, sem styrktar eru, og að reksturkostnaður á þessari lækningastofu eru mjög mikið aukin árleg útgjöld fyrir umsækjandann sem nuddlæknir. Hún treystir sjer þó eigi til, að mæla með árlegum styrk, en leggur til að ljett sje undir með stofnkostnaðinn með helmingsframlagi úr landssjóði, alt að 3500 kr.

Farið er fram á að auka 7. lið í kostnaði holdsveikraspítalans um 300 kr. f. á. til þess aðallega að kaupa nýja eldstó. Fyrir þessu eru færð svo góð rök, að nefndin felst á slíka fjárveiting.

Sjúklingar holdsveikraspítalans hafa ritað Alþingi brjef 7. f. m. þess efnis að þingið veiti fje til þess að koma á miðstöðvarhitun í spítalanum, og færa þar einkum til hinn mikla reyk, er ríki iðulega í flestum herbergjum spítalans af ofnunum, svo að oftlega sje ógerningur að leggja í ofnana. Spítalalæknirinn hefir einnig ritað þinginu 30. f. m. um sama efni. Fylgir erindi hans sundurliðuð áætlun um kostnaðinn, er nemur ca. 22,000 kr., en þar upp í kæmi andvirði ofnanna, eftir áætlun fróðs manns eigi minna en 1700 kr. Færir læknirinn sömu aðalástæðu og sjúklingarnir, en auk þess *óþrif* af reyk og kolaryki svo og kolaeyðslu, sem stafar af þessum fjölda ofna í spítalanum. Loks getur hann þess að talsverðar tilraunir, en árangurslausar, hafi verið gerðar til að lagfæra þessa reyking ofnanna.

Vegna sparnaðar þess, sem nefndin telur óhjákvæmilegt að viðhafa í þetta sinn um fjárframlög landssjóðs, getur hún ekki mælt með, að lagt sje út í þennan kostnað nú. En hún felst á að rjett sje og hyggilegt, að koma upp miðstöðvarhitun í spítalann eins fljótt og fjárhagur leyfir.

Byggingafræðingur Rögnvaldur Ólafsson hefir að tilhlutun stjórnarinnar farið utan til þess að kynna sjer byggingar á geðveikrahælum, í því skyni að leggja ráð á og standa fyrir viðbótarbygging geðveikrahælisins á Kleppi, sem ekki verður hjá komist. Sökum heilsubrests voru teikningar og áætlanir hans í þessu efni ekki svo á leið komnar, að málið yrði fullbúið lagt fyrir þetta þing. En Rögnvaldur gerir þá tillögu, að í þessum fjárlögum væri ætluð nokkur upphæð til undirbúnings slíkri byggingu, með því að þá væri hægt að hafa ódýrari vinnu (vetrarvinnu) til efnisaðdrátta o. fl. Nefndin felst á þetta, og leggur til, að hvort árið sje veittar 5000 kr. Getur þá landsstjórnin, ef hún sjer ástæður til að flýta

verki þessu, látið byrja veturinn 1916—1917 og fengið í fjáraukalögum 1917 viðbót til áframhaldsins.

Með þeirri fjárveiting til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, sem stjórnin hefir tekið upp í fjárlagafrumv., er alls ekki sjeð fyrir því, að heilsuhælið geti rekið starf sitt áfram, og er auðsætt á athugasemd stjórnarinnar, að henni er þetta að vísu ljóst, en hún skýtur því máli að öllu leyti til þingsins, hvað gera skuli. Býst þó við, að fjárveitingin til hælisins þurfi 10,000 kr. hærri á ári en sú, er hún til tekur. Nefndin hefir nú athugað þetta mál eftir föngum og rætt það á ýmsum fundum sínum. Hún hefir fengið sem nákvæmastar skýrslur frá heilsuhælisstjórninni, sem að sumu leyti birtast með nefndarálitinu (fskj. I. A.—C.) og auk þess munnlegar upplýsingar. Loks hefir nefndin rætt þetta mál á sameiginlegum fundi við fjárlaganefnd efri deildar. Niðurstaðan af þessu hefir orðið sú, að fjárlaganefndin leggur það til, *að landsstjórnin taki við af heilsuhælisfjelaginu rekstri og umsjón heilsuhælisins á Vífilsstöðum þegar við næstu áramót,* eins og líka var ráð fyrir gert á aukaþinginu í fyrra. En nefndin er ófáanleg til að leggja fram svo mikið fje, að þau *meðgjafarkjör* sjúklinga, sem nú eru, haldist. Hún áskilur því, að meðgjöf sjúklinga hækki eins fljótt og við verður komið, og ekki síðar en um næstu áramót, þannig, að dagsmeðgjöf í sambýlisstofum sje 2 kr. á dag, og í einbýlisstofum í hlutfalli þar við. Fæði, húsnæði, þjónusta og aðhlynning á heilsuhælinu nú er ódýrari, en nokkurar líkur eru til að fáist nokkursstaðar hjer í Reykjavík, og nær ekki helmingi af því, sem það nú í dýrtíðinni kostar stofnunina.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun um reksturskostnaðinn og tekjur á móti (sbr. fylgiskjölin) er tekjuhalli um 35,000 kr. hvort árið 1916 og 1917. Þessa upphæð leggur nefndin til að þingið veiti nú. Í þessari áætlun er ekkert gert fyrir skuldarentum hælisins nje sjálfsögðustu atborgunum. Fyrir því ætlar nefndin hækkun þá, sem felst í tekjum við meðlagshækkunina, og er þá tæplega gert ráð fyrir, að viðlagasjóður fái vexti af því fje, er heilsuhælið skuldar honum. Í tekjuáætlun heilsuhælisins er ekki gert ráð fyrir neinum tillögum heilsuhælisfjelagsins, nje heldur gjöfum, áheitum eða slíku, heldur ekki vöxtum af sjóðum þeim, er heilsuhælinu eru tileinkaðir. En alt þetta ætlast nefndin til að geti gengið til ívilnunar á meðgjöf sjúklinga, enda hefir heilsuhælisfjelagið umráð yfir slíku fje. Væntir nefndin þess, að heilsuhælisfjelagið starfi eigi ósleitilegar en hingað til að fjársöfnun til heilsuhælisins, og mætti þá svo fara, að meðgjafarhækkunin, að minsta kosti með tímanum, yrði ekki til þess að fyrirmuna fátækum einstaklingum vist á hælinu, heldur jafnvel þvert á móti.

Minningarsjóður Kristjáns Jónssonar leggur til meðlag með einum sjúklingi ár hvert, og hrökkva vextirnir þó ekki til fullrar ársmeðgjafar. Handbærir vextir af öðrum sjóðum gera þegar ríflega annað eins (4—500 kr. á ári), en þeir fara vaxandi. Frá heilsuhælisfjelaginu getur maður vænst eftir (miðað við reynsluna) ekki innan við 5000 kr. á ári í tillögum, gjöfum, áheitum og því, er inn kemur fyrir ártíðaskrár. Af þeirri upphæð getur þriðjungur allra sjúklinga á hælinu fengið ívilnun, sem nemur eins miklu eða meira en hækkun meðlagsins.

Nefndin er sannfærð um að það mundi bæta hag heilsuhælisins, einkum draga úr fæðisútgjöldum þess, ef rekinn væri búskapur á hælinu, og er þá aðallega um kúabú að ræða. Nú er öll mjólk (150—200 pottar á dag) keypt dýrum dómum, og flutningskostnaður mikill að auki. Heimafengin mjólk ætti, að öllu

sjálfráðu, að vera besta og ódýrasta fæðistegundin á hælinu. Jörðin Vífilsstaðir getur þegar fóðrað nokkrar kýr, og með kúabúi tekið mikilli útgræðslu á túni. Nefndin vill því að þegar á næstu árum sje gerður undirbúningur til þess að stofna þar kúabú. Í þeim tilgangi leggur hún til að veittar sje 5000 kr. f. á. til þess að koma upp fjósi fyrir 15 kýr ásamt hæfilega stórri hlöðu, svo og áburðarhúsi.

Við 13. gr. B. (Vegabætur).

Fjárlaganefndinni var ljóst, að svo framarlega, sem tekjuhalli fjárlaganna ætti fremur að lækka en hækka, þá yrði eigi hjá því komist, að fresta einhverjum þeim meiri háttar fjárveitingum í stjórnarfrumvarpinu, sem í venjulegu ári mætti telja sjálfsagðar, og þar á meðal einnig fjárveitingar til vega. Ráðgaðist hún við landsverkfræðinginn um þetta. Ljet hann í ljós, að ef nefndin væri ráðin í að minka vegafjeð, þá mundi saka tiltölulega minst, þótt þjóðvegafjeð væri lækkað, einkum sökum þess, að í stjórnarfrumvarpinu væri tekin til á liðnum B. III. 8. helmingi hærri upphæð en hann hafði stungið upp á. En hann gat þess jafnframt, að óhjákvæmilegt væri að veita nú fje til tveggja brúa, sem þó væri ekki á landssjóðsvegi, sem sje brúar á eystri ós Hjeraðsvatna og brúar á Miðfjarðará á Langanesströndum. Hjeraðsvatnabrúin er nú svo fúin, að full mannhætta er að fara hana og verður ekkert undanfæri að gera þar nýja brú á næsta ári, og gat þess, að brúarkostnaður þar mundi verða nál. 35,000 kr. Miðfjarðarárbrú var bygð í fyrra samkvæmt fjárveitingn Alþingis og með yfirumsjón landsverkfræðings; var það steinsteypubrú, og gróf undan öðrum brúarstöpli, svo brúin fjell niður næstliðið vor í vatnavöxtum; gat hvorugur verkfræðingurinn verið sjálfur við brúargerðina, heldur einn af vegaverkstjórunum, sá er vanastur var brúargerðum. Taldi landsverkfr. skylt að koma brú þessari upp aftur af hálfu landssjóðs, því kenna mætti um ófullkomnum umbúnaði En sama brúarstæði væri nú eyðilagt, og á öðrum stað yrði brúin dýrari eða um 8500 kr. Nefndin felst á, að ekki verði hjá því komist, að leggja fje til ofannefndra tveggja brúa, til Hjeraðsvatnabrúarinnar 25,000 kr. og til Miðfjarðarárbrúar 7,000 kr. gegn því er ávantar annarstaðar að.

Á móti þessum tveimur fjárveitingum kemur svo sjálfsögð lækkun á B. III. 8. úr 32,000, kr. hvert árið ofan í 16,000, og stenst þetta á. En þar að auki virðist nefndinni ekki verða hjá komist að lækka vegafjeð eitthvað og ræðst þar á:

a. B. II. 3. Skagfirðingabraut annað árið, og er það með tilliti til þess, að hjálpa verður við Hjeraðsvatnabrúnni. Að öðru leyti er nefndin ófús á að raska við fjenu til flutningabrauta.
b. B. III. 1. Stykkishólmsveg annað árið. Eftir skýrslu landsverkfræðings hefir á veginum á milli Stykkishólms og Borgarness verið unnið meira að nýrri vegagerð tiltölulega en á nokkrum öðrum þjóðvegi, síðan hann komst í þjóðvegatölu, og er því sanngjarnara, að þar sje klipið af en víðast annarstaðar.
c. B. III. 5. Öxnadalsveg. Nefndin telur bagaminna að þessum vegi sje frestað af því hann má teljast allvel reiðfær.

Nefndin býst við, að þegar raskað er áætlun þeirri, er landsverkfræðingurinn hefir gert um vegagerðir þessar á fjárhagstímabilinu, þá mundi hagkvæmara, að greina fjárveitingarnar ekki sundur í fjárlögunum á milli áranna, heldur

láta stjórnina hafa frjálsar hendur í því efni. En nefndin kemur þó ekki með breytingartillögur í þá átt að þessu sinni.

Um fje til sýsluvega vill nefndin taka þetta fram. Jafnvel þótt það yrði aðalreglan, að krefjast að eins jafnmikils tillags úr hjeraði, gæti komið til mála að styrkja vegagerð, þar sem rjettlátt væri að krefjast *meira* tillags á móti landssjóðsstyrknum, og vill nefndin breyta skilyrðinu í þá átt. Þá leggur og nefndin til, að stjórnin setji með reglugerð fleiri skilyrði fyrir slíkum styrkveitingum, og miðar hjer við bendingar landsverkfræðings, samkv. fylgiskj. B. við stjórnarfrv. (A bls. 82). Nefndin vill ekki gera neinar ákveðnar tillögur um sundurliðun á þessu fje til sýsluvega, en ætlast þó til, að sýsluvegir þeir, sem byrjað er á með landssjóðsstyrk, en ekki lokið, sitji fyrir öðrum með hæfilegu áframhaldi.

Nefndin leggur til, að veittar sje 800 kr. til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju. Það er rúmur helmingur áætlaðs kostnaðar til að koma ferjunni upp. Hjer er mikil umferð sumar og vetur, jafnvel af langferðamönnum. En aðallega er þó ferjan til þess að gera heilum hreppi ljettara að ná til flutningabrautarinnar frá Húsavík og nota vagna heim til sín.

Hækkunin, 200 kr. f. á., sem nefndin stingur upp á við B. I. 3., er sökum hækkaðrar húsaleigu, sem nefndin væntir þó, að ekki verði nema í bili.

Við C.

Þessum lið frestar fjárlaganefndin þangað til álit strandferðanefndarinnar er fram komið.

13. gr. D. Símar.

Mjög var rætt um það í nefndinni, að fresta nýjum símalagningum um næsta fjárhagstímabil af 2 ástæðum: Í fyrsta lagi mikilli verðhækkun á efnum öllum til síma, sem væntanlega lagaðist, þegar Norðurálfuófriðurinn hætti, og í öðru lagi sökum hræðslu við peningakreppu. En á móti þessu mælir í *fyrsta lagi:* hrýn þörf einstakra kauptúna og sjávarþorpa, sem enn vantar síma, og óðum eiga örðugra í samkepni við önnur kauptún og sjóþorp í verslun og fiskiveiðum. Í öðru lagi það, að símalögin *skipa* fyrir um að hafa tekjuafgang landssímans til nýrra símalagninga (3. fl. síma) á meðan á þarf að halda. En tekjuafgangur sá verður varla áætlaður minna en 100,000 kr. á ári, heldur að líkindum meiri. Þessi afgangur má því ekki brúkast til annara þarfa landssjóðs, nema full lögmæt undanþága sje gerð frá gildandi ákvæðum símalaganna. Vera má og, að styrjöldinni ljetti áður langt líður, og alt færist strax á næsta ári í vænlegt horf um verð á vörum, um tekjur landssjóðs og um peningaútvegi, ef á liggur, og kæmi sjer þá illa, ef hendur stjórnarinnar væri svo bundnar, að hún gæti ekkert látið vinna að símalagningum. Nefndinni hugkvæmdist því sá vegur, að láta fjárveitingarnar til símalagninga standa óbreyttar, en veita stjórninni heimild, með athugasemd við þenna lið, til þess að fresta framkvæmdunum, ef fyrirsjáanlegt væri, að tekjur landssjóðs hrykkju eigi, og telur hún þar með gefna lögmæta undanþágu frá símalögunum í þessu atriði, og megi þá verja tekjunum til annara útgjalda.

Nefndin telur rjett, að það sje á valdi stjórnarinnar, með ráði landssímastjóra, að ákveða, ef til kemur, hverja síma á að leggja með hinum veittu fjárhæðum, eftir þeim skilningi, sem hún hefir á eindögunum, og eftir því sem hún

að öðru leyti lítur á kringumstæður. Ákveður þá stjórnin jafnframt um framlög þau, er hjeruðum er gert að leggja á móti.

Þær breytingartillögur til hækkunar, sem nefndin gerir á D. IV. 4. og 8., eru í samræmi við samskonar hækkanir í fjáraukalagafrumvarpinu, sprottnar af sívaxandi kröfum til símaþjónustunnar, framkomnum eftir það að fjárlagafrumvörpin voru undirbúin. Má með sanni segja, að síminn gefi svo góðar tekjur og að fullkomin símaþjónusta borgi sig svo vel, að það ætti síst að halda hjer mjög í. En þó hefir nefndin tekið minni hlutann til greina af því, sem landssímastjóri fer fram á, og vill um leið gefa til kynna, að hún ætlast til alls þess sparnaðar á þessu ári, sem unt er og ekki skaðar símann. Hún felst á með landssímastjóra, að veita fje til nauðsynlegrar útfærslu á bæjarsímanum á Akureyri (9000 kr.), því auk þess sem það er skylda, að taka þar á móti nýjum notendum hindrunarlaust, væri hið gagnstæða sama sem að neita sjer um aukinn hagnað á stöð þessari. Þá telur og nefndin rjett, að leggja fram fje til þess að kaupa peningaskápa. En hún vill geta þess um leið í þessu sambandi, að þar sem landssjóður á sjálfur símastöðvarhús til frambúðar, ætti að koma upp eldföstum múrhólfum. Sama bending ætti og við um póstafgreiðslustöðvar og sýsluskrifstofur, ef þær eru á föstum stað.

Erindi frá þingmönnum Norður-Múlasýslu til nefndarinnar fer fram á:

> »að landssíminn endurgreiði þeim einstökum mönnum kr. 1000,00, er þeir lögðu til síma á milli Hofs og Vopnafjarðar sumarið 1906, þareð leið þessi er nú orðin aðalleið landssímans á þessu svæði«.

Erindi sama efnis kom til aukaþingsins 1914, og fjáraukalaganefnd þá fer um það svofeldum orðum í nefndaráliti sínu (Alþt. 1914 A. bls. 240—241):

> »Nefndin álítur í alla staði sanngjarnt, að ofannefnd upphæð sje endurgreidd af þeim ástæðum: 1. að tillagið frá Vopnfirðingum til nefndrar línu var hærra að tiltölu en tíðast hefir verið um slík tillög úr hjeraði, og 2. að nú við færslu símalínunnar af Smjörvatnsheiði á Hellisheiði, verður þessi Vopnafjarðarlína partur af aðallínunni. En þá virðist nefndinni rjett, að telja endurgreiðslu þá, er hjer ræðir um sem kostnað við hina nýju línu á Hellisheiði«.

Hjer er auðsætt, að nefndin ætlaðist til að upphæð þessi yrði endurgreidd, og að hún tækist af símaláninu, eins og kostnaðurinn við Hellisheiðarlínuna. Þessu er fjárlaganefndin nú alveg sammála.

Við 13. gr. E. (Vitar).

Stjórnin hækkar laun umsjónarmanns vitanna upp í 4000 kr. Þetta getur nefndin fallist á, en vill að því sje hagað til eins og um landsverkfræðinginn, að af þessu sje 3600 kr. hin ákveðnu laun, en 400 kr. persónuleg hækkun, fyrir lengri þjónustu og meiri reynslu. Enn fremur eru aðstoðarmannslaunin hækkuð í 2500 kr. Vegna þess að aðstoðarmaðurinn, sem hjer er átt við, er rafmagnsfræðingur Guðmundur Hlíðdal, felst nefndin á þessa hækkun, með þeirri athugasemd við liðinn, að hann sje jafnframt skyldur til, að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.

Eins og nefndin hefir eigi sjeð sjer annað fært, en að ráða til sparnaðar á vegafje og til undanþágu frá símalögunum um nýjar símalagningar, eins sjer

hún eigi annað fært, en að ráða til frestunar á vitabyggingum að mestu leyti þetta fjárhagstímabil. Undantekur hún þar einungis Straumnessvita (E. IV. c.). Í því sambandi leggur hún og til, að liðurinn E VI. lækki í 1500 kr. á ári, eins og hann er í núgildandi fjárlögum, því hækkunarinnar sje þá síður þörf. Einnig fellur niður af sjálfsögðu reksturskostnaður, sem áætlaður er (sbr. aths. stj.frv. A. bls. 55) til þeirra vita, sem nefndin leggur til að feldir sje burt af frumvarpinu.

Eftir tilmælum vitaumsjónarmanns leggur nefndin til, að veitt sje til leiðarljóss á Gerðatanga 100 kr. árlega, eins og verið hefir.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að rjettara sje, að haga fjárveitingum til launa og reksturskostnaðar vitanna, að forminu til, eins og verið hefir og er í gildandi fjárlögum, og er það óneitanlega fljótlegra yfirlits fyrir þingmenn. Leggur nefndin til, að forminu sje breytt í þá átt, og fer eftir sundurliðuninni í athugas. á bls. 55, að öðru leyti en því, að einstakir liðir falla burtu samkvæmt framansögðu, og svo eftir leiðrjettingunni aftan við stjórnarfrumvarpið.

Í þessu sambandi vill nefndin geta þess, að annar yfirskoðandi landsreikninganna hefir bent nefndinni á misræmi, sem átt hefir sjer stað um það, hvernig landsverkfræðingarnir reiknuðu sjer fæðispeninga eða dagpeninga á ferðalögum sínum. Stundum væri t. d. reiknaðar 6 kr. á dag, stundum 8 kr. Nefndin lítur svo á, að hjer ætti að vera fult samræmi á, og að dagpeningar þessir ættu ekki að fara fram úr 6 kr. á dag. Væntir hún þess, að stjórnin komi því til leiðar eftirleiðis.

Við 14. gr. A.

Samkv. því sem háttv. deild var skýrt frá, við 3. umr. fjáraukal. fyrir 1914 og 1915, hefir biskup farið fram á hækkun á bráðabirgðauppbót brauða frá því sem er í stjórnarfrumv. fyrir bæði árin 1915 og 1916, 500 kr. hvort árið. Ástæðan fyrir þessu er, að af rúml. 30 prestum, sem sitja í embættum við gömlu launakjörin, eru 12 innan við sextugsaldur, sem hafa talsvert lægri laun en þeim bæri, eftir nýju prestlaunalögunum. Úr þessum mismun vill biskupinn geta dregið sem mest, og verður þó ekki til hlítar, með þeirri hækkun, sem hann fer fram á. Nefndin hefir fallist á þessa hóflegu málaleitun, enda verður þá fjárveitingin jöfn og í gildandi fjárlögum.

Í öðru lagi hefir biskup farið fram á hækkun á A. b. 3, viðbót við eftirlaun etc. úr 4000 kr. hvort árið, upp í sama og í núgildandi fjárlögum eða 5000 kr. Færir hann til, að bæði fjölgi ekkjum, sem á þessum lið hvíla og eins nefnir hann tvo presta, tiltölulega unga, sem sökum varanlegs heilsubrests muni láta af embætti, en eru fátækir fjölskyldumenn. Annar þeirra, sjera Lárus Halldórsson frá Breiðabólsstað á Skógarströnd, liggur nú á heilsuhælinu á Vífilsstöðum, og hefir ritað Alþingi beiðni um styrk, sem hann vissulega þarfnast, og nefndin vill taka tillit til. Ennfremur hefir ekkjan Guðrún Johnsen í Khöfn sótt um eftirlaunaviðbót og vill nefndin mæla með, að sú ekkja fái sem svarar 100 kr. viðbót á ári. — Að öllu þessu athuguðu felst nefndin á, að liður þessi verði að hækka, eins og biskup fer fram á, um 1000 kr. hvort árið.

Söfnuður Stafafellssóknar hefir boðist til að taka við kirkjunni með 600 kr. álagi. Stjórnarráðið óskar, að upphæð til þessa sje tekin í fjárlögin, því álagið sje ekki ósanngjarnt. Nefndin hefir athugað þetta og felst á það.

14. gr. B.

Nefndin leggur til, að liðurinn B. I. a. hækki um 600 kr. á ári; þar af laun próf. B. M. Ólsen 200 kr. samkvæmt því, sem ráðherra skýrði frá við 3. umr. fjáraukalaganna fyrir 1914—15, en 400 kr. persónuleg launaviðbót við dósent Sigurð Sívertsen. Dósentinn fer fram á 600 kr. árlega hækkun, þar af 200 kr. til þess að tryggja sjer lítinn ellistyrk. Nefndin viðurkennir, að kennari þessi eigi samkvæmt stöðu sinni við Háskólann örðugra með en hinir dósentarnir, að vinna sjer inn launaviðbót með aukastörfum, svo sem ritstörfum, og finst sanngjarnt að hækka laun hans, samkvæmt ofansögðu.

Nefndin stingur upp á að lækka liðinn B. I. d. 1. um 200 kr. á ári, og hefði farið fram á meiri lækkun að þessu sinni, ef hún byggist eigi við á næstu árum, samkvæmt brjefi frá rektor háskólans 12 f. m., einhverjum sjerstökum bókakaupum vegna kenslunnar sem nýstofnuð er í klassiskum fræðum.

Af sparnaðarástæðum vill nefndin leggja til að liðurinn til útgáfu kenslubóka B. I. e. sje lækkaður að þessu sinni úr 2500 kr. ofan í 2000 kr.

Stjórnin hefir gleymt, að taka í frumvarpið hina venjulegu upphæð til söngkenslu við mentaskólann, og tekur nefndin hana því upp, 600 kr. á ári, samkvæmt ósk stjórnarinnar, undir B. II. b. Rektor mentaskólans hefir mælst til, að upphæð sú, sem veitt er fyrir umsjón með húsum og áhöldum mentaskólans sje feld niður, og hann hafi umsjónina án sjerstakrar borgunar, en fái í notum þess ókeypis ljósmeti og eldsneyti af efnum skólans. Felst nefndin á þetta og leggur því til, að færa nefnda upphæð til liðsins B. II. d. 2. (til eldiviðar ljósa og vatns).

Meiri hluti nefndarinnar vill eigi, að þessu sinni, leggja til að fella niður eða lækka verulega námsstyrk og húsaleigustyrk við skólann. Hinsvegar álítur hún mjög athugavert fyrirkomulag það, sem nú er, að öll kensla sje ókeypis og auk þess talsverður styrkur veittur nemendum úr landssjóði. Telur nefndin að af þessu hljóti að leiða að unglingar teygist frá öðru hagnýtara námi til mentaskólans og álítur það mjög óholt. Skapar þetta fyrirkomulag hóp af atvinnulausum mentamönnum, en þá menn vantar tilfinnanlega, er mentun hafi fengið til hagnýtari starfa. Lítur nefndin svo á, að rjett væri að koma á föstu skóla- eða kenslugjaldi með hæfilega mörgum »fríplássum« fyrir fátæka efnilega menn, og ef til vill gert ráð fyrir einhverjum peningaverðlaunum, til sjerstaklega efnilegra, en fjelausra manna. Nefndin leyfir sjer að skjóta þessu til stjórnarinnar til íhugunar, í von um að hún sjái sjer fært að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur í þessa átt.

Breytingartillaga III b. 1 (gagnfræðaskólinn á Akureyri) er gerð í því skyni að bæta 200 kr. á ári við laun Lárusar Rist aukakennara. Laun hans sem leikfimiskennara hafa til þessa aðeins verið 600 kr., og með þeim kjörum er hæpið að hægt sje að halda honum við skólann.

Við liðinn B. IV. hefir nefndin það að athuga, að henni þykir ekki í þetta sinn ástæður til, að leggja í mikinn kostnað við lóð kennaraskólans, og leggur því til, að undirliðurinn b. 8., 1500 kr. f. árið falli burt.

Formaður stýrimannaskólans fer þess á leit, að veitt sje fje til þess að gefa út siglingafræði á íslensku. Færir hann til, að nám af útlendum bókum verði torveldara fyrir þá, sem skólann sækja og lítt eru undirbúnir, en auk þess sje þörf á að bæta sjómálið með íslenskri kenslubók í aðalfræðigrein skólans. Hann gerir

sjer von um forleggjara að bókinni og býst við að ráðast í að semja hana, ef fje verði veitt til þess. Nefndin telur þetta mjög nauðsynlegt, og leggur til að veitt sje til þess alt að 45 kr. fyrir hverja örk upp að 900 kr. alls (B. V. b.).

Sótt hefir verið um hækkun á kaupi smíðakennarans við bændaskólann á Hólum (B. VI., 1.) því sýnilegt sé, að hann haldist þar ekki við með lægra kaupi en hann fær annarstaðar við smíðar. Smíðakennarinn þykir vel hæfur til starfsins og kenslan gefa góða raun. Leggur nefndin til að 200 kr. á ári sé veittar til þessa, og að fela megi svo smíðakennaranum teiknikenslu jafnframt.

Í sambandi við bændaskólana vill nefndin geta þess, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa að sögn ekki fengið til eftirlits neina reikninga eða skýrslur viðvíkjandi búum og jörðum bændaskólanna. Nú er svo hagað um þetta, að skólajarðirnar Hólar og Hvanneyri eru bygðar skólastjórunum, með allri áhöfn í lifandi peningi og dauðum munum, fyrir ákveðna ársleigu í peningum. En leiguna getur svo leigjandi borgað með jarðabótum, er tilkvödd matsnefnd fyrir hvern skóla metur árlega og sendir skýrslur um til Stjórnarráðsins. Munu jarðabæturnar hingað til hafa fyllilega náð upp á móti áskildum afgjöldum. — Nefndin telur nú rjett, að hinar árlegu skýrslur matsnefndanna, ásamt reikningum bændaskólanna, sé lagðar fyrir yfirskoðunarmenn landsreikninganna, því þeir eiga að líta eftir öllum starfsrekstri á landsbúinu, hvort sem hann stendur í beinu eða að eins óbeinu sambandi við landsreikningana.

14. gr. B. (IX—XVIII.).

Frú Jónína Sigurðardóttir Líndal á Akureyri sækir um alt að 1200 kr. styrk á ári til þess að halda uppi húsmæðrakenslu í gróðrarstöðinni á Akureyri, og skýrir frá, að hún hugsi sjer þetta sem bráðabirgðaráðstöfun á meðan ekki sje komið á fót reglulegum húsmæðraskóla í sveit, sem hún mælir mjög með. Nefndin felst á að veita 1000 kr. hvort árið í þessu skyni, og með sama fyrir augum sem frúin tekur fram í þessu sambandi.

Frá húsmæðraskóla á Eyrarbakka hefir einnig komið beiðni um 200 kr. styrk hvort árið. Á skóla þessum hafa verið 1—2 mánaða námsskeið, hvert á fætur öðru, undanfarna vetur. Nefndin felst á, að þessi styrkur sje einnig veittur (B. IX).

Kvennaskólinn í Reykjavík hefir sótt um aukinn styrk sökum hækkandi húsaleigu. Nefndin felst á, að færa styrkinn til skólans (XI. 1.) úr 6700 kr. upp 7000 kr. hvort árið. Kostar þá skólinn landssjóð 9600 kr. á ári.

Viðvíkjandi liðnum B. XII. (til almennrar barnafræðslu) vill nefndin taka þetta fram:

a. Styrkinn til að reisa barnaskóla utan kauptúna vill hún fella burt í þetta sinn, fyrst og fremst af áðurnefndum sparnaðarástæðum (fjárkreppu). En jafnframt virðist nefndinni miður hyggilegt, að ráðist sje í byggingar skólahúsa einmitt þá, er alt byggingarefni og vinna er í óeðlilega háu verði sökum styrjaldarinnar, og getur ekki sjeð, að barnafræðslunni í landinu verði neitt verulegt tjón af því, þótt fyrirhuguðum skólabyggingum kynni að verða frestað um 2 ár sökum þessa.

b. Nefndin efast um, að framhaldskensla handa kennurum, hjer í Reykjavík, muni verða sótt eftirleiðis eins og framan af. Þar á móti koma fram umsóknir um utanfararstyrki handa kennurum og virðist nefndinni heppilegt, ef eftirleiðis yrði hægt að styðja að því, að sem flestir gætu fylgst með í kensluaðferðum í útlöndum, þar sem þær eru best við okkar hæfi. Nefndin gerir því þá tillögu, að liðnum sje skift í tvent, þannig að 1500 kr. á ári gangi til framhaldskenslu innanlands, svipað og áður, og 2000 kr. á ári til utanferða kennara. Ætlast hún til, að styrkurinn f. árið gangi til Steingríms kennara Arasonar, sem nú dvelur í Ameríku; ætlar hann að ganga á kennaraskóla þar og vera á kennarafundum, en lofar síðan að starfa við barnaskóla Reykjavíkur að sjer heilum og lifandi.

Um unglingaskólana hefir nefndin ráðfært sig við fræðslumálastjórann og gerir í samráði við hann lítilsháttar breytingartillögu við athugasemdina við liðinn (B. XIII. a.) þess efnis, að fjórir tilteknir skólar hafi 1500 kr. hver, ef jafnmikið er lagt á móti annarsstaðar frá, og að Núpsskólinn og Hvítárbakkaskólinn, sem báðir hafa heimavistarpláss fyrir nemendur, fái að auki 30 kr. fyrir hvern nemanda, upp að vissu takmarki, hvor um sig.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður sje styrkurinn til sundkenslu í Reykjavík (B. XVII. a.) Tilgangurinn með þeirri hækkun er að sundkennarinn, Páll Erlingsson, geti fengið fullkomna aðstoð Erlings sonar síns, til þess að hafa sundkensluna á hendi. Væntir nefndin, að Reykjavíkurbær stuðli að þessu jafnframt. Erlingur Pálsson hefir eins og kunnugt er fengið orð á sig sem sundmaður og numið erlendis nýrri og betri sundlistir en hjer hafa verið kendar, og er því mjög áríðandi, að fá notið kenslu hans.

Nefndin stingur upp á, að veita leikfimiskennara Birni Jakobssyni 500 kr. styrk fyrra árið til utanfarar, til þess, samkv. því sem segir í umsókn hans til þingsins,

»að nema erlendis nokkrar úti-íþróttir, sem geti átt við hjer á landi, t. d. hlaup, stökk, boglist, ýmiskonar köst og knattleika«. Björn er helsti íþróttakennarinn hjer í bænum, ver kröftum sínum til eflingar leikfimi og íþróttum og er vel látinn sem kennari.

Við 15. gr.

Herra Páll E. Ólason, sem um undanfarið skeið hefir haft á hendi að semja handritaskrá og framhald af spjaldskrá á landsbókasafninu, hefir skrifað nefndinni ítarlegt erindi 29. f. m. um það, hve nauðsynlegt sje að hraða því starfi meira áleiðis og vinna að því með óskiftari kröftum, en verið hefir og hægt er með því fje, 2000 kr. á ári, sem til þess er varið. Landsbókavörðurinn hefir og vikið að því sama í brjefi til nefndarinnar 9. þ. m. Nefndin felst á að liðurinn 1. g. sje hækkaður um 400 kr. hvort árið.

Herra Pjetur Zóphóníasson fer fram á, að landsbókasafninu sje veitt fje til kaupa á skákritum, og að taflfjelag Reykjavíkur mætti hafa hönd í bagga um þau bókakaup. Nefndin sjer eigi ástæðu til, að hækka liðinn til bóka- og handritakaupa, en sýnist rjett, að stjórn landsbókasafnsins veiti taflfjelagi Reykjavíkur tillögurjett um val skákrita.

Þegar fyrst var byrjað á að veita fje til að afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta Ísland í útlendum skjalasöfnum, var ekki gert ráð fyrir, að þetta yrði fastur og því síður sívaxandi liður í fjárlögum. Nefndin leggur því til, að lækka þennan lið ofan í hið sama og í núgildandi fjárl., eða 1000 kr. á ári (2. f.).

Nefndin sjer ekki að ráð sje á í þetta sinn, að kosta til viðgerðar á Þingvöllum, og leggur því til, að sá liður (3. f.) falli burt.

Fjárveitinguna til þess að gefa út landsyfirrjettardóma frá 1800—1873 vill nefndin spara í þetta sinn.

Nefndin felst á það fyrirkomulag, að styrkur til skálda- og listamanna sje veittur stjórninnni til umráða í einu lagi. En hún ætlast þó til, að þetta verði eigi til þess, að svifta þá, sem um nokkur ár hafa haft persónulega veiting fyrir slíkum styrk, áframhaldi þar af á meðan þeir verja sjer að mestu til skáldskapar og listastarfsemi. Vill nefndin hjer með telja þá upp, og upphæð þá, sem hver þeirra mætti treysta á:

1.	Einar Hjörleifsson skáld	1200 kr. á ári
2.	Valdimar Briem skáld	800 — - —
3.	Guðmundur Magnússon skáld	1000 — - —
4.	Guðmundur Guðmundsson skáld	1000 — - —
5.	Guðmundur Friðjónsson skáld	600 — - —
6.	Einar Jónsson myndasmiður	1500 — - —

Ennfremur ætlast nefndin til, að Ríkarði Jónssyni sje af þessum lið ætlaðar 1000 kr. til Rómaferðar, sem endurveiting fyrir það, er stendur í núgildandi fjárlögum, og hann getur eigi notað á árinu, sökum styrjaldarinnar. Þetta nemur samanlagt 7100 kr. fyrra árið, og 6100 kr. hið síðara. Hyggur nefndin, að óþarfi sje að hafa þennan lið hærri en 9000 kr. á ári, og leggur því til að hann lækki um 5000 kr. hvort árið. Ýms erindi hafa komið til nefndarinnar frá listamönnum og listamannaefnum, sem nú ganga til stjórnarinnar. Vill hún leyfa sjer þar að mæla með styrk til Jóhanns skálds Sigurjónssonar og sömuleiðis til málara Kristínar Jónsdóttur, til þess að ljúka námi við listaskólann í Kaupmannahöfn.

Nefndin leggur til, að Steingr. Jónssyni (prests Steingrímssonar) sje veittur 800 kr. styrkur, til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn (stundar rafmagnsfræði). Það er framhald af styrk, er hann fær á núgildandi fjárlögum. Maður þessi þykir sjerlega efnilegur, en er fátækur, og á engan að, er getur styrkt hann svo mikið, að hann fái lokið náminu.

Þá vill og nefndin veita Laufeyju Valdimarsdóttur framhaldsstyrk, 600 kr. hvort árið, til þess að stunda málfræðisnám við Kaupmannahafnarháskóla. — Ástæðan sú, að hún hefir eigi hlotið Garðstyrk, fremur en aðrir kvenstúdentar, og að hennar námsgrein er eigi kend á Háskólanum hjer heima. Þareð upphæð styrksins, alls með þessu, jafnast á við 4 ára Garðstyrk, má ekki vænta, að frekara framhald verði.

Vilhelm Jakobsson hefir sótt um 1200 kr. styrk, til þess að fullnuma sig í hraðritun, sjerstaklega íslenskri hraðritun, það er, laga hraðritunarkerfið eftir íslenskri tungu. Hann hefir þegar numið hraðritun í eitt ár og mun þurfa annað árið til, svo að fyrirætlun hans náist. Nefndin lítur svo á, að full nauðsyn sje til þess, að fullkomin kensla í íslenskri hraðritun verði fáanleg hjer í Reykjavík,

og leggur því til, að honum sje veittur 800 kr. styrkur fyrra árið, enda fylgir styrknum sú skuldbinding, að hann þegar á eftir kenni hraðritun hjer í Reykjavík.

Jóhann Kristjánsson ættfræðingur hefir sótt um 1200 kr. hvort árið til þess að rannsaka og semja ítarlega skýrslu um allar gjafir, sjóði og guðsþakkafje, sem fyr og síðar hefir verið gefið eða stofnað hjer á landi, svo og meðferð þess. Hann hefir þegar af eigin hvötum rannsakað talsvert í þessa átt, og fundið margt athugavert. Nefndin telur mikilsvert og að líkindum mörgum kærkomið, að sem bestar upplýsingar fáist í þessu efni. Nefndin leggur því til, að 600 kr. sje veittar í þessu skyni hvort árið.

Próf. Ágúst H. Bjarnason sækir enn um 600 kr. styrk hvort árið, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«. Nú eru þegar komin út 4 bindi af yfirliti þessu og er þá eitt eftir: »Róm í heiðnum og kristnum sið«. Nefndin leggur til, að umbeðinn styrkur sje veittur og skírskotar til eldri ástæðna.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til dr. phil. Helga Pjeturss sje hafður sá sami og er í gildandi fjárlögum, 1800 kr. á ári. Erindi hans um 3000 kr. styrk á ári treysti nefndin sjer eigi til að taka til greina.

Stórstúka Goodtemplara á Íslandi sótti um 2000 kr. styrk hvort árið, til þess að styðja að því, að bannlögin sjeu haldin, og að fyrirbyggja með öllu heiðarlegu móti, að þau verði afnumin. Meiri hluti nefndarinnar vill sinna beiðni þessari að nokkru, og leggur nefndin því til, að 1000 kr. sje veittar hvort árið.

Við 16. gr.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hafði farið þess á leit við landsstjórnina, áður en hún samdi fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp, að hinn árlegi styrkur til fjelagsins væri færður upp um 2000 kr., og færði þá ástæðu, að þarfir fjelagsins færu sívaxandi, en styrkurinn hefði nú um hríð staðið mjög í stað. Á þetta fjelst landsstjórnin ekki, og leitar nú stjórn Búnaðarfjelagsins til fjárlaganefndarinnar um þetta mál með brjefi 23. f. m. Nefndinni virðist ekki rjett að ganga út frá því að starf Búnaðarfjelagsins standi í stað árum saman, jafn-mikilsverð verkefni og það hefir með höndum fyrir framtíð þessa lands. Auk þess er á það að líta, að hver krónan er minna virði nú en fyrir fáum árum. Enn er það, að Búnaðarfjelag Íslands hefur bæði nú og áður bent þinginu á, að brýna nauðsyn bæri til, að fenginn væri í þjónustu landsins vel mentaður sjerfræðingur í öllu því, er lýtur að áveitum til ræktunar (Kulturtekniker), og farið fram á, að fje væri veitt í því skyni. Nefndin felst á, að full þörf er á slíkum manni, þar sem verkefni fyrir hann hljóta að vera afarmikil, svo sem á Suðurlandsundirlendinu og víðar, en telur eðlilegast, að Búnaðarfjelag Íslands sjálft sje sjer í útvegum um þennan mann, þar sem starf hans beinlínis og eingöngu lýtur að búnaði. Með tilliti til alls þessa verður nefndin að fallast á þessa málaleitun fjelagsins, og leggur því til, að hún sje að fullu tekin til greina.

Aftur á móti virðist meiri hluta nefndarinnar ekki ósanngjarnt, að í þetta sinn sje kipt burtu styrknum til búnaðarfjelaga. Eftir öllum horfum verður þetta vandræðaár að veltiári fyrir landbúnaðinn vegna þess háa verðs, sem nú er á öllum afurðum. Ætti þetta háa verð að vera meiri uppörvun til búnaðarframfara heldur en þessi styrkur, sem víðast hvar mun brytjaður svo smátt, að hann dregur lítið hverjum einstökum. Nefndin leggur því til, að 2. liður falli

burt, en vill þó taka vara fyrir því, að þetta verði skilið á þá leið, að slík fjárveiting sem þessi eigi að falla til fulls burtu af fjárlögunum, heldur vill hún skoða þetta sem bráðabirgðaráðstöfun, miðaða við árferði.

Þótt nefndin hafi ekki viljað leggja það til, að fjárveitingin í 3. lið b (Miklavatnsáveitan) falli burt, þá er hún engan veginn laus við allan geig við þetta fyrirtæki vegna þeirrar reynslu, sem enn er fengin. En nefndin verður að treysta landsstjórninni og verkfræðingunum til þess að hjer verði ekki lagt í nýjan kostnað nema full trygging sje fyrir því að nægilegt vatn fáist og tilraunin um not jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

Fjárlaganefndin átti tal við verkfræðing landsins um vatnsvirki þau, sem fyrirhuguð hafa verið til þess að fyrirbyggja skemdir af völdum Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu. Sýndi hann nefndinni nákvæman uppdrátt af landsvæði því, er undir skemdunum liggur. Verður það hverjum manni ljóst, sem nokkra hugmynd hefur um staðhætti þar eystra, að hjer er um að tefla frjósamt land og mikið. Hjer er um það að tefla bæði að bjarga því landi, sem enn er óeytt, en þó í hættu, og eigi síður að vinna það land, sem nú er eyðilagt. Verkfræðingurinn tjáði nefndinni, að hann teldi gerlegt að koma á sæmilega tryggum vörnum fyrir ágangi vatnsins og jafnframt svo þýðingarmikið, að það stæði með fremstu fyrirtækjum þessa lands. Hefur hann með brjefi til fjárlaganefndarinnar (sjá fylgiskjal II) lýst þeirri tilhögun, sem hann hugsar sjer á framkvæmdunum. Þar sem nú bráðlega er von á ábyggilegri áætlun um fyrirkomulag og kostnað vatnsvirkjanna og ráðinn er verkfræðingur vegna þessara starfa, þá virðist nefndinni rjett að leggja nú þegar á þessu fjárhagstímabili fje til byrjunar á þessu fyrirtæki og ræður því til að veittar sjeu í þessu skyni 15000 kr. síðara árið.

Í núgildandi fjárlögum er veitt til skógræktar 14000 kr. fyrra árið og 10000 kr. síðara árið, auk launa skógræktarstjóra. Í fjárveitingu fyrra ársins er falin 4000 kr. fjárupphæð til þess að girða Vatnaskóg á Hvalfjarðarströnd. Nefndinni virðist ekki, eins og á stendur, að lagt verði í nein þvílík fyrirtæki nú, enda hefur landsstjórnin eigi bent í þá átt. Þess vegna ræður nefndin til, að liðurinn sje lækkaður niður í 10000 kr. hvort árið.

Í 16. gr. 8 g. núgildandi fjárlaga er veittur 900 kr. styrkur til þess að gefa út dýralækningabók. Nefndinni er kunnugt að bók þessi verður, ef til vill, eigi svo langt á leið komin við lok þessa árs að styrkurinn verði útborgaður og leggur því til að upphæðin verði endurveitt.

Stjórn Búnaðarfjelags Íslands hefir ritað Alþingi þess efnis, að koma gerlarannsóknarstofu Gísla gerlafræðings Guðmundssonar fyrir sem deild í efnarannsóknarstofu landsins. Hefir Gísli boðist til að láta áhöld sín af höndum til þessa með mjög góðum kjörum, með því móti að hann verði ráðinn til gerlarannsóknanna fyrir ákveðin árslaun, 1500 kr. Bæði búnaðarþing og búnaðarfjelagsstjórn mæla kröftuglega með þessu og sömuleiðis forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar og loks landlæknirinn. Gísli hefir sýnt hinn mesta áhuga á þessu starfi og erlendis fengið marga vitnisburði, sem hæfur forstöðumaður fyrir gerlarannsóknarstofu. Nefndin verður að telja það vel ráðið, að auka á þennan hátt efnarannsóknarstofu landsins og leggur því til, að fjárveitingar til þessa sjeu teknar upp í fjárlögin nú. — Áætlað er, eftir fyrri reynslu, að talsverðar tekjur verði af gerlarannsóknum, er renni til stofnunarinnar og jafnframt er víst að einhverjar

tekjur eru af hinum almennu efnarannsóknum, er að líkindum hafa gengið til efnis og áhaldakaupa. Til þess að nákvæmari grein verði gerð fyrir þessu eftirleiðis, vill nefndin að tekjur stofnunarinnar komi í tekjudálk landsreikningsins, en ofannefnd gjöld á sinn stað útgjaldamegin, eða þá að tekjurnar sjeu sýndar sem frádráttur á kostnaði stofnunarinnar, eins og á sjer stað um geðveikrahælið.

Jóhann Fr. Kristjánsson fer fram á það við Alþingi, að laun sín fyrir leiðbeiningar um húsagerð til sveita, verði færð úr 1000 kr. upp í 1600 kr. Beiðni sinni til stuðnings skýrir hann meðal annars frá, að tekjur sínar næstliðið ár hafi alls numið 1400 kr., en útgjöld, þrátt fyrir allan sparnað 1800 kr. Sömuleiðis að brjeflegar leiðbeiningar fari stöðugt vaxandi. Nefndin telur sanngirni að verða við þessari málaleitun að nokkru og leggur til að færa launin upp í 1200 kr. hvort árið.

Ýmsar umsóknir hafa komið til fjárlaganefndarinnar um styrk til náms erlendis í verklegum efnum, svo sem skipasmíði, vjelasmíði o. fl. og virðist nefndinni ekki undanfæri að sinna þessu að nokkru. Leggur nefndin til að 13. liður sje hækkaður upp í 4000 kr. hvort árið og fyrirsögn liðsins breytt þannig, að hann verði öllu víðtækari en áður. Mælir nefndin með að þessir umsækjendur verði teknir til greina:

Magnús Guðmundsson skipasmiður	með	1200 kr.	f. á.
Guðmundur Þ. Jónsson (nú í Kaupm.h.)	—	600 —	f. á.
Eggert Vilhjálmsson Briem	—	600 —	f. á.
Guðmundur Ágústsson frá Birtingaholti	—	600 —	s. á.

Stjórn Fiskifjelags Íslands sækir um hækkun á styrk upp í 20,000 kr. á ári og lætur meðal annars fylgja nákvæma sundurliðaða áætlun um útgjöld fjelagsins eins og hún var samþykt á fiskiþinginu í sumar, svo og fleiri skjöl og skýrslur. Það er hvorttveggja, að fjelag þetta hefir mikið verkefni, enda er það og í talsverðri framför, og virðist nefndinni því rjett að verða við óskum þess að mestu og leggur því til að styrkurinn sje hækkaður upp í 18,000 kr. hvort árið.

Sama fjelag hefir sótt um 8000 kr. á ári handa erindreka erlendis, er hafi með höndum útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum á erlendum markaði. Þetta er til framhalds þeim styrk, sem veittur er í gildandi fjárlögum, 4000 kr. gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Nú treystir fjelagið sjer eigi til þess að afla sjer neinna teljandi framlaga móti landssjóðsstyrknum. Sýnir það, að lítil samheldni er á meðal útflytjenda sjávarafurða. Eigi að síður vill nefndin sinna þessu málefni og leggur til að jafnhár styrkur sje veittur sem í núgildandi fjárlögum, sem sje 4000 kr. hvort árið, en nemur skilyrðið fyrir framlagi á móti, í burtu til þess að gera fjelaginu hægra um vik, að hagnýta sjer styrkinn.

Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir í núgildandi fjárlögum 4000 kr. styrk til verslunarerindreka, eins og kunnugt er. Enn fremur hefir sambandið 500 kr. árl. styrk til þess að útbreiða þekkingu á kaupfjelagsskap og öðrum samvinnufjelagsskap. Hvorugt þetta hefir stjórnin tekið upp í fjárlagafrumvarpið. Sambandið hefir nú ákveðið í samlögum við Sláturfjelag Suðurlands að halda erindreka eftirleiðis án styrks úr landssjóði, en sækir aftur á móti um 1000 kr. árl. styrk til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga. Nefndin hefir fallist á að veita þennan styrk gegn 500 kr. framlagi annarsstaðar frá.

Þar sem að lög um ullarmat eru afgreidd frá Alþingi, telur nefndin sjálfsagt að 19. liður verði að breytast, þannig að í staðinn fyrir til leiðbeiningar í ullarverkun, komi laun ullarmatsmanna, samkv. lögunum, og hæfileg fjárhæð til ferðakostnaðar, sem nefndin áætlar 200 kr. á ári til jafnaðar handa hverjum.

Heimilisiðnaðarfjelag Íslands í Reykjavík, sækir um 2500 kr. f. á. og 2000 kr. s. á., sem styrk úr landssjóði. Á því er enginn vafi, að nokkur hreyfing er að vakna hjer á landi í þá átt að lifga við aftur heimilisiðnað og gangi sú hreyfing í rjetta átt, getur hún haft ómetanlega þýðingu fyrir velmegun og menningu þjóðarinnar. Vill því nefndin sinna þessari málaleitun að nokkru, en fjelag þetta er of ungt og óreynt til þess að nefndin treysti sjer til þess að verða við umsókninni að öllu leyti, en leggur til að styrkurinn til fjelagsins sje færður upp í 1000 kr. á ári.

Stjórn sambands U. M. F. Í. sækir um aukinn styrk, 3500 kr. hv. á., til eflingar ungmennafjelagsskapnum og störfum hans. En störf fjelagsskaparins eru aðallega talin, skógrækt, íþróttir, alþýðufræðsla og útbreiðsla ungmennafjelagsskaparins. Nefndin leggur til að hinn árlegi styrkur sje færður upp í 2500 kr. h. á.

Nefndin sjer enga ástæðu til að hafa styrkinn til ábúandans á Hrauntanga hærri en 100 kr. hv. ár, eða jafnan því sem hann er síðara árið í núgildandi fjárlögum.

Umsjónarmaður áfengiskaupa fer fram á helmings hækkun á árslaunum sínum fyrir starfið, eða að þau sjeu hækkuð upp í 1200 kr. Eftir skýrslu hans um starfið viðurkennir nefndin að núverandi laun hans eru of lág og leggur til að þau sjeu hækkuð upp í 900 kr. á ári.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu tilkynnir að sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hafi á síðasta aðalfundi sínum samþykt, »að skora á Alþingi að veita á næstu fjárlögum 30,000 kr. til framhalds brimbrjótsins í Bolungarvík«. Jafnframt hefir þinginu borist brjef frá Th. Krabbe landsverkfræðing ásamt uppdrætti af brimbrjótnum eins og hann hugsar sjer hann fullgerðan. Giskar hann á að framlenging brimbrjótsins, frá því sem hann væntanlega verður kominn í haust, kosti alls um 225 þús. kr. Stjórnin leggur til að 10,000 kr. h.v á. sje lagt fram til brimbrjótsins, en tekur ekki upp skilyrði um framlag á móti. Af brjefi sýslumannsins verður ekki neitt ráðið um það, hvort sýslunefndin hefir ætlast til að styrkurinn fengist skilyrðislaust eða ekki, og samkvæmt því væri eðlilegast að styrkurinn væri feldur burtu að þessu sinni. Nefndin vill þó ekki leggja til að styrkurinn sje feldur burtu, en meiri hlutinn vill að sömu skilyrði sje sett og í núgildandi fjárlögum.

Þingmaður Austur-Skaftfellinga hefir, vegna Öræfinga, sótt um 5000 kr. styrk, til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða. Rannsókn hefir verið byrjuð á þessu fyrirtæki, en eigi gerð svo fullkomin enn þá, að fullnaðaráætlun liggi fyrir, en lausleg ágiskun landsverkfræðingsins, sem er um það, að 5000 kr. ásamt ríflegum vinnuframlögum Öræfinga, muni duga. Nefndin telur það svo mikilsvert, ef sæmileg bátalending fengist á þessum stað, að hún leggur til að styrkurinn sje veittur síðara árið. En hún væntir þess, að stjórnin útborgi ekki styrkinn nema ábyggileg áætlun sýni, að hann nægi að viðbættum þeim framlögum, sem vænta má að hlutaðeigendur geti lagt fram á móti.

Kaupfjelag Hjeraðsbúa í Múlasýslum, sækir um 5000 kr. styrk til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð og fylgir uppdráttur af hinni fyrirhug-

uðu bryggju. Áætlaður kostnaður er 10500 kr., og verður því framlag annarsstaðar að rúmur helmingur kostnaðar. Nefndin leggur til, að hinn umbeðni styrkur sje veittur. En út af því, að hún leggur hjer til um hlutfallslega hærra framlag úr landssjóði en venja er til, vill hún taka það fram, að það er eingöngu fyrir þá sök, að landssjóður á lóðina umhverfis og nýtur því þeirrar verðhækkunar, sem að öllu sjálfráðu verður af völdum bryggjunnar, svo og þeirra lóðargjalda, sem smámsaman koma við aukna bygð á þessum stað, því Búðareyri (eign landssjóðs) er eini staðurinn við botn Reyðarfjarðar, sem bygð getur aukist á að nokkrum mun.

Umsóknir hafa komið frá hlutaðeigandi hjeruðum um uppmælingu á innsiglingu og höfn að Borgarnesi í Mýrasýslu og Skógarnesi í Hnappadalssýslu. Áætlun um kostnaðinn liggur eigi fyrir, en eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir frekast getað fengið, mun kostnaðurinn á báðum þessum stöðum eigi fara fram úr 5000 kr. Þetta er svo mikilsvert samgöngumál, einkum vegna Borgarness, að nefndin telur sjálfsagt að sinna því, og leggur því til, að 5000 kr. verði veittar síðara árið í þessu skyni.

Við 18. gr.

Stjórnarráðið hefir beint til fjárlaganefndar, erindi frá ekkjufrú Ástu Þórarinsdóttur, ekkju sjera Benedikts Kristjánssonar frá Grenjaðarstað. Ekkjan hafði gert sjer vísa von um 300 kr. eftirlaun á ári, með því tekjur manns hennar, um nokkur síðustu ár prestsskapar hans voru yfir 3000 kr. af prestakallinu. En við úrskurð á eftirlaununum var farið eftir mati á tekjum brauðsins 1899, er þá voru metnar innan við 3000 kr. nettó, með því að árgjald hvíldi á brauðinu. Stjórnarráðið hefir úrskurðað eftirlaunin kr. 170,04, en virðist því þó meðmælt, að úr þessu sje bætt, og biskup mælir með því, að uppbót sje veitt, svo að eftlaunin standi í 300 kr., eins og orðið hefði, ef við síðara mat hefði verið miðað. Þessu er nefndin sammála.

Fjöldi áskorana hefir borist til þingsins úr Árnessýslu um það, að veita fyrverandi hjeraðslækni Ásgeiri Blöndal full læknislaun — 1500 kr. — að eftirlaunum. Hann hefur ekki einungis reynst ágætur læknir, heldur óvenjulega ósjerplæginn og vægur í viðskiftum og einkum við fátæka menn, svo að þetta hefir skert mjög efni hans alla jafna. Auk þess hefir hann átt við heilsubrest að stríða og af þeim ástæðum orðið að segja af sjer embætti og sleppa atvinnu sinni fyr en venja er til. Þrátt fyrir það, þótt nefndin viðurkenni þessar ástæður rjettar, treystir hún sjer ekki til að mæla með að það verði upp tekið, að borga full laun að eftirlaunum. En hún leggur til, að þessum manni sje í viðurkenningarskyni veittar 250 kr. sem viðbót við eftirlaun.

Þá gerir nefndin tillögu um það, að ekkjum tveggja nafnkunnra manna er dáið hafa á þessu ári, sje í heiðursskyni við menn þeirra veittur ekkjustyrkur. Það eru: Guðlaug Zakaríasdóttir, ekkja Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, sem nefndin vill ætla 360 kr. á ári, og Jakobína Pjetursdóttir, ekkja Jóns Stefánssonar á Litluströnd (Þorgils gjallanda) 200 kr. Hvorug ekkjan hefir sótt til þingsins um eftirlaun. En þar sem nefndinni er kunnugt um, að þær eru báðar efnalitlar og á gamals aldri, þykir henni tilhlýðilegt, að þingið ótilkvatt sýni minningu manna þeirra virðingu á þennan hátt.

Tveir póstar hafa að þessu sinni sótt um eftirlaun úr landssjóði: Árni

Gíslason, er fyr var vestanpóstur yfir 20 ár, en ljet af póstferðum fyrir 10 árum. Hann er 62 ára og orðinn heilsubilaður og fjelaus, en hefir ekki fyr en nú sótt um eftirlaun. Hinn er Bjarni Ketilsson, sem til skamms tíma hefir verið póstur á einhverri erfiðustu póstleið: á milli Seyðisfjarðar og Grímsstaða. Hann hefir verið póstur 18 ár og er nú farinn að heilsu og fjelaus. Báðir hafa þeir meðmæli póstmeistara og fleiri góðra manna. Það hefir nú þegar verið viðurkent af fjárveitingarvaldinu, að þeim sem slíta sjer út á jafn erfiðum alþjóðarstörfum, og póstferðir eru hjer á landi, beri öðrum fremur styrkur í elli sinni. Nefndin leggur því til, að ofannefndum póstum sje veittur 300 kr. styrkur hvorum.

Eggert Brandsson sjómaður hefir sótt um 2—300 kr. árlegan styrk. Hann varð fyrir því slysi veturinn 1902, er hann var að bjarga seglum í stórsjó, að mölbrjóta á sjer annan handlegginn, svo að eigi varð settur saman. Hefir hann síðan orðið að hafa handlegginn í umbúðum, en jafnan unnið fyrir sjer við sjómensku þrátt fyrir þau óþægindi og kvalir, sem af þessu hafa stafað. Nú er hann orðinn svo aðframkominn, að hann getur tæplega unnið fyrir sjer lengur. Nefndin telur mann þenna hafa sýnt einkennilega mikið þol og dug til að bjarga sjálfum sjer og heimili sínu án nokkurs styrks af sveitarsjóði, að mjög sje virðingarvert, og vill því mæla með 150 kr. árlegum styrk úr landssjóði til hans.

Af þeim, sem nafngreindir eru í 18. gr., eru dánir: Gísli póstur Eiríksson með 200 kr. eftirlaun og Torfi Bjarnason með 1500 kr. og falla þessar upphæðir að sjálfsögðu burtu. Að öðru leyti er og nefndinni kunnugt um, að af þeim, sem taldir eru til eftirlauna í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið, bls. 70—74, eru tvær ekkjur, sem nú eru látnar, og nema eftirlaun þeirra samtals kr. 838,27, og hefir þetta áhrif á aðalupphæðina í 18. gr., sem nefndin þó eigi rótar við, þar sem að eins er um áætlaða upphæð að ræða, sem fer eftir atkvæðagreiðslu í deildinni.

Við 21. gr.

Við þessa grein gerir nefndin nokkrar viðaukatillögur. Fyrst og fremst er þar að minnast á nokkrar lánsheimildir fyrir stjórnina, sem samtals nema allmiklu fje. Um þær má í stuttu máli segja, að þær sje þýðingarlitlar, eins og við horfir nú, enda vill nefndin taka það skýrt fram, að í þeim er engin skuldbinding fólgin fyrir stjórnina til þess að taka til útlána nokkurn eyri frá lögmæltum gjöldum landsins, eða þeim úrræðum, sem stjórnin ef til vill verður neydd til að taka landsmönnum til bjargar. Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir þessum lánsheimildum í framsögunni.

Þó leggur nefndin það til, að lánskjörum gagnvart ullarverksmiðjunni Gefjunni á Akureyri verði breytt í hagkvæmara horf fyrir verksmiðjuna. Eins og afborgunarkjörunum er háttað nú ($^1/_{15}$ lánsins borgist á ári), eru þau ókleif fyrir verksmiðjuna, jafnvel þótt hún standi sig vel, af því hlutafje hennar er ekki nema um $^1/_4$ af öllum höfuðstólnum. Auk þess er árferði nú fyrir verksmiðjuna svo ilt, að telja má vel fara, ef hún dregur upp án allra afborgana af skuldum. Hins vegar virðast skuldir verksmiðjunnar við landssjóð vel trygðar með 1. veðrjetti í verksmiðjunni sjálfri fyrir minna láninu (50,000 kr.) og ábyrgð sýslufjelags Eyfirðinga og bæjarfjelags Akureyrar fyrir hinu stærra (60,000 kr.). En tryggingin lakaðist strax við það, ef óþyrmilegar afborganir ræki verksmiðjuna nú upp á sker. Nefndinni virðist því ráðlegast, að verða við óskum hlutaðeig-

enda um bætt afborgunarkjör, samkvæmt því sem viðaukatillaga nefndarinnar hljóðar.

Það er samkvæmt tillögu ráðherra við nefndina, að hún ber fram heimildina til að kaupa Melkotslóðina. Væntanlega verður talsvert af lóðinni haft til þess eins að auka prýði og þægindi á lóð ráðherrahússins, en nokkurn hluta mun að líkindum mega selja fyrir ekki lægra verð en lóðin er seld landssjóði.

Tveir læknar hafa sótt til Alþingis um leiðrjetting á eftirlaunum sínum. Fyrir báðum stóð svo á, að þeir voru »aukalæknar« áður en þeir fengu embætti með konungsveitingu og eftirlaunarjetti. Annar þeirra, Bjarni Jensson, hefir verið læknir full 30 ár, en þar af 3 ár aukalæknir, og af því stafar að hann náði ekki fullum eftirlaunum, heldur skorti 75 kr. til (í 1000 kr.). Björn Blöndal hefir verið læknir alls í 25 ár, þar af aukalæknir frá 1890—1901 og síðan hjeraðslæknir, en ekki með eftirlaunarjetti (konungsveitingu) nema frá 1908, eða 7 ár. Nefndinni virðist í alla staði sanngjarnt, að hinum fyrnefnda sje reiknuð eftirlaun fyrir læknisþjónustu í full 30 ár, en hinum síðarnefnda frá því hann varð hjeraðslæknir 1901.

Landsímastjórinn hefir stungið upp á því við nefndina, að stjórninni væri veitt heimild til þess að taka lán í því augnamiði að kaupa til bæjarsímans í Reykjavík svokallaðan »Kvart-automat«, og segist landsímastjóranum svo frá, að þetta spari símavinnu og annan kostnað á stöðinni svo að nemi ca. 3500 kr. á ári. En stofnkostnaðurinn nemur um 60—65 þús. krónur að meðtöldum nýjum talfærum til allra notenda. Á móti því sparast 2 ný skiftiborð sem mundu kosta 10.000 kr. og öll talfærin (um 600) sem nú eru brúkuð og hægt er að koma í not og nokkurt verð. Nefndin hyggur, að þetta sje beinlínis arðvænlegt fyrir símann, og leggur því til að nefnd heimild sje veitt í fjárlögunum.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Sveinn Björnsson, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari.

Björn Kristjánsson. Eggert Pálsson. Sigurður Sigurðsson.

Skúli Thoroddsen. Þórarinn Benediktsson.

Fylgiskjal I.

Heilsuhælið á Vífilsstöðum.

A.

Áætlaður árskostnaður við rekstur heilsuhælisins á Vífilsstöðum 1916--1917.

I.	Laun	kr. 11004
II.	Matur (handa 97 manns, kr. 1,05 á dag)	— 37175,25
III.	Lyf og hjúkrunargögn.	— 2368
IV.	Þvottur og ræsting	— 1300
V.	Eldiviður og ljósmatur	— 13500
VI.	Viðhald húsa.	— 1500
VII.	Viðhald vjela..	— 1000
VIII.	Skattar og vátrygging...	— 1200
IX.	Jarð- og skógrækt og vegir	— 1800
X.	Húsbúnaður og áhöld..	— 2200
XI.	Flutningskostnaður	— 900
XII.	Ritföng, talsími og ýmisl. fleira	— 1200
	Samtals	kr. 75147,25

Áætlaðar tekjur:

Meðlag með 67 sjúkl. (kr. 1,40 á dag)... ...	kr.	34237
— — 5 — (— 2,25 - —)... ...	—	4106,25
Tekjur af jarð- og svínarækt	—	1400
Samtals	kr.	39743,25

Athugasemdir við áætlunina og samanburður á hinum einstöku liðum, eins og þeir hafa verið árin 1911—1914.

I. Laun starfsmanna:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 8244,38	9702,10	10333,87	10452,55

Laun starfsmanna hafa því farið stöðugt hækkandi. Ómögulegt að fá vinnufólk fyrir jafnlágt kaup og fyrstu árin, og þar að auki orðið að bæta við 2—3 vinnukonum, með því að vinnukraftur sá, sem í byrjun var, reyndist alt of lítill. Laun annara starfsmanna hefir yfirstjórnin einnig orðið að hækka að mun. Þannig fjekk ráðsmaður upphaflega í kaup kr. 600, vjelamaður kr. 500, yfirhjúkrunarkona 720, ráðskona 400.

Nú eru laun starfsfólksins sem nú skal greina.

Læknir	kr.	3400
Ráðsmaður	—	1080
Vjelamaður	—	900
Yfirhjúkrunarkona	—	800
Ráðskona	—	600
2 hjúkrunarkonur (á 300)	—	600
1 hjúkrunarnemi	—	120
1 vökukona	—	180
3 vinnukonur (á 180)	—	540
11 vinnukonur (á 144)	—	1584
1 vinnumaður	—	400
1 vinnumaður	—	300
	Samtals kr.	10504

Þar að auki má gera ráð fyrir 300 kr. til aukavinnu, sem sje til ræstingarkvenna til höfuðræstingar einu sinni á ári, til hjúkrunarkonu í sumarleyfi hjúkrunarkvenna og í sjúkdómsforföllum starfsfólks o. fl.

Ennfremur skulu laun læknis hækka 1. jan. 1916 um 200 kr., samkvæmt skipunarskjali hans. (Launin voru í byrjun 3000 kr., en skyldu hækka um 200 kr. 2. hv. ár, upp í 4000 kr.

Allur launaliðurinn verður því kr. 11004.

II. Matur:

Ár. 1911	1912	1913	1914
Kr. 27124,10	31636,04	34988,01	37159,83

Frá þessari upphæð gengur nokkuð fyrir seldar matvörur og selt fæði til gesta og daglaunamanna. Sú upphæð var hæst árið 1914, nl. kr. 1436,75, og verða því hin eiginlegu útgjöld það ár að eins 35723,08. Fæðisdagar sjúklinga og starfsfólks var þá að samtöldu 36680. Kostaði því fæðið á dag 97,6 au.

Það getur varla hjá því farið að fæðið verði dýrara þetta yfirstandandi ár, og virðist óvarlegt að gera fæðið fyrir næsta fjárhagstímabil minna en kr. 1,05 á dag. Verður sá liður því kr. 37175,25 á ári.

III. Lyf og hjúkrunargögn:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 2104,38	2836,06	2048,94	2393,69

Frá þessu dregst það sem sjúkl. hafa endurgoldið fyrir hitamæla og hrákaglös, og var það árið 1914 kr. 425,55, svo þá verða hin eiginlegu útgjöld kr. 1968,14.

Við þetta bætist árleg útgjöld til Röntgenstækja, sem jeg geri 400 kr. Geri jeg því árskostnaðinn kr. 2368.

IV. Þvottur og ræsting:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 949,33	1020,30	1305,45	1247,50

V. Eldiviður og ljósmatur:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 7097,36	9622,45	11370,16	10195,37

Þennan lið áætla jeg kr. 13500. Auðvitað er sú áætlun nokkuð út í bláinn, en gera má að minsta kosti ráð fyrir, að kolaverð verði geypihátt nú í sumar komandi.

VI. Viðhald húsa:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 715,37	1102,26	1372,42	1241,56

Með því ekki má dragast lengur að kalka húsið að utan, mála glugga o. fl., áætla jeg þennan lið kr. 1500.

VII. Viðhald vjela:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 236,56	825,53	1029,39	1197,22

Jeg hefi að eins áætlað 1000 kr., með því að búist er við að ýmsar viðgerðir á mótornum verði minni.

VIII. Skattar og vátrygging:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 800,57	1000,31	940,58	1201,53

IX. Jarð- og skógrækt og vegir:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 552,75	1211,95	1611,91	1882,35

X. Húsbúnaður og áhöld:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 2640,02	2318,24	1851,49	2476,69

XI. Flutningskostnaður:

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 736,06	650,42	819,02	1059,49

Flutningskostnaður eru hestar, fóður, vagnar, aktygi o. fl.

XII. Ritföng, talsími og ýmisl. fl.

Ár 1911	1912	1913	1914
Kr. 518,58	1455,29	605,13	1025,78

Tekjur.

Jeg hef gert ráð fyrir 72 sjúkl. á dag til uppjafnaðar.

Til samanburðar:

Ár	1911	1912	1913	1914
Sjúkl. á dag ...	67,7	71,5	70,3	73,6

Tekjur af jarð- og svínarækt áætla jeg kr. 1400 (fyrir utan það hey, sem fer til hesta hælisins). Þetta er þó nokkru minna en tekjurnar voru árið 1914, en það ár var tún óvenjuvel sprottið. Þá var selt hey og slægjur fyrir kr. 1523,37, og fyrir grísi innkom 620 kr. 40 a.

Tekjuhallinn verður þá kr. 35404,00. Þar við bætist afborganir og rentur af lánum, og mun gjaldkeri Heilsuhælisfjelagsins láta í tje skýrslu þar að lútandi.

Annars virðist mjer geta komið til mála að hækka meðlag sjúklinga. Þetta lága meðlag sjúklinga var miðað við verðlagið þegar heilsuhælið var stofnað. Ef meðlagið væri hækkað upp í kr. 1,75 á dag, þá er þó þessi hækkun ekki tiltölulega eins mikil eins og reksturskostnaðurinn hefur orðið hærri.

Með þessari 35 au. hækkun á dag yrðu tekjurnar þannig:

Meðlag með 67 sjúkl. (kr. 1,75 á dag)	kr. 42796,25
— — 5 — — 2,60 - —)	— 4765,00
Tekjur af jarð- og svínarækt	— 1400,00
Samtals	kr. 48941,25

Tekjuhalli yrði þó að eins kr. 26206 (auk afborgana og renta).

Þó að landssjóður tæki að sjer hælið, tel jeg víst að Heilsuhælisfjelagið myndi halda áfram og myndi það þá styrkja fátæka sjúklinga til heilsuhælisvistar.

Að endingu vil jeg minnast á það að hælið mundi eflaust græða á því að hafa kúabú, en auðvitað hefði það nokkurn kostnað í för með sjer í fyrstu (bústofn, fjós og hlaða). En jeg vil ekki fara fram á þetta að þessu sinni, því það er annað sem er enn nauðsynlegra, nl. *deild fyrir berklaveik börn á Vífilsstöðum.* Börnum er ekki hægt að veita móttöku hjer, eins og nú stendur á, því þau þurfa að vera í alveg sjerstakri deild og ekki innan um fullorðna. Á slíkri deild er hin brýnasta nauðsyn. Það er stöðugt verið að biðja fyrir börn hjer, sem því miður verður að úthýsa. Baráttan við berklaveikina er ekki í viðunanlegu horfi, nema slík deild sje sett á stofn.

Deildinni mætti koma fyrir í þeim hluta hælisins, sem læknir hefur nú, en byggja hús fyrir hann. Deildin mundi þá rúma 15—16 börn. Öll sú breyting mundi kosta, að áliti hr. Rögnvaldar Ólafssonar byggingarmeistara 20—22 þús. krónur (með öllum útbúnaði).

Jeg vil því leggja til, að farið sje fram á, að þingið veiti 22 þús. kr. til slíks fyrirtækis.

Jeg hef athugað reksturskostnað slíkrar deildar, og hef komist að þeirri niðurstöðu, að reksturskostnaður hælisins mundi ekki hækka við þetta, jafnvel þótt meðlag barnanna væri ekki hærra en fullorðnir borga nú.

Vífilsstöðum 15. apríl 1915.

Sig. Magnússon.

B.

Skýrsla um eignir og skuldir heilsuhælisins á Vífilsstöðum 1. ágúst 1915.

Eignir:

1.	Húseignin sjálf með öllu múr- og naglföstu og öðru tilheyrandi	kr.	285000,00
2.	Innanstokksmunir og áhöld ýmiskonar...	—	35000,00
3.	Útistandandi skuldir hjá sjúklingum (1. júlí).	—	8505,36
4.	Matvæla- og eldiviðarbirgðir (29. júlí)	—	2356,40
5.	Eyðslufje í sjóði hjá fjehirði (í innlánsbók og bankavaxtabrjefi)	—	116,52
	Samtals	kr.	330978,28

Skuldir:

1.	Skuld við Bikuben í Kaupmannahöfn (11. júní þ. á.)			kr.	144769,16
2.	Skuld við landssjóð með ógreiddum vöxtum			—	85125,00
3.	Skuld við Landsbankann...			—	22500,00
4.	Skuld við Íslandsbanka:				
	a.	kr.	22500,00		
	b.	—	4000,00		
	c.	—	1500,00	—	28000,00
5.	Skuld við Rögnvald Ólafsson, með vöxtum til 1. ágúst 1915...			—	1262,67
6.	Kolaskuld til verslunar Björns sál. Guðmundssonar...			—	2702,93
7.	Mjólkurskuld og búðarskuldir fyrir vörur keyptar í júlímánuði, áætlaðar.			—	1500,00
	Eignir umfram skuldir			—	45118,52
	Samtals			kr.	330978,28

Athugasemdir:

A. Eignaliðir:

Verð það, sem hjer er sett á húseignir, innanstokksmuni og áhöld, er einskonar virðingarverð, miðað annarsvegar við það, hvað alt þetta hefur kostað upphaflega — áætlað verð á gjafamunum — og verið aukið og endurbætt, og hinsvegar við fyrningu, rýrnun og slit (innanstokksmunir, áhöld o. fl.).

Eignirnar eru vátrygðar þannig;

a.	Heilsuhælisbyggingin sjálf fyrir...	kr.	200000,00
b.	Húsbúnaður allur, áhöld og birgðir (þar á meðal eldiviður)	—	50000,00
	Iðgjald $2^1/_2{}^0/_{00}$, gjalddagi 15. sept.		
c.	Hesthús og hlaða, sambygð (úr steini og steinsteypu) fyrir	—	3300,00
	Iðgjald $2^1/_2{}^0/_{00}$, gjalddagi 7. febr.		
d.	Samanbygðir timburskúrar (hesthús, hlaða, hænsnahús og kolageymsluhús) fyrir...	—	4200,00
	Iðgjald $5^0/_{00}$, gjalddagi 7. febr.		

B. Skuldaliðir:

Skuldin við Bikuben var upphaflega 150,000 kr., tekin til 50 ára gegn 1. veðrjetti í hælinu og ábyrgð landssjóðs. Á ári hverju greiðast 7500 kr. — helmingur 11. júní, helmingur 11. desbr. — í afborgun og vexti, sem eru $4^1/_2$% p. a.

Skuldin við landssjóð (höfuðstóll 75000 kr.) var stofnuð 28. ágúst 1912 upp úr eldri lánum. Vextir aldrei greiddir síðan og eru nú áfallnir og reiknaðir fyrir 3 ár (til 28. ágúst næstkomandi).

Fyrir skuldinni við Landsbankann og fyrstnefndu skuldinni við Íslandsbanka (tölul. 4 a.), sem hvorttveggja eru víxilskuldir, er ábyrgð landssjóðs. Falla víxlarnir í gjalddaga 8. oktbr. næstkomandi.

Hinar tvær skuldirnar við Íslandsbanka (tölul. 4 b. og c), sem nú eru samtals 5500 kr., eru einnig víxilskuldir, sem falla í gjalddaga sama dag. Fyrir þessum víxlum er persónuleg ábyrgð okkar þriggja, sem erum í framkvæmdarnefnd heilsuhælisfjelagsins.

Skuldin við Rögnvald Ólafsson er eftirstöðvar af byggingarkostnaði. Rögnvaldur skuldar aftur á móti talsvert (full 600 kr.) fyrir dvöl á hælinu, og er sú upphæð innifalin í eignalið 3.

Reykjavík, 4. ágúst 1915.

G. Björnson. Sighvatur Bjarnason.

C.

Skýrsla um fje, sem gefið hefir verið til heilsuhælisfjelagsins í sjerstöku augnamiði, og sem ekki má skerða.

1.	Gjöf frá ónefndum »barnavini« til að »koma upp sjerstakri deild á Vífilsstöðum fyrir berklaveik börn«. Gjafafjeð var upphaflega 100 kr. Er nú	kr.	112,97
2.	Gjöf frá Aubertin, dönskum kaupmanni, að upphæð 2000 kr. Er nú...	—	2240,13
	Um þessa gjöf voru þau ein ákvæði gerð, að höfuðstól mætti ekki skerða, en að öðru leyti skyldi yfirstjórn hælisins vera fullráð um það, hvernig fjenu skyldi varið.		
3.	Eftirstöðvar af 1000 kr. gjöf frá Baðhúsi Reykjavíkur til skógræktar kring um hælið	—	9,44
4.	Gjöf frá Sigríði sál. Ásgeirsson í Kaupmannahöfn (1000 kr.). Nú..	—	1085,40
	Um þessa gjöf gilda þau ákvæði, að höfuðstól má ekki skerða, en »vöxtunum skal varið til að styrkja sjúklinga á hælinu, sem ekki eru á sveit«.		
5.	Gjöf frá Gísla Brynjólfssyni í Churchbridge í Canada (1000 kr.), en er nú	—	1015,78
		Flyt kr.	4463,72

Flutt kr. 4463,72

»3/4 af vöxtunum leggist til heilsuhælisins árlega, en 1/4 bætist við höfuðstól til ársins 1956, þá fær hælið 3/4 af þeirri upphæð, sem sjóðurinn þá er orðinn — umfram höfuðstól —, en 1/4 legst við höfuðstól á sama hátt og áður«.

6. »Berklaveikissjóðurinn Þorbjörg«, stofnaður af hjónunum Thor Jensen, kaupmanni í Reykjavík, og konu hans Margrjeti Þorbjörgu, með 6000 kr. í hlutabrjefum »Eimskipafjelags Íslands« og 400 kr. í peningum. Nú ... ... — 6403,56

Skipulagsskrá sjóðsins hefir hlotið konungs-staðfestingu 15. apríl þ. á. og er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum af honum skal varið til að styrkja til lækninga hjer á landi berklaveikt fólk, bæði til dvalar á berklahæli og á annan hátt. Styrk má þó eigi veita þeim, sem eru á fátækraframfæri.

Þeim 400 kr., sem gefnar voru í peningum, má þó verja til styrkveitinga árið 1915.

7. »Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur«. Stofnfjeð var kr. 4278,28, en sjóðurinn er nú ... ... — 4414,62

Skipulagsskrá sjóðsins hefir fengið konungs-staðfestingu 15. apríl þ. á. og er auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna.

»Þegar sjóðurinn hefir náð 5000 kr., skal verja 4/5 hlutum árlegra vaxta til þess að styrkja einn eða fleiri sjúklinga, er til hælisins (þ. e. heilsuhælisins) leita, en 1/5 vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn«.

8. »Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar«. Stofnfjeð er 400 kr., en er nú að meðtöldum vöxtum til ársloka 1913 ... ... — 432,01

»Sjóðurinn ávaxtast í söfnunarsjóði, legst 1/4 árlega við höfuðstól, en 3/4 greiðist stjórn heilsuhælisins á Vífilsstöðum.

Þegar útborgaðir vextir sjóðsins nema 50 kr., skal verja þeirri upphæð til styrktar einhverjum einum sjúkling á hælinu«.

Skipulagsskrá sjóðsins hefir fengið konungs-staðfestingu 11. nóv. 1912.

Í upphæðunum undir tölul. 1.—7. hjer að framan eru innifaldir vextir *til 30. júní þ. á.*

Alt fje það, sem ræðir um undir tölul. 1.—8. stendur undir stjórn og umsjón yfirstjórnar heilsuhælisfjelagsins.

Auk fjár þess, sem hjer er talið, og sem alls er að upphæð ... ... — 15713,91

er til enn einn gjafasjóður:

9. Minningarsjóður Kristjáns Jónssonar læknis« ... . — 10000,00 (Skipulagsskrá Stjtíð. 1911, B, bls. 126).

»Höfuðstól má aldrei skerða, en vöxtunum skal varið til að veita einum þurfandi sjúkling, í einu, sjúkravist á einbýlisstofu. Afgangur af vöxtum leggist við höfuðstól. Styrknjótandi má eigi vera á sveit.

Þessi sjóður stendur undir yfirumsjón landsstjórnar, en hefir þó sjerstaka stjórn: Yfirlækni hælisins, biskup og einn af stofnendum sjóðsins (þ. e. Geir Zoëga kaupmaður og systkini Kristjáns sáluga).

Reykjavík, 5. ágúst 1915.

G. Björnson. Sighvatur Bjarnason.

Fylgiskjal II.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík, 6. ágúst 1915.

Fjárlaganefnd neðri deildar Alþingis hefir í dag óskað eftir því, að jeg ljeti í ljósi álit mitt um það, hver þörf sje á fjárveitingu á næsta fjárhagstímabili til að stemma stigu fyrir skemdum af völdum Þverár í Rangárvallasýslu, og til hverra framkvæmda slíkri fjárveitingu mundi verða varið.

Út af þessu leyfi jeg mjer hjer með að gefa hinu háa Stjórnarráði skýrslu um þessi atriði, með tilmælum um að skýrslan verði birt fjárlaganefndinni.

Geir Zoëga verkfræðingur er nú sem stendur við mælingar í Rangárvallasýslu til undirbúnings fullnaðaráætlun um verk þetta. Er þegar svo langt komið, að telja má víst að meginhluti verksins verður garður, 2800 metra langur, frá Þórólfsfelli til suðausturs, og mun garður þessi beina öllu vatni Markarfljóts úr farvegi Þverár og í farveg fljótsins sjálfs. Kostnaðaráætlun um garð þennan hefir ekki verið gerð enn þá, en ef til vill er mögulegt að ljúka við hana áður en fjárlögin fyrir 1916—17 verða afgreidd frá Alþingi.

Áður en þetta mannvirki verður gert, má til að tryggja það svo sem unt er, að ekki hljótist skemdir af Markarfljóti eftir að vatninu hefir verið veitt í það. Það er ekki unt enn þá að leggja fram áætlun um þær tryggingarráðstafanir, en búast má við að þær verði einkum þessar:

1. Að lengja varnargarðinn hjá Seljalandi, sem gerður var 1910 til varnar gegn því, að Markarfljót færi austur með Eyjafjöllum. Eyfellingar hafa boðist til að kosta lengingu garðsins að hálfu, en hinn helminginn mun landssjóður þurfa að leggja til.
2. Sennilega þarf að leggja nokkuð í kostnað kringum Stóra-Dímon, til þess að

tryggja það, að ekki fari óhæfilega mikið af vatnsmegni Markarfljóts í svo nefnda Ála, þegar garðurinn hjá Þórólfsfelli er kominn.

3. Og loks þarf ef til vill að gera einhverjar ráðstafanir til varnar skemdum á Merkurbæjum, austan Fljótsins, en naumast verður þar um stórvægilegar ráðstafanir að ræða.

Ef lokið er við þessar tryggingarráðstafanir á fjárhagstímabilinu 1616—17, mætti framkvæma aðalverkið 1918, og landsstjórnin hefir þó nægan tíma til að undirbúa samninga við alla hlutaðeigendur um þátttöku í kostnaðinum. En ef ekki er fjárveiting fyrir hendi til tryggingaráðstafana á næsta fjárhagstímabili, þá hlýtur aðalverkið að frestast um eitt ár að minsta kosti, því að ekki verður hvorutveggja lokið á einu ári. Auk þess verður afstaða landsstjórnarinnar við samninga-umleitanirnar miklu erfiðari, ef hún hefir ekki umráð yfir neinni fjárveitingu til þess að framkvæma tryggingarráðstafanirnar, því að búast má við tregðu til þátttöku í kostnaðinum, og jafnvel beinni mótstöðu gegn aðalfyrirtækinu, af hálfu þeirra, sem eiga að fá vatnið í nábýli við sig, nema þeir sjái að alvara sje í því, að þeir verði trygðir gegn skemdum af breytingunni.

Eins og áður hefir verið látið í ljósi, bæði af mjer og öðrum, þá eru skemdir þær, sem stafa af Þverá, eins og vötnin falla nú, svo afar miklar, að jeg tel brýna nauðsyn að láta ekki dragast nema sem allra skemst framkvæmdir til bóta. Og þess vegna verð jeg að telja það nauðsynlegt, að veitt sje á næsta fjárhagstímabili fje til framkvæmda þeirra, er að ofan er getið um, þótt ekki liggi fyrir áætlun um kostnaðinn, og mun ekki þurfa að tiltaka hærri upphæð en jeg gerði í brjefi mínu til Stjórnarráðsins 29. des. f. á., en það voru 15,000 kr.

Jón Þorláksson.

Til
Stjórnarráðs Íslands.

Nd. 338. Breytingar og viðaukatillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

1.	Við	2. gr.	6.	Fyrir »55000—55000—110000« komi: 50000—50000—100000.
2.	—	2. —	9.	Fyrir »20000—20000—40000« komi: 25000—25000—50000.
3.	—	2. —	12.	Fyrir »375000—375000—750000« komi: 325000—375000—700000.
4.	—	2. —	15.	Fyrir »185000—195000—380000« komi: 195000—205000—400000.

5. — 4. — 1. Fyrir »52000—49000—101000« komi:
52000—49500—101500.
Aftan við liðinn komi:
Af eftirstöðvum símaláns Búðahrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.

6. — 4. — 5. Fyrir »10000—10000—20000« komi:
15000—15000—30000.

7. — 4. — 6. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða
10000—14000—24000.

8. — 5. — 1. Aftan við liðinn bætist:
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum; þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.

9. — 9. — 6. Fyrir »5000—5000—10000« komi:
5500—5500—11000.

10. — 10. — Greinin orðist svo:
Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. — 11. — B. 1. Liðurinn orðist svo:
Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:

a.	Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450— 450
b.	Til pappírs og prentunar	6000—6000
c.	Til kostnaðar við sending með póstum	1200—1200
d.	Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að ...	500

12. Við 11. gr. B. 2. Liðurinn orðist svo:

a.	Laun hagstofustjóra	3000—3000
b.	— aðstoðarmanns	2500—2500
c.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3500—3500
d.	Prentun eyðublaða	1000—1000
e.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800— 800
f.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður.....	800— 800
g.	Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að.....	1000

13. — 11. — B. 3. Liðurinn orðist svo:

a.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.	6000—6000
b.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti og samtöl ...	8000—8000

14. — 11. — B. 5. Fyrir »2500—2500 komi:
2000—2000.

15. — 11. — B. 7. Liðurinn orðist svo:
Fyrir »7000—7000« komi:
8000—8000
gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.

16. — 11. — B. 11. Aftan við liðinn bætist:
og Rangárvallasýslu.
Fyrir »675—.....« komi:
1000—.....

17. — 12. — 8. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis, til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að ..... 5000— .....

18. — 12. — 9. 7. Fyrir »1200—1200« komi:
1500—1200.

19. — 12. — 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið..... 5000— 3500

20. — 12. — 11. Fyrir »25000—25000—50000« komi:
35000—35000—70000.

21. — 12. — 11. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum ..... 5000— .....

22. Við 12. gr. 12. h. Aftan við liðinn bætist:
alt að.
Fyrir »500« komi:
800.

23. Við 13. gr. B. I. 1. c. Aftan við liðinn bætist:
eftir reikningi alt að.

24. — 13. — B. I. 3. Fyrir »700—700« komi:
900—700.

25. — 13. — B. II. 3. Fyrir »10000—10000« komi:
.....10000.

26. — 13. — B. III. 1. Fyrir »8000—8000« komi:
8000.....

27. — 13. — B. III. 5. Liðurinn falli burt.

28. — 13. — B. III. 8. Fyrir »32000—32000« komi:
16000—16000.

29. — 13. — B. VI. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er Stjórnarráðið setur í reglugjörð.

30. — 13. — B. VI. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir:
VII. Til brúar á Austur-ós Hjeraðsvatna, alt að 25000.....
gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.

VIII. Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi 7000
gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.

31. — 13. — B. VIII. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju 800
gegn því er tilvantar annarsstaðar frá.

32. — 13. — D. III. Aftan við liðinn bætist:
enda sje gætt skilyrða laganna um fjárframlög hjeraðanna.
Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum að nokkru eða öllu leyti og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.«

33. — 13. — D. IV. 4. Fyrir »19720—21820« komi:
21120—21820.

34. — 13. — D. IV. 8. Fyrir »3300—3420« komi:
3300—3820.

35. — 13. — D. IV. Á eftir liðnum komi tveir nýir liðir:
a. Viðgerð og endurbætur á bæjarsímakerfi Akureyrar, alt að ... . 9000—.....
b. Til þess að kaupa peningaskápa handa 6 símastöðvum 1200 f. á.

36. — 13. — E. I. a. Fyrir »laun umsjónarmanns 4000—4000« komi:
1. Laun umsjónarmanns ..... 3600—3600.
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi umsjónarmanns..... 400—400.

37. — 13. — E. I. b. Aftan við liðinn bætist:
Hann sje jafnframt skyldur að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.

38. Við 13. gr. E. I. c. Fyrir »800—800« komi:
800—700.

39. — 13. — E. II. og III. Liðirnir falli burtu, en í stað þeirra komi nýr liður:

II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:

1. Svörtulofta- og Öndverðarnesvitar:
   a. Laun vitavarðar 400—400
   b. Reksturskostnaður 500—500
2. Elliðaeyjarviti:
   a. Laun vitavarðar 400—400
   b. Reksturskostnaður 400—400
3. Bjargtangaviti:
   a. Laun vitavarðar 200—200
   b. Reksturskostnaður 350—350

4.	Arnarnesviti:	
	a. Laun vitavarðar	500—500
	b. Reksturkostnaður	400—500
5.	Straumnesviti:	
	a. Laun vitavarðar	100—200
	b. Reksturkostnaður	» —400
6.	Grímseyjar og Malarhornsvitar:	
	a. Laun vitavarðar	250—250
	b. Reksturkostnaður	500—500
7.	Hólmavíkurviti:	
	a. Laun vitavarðar	100—100
	b. Reksturkostnaður	150—150
8.	Kálfshamarsnesviti:	
	a. Laun vitavarðar	100—100
	b. Reksturkostnaður	200—200
9.	Skagatáarviti:	
	a. Laun vitavarðar	150—150
	b. Reksturkostnaður	400—400
10.	Siglunesviti:	
	a. Laun vitavarðar	900—900
	b. Reksturkostnaður	500—500
11.	Flateyjarviti:	
	a. Laun vitavarðar	150—150
	b. Reksturkostnaður	400—400
12.	Rifstangaviti:	
	a. Laun vitavarðar	200—200
	b. Reksturkostnaður	300—300
13.	Langanesviti:	
	a. Laun vitavarðar	250—250
	b. Reksturkostnaður	200—200
14.	Dalatangaviti:	
	a. Laun vitavarðar	600—600
	b. Reksturkostnaður	600—600
15.	Vattarnesviti:	
	a. Laun vitavarðar	100—100
	b. Reksturkostnaður	200—200
16.	Ingólfshöfðaviti:	
	a. Laun vitavarðar	200—200
	b. Reksturkostnaður	400—400
17.	Dyrhólaviti:	
	a. Laun vitavarðar	200—200
	b. Reksturkostnaður	400—400
18.	Vestmannaeyjaviti:	
	a. Laun vitavarðar	700—700
	b. Reksturkostnaður	500—500

19.	Reykjanesvitar:	
	a. Laun vitavarðar	1500-1500
	b. Reksturkostnaður	1600-1600
20.	Garðskagaviti:	
	a. Laun vitavarðar	600—600
	b. Reksturkostnaður	750—750
21.	Gróttuviti:	
	a. Laun vitavarðar	500—500
	b. Reksturkostnaður	450—450
22.	Styrkur til að halda uppi leiðarljósi á Gerðatanga	100—100
		17400—17900

40. Við 13. gr. E. IV. Liðirnir a, b, d og e falli burtu.
41. — 13. — E. VI. Fyrir »2000—2000« komi: 1500—1500.
42. — 14. — A. b. 2. Fyrir »3500—3500« komi: 4000—3500.
43. — 14. — A. b. 3. Fyrir »4000—4000« komi: 5000—5000.
44. — 14. — A. b. 6. Á eftir liðnum komi nýr liður: Álag á Stafafellskirkju 600—.....
45. — 14. — B. I. a. Fyrir »40000—40000« komi: 40600—41000.
46. — 14. — B. I. d. 1. Fyrir »2000—2000« komi: 1800—1800.
47. Við 14. gr. B. I. e. Fyrir »2500—2500« komi: 2000—2000.
48. — 14. — B. II. b. Á eftir »Aðstoðarfje« komi: Til söngkennara 600.
49. — 14. — B. II. c. Liðurinn falli burtu.
50. — 14. — B. II. d. 2. Fyrir »1500—1500« komi: 1700—1700.
51. — 14. — B. III. b. 1. Fyrir »2000—2000« komi: 2200—2200.
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til Lárusar Rist.
52. — 14. — B. IV. b. 8. Liðurinn falli burt.
53. — 14. — B. V. b. 1. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til að semja og gefa út kenslubók í siglingafræði á íslensku, 45 kr. fyrir örkina, alt að ..... 900—.....
54. — 14. — B. VI. 1. c. Liðurinn orðist svo: Til smíða- og dráttlistarkenslu .... 800—800.

55. — 14. — B. IX. Við liðinn bætast tveir nýir undirliðir:
2. Til Jónínu Sigurðardóttur Líndal til húsmæðrakenslu á Akureyri ... . 1000—1000
3. Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka... 200— 200

56. — 14. — B. XI. 1. Fyrir »6700—6700« komi:
7000—7000.

57. — 14. — B. XII. 3. Liðurinn falli burt.

58. — 14. — B. XII. 6. Liðurinn orðist svo:
a. Til framhaldskenslu handa kennurum 1500—1500.
b. Utanfararstyrkur handa barnaskólakennurum ..... 1000—1000

59. — 14. — B. XIII. a. Orðin aftast í athugasemdinni við liðinn:
»Lýðskólanum á Hvítárbakka.....þó ekki yfir 600 kr.«, falli burt, en í þeirra stað komi:
Af upphæðinni skal þó veita skólunum á Hvítárbakka, Núpi (í Dýraf.), Ísafirði og Seyðisfirði, 1500 kr. hverjum á ári, ef þeir fullnægja áskildum skilyrðum. Auk þess má veita Hvítárbakkaskóla og Núpsskóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er allan kenslutímann, þó ekki yfir 600 kr. þeim fyrnefnda og ekki yfir 400 kr. þeim síðarnefnda.

60. — 14. — B. XVII. a. Fyrir »300—300« komi:
1200—1200.

61. — 14. — B. XVII. d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Utanfararstyrkur til sama til þess að kynna sjer úti-íþróttir ..... 500—.....

62. — 15. — 1. g. Fyrir »2000—2000« komi:
2400—2400.

63. — 15. — 2. f. Fyrir »1500—1500« komi:
1000—1000.

64. Við 15. gr. 3. f. Liðurinn falli burt.

65. — 15. — 14. Liðurinn falli burt.

66. — 15. — 18. Fyrir »14000—14000« komi:
9000—9000.

67. — 15. — 19. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til byggingar yfir listaverk Einars Jónssonar, alt að..... 10,000—.....

68. — 15. — 20. A eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til Steingríms Jónssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... 800—.....
b. Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til framhalds málfræðisnámi við Kaupmannahafnarháskóla 600—600.
c. Til Vilhelms Jakobssonar til þess að fullnuma sig í hraðritun ..... 800—.....

69. — 15. — 24. Aftan við liðinn bætist:
»enda sje handritið eign landsins að honum látnum«.

70. — 15. — 24. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Jóhanns Kristjánssonar til þess að rannsaka meðferð á guðspakkafje, gjöfum og sjóðum, og semja skýrslu um það..... 600—600.

71. — 15. — 25. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til prof. Ágústs H. Bjarnason, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«, 50 kr. fyrir örkina, alt að ..... 600—600.

72. — 15. — 29. Fyrir »1000—1000« komi:
1800—1800.

73. — 15. — 34. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi 1000—1000.

74. — 16. — 1. Fyrir »54,000—54,000« komi:
56,000—56,000.

75. — 16. — 2. Liðurinn falli burtu.

76. — 16. — 3. b. Liðurinn orðist svo:
Til áveitunnar á Miklavatnsmýri .....13,000—.....
Upphæð þessi komi eigi til útborgunar nema landsverkfræðingurinn hafi lagt fram yfirlýsingu um að nægilegt vatn fyrir áveitusvæðið fáist, svo að tilraunin með jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

77. — 16. — 3. b. Á eftir liðnum komi nýr liður:
c. Til byrjunar framkvæmda til þess að afstýra vatna-ágangi af Þverá .... 15,000.

78. — 16. — 6. b. Fyrir »12,000—12,000« komi:
10,000—10,000.

79. Við 16. gr. 7 d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
e. (Endurveiting). Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að ..... 900—.....

80. — 16. — 9. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:
b. Til gerlarannsókna:
1. Laun .... 1500—1500.
2. Til áhaldakaupa 690—.....

81. — 16. — 12. a. Fyrir »1000« komi:
1200.

82. — 16. — 13. Liðurinn orðist svo:
Til þess að styrkja efnilega menn til verklegs náms erlendis .... 4000—4000.

83. — 16. — 16 Liðurinn orðist svo:
Til Fiskifjelags Íslands 18000—18000.

84. — 16. — 16 Á eftir liðnum komi þessir liðir:
a. Til sama fjelags handa erindreka erlendis 4000—4000.
b. Til sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og

halda uppi námsskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga ..... 1000—1000 gegn að minsta kosti 500 kr. tillagi annarsstaðar frá.

85. — 16. — 19 Liðurinn falli burtu, en í hans stað komi:
19. a. Laun handa 4 ullarmatsmönnum 1600—1600.
b. Ferðakostnaður eftir reikningi, alt að 800—800.

86. — 16. — 20 Fyrir »500—500« komi:
1000—1000.

87. — 16. — 22 Fyrir »1500—1500« komi:
2500—2500.

88. — 16. — 24 Fyrir »300—300« komi:
100—100.

89. — 16. — 25 a. Fyrir »600—600« komi:
900—900.

90. — 16. — 29 Liðurinn orðist svo:
Til framhalds brimbrjótnum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu 10000—10000.
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram eigi minni upphæð annarsstaðar frá.

91. — 16. — 29 Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni .... —5000.
gegn því að hjeraðsbúar leggi fram það sem til vantar.
b. (Endurveiting). Til bryggjugerðar á Sauðárkróki þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, alt að ..... 6000—.....
Hreppsnefnd Sauðárkróks veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.
b. Til hafskipabryggjugerðar á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir helming kostnaðar .....—5000
gegn því sem til vantar annarsstaðar frá. Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi og sje bryggjan til almenningsnota undir eftirliti sýslunefndar.
c. Til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness (í Mýrasýslu) og Skógarness (í Hnappadalssýslu) og á höfnum beggja staðanna .....—5000.

92. Við 18. gr. Orðin: »til Gísla pósts Einarssonar 200 kr.« og »til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.« falli burt.

93. — 18. — Á eftir »til sjera Matthíasar Jochumssonar 2400 kr.« komi:
viðbót við eftirlaun fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal 250 kr.

94. — 18. — Á eftir »viðbót við eftirlaun ekkkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur 300 kr.« komi:

viðbót við eftirlaun prestsekkju Ástu Þórarinsdóttur kr. 129,94; til Guðlaugar Sakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar, 360 kr.; til Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar, 200 kr.

95. — 18. — Á eftir »til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.« komi: til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.; til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.; til sjómanns Eggerts Brandssonar 150 kr.

96. — 18. — Aftan við greinina komi:
Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr. og eftirlaun Björns læknis Blöndal 750 kr. hvorttveggja frá 1. jan. 1916 að telja.

97. — 21. — Fyrir »Til útlána úr viðlagasjóði veitast« komi: Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni.

98. — 21. — Fyrir »4½%« í 1., 2. og 4. lið og »4%« í 3. lið komi: 5%.

99. — 21. — 4. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Úr viðlagasjóði má lána Davíð Stefánssyni í Fornahvammi alt að 2000 kr. til húsabygginga á jörðinni, gegn ábyrgð sýslufjelagsins; lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
b. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni prentmyndasmið 5000 kr., til þess að setja á stofn prentmyndasmíðastofu, gegn tryggingu sem landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.
c. Úr viðlagasjóði má lána Guðm. T. Hallgrímssyni lækni, 2500 kr. til húsabyggingar á Siglufirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
d. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu 3000 kr., til þess að kaupa bústað handa hjeraðslækni. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
e. Úr viðlagasjóði má lána Húsavíkurhreppi 20,000 kr., til þess að raflýsa Húsavíkurkauptún, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.
f. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi 50,000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. — Lánið ávaxtist með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

100. Við 22. gr. Á eftir greininni komi:
1. Landsstjórninni heimilast að kaupa Melkotslóð (milli ráðherrabústaðarins og Suðurgötu) fyrir alt að kr. 1.50 hverja feralin.
2. Landsstjórninni heimilast að kaupa landsbankarústina ásamt brunabótaupphæð hennar fyrir virðingarverð til brunabóta og lóðina, sem húsinu fylgir eftir mati dómkvaddra manna. Kaupverðið greiðist þannig: Landsbankinn fái upp

í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð í Arnarhólstúni, eftir virðingu; afgangurinn greiðist með skuldabrjefi.

3. Landsstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á tveim lánum úr viðlagasjóði til verksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri, hinu fyrra, að upphæð 50,000 kr., veittu 1908, hinu síðara 60,000 kr., veittu 1912, þannig, að bæði lánin greiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum, frá 1918 að telja.
4. Landsstjórninni heimilast að taka alt að 65,000 kr. lán til þess að breyta bæjarsíma Reykjavíkur i »kvart-automatisk central«, svo framarlega sem lánið fæst með sæmilegum kjörum.
5. Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess, að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. eftirlaun á ári, í 2 ár, frá 1. nóv. 1915 að telja.

Ed. **339. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Auk yfirmatsmanna þeirra sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld, skal vera einn yfirmatsmaður, er hefir aðsetur á Ísafirði. Skal hann hafa í árslaun 600 kr. og til yfirsóknar svæðið milli Horns og Látrabjargs. Að öðru leyti fer um skipun hans og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

Ed. **340. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eftir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

I. kafli.
Um rjett til formensku á skipum 4—12 smálestir.

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 4 til 12 smálesta að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;
b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 4 til 12 smálestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

II. kafli.
Um rjett til skipstjórnar á skipum alt að 30 smálesta.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

4. gr.

Sá einn getur staðist skipstjórapróf fyrir smáskipi, er:

a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. kann að nota áttavita og ber skyn á aihvarf (deviation) og misvísun;
c. kann að nota skipshraðamæli;
d. þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 smálesta að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 4 smálesta.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

III. kafli.
Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 300 smálesta, í innanlands og utanlandssiglingum.

5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiski-

skipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 smálesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 smálesta;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 smálesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 smálesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

IV. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum yfir 300 smálesta, í utanlandssiglingum.

9. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

10 gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

a. er fullveðja,
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti,
c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn,
d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

11. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

12. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 smálesta, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

13. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er, auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem talin eru í 12. gr., stafliðunum c og d:

a. staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi.

V. kafli.
Ákvæði ýmislegs eðlis.

14. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 smálesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti, einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálesta, skulu stýrimenn vera minst tveir.

15. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 10.—13. gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 6. gr. og b í 8., 10. og 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 6, 8., 10. og 13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiveiðaskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannaprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20 gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22 gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að stafliður a í 9. gr., gengur eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. 341. LÖG

um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 14. ágúst).

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla, til að gera mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður Stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara, eftir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1. *Í íslensku:* Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.

2. *Í reikningi:* Þekking á hinum fjórum reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum, tugabrotum og með bókstöfum, hlutfallareikningi, veldi, rót, notkun logaritma og að geta leyst líkingar með einni óþektri stærð.

3. *Í flatarmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinna lína hverrar við aðra, á hringum og þeim línum og hornum, er þar til heyra, marghyrningum, á setningunum um hliðar og horn í þríhyrningum, á samfalla og samlaga þríhyrningum, á setningunum um rjetthyrnda þríhyrninginn, á sámsíðingum, að geta gert einfaldar flatarmálsteiknanir (geometriskar konstruktionir), þekking á lengdarmæli og hornmæli, á útreikningi flatarmáls.

4. *Í rúmmálsfræði:* Þekking á afstöðu beinnar línu við flöt, og afstöðu flata hver við annan, á þristrending, pyramída, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línum, er myndast á yfirborði hennar við skurðfleti, á útreikningi á yfirborði og rúmtaki þessara hluta.

Í framannefndum reikningslegum námsgreinum er þess einungis krafist, sem nauðsynlegt er til undirbúnings undir vjelfræðina, og við prófunina skal aðeins krefjast þekkingar á hinum ýmsu setningum, en engra sannana.

5. *Í eðlisfræði:* Þekking á lögunum um loftkend efni, þrýstingsmælum, dælum, eðlisþyngd, seltumælum, hita og dreifing hans, útþenslu hluta við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti, brenslu, vjelaáburði, samsetningu og sundurliðun krafta, einföldum vjelum (vogarstöng, skrúfu, fleyg o. s. frv.) segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna.

6. *Í vjelfræði:* Þekking á gufuvjelum í skipum, einstökum hlutum þeirra og samsetning þeirra, svo og á kötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, þekking á eldri og yngri tegundum gufuvjela og gufukatla, hirðingu gufuvjela og gufukatla, stjórn þeirra, viðhaldi og eftirliti, vjelabilun, ketilsprengingu, aflmælislínum (Indikator-diagröm) og þeim niðurstöðum, er af þeim má draga, hestafli gufuvjela og kolaeyðslu, stelling skyttunnar, hjálparvjelum á skipum (gufustýrivjelum, gufuvindum, ljósvjelum, kælivjelum, o. s. frv.), skifting skipa í vatnsheld hólf, bygging skipa, skipsdælum og slökkviáhöldum, á lagaákvæðum um íslensk gufuskip. Þekking á hreyfivjelum (mótorum).

7. *Í vjelteikningu:* Að geta mælt og gert uppdrátt eftir ákveðnum mælikvarða af hlut úr gufuvjel, sem ekki er mjög samsettur.

8. *Í dönsku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.

9. *Í ensku:* Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í enskri bók verkfræðilegs efnis.

3. gr.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Það skal haldið af prófnefnd; eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir henni standa sá af nefndarmönnum, er Stjórnarráðið skipar sem oddvita. Að minsta kosti annar hinna skipuðu prófdómenda

skal hafa leyst af hendi fullkomið vjelstjóraapróf. Til að dæma um kunnáttu í tungumálum getur Stjórnarráðið, ef þörf þykir, skipað aðra menn.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefnin. Verkefni til skriflega prófsins skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf. Tungumálakennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt einum prófdómanda.

4. gr.

Sá einn má ganga undir vjelstjóraapróf, er:

1. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eftir 14 ára aldur, í þeim járnsmiðjum, er Stjórnarráðið tekur gildar.
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað, hegðun og reglusemi.

Sje sá, er undir prófið vill ganga, eigi lærisveinn í vjelstjóraskólanum, þá skal beiðni hans um að mega ganga undir prófið send Stjórnarráðinu 3 mánuðum áður en á að halda prófið.

Auk áðurnefndra vottorða skulu beiðni þessari fylgja skirnarvottorð umsækjanda, og vottorð frá þeim manni eða mönnum, sem hafa kent honum.

Hafi hann gengið undir vjelstjóraapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini eða undanþáguleyfi, til að vera yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, hefir rjett til að ganga undir vjelstjóraprófið, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum þeim, er sett eru í 1. og 2. lið þessarar greinar.

5. gr.

Ákvæði um það, hvernig kenslunni skuli háttað, um inntökuskilyrði, próf o. fl., skal setja í reglugjörð, sem Stjórnarráðið setur.

6. gr.

Þeim, sem prófi hefir náð, skal veitt skírteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefur verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er krafist er til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirrita skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er ætluð og Stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi, og fæðingarári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912 eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Nd. **343. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Háttvirt efri deild hefir vikið nokkuð við orðalagi í annari málsgrein 3. gr. frumv. En þar sem svo mun mega líta á, að sú háttv. deild hafi verið sama sinnis og neðri deild í því, að ekki sje ástæða til að hefta útflutning á aðalafurðum landsins, sem nú eru í góðu gengi á erlendum markaði, fyr en óttast má matvælaskort vegna aðflutningsteppu, þá getum við fallist á að þessi málsgrein verði samþykt óbreytt.

Þá hefir háttv. efri deild bætt inn í 3. gr. banni um að flytja út úr landinu mör og tólg, og teljum við eftir atvikum, að það sje vel ráðið, enda er þá því minni nauðsyn á að hefta útflutning á öðrum afurðum á meðan að svo standa sakir, að ekki er að óttast að aðflutningur á erlendum matvælum heftist.

Að þessu athuguðu, ráðum við háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 14. ágúst 1915.

Þorleifur Jónsson, skrifari. Benedikt Sveinsson.

Nd. **344. Nefndarálit**

um athugasemdir við Landsreikningana 1912 og 1913.

Nefndin hefir nákvæmlega yfirfarið athugasemdir endurskoðunarmanna, svör ráðherra og tillögur endurskoðunarmanna, og lætur uppi álit sitt á þessa leið:

Það leynir sjer ekki, að endurskoðunarmenn hafa yfirfarið alla reikninga mjög nákvæmlega, enda eru athugasemdirnar ekki færri en 93 við reikninginn 1912, en 82 við reikninginn 1913.

Athugasemdirnar hafa flestar verið formlegs efnis og hafa endurskoðunarmenn, eftir að hafa athugað svör ráðherra, alloftast fallist á, að svo búið mætti standa. Hitt annað, sem nokkra reikningslega þýðingu gat haft, hefir ýmist verið upplýst með svörunum eða leiðrjett samkvæmt athugasemdum. En þrátt fyrir það þótt lítið sje, sem á milli ber, hefir nefndin þó fundið ástæðu til að koma fram með eftirfarandi athugasemdir og tillögur út af þeim.

1912.

I. **Tekjubálkurinn.**

Við 17. lið.

Svarið við athugasemdinni við þenna lið virðist ófullnægjandi, og telur nefndin nauðsynlegt að gangskör sje gerð að því að innheimta ógreidda vexti frá f. á. Sömuleiðis er nauðsynlegt að alvarleg tilraun sje gerð til þess að innheimta eftirstöðvar af skuld hlutafjelagsins »Iðunn«.

II. **Gjaldabálkurinn.**

Við 21. lið.

Með því að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fer stöðugt vaxandi ár frá ári, t. d. árið 1912, 1873 kr. 75 aur. fram yfir það sem lögákveðið er, þá virðist ástæða til að skora á stjórina, að gera sitt ítrasta til að slíkur kostnaður verði sem minstur framvegis.

Við 38. lið.

Út af ágreiningi, sem orðið hefir milli endurskoðunarmanna og stjórnarráðsins, vill nefndin taka það fram viðvíkjandi umframgreiðslu til viðhalds flutningabrauta, að upphæð 1260 kr. 3 aur., að í þessu tilfelli virðist ekki nauðsynlegt að leita aukafjárveitingar. þar sem svipuð upphæð hefir sparast á öðru vegafje, en viðhald það, sem hjer er um að ræða, nauðsynlegt.

Við 48. lið

Í svari stjórnarinnar við þenna lið, er gert ráð fyrir að leita verði aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum fram yfir áætlaðar fjárupphæðir til kostnaðar við landsímann, að upphæð 23070 kr. 39 aur., en í fjáraukalögunum verður ekki sjeð að leitað hafi verið aukafjárveitingar fyrir meiri upphæð en 14427 kr. 92 aur. Fyrir mismuninum, 8642 kr. 47 aur., ætti því að leita aukafjárveitingar.

Við 84. lið.

Umfram aukafjárveitingu í fjárlögunum 1912 og 1913 hefir verið greitt:
Til salsgæsluaðstoðar í Landsbókasafninu veturinn 1911—12 kr. 333,33
Fyrir þessari fjárveitingu telur nefndin rjett að leitað sje aukafjárveitingar.

1913.

I. Tekjubálkurinn.

Við 9. lið.

Nefndin felst að vísu á ástæður og tillögur endurskoðunarmanna við þenna lið, en telur þó ekkert á móti því að stjórnarráðið hagi þessu á sama hátt og verið hefir, ef það telur það hagkvæmast.

Við 11. lið.

Nefndin getur ekki sjeð ástæðu til þess, að aðrar reglur gildi fyrir Reykjavíkur-símann, að því er reikningsfærsluna snertir, en aðra síma landsins, og telur rjett að reikningur landsímastjórans taki yfir tekjur og gjöld allra símanna ár hvert.

II. Útgjaldabálkurinn.

Við 24. lið.

Nefndin finnur ástæðu til að benda á, að kostnaður til eldiviðar og ljósa á bændaskólanum á Hólum hefir farið 689 kr. 40 aur. fram yfir fjárveitingu, og ýmisleg útgjöld bændaskólans á Hvanneyri 655 kr. 35 aur. fram yfir fjárveitingu. Þessar greiðslur og fleira reikningunum viðvíkjandi virðist geta ástæðu til þess, að nánara eftirlit sje haft með skólum þessum framvegis.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að eftirliti með skólum þessum verði hagað á sama hátt og áður, á meðan þeir stóðu undir eftirliti amtsráðanna.

Við 25. lið.

Með því að skrifstofukostnaðurinn við æðstu stjórn landsins hefir enn þá farið gífurlega vaxandi, leyfir nefndin sjer, um leið og hún vísar til athugasemdarinnar við 21. lið útgjaldabálksins 1912, að láta það álit í ljósi, að slík aukning sje óhófleg og ísjárverð, og væntir þess að gerðar verði ráðstafanir til þess að slíkur kostnaður fari ekki vaxandi framvegis.

Við 45. lið.

Með því að engri fastri reglu sýnist vera fylgt með dagpeninga vitaumsjónarmanns og fleiri starfsmanna landsins, og 6—8 krónur, eins og tíðkast hefir, verður að álítast óþarflega hátt, þegar þess er gætt að menn þessir hafa föst laun og fá greiddan ferðakostnað, vill nefndin leggja til að dagpeningar verði framvegis ekki hærri en 5 krónur.

Við 61. lið.

Þar sem reikningar Þjóðmenjasafnsins og Landskjalasafnsins koma ekki heim við Landsreikninginn, þannig, að söfnin hafa ekki notað til fulls upphæðina, er þeim var ætluð, en hún hinsvegar öll tilfærð í Landsreikningnum, þá hefir nefndin að vísu ekkert á móti því að upphæðin sje greidd að fullu, en telur sjálfsagt að forstöðumenn safnanna geri grein fyrir því, til hvers peningunum er varið.

Við 69. lið.

Með því að í Landsreikningnum fyrir 1913 eru ekki tilfærðar neinar tekjur af efnarannsóknarstofunni, væntir nefndin þess að þær verði tilfærðar á næsta reikningi, og vill jafnframt skora á stjórnina að sjá um, að reikningar efnarannsóknarstofunnar verði framvegis afgreiddir svo tímanlega, að tekjurnar (75%) geti komist í Landsreikninginn það ár, er þær tilfalla.

Við 77. lið.

Út af ummælum Stjórnarráðsins um að Alþingi beri að taka ákvörðun um niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði, sem landssjóður hefir að veði fyrir 30 þúsund krónum og fjárnám hefir nú verið gert í, leggur nefndin til að reynd verði sala á eign þessari, svo fljótt sem því verður við komið, og að öðru leyti rannsakað hvort eigandinn er ekki fær um að greiða það sem á kann að vanta.

Viðvíkjandi upphæðum þeim, hjer að framan, sem nefndin telur rjett að aukafjárveitingar verði leitað fyrir, mun hún koma fram með viðaukatillögur við fjáraukalögin fyrir 1912 og 1913.

Ef eitthvað það væri, sem ekki þætti nægilega upplýst í athugasemdunum hjer að framan, vísar nefndin til athugasemdanna við Landsreikningana 1912 og 1913.

Nefndin finnur svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en

leyfir sjer að koma með tillögur út af athugasemdunum hjer að framan á þingskjali 345.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Hjörtur Snorrason, skrifari.

M. J. Kristjánsson, framsögumaður.

Nd. **345. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Reikningslaganefndinni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til að vextir af veðlánum verði innheimtir tafarlaust.
2. Að rannsaka nákvæmlega, hvort eða að hve miklu leyti hlutafjelagið »Iðunn« er fært um að greiða skuld sína til landssjóðs, og gera tafarlaust ráðstafanir til að innheimta það, sem fáanlegt kynni að vera.
3. Að sjá um að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari framvegis sem allra minst fram yfir fjárveitingu.
4. Að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, nema þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að verja meiru fje en áætlað hefir verið, til einhvers mannvirkis til að fyrirbyggja tjón, sem af drætti á framkvæmd verksins getur stafað.
5. Að eftirliti með bændaskólunum verði hagað líkt og áður var meðan þeir voru nefndir búnaðarskólar og stóðu undir eftirliti amtsráðanna, þannig, að til þess verði skipuð nefnd manna, sem tækifæri hafa til að athuga iðulega framkvæmdir og ástand skólabúanna og skólanna yfirleitt.
6. Að dagpeningar starfsmanna landsins, sem að undanförnu hafa verið mjög á reiki, ýmist 6 eða 8 krónur á dag, verði framvegis ekki reiknaðir yfir 5 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt, auk ferðakostnaðar.
7. Að reikningar efnarannsóknarstofunnar, sem að undanförnu hafa verið mjög á eftir tímanum, verði heimtaðir svo snemma, að tekjurnar geti komið fram á reikningsári því, sem þær tilheyra.
8. Að sala á niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði verði reynd á þessu ári, og jafnframt verði rannsakað hvort fyrverandi eigandi ekki er fær um að greiða það, sem á kann að vanta, svo að skuldinni, sem á verksmiðjunni hvílir, verði að fullu lokið.

Nd. **346. Ágreiningsálit**

um frumvarp til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Það er nú fyrir löngu orðin alkunna, að uppræting fjárkláðans mistókst með öllu hjer um árið, þá er Myklestad var til fenginn að standa fyrir henni. Lágu þar til þær orsakir, að maðurinn hafði eigi fylgst nógu vel með í fræðigrein sinni og gerði því það glappaskot, að baða eigi nema einu sinni. Raunar er sagt að hann hafi tvíbaðað *grunað* fje, en allar sönnur vantar að færa á það, að eigi hafi margt sjúkt fje sloppið við þann grun. Eg veit að meiri hluti nefndarinnar hefir engan grun um, hversu veik ástæða það er að vitna í þessa reynslu, því að kák sannar ekkert um, hvað fært sje að gera eða ekki. Hitt mun rjett vera, að bændur komist í nánari kynni við maurinn, ef þeir fá að umgangast hann öldum saman, heldur en ef hann verður aldauða. Það má og vera að meiri æfing fáist »*með því, að elta hann uppi, hvar sem hann gerir vart við sig*«, en það hygg jeg að verði hlaup en lítið kaup. — Öll slík hlaup spara menn sjer, ef einu sinni er tvíbaðað kláðabaði. Engin hætta er á því að þetta mistakist, ef baðað er um miðsvetrarskeið, því að þá er alt fje við hús og auðvelt eftirlit með því, að alt fje sje baðað. Færi nú þar að auki böðunin fram undir eftirliti þriggja innlendra dýralækna, sem þekkja menn og búnaðarhætti nákvæmlega, þá er alls ekkert að óttast, og má fullkomlega búast við að með þessu verði ljett af með öllu þessari dýru og gömlu landplágu.

Kostnaður er naumast umtalsverður, baðefni $3^1/_2$ eyrir í kindina og segjum 1 eyrir í eftirlit, eða allur kostnaður innan við 30000 kr. Og þenna sama kostnað hefir Alþingi lagt á bændur landsins með lögum, á hverju ári. Borgi það sig til ullarbóta, þá ætti það að borga sig fyrir landið að kosta því til í eitt skifti, til þess að útrýma kláðanum að fullu. En auðvitað yrði þá að gæta þess vel síðan, að menn flytti eigi sjúkt fje inn í landið af nýjungagirni og heimsklegum hugarburði um gróða.

Meiri hlutinn fjölyrðir mjög um útbreiðslu kláðans og þykir hún ekki geigvænleg. En hún er þó svo mikil að full ástæða er að taka í taumana, og auk þess mega menn vita það með vissu, að hann er miklu víðar. Og lítinn búhnykk tel jeg að bíða eftir meiri útbreiðslu. Þarf engi rök að leiða að því.

Jeg hirði eigi að eltast við álit meiri hlutans orð fyrir orð eða rita lengra mál um þetta. En jeg læt fylgja ritgerð eftir Magnús dýralækni Einarsson, þar sem full rök eru leidd að því, að skoðun mín í þessu efni sje rjett.

Jeg legg til að deildin samþykki frumvarpið með þeim breytingum, sem jeg mun flytja á sjerstöku þingskjali.

Fylgiskjal.

I.

Það er nú orðið langt um liðið síðan jeg hefi tekið nokkurn opinberan þátt í umræðunum um fjárkláðamálið, enda var mjer um tíma af löggjöfunum skákað burt af þeim vígvelli. Ekki er þó svo að skilja, að jeg hafi ekki fylgst nokkurn veginn með því, sem gerst hefir, og enginn skyldi halda að það hafi alt farið fram eftir þeim reglum, sem frá mínu sjónarmiði væru óaðfinnanlegar; síður en svo. Að jeg þó hefi látið málið afskiftalaust, kemur af því eingöngu, að jeg vildi ekki, eftir að búið var að taka fasta ákvörðun um útrýmingaraðferðina og fela herra O. Myklestad framkvæmdina eftir þeim kenningum, er hann hefur haldið fram, gera neitt það eða segja, sem orðið gæti til þess að draga úr áhuga manna, meðan á útrýmingartilrauninni stóð, og þar með verða þess beinlínis eða óbeinlínis valdandi, að árangurinn yrði öðruvísi og verri en til var ætlast.

Nú er útsjeð um þessa tilraun og því með öllu skaðlaust að athuga hana nokkru nánar. Og þar sem hún hefir mót von þeirra, er til hennar stofnuðu og eflaust margra fleiri, gefið miður góðan árangur, er nauðsynlegt að gera sjer grein fyrir því, hvað um veldur, hvort heldur slælegar framkvæmdir eingöngu, eða illar ráðstafanir eða hvorttveggja. Því fremur ber nauðsyn til þessa nú sem flestir munu þeirrar skoðunar, að ekki sje vansalaust nje gerlegt að láta lenda við þau málalok, sem nú eru, og því sjálfsagt að fjárkláðamálið komi til kasta löggjafanna á þinginu, sem í hönd fer. Jeg vil því nota tækifærið nú fyrir þingið til að gefa þær upplýsingar, er jeg veit sannastar, og geri jeg það í því trausti, að þingið 1911 meti nokkru meira orð mín og tillögur en þingið 1903 gerði. Stend jeg og þeim mun betur að vígi nú sem þær kenningar, er ofan á urðu þá og gagnstæðar voru mínum, hafa ekki leitt til þess, sem þeim var trúað til að gera, og það þrátt fyrir stakan áhuga og annálaða samviskusemi framkvæmdarstjórans og henni samfara traust allflestra landsmanna á honum, traust sem undir rann meðal annars sú máttarstoð, að maðurinn var ekki hjerlendur, heldur útlendingur.

Saga útrýmingartilraunarinnar, sem fram fór samkvæmt lögum 13. nóv. 1903, er flestum kunn og í fersku minni. Hjer skal þess að eins getið, að í Austuramtinu og Norðuramtinu, milli Breiðamerkursands og Hjeraðsvatna, fór böðun fram veturinn 1903—1904, en í hinum hluta landsins veturinn eftir 1904—1905.

Framkvæmdarstjórinn, hr. Myklestad, kom hingað til landsins í desbr. 1902 og rannsakaði kláða og baðaði fje í Eyjafirði veturinn 1902—1903. Hjeðan af landi fór hann alfarinn í júlí 1906.

Eftir skýrslum hr. Myklestads í Búnaðarritinu og víðar kom kláðinn upp *eftir* útrýmingarbaðanirnar fyrst í Þingeyjarsýslu, á þrem bæjum vorið 1904. Frá því í október 1905 til 10. apríl 1906 segir hann að kláði hafi fundist á 5 bæjum í Eyjafjarðarsýslu, 3 bæjum í Skagafjarðarsýslu, 2 bæjum í Húnavatnssýslu, 5 bæjum í Strandasýslu og 1 bæ í Kjósarsýslu. Vorið 1906 var magnaður kláði í Strandasýslu, einkum á þrem bæjum, Hafnarhólmi, Gautshamri og Kleifum. Þá fanst og kláði í Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, er við rannsókn hr. Myklestads reyndist að vera nagmaurakláði (dermatopha-

guskl.) Kláðamaur þenna kallaði O. M. »fjelagsmaur«; er það gamalt nafn og úrelt. Í ritgerð minni um fjárkláða, í Búnaðarritinu 1897, nefni jeg hann »nagmaur« og er það rjetta nafnið.

Síðan hr. Myklestad fór hjeðan, hefi jeg haft tækifæri til að sjá flest eða öll brjef til Stjórnarráðsins viðvíkjandi fjárkláða og er mjer kunnugt um að á síðustu árum hefir kláðinn komið upp í flestum sýslum landsins.

Í *Rangárvallasýslu* fanst kláði í fje í Ásahreppi árið 1909. Að það hafi verið reglulegur fjárkláði, er vafalaust, því að jeg hefi sjálfur skoðað maura þaðan.

Árnessýsla logaði svo að segja öll í kláða vorið 1909. Þá fanst kláði í öllum sveitum milli Þjórsár og Hvítár, nema Gnúpverjahreppi. Jeg sá maura þaðan úr 2 eða 3 hreppum.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Vorið 1907 fann jeg kláða á 3 lambhrútum frá Stardal. Það var 14. júní, löngu eftir að búið var að sleppa fje. Þessir þrír hrútar höfðu staðið í kofa með fleiri hrútum um veturinn og hafa þeir eflaust haft kláðann líka, en þrátt fyrir gagngerða leit fundust ekki allir hrútarnir.

Síðastliðið vor 25. júní var mjer af hendingu sýndur gemlingur á Lágafelli í Mosfellssveit, sem var útsteyptur í kláða.

Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Vorið 1909 fanst kláði í Þingnesi, Bæ, Múlakoti og Eyri í Flókadal, á nokkrum kindum á hverjum bæ. Í vor (1910) fanst hann á Hæli, Árdal, Sólheimatungu og Grund í Skorradal. Var þó baðað haustið 1909 alstaðar í sýslunni úr Coopers dufti.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Árið 1907 var talsvert um kláða á Skógarströndinni og í janúar 1910 fanst kláði á Hólmlátri og Emmubergi í Skógarstrandarhreppi. Sá jeg sjálfur kláðamaur þaðan.

Í *Dalasýslu* fanst kláði í apríl 1907 á Gunnarsstöðum. Voru mjer sendir maurar þaðan til athugunar. Ennfremur vor og haust 1910.

Barðastrandarsýsla. Þar kom upp kláði á Skálanesi í Gufudalshreppi í júní 1910. Þá fanst hann og á 2 bæjum í Geiradal. En þaðan hafði Skálaneskindin verið.

Ísafjarðarsýsla. Í febrúar 1908 fanst kláði á Dvergasteini í Álftafirði og í desember s. á. á Skarði í Snæfjallahreppi.

Í *Húnavatnssýslu* fanst kláði í júní 1909 á Þorfinnsstöðum og 1910 fanst hann (í maí og júní) á 4 bæjum, að minsta kosti, í ytri og fremri Torfustaðahreppi og 1 bæ í Sveinstaðahreppi.

Skagafjarðarsýsla. Í maí 1908 var kláði í Kjartansstaðakoti og í mars 1910 á Ási í Hegranesi.

Eyjafjarðarsýsla. Í apríl 1910 fanst kláði í Litladal.

Þingeyjarsýsla. Vorið 1907 var kláði á Eystralandi í Axarfirði, Ytri-Brekkum á Langanesi og Laxárdal í Þistilfirði.

Í *Suðurmúlasýslu* fanst kláði í júní 1910 á kind frá Mýrnesi í Eiðahreppi. Maur var sendur hingað suður og sá jeg hann.

Það eru þá að eins fjórar sýslur, þar sem ekki er kunnugt um að kláði hafi komið upp síðustu 3—4 árin sem sje Strandasýsla, Norðurmúlasýsla, Skaftafellssýsla og Vestmanneyjar. Í Strandasýslu hefir þó kláði komið upp eftir böðunina, veturinn 1905—'06, enda ólíklegt að hún sje kláðalaus,

þegar kláði er í öllum nágrannasýslunum. Norðurmúlasýsla er í mesta máta grunsöm sökum fjársamgangna við Suðurmúlasýslu, enda minnir mig að Mýrneskindin væri aðfengin úr Norðurmúlasýslu. Í Skaftafellssýslu vissi jeg til að kláði fanst áður en baðað var 1904—'05, því jeg sá maur þaðan, og þá er hann þar eflaust enn, þótt lítið beri á. Vestmanneyjar veit jeg ekki um, en grunsamar hljóta þær að vera, ef kláði hefir fundist þar áður, en það vill hr. Myklestad fullyrða.

Ef borið er saman ástandið nú og fyrir útrýmingarböðunina 1903—'05, getur manni ekki dulist, að munurinn er ekki ýkjamikill. Að vísu ber enn þá ekki eins mikið á kláðanum yfirleitt eins og þá, en hann er enn til svo að segja alstaðar sem hann var áður. Útrýmingartilraunin hefir að því er virðist, hvergi útrýmt kláðanum, en nokkuð hefir dregið úr honum í bili. Eftir nokkur ár hjer frá yrði hann eflaust svipaður því, sem hann áður var, ef engar sjerstakar ráðstafanir yrðu gerðar. Og þegar þess er gætt, að allar ráðstafanirnar samkvæmt lögum 13. nóv. 1903 voru ekki ætlaðar til þess að minka eða draga úr fjárkláðanum, heldur *til að útrýma honum,* þá er það bert, að þær hafa mistekist herfilega.

Ekki vil jeg þó segja að öllum þeim þúsundum króna, sem varið var til þeirra úr landssjóði og frá fjáreigendum, hafi verið eytt gersamlega til einkis, því að nokkurt gagn hefir að þeim orðið. Baðanirnar hafa sparað bændum það árið útgjöld fyrir nauðsynlegt þrifabað, sem þeir annars hefðu orðið að greiða úr eigin vösum. Svo hafa menn fengið æfingu í að baða fje, æfing, er koma mætti að notum við næstu tilraun, ef hennar yrði ekki lengi að bíða; og loks er þess að gæta, að óerfiðara ætti að vera að útrýma kláðanum, meðan hann magnast ekki aftur að mun. Að einu leyti er þó ver farið en heima setið, og á jeg þá ekki við kostnaðinn og útgjöld landssjóðsins, sem vitanlega öllum, nema ef til vill fjáreigendum, sviður afar sárt, heldur hitt, að mishepnuð tilraun hefir ætíð ill áhrif á hugi manna að því er snertir von um að losna við ófögnuðinn, og eðlilega því verri sem menn voru trúaðri á tilraunina og þá menn, er fyrir henni stóðu.

En jeg skal strax taka það fram, að tilraunin 1903—'05 sannar ekkert í þá átt, að eigi sje vinnandi vegur að losna við fjárkláðann, útrýma honum með öllu.

Henni var sem sje hagað á þann veg, að menn, sem þekkja kláðasýkina til hlýtar, hlutu að sjá það fyrirfram, að hún leiddi ekki til annars en þess, sem nú er komið á daginn; þó hún væri kölluð *útrýmingar*tilraun, var hún ekki annað en kák í stórum stíl. Og þó menn vildu ekki trúa mjer, er jeg sagði þeim þetta fyrir 1903, þá vona jeg að menn geri það nú; en óneitanlega hefði það verið heppilegra fyrir landssjóðinn, að kláðaforsprakkarnir 1903 hefðu verið ögn varkárari og tekið nokkru meira tillit til fagþekkingarinnar, en þeir gerðu, og segi jeg það ekki af því mjer sje málið skylt; jeg fór sem sje ekki með neina visku, er jeg sjálfur hafði fundið upp, heldur það sem alment er viðurkent meðal dýralækna um allan heim.

Jeg veit satt að segja ekki hvað hugsa skal, þegar fulltrúar þjóðarinnar kasta hundruðum þúsunda króna úr litlum sjóði, til fyrirtækis, sem að dómi allra þeirra, er sjerþekkingu hafa, er bygt á röngum grundvallaratriðum og kjósa þann kostinn að fara eftir tillögum eins manns, sem gersamlega

ganga í berhögg við alla hina, og þessi eini er í því hinum frábrugðinn, að hann vantar sjerþekkinguna í þeim efnum, sem um er að ræða.

Hjer getur naumast verið öðru til að dreifa, en hinni alkunnu íslensku trú á alt fúsk, trú á það, að menn, sem ólærðir eru í einhverri grein, geti eigi aðeins eins vel sagt fyrir og unnið að starfi og sá, sem lært hefir til verksins, heldur jafnvel mun betur, af því að hann hafi það fram yfir, að hann sje fæddur með ákveðnum hæfileikum, er hinn kunni að vanta. Þessi trú og þá um leið vantrúin á sjerfræðingana, er því miður altof almenn enn, þótt í rjenun sje, og verst verða þeir sjerfræðingar úti, sem lært hafa og gert að lífsstarfi sínu hjer á landi þau verk, sem almenningur hefir til skamms tíma orðið að hjálpa sjer með sjálfur. Fólk telur þá aðeins »bóklærða« og trúir því, að »bókvitið verði ekki látið í askana«. Mætti t. d. hjer benda á, að það er margur mörlandinn, sem telur sig jafnfæran verkfræðingnum í að segja fyrir um veggjahleðslu og dýralækninum í að fást við dýrasjúkdóma. En hvað sem almenningi líður, ætti það að vera skylda löggjafanna, að meta ekki meira orð og tillögur fúskara en fagmanna, og í öllu falli ekki hrapa að því, að taka það gilt hjá hinum fyrnefndu, sem hinir síðarnefndu í einu hljóði telja rangt.

Þeir munu nú vera til, og það fleiri en færri, sem segja að hr. O. Myklestad muni síst manna eiga fúskara-nafnið skilið, þegar um fjárkláða er að ræða, því að ekki er langt síðan, að merkur maður taldi hann hafa meiri verklega reynslu í þessu máli, en nokkurn annan mann. Þetta má vel vera; en jeg vil síst þræta við þá, sem telja það eitt nægilegt, til að vera fagmaður í kláðalækningum, að hafa fengist við baðanir eða hafa stjórnað þeim um nokkra áratugi. Að hafa verið duglegur og samviskusamur um framkvæmdir á böðunum er ekki nóg til þess, að geta sagt fyrir um lækningu kláðans; til þess þarf maður að þekkja sýkina til fulls, þekkja líf og lífsskilyrði kláðamaursins. En það er bersýnilegt, að þá þekkingu hefir hr. Myklestad ekki, því að alls ekki er ráð fyrir því gerandi, að hann hafi ekki farið eftir því, sem hann vissi sannast og rjettast. Og því hefir nú farið sem fór. Að ekki hefir farið eins í Noregi, þar sem hr. Myklestad stóð fyrir framkvæmdum, kemur bersýnilega af því, að hann hefir ekki ráðið grundvallaratriðunum fyrir lækningunni þar í landi. Það hefir gert maður eða menn, sem hafa haft nákvæmari þekkingu á kláðanum, enda sjest af reglum þeim, sem prentaðar eru í ritgerð hr. O. M. um útrýming fjárkláðans í Noregi í 15. árg. Búnaðarritsins, að »aðalforstöðumaður dýralækninganna« muni hafa haft hönd í bagga með.

Aðferðin við útrýming fjárkláðans í Noregi *hlýtur* að hafa verið í *verulegum* atriðum öðruvísi en hjer. Á bls. 64 í nefndri ritgerð getur hr. Myklestad þess, að sauðfje í Noregi hafi verið klipt fyrir baðið og er það alls ekki óverulegt atriði, því að þótt ekki væri annað, er ólíkt hægara að finna kláða á kliptum kindum en alulluðum, og þá ekki síst, þegar ullin er komin öll í flóka eftir baðið. Hefði slíkt verið gert hjer, mundi sjaldnar hafa komið fyrir, að kindur fundust með kláða *eftir* að búið var að sleppa fje að vorinu. Þessa get jeg ekki beint af því, að jeg telji það óhjákvæmilegt, að klippa fjeð fyrir baðanir, heldur til þess að benda á, að ráðstafanirnar hjer voru *ekki* að öllu leyti eins og í Noregi; og úr því að ekki var klipt, var einni ástæðunni fleira til þess, **að baða alt fje tvennum böðum** með nokkurra daga millibili.

En í því er skaðlegasta villa hr. Myklestads fólgin, að hann taldi eitt *það nægja til þess, að lækna kláða á »grunuðu« fje.*

Önnur villa hans er sú, að hann sagði kláðamaurinn ekki getað lifað lengur en 6 daga frá því hann var á kindinni, nema á gærum alt að 14 dögum; og þar af leiðandi væri »það fullnægjandi hreinsun á fjárhúsum, að láta þau standa auð í 8 daga, þannig að engin sauðkind komi í þau«.

Auðvitað er margt fleira athugavert í kenningum herra Myklestads; en þessar tvær villur, einkum hin fyrri, eru svo þungar á metunum, að óefað má kenna þeim einum út af fyrir sig um allar ófarirnar, enda vil jeg fullyrða, að allar kláðaútrýmingartilraunir, sem bygðar eru á slíkum fjarstæðum, hljóta að mishepnast, og það þótt fyrir tilraununum stæði bæði duglegur og samviskusamur maður.

Í þessum efnum, sem öðrum, ríður ætíð mest á því, að »undirstaðan rjett sje fundin«.

Herra Myklestad viðurkennir fyllilega, enda kemur það alstaðar ljóst fram hjá honum, að *sauðfje með kláða þurfi að baða tvisvar sinnum með nokkurra (1—8) daga millibili,* enda mun það hafa verið gert við allar þær kindur, sem menn voru svo hepnir að finna kláða á um leið og baðað var. En »þegar enginn kláði getur fundist á sauðkindum« (sem auðvitað getur komið af því, að sá er leitar er trassi eða klaufi eða hvorttveggja) *»en grunur getur verið á því, að maurar leynist á þeim, er nóg að baða kindina einusinni,* ef það er gert rækilega«, segir hr. Myklestad.

Það ætti nú ekki, að þurfa mikinn kláðalærdóm til þess að sjá og skilja það, að svo framarlega, sem tvenn böð eru nauðsynleg til þess, að lækna þær kindur, sem kláðamaur finst á, þá þarf að sjálfsögðu líka tvenn böð til þess, að lækna þær kindur, sem vjer teljum víst, að kláðamaur sje í, þótt ekki finnist maurinn í snöggu bragði. Sjeu engir kláðamaurar á kindinni, þarf ekkert kláðabað. Og því að eins hefir alt fje verið baðað hjer á landi, að það var grunað, grunað um að vera með kláða, grunað um að vera í því ástandi, sem bæði hr. Myklestad og öllum öðrum kláðafræðingum kemur saman um, að það verði ekki leyst úr, nema með því, að baða það tvennum böðum með ákveðnu millibili.

Jeg verð að segja það, að varla verða ofsögur sagðar um lægni hr. O. M. í því að koma mönnum á sitt mál; á það bendir það atvik, að honum skyldi takast að telja Íslendingum trú um, að »eitt bað væri nægilegt fyrir grunað fje, en að tvær baðanir þurfi við sauðfje með kláða«.* Mjer þykir ólíklegt, að nokkurum öðrum núlifandi manni hefði tekist að fá 40 meðalheimska menn til þess að trúa þessu, nema »grunaða« fjeð væri grunað um einhvern þremilinn alls annars eðlis en kláða. Og hver mun þá ekki dást að þeirri lægni, að geta fengið alt að 40 alþingismenn til þess, að ganga inn á þessa auðsæju hugsunarvillu, og taka hana gilda sem grundvallarsetningu fyrir kláðaútrýmingunni, dýrasta fyrirtækinu, sem landssjóður til þess tíma hafði nokkurn tíma ráðist í.

Jeg býst við að þeim sje farið að fækka nú, sem voru svo heillaðir af hr. Myklestad, að þeir sáu ekkert misjafnt í fari hans sem framkvæmdar-

*) Sjá Búnaðarrit 15. ár, bls. 68.

stjóra, enda ætti kórvilla hans úr þessu að vera hverjum manni auðsæ, þeim er getur dregið rjetta ályktun, hvort sem hann er kláðafróður eða ekki; til þess þarf ekkert annað en heilbrigða skynsemi. Hin villan, er jeg nefndi, er aftur á móti þess eðlis, að allir geta ekki um hana dæmt.

Í ritgerð þeirri, er jeg áður hefi nefnt, í 15. árg. Búnaðarritsins (1901), segir hr. Myklestad á bls. 66: »Í gærum geta þeir (maurarnir) lifað *alt að því 14 daga*,* en annarsstaðar hefi jeg aldrei sjeð lífsmerki með þeim eftir að liðnir hafa verið *6 dagar** frá því, er þeir voru á sauðkindinni«. En í 24. nr. Lögrjettu 1906 rankar hann við því, að í *gærum* geti þeir lifað lengur; þar segir hann svo: »Á skinni, sem við Schou rannsökuðum, voru *eftir 14 daga allir maurarnir lifandi; eftir 3 vikur voru enn nokkrir þeirra lifandi;** en svo máttfarnir, að þeir gátu ekki hreyft sig. Eftir 4 vikur voru þeir allir dauðir«. — Það var á fyrstu kláðaárum hr. Myklestads, að hann var með Schou dýralækni og þeir gerðu þessa athugun. Síðan hefir annaðhvort maurunum farið aftur í lífseigju á gærum eða hr. Myklestad í að athuga. En annars var það sjerlega meinlegt, að hr. O. M. skyldi ekki muna eftir þessari rannsókn þeirra Schou, þegar verið var að leggja grundvöllinn undir kláðaútrýminguna.

Það mun að vonum flestum þykja ótrúlegt, að hr. O. M. eftir 40 ára starf við kláða og kláðamaura viti ekki, hve lengi maurarnir geti lifað utan kindar, en hversu mikið sje að marka þá fullyrðing hans, að maurarnir lifi ekki nema 6 — sex — daga utan kindarinnar, má ráða af athugun þeirri, er jeg gerði 1907.

Það ár, þann 14. júní, fór jeg eftir skipun Stjórnarráðsins upp að Stardal til þess að athuga hvort kláði væri þar á hrútum, sem grunsamir þóttu. Það reyndist svo, og tók jeg þá (um miðjan dag) maur af einum hrútnum og ljet einan sjer í hreint og þurt pappírsblað, braut saman og geymdi. — Í annað blað ljet jeg ofurlítinn skorpulausan ullarlagð með maurum í og tók með mjer. Þegar jeg kom heim, lagði jeg bæði blöðin með því sem í var á skrifborð mitt, og athugaði jeg svo daglega (um miðjan dag) þann maurinn, sem einn var sjer í blaði. Þessi maur var lifandi, hreyfði sig töluvert greinilega, 2. júlí, en daginn eftir, 3. júlí, sá jeg engar hreyfingar og taldi hann dauðan. Hafði hann þá lifað *fulla 18 daga* utan kindarinnar, næringarlaus í skraufþurru blaði.

Nú tók jeg hitt blaðið með ullarlagðinum og athugaði; var þar þá krökt af vel lifandi maurum, og skoðaði jeg þá daglega næstu daga; voru þeir vel frískir að sjá 9. júlí, en sökum forfalla gat jeg ekki veitt þeim eftirtekt úr því fyr en 16. júlí, og gat jeg þá ekkert lífsmark fundið með þeim. Í ullarlagðinum lifðu maurarnir fyrir víst *að minsta kosti 25 daga*, og eitthvað lengur.

Þetta kemur vel heim við það, sem kent er í fræðibókunum, og jeg hefi skýrt frá í ritgerð um fjárkláðann. Þar er sagt, að í þurru geti maurar lifað 2—3 vikur, en í raka (saur) geti þeir lifað miklu lengur, sem sje 6—8 vikur.

Samskonar athuganir hefi jeg oftar gert og ætíð komist að sömu eða líkri niðurstöðu, og vilji einhver rengja orð mín, er hægðarleikur að fá sjer maur og stækkunargler og athuga sjálfur. Auðvitað verður stækkunarglerið að vera gott, ef ganga á úr skugga um, að maurinn sje með öllu hættur að

*) Leturbreytingin mín.

hreyfa sig, en á 6.—8. degi eru að öllum jafnaði hreyfingarnar svo greinilegar, að ekki verður um vilst, svo það ætti í öllu falli að geta orðið hverjum manni ljóst, að maur getur lifað lengur en sex daga utan kindar, og það þótt ekki sje á gærum. Og þá munu menn nú sjá, hve mikið vit sje í, að telja fjárhúsin örugg eftir 8 daga án þess að nokkuð sje við þau gert; og hvílík heimska það var, að sleppa mönnum við að moka út úr þeim 2—3 þuml. skán og sópa veggi og garða, ef engin kind hafði komið í húsið í 8 daga.

Þá mun það og ljóst af því, sem hjer hefir verið sagt, hve djúpsett kláðaþekking hr. Myklestads hefir verið, að því er snertir líf og lífsskilyrði kláðamaursins, það atriðið, sem sá verður um fram alt að þekkja, er segja á fyrir um lækningu kláðans og útrýming — og finst mönnum nú ekki fara vel á því fyrir oss Íslendinga, að hælast yfir því, eins og gert var í »Norðurlandi« 1909, að »útlærðir dýralæknar urðu að beygja sig fyrir þekkingu hans á kláðamaurnum«!?

II.

Orsök kláðans eru maurar og eru þeir þrenskonar, sem valdið geta kláða á fje:

1. Grafmaurinn (sarcoptes ovis).
2. Nagmaurinn (dermatophagus ovis) og
3. Sogmaurinn (dermatocoptes ovis).

Grafmaurinn er minstur ($^1/_5$—$^1/_2$ mm.) og tekur nafn af því að hann grefur sjer ganga niðri í húðinni og lifir þar. Hann heldur sig nær eingöngu í höfðinu á sauðfje og veldur *höfuðkláða*, en óþektur er hann hjer á landi að því er jeg best veit. Samskonar maur veldur mannakláða — Sarcoptes scabiei hominis.

Nagmaurinn er ögn stærri ($^3/_{10}$—$^1/_2$ mm) og nefnist svo af því að hann nagar yfirborð húðarinnar. Hann heldur sig aðallega á fótunum, veldur *fótakláða*, en færist þó stundum upp á kviðinn. Er til hjer á landi (fjelagsmaur Myklestads), en sjaldgæfur mun hann vera, og fjenu ekki hættulegur.

Sogmaurinn er stærstur ($^1/_2$—$^4/_5$ mm) og hefst við eins og nagmaurinn á yfirborði húðarinnar, helst þar sem kindin er loðnust, og lifir af blóði og blóðvatni, er hann sýgur úr húðinni með munntólum sínum, sem bæði eru löng og hvöss. Þessi tegund veldur hinum vanalega fjárkláða og er því maurinn alment nefndur *fjárkláðamaurinn* eða að eins *kláðamaurinn.*

Allar þessar þrjár tegundir eru hver annari ólíkar og auðvelt að þekkja þær að í smásjá.

Í þessu sambandi get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast á grein eftir kláðafræðinginn Myklestad í 28. nr. »Norðra« 1906; segir hann þar: Dermatocoptes, eða sem þessi maurategund líka er kölluð Dermatodectes, er *hin einasta, sem menn vita að geti sest á fje og unnið því skaða.** Geitur geta að vísu fært *Sarcoptes-maur yfir á sauðfje, en vilji það til, deyr fjeð innan skamms.**

Þegar hr. Myklestad skrifaði þetta, var hann nýbúinn að finna »fjelagsmaurinn« og nýbúinn að gleyma honum aftur, því að ekki mun hann fá neinn mann til að trúa því, að sá maur sje að ósekju á fjenu eða geti ekki unnið því skaða. Og að Sarcoptesmaurinn sje ósaknæmur fjenu, kemur ekki

*) Leturbreytingin mín.

sem best heim við það, að fjeð deyr innan skamms eftir að sá maur er kominn á það! — Ef það hefði ekki verið siður hjer á landi að taka allar kenningar hr. Myklestads trúanlegar í blindni, er jeg hræddur um að þessi og ýmsar aðrar hefðu sest sumum áhangendum hans fyrir brjóstið — í öllu falli hinum vitmeiri. En aumt er að sjá slíkar auðsæar vitleysur fluttar í alvöru í ísl. blöðum og vita að þeim sje trúað af íslenskum lesendum.

Kláðamaurinn er afarfrjósamur, líkt og á sjer stað um mörg lík lægri dýr. Kvenmaurarnir, sem ávalt eru stærri og fleiri en karlmaurarnir, eiga 20—24 egg hver, og ungast þau út á 4—7 dögum við hitann úr húðinni. Utan um eggin er skurn úr ákaflega þjettu og haldgóðu efni (chitin), sem þolir sjerlega vel áhrif allra hinna venjulegu baðlyfja, og geymir ágætlega ungans, sem innan í er. Úr því unginn er kominn út úr egginu, líða 14—17 dagar, þangað til hann er orðinn fullþroskaður og fær að auka kyn sitt.

Á hverri kláðakind er ávalt mesti sægur af maurum og mauraeggjum og varla er það hugsanlegt að nokkur sú kind, sem maur er á og það þótt maurinn sje nýskriðinn á hana, sje eggjalaus, því að frjósemin er ákafleg og eggjaviðkoman afar-ör. *Hver kind, sem grunuð er um að hafa á sjer kláðamaur, verður því um leið grunsöm að því er snertir maura-egg.* — Um lífseigju mauranna utan kindar er áður getið, en um eggin er það að segja, að þau geta haldið sjer 2—3 vikur og ef til vill stundum miklu lengur í raka, en að eins vikutíma í þerri.

Til þess að lækna kláðakind þarf að losa hana við alla þá maura og mauraegg, sem á henni eru. Þá batna hrúður og sár af sjálfu sjer. Verði svo sjeð um að á hana berist ekki nýir maurar eða ný egg, fær hún aldrei kláða framar. Með baðlyfjunum reynum vjer að drepa maurana á fjenu, en með hreinsun húsanna og einangrun fjárins er reynt að koma í veg fyrir að fjeð sýkist að nýju.

Ef jafn hægt væri að drepa maura og egg á kindinni, þyrfti ekki nema eitt gott bað, því að það vita menn að drepa má með einu baði alla þá maura sem á kindinni eru, þegar hún er böðuð. En því miður eru eggin verri viðfangs og kemur það af því, að baðefnið kemst ekki gegn um eggjaskurnið inn til ungans, nema ef til vill á elstu eggjunum, sem komin eru svo langt að unginn fer að skríða út og skurnið er því farið að bila. Úr vanalegu kláðabaði, sem drepur alla maurana, komast því flest eggin lífs af og halda áfram að vera á kindinni þangað til þau ungast út. Til þess ganga eftir því sem áður er sagt 4—7 dagar og eftir þann tíma er því kindin, sem virtist alveg heilbrigð rjett eftir baðið, orðin aftur krök. Þá líða 14—17 dagar þangað til þessir nýju maurar eru orðnir kynþroska og farnir að verpa eggjum. Sje nú kindin ekki böðuð aftur innan þess tíma að nýju eggin koma til sögunnar, heldur kindin áfram að vera kláðakind og lækningin hefir því ekki verið fólgin í öðru en að drepa þá maurkynslóð sem var á kindinni fyrir baðið. Ef kindin aftur á móti er böðuð í annað sinn áður en ný egg koma, en þó ekki fyr en vissa er fyrir því að öll eggin, sem sluppu lifandi úr baðinu, eru unguð út, orðin að maurum, þá fæst nokkurnveginn full vissa fyrir því að kindin sje al-læknuð, ef bað og böðun hefir verið í lagi. En að eitt bað al-lækni kláða er jafn sennilegt og að ekki komi aftur vatn í brunn, sem einu sinni hefir verið þurausinn, án þess þó að tekið hafi verið fyrir upp-

sprettuna. Ef lækna á kláða, verður að taka fyrir »uppsprettuna«; eggin verður að drepa, en það er ekki gerlegt öðru vísi en með því að bíða eftir því að þau ungist út og drepa síðan alla ungu maurana áður en þeir komast til þroska.

Eitt kláðabað er því hreinasta kák eða öllu heldur fjarstæða og þetta mátti löggjöfunum 1903 vera kunnugt, því að þetta hefi jeg reynt að gera mönnum skiljanlegt síðan 1897 og sjerstaklega tók jeg það skýrt fram í Ísafold 20. júní 1903, rjett fyrir kláðaútrýmingarþingið, þar sem jeg komst svo að orði: »Að fyrirskipa eitt bað á kláðafje, er kák, og að fyrirskipa eitt bað á fje, sem grunað er um kláða, er líka kák, því hafi kindin kláða, læknar eitt bað yfir höfuð ekki, en hafi hún ekki kláða, er kláðabað óþarft«. Og um þingtímann (Ísafold 19. ágúst 1903) segi jeg enn fremur: »Varlega skyldu menn treysta ofmikið á einföld böð á grunað fje og því síður kláðafje, því að þegar ekki er klipt áður, gæti farið svo að landið yrði að kosta 3 böðum á mikinn hluta fjárins«. Ekki er það þó svo að skilja, að jeg teldi eitt bað og klipping nóg, heldur á þann veg, að hægt væri að *finna* kláðann, þegar hann kæmi fram á *kliptu* fje, og lækna hann, en það er nær ógerningur þegar um fje er að ræða, sem baðað hefir verið í ullu, því að eftir baðið hleypur ullin oft í þá þófabendu, sem nær ómögulegt er að þreifa í gegnum.

Herra Myklestad gekk inn á það að minsta kosti í orði kveðnu, að tvenn böð þyrftu til þess að lækna kláða, enda var í reglum hans fyrirskipað að tvíbaða alt kláðafje. Jeg vona nú að allir kannist við að *tvíböðun* sje eigi að eins nauðsynleg við kláðafje heldur einnig við alt fje, sem grunað er um kláða. Að því mun ekki þurfa að eyða fleiri orðum. En það er eitt atriði viðvíkjandi tvíböðuninni, sem nauðsynlegt er að athuga nánar, sem sje tímabil það, sem þarf að líða á milli baðanna, og það því fremur sem hr. Myklestad virðist ekki hafa hatt hugmynd um þýðingu þess.

En eins og áður er sagt á millibilið ekki að vera styttra en svo, að maurar geti verið skriðnir úr öllum þeim eggjum, sem lifandi voru á kindinni eftir fyrri böðunina og ekki lengra en svo, að þessir maurar geti ekki verið farnir að verpa eggjum, þegar síðari böðunin fer fram. Tímabilið milli baðanna má ekki vera styttra en 7 dagar og ekki lengra en $(4+14) = 18$ dagar, samkvæmt því sem áður er sagt um ungun og þroskun mauranna. Í Danmörku og Þýskalandi, er »vikutími« eða »8 dagar« látnir líða og svo mun vera víðar. En í rauninni virðist það vera full-stuttur tími, enda ekkert að óttast, þó lengra líði, þar sem svo langt um líður þangað til ungu maurarnir geta farið að verpa eggjum. Auk þess er ungun og þroskatími mauranna miðaður við það, sem fundist hefir við tilraunir á heilbrigðum maurum í góðum kringumstæðum, og er ekki ólíklegt að egg og maurar sjeu nokkru seinni til á baðaðri kind, þar sem nokkuð af baðeitrinu helst í ullinni og hlýtur að hafa illar verkanir á mauraungviðin. Sjeð hefi jeg þessu haldið fram af enskum dýralæknum, enda er það tekið fram í flestum enskum böðunarreglum, að tímabilið milli kláðabaðanna skuli vera 15 eða jafnvel 18 dagar. Það þykir mjer samt óþarflega langt og hygg jeg heppilegast að tímabilið sje 12 dagar eða meðaltal af 7 og 18, stysta og lengsta tímamarkinu. Þá ættu *öll* egg að vera unguð, en þó *enginn* unginn orðinn tímgunarfær.

Eftir því sem jeg fæ skilið tók hr. Myklestad lítið eða ekkert tillit til mauraeggjanna, enda taldi hann þau ljettdræp. Þar á móti hugði hann maur-

ana afarlífseiga, ef reynt væri að drepa þá á kindinni með tóbaki. Utan kindar og tóbakslausir átti þeim þó ekki að vera lífvænt nema nema 6 daga! Í leiðbeiningum hr. M. um útrýming fjárkláðans segir hann, að kláðafje skuli baðað í annað sinn eftir 4—5 daga, og í einum leiðavísinum, sem gefinn er út á Akureyri 1904, á tímabilið milli baðanna að vera að eins 1—4 dagar. Í hverjum tilgangi hann telur nauðsynlegt að baða kláðafje hvorn daginn eftir annan, er mjer með öllu óskiljanlegt, en ekki getur slík aðferð verið miðuð við mauraeggin og varla heldur hin, þar sem 4—5 dagar eru látnir líða milli baðanna. Þegar tímabilið er haft svona stutt, verður þýðing seinna baðsins lítil eða engin og útkoman því í raun og veru sama og þegar að eins er baðað einu kláðabaði: kák.

Um meðferð á sauðfje eftir böðun farast hr. Myklestad þannig orð: »Fjárkláðamaurar, sem valda kláðasýkinni á sauðafjenu, eru svo lífseigir, að það er eigi víst að þeir drepist allir við böðunina, en ef baðlögurinn er í ull sauðkindarinnar 10—14 daga, þá drepast þeir.

Þess vegna á að halda öllu sauðfje, sem baðað hefir verið, 8 daga inni í fjárhúsunum efir baðið og gæta þess að sauðfjeð vökni eigi. Eftir 8 daga má fara að láta sauðfjeð út, en það verður enn að gæta þess í fulla viku, að sauðkindurnar komi eigi út í regn eða snjóhríð eða sjeu reknar í bleytu eða snjó«.

Eftir þessu að dæma eru maurarnir svo lífsegir, að 10 mínútna vist niðri í 5% tóbakslegi er þeim ekki nóg; til þess að vissa sje fyrir því að þeir drepist, þarf baðlögurinn að verka á þá í 10—14 daga. Og þó á tóbakið að vera best allra baðlyfja. Vegna þessara lífseigju mauranna á svo 8—16 daga innistaðan að vera nauðsynleg.

Jeg verð nú að segja það, að ef 10 mínútna ídýfing í 5% tóbaksseyði, að viðbættum þeim tíma, sem kindin helst blaut í húsi fullu af rennvotu fje, hefir ekki verið nægileg til þess að drepa kláðamaurana, þá hefir tóksksbað hr. Myklestads verið alt annað en gott kláðabað. Því að ekki lifir maurinn svo lengi í almennilegu baði. En ef baðið hefir verið gott, sem jeg reyndar hefi ekki neina ástæðu til að vefengja, þá er það víst, að þessi *langa* innistaða hefir verið óþörf til þess að drepa þá maura, sem á kindinni voru, þegar baðað var.

En þar með vil jeg þó ekki segja að langa innistaðan hafi, eins og á stóð, verið öldungis þýðingarlaus, þótt hún hafi verið það af því leyti, sem hr. Myklestad ætlaði henni að gera gagn. Hún gat auðvitað ekki drepið þá maura betur, sem drepnir voru í baðinu, en hún gat haft mikil áhrif á mauraeggin eða rjettara sagt ungu maurana, er þeir skriðu úr eggjunum. Eina skynsamlega hugsunin með þessari lögu innistöðu er sú, að hún gæti komið í stað seinna baðsins, og hafi það yfir höfuð tekist að lækna nokkra kláðakind til fulls með einu baði eða tvennum með 1—5 daga millibili, þá verð jeg að álíta, að það sje þessari innistöðu að þakka. Í stað seinna baðsins *gat* hún komið á þann hátt, að fyrir hana hjeldist fjeð vott þann tíma, sem eggin á fjenu þurfu til að ungast út, svo að unga maurarnir dræpust jafnóðum og þeir skriðu úr eggjunum.

Hinsvegar eru ekki miklar líkur til þess að baðið haldist svo lengi og vel í ullinni, að það geti drepið alla mauraungana, er þeir koma til sögunnar

og síst af öllu getur innistaðan veitt neitt svipaða tryggingu og tvenn böð með hæfilegu millibili. Og vildu menn rjettlæta þessa aðferð með því að telja henni það til ágætis, að hún sje ódýrari en tvö böð, þá hygg jeg það vera hina mestu fjarstæðu, enda þótt gengið sje út frá því, að baðið sje tóbaksbað, sem mun vera langdýrast af öllum venjulegum kláðaböðum. Menn mega ekki gleyma því, að innistaðan kostar fjáreigendur talsvert fje, einkum þegar baðað er að haustinu, meðan nægir eru hagar. Geri maður að kindin til jafnaðar þurfi 2 pd. af heyi á dag og pundið kosti 2 aura, þá kostar innigjöfin 4 aura á hverja kind um daginn eða 32—64 aura í 8—16 daga, og munar það því ekki litlu, hvað innistaðan verður dýrari en baðið, þótt það kosti 15 aura eða rúmlega það. En auk þess gæti farið svo, að innigjöfin yrði miklum mun dýrari og það jafnvel svo, að ekki yrði metin til peninga, ef fjáreigendur væru illa heyjaðir og lentu fyrir innistöðuna í heyþrotum að vorinu til. — Jeg er ekki í neinum efa um það, að bændur hefðu kosið þann kostinn 1903—1905, að borga úr eigin vösum annað baðið, ef þeir með því hefðu getað sloppið við að gefa fjenu inni í 8—16 daga; og þá ekki síður, ef þeim hefði líka verið ljóst, að innistaðan gat ekki gert neitt gagn í samanburði við annað bað eftir hæfilegan tíma.

Jeg hefi sjeð þess getið til nú á seinni árum, að hr. Myklestad hafi hugsað sjer að láta innistöðuna koma í stað seinna baðsins — slíkt vakti þó ekki fyrir honum; innistöðuna ákvað hann að eins með tilliti til lífseigju mauranna — og að hann hafi gert það til þess að spara landssjóðnum útgjöld. Þetta hafa menn svo viljað virða honum til hróss. Víst er það líka hrósvert að fara sparlega með landsfje, og að hr. Myklestad hafi viljað vera sparsamur efar víst enginn, en missikilin sparsemi er jafnan hin versta eyðslusemi og svo var í þessu atriði, því að þannig löguð sparsemi á landssjóðsfje leiddi eigi að eins til þess, að óþarflega miklu var eytt úr vösum fjáreigenda, heldur gerði það einnig að verkum, að árangrinum af öllum útgjöldunum var teflt í hina örgustu tvísýnu og er þá vægt tekið til orða.

Ein af syndum hr. Myklestads var valið á baðefninu. Hann mátti ekki heyra annað bað nefnt en tóbaksbað; og þó er það eitthvert dýrasta baðið, erfitt afnota og alls ekki betra en mörg önnur böð til að lækna kláða.

Um það leyti sem hr. Mylkestad byrjaði að fást við kláða, laust eftir 1860, þektu menn tiltölulega fá góð kláðaböð. Þá var tóbakið talið einna besta baðlyfið. En síðan hefir fundist hinn mesti sægur af baðlyfjum, og geta mörg þeirra tóbaki alls ekkert eftir í verkunum á kláðamaurinn, en eru miklum mun ódýrari og auðveldari í meðförum. Hr. Myklestad hafði ekki fylgst með í þessu efni og árið 1903 stóð hann í sömu sporum og hann var árið 1863. En margt hefir breyst á styttri tíma, og óvarlegt er að ganga að því vísu, að það sem þótti best fyrir hálfri öld, sje enn í raun og veru öllu öðru betra, hvernig sem á það er litið.

Eg skal játa það, að 5% tóbaksseyði getur verið fullgott baðlyf, ef tóbakið er gott, eða rjettara sagt, inniheldur mikið af tóbakseitri. En sá er gallinn á tóbakinu eins og öðrum plöntum, sem þurkaðar eru og geymdar (sbr. hey), að það getur látið sig við geymsluna, og rýrst getur það á ýmsan annan hátt, án þess að á því sjái. Maður getur hæglega »keypt köttinn í seknum«, þegar um tóbaksblöð er að ræða, og þótt varan sje góð um það leyti

sem hún er keypt, getur hún spilst áður mann varir. Þess vegna kjósa menn nú heldur niðursoðna tóbakssósu, sem hefir fastákveðið innihald af tóbakseitri og haldist getur óbreytt; þar verður hæglega vitað, hvað haft er milli handa.

Stór galli er það á tóbakinu til baða, hve dýrt það er. Eftir því sem mjer hefir verið sagt, þurfti 30 pund af tóbaki í hvert hundrað fjár. Hvert pund kostaði landssjóð 50 aura og hefir því farið tóbak fyrir 15 aura á hverja kind einbaðaða. Með þessu lagi hefir þó að eins farið á kindina 3 pottar af baðlegi og er það líklega fulllítið. Auk innkaupsverðs tóbaksins kemur svo kostnaður við suðuna, sem hlýtur að nema töluverðu, þegar tekið er tillit til eir-pottanna, eldiviðar o. fl.

Fyrir þessa upphæð — 15 aura — *má tvíbaða kindina úr öðrum baðefnum jafngóðum eða betri en tóbaki og ef til vill þríbaða*, og er þá aukakostnaðinum við suðu tóbaksins alveg slept.

Herra Myklestad hefir ekki verið heppinn eða sparsamur þegar hann valdi tóbakið.

III.

Eins og jeg gat um í byrjun þessarar greinar, munu flestir þeirrar skoðunar, að ekki sje vansalaust nje gerlegt, að láta lenda við þau málalok, sem nú eru; enda er það auðvitað, að þing og stjórn geta ekki kipt að sjer höndum og hætt að skifta sjer af kláðanum. Kláðann verður að yfirvinna og allar ráðstafanir hins opinbera eiga að miða að því, að útrýma honum úr landinu.

Eins og lög standa til (8. nóv. 1901) hvílir sú skylda á landssjóði, að leggja til ókeypis baðlyf, þegar hið opinbera fyrirskipar kláðabaðanir. Ákvæði þetta er ágætt ef vel er áhaldið, en getur orðið hið versta átumein landssjóðs, ef það er óviturlega notað. Það má ekki nota það *að neinu ráði* nema þegar gerð er gagnger atlaga til útrúmingar kláðanum. Jeg verð beinlínis að telja það óforsvaranlega meðferð á landssjóðsfje, ef hjer eftir yrði haldið áfram þeim uppteknum hætti, að lögskipa baðanir á svæði og svæði, einni eða tveim sýslum á ári, þegar það er orðið fullvíst, að kláðinn er svo að segja í öllum sýslum landsins. Slíkar fyrirskipanir kosta auðvitað stórfje, en koma alls ekki að tilætluðum notum, því að kláðinn berst hæglega á næsta vori eða sumri inn í sýsluna aftur, svo að óhjákvæmilegt yrði að baða þar aftur á ný að einu eða fám árum liðnum. Yrðu útgjöld landssjóðs til þannig lagaðra kláðaráðstafana að öllum líkindum óendanlega mikil og það þótt baðað væri tveim böðum. Það þýðir lítið að lækna og útrýma kláða í einni og einni sýslu í einu, þegar ekki verður sjeð fyrir því, að hann berist ekki þangað aftur jafnharðan. En út yfir tekur, ef ekki yrði úr þess hætt að fyrirskipa *einföld kláðaböð*, hvort heldur er á litlu svæði eða öllu landinu í einu, því að þótt slíkar ráðstafanir sjeu stílaðar gegn kláðanum, þá eru þær þó í raun og veru honum óviðkomandi, og þegar litið er til þess, að lögin frá 8. nóv. 1901 eru eingöngu stíluð gegn fjárkláðanum, verð jeg að álíta það beint lagabrot (brot gegn anda laganna), að borga fje úr landssjóði fyrir baðanir, sem hvorki miða að því að lækna kláðann nje útrýma honum. Það hefir aldrei verið ætlast til þess að landssjóður borgaði *þrifaböð* fyrir bændur, en eitt einstakt bað getur verið þrifabað, en er aldrei fúlltrygt til þess að lækna kláða. Fyrirskipi hið

opinbera hjer eftir baðanir samkvæmt áðurnefndum lögum og leggi til baðefni fyrir landsfje, þá verður það að lögskipa tvennar baðanir (*kláðabað*); annars verður að álíta sem stjórnin hafi gefið viðkomandi bændum fje til þrifaboðs, og ætti það að vera landssjóði óviðkomandi.

Þegar tilrætt hefir verið um það, hverra ráða Alþingi nú ætti að leita til að vinna á fjárkláðanum, hefi jeg heyrt oft, og marga merka menn halda því fram, að eina ráðið muni vera það, að samin sjeu ný kláðalög, sem fyrirskipi eitt árlegt bað um land alt í næstu 5—10 ár.

Jeg skal nú strax geta þess, að jeg hefi síður en svo neitt á móti því, að hjer á landi sem nær allstaðar annarstaðar komist sú regla á, að alt sauðfje sje baðað þrifabaði á hverju ári, enda er jeg þeirrar trúar, að svo verði áður langt um líður, því að alment eru menn að verða betur og betur sannfærðir um það, að slík þrifaböð sjeu eigi aðeins sjálfsögð skepnanna vegna, heldur gefi þau líka svo mikinn beinan og óbeinan arð, að kostnaður við baðið fáist margborgaður aftur í aukinni og betri ull og bættum þrifum. Jafnskjótt og bóndinn er kominn að þeim sannindum, að hann beint græði á þrifabaði, og þau sannindi eru nú orðið eign alls þorra þeirra, þá mun síst þurfa að þröngva þeim með lagarefsingum til þess að vinna að sínum eigin hag. Og þegar það er orðið almenningsálit, að sjálfsagt sje að þrifa skepnur sínar árlega, þá verða þeir ekki margir, sem brjóta móti því. Þrifaböð eiga að verða og hljóta að verða almenn, en jeg tel ekki standa á sama, á hvern hátt þau verða það, hvort þau hvíla á sannfæringu innan að og neðan að eða þau eiga að berast upp af lagaboðum utan að, og ofan að. Frá mínu sjónarmiði geta *lög* um þrifaböð, *nú orðið að minsta kosti*, tæplega talist sæmileg eða heppileg.

Alt öðru máli skiftir, þegar ræða er um óvanalegar ráðstafanir líkar þeim, sem gera þarf um fjárkláða, þar sem alt er undir því komið, að framkvæmdirnar fari allstaðar fram með ákveðnu samræmi og eftir ákveðnum reglum. Þar þurfa lög. —

En ekki er það nú samt tilætlun þeirra, sem hafa vilja eitt árlegt bað um land alt, að þingið gefi út lög um þrifaböð; það er í rauninni ekki svo vel. Þeir vilja láta kalla lögin kláðalög og ætla þeim að vera til útrýmingar kláðanum, en að efni eiga þau að vera »óþrifalög« og samkvæmt hlutarins eðli með öllu óhæf til þess að lækna eða útrýma kláðanum. Stefnan virðist vera sú, að vilja innleiða aftur farganið frá 1903, en gera það nú 5 til 10 sinnum átakanlegra.

Jeg vona að úr þessu hætti allir skynsamir menn að trássast gegn þessari staðreynd, að til lækningar kláða þarf tvíböð með hæfilega, minst 7 daga og mest 18 daga, millibili og þá ætti það að vera ljóst, að kláðanum verður ekki útrýmt með 5 eða 10 eða 100 böðum *með ársmillibili*. Með þeirri aðferð má halda honum í skefjum, en ekki útrýma. —

Ef þingið, mót von minni, tæki upp það ráð, að lögskipa árlega einfaldar baðanir, verð jeg að líta svo á sem það sje öldungis það sama og að gefast upp við kláðann, og ekki bætti það úr skák, þótt slíkt kák yrði nefnt í fyrirsögninni . . . »til útrýmingar fjárkláðanum«!

Það virðist þó ekki sæmilegt að gefast upp við kláðann *áður en einu sinni hefir verið gerð tilraun á viti bygð til þess að lækna hann og rýma honum út*. Hingað til hafa allar ráðstafanir verið kák og það eitt er orðið ljóst

að kláðinn lætur ekki undan káki og lagar sig ekkert eftir hugsanavillum löggjafanna eða annara. Og ef menn eru alment þeirrar skoðunar að grípa beri til árlegu baðanna, »til útrýmingar fjárkláðanum«, ráðstafana, sem hljóta, þegar árin líða, að kosta of fjár, hvað munar þá um að láta tvíböðun fara fram fyrsta árið, sem aðeins hefði 30—40 þús. króna *auka*kostnað í för með sjer. Meira mun baðefni í eitt bað á alt fje á landinu alls ekki þurfa að kosta.

Það er nú mín tillaga, að gerð sje næsta vetur gagnger tilraun til útrýmingar fjárkláðanum, hin fyrsta reglulega tilraun, á þann hátt að baðað sje alt fje á landinu *tvennum* böðum með c. 12 daga millibili, og mun stjórnin nú leggja fyrir þingið frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans, sem í öllum verulegum atriðum er í samræmi við það, er jeg hefi lagt til við stjórnina og nánar eru beint og óbeint færðar ástæður fyrir hjer að framan.

Annað aðalatriðið í útrýming fjárkláðans, og auðvitað hið verulega, er lækning fjárins. Hitt atriðið, að koma í veg fyrir, að maur skríði á baðaða fjeð eftir baðið, er heldur ekki óverulegt, og skal nú farið nokkrum orðum um það. Maur getur skriðið á fjeð 1) af öðru fje 2) úr högunum og 3) úr húsunum.

Yfirleitt er fyrsti sýkingarmátinn, að fjeð sýkist af kláðafje, lang tíðastur, en hjer hagar svo til að vetrinum, að slíkt er hægt að forðast, enda má haga böðunum með tilliti til þessa. Annan sýkingarmátann þarf naumast að óttast, þegar alt fje er baðað um háveturinn. Hinn þriðji — húsin — er sá, sem erfiðastur er viðfangs. Eins og áður er getið, getur kláðamaurinn lifað lengi utan kindar og því *getur* hann líka lifað lengi í húsunum. Þess vegna þarf *altaf* að hreinsa húsin áður en böðuðu fje er slept inn í þau, sópa vandlega út öllu rusli (af veggjum, stoðum, garða o. fl.) og moka út að minsta kosti 2 þuml. þykku lagi af taðinu. Þegar svo fjenu er slept inn rennvotu úr baðinu, blotnar húsið innan og sótthreinsast ennfremur við það. Þannig lagaða sótthreinsun verð jeg að álíta nægilega, þar sem lítil brögð eru að kláða. Sjeu mikil brögð að honum, má sótthreinsa húsin enn betur með baðleginum, þvo úr honum alt grunsamt trjeverk, stoðir og garðabönd, og bleyta vel veggi.

Annars verð jeg að segja það, að eins og kláðinn hagar sjer hjer nú orðið yfirleitt, er jeg ekki svo mjög hræddur við sýkingu úr húsunum, síst um það leyti árs, þegar ætlast er til að böðun fari fram. Eins og mönnum er kunnugt, er kláðamaurinn mjög elskur að hitanum og því heldur hann sig mest inn að húðinni og er helst á þeim stöðum, sem loðnastir eru og hlýastir. Þegar kalt er í húsunum — en svo á altaf að vera í fjárhúsum — og fje er í alullu, flytur hann sig ekki mikið af einni kind á aðra. Jeg þekki mörg dæmi þess, að kláðakind hefir verið með öðru fje í húsi marga mánuði án þess að nokkur önnur kind fengi kláða, svo sýnilegt væri. Og þegar svo er, að maurinn skríður ekki ákafar *á fjeð*, er lítil ástæða til að ætla, að hann skríði svo mjög *í húsin*. Hættan er mest við það, að kláðakindin nuggar sjer upp við garða og veggi og getur þá losnað af henni smálagðar, sem maur er í, og því er það svo afaráríðandi að hreinsa slíkt vel burtu. Öðru máli skiftir, þegar kláðakind er tekin úr ullu; þá skríða maurarnir oft af henni vegna kuldans og sækja mjög á ullað fje, og þá er einnig mjög hætt við að húsin

sjálf fari ekki varhluta. Sama er auðvitað að segja, þegar í húsinu eru mjög útsteyptar kindur, þótt í ullu sje.

Að jeg er ekki svo hræddur við húsin og tel sótthreinsun þá, sem jeg nefndi, í flestum tilfellum nægilega, þótt í rauninni sje hún ekki svo gagnger sem æskilegast væri og tryggilegast, kemur aðallega af því, að það er skoðun mín, að kláðinn sje nú *yfirleitt* tiltölulega vægur hjer á landi, og býst jeg við að allir þeir, sem muna gamla kláðann, sjeu mjer samdóma í því. Jeg neita því þó ekki, að í einstökum tilfellum geti hann jafnvel verið svo skæður, að kindur drepist úr honum, ef ekkert er að gert, en það munu flestir, sem til þekkja, játa að er mjög sjaldgæft og miklu sjaldgæfara en hitt er títt, að kláðinn sje svo vægur, að hann leynist mánuðum saman og jafnvel ár á sömu kindinni.

Um þetta hafa gefist mörg dæmi, sjerstaklega nú á seinni árum. Og þeim mun vægari sem kláðinn er, því auðveldara er að útrýma honum, meðal annars og einkum vegna þess, að þá eru húsin ekki eins hættuleg.

Heppilegasta tíma til baðananna tel jeg vera desember og janúar, enda mun þá alt fje komið að, sem á annað borð heimtist. Þá er fje oft í húsum á gjöf og er æskilegast að saman fari innistaða vegna tíðarfars og innistaða eftir baðið, því að ekki verður hjá því komist að halda fjenu inni fyrstu dagana eftir baðið, og er það bæði vegna baðsins og þó einkum vegna fjárins sjálfs. Þá er og að mínu áliti minstar líkur til að maur sje að nokkru ráði í húsunum annarstaðar en á fjenu sjálfu; og þá þarf, eins og áður er getið, síst að óttast hagana eða að fje fái maur á sig utan húss og samgang fjár er þá hægast að forðast.

Að því er kostnaðarhliðina áhrærir, skal jeg ekki fjölyrða, en að eins geta þess, að jeg hefi lagt til að landssjóður útvegi og leggi út fyrir baðlyfið, en fjáreigendur endurgjaldi síðan landssjóði, hver að tiltölu við fjáreign sína.

$^{10}/_{2}$ '11.

16. gr. 2.

Nd. **347. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingskjal 338).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 2. lið (75. breytingartillagan).

Fyrir »Liðurinn falli í burt« komi:

Til búnaðarfjelaga . . . . . — 20,000.

12. gr. 12.

Nd. **348. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 12 gr.

Við 12. tölulið, aftan við stafliðinn h. komi nýr liður:

Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn ..... 400 — 400

Nd. **349. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um beyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi, 2. okt. 1891.

Frá Sigurði Sigurðssyni

Aftan við 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr.:

Lög þessi koma ekki til framkvæmda fyr en 1. janúar 1917.

12. gr. 8. og 10.

Nd. **350. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur á þingskjali 338.

Frá fjárlaganefndinni.

1. við 17. tölulið.
   Fyrir »alt að 5000— .....« komi:
   alt að..... 3500—.....
2. við 19. tölulið.
   Fyrir »..... .. geðveikrahælið 5000—3500« komi:
   5000—5000.

Nd. **351. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Útgjöld þau, sem farið er fram á að veita fje til í frumvarpi þessu, stafa að sumu leyti af því, að áætlanir við undirbúning fjárlaganna hafa reynst of lágar. Að sumu leyti stafar útgjalda-aukinn af endurbótum, sem hentugra var að framkvæma á fjárhagstímabilinu, en fresta til seinni tíma. Hins vegar verður því ekki neitað, að nokkrir útgjaldaliðir hafa mjög farið fram yfir fjárveitingu, og væri því æskilegt, að stjórnin framvegis gerði sjer sem allra nákvæmasta grein fyrir hinum væntanlegu útgjöldum þannig, að sem minst þurfi að koma til aukafjárveitinga.

Með skírskotun til nefndarálitsins um athugasemdir við Landsreikningana 1912 og 1913, leggur nefndin til, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir þessum upphæðum:

1. Til kostnaðar við símana, sjá 48. lið 1912 ..... kr. 8642,47
2. Til salsgæslu aðstoðar við Landsbókasafnið ..... — 333,33

Að svo mæltu leggur nefndin til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr.

Á eftir D. III. komi:
Til starfsrækslu bæjarsímans í Reykjavík..... kr. 8642,47.

2. Við 7. gr.

Aftan við greinina bætist:
Til salsgæslu aðstoðar í Landsbókasafninu ..... kr. 333,33.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Hjörtur Snorrason, skrifari.

M. J. Kristjánsson, framsögumaður.

Nd. **352. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1912 og 1913.

Samkvæmt athugasemd um landsreikninginn 89. lið 1912 hefir gleymst að tilfæra innborgað póstávísanafé að upphæð ... ... kr. 7127,55

Enn fremur hefir gleymst að færa til útgjalda ... ... — 9212,00 fyrir keypt ríkisskuldabrjef. Þessar skekkjur hafa verið leiðrjettar á reikningnum fyrir árið 1913 og hafa því engin áhrif á niðurstöðu reikningsins í heild.

Með því að nefndin hefir ekki annað við reikninginn að athuga, en það sem tekið er fram í nefndaráliti um athugasemdir um landsreikningana á þingskjali 344, leggur hún til að frumvarpið verði samþykt, eins og það liggur fyrir.

Alþingi 14. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Hjörtur Snorrason, skrifari.

M. J. Kristjánsson, framsögumaður.

Nd. 353. LÖG

um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Afgreidd frá Nd. 16. ágúst).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðshönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinn.

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Enn fremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugjörð eða reglugjörðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vöruþörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Nd. **354. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla nr. 45 frá 16. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Hólssókn í Bolungarvík í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

2. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er prestaskifti verða í Ísafjarðarprestakalli, sem nú er.

Ed. **355. Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Frá 1. október 1917 skulu allir búandi menn, hafa næg hús fyrir allan búpening sinn. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Ed. **356. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í stað 2. málsgr. 1. gr. (»Hross má eigi flytja . . . . til ágústmánaðarloka«) komi:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. apríl, og eigi á þilfari á öðrum tíma árs, en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Ed. **357. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðist vjelgæsluþróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 5. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

a. hefir staðist vjelstjóraþróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 7. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr.:

a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár, og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela.
b. er 25 ára að aldri.

8. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

9. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 7. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

10. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

11. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. og staflið b. í 7. gr., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi, með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. gr.

Á gufuskipi, með meira en 100, en minna en 700 hestafla vjel, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 5. og 7. gr., eftir því sem við á.

Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.

Á gufuskipi, með 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórarnir samkvæmt 9. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelgæslulið, sem áskilið er í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3., 5., 7., 9. og 11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er Stjórnarráðið semur.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð Stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert vjelstjóraskírteini sínu.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis, kost á að fá slík skírteini, þótt ekki vanti vjelstjóra.

Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðið ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.

Beiðni um slík skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða. Þó skal það tekið fram berum orðum í skírteini því, er hann fær samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari undanþáguheimild.

Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914, um breyting á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **358. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fjárlaganefnd efri deildar hefir íhugað frumvarp þetta og vill gera við það þessar athugasemdir:

1. Nefndin felst að vísu á, at alveg sjerstökum ástæðum, að samþykkja fjárveitinguna í 3. gr., kr. 729,16, til að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar, en vill jafnframt láta það álit sitt í ljósi, að þesskonar fjárveitingar megi alls ekki eiga sjer stað. Og þó fjárveiting sú, er hjer um ræðir, sje ekki eins dæmi, þá geti ekki komið til mála að slíkt megi skoðast sem nokkurt fordæmi fyrir stjórnina til samskonar fjárveitinga síðar.
2. Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum leggur nefndin til að hækkað verði um 18 þúsund krónur. Liggja þær ástæður til þess, að samkvæmt áætlun um reksturskostnað hælisins til ársloka 1915, sem fylgir hjer með, er tekjuhallinn á því tímabili áætlaður kr. 21110,35. Þar sem óhjákvæmilegt virðist að landssjóður verði að greiða tekjuhalla þenna, ekki síst úr því í ráði er, að landið sjálft taki hælið til reksturs frá næstu áramótum, vill nefndin mæla með þessari 18 þúsund króna viðbót. En ástæðan til þess að nefndin ekki tekur allan hinn áætlaða tekjuhalla inn í fjáraukalagafrumvarpið, er sú, að oss finst sjálfsagt að dagsmeðgjöf sjúklinga hækki strax frá 1. okt. n. k., þannig að meðgjöfin verði 2 kr. á dag á sambýlisstofunum og hækki hlutfallslega á einbýlisstofunum, og beinum því til landsstjórnarinnar, að hún greiði ekki þessar 18 þús. krónur, nema nefnd hækkun komi frá 1. október næst komandi.
3. Nefndin fann ekki ástæðu til að greiða þeim Kr. Sigurðssyni og Jens Eyjólfssyni neina uppbót vegna verðhækkunar, þar sem þeir engan lagalegan rjett geta átt til slíks samkvæmt samningunum.
4. Sú 250 kr. hækkun, sem orðið hefir á liðnum »Laun háskólakennara« hjá neðri deild, getur nefndin ekki fallist á að rjett sje að samþykkja. Finst oss lítil ástæða til að hækka laun hálaunaðra embættismanna fram yfir það, sem lög standa til.

5. Nefndinni finst engin ástæða til að veita Fossvallarjómabúinu þenna styrk, þó það næði ekki í síðustu styrkveitinguna, ekki síst þar sem allur rjómabúa styrkur þá fjell niður alt í einu, enda þetta bú, sem hjer um ræðir, komið nærri 10 ára aldursmarkinu, og því þegar áður fengið mikið fje úr landssjóði.
6. Engin ástæða finst nefndinni til að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutollinn, sjerstaklega vegna þess, að þá má búast við, að annarsstaðar af landinu komi samskonar kröfur og alveg eins rjettmætar. En það var ekki tilætlun síðasta þings, að sú breyting vörutollslaganna, sem hjer á við, ætti að verka aftur í tímann.
7. Hækkun á eftirlaunum Skúla Thoroddsen, byggir nefndin á þessum ástæðum: Fyrst að hann fái hjer eftir þau eftirlaun, er honum upphaflega báru, og oss reiknast kr. 1712,54 og auk þess árlega viðbót, er samsvari hæfilegum vöxtum af upphæð þeirri, sem hann á undanförnum árum hefir tapað, án þess að vaxtatap sje talið með, vegna þess að launin voru of lágt reiknuð í fyrstu, en það finst nefndinni ekki megi minna vera en 200 kr. á ári.

Efri deild Alþingis, 16. ágúst 1915.

Karl Einarsson, formaður. Björn Þorláksson. Magnús Pjetursson, skrifari og framsm.

Jósef Björnsson. Sigurður Stefánsson.

Fylgiskjal

Áætlun.

um tekjur og gjöld heilsuhælisins á Vífilsstöðum frá 1. ágúst til 31. desember 1915.

Tekjur:

1.	Meðlag með sjúklingum	kr. 15973,00
2.	Styrkur úr landssjóði, kr. 2083,33 á mánuði	— 10416,65
3.	Tillög frá deildum, gjafir og ártíðaskrár	— 3000,00
	Tekjuhalli	— 21110,35
		kr. 50500,00

Gjöld:

1. Reksturskostnaður hælisins	kr.	41225,00
2. Vextir og afborgun af skuldum	—	8786,00
3. Óviss útgjöld	—	489,00
	kr.	50500,00

Athugasemdir

A. *Tekjuliðir:*

1. Sjúklingatalan er áætluð 72 á dag (sbr. áætlun læknisins) og meðgjöf að jafnaði kr. 1,45 dag hvern. Er þá ekki gert ráð fyrir hækkun á meðlagi með sjúklingum, þó vissulega væri þess þörf.
2. Tillag úr landssjóði er hjer talið eins og veitt er í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil.
3. Það mun vera fullhátt, að áætla þennan lið 3000 kr., eins og nú er ástatt. Fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs hafa fjelaginu goldist sem eyðslufje:

a. frá deildum	kr.	2716,00
b. gjafir	—	832,00
c. fyrir ártíðaskrár	—	1146,00 kr. 4694,00

Hjer er þó að athuga, að 1800 kr. af tillögum frá deildum (deildin í í Reykjavík) var innheimt 1914, en kom eigi til fjehirðis yfirstjórnarinnar fyr en eftir að ársreikningurinn 1914 var saminn.

B. *Gjaldliðir:*

1. Hjer er áætlun læknisins lögð til grundvallar á þann hátt, að dreginn er frá 1/6 (júlímánuður) áætlaðra gjalda, allra nema tölul. V. og VIII.. með því að ekkert er greitt af þeim gjöldum í júlímánuði þ. á.
2. Upphæð sú, sem hjer er talin, kemur þannig fram:

a. 1/3 árgjald (11. desbr.) af skuldinni til Bikuben	kr.	3750,00
b. 3 mánaða vextir (8. nóv. '15—8. jan. '16) af skuldum við Landsbankann og Íslandsbanka, alls kr. 50500,00 .. Er þá miðað við vexti þá, sem nú eru.	—	833,00
c. Skuldir þær, sem ræðir um í skuldaskrá hælisins, tölul. 6—7	—	4203,00
	kr.	8786,00

Af landssjóðsskuldinni er ekki gert ráð fyrir svo mikið sem vaxtagreiðslu. Og af skuldinni til Rögnvalds Ólafssonar er ekki gert ráð fyrir annari greiðslu en þeirri, sem jafnast með dvalarkostnaði Rögnvalds á hælinu.

3. Óviss útgjöld (t. d. er ógreiddur prentunarkostnaður við nýjar birgðir af ártíðaskrám, ca. 370 kr.) verður óhjákvæmilegt að greiða af fje því, sem ræðir um undir tekjulið 3.

Tekjuhallinn, sem hjer er áætlaður kr. 21110,35, er óhjákvæmilegt að landssjóður greiði, og mun þurfa til þess nýja fjárveitingu. Að tekjuhallinn er áætlaður svona stór, stafar bæði af hinu afar-háa verði, sem nú er á eldsneyti og matvöru allri, svo og af því, að gert er ráð fyrir, að keyptar verði nú í sumar og haust birgðir til alls vetrarins, eins og venja hefir verið til að undanförnu. Verða þá miklar birgðir við nýár næst, er landssjóði koma að góðum notum, ef hann tekur að sjer rekstur hælisins.

Reykjavík 5. ágúst 1915.

Sighvatur Bjarnason.

Ed. **359. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 4. gr.

Í stað »kr. 20,000« (heilsuhælið á Vífilsst.) komi: kr. 38,000.

2. Við 5. gr.

»Við A. 3. f.« o. s. frv. Sá liður falli burt.

3. Við 6. gr.

Í stað »kr. 2350« (laun háskólakennara) komi: kr. 2100.

4. Við 8. gr.

»Til Fossvallasmjörbús ..... kr. 380,76« falli burt.

5. Við 9. gr.

4. málsgr. falli burt.

6. Við sömu gr.

Fyrir »kr. 1752,54« í síðustu málsgrein komi: kr. 1912,54.

Nd. **360. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45. s. d.

Frá nefndinni.

Háttvirt efri deild hefir gert þá breytingu á frumvarpi þessu, að hún hefir skeytt við frumvarpið þeim viðauka, »að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912«, sjeu undanþegnar vörutolli. Nefndin felst á þennan viðauka og ræður því hinni háttvirtu deild að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 16. ágúst 1915.

Einar Jónsson, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Gunnarsson. Matth. Ólafsson. Björn Hallsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed. **361. HAFNARLÖG**

fyrir Akureyrarkaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 16. ágúst).

1. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi við hafnarsjóð Akureyrar mannvirki og land, er þarf til að gera hafnarvirki og bryggjur eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, einnig land við bryggjur til að leggja á vörur, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnar- eða bryggjugerð hefir í för með sjer, alt gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akureyrar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una við matið og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akureyrar.

2. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda (hafnarnefndinni) beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 kr. og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja fimm menn og sjeu tveir þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer

í

hönd, nje endurnýja slik lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Akureyrar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur í lögsagnarumdæminu innan takmarka hafnarinnar.

   Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins. Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.
5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugjörð, er bæjarstjórn Akureyrar semur og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða hver skuli greiða þau. Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnetnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún

á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan Stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu, og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugjörðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Akureyrarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Ed. **362. Frumvarp**

til laga um veitingu prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu. En prófastur sendir sóknarnefndum samritin til birtingar og leggur jafnframt fyrir þær, að semja kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

2. gr.

Kjörskrá skal vera þannig lögð, að á henni sjeu fimm dálkar fyrir

töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því, er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar skráin er samin, leggur sóknarnefnd hana fram á kirkjustaðnum kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar þar í sókn, enda sje skráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

Tilkynnir sóknarnefnd jafnframt prófasti, hvenær kjörskrá er lögð fram.

3. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af kjörskrá eða einhvern ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra brjeflega fyrir sóknarnefnd áður vika sje liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefnd boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti, á fund með sjer, og leggur fullnaðarúrskurð á kæruna á fundinum.

4. gr.

Þegar sóknarnefnd hefir gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni, ásamt vottorði um það, að skráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en prófastur skýrir biskupi þegar í stað frá tölu kjósenda í hverri sókn í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

5. gr.

Þá er umsóknarfrestur er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestsskapar í þjóðkirkju landsins og hve marga kjörseðla þurfi.

Kjörseðlarnir skulu allir vera af sömu gerð og jafnstórir og á þá prentuð í stafrófsröð nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

Stjórnin annast þá um, að tilbúnir sjeu og sendir biskupi, nægilega margir kjörseðlar. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverri sókn, tvenn ljereftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sje prentað utan á annað: »greidd atkvæði« og á hitt: »ónotaðir og ónýttir seðlar«.

Biskup sendir síðan prófasti með póstábyrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigluðum sendingum, sjer til hverrar sóknarnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Prófastur sendir síðan sóknarnefndum, en þær leggja umsóknirnar ásamt fylgiskjölum fram á kirkjustaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minsta kosti vikutíma. Jafnframt ákveður prófastur kjörfundardag fyrir prestakallið með hæfilegum fresti, og setur sömu dagstund í öllum sóknunum.

Skal að jafnaði kosið í kirkjunni og á sunnudegi.

6. gr.

Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri. Nú eru sóknarnefndarmenn þrír, og skulu þeir þá skipa kjörstjórn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5,

ganga 2 þeirra frá eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður kjörstjórnar.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma. Skal oddviti sóknarnefndar setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slík atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar af nýju. Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gjörðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gjörð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn at fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje innangengt í, nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo umbúið, að ekki sjáist að utan eða annarstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, eða kosning fari fram í kirkjunni, skal tjalda af eitt hornið, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum, eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9 gr.

Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverir sjeu í kjöri.

10. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og lætur ganga til kosninga.

11. gr.

Þeir sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim líst og eftir því sem þeir komast að. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur og umboðsmenn þeirra, svo og kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórnin getur kvatt menn sjer til aðstoðar, til að halda uppi reglu meðan á kosningunni stendur. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess umsækjanda, er hann kýs, brýtur síðan seðilinn saman, þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt merkir maður úr kjörstjórninni við nafn kjósenda á kjörskránni.

Ónýtist seðill hjá kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist. Sje kjós-

andi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi til nefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gjörðabókinni. Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningarathöfnin eigi standa skemur en 2 stundir, nema allir kjósendur, er á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

12. gr.

Í Reykjavík og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað í einu, eftir nánari ákvörðun sóknarnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. Þrír menn, tilnefndir af sóknarnefnd, taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefir hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður hverir skuli kjósa í hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annarstaðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda sóknarnefnd atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

13. gr.

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja. Ennfremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla, og lætur þá í umslag og innsiglir sem fyr segir.

14. gr.

Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar. Að þeim liðnum sendir sóknarnefnd með póstábyrgð formanni yfirkjörstjórnar afrit gjörðabókar, umsóknargögn öll, seðlaumslögin og ummæli sín um kærur, ef fram hafa komið, yfir kosningunni.

15. gr.

Yfirkjörstjórn skipa biskup landsins og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Ræður afl atkvæða, ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn. Jafnskjótt sem sendingarnar eru komnar úr öllum sóknum prestakallsins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin; kveður hún til umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, ef nokkrir eru. Heldur yfirkjörstjórn gjörðabók og sendir landsstjórninni afrit hennar ásamt kosningargögnum.

16. gr.

Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda

hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.

17. gr.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði á kjörfundum, og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn prestur, og fær veitingarbrjef ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú er að eins einn umsækjandi, og fer með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum. Kjósendur, sem honum vilja hafna, skila seðlinum ómerktum. Greiði helmingur kjósenda atkvæði, og fullur helmingur greiddra atkvæða taki umsækjanda eða hafni honum, ræður það úrslitum.

19. gr.

Enginn, er kosið hefir skriflega, er skyldur til að skýra frá því fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarformaður nje nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

21. gr.

Landsjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Að öðru leyti fer um kostnað af prestskosningum samkvæmt 6. gr. laga nr. 40, frá 30. júlí 1909.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1916 og eru lög nr. 28, frá 16. nóv. 1907 jafnframt úr gildi gengin.

Nd. **363. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 16. ágúst.

Flutningsmaður: Pjetur Jónsson.

(Till. til þingsályktunar um kaup á kornvöruforða til tryggingar landinu, þgskj. 258).

Í því trausti að landsstjórnin, í samráði við væntanlega velferðarnefnd, annist í tíma nauðsynlegar og lögmæltar ráðstafanir gegn bjargarskorti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **364. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands falli burtu orðið: »Unaóss« og komi í staðinn: Loðmundarfjarðar og í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

Ed. **365. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 317.

Frá Guðm. Ólafssyni.

3. breytingartillaga við 4. gr. orðist svo:

Fyrir orðin í síðari málsgr. »eftir því hve marga þarf að kjósa« komi: framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra.

Ed. **366. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frumvarp þetta er nú í 3. sinni af stjórninni lagt fyrir alþingi. Á tveim undanfarandi þingum hefir verið svo mikill ágreiningur um einstök atriði, að málið hefir ekki náð fram að ganga.

En fyrir þann ágreining hefir málið eðlilega fengið vandlegri íhugun og meðferð en ella mundi, og hefir stjórnin í frumvarpi sínu nú farið sem næst því, er virtist vera orðin niðurstaða fyrri þinga, nema í einu atriði, sem síðar skal nefnt, og háttvirt neðri deild hefir litlar aðrar breytingar gert en í því eina atriði, svo að ætla má, að í þeim búningi, sem frumvarpið liggur nú fyrir eftir meðferð neðri deildar, sé það orðið hæft til að verða að lögum.

Það, sem aðalágreiningurinn hefir verið um, eru tvö atriði:

1. að finna rjett hlutfall milli þess annars vegar — sem er aðalhlutverk sjóðanna, að geyma tryggilega sparifje, og hins á aðra hlið, að sjóðirnir geti bætt úr brýnustu lánsþörf, hver á sínu svæði, sem, eftir því sem hér á landi hagar til, verður að skoðast annað aðalætlunarverk þeirra, og er til ómetanlegs gagns fyrir fjölda manna, sem örðugt eiga fyrir ýmsar sakir að neyta bankanna eða útbúa þeirra;
2. að skipaður væri sjerstakur eftirlitsmaður til að tryggja betur öryggistilgang sjóðanna.

Um hið fyrra virðist nú í frumvarpinu vera komið að niðurstöðu, sem við megi hlíta um sinn, þar sem annars vegar eru sett ýms ákveðin tryggingarfyrirmæli, þar á meðal þau, að jafnan skuli nokkuð af sjóðnum geymt í tryggum, auðseldum verðbrjefum, en hins vegar þó ekki meira en svo, að af varasjóði sje þannig geymt svo mikið, að nemi 5% af innstæðufje, ef varasjóðurinn sjálfur er þá orðinn svo mikill (17. gr.), og auk þess 3% af innstæðufjenu, þegar það er orðið 50000 eða meira (13. gr.). Er að vísu með þessu bundið nokkuð fje frá útlánum, en þó ekki frekara en svo, að sjóðirnir geti, hver í kringum sig, bætt að mun úr brýnustu lánsþörf.

Um hið annað atriði, einn eftirlitsmann með öllum sjóðunum, hefir verið enn meiri ágreiningur. Hefir verið gert ráð fyrir honum jafnan í stjórnarfrumvörpunum, enda sumir haldið því fram, að frumvarpið væri lítt nýtilegt án hans, en aðrir stungið upp á, að eftirlitsmaður væri með hverjum einstökum sjóði, valinn í sömu sýslu eða nágrenni við hvern þeirra, og gæti kostnaður með því móti orðið minni.

Eins og frumvarpið er nú komið frá hv. neðri deild, er þó hvorug þessi eftirlitsaðferð tekin upp, og þykir nefndinni það bera vott um, eftir þriggja þinga meðferð á málinu, að ekki sje enn tímabært, að skipaður sje fastur eftirlitsmaður, nje heldur komið á öðruvísi löguðu eftirliti, sem lítt væri að gagni.

Nefndin vill því heldur ekki leggja til að frumvarpinu sje breytt í þá átt, en þykir rjett, að frumvarpið sje samþykt lítið breytt frá þeirri mynd, sem það nú hefir. Enda eru nú allir sparisjóðsreikningar endurskoðaðir af völdum endurskoðendum, sem á hverjum stað þykja hæfastir til þess, bæði að rannsaka reikningsfærslu og meta tryggingar og annað er máli skiftir um stjórn sjóðanna. Heldur ekki er kunnugt annað en að flestum sparisjóðum hafi reitt vel af og safnað töluverðum varasjóði, enda eru viðast þeir menn, er stuðlað hafa mest að stofnun þeirra, í stjórn þeirra og hafa gert sjer að skyldu, og margir sett metnað í, að sjá sem best um hag þeirra.

En eftir því sem þeirra manna missir við, og sjóðirnir, sem enn eru flestir smáir, fara vaxandi, þá verður meiri þörf eftirlitsins, en jafnframt mun þá verða fengin reynsla nokkur á lögunum og sú reynsla gera hægra fyrir að

koma sjer saman um fyrirkomulag eftirlitsins heldur en enn hefir raun á orðið.

Fáeinar smábreytingar viljum vjer þó gera á frumvarpinu, en væntum að þær þurfi ekki að valda ágreiningi eða verða málinu til tálmunar í háttv. neðri deild.

Í 2. gr. er ákveðið, að Stjórnarráðið megi veita undanþágur frá lögunum í einstökum greinum. Þar viljum vjer bæta við »um stundarsakir«, svo að ekki sje til ætlast, að undanþágan sje fyrir fult og alt, en þó um leið frjálsar hendur með það, hve mikið er lagt í stundar sakir.

Í 6. gr. þykir oss orðið »vítavert« mega falla burtu, með því að hirðuleysi, sem veldur sjóðnum fjártjóni, sje ávalt vítavert.

En aðalbreyting vor, sem sumir af oss leggja mesta áherslu á, er sú, að þar sem ákveðið er í 13. gr. að sjálfskuldarábyrgðarlán megi lána í lengsta lagi til eins árs, þá megi það þó gera með því skilyrði, að af því sje borgað á hverju ári og greitt til fulls á 10 árum.

Í 22. gr. viljum vjer láta burtu falla orðin »um stundarsakir«, svo að heimildin til að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana sje ótakmarkað af öðru en ráðstöfun þeirra, sem lögleg umráð hafa slíks fjár.

Þá viljum vjer láta tvær síðustu greinar frumvarpsins skifta um röð, svo að ákvæðið um hvenær lögin öðlast gildi sje síðasta grein þeirra.

Ráðum vjer að vísu til að frumvarpið sje látið ganga óbreytt frá 2. til 3. umræðu, en munum þá bera fram breytingartillögur í þá átt, sem að framan greinir, og leggja til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum.

Efri deild Alþingis, 16. ágúst 1915.

Eiríkur Briem, form.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsm.	Björn Þorláksson.

Jósef Björnsson. Karl Finnbogason.

Ed. **367. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá nefndinni.

1. Við 2. grein:
   a. Orðið »sinnum« í 3. línu 4. málsgreinar, falli burt.
   b. Á eftir orðunum »veita undanþágu« í 4. línu seinustu málsgreinar komi:
      um stundarsakir.

2. Við 6. grein.

Orðið »vítavert« í 4. málsgrein, falli burt.

3. Við 13. grein.

2. málsgrein orðist svo:

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því að eins veita til lengri tíma en eins árs, að þau sjeu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sje láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

4. Við 22. grein.

Orðin »um stundarsakir«, falli burt.

5. Við 27. og 28. grein.

Þessar greinar skifti um röð.

Ed. **368. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (þgskj. 135).

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Við 3. gr. Fyrir: »1916« komi:
1918.

Nd. **369. Álit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi nr. 22, 2. október 1891.

Frá minni hluta Landbúnaðarnefndar.

Tildrögin til þess að frumvarp þetta hefur komið fram eru þau, að ráðherra tilkynti Landbúnaðarnefndinni, að nú væri einn af þeim dýralæknisnemendum, sem notið hefir styrks af landssjóði fullnuma og fús til þess að setjast hjer að, ef nýtt embætti væri stofnað með hæfilegum launum.

Fljótt á að líta virðist það sjálfsagt, að missa eigi af manni þessum. Alþingi hefir um langan tíma veitt fje, til þess að menn gætu lært dýralækningar og auðvitað í þeim eina tilgangi að nota menn þessa að afloknu námi. Annars hefði styrkurinn verið meiningarlítill. Þá er það og ómótmælanlegt, að ýmsir

kvillar á búfjenaði vorum valda árlega svo stórfeldu tjóni, að sjálfsagt er að leitast við á allan hátt að draga úr því, ef þess væri kostur.

Minni hlutanum er þetta fyllilega ljóst; að eins telur hann engin líkindi til að úr þessi verði bætt að svo stöddu með fjölgun dýralækna og er henni því mótfallinn.

Jeg vil þá fyrst drepa stuttlega á *námsstyrkinn til dýralækna*. Hann hefir staðið í öllum fjárlögunum frá 1892, og alls verið veittar rúmar 24,000 kr. í þessu augnamiði.

Hvað það var, sem vakti fyrir mönnum, er dýralæknalögin voru samin og styrkur þessi var í fyrstu veittur, sjest ljóslega á umræðunum á þingi 1891 og álitum nefndanna, er um málið fjölluðu. Fyrst og fremst bjuggust menn við að dýralæknar gætu gefið oss þau ráð, er dygðu við allskonar farsóttum og faraldri á búpeningi, sjerstaklega bráðapest. Þá vildu menn og tryggja á þennan hátt útflutning á lifandi fje til Englands, og að lokum ætluðust menn til að dýralæknar kendu mönnum ýmsa aðra hluti, t. d. meðferð fjár á vetrum, kynbætur og jafnvel öflun og meðferð heyja. Ef þessar miklu vonir um störf dýralækna hefðu verið á góðum rökum bygðar, var síst að undra þó menn teldu þetta mikið nauðsynjamál og væru fúsir til að veita fje til þess.

Nú verður tæpast móti því borið, að þessar skoðanir voru sprottnar að miklu leyti af vanþekkingu einni, sem var eðlileg á þeim tímum, en hafa ekki lengur gildi.

Jeg skal þá fyrst minnast á það, sem mestu máli skiftir, *farsóttirnar*. Það eru þær, sem öllu fremur valda landinu stórfelds tjóns, nálega á hverju ári. Að mestu leyti má miða notin, sem almenningur hefir af dýralæknum, við það, hvort þeir geta ráðið bót á þeim eða ekki.

Eftir því sem Magnús Einarsson dýralæknir skýrði nefndinni frá, eru þeir dýrasjúkdómar, sem valda landinu stórfelds skaða, þessir:

1. Bráðapest.
2. Ormaveiki (lungnaormar og innyflaormar).
3. Fjárkláði.
4. Lambasýki (skjögur, »hjartveiki«).
5. Doði í kúm.

Hvað *bráðapest* og *doða* snertir, þá hafa erlendir vísindamenn fundið mikilsvarðandi lækningaðferð við báðum þessum kvillum, og alþýða hefir lært að hagnýta þessa þekkingu. Bæði verður því alls ekki komið við, að láta dýralækna bólusetja fje eða lækna doða í kúm, enda hefir reynslan sýnt að bændum hefir farist þetta vel úr hendi. Jeg get ekki sjeð að fjölgun dýralækna hafi nein áhrif á þessa kvilla.

Um *fjárkláða* er líkt að segja. Öllum fjölda bænda hefir verið kent að þekkja kláða og við honum hafa fundist óyggjandi læknislyf. Að honum hefir ekki verið algerlega útrýmt úr landinu er engu öðru að kenna en tómlæti og hirðuleysi alþýðu. Þó reynt væri á ný að gera útrýmingarböðun, þá höfum vjer færa menn til þess að hafa umsjón með henni, þar sem þeir eru Magnús Einarsson og Sigurður Einarsson dýralæknar.

Við *ormaveiki* í lungum og innyflum þekkist, enn sem komið er, engin lækning og engin vörn, er að haldi komi, að því mjer er kunnugt. Þetta kann að breytast, en eflaust verður þar eingöngu að treysta á erlenda vísindamenn, engu

síður en með bráðasóttina. Hjer á landi eru engin tæki til þeirra rannsókna, er að slíkum hlutum lúta, og engin líkindi til að almennir dýralæknar sjeu vísindalegu rannsóknastarfi vaxnir. Lítil von hefði verið um þetta, ef stofnað hefði verið dósentembætti í sóttkveikjufræði við háskólann, en engin að svo stöddu, úr því það fjell.

Um *lambasýki* er að nokkru leyti sama að segja. Hjartveiki lamba mun lítt þektur kvilli og engin ráð kunn við honum. Skjögur, sem orsakast af fjörubeit, má fyrirbyggja með því, að ærnar gangi ekki of lengi í fjörum, að því reyndir menn hafa sagt mjer. Jeg sje því ekki nein líkindi til þess, að fjölgun dýralækna muni nein veruleg áhrif hafa á ormaveiki eða lambasýki.

Jeg hefi þá farið fám orðum um algengustu fjenaðarkvillana, sem mestum skaða valda. Um engan þeirra verður sagt, að von sje til að draga úr honum að mun eða losna við hann, þó einn eða tveir dýralæknar bættust við í landinu. Jeg efast um að nokkur sjerfróður maður þori að fullyrða, að líkindi sjeu til þess.

Aftur ma það með sanni segja, að dýralæknar vorir, sjerstaklega Magnús Einarsson, sem lengst hefir starfað hjer, hafa gert oss mjög mikið gagn með því að kenna lækningu á bráðapest og doða. Vegna þess að vjer höfum haft vel mentaðan dýralækni í landinu, höfum vjer getað fylgst með því, sem uppgötvast í þessum fræðum og nýtilegt reynist. Auk þess sem landsstjórnin á kost á að leita álits sjerfróðs manns, er þörf er á því. Oss er það afar nauðsynlegt, að geta fylgst með öllum nýjum uppgötvunum í dýralækningum og að geta hagnýtt oss þær, sem eiga hjer við, en *til þessa er nóg að eiga einn eða tvo vel mentaða dýralækna*. Vjer verðum að engu leyti betur settir í þessu efni, þó dýralæknarnir væru t. d. fjórir, og vísindalegar rannsóknir getum vjer ekki heimtað af dýralæknum vorum, síst að þeir uppgötvi ráð og lækningar við þeim sóttum, sem erlendum vísindmönnum með öllum þeim áhöldum, sjermentun og æfingu, tekst ekki að ráða bót á. Reynslan hefir og sýnt, að dýralæknar vorir hafa *ekki* getað ráðið bót á ormaveiki, þó þeirra hafi verið leitað, ekki svo að verulegu haldi hafi komið, og hafa þó sóttir þessar gert afarmikið tjón í mörgum sveitum.

Nú má segja, að þótt dýralæknir geti ekki orðið að liði í þessum skæðu sóttum, þá sje dagleg hjálp við ýmsum smærri kvillum, sjerstaklega á kúm og hestum mikils virði, t. d. meiðslum hesta o. fl. Jeg efast ekki um, að oft og einatt komi hún að ágætu gagni, en yfirleitt eru húsdýr vor flest í svo lágu verði, að hjer stendur öðruvísi á en erlendis. Auðvitað væri það mannúðarlegast og æskilegast að vitja mætti læknis til allra sjúkra dýra, en ef þessari kröfu skal fullnægt, verðum vjer að hafa *ekki færri dýralækna en hjeraðslæknar eru nú*. Jeg þykist aftur viss um að slíkur kostnaður *borgi sig alls ekki*. Nú mun svo vera í flestum sveitum, að völ er á laghentum, nærfærum manni, sem sæmilega getur gert við meiðsl á hestum og þvíuml. Þá eru og tvær dýralækningabækur að koma út, sem geta orðið þeim mönnum til mikillar leiðbeiningar. Nauðsynlegustu lækningaáhöld ættu dýralæknar vorir að útvega bændum.

Kynbætur húsdýra hafa ekki staðið undir umsjón dýralækna vorra til þessa, heldur ráðunauta Búnaðarfjelags Íslands. Jeg býst við, að þetta verði svo framvegis, og sje í rjettu horfi.

Útflutningur á lifandi fje er nú lítill sem enginn og alt öðruvísi ástatt en 1891. Jeg sje því ekki að hann sje veruleg ástæða til þess að fjölga dýralæknum. Heyrst hefir að, ef til vill, taki útlendingar að krefjast þess, að alt sláturfje,

sem ætlað er til útflutnings, sje skoðað af dýralækni. Mjer þykir þetta afar ólíklegt, bæði sökum þess, að sauðfje vort hefir ekki, svo mjer sje kunnugt, þá kvilla, sem veruleg hætta stafi af fyrir þá, sem neyta kjötsins, og auk þess drepast flestar sóttkveikjur í saltpækli, en þar á ofnn bætist, að saltkjöt er tæpast etið öðruvísi en soðið, og eru þá líkindin lítil að bæði sleppi sóttkveikjur lifandi úr langri geymslu í salti og síðan suðu. Jeg held því að slíkt útflutningsbann sje gryla ein, sem ekki sje verulega að óttast, að minsta kosti geti löggjöfin ekki að svo stöddu tekið tillit til þessa.

Að dýralæknar kenni mönnum *hirðingu sauðfjör, öflun heyja* o. s. frv., býst jeg við, að fáir vænti nú. Ekki man jeg að dýralæknar vorir hafi látið sjerstaslega til sín taka í þessum efnum, enda finst mjer að þess sje tæplega væntandi.

Jeg hef nú leitast við að sýna fram á, að hugmyndir manna um 1891, er dýralæknisembættin voru stofnuð, og farið að veita styrk til dýralæknanáms, voru að mörgu leyti þokukendar og studdust við litla þekkingu. Eigi að síður var stofnun þessara tveggja embætta, er vjer nú höfum, viturleg og hefir margborgað sig. Vjer þurfum nauðsynlega að eiga einn eða tvo menn í landinu, er fylgdust með í þessari fræðigrein, og leiðbeindu oss að hagnýta þær uppgötvanir, sem erlendis eru gerðar. Úr þessari miklu nauðsyn er fyllilega bætt, ef vjer höfum einn eða tvo dugandi dýralækna á landinu, ekki síst ef þeir gera sitt til að útbreiða þekkingu á dýrakvillum meðal almennings, og helstu læknisráðum við þeim, sem alþýðu mættu að gagni koma.

Áður en farið er að fjölga dýralæknum, þurfum vjer að hugsa þetta mál rækilega, því *hjer er ekki að ræða um stofnun eins embættis eða tveggja, heldur að minsta kosti 10—20.* Þeir dýralæknar, sem vjer höfum, eru í raun og veru landsdýralæknar, en ef stofna skal embætti fyrir hjeraðs-dýralækna, skal enginn ætla, að numið verði staðar við fjórðungs-dýralækna. Húnavatnssýsla er t. d. mikil landbúnaðarsveit og skepnueign bænda meiri en víðast annarsstaðar á landinu. Ekki geta Húnvetningar sótt dýralækni til Akureyrar, ekki Skagfirðingar, fæstir Þingeyingar. *Fjölgun dýralækna leiðir óhjákvæmilega til þess, að stofna dýralæknisembætti í öllum sýslum, sem aðallega stunda landbúnað.* Þetta held jeg að sje algerlega röng stefna, eftir því sem hagar til hjá oss, og þess vegna er jeg sannfærður um, að fjölgun dýralækna er varasöm villigata, sem kostar landið með tímanum ekki minna en 50,000 kr. á hverju ári, án þess að verulegt gagn komi í aðra hönd, fram yfir það, sem fæst með því skipulagi sem nú er.

Jeg hefi að lokum heyrt þá mótbáru, að sömu ástæður, sem jeg hef fært gegn fjölgun dýralækna, megi að sjálfsögðu færa gegn því að hafa yfirleitt lækna í landinu. Ef enginn munur væri á mönnum og búfje, á sjúkdómum manna og dýra, þá væri þetta rjett, en nú er hjer um ærinn mismun að ræða, sem veldur því, að þessi mótbára er einskis virði og sleppi jeg því að færa frekari ástæður gegn henni.

Alþingi 16. ágúst 1915.

Guðm. Hannesson.

Ed. **370. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson og Sigurður Stefánsson.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins.

Í stað orðanna: »breyting á sveitarstjórnarlögum«, komi: viðauka við sveitarstjórnarlög.

2. Við 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist:

ef hreppsnefnd ákveður eða 1/4 hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óskar þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir núgildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá frammi, sje um reglulega kosning að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Varatillaga 1/10 (ef 1/4 fellur).

3. Við 8. gr.

Greinin falli burt.

Ed. **371. Fyrirspurn**

til ráðherra um opinber reikningsskil, gjaldheimtur og aukið tolleftirlit.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Hvað hefir landsstjórnin gert til að fullnægja áskorun efri deildar Alþingis 1914, um reikningsskil, gjaldheimtur og aukið tolleftirlit?

Nd. **372. Álit**

um frv. til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Í þessu máli kemur að voru áliti þrent til athugunar: þörf Háskólans, endurbætur á vinnubrögðum í landinu og persóna umsækjandans.

a) Hvað *þarfir Háskólans* snertir, þá hefir nefndin snúið sjer til Háskólaráðsins og leitað álits þess, eins og fyrir er mælt í Háskólalögunum. Í svari Háskólaráðsins, dags. 5. ág., er aðeins vísað til ummæla heimspekisdeildar og því bætt við, að »umsækjandinn sje alls góðs maklegur«. Er svar þetta fjarri því að vera svo skýrt, sem æskilegt væri; en að voru áliti er tæpast ástæða til þess að hafa tvö kennaraembætti í heimspekilegum fræðum við svo lítinn skóla.

b) Umsækjandinn hefir lagt áherslu á, að hann myndi *rannsaka vinnubrögð* landsmanna í ýmsum greinum og gerði sjer von um, að af því mætti leiða miklar endurbætur og vinnusparnað. Hefir hann sérstaklega bent á, að slíkar rannsóknir hafi borið mikinn ávöxt í Vesturheimi.

Vjer teljum það líklegt, að slíkar rannsóknir geti komið að gagni, þar sem skifting vinnunnar er á háu stigi, eins og víðast er í verksmiðjum erlendis, þar sem bæði er úr mörgum mönnum að velja og margs konar atvinnuvegum; en þó dylst oss ekki, að vinnubrögð hafa komist á afarhátt þroskastig í mörgum atvinnugreinum áður en nokkur vinnuvísindi voru nefnd á nafn. Vinnuleikni er gömul, vinnuvísindin ung og lítt reynd. Að þau megni að bæta yfirleitt vinnubrögð almennra verkamanna að miklum mun, teljum vjer óreynt og ósannað, þó ekki viljum vjer neita, að ýmislegt gott kunni af þeim að leiða með tímanum.

Nú er svo ástatt hjer á landi, að vinnuskifting er, enn sem komið er, mjög ófullkomin; flestir verða að sinna mörgum störfum og næsta ólíkum, sem eflaust krefjast mjög misjafnra hæfileika. Þar sem svo stendur á, virðist oss mjög tvísýnt að vinnutilraunir geti orðið að miklu liði. Við dagleg störf kemur það fljótt í ljós, hverjum er sýnt um þau og hverjum ekki; til þessa þurfa engar vísindalegar rannsóknir. En sökum mannfæðar vorrar, einkum að sumrinu, verður að nota hvert mannslið, þó misjafnt sje. Formenn vorir sjá fljótt, hverir eru fisknir og kysu helst, að allir hásetar væru það, en eftir sem áður verða þeir að nota menn, sem er miður sýnt um verkið, og hæpið, að vísindalegri kenslu verði komið við, til þess að gera þá að betri veiðimönnum, eða að hún komi að meiri notum en samkepnin í daglegu lífi. Sama er að segja um sveitamenn, sem eiga við enn meiri vinnufólksskort að búa. Hjer er þess sjaldnast kostur að vísa mönnum burtu, þó ekki sjeu þeir svo góðir verkmenn sem skyldi.

Það mun óhætt að fullyrða, að Íslendingar standa engum öðrum að baki í þeim verkum, sem hjer eru alment tíðkuð. Þeir eru betri sláttumenn en útlendingar og verkfæri þeirra betri; þeir eru og taldir fisknari og engu lakari sjómenn. Vér teljum það mjög vafasamt, að vísindamenn geti kent sjómönnum vorum og sláttumönnum verk sín svo, að almenningi komi að nokkrum verulegum notum. Hvað þeim verkum viðvíkur, sem eru hjer lítt kunn, liggur beinast við, að nota erlenda verkamenn, eða verkstjóra, sem verkunum eru vanir og læra af þeim, eða þá að Íslendingar læri verkin af þeim erlendis. Á þennan hátt höfum vjer lært vegagerð, plægingar, símalagningar, síldveiðar og yfirleitt öll ný störf í landinu. Þessa leið hafa allar aðrar þjóðir farið. Engar hafa tekið það ráð, að láta háskólakennarana kenna almenningi vinnubrögð.

Oss er það þó full ljóst, að því fer fjarri, að vinnubrögð hjer sjeu í svo góðu lagi sem vera skyldi, en sjaldnast mun þetta stafa af því, að menninnir geti ekki leyst verkið betur af hendi, heldur af því, að kaupið er

tímakaup, samkepnin lítil og hugsunarháttur margra lakari en skyldi. Til þessa liggja djúpar rætur, sem engin augnabliksfræðsla eða áminning getur upprætt. Hjer er að nokkru leyti að ræða um uppeldismál, en líklegasta bótin við slíkum meinum, er vaxandi menning og samkeppni í landinu. Óvíst er að vísindaleg vinnukensla geti haft mikil áhrif á þetta.

Þó vjer gerum oss litla von um, að vísindalegar vinnutilraunir komi hjer *alment* að notum, þá virðist oss ekki ólíklegt, að í sumum greinum, þar sem vinnuskifting er lengst á veg komin, kynnu þær að koma að góðu gagni, t. d. við vegavinnu, fiskverkun og ef til vill aðgerð á fiski o. fl. Nú er það auðsætt, að ekki þarf mikla framför til þess að vinna upp nokkurn tilkostnað, og teljum vjer því æskilegt að slíkar tilraunir væru framkvæmdar í nokkur ár, *svo að reynsla fengist fyrir, hvort þær kæmu að notum.* Þá teljum vjer og mjög líklegt, að kaup mætti miklu meira en gert er, miða við það verk, sem af hendi er leyst, í stað timalengdarinnar, sem verið er við verkið, og myndi það eitt til mikilla framfara í vinnubrögðum. Tilraunir með vinnubrögð, gætu líklega meðal annars stutt að þessu.

Ef dr. Guðm. Finnbogason vildi takast þær á hendur, þá vildum vjer mæla með því, að honum væri veitt fje í þessu augnamiði í fjárlögunum. Færi svo, að þær kæmu að verulegu gagni, teljum vjer Alþingi skylt að launa honum starf hans vel og sómasamlega, hvort heldur sem væri á þann hátt, að stofna handa honum fast embætti eða veita honum framvegis fje á annan hátt, til þess að bæta vinnubrögð í landinu. Aftur hefir það orðið að samkomulagi milli vor, að mæla ekki með því, að stofnað sje fast embætti í þessum tilgangi, meðan engin sönnun er fengin fyrir því, að það komi að tilætluðum notum.

c) Umsækjandinn er svo mætur maður og vel að sjer í sinni fræðigrein, heimspeki, að það væri óneitanlega mjög æskilegt, að hann gæti gefið sig við henni og verið laus við önnnur störf. Oss dylst þetta ekki, en eigi að síður sýnist sumum af oss það ókleift, að stofna embætti af þessari ástæðu, því bæði eigum vjer marga góða menn, sem líkt má segja um, og eignumst framvegis marga. Vjer höfum eigi efni til þess, að stofna embætti vegna einstakra manna, en hljótum að láta oss nægja með þau sem óhjákvæmilegt er að setja á fót vegna brýnna almenningsþarfa. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing af því, hve fáir vjer erum og fjeð af skornum skamti.

Alþingi 16. ágúst 1915.

Jón Magnússon, form. Guðm. Hannesson, ritari.

Einar Jónsson. Jón Jónsson.

16. gr. 29.

Nd. **373. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916—1917 á þgskj. 338.

Frá Hirti Snorrasyni.

Við 91. tölulið c.
(Við 16. gr. á eftir 29. lið).
Fyrir »5000 kr. síðara árið« komi:
5000—.....

Nd. **374. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Frá fjárlaganefndinni.

1. gr. orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Helming styrks þessa skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annarstaðar en hjer við land. Hinum helmingnum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

Nd. **375. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67, frá 22. nóv. 1913.

Frá meiri hluta Sjávarútvegsnefndarinnar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála um frumvarp þetta.

Meiri hlutinn, þeir, Skúli Thoroddsen, Sigurður Gunnarsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson leggja til að frumvarpið sje samþykt með nokkrum breytingum, en minni hlutinn: Guðm. Eggerz, Þórarinn Benediktsson og Stefán Stefánsson vilja að frumvarpið sje felt.

Eina skynsamlaga ástæðan til að friða hvali er sú, að ef þeir sje friðaðir um nokkurra ára skeið, þá muni þeim fjölga, og að þá muni Íslendingar

verða orðnir færir um að reka hvalveiðar sjálfir og sitja að þeim hag, sem af þeim leiddi.

Meiri hlutinn getur nú eigi sjeð, að það mundi draga mikið úr fjölgun hvala hjer við land, þótt eitt fjelag, með að eins 2 bátum stundaði veiðina næstu 3 ár, en hins vegar mundi það verða þeim 2 hreppum, sem hjer eiga hlut að máli, mikill hagur að halda hvalveiðamanninum meðan harðast er í ári. Má gera við að það yrði þessum 2 hreppum alt að 4000 kr. tekjutap á ári, ef hvalveiðarnar hættu. Þá mundi og landssjóður misssa nokkurs í við það, að útflutningsgjald af hvalafurðum fjelli með öllu burt.

Af þessum ástæðum leyfir meiri hlutinn sjer að leggja til að háttv. neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað: »sex« í frumvarpsgreininni komi þrjú.
2. Frumvarpsgreinin verði 1. gr., en á eftir henni komi 2. gr. er hljóði svo: Eigi má fjelagið nota nema 2 hvalveiðabáta við veiðarnar.

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Skúli Thoroddsen. Sigurður Gunnarsson.

Matth. Ólafsson, skrifari. M. J. Mristjánsson.

Nd. **376. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin sjer sjer ekki fært að leggja það til, að landssjóður veiti alt að 37500 kr. til hafnargerðar í Siglufjarðarkauptúni, jafnvel þótt sú fjárhæð eigi ekki að greiðast fyr en 1917.

Enginn veit, hver áhrif Norðurálfuófriðurinn hefir á fjárhag landsins og það er óviðkunnanlegt, að baka landinu allmikil fjárútlát á ókomnum tíma, sem enginn veit nema orðið geti landinu erfiður fjárhagslega. Gæti þá og auðveldlega svo farið, að landið gæti eigi int þessa fjárhæð af höndum, og gæti það komið sjer illa fyrir fyrirtækið, sem þá væri, ef til vill, byrjað á.

Þótt nefndin sje á þeirri skoðun, að æskilegt væri að þetta fyrirtæki kæmist á, þá verður hún þó að álíta, að landssjóði stæði aðrar hafnargerðir nær, sem auka mundi framleiðslu landsmanna að stórum mun og gera fiskiveiðar vorar hættuminni. En þar sem þingið, að þessu sinni, eigi hefir sjeð sjer fært að verða við slíkum kröfum, þá er naumast að vænta, að það leggi talsverða fjárhæð til þessa fyrirtækis, sem þótt gott sje, eigi eykur framleiðslu að neinum

mun og allra síst dregur neitt úr hættu. Nefndin getur eigi fallist á, að hægt sje að bera þetta fyrirtæki saman við hafnargerðina í Vestmannaeyjum. Þar er hafnargerð bein lífsnauðsyn, eigi að eins sökum aukinnar framleiðslu heldur og einkum sökum öryggis þess, er hún veitir fiskimönnum á öllum tímum árs.

En þótt nefndin geti eigi fallist á, að veita ákveðinn styrk úr landssjóði til hafnargerðar á Siglufirði, þá vill hún þó styðja fyrirtækið með því að leggja það til, að ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd landssjóðs, alt að 150000 kr. lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kynni að fá til hafnargerðar.

Nefndin leggur því til, að háttv. neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrsta grein frumvarpsins falli burt.
2. Önnur grein verði 1. gr. o. s. frv.
3. Í stað »112500 — eitt hundrað og tólf þúsund og fimm hundruð« — *í 2. grein* frumvarpsins, komi:
   150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund. —

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

G. Eggerz, form. Matth. Ólafsson, skrifari. M. J. Kristjánsson.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson, Eyf., með fyrirvara.

Þórarinn Benediktsson. Skúli Thoroddsen.

Ed. **377. Viðauka- og breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason. Magnús Pjetursson. Karl Einarson og Jón Þorkelsson.

1. Við frv. bætist ný grein, sem verði 1. gr., svolátandi:

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og hjeraðslæknum skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem læknar telja nauðsynlegt til lækninga. Enn skal

smáskamtalæknum heimilt, að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda, en $2^1/_4$ % að rúmmáli.

2. Við 6. gr.

A undan »5«, í upphafi greinarinnar, komi:

2.

6. gr. 4.

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá G. Eggerz.

16. gr. 4. liður falli burt.

Ed. **379. LÖG**

um breyting á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913 um stofnun Landhelgissjóðs Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

3. grein orðist svo:

Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20,000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.

2. gr.

4. grein orðist svo:

Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.

3. gr.

7. grein orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **380. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

2. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og raskar ró og almannafriði, eða er ósjálfbjarga, og má þá taka hann fastan, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur. Svo má og láta hann sæta sektum frá 10 til 100 krónur.

Skylt er hverjum ölvuðum manni að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hafi fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

3. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign landssjóðs.

4. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 er úr gildi feld.

Nd. **381. Frumvarp**

til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/10 hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óska þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir núgildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá frammi, sje um reglulega kosning að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði, sem þeir eru margir, er kjósa skal, og má hann þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggja eða fleiri, eftir því hve marga þarf að kjósa.

2. gr.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá	Atkvæði

lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið; þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

12. gr. 2.

Nd. **382. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þgskj. 338).

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson.

Við 12. gr.:

Á eftir 2. lið komi nýr liður:

Styrkur til Miklaholtshrepps, Eyjahrepps og Kolbeinsstaðahrepps í Hnappadalssýslu til þess að leita sjer læknis .. .. 300 — 300. Styrkurinn greiðist hreppsnefndum hlutaðeigandi hreppa í hlutfalli við fólksfjölda.

13. gr. E. 22 II.

Nd. **383. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar (þgskj. 338) við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson.

Við 13. gr. E. II.:

Á eftir 22. lið komi nýr liður (23.):

Styrkur til að halda uppi leiðarljósum á Svartatanga við Stykkishólm . ... 100 — 100.

Nd. **384. Nefndarálit**

um frv. til laga um líkbrenslu.

Frá Kirkjugarðsnefnd.

Vjer höfum yfirfarið frv. þetta og höfum fátt við það að athuga. Að nefndin flutti eigi slíkt frv. stafaði einkum af því, að hún taldi litlar líkur til þess, að einstakir menn eða fjelag myndu fyrst um sinn hefjast handa í þessu máli, og taldi auk þess eðlilegast að frv. í þessa átt kæmi frá stjórninni.

Öll aðalatriðin sem sjálfsagt er að taka tillit til: Ósk hins dána, dánarvottorð læknis, rækileg eftirgrenslun um, hvort dauði mannsins geti staðið í sambandi við glæp, að brenslutækin sjeu af hæfilegri gerð og brenslan framkvæmd á sómasamlegan hátt, að askan sje jörðuð eða komið þar fyrir á hæfilegum stað, — hefir frv. tekið til greina. Oss virðist því að fyrirmæli þess nægi til þess að bálförin geti að öllu farið svo fram sem vera ber.

Vjer höfum leyft oss að koma fram með breytingartill. við 2. gr., sem að nokkru leyti er orðabreyting, að nokkru lýtur að því að gera ákvæðin skýrari og heppilegri að voru áliti.

Alþingi 17. ágúst 1915.

Jón Magnússon, form. — Guðm. Hannesson, ritari.

Þórarinn Benediktsson. — Matth. Ólafsson.

Hjörtur Snorrason.

Nd. **385. Breytingartillaga**

við frv. til laga um líkbrenslu.

Frá Kirkjugarðsnefndinni.

Síðasta málsgrein 2. gr. orðist þannig:

Nánasti vandamaður hins látna, er náð hefir 18 ára aldri, getur og gert samskonar ráðstöfun, þó eigi hafi hinn látni ákveðið að lík hans skyldi brent, svo framarlega sem ekkert af börnum hans mótmælir því.

Ed. **386. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um jarðamat.

Vjer undirritaðir, er hin háttvirta efri deild hefir kosið til að íhuga nefnt frumvarp, höfum rætt það á fundum og leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Jarðamat hefir aðallega verið hugsað um að gera af nýju, sem undirstöðu undir nýrri skattaálögu, en hvort menn að svo stöddu hafa mikinn hug á því er oss ókunnugt um; með tilliti til þess getur svo virst sem mál þetta mætti bíða að sinni, en framkvæmd málsins tekur langan tíma og yrði innan fárra ára farið að hugsa fyrir alvöru um að leggja nýjan skatt á fasteignir hjer á landi, þá væri mikilsvert ef ekki nauðsynlegt, að menn hefðu ljósa hugmynd um verðmæti þess, er skatturinn ætti að leggjast á. En það má einnig líta á málið frá annari hlið; í hagfræðilegu tilliti er það mjög svo fróðlegt, að hafa ábyggilega þekkingu um það, hvers virði fasteignirnar í landinu eru, og fyrir allar lánsstofnanir landsins væri það sjerlega mikilsvert, að hafa fyrir sjer mat á fasteignum, gert á stórum svæðum af sömu mönnum, því þá mætti treysta því að samræmi

væri í matinu, því fremur sem það að öðru leyti væri tryggilegra en mat manna, sem til nefndir eru sitt í hvert sinn.

Af þessum ástæðum viljum vjer leggja það til, að háttvirt efri deild láti málið ganga fram með þeim breytingum, er vjer leggjum til að gerðar verði á frumvarpinu.

Jarðir er nokkuð óákveðið hugtak og ýmsar þeirra hafa á síðari árum skifst niður í smábletti og húsalóðir, og þar sem sjálfsagt er að meta jarðarhúsin með jörðunum, þá þykir oss ástæða til að gera frumvarpið svo yfirgripsmikið að það nái til allra fasteigna í landinu; í sambandi við þessa breytingu standa fjölda margar orðabreytingar á frumvarpinu, sem og breytingartillagan við 4. gr. og hin nýja 5. gr.

Nú liggur á fasteignum hjer á landi ábúðarskattur og húsaskattur; hin nýja 8. gr., er vjer leggjum til að bætt verði við, snertir það hvernig skatta þessa skuli heimta eftir hinu nýja mati.

Tími sá, sem ætlaður er til matsins í frumvarpinu, ætlum vjer að sje alt of stuttur í fyrsta sinn og leggjum því til að hann sje lengdur að mun; með því höfum vjer líka fyrir augum að dreifa kostnaðinum á fleiri ár, svo að hann fellur eftir tillögum vorum á öll árin 1916--1919 og jafnvel fram á árið 1920. Þótt kostnaðurinn við matið hljóti að verða töluverður, þá verður hann landssjóði síður tilfinnanlegur, er hann dreifist þannig á 4—5 ár.

Aðrar breytingartillögur vorar bera að ætlun vorri sjálfar með sjer, hvernig á þeim stendur.

Efri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Eiríkur Briem, form. og framsm.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Guðm. Ólafsson.

Ed. **387. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um jarðamat (þingskj. 218).

Frá nefndinni.

1. Fyrir »jarðamat« í fyrirsögn frv. komi:
   fasteignamat.

2. Við 1. gr. Eftir »jarðeignir« í 1. línu 1. málsgreinar bætist inn í:
   lóðir og hús.

3. Við 1. gr. í 2. línu 1. málsgr. og 3. línu 2. málsgr. Fyrir »jarðamat« komi:
   mat.

4. Við 1. gr. í 2. línu 1. málsgr. Fyrir árið »1916« komi:
   árin 1916—1918.

5. Við 1. gr. í 2. línu 1. málsgr. Eftir »og« bætist við:
því næst 1930 og.

6. Við 1. gr. í upphafi 2. málsgr. Fyrir »Ef jörð« komi:
Ef fasteign.

7. Við 1. gr. í 2. línu að neðan í 2. málsgr. Fyrir »jörðum« komi:
fasteignum.

8. Við 2. gr. í 1. línu. Fyrir »jörð« komi:
fasteign.

9. Við 2. gr. í 2. línu. Fyrir »jörðinni« komi:
fasteigninni.

10. Við 2. gr. í 3. línu. Fyrir »jörðin« komi:
fasteignin.

11. Við 2. gr. í 5. línu. Fyrir »Jarðir« komi:
Fasteignir.

12. Við 2. gr. í 5. línu. Orðin: »lagðar ..... og« falli niður.

13. Við 2. gr. í næstsíðustu línu. Fyrir »jarðeignar« komi:
eignar.

14. Við 3. gr. í 1. línu. Fyrir »jarðamat« komi:
matið.

15. Við 3. gr. í 2. línu. Orðin »með .... sjereign« falli niður.

16. Við 3. gr. Fyrri og síðari málsgrein frumvarpsins verði ein málsgrein.

17. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Eyðijarðir skal meta sjer í lagi, nema þær hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár legið undir aðra jörð.

18. Við 4. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo:
Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða, er þeim fylgja, svo og landamerkjabrjef afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgerðunum.

19. Á eftir 4. gr. komi svolátandi ný grein, er verði 5. gr.:
Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú, er hverri húseign fylgir sjer í lagi.
Ennfremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

20. Við 5. gr., sem verði 6. gr. Fyrir orðin »sameign sveitarmanna« í 1. línu 1. málsgr. komi:
eign sveita.

21. Við 5. gr (sem verði 6. gr.). Síðari málsgrein orðist svo:
Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

22. Aftan við 5. gr. frumvarpsins komi 2 nýjar greinar, sem verði 7. og 8. gr., og breytist greinatalan upp þaðan samkvæmt því.

7. gr.

Hverja fasteign, sem metin er, skal ákveða svo skýrt, að eigi sje um að villast, hver hún er, og nafngreina skal eiganda hennar og notanda.

8. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungi af matsverði jarðar.

Húsaskattur af húsum, sem ekki eru notuð við ábúð á jörðu, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar, er hverri húseign fylgir.

23. Við 6. gr., sem verði 9. gr. Fyrir »jarðamatsnefnd« í 1. línu fyrri málsgreinar komi:
fasteignamatsnefnd.

24. Við sömu gr. Fyrir »og« í 2. línu 1. málsgr. komi:
eða.

25. Við sömu gr. Fyrir »Jarðamatsnefndir« í 3. línu fyrri málsgr. komi:
Fasteignamatsnefndir.

26. Við sömu gr. Fyrir »Jarðamat« í upphafi síðari málsgreinar komi:
Fasteignamat.

27. Við sömu gr. Fyrir »15. júlí« í 2. línu síðari málsgreinar komi:
15. júlí, í fyrsta sinn 1918.

28. Við 7. gr. (sem verði 10. gr.). Fyrir »jarða« í 1. línu komi:
fastaeigna.

29. Við sömu gr. í 1.—2. línu. Orðin »vera viðstaddur og« falli niður.

30. Við sömu gr. Á eftir orðunum »við matið« í 3. línu bætist inn í:
Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar.

31. Við sömu gr. Fyrir »júlímánaðar« í 5. línu, komi:
ágústmánaðar.

32. Við sömu gr. í sömu línu. Fyrir »jarðeiganda« komi:
eiganda.

33. Við sömu gr. í 6. línu. Fyrir orðin »því, að aðrar . . . . metnar« komi:
mati á öðrum fasteignum.

34. Við sömu gr. í næstsíðustu línu. Fyrir »jarðamatsnefndar« komi:
fasteignamatsnefndar.

35. Við 8. gr. (sem verði 11. gr.). Fyrir »jarðeigna« í 1. línu fyrri málsgr. komi:
fasteigna.

36. Við sömu gr. Fyrir orðin »lagfæra jarðamatið« í 3. línu fyrri málsgreinar komi:
að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar lagfæra matið.

37. Við sömu gr. Fyrir »septembermánaðarloka« í 1. línu síðari málsgr. komi:
októbermánaðarloka.

38. Við 9. gr. (sem verði 12. gr.). Fyrir »jarðamatsnefnda« í 1. línu komi:
fasteignamatsnefnda.

39. Við sömu gr. Fyrir »jarðamatinu« í 2. línu komi:
matinu.

40. Við sömu gr. Fyrir »jarðabók« í 3. línu komi:
fasteignabók.

41. Við sömu gr. Fyrir »Jarðabókin . . . . framkvæmt« í 3.—5. línu komi:
Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi.

42. Við sömu gr. Orðin »Eftir henni . . . . dýrleika« falli niður.

43. Við sömu gr. Fyrir orðin »Jarðabókin skal prentuð« (í 7. línu) komi:
Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð.

44. Við sömu gr. Fyrir »jarða« í næstsíðustu línu komi:
fasteigna.

45. Við sömu gr. Fyrir »jarðamat« í síðustu línu komi:
mat.

46. Við 10. gr., sem verði 13. gr. Fyrir »jarðamatskostnað« í 1. línu komi:
matskostnað.

47. Við sömu gr.: Fyrir »jarðamat« í 2. línu komi:
mat.

48. Við 11. gr., sem verði 14. gr. Í staðinn fyrir orðin »Með lögum þessum eru« komi:
Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 12. gr. kemur í gildi, þá er

Nd. **388. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

(Eftir 2. umr. Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til 1. desember 1917 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en eina milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., og málmforðinn nægir ekki til.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **389. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Nefndin hefir íhugað frumvarpið og ræður háttv. deild til að samþykkja það með breytingu þeirri, sem felst í brtt. síðast í nefndarálitinu.

Frumvarpið er borið fram vegna óska, sem komið hafa til Alþingis frá 5 sjúkrasamlögum og liggur erindi það frammi á lestrarsalnum (Nd. nr. 301).

Sjúkrasamlög hafa risið hjer upp eftir að l. nr. 39, 11. júlí 1911 voru gefin. Eru þau nú orðin 6 lögskráð. Eru þau þessi:

1. Sjúkrasamlag Reykjavíkur h. u. b. 500 manns.
2. —— Akureyrar —— 180 —
3. —— Hafnarfjarðar —— 160 —
4. —— Sauðárkróks —— 60 —
5. —— Siglufjarðar —— 60 —
6. ...— Seyðisfjarðar —— 60 —

Þannig eru í samlögunum nú eftir 4 ár, alls rúm 1000 manns.

Af þessu má sjá, að enn vantar mikið á að sjúkrasamlögin hafi fengið þá útbreiðslu sem skyldi. Telur nefndin það illa farið, með því að hún er

öll á einu máli um það, að holt væri að samlög þessi næðu sem mestri útbreiðslu. Ein af aðalorsökum örbirgðarinnar og þess sem af henni leiðir þ. á. m. sveitaþyngsla, eru veikindi, sem menn eiga örðugt að standast kostnað af. Trygging gegn veikindum er því eitt af mestu nauðsynjamálum vorum. En hana veita samlögin.

Reynslan hefir nú orðið sú, að með þeim iðgjöldum sem samlögin hafa talið sjer fært að taka hæst, hafa tekjur samlaganna aldrei hrokkið fyrir gjöldum — með þeim landssjóðsstyrk, sem þau hafa notið hingað til. Til dæmis skal tilfært um sjúkrasamlag Reykjavíkur það, sem hjer segir:

Árið 1914 námu tekjur samlagsins ..... kr. 7049,00
en útgjöld ..... — 7400,00

Tekjuhallinn verður kr. 351,00. Og þó aflaði samlagið sjer á þessu ári kr. 1610,00 aukatekna með hlutaveltu o. fl.

Útgjöldin sundurliðast þannig:

Til lækna	kr.	2012,00
— lyfja	—	1497,00
— heilsuhælis	—	694,00
— Landakotsspítala.. ...	—	330,00

Eins og sjá má af þessu, vantar mikið á, að venjulegar árstekjur standist útgjöldin. En svo er litið á, að í meðalárum verði samlögin að geta staðist útgjöld sín með iðgjöldum, og styrk þeim, er þau fá frá því opinbera. Alt fje, sem þeim áskotnast á annan hátt, á að fara í varasjóð, sem talið er nauðsynlegt fyrir samlögin að eiga. T. d. eru samlögin í Danmörku nú orðin svo öflug, að þau eiga varasjóði, sem nema 11 kr. á hvern mann, sem er í þeim. Hjer eiga samlögin engan varasjóð; aðeins skuldir.

Breytingar þær, er í frumv. felast, miða til þess að lagfæra það, sem talið er hafa staðið samlögunum aðallega fyrir þrifum:

1. Of lítill styrkur frá því opinbera.
2. Ofmikil takmörkun á því, hverjir megi í samlögin ganga.

Um 1.

Þótt nefndinni virðist margt mæla með því, að hækka styrkinn svo sem fram á er farið í frumv., hefir hún þó komið sjer saman um að leggja til að landssjóðstillagið verði að sinni eigi hækkað meira en upp í kr. 1,50 fyrir hvern samlagsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, en annarsstaðar upp í kr. 2,25.

Í álitsskjali landlæknis, sem fylgdi nefndaráliti Ed. á þinginu 1911, leggur hann til að landssjóðsstyrkurinn sje ákveðinn 2 kr. fyrir hvern samlagsmann og tilfærir jafnframt, að *þótt* sjúkrasamlög væru jafn útbreidd hjer á landi, eins og í því landi, sem samlögin eru í besta gengi, Þýskalandi, — en þess mun langt að bíða að svo verði — þá færi öll upphæð landssjóðstillagsins *(með 2 kr. tillagi á mann)* ekki mikið fram úr 30 þús. krónum. Þetta getur eigi talist nein ógurleg upphæð í samanburði við það þjóðargagn, sem hjer er um að ræða.

Til samanburðar skal þess getið, að ríkissjóðstillagið fyrir hvern samlagsmann er:

Í Danmörku:

Í Khöfn	kr.	4,65
- öðrum kaupstöðum	—	4,15
- sveit	—	3,65
Í Svíþjóð	kr.	4,00

Um 2.

Hitt, að launahámark samlagsmanna sje hækkað úr 1200 kr. upp í 1800 kr., telur nefndin eðlilegt. Með því að meina þeim mönnum að ganga í samlögin, sem hafa eitthvað meira en 1200 kr. í árstekjur, fara samlögin varhluta af fjölda þeirra manna, sem ella mundu ganga í þau, og verða góð stoð fyrir þau, þ. e. handiðnaðarmenn og verslunarþjónar. Að laun flestra manna úr þessum flokki eru nú hærri en 1200 kr., stafar með fram af því, að verðgildi peninga hefir lækkað svo mjög á síðari árum, og því eðlileg þessi breyting á launahámarkinu.

Nefndin telur sjer eigi fært, að fara hærra en upp í 1800 kr., eins og frv. gerir ráð fyrir, þótt sum sjúkrasamlaganna hafi farið fram á hækkun upp í 2000 kr.

BREYTINGARTILLAGA:

1. gr. frv. orðist svo:

Fyrir »1 króna, en annarsstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna, komi:

1 króna 50 aurar, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar.

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Sigurður Sigurðsson, formaður.	Sveinn Björnsson, ritari.
Björn Hallsson.	Jóhann Eyjólfsson.
Benedikt Sveinsson.	

12. gr. 8.

Nd. **390. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 12. gr.

Eftir 8. tölulið komi nýr liður:

Styrkur til Magnúsar smáskamtalæknis Guðlaugssonar á Bjarnastöðum til lækninga . . . . . 500—500.

13. gr. B. VIII.

Nd. **391. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 13. gr. B.

Eftir VIII komi nýir liðir:

IX. Brú á Ljá (endurveiting) . . . . . 3000 — . . .
X. Brú á Kjallaksstaðaá . . . . . — 7000

13. gr. C. III. 2.

Nd. **392. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Sigurði Gunnarssyni.

Við 13. gr. C. III. 2.

Í stað 9000 komi:

12000.

Svo hár skal styrkurinn, ef báturinn verður eign hjeraðanna við Breiðafjörð. Ef þau kaupa nú bát, veitir þingið þeim 10000 króna styrk til kaupanna.

12. gr. 5.

Nd. **393. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 12. gr.

Á eftir tölulið 5 komi þessir nýir liðir:

6. Styrkur til Saurbæjarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknishjálpar ... ... 400 — 400
7. Styrkur til Skarðsstrandarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknishjálpar ... ... 400 — 400
8. Styrkur til Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknis ... ... 400 — 400

13. gr. D. III.

Nd. **394. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Sigurði Gunnarssyni.

Við 13. gr. D. III.
Fyrir 28,500—50,000 komi:
49,500—50,000.

14. gr. B. I. d. 2.

Nd. **395. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. B. I. d. 2.
Fyrir 1,000 komi:
2,000.

Ed. **396. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 5. gr.
Á eftir »D. til ýmsra endurbóta« komi:
E. II. 15. c. Stjórninni er heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin.

Ed. **397. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: H. J. Kristófersson.

Við 9. gr.
Í stað »húseignina« í 1. línu þriðju málsgreinar í 9. grein komi:
húseignina og lóðina.

Ed. **398. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi (315).

Flutningsm.: Karl Einarsson.

Við 2. gr.

Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Stjórnarráðið setur reglur um það, hversu mikinn skipsforða af áfengi íslensk skip mega hafa milli Íslands og annara landa.

15. gr. 16.

Nd. **399. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr.

Á eftir 16. tölulið komi nýr liður:

17. Til Alexanders Jóhannessonar til þess að halda fyrirlestra og æfingar í háskólanum kensluárið 1915—1916 um nýjustu uppgötvanir í hljóðfræði, í þýskri tungu og bókmentum, og í gotnesku ... ... 1000 ...

Nd. **400. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Helming styrks þessa skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annarstaðar en hjer við land. Hinum helmingnum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, 11. júlí 1911 um

viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. **401. Tillaga**

til þingsályktunar um kosningu nefndar, til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, er stjórnin hefir síðastliðið ár keypt fyrir landssjóðsfje.

Flutningsmenn: Guðm. Hannesson. Þórarinn Benediktsson. Sigurður Gunnarsson. Hjörtur Snorrason og Þjetur Jónsson.

Alþingi ályktar, að kjósa 5 manna nefnd, til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, sem stjórnin, með ráði velferðarnefndar, hefir keypt fyrir landssjóðsfje og gefa þinginu stutta skýrslu um það, hvernig þessi verslun hefir borið sig.

Ed. 402. **Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmaður: H. J. Kristófersson.

Við 3. grein.

Önnur málsgrein falli burt.

Nd. **403. Breytingartillaga**

við frv. til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. 3. gr. orðist svo:
   Hvortveggja böðunin skal framkvæmd eftir fyrirsögn hinna skipuðu dýralækna og undir umsjón þeirra.

2. Í stað «1915« í 5. gr. komi:
   1916.

21. gr. 4.

Nd. **404. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 338.

Frá Jóhanni Eyjólfssyni.

Við 99., tölulið a. (við 21. gr. 4):
Fyrir orðin »gegn ábyrgð sýslufjelagsins« komi:
gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

21. gr. 4.

Nd. **405. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur á þingskjali 338.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við tölul. 99. (21. gr. 4.) stafl. d.

Fyrir »3000 kr.« komi:
6000 kr.

13. gr. B. VI.

Nd. **406. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingskjal 338).

Frá Jóni Jónssyni og Birni Hallssyni.

Við 30. lið VIII. (Við 13. gr. B. VI).
Í stað »7000« komi:
..... — 8500.

14. gr. B. IX.

Nd. 407. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá M. J. Kristjánssyni.

Við 14. gr. B. IX.

Aftan við liðinn bætist nýr liður þannig:

Styrkur til byggingar hússtjórnarskóla á Akureyri..... 5,000 — 5,000 gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar að.

13. gr. B. VIII.

Nd. 408. Viðaukatillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Frá Guðm. Hannessyni.

Við 13. gr. B. VIII. Á eftir þeim lið bætist við nýr liður:

IX. Til steinsteypubrúar á Hamarsá á Vatnsnesi, gegn því að það sem á vantar komi annarstaðar frá, og þó ekki meira en $^1/_4$ kostnaðar alt að ... ... 1200 — .....

16. gr. 29.

Nd. 409. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Guðmundi Hannessyni.

Við 16. gr.

Á eftir tölulið 29 bætist við nýr liður:

Til bátabryggju á Blöndósi $^1/_3$ kostnaðar allt að:

7500 — .....

13. gr. B. III. 6.

Nd. **410. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sig. Eggerz og Einari Jónssyni.

Við 13. grein B. III. 6.

Þar á eftir komi nýr liður:

Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi..... kr. 78.000 — .....

Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins, má fresta framkvæmdum verksins.

Nd. **411. LÖG**

um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

Í þeim kauptúnum, þar sem ekki er hægt með kleifum kostnaði að veita neysluvatni, skal hreppsnefndum heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað við það, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og fyrir er mælt um vatnsveitur í lögum nr. 26, 22. okt. 1912.

Ed. **412. Frumvarp**

til laga um vatnssölu í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hvervetna þar, er bæjarstjórn hefir lagt vatnsveitu í pípum, til afnota fyrir kaupstað, skal hún hafa einkarjett til vatnssölu á því svæði, er vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og eins á höfn kaupstaðarins, innan takmarka hennar eins og þau nú eru og síðar kunna að verða sett. Vatnið selst eftir taxta, er bæjarstjórn semur og Stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum. Auk þess skal sá, er vatn selur ólöglega, greiða kaupstaðnum endurgjald það, er hann hefir fengið fyrir ólöglega selt vatn.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

16. gr. 29.

Nd. **413. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá G. Eggerz.

Við 16. gr. 29.
Liðurinn falli burt.

Nd. **414. LÖG**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

1. gr.

1. grein orðist þannig:

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir hið almenna stýrimannspróf, fiskiskipstjórapróf og próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Við skóla þennan skipar Stjórnarráðið forstöðumann með 2000 króna árslaunum auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita, og einn aukakennara með 1200 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður greiðist úr landssjóði.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Til fiskiskipstjóraprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;

2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, segulhalla (inklination) og afhvarfi (deviation) og hvernig það verður fundið, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólunni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðrjettingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hve nær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hve nær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að geta samið grein á íslensku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri rjettritun;
18. að hafa lesið kafla í dánskri bók, eigi minni en 150 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku og geta talað um hversdags-efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
19. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
20. að þekkja hin helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra;
21. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Til hins almenna stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til fiskiskipstjóraprófsins og ennfremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;

2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. þekking á áhrifum þeim, sem segulafl hefir á áttavitann, er skipið hallast, og að geta fundið afhvarfið (deviationina), er áttavitinn þá hefir; þekking á notkun afhvarfsmælisins (deflektorsins) við afhvarfs- (deviations) rannsókn;
4. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og kunna að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug;
5. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
6. að kunna að ákveða stað skipsins með staðarlínum bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
7. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Hver sá, sem staðist hefur fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem Stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

14. gr. A. 6. og B. XI., 4.

Nd. 415. Viðauka- og breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga 1916 og 1917.

Frá Guðm. Hannessyni.

1. Við 14. gr.

Á eftir A, 6. komi nýr liður:

Til sjera Björns Stefánssonar, til húsabóta á Bergsstöðum í Svartárdal, gegn því að Stjórnarráðið samþykki áætlun og uppdrætti, alt að kr. 1200. — .....

2. Við B. XI, 4:

Í stað 3600—3600 komi:

3800—3800.

15. gr. 25.

Nd. **416. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni, Guðm. Hannessyni, Jóni Magnússyni og Jóni Jónssyni.
Meiri hluta Háskólanefndar.

Við 15. gr. 25. Liðurinn falli burt, en í staðinn komi:
Til dr. Guðm. Finnbogasonar til rannsókna og tilrauna til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu kr. 3000 — 3000.

15. gr. 24.

Nd. **417. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Magnússyni og Guðm. Hannessyni.

Við 15. gr.

Eftir 24. lið komi nýr liður:

Til Boga Th. Melsteds til að rita Íslendingasögu ... ... 800 — 800.

Ed. **418. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 (á þgskj. 257).

Flutningsmaður Steingr. Jónsson.

Við 9. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.

Nd. **419. Frumvarp**

til laga um veitingu prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu. En prófastur sendir sóknarnefndum samritin til birtingar og leggur jafnframt fyrir þær, að semja kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

2. gr.

Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni sjeu fimm dálkar fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því, er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar skráin er samin, leggur sóknarnefnd hana fram á kirkjustaðnum kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar þar í sókn, enda sje skráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

Tilkynnir sóknarnefnd jafnframt prófasti, hvenær kjörskrá er lögð fram.

3. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af kjörskrá eða einhvern ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra brjeflega fyrir sóknarnefnd áður vika sje liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefnd boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti, á fund með sjer, og leggur fullnaðarúrskurð á kæruna á fundinum.

4. gr.

Þegar sóknarnefnd hefir gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni, ásamt vottorði um það, að skráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en prófastur skýrir biskupi þegar í stað frá tölu kjósenda í hverri sókn í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

5. gr.

Þá er umsóknarfrestur er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestsskapar í þjóðkirkju landsins og hve marga kjörseðla þurfi.

Kjörseðlarnir skulu allir vera af sömu gerð og jafnstórir og á þá prentuð í stafrófsröð nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

Stjórnin annast þá um, að tilbúnir sjeu og sendir biskupi, nægilega margir kjörseðlar. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverri sókn, tvenn ljereftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sje prentað utan á annað: »greidd atkvæði« og á hitt: »ónotaðir og ónýttir seðlar«.

Biskup sendir síðan prófasti með póstábyrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigluðum sendingum, sjer til hverrar sóknarnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Prófastur sendir síðan sóknarnefndum, en þær leggja umsóknirnar ásamt fylgiskjölum fram á kirkjustaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minsta kosti vikutíma. Jafnframt ákveður prófastur kjörfundardag fyrir prestakallið með hæfilegum fresti, og setur sömu dagstund í öllum sóknunum.

Skal að jafnaði kosið í kirkjunni og á sunnudegi.

6. gr.

Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri. Nú eru sóknarnefndarmenn þrír, og skulu þeir þá skipa kjörstjórn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 þeirra frá eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður kjörstjórnar.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma. Skal oddviti sóknarnefndar setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slík atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar af nýju. Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gjörðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gjörð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje innangengt í, nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo umbúið, að ekki sjáist að utan eða annarstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, eða kosning fari fram í kirkjunni, skal tjalda af eitt hornið, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum, eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9 gr.

Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverir sjeu í kjöri.

10. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að

kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og lætur ganga til kosninga.

11. gr.

Þeir sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim list og eftir því sem þeir komast að. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur og umboðsmenn þeirra, svo og kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórnin getur kvatt menn sjer til aðstoðar, til að halda uppi reglu meðan á kosningunni stendur. Þá er kjörstjórnin hefir kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess umsækjanda, er hann kýs, brýtur síðan seðilinn saman, þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt merkir maður úr kjörstjórninni við nafn kjósenda á kjörskránni.

Ónýtist seðill hjá kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist. Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi til nefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gjörðabókinni. Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningarathöfnin eigi standa skemur en 2 stundir, nema allir kjósendur, er á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er liðinn.

12. gr.

Í Reykjavík og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað í einu, eftir nánari ákvörðun sóknarnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. Þrír menn, tilnefndir af sóknarnefnd, taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefir hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður hverir skuli kjósa í hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annarstaðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda sóknarnefnd atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

13. gr.

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja. Ennfremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla, og lætur þá í umslag og innsiglir sem fyr segir.

14. gr.

Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar. Að þeim liðnum sendir sóknarnefnd með póstábyrgð formanni yfirkjörstjórnar afrit gjörðabókar, umsóknargögn öll, seðlaumslögin og ummæli sín um kærur, ef fram hafa komið, yfir kosningunni.

15. gr.

Yfirkjörstjórn skipa biskup landsins og 2 menn aðrir, er Stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Ræður afl atkvæða, ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn. Jafnskjótt sem sendingarnar eru komnar úr öllum sóknum prestakallsins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin; kveður hún til umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, ef nokkrir eru. Heldur yfirkjörstjórn gjörðabók og sendir landsstjórninni afrit hennar ásamt kosningargögnum.

16. gr.

Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.

17. gr.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði á kjörfundum, og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn prestur, og fær veitingarbrjef ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú er að eins einn umsækjandi, og fer með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum. Kjósendur, sem honum vilja hafna, skila seðlinum ómerktum. Greiði helmingur kjósenda atkvæði, og fullur helmingur greiddra atkvæða taki umsækjanda eða hafni honum, ræður það úrslitum.

19. gr.

Enginn, er kosið hefir skriflega, er skyldur til að skýra frá því fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarformaður nje nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

21. gr.

Landsjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Að öðru leyti fer um kostnað af prestskosningum samkvæmt 6. gr. laga nr. 40, frá 30. júli 1909.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1916 og eru lög nr. 28, frá 16. nóv. 1907 jafnframt úr gildi gengin.

13. gr. C. III. 9.

Nd. **420. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. C. III. 9.

Fyrir »400« komi:
800.

Nd. **421. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1912 og 1913, veitast 165,479 kr. 66 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna, veitast: 6,195 kr. 98 aur.

Við tölulið 5.	1912	kr. 1,873,75	
	1913	— 4,322,23	kr. 6,195,98

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, veitast: 6,150 kr. 26 aur.

Við 3. Hegningarhúsið í Reykjavík 1912	kr.	549,62		
1913	—	258,96	kr.	808,58
Við b. 1. c. Landshagsskýrslur 1912	kr.	3,387,22		
1913	—	1,950,71	—	5,337,93
Við B. 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann 1912	—	90,00		
Þar frá dragast sparaðar 1913	—	86,25	—	3,75
			kr.	6,150,26

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, veitast: 17,178 kr. 31 eyrir.

Við 7. lið. Holdsveikra spítalinn 1912	kr.	3,961,15		
1913	—	7,095,01	kr.	11,056,16
Við 8. lið. Geðveikrahælið á Kleppi 1912	kr.	1,092,35		
1913	—	5,029,80	—	6,122,15
			kr.	17,178,31

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna, veitast: 80,542 kr. 89 aur.

A. Póstmál:

Við A. 1. b. 2. Póstafgreiðslum. 1913	kr.	1,060,00			
Frádragast sparaðar 1912	—	240,00	kr.	820,00	
Við A. 2. Póstflutningur 1912	kr.	6,345,65			
1913	—	11,506,13	—	17,851,78	
Við A. 3. a. Skrifstofukostnaður 1912	kr.	807,03			
1913	—	865,01	—	1,672,04	
Við A. 3. b. Önnur útgjöld ... 1912	kr.	5,003,51			
1913	—	1,620,25	—	6,623,76	kr. 26,967,58

B. Vegabætur:

Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður 1912	kr.	82,28			
1913	—	204,61	kr.	286,89	
Við B. II. Flutningabrautir ... 1912	kr.	1,414,13			
sparaðar 1913	—	418,87	—	995,26	
Við B. III. Þjóðvegir 1913	kr.	4,385,97			
sparaðar 1912	—	2,982,08	—	1,403,89	kr. 2,656,04
					Flutt kr. 29,623,62

Futtar kr. 29,623,62

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

Við D. II. 2. Talsími frá Búðardal	1912	kr. 3,298,40		
Við D. III. 2. 6. 7. 10. og 11. lið	1912	kr. 14,427,92		
	1913	— 7,171,15		
Til starfrækslu bæjarsímans í Rvík	1912	— 8,642,47		
Við D. IV. V. og VI.	1912	— 5,431,70		
	1913	— 6,785,03	— 42,458,27	kr. 45,756,67
E. Vitamál	1912	kr. 2,965,65		
	1913	— 2,166,95		— 5,132,60
				kr. 80,542,89

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna, veitast: 19,901 kr. 49 aur.

Við B. I. f. Háskólinn	1912...	kr. 1,829,60		
	1913	— 1,350,49		
Við B. I. g. Háskólinn	1912...	— 4,282,32		
	1913	— 3,699,74		kr. 11,162,15
Við II. e. 5. h. alm. mentaskóli	1912...	kr. 954,25		
	1913	— 1,987,75		— 2,942,00
Við III. b. 2. Gagnfr.skóli Akureyrar	1912...	kr. 572,66		
	1913	— 449,86		
Við III. b. 3.	1912...	— 647,00		
	1913	— 773,00		
Við III. b. 5.	1912...	— 7,82		— 2,450,34
Við IV. b. 3. Kennaraskólinn	1912	kr. 91,30		
	1913...	— 248,63		— 339,93
Við V. b. 1. Stýrimannaskólinn	1912	kr. 322,50		
	1913...	— 815,00		
— b. 3.	1912	— 116,90		
	1913...	— 61,82		
— b. 4.	1912	— 184,24		
	1913...	— 392,06		— 1,892,52
Við VI. l. Heyrnar- og máll.skóli	1912	kr. 203,57		
	1913...	— 431,98		— 635,55
Við VII. b. Sundkensla utan Reykjavíkur	1912			— 479,00
				kr. 19,901,49

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna, veitast: 3,028 kr. 18 aur.

Við 5. a. og b. Landsbókas.húsið	1912...	kr. 2,038,86		
	1913	— 655,99		
Til salsgæslu-aðstoðar í Landsbókasafninu		— 333,33		kr. 3,028,18

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna, veitast: 4,865 kr. 23 aur.

Við 1. lið c. 2. 3. og 6. Bændaskóli á Hólum	1912	kr. 458,72		
	1913	— 743,59		
Við 1. lið 1. d.	1912	— 1,203,27	kr.	2,405,58
Við 2. lið c. 3. og 5. Hvanneyrarskóli	1913		—	986,55
Við 5. lið. Framhaldsrannsókn á járnbrautarsvæði	1913		—	1,004,80
Við 35. lið. Skoðun á prestsetrum	1912	kr. 134,95		
	1913	— 333,35	—	468,30
			kr.	4,865,23

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna, veitast: 27,617 kr. 32 aur.

Við óviss útgjöld	1912	kr. 5,279,79		
— — —	1913	— 9,838,57	kr.	15,118,36
Til milliþinganefndar í fjármálum landsins			—	4,712,81
Til manntalskostnaðar	1912	kr. 4,591,65		
	1913	— 2,310,00	—	6,901,65
Til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum			kr.	208,85
Fyrir samningu á frumvarpi um lögaldur			—	263,15
Viðbót við bókaútgáfufje Háskólans 1913			—	112,50
Til áveitu á Meðallandssandana			—	300,00
			kr.	27,617,32

13. gr. B. III. 5.

Nd. **422. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

Við 13. gr. B. III. 5.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verður 6. liður þannig:

Brú á Eyjafjarðará ... . kr. 75000,00 — .....

13. gr. B. VI.

Nd. **423. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.; Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

Við 13. gr. B. VI.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verður VII. liður, þannig:

a. Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að kr. 1000 — ..... þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.

b. Til brúar á Hörgá innan við Myrká alt 800 — ..... þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.

Nd. **424. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til að vextir af veðlánum verði innheimtir tafarlaust.

2. Að sjá um að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari framvegis sem allra minst fram yfir fjárveitingu.

3. Að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, nema þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að verja meiru fje en áætlað hefir verið, til einhvers mannvirkis til að fyrirbyggja tjón, sem af drætti á framkvæmd verksins getur stafað.

4. Að eftirliti með bændaskólunum verði hagað líkt og áður var meðan þeir voru nefndir búnaðarskólar og stóðu undir eftirliti amtsráðanna, þannig, að til þess verði skipuð nefnd manna, sem tækifæri hafa til að athuga iðulega framkvæmdir og ástand skólabúanna og skólanna yfirleitt.

5. Að dagpeningar starfsmanna landsins, sem að undanförnu hafa verið mjög á reiki, ýmist 6 eða 8 krónur á dag, verði framvegis ekki reiknaðir yfir 5 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt, auk ferðakostnaðar.

6. Að reikningar efnarannsóknarstofunnar, sem að undanförnu hafa verið

mjög á eftir tímanum, verði heimtaðir svo snemma, að tekjurnar geti komið fram á reikningsári því, sem þær tilheyra.

7. Að sala á niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði verði reynd á þessu ári, og jafnframt verði rannsakað hvort fyrverandi eigandi ekki er fær um að greiða það, sem á kann að vanta, svo að skuldinni, sem á verksmiðjunni hvílir, verði að fullu lokið.

16. gr. 19.

Nd. **425. Breytingartillaga**

við breytingartillögu 85 (á þingskj. 338) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá ráðherra.

16. gr. 19. orðist svo:

19.	a.	Til leiðbeiningar í ullarverkun og til aðstoðar til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd .. .. kr.	800 —		800
	b.	Ferðakostnaður eftir reikningi alt að ... ... —	400 —		400
	c.	Laun 4 ullarmatsmanna ... ... —	1600 —		1600
	d.	Ferðakostnaður eftir reikningi alt að ... ... —	600 —		600

16. gr. 29.

Nd. **426. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddssen, þingmaður Norður-Ísfirðinga.

Á eftir 16. gr. 29 komi:

Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns.

13. gr. D. III.

Nd. **427. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sig. Eggerz.

Við 13. gr. D. III.

Liðurinn falli burt.

14. gr. B. XIII a.

Nd. **428. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm: Sigurður Gunnarsson.

Við 14. gr. B. XIII a.

Í stað »14000 — 14000« komi:
14500 — 14500.

Nd. **429. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Aftan við 1. grein bætist svohljóðandi nýr liður:

3. Bankinn flytji fje það ókeypis eftir þörfum, sem Landsbankinn þarf að fá flutt frá Kaupmannahöfn til Íslands eða frá Íslandi til Kaupmannahafnar, hvort sem þarf að flytja það samkvæmt bréfi, eða samkvæmt símskeyti.

16. gr. 12. a.

Nd. **430. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 16. gr. 12. a.

Í staðinn fyrir »1,000« komi:
1,500.

Nd. **431. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem læknar telja nauðsynlegt til lækninga. Enn skal smáskamtalæknum heimilt, að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en $2^1/_4$% að rúmmáli.

2. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannlaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:

ef það er unt.

3. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

4. gr.

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og raskar ró og almannafriði, eða er ósjálfbjarga, og má þá taka hann fastan, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur. Svo má og láta hann sæta sektum frá 10 til 100 krónur.

Skylt er hverjum ölvuðum manni að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hafi fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

5. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

6. gr.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign landssjóðs.

7. gr.

2. og 5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, eru úr gildi feldar.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.

16. gr. 29.

Nd. **432. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga.

Við 16. gr. 29.

Í stað: 10,000 — 10,000 komi:
15,000 — 15,000

15. gr. 20.

Nd. **433. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 15. gr. 20.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Einars Hjaltested til þess að ljúka námi í sönglist kr. 3000 — .....

Ed. **434. Breytingartillögur**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 5. gr.

Aftan við greinina komi nýr liður:

Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey kr. 3000,00.

2. Við 9. gr.

3. málsgr. orðist þannig:

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að kr. 18000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

13. gr. C. I. og C. III.

Nd. **435. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Strandferðanefndinni.

1. Við 13. gr. C. I. Fyrir »60,000—77,300 komi:
77,300—77,300.

2. — 13. — C. III. Liðurinn orðist svo:

1. Til Faxaflóabáts.	10000	kr.
2. Til Breiðafjarðarbáts (eða báta) ...	7000	—
3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi ...	5000	—

4.	Til bátaferða á Eyjafirði	3500 —
5.	Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:	
	a. Milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar	5000 —
	b. Milli Vestmannaeyja og Rangársands	1200 —
6.	Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði	300 —
7.	Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar ..	400 —
8.	Til mótorbátsferða á Lagarfljóti ...	300 —
9.	Til mótorbátsferða í Austur-Skaptafellssýslu	400 —
10.	Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands	300 —

16. gr. 29.

Nd. **436. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr. 29.

Á eftir þeim lið komi tveir nýjir liðir:

a. Til bryggjugerðar í Búðardal alt að ... ... 2000 — .....
b. Til bryggjugerðar á Salthólmavík ... ... 500 — .....
gegn jafnmiklu annarstaðar að.

Nd. **437. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909 um sóknargjöld.

Frá Lögtakslaganefndinni.

Aftan af 2. gr. falli burt orðin:

»enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim, 15 ára eða eldri«.

Nd. **438. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar 16. des. 1885.

Nefndin hefir athugað frv. og vill meiri hluti nefndarinnar ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt. Litur svo á, að það feli í sjer fullnæging á sanngjarnri kröfu utanþjóðkirkjusafnaða. Hins vegar vinnist það, að menn geti eigi skotið sjer undan gjaldskyldu þeirri til kirkju, sem nú er lögboðin, með því að ganga úr þjóðkirkjunni, sem hefir lögtaksrjett á kirkjugjöldum, í utanþjóðkirkjufjelag, sem engan slíkan rjett hefir.

Neðri deild Alþingis 18. ágúst 1915.

Þórarinn Benediktsson, formaður. Sveinn Björnsson, ritari.

Matth. Ólafsson.

Ósamþykkir:

Benedikt Sveinsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **439. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Frá Landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist þannig:

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Búnaðarsambönd landsins hafa mælingarnar á hendi, en Stjórnarráðið semur reglugjörð um þær og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

2. Við 2. gr.

a) Fyrir orðin »ummálsteikning« komi: ummálsdráttur.
b) Fyrir »ummálsteikningin skal gerð« komi: ummálsdrátturinn skal gerður.
c) »Stjórnarráðið — mælingarnar« falli burt.

3. Við 3. gr.

Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist þannig:

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 2 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar búnaðarsambandi því er framkvæmdi þær.

5. Við 5. gr.

Setningin »Hreppsnefnd jafnar — 10 kr. alls« orðist þannig:

Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu.

(Breytingartillögurnar á þingskjali 309 eru hjer með teknar aftur).

Ed. **440. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 (Þingskj. 257).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 9. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:

Fyrv. sýslumanni Skúla Thoroddsen skulu greiddar kr. 4240,00 sem uppbót fyrir vanreiknuð eftirlaun hans á tímabilinu 31. maí 1895 — 31. maí 1915, en upp frá þeim degi skulu eftirlaun hans reiknuð árlega kr. 1712,54.

Ed. **441. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Fyrir orðin: »skal vera einn . . . skipun hans« komi:

Skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Látrabjargs, en hinn svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra

Nd. **442. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir athugað frumv. nákvæmlega, og enginn verulegur ágreiningur hefir orðið um það, að málið sje svo mikils vert, að nauðsyn beri til, að koma því til framkvæmda sem allra fyrst. Þó hefir háttv. þingm. Vestur-Skaftfellinga ekki viljað vinna að framgangi þess á þeim grundvelli, sem meiri hlutinn vill byggja á. Oss er enn ekki kunnugt um hverja leið hann telur heppilegasta, en væntanlega gerir hann grein fyrir því í minni hluta áliti sínu.

Það mun vera mjög eindregið álit þjóðarinnar, að það ástand, sem vjer nú eigum við að búa sje alls ekki við unandi, að því er snertir vátryggingar á húseignum og lausafje utan Reykjavíkur.

Vátryggingargjaldið mun vera til jafnaðar sem næst 1% af húseignum og lausafje víðast hvar á landinu, annarstaðar en í Reykjavík. Þetta gjald er að minsta kosti helmingi hærra en það ætti og þyrfti að vera, og má meðal annars marka það af því, að Reykjavíkurbúum hefir, með skynsamlegum ráðstöfunum, tekist að ná svo góðum samningum að vátryggingargjaldið, sem þeir greiða, mun ekki vera meira en sem svarar $^1/_4$ móts við það, sem menn annarstaðar á landinu verða að greiða af eignum sínum. Þrátt fyrir þetta lága brunabótagjald og stórbrunann, sem varð hjer í Reykjavík síðastliðið vor, mun fjelagið þó ekki hafa tapað á viðskiftunum við Reykjavík.

Þegar nú þess er gætt, að sameiginleg brunahætta er hvergi á landinu eins mikil og í Reykjavík, vegna þjettbýlis og gasnotkunar, þá verður það augljóst, að úr því að útlent fjelag getur tekið að sjer vátrygging fyrir sem næst $^1/_4$% af vátryggingarupphæðinni þá muni þau fjelög, sem nú taka 1% í vátryggingargjald, af húsum utan Reykjavíkur, græða stórfje á þeim viðskiftum.

Það virðist ekki ógætilega áætlað, að innlent brunabótafjelag gæti vátrygt fyrir $^1/_2$% að jafnaði án þess að eiga nokkuð verulegt á hættu. Hversu afarmikið fje myndi sparast við þetta, má fara nærri um með því að athuga útdrátt þann úr síðustu landshagsskýrslum, sem prentaður er hjer á eftir.

Það er einnig önnur hlið þessa máls, sem þingið að sjálfsögðu verður að taka mikið tillit til, nefnilega sú stefna, að stofnsetja hjer á landi sem flest þjóðnýt fyrirtæki, sem miða að því, að gera þjóðina sem óháðasta hinu útlenda peningavaldi, sem að sjálfsögðu situr sig ekki úr færi að hagnast sem mest á viðskiftunum við oss, þegar það er sjáanlegt, að vjer eigum ekki annars úrkosta en að sæta hverjum þeim kjörum, sem í boði eru, jafnvel þótt þau sjeu allsendis óaðgengileg, eins og á sjer stað í því efni, sem hjer um ræðir.

Ótti sá sem kom fram hjá minni hlutanum út af því, að lögin gera ráð fyrir, að landssjóður ábyrgist með takmarkaðri upphæð, að fjelagið standi í skilum, virðist ekki á miklum rökum bygður, þegar þess er gætt, að ekki er til þess ætlast, að landið leggi fram neitt verulegt fje, heldur hitt, að þá upphæð, sem kynni að verða tekin að láni er fjelaginu ætlað að endurgreiða svo fljótt, sem hagur þess leyfir.

Ef svo yrði litið á, að varhugavert sje að ráðast í þetta, vegna þess að brunar hafa orðið nokkuð tíðir hjer á landi, þá er því að svara, að útlendu fjelögin hafa þó ekki viljað tapa þessum viðskiftum, og annað hitt, að ástandið nú er alls ekki sambærilegt við það, sem áður var. Þau hús hafa mjög fækkað, sem mest hætta stafaði af, nefnilega tjargaðir trjekofar með óvönduðum eldstæðum, sem stóðu þjett og óreglulega, þannig að ef í einum kviknaði voru hinir í mikilli hættu. Nú er byggingum hagað á alt annan veg, annaðhvort er bygt með hæfilegu millibili milli húsa eða að hafðir eru traustir eldvarnargaflar, sem í flestum tilfellum varna því að eldurinn nái að útbreiðast. Hús eru nú flest bygð úr steini og timburhús nálega öll járnvarin; svo hefir það og mikla þýðingu, að eldfæri og ljósfæri eru langtum tryggari og betri en áður var. Þá er á það að líta, að víða í kaupstöðum og kauptúnum eru nú komnar vandaðar vatnsleiðslur, sumstaðar með brunahönum, með hæfilegu millibili, og nýtísku slökkvitólum.

Enn fremur má í þessu sambandi nefna lög um brunamál Nr. 85, 22. nóv. 1907, sem óneitanlega gefa mikla trygging fyrir því, að alt eftirlit verður mikið betra, og brunar þar af leiðandi fátíðari.

Eins og lögin bera með sjer, er ekki ætlast til, að fjelagið taki ábyrgð á meiru en $^2/_3$ hlutum verðs, en eigendum er skylt, að hafa $^1/_6$ hluta eignanna í sjálfsábyrgð, og því bæjarfjelagi eða sveitarfjelagi, sem eignin er í, er skylt að vátryggja $^1/_6$ hluta. Þetta eru alt öryggisráðstafanir, sem mjög mikla þýðingu hafa, svo að brunar, af ásettu ráði, mega nær að segja þar með heita útilokaðir.

Þá hefir nú með nokkrum rökum verið sýnt, að brunahætta hjer á landi, fer stöðugt minkandi, og að áhættan er ekki meiri en svo, að það virðist engin frágangssök fyrir þingið, að ráða nú þessu máli til lykta, enda mun það álit margra manna, að allur dráttur í þessu efni sje ill-verjandi.

Vjer höfum orðið ásáttir um, að koma fram með nokkrar breytingartillögur við frumv., sem hjer fara á eftir, og væntum vjer þess, að þær þyki fremur til bóta.

1., 3. 4. og 5. breytingartillaga, eru allar efnisbreytingar, sem ýmist miða að því, að endurtrygging verði ekki útilokuð, og til þess, að takmarka ábyrgð á lausafje, að miklum mun. Þessar tillögur standa í nánu sambandi hver við aðra, og stefna að því, að minka áhættuna, og verður þeim því vonandi vel tekið.

6. breytingartillagan er að eins orðabreyting, sem oss þótti betur fara á þennan hátt.

8. breytingartillagan miðar til þess, að ljetta óeðlilegri kvöð af vátryggjendum, gagnvart veðhöfum, sem oss þótti ekki viðeigandi í þessum lögum.

2., 7. og 9. breytingartillaga eru ekki annað en afleiðing af hinum, og þarf því ekki að minnast frekar á þær.

Vjer finnum svo ekki ástæðu til, að fjölyrða frekar um málið, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað 1. greinar frv. komi ný grein þannig:
   Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin;
   »ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.
   Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
   Ennfremur getur fjelagið tryggt lausafje á Íslandi, gegn eldsvoða þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu nemi aldrei meiru en $^1/_5$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en 2 þúsund krónum.
2. 1. gr. frv. verður 2. grein.
3. Fyrir 2. gr. frv. komi ný grein, sem verður 3. gr., þannig:
   Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
   höfn.
   Aftan við sömu grein bætist: með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.
4. Fyrir 3. grein frv. komi ný grein, sem verður 4. grein, þannig:
   Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:
   Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar skal fjelagið endurtryggja.
5. Inn í frv. bætist ný grein, er verður 5. grein, þannig:
   Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«. komi:
   kann að verða, og þá ekki.
6. Inn í frv. bætist ný grein, er verður 6. grein, þannig:
   Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«. komi:
   eftir sömu reglum, sem aukaútsvari.
7. 4. grein frv. verður 7. grein.
8. Inn í frv. bætist ný grein er verður 8. grein, þannig:
   2. málsgrein 14. greinar laganna (Áður en nokkurt hús . . . tilkall til hússins) falli burt.
9. 5. grein frv. verður 9. grein.

Neðri deild Alþingis, 18. ágúst 1915.

Eggert Pálsson, formaður.	M. J. Kristjánsson, framsögum.
Sveinn Björnsson.	Þórarinn Benediktsson.

Fylgiskjal 1.

Lög um stofnun brunabótafjelags Íslands nr. 58, 22. nóv. 1907.

Verksvið fjelagsins.

1. gr.

Landstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr, 26, 20. október 1905. Enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða. — Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 600,000 kr., og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni:
   1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum;
   2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.

B. Trygging á $^2/_3$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A, skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $^5/_6$ hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $^1/_6$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað að vátryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innanlands eða utan.

6. gr.

Fjelaginu er skylt að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það, sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.

B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

7. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A., skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast, að $^1/_5$ hluta ábyrgðarinnar ($^1/_6$ hluta verðs), þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður er, og þannig aldrei í meira en 10,000 kr. af hverri hústrygging og 6,000 kr. af hverri lausafjártrygging. — Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þennan hluta iðgjaldanna, ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka, nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

8. gr.

Ef brennur, greiðir fjelagið allar brunabæturnar. Það sem sveitarfjelagið á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan missiris.

9. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 8. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á alt að 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi, að áliti sveitarstjórnar, greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs án endurgjalds. — Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir verði bygginga, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum. — Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit. — Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess,

að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje, er annars ætti að greiða í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

10. gr.

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sér, nema með því einu skilyrði, að einungis $^2/_3$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $^1/_3$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sé trygður annarstaðar.

11. gr.

Félagið má ekki, nema samþykki Stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í branabótasjóði eftir lögum 20. október 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast, hver gagnvart öðrum, að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi aðeins til eignar þeirrar, er vátrygð er í fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

13. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 600,000 kr., að fjelagið uppfylli skyldur sínar. Geti fjelagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það, sem á vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð. — Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meiru en 50,000 kr., og skal þá fjelagið gera tryggjendum að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 12. gr. um stærð auka-

iðgjaldsins. — Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 20,000 kr.

14. gr.

Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu við áramót að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því, að vátryggjandi greiði iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er trygginguna hefir fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi, eiga á einhvern hátt tilkall til hússins. — Enga byggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

15. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi. — Fjelagið á auk þess rjett á, að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggjandi hefir út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann hefir gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

16. gr.

Tjón, sem eigi nemur meiru en 30 kr., verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Ef sérstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gera undantekning frá þessum ákvæðum. — Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess, að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er uppkominn.

17. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefir verið rjettarrannsókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gera undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

18. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á sama stað eða gera við hús það, er brunnið hefir, sbr. þó 19. gr. — Við húsábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega. — Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo, að 15—20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sje frá þessum ákvæðum.

19. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð, eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

20. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs. — Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki. — Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 9. gr., fer sem um önnur sveitargjöld.

21. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátrygt sje til skemri tíma.

22. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða. Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust. — Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess að gæta hags fjelagsins kauplaust. Enn fremur ber þeim að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

Stjórn fjelagsins.

23. gr.

Fjelagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og stendur undir umsjón Stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands. Fjelagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra. — Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. október 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands, og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði Stjórnarráðsins. Annars eru fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

24. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru

sett, skal leita álits sveitarfjelaga þeirra er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir, er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita álits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

25. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75,000 kr., skal Stjórnarráðið semja frumvarp til laga um breyting á stjórn þesss í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigenda sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir Alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

26. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje, að samsvari því, er hann mundi eiga að greiða í Brunabótafjelagi Íslands. — Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir það má veita fjelaginu þóknun, er Stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti. — Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði. Reikningar, snertandi brunabótasjóð landssjóðs, skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

27. gr.

Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögunum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má.

28. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur. — Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 kr., er renni í sjóð þann, er brotið er við.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Fylgiskjal II.

Skýrsla

um virðingarverð á húseignum í kaupstöðum eða kauptúnum 1909.

Heiti kaupstaðarins eða kauptúnsins.		Virðingarverð húseigna.
Austur-Skaftafellssýsla:		kr.
Hornafjarðarós		30565
Vestur-Skaftafellssýsla:		
Vík í Mýrdal		51840
Mjólkurskóli		1533
Fundarhús (Aldamót)		1400
	Alls	54773
Rangárvallasýsla:		.....
Vestmannaeyjasýsla:		
Vestmannaeyjar (gl. kaupst.)		442511
Árnessýsla:		
Stokkseyri		159525
Eyrarbakki		196743
	Alls	356268
Gullbringu- og Kjósarsýsla:		
Fjelagshús á Hofi		400
Álafoss o. fl.		22470
Ýms hús		19195
Prentsmiðja		5955
Ýms hús		10300
Keflavík		299018
Gerðar (Garðurinn)		67435
Verslunarhús o. fl.		27735
Grindavík		21990
	Alls	474498
Hafnarfjörður		666580
Borgarfjarðarsýsla:		
Akranes		190381
Ytri hólmur		2500
	Alls	192831

Heiti kaupstaðarins eða kauptúnsins.	Virðingarverð húseigna.
Mýrasýsla:	kr.
Borgarnes	115400
Langárfoss	5600
Alls	121000
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:	
Búðir	4600
Hjallasandur	68979
Ólafsvík	180365
Stykkishólmur	219835
Alls	473779
Dalasýsla:	
Skarðsstöð	11950
Búðardalur	33725
Salthólmavík	3500
Stóri Skógur (Smjörg.h.)	3425
Alls	52600
Barðastrandarsýsla:	
Bíldudalur	187000
Geirþjófsfjörður	1000
Suðureyri	138272
Patreksfjörður	230650
Gil	900
Flatey	29790
Króksfjarðarnes	1900
Bakki o. fl.	11130
Alls	600642
Ísafjarðarsýsla:	
Hlaðsbót	9270
Þingeyri o. fl.	99800
Framnes o. fl.	74810
Flateyri	92430
Suðureyri	25975
Bolungarvík	203800
Hnífsdalur	53610
Langeyri	38408
Arngerðareyri	7000
Berjadalsá	9116
Meleyri	1750
Hesteyri	187871
Alls	803840

Heiti kaupstaðarins eða kauptúnsins.	Virðingarverð húseigna.
	kr.
Ísafjörður	1047040
Strandasýsla:	
Borðeyri	27808
Hólmavík	13425
Gjögur	5100
Norðurfjörður	2300
Alls	48633
Húnavatnssýsla:	
Blönduós	120374
Skagaströnd	18900
Hólanes	5650
Hvammstangi	58421
Alls	203345
Skagafjarðarsýsla:	
Sauðárkrókur	192722
Kolkuós	4950
Grafarós (Ósar)	7650
Hofsós (Ósar)	21650
Haganesvík	7000
Selvík	2900
Alls	236872
Eyjafjarðarsýsla:	
Siglufjörður	156500
Ýms hús	13410
Ýms hús	57340
Hjalteyri o. fl.	85950
Verslunarhús o. fl.	18590
Tilraunastöð Ræktunarfjel.	8074
Alls	339864
Akureyri	1487760
Suður-Þingeyjarsýsla:	
Svalbarðseyri	16100
Ýms hús	30625
Húsavík	247175
Alls	293900

Heiti kaupstaðarins eða kauptúnsins.	Virðingarverð húseigna.
Norður-Þingeyjarsýsla:	kr.
Raufarhöfn	17215
Kópasker	6400
Þórshöfn	40885
Alls	64500
Norður-Múlasýsla:	
Ýms hús	40369
Vopnafjörður	124495
Bakkagerði	54550
Þórarinsstaðaeyri	44900
Alls	264314
Seyðisfjörður	638820
Suður-Múlasýsla:	
Asknes o. fl.	289407
Nes o. fl.	190110
Hvalveiðastöð o. fl.	97000
Eskifjörður	229020
Búðareyri o. fl.	81750
Búðir	117790
Vattarnes o. fl.	10550
Kirkjubólshöfn	8325
Breiðdalsvík	8000
Djúpivogur	37250
Alls	1059202

13. gr. C. III.

Nd. **443. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 435.

Frá Strandferðanefndinni.

1. Aftan við tölulið 1 bætist svohljóðandi athugasemd:
   Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.
2. Aftan við tölulið 5 a. komi svohljóðandi athugasemd:

Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr. en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.

Nd. **444. Breytingartillaga**

við tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Sveini Björnssyni og Pjetri Jónssyni.

Fyrir »5 krónur« í 5. lið komi:
6 krónur.

Ed. **445. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Helming styrks þessa skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annarstaðar en hjer við land. Hinum helmingnum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, 11. júlí 1911 um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **446. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali 429.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Tillagan orðist svo:
Aftan við 1. grein bætist:

3. Bankinn greiði ókeypis, og eftir þörfum, í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir þær, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt, og ókeypis, það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem inneign Íslandsbanka þar leyfir.

Ed. **447. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um rafmagnsveitur.

Háttvirt neðri deild hefir gert tvær breytingar á frumvarpinu, báðar í 6. gr,; hún vill lengja leyfistímann úr 15 árum upp í 30 ár; hún vill að 5 menn sjeu í yfirmatsnefnd og allir tilnefndir af yfirdómnum.

Vjer getum ekki fallist á þessar breytingar.

Oss er kunnugt að rafmagnsveitur eru ekki endingargóðar, svo að flesta þá hlutina, sem mest verðmæti er í, þarf að nýja upp á 10—15 ára fresti. Ennfremur erum vjer þess fullvissir að leyfistakar muni jafnan fáanlegir þótt leyfið sje ekki í boði til lengri tíma en 10—15 ár. Hins vegar getur það orðið mikill óhagur fyrir sveitarfjelög að veita slík leyfi til langs tíma, en eftirsóknin mikil eftir löngum leyfum og sveitafjelögum oft óljóst, hvað þau eiga í húfi.

Um yfirmatið er það að segja, að oss virðist afaróhentugt að ætla yfirdóminum að nefna 5 yfirmatsmenn, ef meta skal eign í fjarlægum hjeruðum, langt frá höfuðstað landsins; eigi þá að velja mennina innan hjeraðs, brestur yfirdóminn að sjálfsögðu oft kunnugleika, en sjeu mennirnir teknir flestir eða allir í Rvík, þá verður matskostnaðurinn harla mikill, ef meta skal mannvirki í öðrum landsfjórðungi.

Fyrir því leggjum vjer til að háttvirt efri deild haldi fast við það, sem hún áður hefir samþykt og berum upp þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 6. gr. 1. málsgr.

Í stað »30 ár« komi:
15 ár.

2. Við 6. gr. 3. málsgr.

Í stað »Skjóta má ... hvert skifti« komi:

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt, að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar.

Efri deild Alþingis 19. ágúst 1915.

Karl Einarsson, form. G. Björnsson, ritari.

M. Pjetursson.

13. gr. C. III. 10.

Nd. **448. Viðaukatillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 á þingskjali nr. 435.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Eftir C. III. 10 komi:

Greiðsla styrksins til strandferðabáta, undir lið C. III., er bundin því skilyrði, að þeir bátar, sem hafa fasta ferðaáætlun, og sem halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar hver strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

Ed. **449. Frumvarp**

til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, hvenær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja alt að 10,000 kr.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. og 50 aura fyrir börn yngri en 1 árs, en 5 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Nd. **450. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar.

2. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

3. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og Stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

7. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veð-

selja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

10. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist Stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, en úrskurða af Stjórnarráðinu.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er hreppsnefndin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Nd. **451. Frumvarp**

til laga um líkbrenslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Líkbrensla skal leyfð hjer á landi í stofnunum, sem útbúnar eru til líkbrenslu á þann hátt sem Stjórnarráðið tekur gilt, með skilyrðum þeim, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Sjerhver karl eða kona, sem náð hefir 18 ára aldri, getur ákveðið, að lík sitt skuli brent, en ekki jarðsett; skal slíka ákvörðun gera skriflega, að viðstöddum tveim vitundarvottum. Á sama hátt geta foreldrar ákveðið, að lík barna sinna, sem eigi hafa náð 18 ára aldri, skuli brent en ekki jarðsett.

Nánasti vandamaður hins látna, er náð hefir 18 ára aldri, getur og gert samskonar ráðstöfun, þó eigi hafi hinn látni ákveðið að lík hans skyldi brent, svo framarlega sem ekkert af börnum hans mótmælir því.

3. gr.

Áður en lík geti orðið brent, skal, auk lögskipaðs dánarvottorðs, liggja fyrir yfirlýsing dánarvottorðsgefanda, eða læknis þess, sem stundað hefir hinn látna, um, að þeir álíti engan grun vera fyrir hendi um, að glæpsamlegt verk hafi valdið dauða hins látna. Vottorð þetta skal síðan sýna lögreglustjóra á andlátsstaðnum og hann rita á það, að ekkert sje því til fyrirstöðu af sinni hendi, að líkið verði brent.

4. gr.

Að lokinni brenslu skal jarðsetja öskuna í kirkjugarði, eða setja hana á aðra staði, sem sjerstaklega eru útbúnir til þess, eftir fyrirmælum Stjórnarráðsins.

5. gr.

Nánari ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma líkbrenslu, setur Stjórnarráðið með reglugjörð.

Ed. **452. Þingsályktun**

um Flóaáveituna.

(Afgreidd frá Ed. 19. ágúst).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að:

I. Láta á næsta sumri 3 hæfa menn rannsaka Flóaáveitumálið og má verja til þess alt að 2500 kr. af landsfje. Menn þessir skulu:

a) Leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um alt, er til þeirra tekur viðvíkjandi áveitumálinu, sjerstaklega hæfilegt endurgjald í landi, ef verkið er framkvæmt á landssjóðskostnað.
b) Athuga og gera áætlun, ef nauðsyn krefst, um það, hversu lögnám á jörðunum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landssjóð.
c) Gera tillögur um það, hversu bygðinni, skiftingu lands, býlastærð og býlafjölda á áveitusvæðinu, túnstæðum o. þvíl. yrði best og haganlegast komið fyrir.

II. Að undirbúa að öðru leyti áveitumálið fyrir næsta þing.

Nd. **453. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

Flutningsm.: Guðm. Hannesson, Sveinn Björnsson og Þórarinn Benediktsson.

Aftan við 2. lið 1. greinar bætist:
af fyrstu 500 þúsundunum, en 4% á ári af því, sem fram yfir fer.

Ed. **454. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 110,819 kr. 85 aurar til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:
Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:
Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.
— B. 6. Af þessu fje (til dómgæslu o. fl.) skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 40,084 kr. 71 e.:

Við	11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	38,000,00
—	12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
		Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
			Kr.	40,084,71

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 54,774 kr. 87 a.:

Við	A. 3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins.. ...	kr.	1500,00
Við	B. I. 1. c.	Viðbót við skrifstofukostnað	—	13,04
—	- II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^{2}/_{3}$ hlutar kostnaðar	—	449,56
—	- III.	Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^{1}/_{3}$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
—	- XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^{1}/_{3}$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
—	D.	Til ýmsra endurbóta	—	28,712,27
—	E. II. 15. c.	Stjórninni veitist heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin.		
—	E.	Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
		Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey...	—	3,000,00
			Kr.	54,774,87

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 3,450 kr.:

		Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum	kr.	500,00
Við	A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku.	—	600,00
—	B. I. a.	Laun háskólakennara	—	2,350,00
			Kr.	3,450,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til		þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar	—	4,000,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,000 kr.:

Við 8. d.	Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915	kr.	200,00
Nýr liður.	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914.	—	800,00
		Kr.	1,000,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... ... kr. 6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1912,54 frá 1. janúar 1914 að telja.

Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.

Nd. **455. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú, er kosin var til að athuga þetta frumvarp, hefir ekki getað komið sjer saman. Meiri hlutinn lítur svo á, að okkur skildist, að þessi breyting dragi úr friðun rjúpunnar og telur það illa farið. Einnig að öll fuglafriðunarlögin þurfi að endurskoðast, og að það taki ekki að fara nú að breyta þessum lið sjerstaklega.

Við, sem erum í minni hluta, lítum öðruvísi á þetta. Það sem við teljum aðalgallann á hinu núverandi fyrirkomulagi í lögunum, er að rjúpan er friðuð 7. hvert ár. Okkur er það vel ljóst, að það eru mörg heimili sem hafa mikla atvinnu, og auka mikið lífsframfærslu sína með rjúpnaveiðum, og þessi atvinnuvegur á þeim tíma árs, sem lítið er um aðra atvinnu, hefir áreiðanlega hjálpað mörgum fátækum manni til að hafa ofan af fyrir sjer og fjölskyldu sinni, og þessir menn þurfa eins að lifa 7. árið, eins og hin árin, svo

að þetta fyrirkomulag laganna gerir þessum mönnum stórt tjón og erfiðleika, sem hlýtur því að skapa óánægju og beiska gremju í smærri eða stærri stil. Svo teljum við það mjög athugavert og jafnvel hættulegt, vegna rjúpnaverslunarinnar út á við, að afnema þessi viðskifti við og við í heilt ár. Og það eru ýmsir kaupmenn og verslunarfróðir menn, sem við höfum átt tal við um þetta atriði, sem líta á þetta alveg með sömu augum og við, telja þessa heftingu á viðskiftasambandi til útlanda, stórhættulega fyrir þessa verslunargrein.

Það er alt annað en að við höfum á móti því, að fuglafriðunarlögin þurfi í heild sinni að endurskoðast og umbætast. En hvenær verður það gert?

Engar líkur, og því síður vissa, að slíkt verði gert í náinni framtíð.

Og við álítum að hjer sje um svo þýðingarmiklar umbætur að ræða, að þær megi ekki dragast vegna slíkrar óvissu.

Þá er að líta á þá ástæðu, hvort og hvað mikið sje verið að rýra friðun rjúpunnar með þessari lagabreytingu.

Samkvæmt frumvarpinu á þingskjali 319, er friðunin aukin alls yfir, því sá tími, sem friðun er aukin á hverju ári, er lengri tími en sem svarar því, að hún sje ófriðuð, þetta 7. hvert ár, eins og hin árin.

En þó sú breytingartillaga sje samþykt, sem minni hluti nefndarinnar hefir komið fram með, á þingskjali 460, þá er ófriðunin samt mjög lítið aukin, svo það hlýtur að vera eitthvað annað, sem háttv. meiri hluti hefir að óttast, sem við því miður ekki getum sjeð.

Við ráðum því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögunni á þingskjali 460.

Alþingi 19. ágúst 1915.

Jóhann Eyjólfsson, framsögum. minni hlutans.
Bjarni Jónsson, frá Vogi.

Björn Hallsson.

16. gr. 19.

Nd. **456. Breytingartillaga**

við breytingartillögu 85 (á þingskjali 338) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

16. gr. 19. orðist svo:

a.	Til leiðbeiningar í ullarverkun og til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd	1200 —	
b.	Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	400 —	
c.	Laun 4 ullarmatsmanna	1600 —	1600
d.	Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	800 —	800

Nd. **457. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Frá Sveini Björnssyni.

Aftan við 2. gr. frv. bætist:
og aftan við liðinn bætist:

»Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«, stofnað 1897, skal undanþegið þessu ákvæði.

Nd. **458. Tillaga**

til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag.

Frá meiri hluta Brunabótanefndarinnar.

Alþingi skorar á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi lög um lands-lífsábyrgðarfjelag, og ef fært þykir, slysa-ábyrgðarfjelag í sambandi við það.

Landsstjórninni heimilast að verja alt að 5000 krónum til rannsókna og undirbúnings málinu.

Nd. **459. Álit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913. (Friðun fugla).

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndarinnar.

Þó vjer könnumst við, að nokkur vandkvæði muni fylgja því fyrir markað vorn erlendis að alfriða rjúpur 7. hvert ár, þá þykir oss margt varhugavert við frumv. þetta. Lengingin á friðunartímanum kemur ýmsum sveitum norðanlands að litlu gagni, sem hafa litlar samgöngur að haustinu og það sveitum, sem annars gætu flutt út rjúpur til muna. Þá teljum vjer það og vafasamt, að sú lenging friðunartímans, sem frumv. gerir ráð fyrir, komi að tilætluðum notum, því þeim mun meira kapp má leggja á veiðina, meðan hún er stunduð. Nýlega var og frumv. felt í efri deild um að leyfa að skjóta rjúpur í þetta sinn og banna jafnframt útflutning á þeim til útlanda, og þykir oss að þetta frumv. sje ekki í fullu samræmi við afstöðu þingsins til fyrra frumvarpsins. Að lokum viljum vjer minna á, að þó fuglafriðunarlögin sjeu nýlega endurskoðuð, þarf að áliti margra að breyta fleiru í þeim en þessu atriði, svo vjer teljum öllu rjettara að láta á-

kvæðin um friðun rjúpna haldast óbreytt, til þess að friðunarlögin yrðu þá endurskoðuð í heild. Af þessum ástæðum ráðum vjer deildinni til að fella frumv. þetta.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Guðm. Hannesson, ritari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **460. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóvember 1913 (þingskjal 319).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Fyrir orðin í 1. grein: »10. október« komi:
1. október.

Ed. **461. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1912 og 1913, veitast 165,479 kr. 66 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna, veitast: 6,195 kr. 98 aur.

Við tölulið 5.	1912	kr. 1,873,75	
	1913	— 4,322,23	kr. 6,195,98

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, veitast: 6,150 kr. 26 aur.

Við 3. Hegningarhúsið í Reykjavík 1912	kr.	549,62		
1913	—	258,96	kr.	808,58
Við b. 1. c. Landshagsskýrslur 1912	kr.	3,387,22		
1913	—	1,950,71	—	5,337,93
Við B. 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann 1912	—	90,00		
Þar frá dragast sparaðar 1913	—	86,25	—	3,75
			kr.	6,150,26

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, veitast: 17,178 kr. 31 eyrir.

Við 7. lið. Holdsveikra spítalinn 1912	kr.	3,961,15		
1913	—	7,095,01	kr.	11,056,16
Við 8. lið. Geðveikrahælið á Kleppi 1912	kr.	1,092,35		
1913	—	5,029,80	—	6,122,15
			kr.	17,178,31

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna, veitast: 80,542 kr. 89 aur.

A. Póstmál:

Við A. 1. b. 2. Póstafgreiðslum.	1913	kr.	1,060,00		
Frádragast sparaðar	1912	—	240,00	kr.	820,00
Við A. 2. Póstflutningur... ...	1912	kr.	6,345,65		
	1913	—	11,506,13	—	17,851,78
Við A. 3. a. Skrifstofukostnaður	1912	kr.	807,03		
	1913	—	865,01	—	1,672,04
Við A. 3. b. Önnur útgjöld ...	1912	kr.	5,003,51		
	1913	—	1,620,25	—	6,623,76 kr. 26,967,58

B. Vegabætur:

Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður	1912	kr.	82,28		
	1913	—	204,61	kr.	286,89
Við B. II. Flutningabrautir ...	1912	kr.	1,414,13		
sparaðar	1913	—	418,87	—	995,26
Við B. III. Þjóðvegir	1913	kr.	4,385,97		
sparaðar	1912	—	2,982,08	—	1,403,89 kr. 2,656,04

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

Flyt kr. 29,623,62

				Fluttar kr.	29,623,62
Við D. II. 2. Talsími frá Búðardal	1912	kr.	3,298,40		
Við D. III. 2. 6. 7. 10. og 11. lið	1912	kr.	14,427,92		
	1913	—	7,171,15		
Til starfrækslu bæjarsímans í Rvík	1912	—	8,642,47		
Við D. IV. V. og VI.	1912	—	5,431,70		
	1913	—	6,785,03	— 42,458,27	kr. 45,756,67
E. Vitamál	1912	kr.	2,965,65		
	1913	—	2,166,95		— 5,132,60
					kr. 80,542,89

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna, veitast: 19,901 kr. 49 aur.

Við B. I. f. Háskólinn	1912...	kr.	1,829,60		
	1913	—	1,350,49		
Við B. I. g. Háskólinn	1912...	—	4,282,32		
	1913	—	3,699,74		kr. 11,162,15
Við II. e. 5. h. alm. mentaskóli	1912...	kr.	954,25		
	1913	—	1,987,75	—	2,942,00
Við III. b. 2. Gagnfr.skóli Akureyrar	1912...	kr.	572,66		
	1913	—	449,86		
Við III. b. 3.	1912...	—	647,00		
	1913	—	773,00		
Við III. b. 5.	1912...	—	7,82	—	2,450,34
Við IV. b. 3. Kennaraskólinn	1912	kr.	91,30		
	1913...	—	248,63	—	339,93
Við V. b. 1. Stýrimannaskólinn	1912	kr.	322,50		
	1913...	—	815,00		
— b. 3.	1912	—	116,90		
	1913...	—	61,82		
— b. 4.	1912	—	184,24		
	1913...	—	392,06	—	1,892,52
Við VI. l. Heyrnar- og máll.skóli	1912	kr.	203,57		
	1913...	—	431,98	—	635,55
Við VII. b. Sundkensla utan Reykjavíkur	1912			—	479,00
					kr. 19,901,49

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna, veitast: 3,028 kr. 18 aur.

Við 5. a. og b. Landsbókas.húsið	1912...	kr.	2,038,86		
	1913	—	655,99		
Til salsgæslu-aðstoðar í Landsbókasafninu		—	333,33		kr. 3,028,18

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna, veitast: 4,865 kr. 23 aur.

Við 1. lið c. 2. 3. og 6. Bændaskóli á Hólum	1912	kr. 458,72		
	1913	— 743,59		
Við 1. lið 1. d.	1912	— 1,203,27	kr.	2,405,58
Við 2. lið c. 3. og 5. Hvanneyrarskóli	1913		—	986,55
Við 5. lið. Framhaldsrannsókn á járnbrautarsvæði	1913		—	1,004,80
Við 35. lið. Skoðun á prestsetrum	1912	kr. 134,95		
	1913	— 333,35	—	468,30
			kr.	4,865,23

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna, veitast: 27,617 kr. 32 aur.

Við óviss útgjöld	1912	kr. 5,279,79		
— — —	1913	— 9,838,57	kr.	15,118,36
Til milliþinganefndar í fjármálum landsins			—	4,712,81
Til manntalskostnaðar	1912	kr. 4,591,65		
	1913	— 2,310,00	—	6,901,65
Til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum			kr.	208,85
Fyrir samningu á frumvarpi um lögaldur			—	263,15
Viðbót við bókaútgáfufje Háskólans 1913			—	112,50
Til áveitu á Meðallandssandana			—	300,00
			kr.	27,617,32

Ed. **462. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Tekjur	Áætlun. Kr. au.	Reikningur. Kr. au.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100,000,00	112,417,84
2. Húsaskattur	26,000,00	28,462,15
3. Tekjuskattur	60,000,00	69,260,00
4. Áukatekjur	110,000,00	152,989,17
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	11,012,52
6. Vitagjald	60,000,00	116,399,79
7. Leyfisbrjefagjöld	12,000,00	15,133,89
8. Útflutningsgjald	300,000,00	324,873,44
9. Áfengistollur	330,000,00	467,527,72
10. Tóbakstollur	320,000,00	429,809,71
11. Kaffi- og sykurtollur	760,000,00	978,918,96
12. Annað aðflutningsgjald	40,000,00	71,520,50
13. Árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja	18,000,00	22,700,00
14. Pósttekjur	190,000,00	316,836,58
15. Símatekjur	205,000,00	343,778,14
16. Tekjur af Íslandsbanka	24,000,00	24,126,99
17. Óvissar tekjur	20,000,00	133,822,45
18. Tekjur af jarðeignum landsjóðs	36,000,00	40,700,45
19. Tekjur af kirkjum	200,00	356,41
20. Tekjur af silfurbergsnámunum	4000,00	7,884,22
21. Tekjur af ræktunarsjóði		19,751,14
22. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	106,000,00	118,654,36
23. Tekjur af seðlaláni Landsbankans	15,000,00	15,000,00
24. Leigur af innstæðu í bönkum	16,000,00	13,507,57
25. Greitt frá prestaköllum	4,000,00	5,093,87
26. Endurgreiðsla á skyndilánum embættismanna	1,200,00	2,578,21
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	36,237,77
28. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
29. Vörutollur		373,583,14
30. Tekjur af láninu 1909		56,756,50
31. Lán eftir lögum nr. 20, 1911, og nr. 14, 1909		750,000,00
Samtals	2,887,400,00	5,179,693,49

II. Útgjöld:	Fjárveiting. Kr. a.	Reikningur. Kr. a.
1. Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum landsjóðs	99,633,34	304,437,39
2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins	101,000,00	111,173,07
3. Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	62,400,00	121,622,81
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla óg lögreglustjórn	173.000,00	176,284,57
B. Ýmisleg útgjöld	52,300,00	86,012,71
5. Til útgjalda við læknaskipunina.	333,880,00	336,286,28
6. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	217,800,00	244,625,41
B. Til vegabóta	315,500,00	315,076,26
C. Til gufuskipaferða	212,300,00	210,300,00
D. Til ritsíma og talsíma	313,900,00	402,871,77
E. Til vita	93,950,00	91,966,15
7. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	116,700,00	137,475,11
B. Til kenslumála	470,440,00	482,233,63
8. Til vísinda og bókmenta	162,740,00	162,270,11
9. Til verklegra fyrirtækja.	348,394,00	432,629,96
10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna ...	5,200,00	40,324,10
11. Til eftirlauna og styrktarfjár	158,400,00	126,111,69
12. Óviss útgjöld	6,000,00	21,118,36
13. Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum o. fl.		267,877,12
14. Útgjöld viðlagasjóðs		50,772,81
15. Til jafnaðar móti lántökum landsjóðs		250,000,00
16. Við útgjöldin bætast		16,339,55
Áætlaður tekjuhalli var	446,167,34	
En tekjuafgangur varð	... ...	791,884,63
Samtals	3,689,704,68	5,179,693,49

Ed. **463. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til að vextir af veðlánum verði innheimtir tafarlaust.

2. Að sjá um að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari framvegis sem allra minst fram yfir fjárveitingu.

3. Að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, nema þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að verja meiru fje en áætlað hefir verið, til einhvers mannvirkis til að fyrirbyggja tjón, sem af drætti á framkvæmd verksins getur stafað.

4. Að eftirliti með bændaskólunum verði hagað líkt og áður var meðan þeir voru nefndir búnaðarskólar og stóðu undir eftirliti amtsráðanna, þannig, að til þess verði skipuð nefnd manna, sem tækifæri hafa til að athuga iðulega framkvæmdir og ástand skólabúanna og skólanna yfirleitt.

5. Að dagpeningar starfsmanna landsins, sem að undanförnu hafa verið mjög á reiki, ýmist 6 eða 8 krónur á dag, verði framvegis ekki reiknaðir yfir 6 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt, auk ferðakostnaðar.

6. Að reikningar efnarannsóknarstofunnar, sem að undanförnu hafa verið mjög á eftir. tímanum, verði heimtaðir svo snemma, að tekjurnar geti komið fram á reikningsári því, sem þær tilheyra.

7. Að sala á niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði verði reynd á þessu ári, og jafnframt verði rannsakað hvort fyrverandi eigandi ekki er fær um að greiða það, sem á kann að vanta, svo að skuldinni, sem á verksmiðjunni hvílir, verði að fullu lokið.

Ed. **464. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til 1. desember 1917 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en eina milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., og málmforðinn nægir ekki til.

3. bankinn greiði ókeypis, og eftir þörfum, í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir þær, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt, og ókeypis, það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem inneign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **465. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907 (þingskjal 302). [Dalav.].

Aðalbreytingin á vegalögunum, sem frumvarp þetta fer fram á, er fólgin í því, að Vesturlandsþjóðvegurinn liggi frá Búðardal um Hvammssveit, í stað þess að hann nú liggur frá Hjarðarholti. Þessa breytingu telur nefndin til bóta, með því að stefna vegarins verður á þennan hátt beinni og vegarstæði á henni töluvert betra. Ákvæði frumvarpsins í 2. og 3. gr. frumvarpsins standa í sambandi við vegarbreytinguna og telur nefndin þau eðlileg og rjettmæt.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 20. ág. 1915.

Jósef Björnsson, form. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **466. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914 um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907. (Þgskj. 301), [Hafnarfjarðarvegur].

Á síðasta þingi var Hafnarfjarðarvegurinn svo nefndi, tekinn upp í tölu flutningabrauta með lögum nr. 29, 2. nóv. 1914. Verkfræðingur landsins hefir í brjefi til Stjórnarráðsins, dags. 31 júlí þ. á., þgskj. 240, talið þessi lög bæði ófullkomin og óheppileg; telur hann ýmislegt því til sönnunar, og þar á meðal það, að það væri mjög ranglátt gagnvart Kjósarsýslu, sem engin teljandi flutninganot hefir af þessum vegi, að kosta á sínum tíma viðhald brautarinnar að nokkru leyti. Verkfræðingurinn leggur því til, að taka þennan vegarkafla í tölu annara þjóðvega, er landssjóður kostar og byggist frumvarpið á þeirri tillögu hans.

Um leið og nefndin að öðru leyti vísar háttv. deild til nefnds brjefs verkfræðingsins, leggur hún til að frumvarpið sje samþykt óbreytt

Alþingi 20. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, form. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsm.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **467. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Auk yfirmatsmanna þeirra, sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld, skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Látrabjargs, en hinn svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

Nd. **468. Frumvarp**

til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Búnaðarsambönd landsins hafa mælingarnar á hendi, en Stjórnarráðið semur reglugjörð um þær og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeigandanda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000.

3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 2 kr. fyrir hvert býli, sem metið er

til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar búnaðarsambandi því er framkvæmdi þær.

4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Abúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Nd. **469. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir »1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna komi: 1 króna 50 aurar, en annarstaðar 2 krónur 25 aurar.

2. gr.

Fyrir »1200 kr.« í 3. gr. 2. c. komi:
1800 kr.

og aftan við liðinn bætist:
»Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«, stofnað 1897, skal undanþegið þessu ákvæði.

Nd. **470. Álit.**

um frumvarp til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Þó að jeg sje að miklu leyti fyllilega samdóma meiri hluta nefndarinnar, sjerstaklega í því, að ekki sje ástæða til að stofna embætti það, er frumvarp þetta fer fram á, þá hefi jeg ekki getað fallist á að rjett sje að veita dr. Guðmundi Finnbogasyni fje, til þess að gera tilraunir til þess að bæta vinnubrögð í landinu

á þann hátt, er hann hugsar sjer. Jeg tel engin líkindi til að fjárveiting þessi komi að tilætluðum notum og er henni því mótfallinn.

Eins og tekið er fram í áliti meiri hluta nefndarinnar, hefir öll framför í vinnubrögðum vorum, eða nálega öll, komið frá útlendum mönnum, sem hafa kunnað verkin og fengið langa æfingu í að *vinna þau*. Jeg býst við að við verðum framvegis að sækja þekkingu og leiðbeiningu, betri vinnuáhöld og vinnulag til þeirra manna, sem standa almenningi framar í verkkunnáttu og verkstjórn, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir, Ef hugsa skal til sjerstakrar kenslu í þessum efnum, þá geta að mínu áliti ekki aðrir verið því kenslustarfi vaxnir en þeir, sem reynslan hefir sýnt að eru bæði *afburðamenn í því að vinna verkin sjálfir* og auk þess hafa sæmilega kennarahæfileika. En að dr. Guðmundur Finnbogason sje öðrum betri vinnumaður tel jeg vafasamt, þrátt fyrir það að jeg hefi mjög miklar mætur á manninum, og mjer, sem og almenningi, sje alkunnugt, að hann sje góður rithöfundur og sálarfræðingur.

Þó mjer sje það mörgum öðrum fremur áhugamál að vinnubrögð vor batni, þá þykist jeg fullviss um að það sje ekki sú rjetta aðferð til þess, að taka þann til kennara, sem fyrst þarf, ef til vill, að læra verkin sjálfur. Jeg tel jafnvel að dr. Guðmundi Finnbogasyni sje lítill greiði ger með fjárveiting í þessa átt, því ekki vex álit hans við þetta starf, ef það kemur að litlum eða engum notum, sem jeg tel líklegast.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Hjörtur Snorrason.

Ed. **471. Frumvarp**

til laga um fasteignamat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fast-

eigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

Eyðijarðir skal meta sjer í lagi, nema þær hafi að fullu og öllu í síðustu fimtiu ár legið undir aðra jörð.

4. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða, er þeim fylgja, svo og landamerkjabrjef afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

5. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

6. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

7. gr.

Hverja fasteign, sem metin er, skal ákveða svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er, og nafngreina skal eiganda hennar og notanda.

8. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungi af matsverði jarðar.

Húsaskattur af húsum, sem ekki eru notuð við ábúð á jörðu, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar, er hverri húseign fylgir.

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnrarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Fasteignamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Fasteignamat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

10. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

11. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignanefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

12. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda, lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

14. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 12. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Ed. **472. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 (Þingskj. 454).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 9. gr.

Næstsíðasta málsgrein orðist svo:

Fyrv. sýslumanni Skúla Thoroddsen skulu greiddar kr. 2120,00 sem uppbót fyrir vanreiknuð eftirlaun hans á tímabilinu 31. maí 1895 — 31. maí 1915, en upp frá þeim degi skulu eftirlaun hans reiknuð árlega kr. 1712,54.

Ed. **473. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn (þgskj. 185).

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Nd. og var borið þar fram af þingmanna hálfu.

Vjer, sem háttvirt deild hefur skipað í nefnd til að athuga frumvarpið, lítum svo á, að gagnlegt og nauðsynlegt sje að hafa löggilta vigtarmenn í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Það er sjerstaklega gert ráð fyrir, að þessir löggiltu vigtarmenn verði notaðir, þegar innlendar vörur eru seldar á skipsfjöl hjer við land (það sem á verslunarmáli er kallað »fob«-sala), en vjer hyggjum, að eigi sje síður ástæða til að nota þá við móttöku útlendra vara, sem seldar eru við skipshlið hjer við land.

Vjer föllumst því á ákvæði frumvarpsins að öllu öðru leyti en því, að vjer teljum rjett, að þóknunin til vigtarmannanna sje fastákveðin í lögunum, en ekki ákveðin með samkomulagi vigtarmannanna við þá, sem þá nota. Hyggjum vjer, að það muni auka traust manna á vigtarmönnunum og fyrirbyggja allan grun um, að mútum geti orðið beitt. Teljum vjer 75 aura hæfilega borgun fyrir hverja klukkustund, sem vigtarmaður er að starfi sínu.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingu þeirri, er hjer fer á eftir:

Við 2. gr. Orðin: »eftir — en« falli burt.

Alþingi 19. ágúst 1915.

Karl Einarsson, form.	Steingr. Jónsson, skrifari og framsögum.	Hákon J. Kristófersson.

Ed. **474. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Nefndin, sem hefir haft þetta frumvarp til meðferðar, telur það vera rjettarbót og leggur til að það fái að ganga fram, þó með nokkrum breytingum.

Munurinn á þessu frumvarpi og lögunum frá 12. janúar 1900, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, er þrennskonar.

1. Í lögunum er aðeins bannaður tilbúningur áfengra drykkja. Frumvarpið fer enn lengra, það bannar og að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.
2. Í lögunum er ekkert áfengismark tiltekið. Í frumvarpinu er það ákveðið hið sama sem í lögum nr. 44, 30. júlí 1909.
3. Í lögunum er lágmark sekta ákveðið 10 kr. Frumvarpið setur lágmarkið 200 kr.

Nefndin lítur svo á, að sjerstaklega þurfi að banna að gera aftur drekkandi áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, þar sem nú beri talsvert mikið á þeim verknaði, enda muni tæplega hægt að koma slíku atferli undir bann gegn tilbúningi áfengra drykkja.

Nefndin telur og nauðsyn til bera að hafa fast áfengismark, og getur ekki betur sjeð en að rjett sje að setja það hið sama, sem það er í gildandi lögum. Og loks álítur nefndin, að lágmark sekta þurfi að hækka að miklum mun og ákveðast líkt sem fyrir 1. brot gegn 1. grein aðflutningsbannslaganna.

Ennfremur virðist nefndinni að sektir eigi að vera jafnháar, hvort sem er að ræða um tilbúning áfengra drykkja eða þann verknað að gera aftur drekkandi áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar. Þar á móti þykir nefndinni ekki ástæða til að láta tilraun til þessa verknaðar varða sektum.

Að endingu telur nefndin nauðsynlegt að setja inn í frumvarpið ákvæði, er heimili Stjórnarráðinu að setja reglur um sölu áfengis, er haft er til verklegra afnota, t. d. suðuspíritus og fægingarspíritus, því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að brugga úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin þá til að frumvarpið verði samþykt með nokkrum breytingum og standa þær á þingskjali 475.

Efri deild Alþingis, 20. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, formaður.	Björn Þorláksson, skrifari og framsögum.	G. Björnson.
M. Pjetursson.	Karl Einarsson.	

Ed. **475. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Frá nefndinni.

1. Í stað 3., 4. og 5. greina komi ný grein, er verður 3. grein, svohljóðandi:
   Brot gegn 1. og 2. gr. varða 200 til 2000 króna sektum. Allar sektir renna í landssjóð.
2. Ný grein verði tekin upp, er telst 4. gr.:
   Um sölu áfengis, sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.
3. Við 6. gr., sem verður 5. gr.
   Í stað orðanna: »reynt hefir verið að gera« komi:
   gert hefir verið.
4. Í stað orðanna: »tilraun til þess« komi:
   verknað þann.
5. 7. gr. verður 6. gr.
6. 8. gr. verður 7. gr.

Ed. **476. Breytingartillaga**

við breytingartillögu (þingskj. 472) við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 (þingskj. 464).

Frá Karli Finnbogasyni.

Fyrir »kr. 2120,00«, komi:
kr. 1500,00;
og fyrir »kr. 1712,54«, komi:
kr. 1912,54.

Ed. **477. Breytingartillaga**

við breyt.till. á þingskj. 472.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Fyrir »31. maí 1915« komi:
1. janúar 1914.

Ed. **478. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 3. gr.

Orðin »(til dómgæslu o. fl.)« í 3. línu falli burt.

Ed. **479. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi. Þingskj. 300 [Stykkishv.].

Frumvarp þetta breytir ákvæðum vegalaganna 22. nóv. 1907, um viðhald Stykkishólmsvegarins. Í lögunum er þessi vegur tekinn í tölu þjóðvega 3. gr. 18. tölul., og í 16. gr. þeirra er svo ákveðið, að akfærum köflum á þjóðvegum, er ná til kauptúns eða flutningabrautar, ef álíta má, að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skuli haldið við af hlutaðeigandi sýslufjelögum, en samkvæmt 14. gr., kostar landssjóður þjóðvegina, þar sem þeir ekki eru gerðir akfærir, með vegaruðningi og brúargerðum og bótum á öðrum torfærum. Nú er svo um þennan þjóðveg, að hann mun á löngum köflum ekki gerður akfær, og sýslufjelögunum því óskylt að halda honum við að því leyti. Samt sem áður er svo ákveðið í 18. gr. vegalaganna, að hlutaðeigandi sýslufjelög skuli kosta viðhald hans undantekningarlaust; kemur þannig fram misrjetti gagnvart þessum sýslufjelögum. Úr þessu bætir frumvarpið með því að fella úr 18. gr. þessa viðhaldsskyldu sýslufjelaganna og telur nefndin þá breytingu sanngjarna og sjálfsagða; ræður hún háttv. deild því til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, form.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Nd. **480. Atkvæðaskrá**

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Stjórnarfrumvarp.

Nefndarálit 337.

Breytingar- og viðaukatillögur (aðal-breytingar og viðaukatillögur) *fjárlaganefndar 338.*

Breytingar- og viðaukatillögar annara (þar í talið brtt. og viðaukatill. fjárlaganefndar, aðrar en á þgskj. 338):

333, 347, 348, 350, 373, 378, 382, 383, 390, 391, 392, 393, 394, 395, 399, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 410, 413, 415, 416, 417, 420, 422, 423, 425, 426, 427, 428, 430, 432, 433, 435, 436, 443, 448, 456.

1. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 2.--6. gr.

2. gr.

1. Við 6. Fyrir »55000—55000—110000« komi: 50000—50000—100000.
2. — 9. Fyrir »20000—20000—40000« komi: 25000—25000—50000.
3. — 12. Fyrir »375000—375000—750000« komi: 325000—375000—700000.
4. — 15. Fyrir »185000—195000—380000« komi: 195000—205000—400000.

3. gr.

Óbreytt.

4. gr.

5. Við 1. Fyrir »52000—49000—101000« komi:
52000—49500—101500.
Aftan við liðinn komi:
Af eftirstöðvum símaláns Búðahrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.

6. — 5. Fyrir »10000—10000—20000« komi:
15000—15000—30000.

7. — 6. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samk. l. nr. 50 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða
10000—14000—24000.

5. gr.

8. Við 1. Aftan við liðinn bætist:
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.

6. gr.

Óbreytt.

7. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 8.—19. gr.

8. gr.

Óbreytt.

9. gr.

9. Við 6. Fyrir »5000—5000—10000« komi:
5500—5500—11000.

10. gr.

10. Greinin orðist svo:
Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

11. Við B. 1. Liðurinn orðist svo:
Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:

a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450— 450
b. Til pappírs og prentunar	6000—6000
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1200—1200
d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að...	500

12. — B. 2. Liðurinn orðist svo:

a. Laun hagstofustjóra	3000—3000
b. — aðstoðarmanns	2500—2500
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3500—3500
d. Prentun eyðublaða	1000—1000
e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800— 800
f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður.....	800— 800
g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að.....	1000

13. — B. 3. Liðurinn orðist svo:

a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.	6000—6000
b. Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti og samtöl ...	8000—8000

14. — B. 5. Fyrir »2500—2500« komi:
2000—2000.

15. — B. 7. Liðurinn orðist svo:
Fyrir »7000—7000« komi:
8000—8000
gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.

16. — B. 11. Aftan við liðinn bætist:
og Rangárvallasýslu.
Fyrir »675—.....« komi:
1000—.....

12. gr.

17. Brtt. 382.
Við 2. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Styrkur til Miklaholtshrepps, Eyjahrepps og Kolbeinsstaðahrepps í Hnappadalssýslu til þess að leita sjer læknis... ... ... 300 — 300
Styrkurinn greiðist hreppsnefndum hlutaðeigandi hreppa í hlutfalli við fólksfjölda.

18. Brtt. 393.
Við 5. Á eftir þeim lið komi þessir nýir liðir:
6. Styrkur til Saurbæjarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknishjálpar . ... 400 — 400
7. Styrkur til Skarðsstrandarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknishjálpar ... ... 400 — 400
8. Styrkur til Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu til að leita sjer læknis. ... ... 400 — 400

19. Brtt. 333.
Við 5. Á eftir þeim lið komi tveir nýir liðir:
1. Styrkur til Kjósarhrepps í Kjósarsýslu til að leita sjer læknis ... ... 200 — 200
Styrkurinn greiðist hreppsnefnd Kjósarhrepps.
2. Styrkur til Þingvallahrepps í Árnessýslu til þess að leita sjer læknis ... ... 150 — 150
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Þingvallahreppi.
Liðatalan breytist eftir þessu.

20. Brtt. 350, 1.
Við Brtt. 338, 17:
Fyrir »alt að 5000—.....« komi:
alt að . ... 3500—.....

21. Brtt. 338, 17.
Við 8. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að ... ... 5000—.....

22. Brtt. 390.
Við 8. Á eftir 8. tölulið komi nýr liður:
Styrkur til Magnúsar smáskamtalæknis Guðlaugssonar á Bjarnastöðum til lækninga ... ... 500 — 500

23. Brtt. 338, 18.
Við 9. 7. Fyrir »1200—1200« komi:
1500—1200.

24. Brtt. 350, 2.
Við Brtt. 338, 19.
Fyrir »..... geðveikrahælið 5000—3500« komi:
5000—5000.

25. Brtt. 338, 19.
Við 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið ... ... 5000—3500

26. Brtt. 338, 20.
Við 11. Fyrir »25000—25000—50000« komi:
35000—35000—70000.

27. Brtt. 338, 21.
Við 11. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum 5000—.....

28. Brtt. 338, 22.
Við 12. h. Aftan við liðinn bætist:
alt að.
Fyrir »500« komi:
800.

29. Brtt. 348.
Við 12. h. komi nýr liður:
Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn .. .. 400 — 400

13. gr.

30. Brtt. 338, 23.
Við B. I. 1. c. Aftan við liðinn bætist:
eftir reikningi alt að.

31. Brtt. 338, 24.
Við B. I. 3. Fyrir »700—700« komi:
900—700.

32. Brtt. 338, 25.
Við B. II. 3. Fyrir »10000—10000« komi:
..... 10000.

33. Brtt. 338, 26.
Við B. III. 1. Fyrir »8000—8000« komi:
8000 .....

34. Brtt. 338, 27.
Við B. III. 5. Liðurinn falli burt.

35. Brtt. 422.
Við B. III. 5. Á eftir þeim lið komi nýr liður sem verði 6. liður þannig:
Brú á Eyjafjarðará ... ... 75000—.....

36. Brtt. 410.
Við B. III. 6. Þar á eftir komi nýr liður:
Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi 78000—.....
Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má fresta framkvæmdum verksins.

37. Brtt. 338, 28.
Við B. III. 8. Fyrir »32000—32000« komi:
16000—16000.

38. 338, 29.
Við B. VI. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er Stjórnarráðið setur í reglugerð.

39. Brtt. 338, 30.
Við B. VI. Á eftir liðnum komi:
VII. Til brúar á Austur-ós Hjeraðsvatna, alt að ... ... 25000—.....
gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.

40. Brtt. 406.
Við Brtt. 338, 30. VIII. Í stað »7000« komi:
..... — 8500.

41. Brtt. 338, 30.
Við B. VI. Á eftir liðnum komi:
VIII. Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi ... ... —7000
gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.

42. Brtt. 423.
Við B. VI. Á eftir þeim lið komi:
a. Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... — 1000—.....
þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.
b. Til brúar á Hörgá innan við Myrká alt að ... ... — 800—.....
þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.

43. Brtt. 338, 31.
Við B. VIII. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju ... ... — .....— 800
gegn því er tilvantar annarsstaðar frá.

44. Brtt. 391.
Við B. VIII. komi:
IX. Brú á Ljá (endurveiting) ... ... — 3000—.....
X. Brú á Kjallaksstaðaá ... ... — .....—7000

45. Brtt. 408.
Við B. VIII. Á eftir þeim lið bætist við nýr liður:
Til steinsteypubrúar á Hamarsá á Vatnsnesi, gegn því að það sem á vantar komi annarstaðar frá, og þó ekki meira en 1/4 kostnaðar alt að ... ... — 1200—.....

46. Brtt. 335, 1.
Við C. I. Fyrir »60,000 — 77,300 komi:
77,300 — 77,300.

47. Brtt. 392.
Við C. III 2. Í stað 9000 komi:
12000.
Svo hár skal styrkurinn, ef báturinn verður eign hjeraðanna við Breiðafjörð. Ef þau kaupa nú bát, veitir þingið þeim 10000 króna styrk til kaupanna.

48. Brtt. 443, 1.

Við C. III. 4. Aftan við töluliðinn bætist svohljóðandi athugasemd:

Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.

49. Brtt. 443, 2.

Við C. III. 5. a. Aftan við töluliðinn komi svohljóðandi athugasemd:

Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr. en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.

50. Brtt. 420.

Við C. III. 9. Fyrir »400« komi:

800.

51. Brtt. 448.

Eftir C. III. 10 komi:

Greiðsla styrksins til strandferðabáta er bundin því skilyrði, að þeir bátar, sem hafa fasta ferðaáætlun, og sem halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar hver strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

52. Brtt. 435, 2.

Við C. III. Liðurinn orðist svo:

1. Til Faxaflóabáts	10000 kr.
2. Til Breiðafjarðarbáts (eða báta)	7000 —
3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi	5000 —
4. Til bátaferða á Eyjafirði	3500 —
5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:	
a. Milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar	5000 —
b. Milli Vestmannaeyja og Rangársands	1200 —
6. Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði	300 —
7. Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar	400 —
8. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti	300 —
9. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu	400 —

10. Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands ... 300 —

53. Brtt. 427.
Við D. III. Liðurinn falli burt.

54. Brtt. 394.
Við D. III. Fyrir »28500—50000« komi: 49500—50000.

55. Brtt. 338, 32.
Við D. III. Aftan við liðinn bætist:
enda sje gætt skilyrða laganna um fjárframlög hjeraðanna.
Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum að nokkru eða öllu leyti og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.

56. Brtt. 338, 33.
Við D. IV. 4. Fyrir »19720—21820« komi: 21120—21820.

57. Brtt. 338, 34.
Við D. IV. 8. Fyrir »3300—3420« komi: 3300—3820.

58. Brtt. 338, 35.
Við D. IV. Á eftir liðnum komi:
Viðgerð og endurbætur á bæjarsímakerfi Akureyrar, alt að .. .. 9000—.....
Til þess að kaupa peningaskápa handa 6 símastöðvum . ... 1200—.....

59. Brtt. 338, 36.
Við E. I. a. Fyrir »laun umsjónarmanns 4000—4000« komi:
1. Laun umsjónarmanns ... ... 3600—3600
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi umsjónarmanns ... ... 400— 400

60. Brtt. 338, 37.
Við E. I. b. Aftan við liðinn bætist:
Hann sje jafnframt skyldur að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.

61. Brtt. 338, 38.
Við E. I. c. Fyrir »800—800« komi: 800—700.

62. Brtt. 338, 39.

Við E. II. og III. Liðirnir falli burtu, en í stað þeirra komi nýr liður:

II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:

1. Svörtulofta- og Öndverðanessvitar:		
a. Laun vitavarðar ...	...	400—400
b. Reksturskostnaður	...	500—500
2. Elliðaeyjarviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	400—400
b. Reksturskostnaður	...	400—400
3. Bjargtangaviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	200—200
b. Reksturskostnaður	...	350—350
4. Arnarnessviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	500—500
b. Reksturskostnaður	...	400—500
5. Straumnessviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	100—200
b. Reksturskostnaður	...	» —400
6. Grímseyjar- og Malarhornsvitar:		
a. Laun vitavarðar ...	...	250—250
b. Reksturskostnaðar	...	500—500
7. Hólmavíkurviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	100—100
b. Reksturskostnaður	...	150—150
8. Kálfshamarnessviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	100—100
b. Reksturskostnaður	...	200—200
9. Skagatáarviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	150—150
b. Reksturskostnaður	...	400—400
10. Siglunessviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	900—900
b. Reksturskostnaðnr	...	500—500
11. Flateyjarviti:		
a. Laun vitavarðar ...	...	150—150
b. Reksturskostnaður	...	400—400

12. Rifstangaviti:
    a. Laun vitavarðar ... .. 200—200
    b. Reksturskostnaður ... 300—300

13. Langanessviti:
    a. Laun vitavarðar ... .. 250—250
    b. Reksturskostnaður ... 200—200

14. Dalatangaviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 600—600
    b. Reksturskostnaður ... 600—600

15. Vattarnessviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 100—100
    b. Reksturskostnaður ... 200—200

16. Ingólfshöfðaviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 200—200
    b. Reksturskostnaður ... 400—400

17. Dyrhólaviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 200—200
    b. Reksturskostnaður ... 400—400

18. Vestmannaeyjaviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 700—700
    b. Reksturskostnaður ... 500—500

19. Reykjanessviti:
    a. Laun vitavarðar 1500-1500
    b. Reksturskostnaður ... 1600-1600

20. Garðskagaviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 600—600
    b. Reksturskostnaður ... 750—750

21. Gróttuviti:
    a. Laun vitavarðar ... ... 500—500
    b. Reksturkostnaður... ... 450—450

22. Styrkur til að halda uppi leiðarljósi á Gerðatanga ... 100—100

17400—17900

63. Brtt. 383.
Við E. II.: Á eftir 22. lið komi nýr liður (23.):
Styrkur til að halda uppi leiðarljósum á Svartatanga við Stykkishólm ... ... 100 — 100

64. Brtt. 338, 40.
Við E. IV. Liðirnir a, b, d og e falli burtu.

65. Brtt. 338, 41.
Við E. VI. Fyrir »2000—2000« komi:
1500—1500.

14. gr.

66. Brtt. 338, 42.
Við A. b. 2. Fyrir »3500—3500« komi:
4000—3500.

67. Brtt. 338, 43.
Við A. b. 3. Fyrir »4000—4000« komi:
5000—5000.

68. Brtt. 338, 44.
Við A. b. 6. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Álag á Stafafellskirkju ... ... 600 —.....

69. Brtt. 415, 1.
Við A. b. 6. komi nýr liður:
Til sjera Björns Stefánssonar, til húsabóta á Bergsstöðum í Svartárdal, gegn því að Stjórnarráðið samþykki áætlun og uppdrætti, alt að 1200—.....

70. Brtt. 338, 45.
Við B. I. a. Fyrir »40000—40000« komi:
40600—41000.

71. Brtt. 338, 46.
Við B. I. d. 1. Fyrir »2000—2000« komi:
1800—1800.

72. Brtt. 395.
Við B. I. d. 2. Fyrir »1000« komi:
2000.

73. Brtt. 338, 47.
Við B. I. e. Fyrir »2500—2500« komi:
2000—2000.

74. Brtt. 338, 48.
Við B. II. b. Á eftir »Aðstoðarfje« komi:
Til söngkennara 600.

75. Brtt. 338, 49.
Við B. II. c. Liðurinn falli burtu.

76. Brtt. 338, 50.
Við B. II. d. 2. Fyrir »1500—1500« komi:
1700—1700.

77. Brtt. 338, 51.
Við B. III. b. 1. Fyrir »2000—2000« komi:
2200—2200.
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til Lárusar Rist.

78. Brtt. 338, 52.
Við B. IV. b. 8. Liðurinn falli burt.

79. Brtt. 338, 53.
Við B. V. b. 1. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að semja og gefa út kenslubók í siglingafræði á íslensku, 45 kr. fyrir örkina, alt að ... ... 900—.....

80. Brtt. 338, 54.
Við B. VI. 1. c. Liðurinn orðist svo:
Til smíða- og dráttlistarkenslu ... ... 800 — 800

81. Brtt. 338, 55.
Við B. IX. Við liðinn bætast tveir nýir undirliðir:
2. Til Jónínu Sigurðardóttur Líndal til húsmæðrakenslu á Akuryyri ... ... 1000—1000
3. Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka... 200— 200

82. Brtt. 407.
Við B. IX. Aftan við liðinn bætist nýr liður þannig:
Styrkur til byggingar húsmæðraskóla á Akureyri... ... ... 5000—5000
gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar að.

83. Brtt. 338, 56.
Við B. XI. 1. Fyrir »6700—6700« komi:
7000—7000.

84. Brtt. 415, 2.
Við B. XI. 4: Í stað 3600—3600 komi:
3800—3800.

85. Brtt. 338, 57.
Við B. XII. 3. Liðurinn falli burt.

86. Brtt. 338, 58.
Við B. XII. 6. Liðurinn orðist svo:
a. Til framhaldskenslu handa kennurum 1500—1500
b. Utanfararstyrkur handa barnaskólakennurum .. .. 1000—1000

87. Brtt. 428.
Við B. XIII. a. Í stað »14000—14000« komi:
14500—14500.

88. Brtt. 338, 59.
Við B. XIII. a. Orðin aftast í athugasemdinni við liðinn: »Lýðskólanum á Hvítárbakka.....þó ekki yfir 600 kr.«, falli burt, en í þeirra stað komi:
Af upphæðinni skal þó veita skólunum á Hvítárbakka, Núpi, (í Dýraf.), Ísafirði og Seyðisfirði, 1500 kr. hverjum á ári, ef þeir fullnægja áskildum skilyrðum. Auk þess má veita Hvítárbakkaskóla og Núpskóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er allan kenslutímann, þó ekki yfir 600 kr. þeim fyrnefnda og ekki yfir 400 kr. þeim síðarnefnda.

89. Brtt. 338, 60.
Við B. XVII. a. Fyrir »300—300« komi:
1200—1200.

90. Brtt. 338, 61.
Við B. XVII. d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Utanfararstyrkur til sama til þess að kynna sjer úti-íþróttir... ... ... 500—.....

15. gr.

91. Brtt. 338, 62.
Við 1. g. Fyrir »2000—2000« komi:
2400—2400.

92. Brtt. 338, 63.
Við 2. f. Fyrir »1500—1500« komi:
1000—1000.

93. Brtt. 338, 64.
Við 3. f. Liðurinn falli burt.

94. Brtt. 338, 65.
Við 14. Liðurinn falli burt.

95. Brtt. 399.
Eftir 16. tölulið komi nýr liður:
Til Alexanders Jóhannessonar til þess að halda fyrirlestra og æfingar í háskólanum kensluárið 1915—1916 um nýjustu uppgötvanir í hljóðfræði, í þýskri tungu og bókmentum, og í gotnesku ... . 1000—.....

96. Brtt. 338, 66.
Við 18. Fyrir »14000—14000« komi:
9000—9000.

97. Brtt. 338, 67.
Við 19. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til byggingar yfir listaverk Einars Jónssonar, alt að ... ... 10000—.....

98. Brtt. 338, 68. a.
Við 20. Á eftir liðnum komi:
Til Steingríms Jónssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... ... 800—.....

99. Brtt. 338, 68. b.
Við 20. Komi nýr liður:
Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til framhalds málfræðisnámi við Kaupmannahafnarháskóla... .. 600 — 600

100. Brtt. 338, 68. c.
Við 20. Komi nýr liður:
Til Vilhelms Jakobssonar til þess að fullnuma sig í hraðritun .. .. 800—.....

101. Brtt. 433. Við 20.
Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Einars Hjaltested til þess að ljúka námi í sönglist.. 3000—.....

102. Brtt. 338, 69.
Við 24. Aftan við liðinn bætist:
»enda sje handritið eign landsins að honum látnum«.

103. Brtt. 417.
Eftir 24. lið komi nýr liður:
Til Boga Th. Melsteds til að rita Íslendingasögu ... ... 800 — 800

104. Brtt. 338, 70.
Við 24. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Jóhanns Kristjánssonar til þess að rannsaka meðferð á guðsþakkafje, gjöfum og sjóðum, og semja skýrslu um það ... ... 600 — 600

105. Brtt. 416.
Við 25. Liðurinn falli burt, en í staðinn komi:
Til dr. Guðm. Finnbogasonar til rannsókna og tilrauna til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu 3000—3000

106. Brtt. 338, 71.
Við 25. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til próf. Ágústs H. Bjarnason, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«, 50 kr. fyrir örkina, alt að ... . 600 — 600

107. Brtt. 338, 72.
Við 29. Fyrir »1000 — 1000« komi:
1800 — 1800.

108. Brtt. 338, 73.
Við 34. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi... ... ... 1000 — 1000

16. gr.

109. Brtt. 338, 74.
Við 1. Fyrir »54,000 — 54,000« komi:
56,000 — 56,000.

110. Brtt. 347.
Við Brtt. 338, 75. Fyrir »Liðurinn falli burt« komi:
Til búnaðarfjelaga... ... ...—20000

111. Brtt. 338, 75.
Við 2. Liðurinn falli burt.

112. Brtt. 338, 76.
Við 3. b. Liðurinn orðist svo:
Til áveitunnar á Miklavatnsmýri ... ... 13000—.....
Upphæð þessi komi eigi til útborgunar nema landsverkfræðingurinn hafi lagt fram yfirlýsingu um, að nægilegt vatn fyrir áveitusvæðið fáist, svo að tilraunin með jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

113. Brtt. 338, 77.
Við 3. b. Á eftir liðnum komi nýr liður:
c. Til byrjunar framkvæmda til þess að afstýra vatna-ágangi af Þverá ... ...—15000

114. Brtt. 378.
4. liður falli burt.

115. Brtt. 338, 78.
Við 6. b. Fyrir »12000 — 12000« komi:
10000 — 10000.

116. Brtt. 338, 79.
Við 7. d. Á eftir liðnum komi nýr liður:
e. (Endurveiting). Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að... ... . 900 —.....

117. Brtt. 338, 80.
Við 9. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:
b. Til gerlarannsókna:
1. Laun 1500—1500.
2. Til áhaldakaupa 690—.....

118. Brtt. 430.
Við 12. a. Í staðinn fyrir »1,000« komi:
1,500.

119. Brtt. 338, 81.
Við 12. a. Fyrir »1,000« komi:
1,200.

120. Brtt. 338, 82.
Við 13. Liðurinn orðist svo:
Til þess að styrkja efnilega menn til verklegs náms erlendis ... ... 4000—4000

121. Brtt. 338, 83.
Við 16. Liðurinn orðist svo:
Til Fiskifjelags Íslands ... ...18000—18000

122. Brtt. 338, 84.
Við 16. Á eftir liðnum komi þessir liðir:
a. Til sama fjelags handa erindreka erlendis 4000—4000.

b. Til sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námsskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga ... ... 1000—1000 gegn að minsta kosti 500 kr. tillagi annarsstaðar frá.

123. Brtt. 425.
Við 19. Liðurinn orðist svo:
a. Til leiðbeiningar í ullarverkun og til aðstoðar til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd ... ... 800 — 800
b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að ... 400 — 400
c. Laun 4 ullarmatsmanna ... ... 1600—1600
d. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að... ... 600 — 600

124. Brtt. 456.
Við 19. Liðurinn orðist svo:
a. Til leiðbeiningar í ullarverkun og til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd ... 1200—.....
b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að .. 400 —.....
c. Laun 4 ullarmatsmanna ... ... 1600—1600
d. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að ... 800 — 800

125. Brtt. 338, 85.
Við 19. Liðurinn falli burtu, en í hans stað komi:
19. a. Laun handa 4 ullarmatsmönnum... ... 1600—1600
b. Ferðakostnaður eftir reikningi, alt að... 800 — 800

126. Brtt. 338, 86.
Við 20. Fyrir »500—500« komi:
1000—1000.

127. Brtt. 338, 87.
Við 22. Fyrir »1500—1500« komi:
2500—2500.

128. Brtt. 338, 88.
Við 24. Fyrir »300—300« komi:
100—100.

129. Brtt. 338,89.
Við 25. a. Fyrir »600—600« komi:
900—900.

130. Brtt. 413.
Við 29. Liðurinn falli burt.

131. Brtt. 432.
Við 29. Í stað 10000—10000 komi:
15000—15000.

132. Brtt. 426.
Eftir 29 komi:
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns.

133. Brtt. 338, 90.
Við 29. Liðurinn orðist svo:
Til framhalds brimbrjótnum í Bolungarvíkurverslunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu... ... ...10000—10000
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og að lögð sje fram eigi minni upphæð annarsstaðar frá.

134. Brtt. 338, 91 a.
Við 29. Á eftir liðnum komi:
Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni ... ...—5000
gegn því að hjeraðsbúar leggi fram það sem til vantar.

135. Brtt. 338, 91 b.
Eftir 29 komi:
(Endurveiting). Til bryggjugerðar á Sauðárkróki þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... 6000—.....
Hreppsnefnd Sauðárkróks veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.

136. Brtt. 338, 91, b. b.
Eftir 29 komi:
Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir helming kostnaðar ... ...—5000
gegn því sem til vantar annarsstaðar frá. Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi og sje bryggjan til almenningsnota undir eftirliti sýslunefndar.

137. Brtt. 373.
Við 338, 91 c.
Fyrir »5000 kr. síðara árið« komi:
5000—.....

138. Brtt. 338, 91 c.
Eftir 29 komi:
Til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness (í Mýrasýslu) og Skógarness (í Hnappadalssýslu) og á höfnum beggja staðanna . .. .—5000

139. Brtt. 409.
Eftir 29 bætist við nýr liður:
Til bátabrygggju á Blönduósi $^1/_3$ kostnaðar, alt að 7500—.....

140. Brtt. 436.
Við 29. Á eftir þeim lið komi tveir nýir liðir:
a. Til bryggjugerðar í Búðardal, alt að ... ... 2000—.....
b. Til bryggjugerðar á Salthólmavík ... . 500—.....
gegn jafnmiklu annarsstaðar að.

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.

141. Brtt. 338, 92.
Orðin: »til Gísla pósts Einarssonar 200 kr.« og »til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal 1500 kr.« falli burt.

142. Brtt. 338, 93.
Á eftir »til sjera Matthíasar Jochumssonar 2400 kr.« komi:
viðbót við eftirlaun fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal 250 kr.

143. Brtt. 338, 94.
Á eftir »viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur 300 kr.« komi:
viðbót við eftirlaun prestsekkju Ástu Þórarinsdóttur kr. 129,94; til Guðlaugar Sakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar, 360 kr.; til Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar, 200 kr.

144. Brtt. 338, 95.
Á eftir »til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.« komi:
til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.; til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.; til sjómanns Eggerts Brandssonar 150 kr.

145. Brtt. 338, 96.
Aftan við greinina komi:
Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr. og eftirlaun Björns læknis Blöndal 750 kr. hvorttveggja frá 1. jan. 1916 að telja.

19. gr.
Óbreytt.

20. gr.
Samkvæmt atkvæðagreiðslu um 8.—19. gr.

21. gr.

146. Brtt. 338, 97.
Fyrir »Til útlána úr viðlagasjóði veitast« komi:
Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni.

147. Brtt. 338, 98.
Fyrir »4½%« í 1., 2. og 4. lið og »4%« í 3. lið komi:
5%.

148. Brtt. 404.
Við Brtt. 338, 99. tölulið a. Fyrir orðin »gegn ábyrgð sýslufjelagsins« komi:
gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

149. Brtt. 338, 99. a.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána Davíð Stefánssyni í Fornahvammi alt að 2000 kr. til húsabygginga á jörðinni, gegn ábyrgð sýslufjelagsins lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

150. Brtt. 338, 99. b.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni prentmyndasmið 5000 kr. til þess að setja á stofn prentmyndasmíðastofu, gegn tryggingu, sem landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

151. Brtt. 338, 99. c.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána Guðm. T. Hallgrímssyni lækni 2500 kr. til húsabyggingar á Siglufirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

152. Brtt. 405.
Við Brtt. 338, 99. d. Fyrir »3000 kr.« komi:
6000 kr.

153. Brtt. 338, 99. d.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu 3000 kr. til þess að kaupa bústað handa hjeraðslækni. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

154. Brtt. 338, 99. e.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána Húsavíkurhreppi 20000 kr. til þess að raflýsa Húsavíkurkauptún, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

155. Brtt. 338, 99. f.
Eftir 4. komi:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, 50,000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. — Lánið ávaxtist með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

156. Brtt. 338, 100. 1.
Á eftir greininni komi:
Landsstjórninni heimilast að kaupa Melkotslóð (milli ráðherrabústaðarins og Suðurgötu) fyrir alt að kr. 1,50 hverja feralin.

157. Brtt. 338, 100. 2.
Á eftir greininni komi:
Landsstjórninni heimilast að kaupa Landsbankarústina ásamt brunabótaupphæð hennar fyrir virðingarverð til brunabóta og lóðina, sem húsinu fylgir eftir mati dómkvaddra manna. Kaupverðið greiðist þannig: Landsbankinn fái upp í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð í Arnarhólstúni, eftir virðingu; afgangurinn greiðist með skuldabrjefi.

158. Brtt. 338, 100, 3.

Á eftir greininni komi:

Landsstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á tveim lánum úr viðlagasjóði til verksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri, hinu fyrra, að upphæð 50,000 kr. veittu 1908, hinu síðara 60,000 kr., veittu 1912, að bæði lánin greiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum, frá 1918 að telja.

159. Brtt. 338, 100, 4.

Á eftir greininni komi:

Landsstjórninni heimilast að taka alt að 65,000 kr. lán til þess að breyta bæjarsíma Reykjavíkur í »kvart-automatisk central«, svo framarlega sem lánið fæst með sæmilegum kjörum.

160. Brtt. 338, 100. 5.

Á eftir greininni komi:

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess, að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. eftirlaun á ári, í 2 ár, frá 1. nóv. þ. á. að telja.

Nd. **481. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67 frá 22. nóv. 1913.

Frá minni hluta Sjávarútvegsnefndarinnar.

Lögin frá 22. nóv. 1913, friðuðu hvali frá 1. okt. 1915 til 1. jan. 1925.

Með frumvarpi því, er liggur hjer fyrir, ásamt breytingartillögum meiri hlutans, er hvalveiðafjelaginu á Hesteyri heimilað að veiða hvali í kringum alt Ísland í 3 ár, þó þannig, að aðeins 2 hvalveiðabátar sjeu brúkaðir við veiðarnar.

Meiri hlutinn kemst svo að orði, að eina skynsamlega ástæðan til að friða hvali, sje fólgin í því að þeim muni fjölga, og Íslendingar gæti þá sjálfir rekið veiðarnar.

Minni hlutinn er sammála meiri hlutanum um það, að þegar hvalnum fjölgar, munu hvalveiðar verða arðsöm atvinnugrein. Enda þarf ekki annað en aðgæta veiði Hesteyrarfjelagsins í ár. Fyrir 3 dögum síðan hafði fjelagið veitt 40 hvali með 4 bátum, og má ætla, að fjelagið muni þegar hafa grætt í ár tugi þúsunda, þegar miðað er við það verð, sem nú er á lýsi. Þess má og geta í þessu sambandi, að árið 1897 lagði einn Grænlandshvalur sig á 47,000 kr., og komið hefir það fyrir, að hvalir hafa verið yfir 100,000 kr. virði.

Minni hlutanum virðist öll ástæða til þess að geyma þennan höfuðstól — hvalina — landinu. Því varla verður svo á litið, sem landið í heild sinni hafi mikinn ágóða af hvalveiðunum, þótt 2 hreppar landsins, um 500 manns, fái hvalkjöt gefins og útsvar sem nemur 8—900 krónum á ári.

Ein af ástæðunum fyrir því, að hvalurinn var friðaður 1913, var sú, að menn óttuðust, að honum yrði útrýmt við strendur Íslands. Meiri hlutinn ætlar að ekki muni það draga úr fjölguninni, þótt eitt fjelag megi veiða þá með 2 bátum. En á þetta má benda, að nú þegar eru veiddir 40 hvalir, og enn eru margar vikur eftir af veiðitímanum. 2 bátar geta á 3 árum drepið mörg hundruð hvali, geta upprætt hvalinn við landið, og það þykir of mikið í sölurnar lagt, vegna 2 hreppa.

Því svo er heldur ekki, að eina ástæðan fyrir friðun hvala sje sú, að Íslendingar geti síðar meir veitt þá. Háttvirtur meiri hluti hefir látið sjer nægja, að skrifa nokkurra lína nefndarálit um þetta mál. En þessu máli er tekið með meiri alvöru í nágrannalandi voru, Noregi. Aðal-umsjónarmaður fiskiveiða Norðmanna, dr. Hjort, ritaði 1912 bók um hvalveiðar. Hann var yfirleitt á máli hvalveiðamanna, en þó viðurkennir hann, að staðhættir geti verið þannig, að síld hrökkvi fyrir hvölum á land. Minni hlutinn vill benda á það, að á Austfjörðum er landi þannig varið, að djúpir og langir firðir skerast inn í landið, t. d. Reyðarfjörður 70—30 faðma djúpur. Síldin hefir stundum vikum saman legið í dýpinu, þangað til einn eða fleiri hvalir hafa af tilviljun komið inn í fjörðinn. Þá hefir síldin hrokkið upp að landinu og lásar og nætur fylst af síld, en slíkur afli er tugum þúsunda króna virði, og má ekki bera saman við hvalkjöt fyrir nokkra bæi.

Enn má benda á, að fiskifræðingurinn prófessor Sars, rannsakaði hvalafriðunarmálið, árin 1874 og 1879, og skrifaði hann 1879 norsku stjórninni um loðnuveiðina á þá leið, að varhugavert væri að eyðileggja hvalinn, og árið 1888 leggur hann eindregið til að hann sje friðaður.

7. janúar 1904 friðuðu Norðmenn hvali í Norlands, -Tromsö- og Finmarksömtum, og hafa þau friðunarlög verið framlengd.

Minni hlutinn hefir drepið á framangreind atriði, til þess að sýna fram á, hve nágrönnum vorum, Norðmönnum, er ant um hvalafriðunina, og í von um að háttv. deild athugi, að ef frumvarp þetta verður samþykt, eru í raun og veru hvalafriðunarlögin frá 1913 upphafin. Því 2 hvalveiðabátar munu að líkindum geta upprætt og flæmt í burtu hvalina í námunda við Ísland. Þeir munu sífelt vera á veiðum, en láta önnur skip draga hvalina inn á heimastöðina.

Þá vill og nefndin að lokum benda á það, að ekki mun vera unt að neita öðrum hvalveiðamönnum, sem hjer eiga stöðvar, að reka veiðar í næstu 3 ár, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Alþingi 21. ágúst 1915.

G. Eggerz, framsögum. minni hl.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Þórarinn Benediktsson.

Nd. **482. Nefndarálit**

um tvö frumvörp um breyting á lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóv. 1907. (Þgsk. 165 og 166).

Frá meiri hlutanum.

Frumvarpið á þingskjali 165 skiftir Grundarþingum í Eyjafjarðarprófastsdæmi í tvö prestaköll, Grundarþinga og Saurbæjar.

Hitt frumvarpið á þingskjali 166 er um sundurskifting Staðastaðarprestakalls í Snæfellsnessprófastsdæmi. Þetta nýja kall á að heita Miklaholtsprestakall. En auk Miklaholts- og Rauðamelssókna, er taka á frá Staðastað, er bætt við Kolbeinsstaðasóknum, er nú heyra til Staðarhrauni.

Hjer á því að bæta við tveim nýjum prestaköllum, einu í hvoru prófastsdæmi, án tillits til þess, hvort ástæða muni vera til að breyta prestakallaskipun annarsstaðar á landinu. Þetta er alveg rangt. Hjer á enga breytingu að gera, nema gagngerð endurskoðun sje gerð um land alt.

Og þó að við segjum ekkert um kirkjurækni eða trúarþörf fólks í sóknum þeim, sem hjer er um að ræða, þá er það allfjarstætt að fjölga prestaembættum í landinu, meðan prestastjettin er í vandræðum með að fá fólkið til að hlusta á sig í kirkjunum út um landið. Skifting prestakallanna rýrir líka tekjur prestanna og dregur huga þeirra að veraldlegum hlutum. Ekki bætir það úr trúarþörf manna. Og ekki fylgjast klerkar betur með nje verða áhugasamari um trúmál fyrir það.

Í lögunum 16. nóv. 1907 eru prestaköll ákveðin 105 á landinu. Sama ár er landinu skift í 43 læknahjeruð. Allir viðurkenna læknaþörfina. Og þó er ekki talið ráðlegt að fjölga læknahjeruðum að miklum mun. Launin eru ekki há. Aukatekjur lækna þurfa að vera miklar, til þess að þeir verði efnalega sjálfstæðir og geti bæði keypt ýms fræðirit um nýjungar í læknisfræði, til að geta fylgst vel með, og aflað sér annars þess, er þeir þurfa nauðsynlega á að halda til að geta rækt vel embætti sitt og fullnægt kröfum og þörfum almennings. Enda er það svo með alla nýta lækna, að þeir eru sístarfandi og eru einhverjir allra gagnlegustu menn þjóðarinnar.

Og prestarnir hljóta að verða áhugasamari og duglegri, ef þeir þjóna stórum söfnuði. Það er að ala upp í mönnum deyfð og drunga, að láta þá hafa lítið dagsverk að vinna.

Þessi mikli munur á læknum og prestum sýnir best, hve fjarstætt er að fara fram á fjölgun prestakalla. Og þó að einstakir söfnuðir óski prestafjölgunar af einhverjum misskilningi, getur þingið ekki hlaupið eftir því.

Þá mælir það ekki með fjölgun prestakalla, að sum prestssetrin út um landið eru að lenda í algerða niðurníðslu. Það er sárt að sjá bestu jarðirnar í sveitunum algerlega vanræktar. Ef trygg ábúð yrði á jörðunum fyrir bændur, þegar prestarnir hafa ekki dug til að nota þær, eða flytja brauð úr brauði, og jarðirnar eru í þessu alkunna og illræmda millibilsástandi, þá mundi garðurinn verða betur setinn. En hjer er ekki hægt um vik undir þeirri löggjöf og venjum, sem nú gilda um kirkjuna.

Hjer þyrfti gagngerða breytingu. Er það skoðun vor, að það eina rétta væri, að aðskilja ríkið og kirkjuna. En vegna þess, hve liðið er á þingtímann, sjáum vjer oss ekki fært að koma nú með tillögur, er lúta að undirbúningi þessarar gagngerðu og sjálfsögðu breytingar.

Við erum algerlega á móti öllum kákbreytingum.

Að svo mæltu leggjum við til, að frumvörpin á þingskjali 165 og 166 verði bæði feld.

Neðri deild Alþingis, 16. ágúst 1915.

Jón Jónsson skrifari. Benedikt Sveinsson. Sigurður Sigurðsson.

Frá minni hlutanum:

Frumvörp þessi (á þingskj. 165 og 166) eru að því leyti samskonar, að bæði gera ráð fyrir að skifting fari fram á hvoru prestakallinu fyrir sig.

Það er fyrir löngu kunnugt orðið, að lög þessi hafa valdið mjög mikilli óánægju í ýmsum bygðarlögum, og óskir verið sendar til Alþingis um breytingar, enda er það ekkert undarlegt þegar litið er til þess, að það sem aðallega vakti fyrir þinginu 1907, er lögin voru samþykt, var það að bæta kjör presta án þess þó að það yrði á kostnað landssjóðs, að nokkru verulegu. Gekk þingið svo langt að þessu leyti, að það fækkaði um sjö prestaköll fram yfir það, sem kirkjumálanefndin hafði lagt til, og hafði hún þó gengið fulllangt í því efni. Þessar mjög svo miklu samsteypur brauðanna eru því á mörgum stöðum gjörðar þvert á móti óskum safnaða og hjeraðsfunda, og þess vegna öldungis eðlilegt að þessi ónærgætni löggjafarvaldsins hafi óheppilegar afleiðingar.

Hvað frumvarpinu (á þingskj. 165) viðvíkur, þá er sú sameining, er lögin gera ráð fyrir, enn ekki komin til framkvæmda að öðru leyti en því, að árið 1911 var Grundarþingaprestakall veitt með því skilyrði, að presturinn tæki við Saurbæjarprestakalli, þegar það losnaði. En þetta skilyrði er sett án þess nokkurt ákvæði sje um það, að Saurbæjarprestakalli veitist heimild til að taka þátt í prestskosningunni. Söfnuðurinn er því á þennan hátt sviftur lögákveðnum rjetti. Verður þetta því ósanngjarnara, sem það er meira á móti skapi safnaðarins að þessi prestaköll verði sameinuð. Í þessu efni má líkt segja um sameining prestakallanna á Snæfellsnesi (þingskj. 166).

Ástæður gegn sameiningu þessara prestakalla í Eyjafirði eru einkum þessar:

Að í hinu nýja prestakalli eru 7 kirkjur, sem söfnuðirnar hafa lýst yfir að þeir legðu ekki niður, og er þar af leiðandi sjáanlegt, hve afarsjaldan messur geta farið fram í hverri kirkju, þegar einnig er tekið tillit til þess, að veður banna mönnum alloft á vetrum messuferðir, og

að prestakallið er afarvíðlent — full þingmannaleið að lengd með 4 bygðum afdölum, sumum illum yfirferðar, og eftir öllu hjeraðinu rennur Eyjafjarðará, sem oft er illur farartálmi fyrir prest að sækja kirkjur sínar.

Að því er kemur til frumv. á þingskjali 166, skal það tekið fram, að þegar eftir að samsteypa Staðastaðar og Miklaholtsprestakalla var í lög leidd kom fram megn óánægja út af henni. Hafa nálega allir hjeraðsfundir í Snæfellsnessprófastsdæmi síðan, eftir óskum safnaðanna, haft málið til meðferðar, og í einu hljóði lagt á móti sameiningunni, og hverjum þingmanni kjördæmisins eftir annan, hefir verið falið, að koma því fram við Alþingi, að prestakallaskipunin að þessu leyti, yrði færð í gamla horfið, þótt þessari málaleitan hafi ekki verið sint enn. Mætti þó öllum, er athuga vilja, vera ljóst, að ofætlun er það hverjum presti, hversu samviskusamur og hraustur sem væri, að þjóna prestakalli, sem nú á frá Sölfahamri, vestur við Arnarstapa, suður að Haffjarðará í Kolbeinsstaðahreppi, og alla leið til fjalla upp í Hnappadalsbotn, með 5 kirkjum, og mörgum þverám, óbrúuðum, er oft valda miklum farartálma haust, vetur og vor, og bæjaröðin víða þri- og fjórsett.

Í garð safnaðanna er þessi tilhögun, er að framan hefir verið bent á, hið mesta ranglæti, er greiða verða sömu gjöld fyrir hálfu minni prestsþjónustu, bæði að því er kemur til messugerða og barnafræðslu, auk þess sem þeim verður miklum mun örðugra að ná til prests til aukaverka.

Við leggjum því til að frumvörp þessi verði samþykt óbreytt.

Alþingi 19. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Stefán Stefánsson Eyf., skrifari.

Ed. **483. Frumvarp**

til laga um líkbrenslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Líkbrensla skal leyfð hjer á landi í stofnunum, sem útbúnar eru til líkbrenslu á þann hátt sem Stjórnarráðið tekur gilt, með skilyrðum þeim, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Sjerhver karl eða kona, sem náð hefir 18 ára aldri, getur ákveðið, að lík sitt skuli brent, en ekki jarðsett; skal slíka ákvörðun gera skriflega, að viðstöddum tveim vitundarvottum. Á sama hátt geta foreldrar ákveðið, að lík barna sinna, sem eigi hafa náð 18 ára aldri, skuli brent en ekki jarðsett.

Nánasti vandamaður hins látna, er náð hefir 18 ára aldri, getur og gert samskonar ráðstöfun, þó eigi hafi hinn látni ákveðið að lík hans skyldi brent, svo framarlega sem ekkert af börnum hans mótmælir því.

3. gr.

Aður en lik geti orðið brent, skal, auk lögskipaðs dánarvottorðs, liggja fyrir yfirlýsing dánarvottorðsgefanda, eða læknis þess, sem stundað hefir hinn látna, um, að þeir álíti engan grun vera fyrir hendi um, að glæpsamlegt verk hafi valdið dauða hins látna. Vottorð þetta skal síðan sýna lögreglustjóra á andlátsstaðnum og hann rita á það, að ekkert sje því til fyrirstöðu af sinni hendi, að líkið verði brent.

4. gr.

Að lokinni brenslu skal jarðsetja öskuna í kirkjugarði, eða setja hana á aðra staði, sem sjerstaklega eru útbúnir til þess, eftir fyrirmælum Stjórnarráðsins.

5. gr.

Nánari ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma líkbrenslu, setur Stjórnarráðið með reglugjörð.

Ed. **484. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar.

2. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

3. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og Stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð Stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

7. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis Stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkaupstúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

10. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist Stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki Stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda Stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki Stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis Stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, en úrskurða af Stjórnarráðinu.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, er hreppsnefndin semur og Stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Ed. **485. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld (þingskjal 467).

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Aftan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 2. gr. svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.
Frumvarpsgreinin verði 1. gr.

Ed. **486. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Háttvirt neðri deild hefir samþykt frumvarpið eins og það var, er það var afgreitt hjeðan, aðeins hafa verið færðar til nokkrar greinar og vill nefndin fallast á þá breytingu, því hún telur hana til bóta.

Vjer ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 21. ágúst 1915.

Eiríkur Briem, form. Karl Einarsson, ritari og framsm. Hákon J. Kristófersson

Karl Finnbogason. Kristinn Daníelsson.

Ed. **487. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Háttv. neðri deild hefir lítið breytt þessu frumvarpi; aðalbreytingin er í því fólgin að skifta því í kafla og þá færa til hinar einstöku greinar, og má telja þetta til bóta. Láðst hefir að laga um leið tilvitnanir á einstöku stað; sbr. í 13., 15. og 16. gr.

Þá hefir verið felt úr skilyrðið um að hafa innborinna manna rjett til að geta fengið skipstjóraskírteini á þilskipi og í utanlandssiglingum. Þetta felst nefndin á, þar sem þetta er ekki yfirleitt skilyrði til að geta tekist á hendur opinbert starf eða embætti í landinu.

Einnig vill nefndin fallast á þá breytingu í 19. gr., að sjeu krafin vottorð samkvæmt 2. gr., af þeim, sem nú eru formenn á vjelbátum.

Aftur á móti getur nefndin ekki fallist á að sú breyting háttv. neðri deildar sje til bóta, að láta lögin ná til vjelbáta frá 4 tonn að stærð í stað 6 tonn eins og háttv. efri deild hafði samþykt. Vjer sjáum ekki þessa nauðsyn og viljum því leggja til að þessu verði breytt í sama horf og áður var.

Þá getur nefndin alls ekki felt sig við orðið »smálest« í stað »lest«;

það mun nú vera orðin málvenja að nota orðið »tonn« í þessu sambandi og leggur meiri hlutinn til, að þetta orð sje sett inn í staðinn fyrir »smálest«, en minni hlutinn vill nota orðið »lest« og setja tonn á milli sviga í fyrsta sinn sem orðið kemur fyrir í lögunum.

Hinar aðrar breytingartillögur, sem nefndin leyfir sjer að bera fram, eru aðeins leiðrjettingar á gáleysisvillum og prentvillum.

Nefndin leyfir sjer því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.

a. Fyrir »4« á tveim stöðum í greininni komi:
6.
Fyrirsögn kaflans breytist samkvæmt þessu.

b. Fyrir orðið »smálesta« og »smálestir« komi:
tonn.

Þannig komi tonn fyrir »smálestir« alstaðar í frumvarpinu.

2. Við 4. gr.

Fyrir »4 smálestir« komi:
6 tonn.

3. Við 13. gr.

A. Fyrir 1. málsgr. komi:
Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum, er:
a, hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti,
b, sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

B. Stafl. »a.« verði c, og stafl. »b.« verði d.

4. Við 15. gr.

Fyrir »í 10.—13. gr.,« komi:
í 6., 8., 10. og 13. gr.

5. Við 16. gr.

Fyrir »b. í 8., 10. og 13. gr.« komi:
b. í 8., e. í 10. og d. í 13. gr.

6. Við 19. gr.

Fyrir »fiskiveiðaskip« komi:
fiskiskip

Efri deild Alþingis, 21. ág. 1915.

Eiríkur Briem, form. — Karl Einarsson, ritari.

Karl Finnbogason. Kristinn Daníelsson. Hákon J. Kristófersson.

Nd. **488. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 110,819 kr. 85 aurar til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:

Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til dómgæslu o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.
— B. 6. Af þessu fje skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 40,084 kr. 71 e.:

Við	11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	38,000,00
—	12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
		Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
			Kr.	40,084,71

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 54,774 kr. 87 a.:

Við	A. 3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins	kr.	1500,00
Við	B. I. 1. c.	Viðbót við skrifstofukostnað	—	13,04
—	- II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^2/_3$ hlutar kostnaðar	—	449,56
—	- III.	Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
—	- XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^1/_3$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
—	D.	Til ýmsra endurbóta	—	28,712,27
—	E. II. 15. c.	Stjórninni veitist heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin.		
—	E.	Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
		Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey...	—	3,000,00
			Kr.	54,774,87

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 3,450 kr.:

	Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum	kr.	500,00
Við A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku.	—	600,00
— B. I. a.	Laun háskólakennara.	—	2,350,00
		Kr.	3,450,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar		—	4,000,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,000 kr.:

Við 8. d.	Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915	kr.	200,00
Nýr liður.	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914.	—	800,00
		Kr.	1,000,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... ... kr. 6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1912,54 frá 1. janúar 1914 að telja.

Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.

Nd. **489. Frumvarp**

til laga um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda Stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugjörð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugjörð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugjörð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1916 sækja til Stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugjörðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er Stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu um stundarsakir í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum Stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugjörð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna Stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því að eins veita til lengri tíma en eins árs, að þau sjeu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sje láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra

útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur Stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugjörð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi endurskoðenda sparisjóðsins, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slikt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur Stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slik ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það Stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugjörð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur Stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

22. gr.

Heimilt er að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda

sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugjörð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renni í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **490. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um fasteignamat (þingskjal 471).

Frá nefndinni.

1. Við 4. gr.
   Á eftir orðunum »eða annara« bætist inn:
   Þótt eigi hafi verð húsa þeirra, sem aðrir eiga en landeigandi, áhrif á matsverð jarðarinnar.

2. Við sömu grein.
   Fyrir orðin »jarða . . . . . landamerkjabrjef« komi:
   jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja.

3. Við 8. grein.
   Fyrir orðin »húsum . . . . . ábúð á jörð« komi:
   skattskyldum húsum.

4. Við sömu grein.
   Eftir orðið »lóðar« bætist inn:
   eða lóðarrjettinda.

13. gr. B. III. 5.

Nd. **491. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali 422. (Brú á Eyjafjarðará).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Á eftir kr. 75000,00 — ..... komi:
Reynist fjárhagur erfiður vegna stríðsins, má fresta framkvæmd verksins.

Ed. **492. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dýraverndun, þgskj. 355.

Frumvarp þetta er komið frá neðri deild. Nefndin telur frumvarpið góða rjettarbót. Að vísu má búast við, að hlýðni við lög þessi kunni í fyrstu að verða ábótavant. En þau sýna þann eindregna vilja löggjafarvaldsins, að landsmenn láti sjer ant um velliðan skepnanna, og telur nefndin líklegt, að með vaxandi mentun og mannúð verði þjóðin þar með tímanum samtaka löggjafarvaldinu og lögin ná þannig tilgangi sínum til gagns og sóma fyrir þjóðina.

Tvö ákvæði frumvarpsins þykir nefndinni ekki nógu ákveðin. Fyrra ákvæðið er »allir *búandi* menn« í 2. gr.

Í land-sveitum landsins eiga margir búlausir menn eigi allfáar skepnur, og vill nefndin láta ákvæði greinarinn einnig ná til þeirra, og leggur því til að orðinu »búandi« sje slept.

Síðara ákvæðið er í niðurlagi 1. málsliðs 3. gr. Þar telur nefndin sjálfsagt að einkum sje átt við meðferð hesta »í brúkun«, og vill því bæta þeim orðum við.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.

a. Orðið »búandi« falli burt.
b. Fyrir »allan búpening sinn« komi:
allar skepnur sínar.

2. Við 3. gr.

Aftan við orðin »á hestum« komi:
í brúkun.

Alþingi 21. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, form.
Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson.

Ed. **493. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907. (Þgskj. 356).

Frumvarp þetta er komið frá neðri deild.

Nefndin telur þá breyting, er frumvarpið fer fram á, nauðsynlega og rjettmæta, hvort sem á hana er litið frá sjónarmiði mannúðarinnar eða hagsýninnar, en hún er í því fólgin að allur útflutningur hrossa til útlanda skuli bannaður frá 1. nóv. til 1. apríl, þar sem útflutningur nú er leyfður á öllum tímum árs. Hingað til hefir útflutningur á hrossum lítið tíðkast á vetrum, þar til síðastliðið ár. Öllum má vera ljóst, hve miklum vandkvæðum útflutningur hrossa, að vetrarlagi, er bundinn, ef nokkuð er hugsað um mannúðlega meðferð á þessum skepnum, og það því fremur, sem útbúningi í útflutningaskipunum mun vera ærið ábótavant.

Nefndin hefði helst kosið, að útflutningsbannið hefði náð frá 1. október til 1. júní, en með því hún óttast fyrir, að sú breyting nái ekki samþykki háttv. neðri deildar, þá vill hún ekki ganga lengra í breytingum sínum, en að lengja bannið að vorinu til 1. maí.

Í neðri deild hefir frumvarpið gengið gegnum allar umræður með rangri tilvitnun til hrossaútflutningslaganna, breytingin látin eiga við 2. málsgr. 1. gr. í stað 2. málslið 2. gr.

Nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BRFYTINGARTILLÖGUM:

1. Í stað »2. málsgr. 1. gr.« komi:
   2. málslið 2. gr.
2. Fyrir »1. apríl« komi:
   1. maí.

Alþingi 21. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, form.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsm.

Magnús Pjetursson.

Nd. **494. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til laga um sparisjóði.

Efri deild hefir gert fáeinar breytingar á frumv., sem engar eru stórvægilegar og teljum vjer þær frekar til bóta. Vjer leggjum því til að deildin samþykki frumv. óbreytt.

Alþingi 21. ágúst 1915.

Matthías Ólafsson, form., með fyrirvara. Guðm. Hannesson, ritari.

Stefán Stefánsson, Eyf. Guðm. Eggerz. Björn Hallsson.

Nd. **495. Viðaukatillaga**

við breyttill. á þingskj. 436, 140. tölul. a. á atkvæðaskrá.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við liðinn bætist:

gegn jafn miklu annarsstaðar að, enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

Nd. **496. Breytingartillaga**

við brttill. 338, 66 — 96. tölulið á atkvæðaskrá.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Fyrir »9000 — 9000« komi:
alt að 12000 — 12000.

16. gr. 28.

Nd. **497. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá ráðherra.

Við 16. gr. 28.

Aftan við liðinn komi nýr liður svohljóðandi:

29. Til rannsóknar og undirbúnings Flóaáveitunni alt að ... ... 2,500 — .....

Ed. **498. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909, um breyting á lögum er snerta kosningarjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg get ekki verið á sömu skoðun og háttvirtir meðnefndarmenn mínir hvað frumvarp þetta snertir, þar sem þeir líta svo á, að það sje órjettlátt og eigi ekki fram að ganga.

Þar á móti er það mín skoðun, að rjett og sanngjarnt sje í þessu efni sem öðrum að meiri rjettindum fylgi meiri skyldur. Rjettindi sem engar skyldur fylgja, eru að mínu áliti engin góð gjöf, og illa viðeigandi fyrir löggiafarvaldið að veita þannig lagaðar undanþágur, er hljóta að sljófga rjettlætis- og ábyrgðartilfinningu þeirra, sem veitt eru slík einkarjettindi.

Jeg verð einnig að telja mjög vafasamt að konur sjeu yfirleitt þakklátar fyrir þau sjerrjettindi, er lögin frá 1909 veita þeim, og ekki er ástæðulaust að álíta, að feli í sjer vantraust á konunum.

Í umræðum um mál þetta á alþingi 1909, tekur framsögumaður það fram, að sanngjart sje að veita konum þessa undanþágu, þar sem þær í öðrum málum hafi minni rjett en karlar.

Með staðfestingu stjórnarskrárinnar frá 19. júní þ. á., er þessi mismunur á rjettindum kvenna og karla horfinn, og ástæður þær, sem færðar voru fyrir þessu ákvæði er það var gefið, og á þeim tíma höfðu við rök að styðjast, að engu orðnar.

Jeg legg því til að háttvirt deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi 21. ágúst 1915.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Ed. **499. Frumvarp**

til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Búnaðarsambönd landsins hafa mælingarnar á hendi, en Stjórnarráðið semur reglugjörð um þær og lætur sýslumenn hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeigenda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000.

3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 2 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar búnaðarsambandi því er framkvæmdi þær.

4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Abúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leigulíða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Ed. **500. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir »1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna komi: 1 króna 50 aurar, en annarstaðar 2 krónur 25 aurar.

2. gr.

Fyrir »1200 kr.« í 3. gr. 2. c. komi:
1800 kr.

og aftan við liðinn bætist:
»Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«, stofnað 1897, skal undanþegið þessu ákvæði.

Nd. **501. LÖG**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

(Afgreidd frá Nd. 23. ágúst).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til ársloka 1917, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912 eru undanþegnar vörutolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Ed. **502. Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á Íslandi er bannað að brugga eða búa til áfenga drykki. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda eða alkohóli að rúmmáli.

2. gr.

Það er og bannað að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.

3. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. varða 200 til 2000 kr. sektum. Allar sektir renna í landssjóð.

4. gr.

Um sölu áfengis, sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

5. gr.

Öll áhöld, er notuð hafa verið við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða við verknað þann að gera áfengi, sem er óhæft til drykkjar, aftur drekkandi, svo og áfengið, sem búið hefir verið til eða gert hefir verið aftur drekkandi, ásamt ílátum, skal vera upptækt og andvirðið renna í landssjóð.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum, skal fara sem með almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla um leið úr gildi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja frá 12. janúar 1900.

Ed. **503. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, 75 aura um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **504. Frumvarp**

til laga um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur

landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

Eyðijarðir skal meta sjer í lagi, nema þær hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár legið undir aðra jörð.

4. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, þótt eigi hafi verð húsa þeirra, sem aðrir eiga en landeigandi, áhrif á matsverð jarðarinnar. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

5. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

6. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

7. gr.

Hverja fasteign, sem metin er, skal ákveða svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er, og nafngreina skal eiganda hennar og notanda.

8. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsanna kann að fara fram úr þriðjungi af matsverði jarðar.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir.

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnrarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Fasteignamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Fasteignamat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

10. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

11. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýrngar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignanefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

12. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda, lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

13. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

14. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 12. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Nd. **505. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.

b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 15 ár í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt, að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með stað-

festingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Nd. **506. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk yfirmatsmanna þeirra, sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld, skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Látrabjargs, en hinn svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **507. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 23. ágúst.

Flutningsmaður: Guðmundur Hannesson.

(Frv. til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands á þgskj. 148).

Í því trausti að Alþingi sjái sjer fært að veita dr. phil. Guðmundi Finnbogasyni 3000 kr. á ári í fjárlögunum 1916—17 til vísindalegra rannsókna og tilrauna, til þess að bæta vinnubrögð í landinu, og að stjórnin jafnframt veiti honum lausn til bráðarbirgða frá aðstoðarbókavarðarstarfi því, er hann hefir nú á hendi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **508. Rökstudd dagskrá**

fallin, með samþykt á rökstuddri dagskrá á þgskj. 507, í Nd. 23. ágúst.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

(Frv. til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands á þgskj. 148).

Með því að mál þetta liggur fyrir í annari mynd í fjárlagafrumvarpinu í dag og þá veitist nýtt tækifæri til þess að ræða það, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **509. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar 16. des. 1885 (þgskj. 209).

Frá ráðherra.

1. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.
2. Frumvarpsgreinin orðist svo:
Gjöld til kirkjufjelaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sjer löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sje niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af Stjórnarráðinu.

Nd. **510. Nefndarálit**

um frumv. til laga um alsherjar þjóðskjalasafn í Reykjavík.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild Alþingis skipaði í máli þessu, leyfir sjer að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Hin fyrstu drög til landsskjalasafnsins voru lögð með auglýsingu landshöfðingja 3. apríl 1882, sjá Stjórnartíðindi 1882 B. bls. 59—60.

Var það þá lagt undir umsjón landshöfðingjaritarans og því fengið sjerstakt herbergi. Var í nefndri auglýsingu svo fyrir lagt, að embættismenn landsins skyldi senda safninu öll eldri skjöl, frá embættisskjalasöfnunum víðsvegar um land.

Einhverju fje var varið til niðurröðunar og fengust ýmsir við það. Má nefna þá, síra Jóhann Þorsteinsson síðar prest í Stafholti, Valdimar sál. Ásmundsson ritstjóra, Pálma Pálsson yfirkennara og Hannes Þorsteinsson, fyrv. ritstjóra.

8. desember 1899, var núverandi skjalavörður skipaður við safnið. Frá þeim tíma til 1. jan. 1904 hafði hann 1200 kr. laun á ári.

Frá 1. jan. 1904 til ársloka 1907, hafði hann 1400 kr. að árslaunum. Árið 1908 hafði hann 1500 kr. laun, en 1909 voru laun hans hækkuð upp í 1800 kr. og þau laun hefir hann haft síðan.

Þegar núverandi skjalavörður tók við skjalasafninu, þá voru í safninu 363 bindi frá kirkjum. Nú eru í safninu á 4. þúsund bindi slíkra bóka og auk þess mesti fjöldi gamalla og merkra eignaskjala kirkna, bæði á pappír og skinni. Meðal þessara skjala er Reykholtsmáldagi, elsta frumritað skjal á norræna tungu, sem til er.

Þá voru að eins komin skjalasöfn frá 6 sýslumönnum, en nú er kom-

in söfn frá öllum sýslum landsins. Þá var ekkert til frá klaustrum eða umboðum, en nú eru öll slík skjöl, sem fáanleg eru, komin í safnið. Er þetta allmerkilegt safn og eru í því skjöl frá því um 1200 og allmörg á skinni.

Um aldamótin var ekkert til af skjölum, frá hreppa- og sveitarstjórnum. Nú eru hreppsbækur og skjöl komin þangað úr flestum hreppum landsins. Er það allmerkilegt safn og er sumt af því frá öndverðri 17. öld. Þá var heldur ekkert til frá sáttanefndum, en nú er þar allmargt slíkra skjala úr flestum hjeruðum landsins. Um aldamótin síðustu var ekkert einasta blað í safninu af skjalasafni Alþingis hins forna (Öxarárþings). Nú er þar saman komið hið fullkomnasta safn Alþingisbóka, sem nokkurstaðar er til. Nær það yfir tímabilið 1570—1800.

Öllu þessu hafði skjalavörður safnað fyrir 1910.

Um aldamótin var ekkert til á safninu af skjölum er snerta jarðeignir, ítök eða landamerki, en nú er þar afarmikið safn slíkra skjala, og er þeim raðað eftir sýslum. Eykst það safn með hverju ári, enda hefir allmargt verið keypt þeirra skjala.

Um síðastliðin aldamót var engu safnað af verslunarbókum. Nú er allstórt verslunarbókasafn þar samankomið og verður það afarmerkilegt safn, er stundir líða.

Þá hefir og safnið að geyma mikinn fjölda merkra bóka prentaðra innlendra útlendra, er á ýmsan hátt snerta sögu landsins. Eru sum þeirra rita afardýr og fágæt, svo að jafnvel Ríkisskjalasafn Dana á þau ekki. Má þar til nefna Recessasafn Hansastaða og hið mikla utanríkissamningasafn Englendinga frá 1100—1654. Hefir alt þetta verið keypt fyrir fje það, er safninu hefir verið lagt af landsfje, en mikið erfiði hefir það kostað að hafa upp á sumum þessara bóka.

Þá hefir og safnið verið mjög aukið hin síðustu árin með afskriftum úr útlendum skjalasöfnum, sem ófáanleg voru á annan hátt. Eru öll þau skjöl nauðsynleg, þeim er fást við sögu landsins.

Að síðustu má geta þess, að landsskjalasafnið eykst nú meir árlega að rúmmáli en sjálft landsbókasafnið.

Þegar nú þess er gætt, að hinn mikli viðgangur þessa safns er að miklu leyti núverandi skjalaverði einum að þakka, elju hans, áhuga, lærdómi og starfsþreki, þá virðist það ekki vansalaust að láta hann sitja áfram á slíkum sveltilaunum, sem hann hefir frá fyrstu búið við.

Núverandi skjalavörður er nú orðinn roskinn maður og það eru ekki mikil líkindi til að hann hafi, með þeim launum, sem hann hefir haft, safnað sjer fje er tryggi honum viðunandi ellikjör.

Þegar því litið er til hins mikla og þjóðþarfa starfs, sem maður þessi hefir unnið, þá virðist ekki meir en sanngjarnt þótt laun hans væru hækkuð svo að hann gæti lifað nokkurnveginn áhyggjulítið efnalega, það sem eftir er æfi hans.

Vjer verðum því að leggja til að starf hans sje gert að fastri stöðu og vjer teljum að laun þau, er frumvarpið ákveður sje hæfileg. Með því að gera þetta að fastri stöðu eru meiri líkindi til, að í hana fáist nýtur maður þegar núverandi skjalavarðar missir við, en það er skilyrði fyrir því, að þetta

dýrmæta safn verði að notum, að við það sje maður með víðtækri þekkingu og miklum lærdómi.

En þótt oss sje það ljóst, að starfið við safnið sje nú þegar langt um ofvaxið einum manni, þá viljum vjer þó eigi leggja til að skipaður sje við það aðstoðarskjalavörður, að svo stöddu. Búumst vjer við að yfirskjalaverðinum verði sjeð fyrir aðstoð á líkan hátt og verið hefir hingað til.

Vjer fellum oss betur við, að skjalasafnið nefnist framvegis: Þjóðskjalasafn Íslands, og leggjum því til að nafni þess sje þannig breytt.

Samkvæmt framanrituðu leyfum vjer oss að leggja til að háttvirt neðri deild Alþingis samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

3

2. Í stað: »skal skipaður yfirskjalavörður«, í 2. grein komi: skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð.
3. 3. grein falli burt.
4. 4. grein verði 3. grein.

Neðri deild Alþingis, 18. ágúst 1915.

H. Hafstein, form. Matth. Ólafsson, ritari.

Guðm. Hannesson, með fyrirvara.

Nd. **511. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic sand).

Nefndin hefir nú athugað málið. Hefir það tafið nokkuð störf hennar, að það ráð var tekið, að leita upplýsinga um enska fjelagið S. & O. Company í Lundúnaborg, sem leyfisbeiðandi stendur í sambandi við og byggir á allar framkvæmdir í þessu máli. Var tvisvar símað til ensku stjórnarinnar, til að fá vitneskju um fjelagið. Báðum skeytunum var svarað, en stjórnin hliðraði sjer hjá, að gefa nokkrar upplýsingar, benti að eins á, að best væri, að fá þær hjá banka eða upplýsingar-skrifstofu. Seinna svarið hljóðer svo:

»Information of this kind should be applied for through banks or Trade Inquiring association«.

Vitum vjer því ekki annað um fjelag þetta, en það, sem kom fram við 1. umræðu málsins í neðri deild.

Það er í stuttu máli þetta:

1. Lambert nokkur, enskur maður, kom til landsins fyrir hönd fjelagsins í fyrra sumar, til að leita að járnsandi. Leist honum allvel á sandinn við Jökulsá í Dal í Fljótsdalshjeraði og taldi gerlegt, að vinna úr honum járn.
2. Þórarinn B. Guðmundsson og Magnús Gíslason yfirdómslögmaður gerðu tilraunir til að fá leyfi landsdrottins, sjera Magnúsar Bl. Jónssonar í Vallanesi, til að mega byggja höfn við Unaós, og fá þar land til afnota, til að gera önnur nauðsynleg mannvirki.
3. Hálfur fossinn í Lagarfljóti er leigður um 50 ár til afl-framleiðslu við rekstur fyrirtækisins.
4. Skjöl liggja fyrir um það, að fjelagið hefir fyrir sakir ókunnugleika snúið sjer til utanríkisráðherra Dana, til að fá einkaleyfi til hagnýtingar á járnsandi hjer.
5. Þórarinn B. Guðmundsson hefir skýrt frá, að stofnfje þessa fjelags sje 3 miljónir sterlingspunda; fjelagið hafi fundið nýja aðferð, til að búa til stál úr járni og sogi sandinn upp af mararbotni, en taki hann alls ekki á landi. Segir hann, að fyrirhugað sje að vinna og flytja út eina miljón smálesta á ári af járnsandi.

Það sem talið er í 4 fyrstu liðunum, er bygt á skjölum, er vjer höfum sjeð, og ekki er ástæða til að vefengja. Í 5. liðnum er eingöngu farið eftir því, sem Þórarinn skýrir sjálfur frá munnlega.

Við nánari athugun vildum vjer ekki tefja málið lengur í nefndinni með frekari fyrirspurnum um fjelagið.

Eins og málið liggur fyrir, virðist fjelagið hafa sjerstakan augastað á Hjeraðsflóa. Sandurinn þaðan hefir verið rannsakaður af efnafræðingi landsins. Reyndist járn 13.8 %. Má vera, að meira járn reyndist í sandinum, þegar farið yrði að vinna hann. Sýnishorn þetta er tekið á landi af handahófi. Járnsandur þessi er framburður úr Jökulsá.

Þórarinn B. Guðmundsson heldur því fram, að ekki geti komið til mála að vinna sandinn nema þar sem sje örugg höfn. Virðist oss það í alla staði sennilegt. En eins og kunnugt er, er hafnleysi við Hjeraðsflóa og annarstaðar umhverfis landið nálægt ósum stóránna. Þetta tvent mælir með því, að veita einkaleyfi, til að vinna járnsand, hvar sem er í landhelgi Íslands:

1. Að sandurinn yrði að líkindum ekki unninn annarstaðar en þar, sem hafnleysi er, við ósa stór-ánna. Ef nokkuð yrði úr framkvæmdum, yrði að sjálfsögðu bygðar afar-dýrar hafnir og önnur mannvirki til ómetanlegs hagnaðar fyrir hjeruðin og um leið landið alt.
2. Að landssjóður fengi miklar árlegar tekjur, ef kraftur yrði í fjelaginu.

En þó að ekki sje von um, að vjer getum með innlendu fje lagt í þann kostnað fyrst um sinn, sem til þess þarf, að koma á fót slíku fyrirtæki og reka það, og ólíklegt sje, að nokkur veruleg hætta stafaði af því, þó að einkaleyfi væri veitt til járnsandsvinslu í sjónum fram undan stórám landsins, þá þykir oss þó vissara, að binda einkaleyfið við Hjeraðsflóa einan, meðan það er ósýnt, hversu mikill auður getur verið fólginn í þessum sandi. Um fiskiveiðaspell getur ekki verið að tala innan við landhelgi á Hjeraðsflóa. — En af því, að Þórarinn B. Guðmundsson hefir boðist til, að taka lögfræðing í fjelag með sjer, og fengið símskeyti frá Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði um það, að hann væri fús til, að vera í fjelagi við Þórarinn B. Guðmundsson um þetta mál, hefir nefndin fallist á, að binda einkaleyfið við nöfn þessara manna tveggja.

En til þess að þessir menn eða þeir, sem fengi framseldan einkarjettinn, verði öruggari til framkvæmda og óhræddari við samkepni, viljum vjer, að svo sje ákveðið í frumvarpinu, að þessum mönnum veitist forgangsrjettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, ef þeir vilja sæta sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá Alþingi.

Þá þykir oss gjaldið í landssjóð altof lágt ákveðið í frumv. Viljum vjer breyta því svo, að leigutaki greiði 50 aura í landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af járnsandi, en 1 kr. fyrir hverja smálest af útfluttu og unnu járni. Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt að ákveða gjald af þeim.

Verði flutt út eins mikið og Þórarinn segir, að ráðgert sje, yrðu tekjur landssjóðs af fyrirtækinu, samkvæmt breytingartillögum vorum, allmiklar á ári hverju, hálf miljón eða ef til vill alt að miljón króna.

Hjer virðist engin hætta vera á ferðum, en þó nokkur von um árangur, þar sem sjerfróðir menn útlendir með fje í höndum vilja ráðast í fyrirtækið.

Að svo mæltu leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Ráðherra Íslands heimilast að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá Alþingi og það vill veita leyfið.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af járnsandi, en 1 krónu fyrir hverja smálest af útfluttu og unnu járni. Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt að ákveða gjald af þeim. Af hreinum ágóða þessa fyrirtækisins ber landssjóði þegar í byrjun 7%.

Alþingi 23. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Jón Jónsson, skrifari. Guðm. Hannesson.

Matth. Ólafsson. Benedikt Sveinsson.

Ed. **512. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Breytingin, sem frumvarp þetta fer fram á, er sú, að konur geti ekki skorast undan að taka móti kosningu í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nefndin, sem hv. efri deild fól að athuga þetta mál, hefir ekki orðið sammála, og getum við tveir ekki fallist á, að æskilegt sje að gera breytingu á lögum þeim, er hjer ræðir um, fyrir þetta atriði, en þykir rjettara, að hitt sje látið standa enn, að konur sjeu ekki skyldar til að taka við kosningu til þessara opinberu starfa.

Þó að segja megi, að það sje ekki órjettlátt, að konur hafi þessa skyldu eins og karlar, þá getur það hvorki álitist knýjandi nauðsyn nje sanngjarnt.

Því er haldið fram, að rjettinum til kosninga og kjörgengis sje eðlilegt, að fylgi tilsvarandi skyldur. En bæði álítum við, að sú regla sje ekki svo bindandi, að frá henni geti ekki verið undantekningar, og sjerstaklega að eðlilegt sje, eins og stöðu konunnar er háttað, að hún sje undanþegin slíkri kvöð, þótt hún njóti þeirra almennu og nú talið sjálfsögða mannrjettinda, að mega með atkvæði sínu og afskiftum, hafa áhrif á opinber mál, sem einnig geta snert konur, og það sem þeim er hugleiknast.

Nú eru ekki heldur karlmenn skyldir til að taka við kosningu til þingmensku, sem er þó sæmilega launað starf, og þá mun ekki teljast ósanngjarnt, að ekki sje hið ólaunaða og tíðum óþakkláta sveitarstjórnarrtarf, lagt sem

skyldukvöð á herðar neinni konu, sem ekki þykist sjálf ástæða sinna vegna, hverjar sem eru, geta tekið það að sjer.

Að öðra leyti verður gerð nánari grein fyrir skoðun okkar þá er málið kemur til meðferðar í háttvirtri deild, en samkvæmt framanrituðu, ráðum vjer til, að málið sje ekki látið ganga fram.

Efri deild Alþingis, 23. ág. 1915.

Kristinn Daníelsson. Sigurður Stefánsson.

Nd. **513. LÖG**

um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 24. ágúst).

1.

Annan tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafla við, þar til er lokið er vegagerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Nd. **514. Frumvarp**

til laga um þingsköp Alþingis.

Frá Þingskapanefndinni.

I. Þingskipun.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans. **Þingsetning. Prófun kjörbrjefa og kjörgengis og ályktun um það.**

Til þess að prófa kjörbrjef og kosningu nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sje nema einn, ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbrjef þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbrjef þau, er hún tekur við og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sjer framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um. (Stjsk. 1915 § 16).

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 35. og 37. gr.

2. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna að kosning hans sje gild (Stjsk. 1874, § 30). Skal hann rita nafn sitt undir þennan eiðstaf: **Eiður þingmanna.**

Jeg sver það og segi það guði, að jeg skal svo leggja til allra mála, sem jeg veit sannast og rjettast og helst að stjórnarskipunarlögum, og öll lögmæt skil af hendi leysa, meðan jeg er á Alþingi.

3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og gengst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara. **Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.**

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur eigi neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).

4. gr.

Kjörbrjefanefnd.

Þá skjal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbrjef, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefir frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn eftir reglum um nefndarkosningar (17. og 48. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.). Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbrjefadeildanna í 1. gr.

5. gr.

Hvenær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosningu. Rjettindi þingmanns áður en kosning hans og kjörgengi er tekið gilt.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbrjef hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sjer að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því að eins, að kært sje yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því að eins tekin til greina, að hún sje frá kjósendum þingmannsins, einum eða fleirum, og komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eftir kosninguna.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefir sjerhver þingmaður fullan þingmannsrjett. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, uns það mál er útkljáð, og kosning hans og kjörgengi viðurkent.

6. gr.

Kosning til efri deildar.

Eftir kosningar þær, sem talað er um í 3. og 4. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna til efri deildar eftir reglunum um nefndarkosningar (Stjsk. 1915, § 8).

7. gr.

Forsetakosning og skrifara í deildunum.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um samskonar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annara en forseta og skrifara.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið. (Stjsk. 1915, § 8). **Hve lengi kosningar eftir 2.—3. og 6.—7. gr. gildi o. fl.**

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði $^2/_3$ þingmanna eða deildarmanna.

9. gr.

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, eða fari frá, skal sá, er kosinn er í hans stað, taka sæti í þeirri deild, er hinn var í (Stjsk. 1915, § 9). **Sæti kjördæmakosins þingmanns losnar.**

10. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefir meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rjett og skyldur sem forseti. **Rjettur og skylda aldursforseta.**

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. **Verksvið forseta.**

Forsetar Alþingis ráða í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, til 6 ára í senn, og skal hann hafa að launum 2400 kr. á ári. Hann skal ráða þingskrifara og aðra starfsmenn með samþykki forsetanna. Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistíðindanna, ráða útsölumenn þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um að alt sje í lagi í þinghúsinu þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbrjef handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað. **Rjettur og skylda varaforseta.**

13. gr.

Nú er hvorki forseti nje varaforseti búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í **Millipingaforseti.**

Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosningu.

14. gr.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sjer gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir sjeu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skifta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.

15. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 12. og 14. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II. Nefndir.

16. gr.

Nefndaskipan.

Hver þingdeild skal skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á 2. þingfundi hvorrar deildar:

1) Fjárhagsnefnd,
2) Fjárveitinganefnd,
3) Samgöngumálanefnd,
4) Landbúnaðarnefnd,
5) Sjávarútvegsnefnd,
6) Mentamálanefnd,
7) Allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skift í þessar nefndir, og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur, og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd kýs sjer formann og fundarskrifara.

Formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefndin skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannabýtti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um að mannabýttin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir þingið eru lögð og þörf þykir að nefnd íhugi, og skal þá vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sjer formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls. Enginn fastanefndarmaður er skyldur að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess.

Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu.

17. gr.

Kosning nefnda.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2 er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 47. gr.).

18. gr.

Formaður og skrifari nefndar. Nefndarálit.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III. Þingmál.

19. gr.

Hvenær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

20. gr.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (Stjsk. 1874 § 27).

21. gr.

1. umræða.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

22. gr.

2. umræða. Breytingartillögur.

Önnur umræða fer eigi fram fyr en tveim nóttum eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

23. gr.

3. umræða Breytingartillögur.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyr en tveim nóttum eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

24. gr.

Frumvarp sendist hinni deildinni og síðan ráðherra.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (Stjsk. 1903 § 9) og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

25. gr.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (Stjsk. 1903 § 9). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sje því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (Stjsk. 1903 § 9) og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

26. gr.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verður aftur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjsk. 1903 § 9).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

27. gr.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um breytingu á stjórnarskránni.

Lagafrumvarp, er felur í sjer tillögu um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sjer tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sje hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

28. gr.

Feld frumvörp.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

29. gr.

Þingsályktunartillögur.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minsta kosti 1 nótt síðar, ályktar deildin eða þingið eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (23. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hjer á undan í grein þessari. Sje henni breytt þar, skal hún lögð þar fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði skal jafnan bera upp í báðum deildum, og hafa tvær umræður um þær.

30. gr.

Ávarp.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

31. gr.

Fyrirspurnir.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (Stjsk. 1874 § 37), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sje forseta, og skal prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi, jafnframt því að forseti skýrir frá henni. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

32. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er. Breytingartillögur.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlýta þeim úrskurði.

Breytingartillögur þingmanna við fjárlögin, þær er fara fram á aukin útgjöld, og mælir fjárveitinganefnd í móti, þurfa $^2/_3$ greiddra atkvæða til þess að ná fram að ganga.

IV. Fundarsköp.

33. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unt er, og metur hann nauðsynina. Fundarsetning o. fl.

Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki.

Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.). Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borist eða útbýtt hefir verið. Þá er gengið til dagskrár.

34. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu. Þingmaður tekur til máls.

35. gr.

Hve oft þingmaður má taka til máls við umræðu.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa, og til þess að bera af sjer sakir.

Ráðherra eða umboðsmaður hans mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

36. gr.

Hverri röð þingmenn taka til máls.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiftist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrjetting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

37. gr.

Krafa um að umræður hætti.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

38. gr.

Upplestur.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

39. gr.

Þingmenn gæti reglu.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sje góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlje á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

40. gr.

Afturköllun.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

41. gr.

Máli vísað til ráðherra.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (Stjsk. 1903 § 12).

42. gr.

Einföld dagskrá.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sje vísað frá eða frestað um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa. Heimilt er og þingmanni að krefjast þess að gengið sje til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því að eins gert, ef $^2/_3$ fundarmanna eru því samþykkir.

Rökstudd dagskrá.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

43. gr.

Dagskrá.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eftir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sje látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta krófuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sje farið fram á, að mál sje tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sje hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 54. gr.

44. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði (Stjsk. 1903 § 11).

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (53. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

45. gr.

Skifting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skift og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls, áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sje skift, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á að skifta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 32. gr.).

Þó þarf ekki að koma fram með þá tillögu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

46. gr.

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall. Leynileg atkvæðagreiðsla.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir sjeu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sje út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.—26. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður rjettir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sje hvorki samþykt nje felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Á sama hátt geta 5 þingmenn í efri deild, 9 í neðri deild og 15 í sameinuðu þingi, krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Við leynilega atkvæðagreiðslu skal fá hverjum þingmanni hvíta kúlu, sem merkir *já*, og svarta kúlu, sem merkir *nei*. Síðan kallar forseti á þingmenn eftir nafnaskránni, og gengur hver þingmaður að borði hjá forsetastólnum, en á því standa tveir stokkar, atkvæðastokkur og geymslustokkur; leggur hver þingmaður atkvæðiskúlu sína í atkvæðastokkinn, en hina í geymslustokkinn.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

47. gr.

Afl atkvæða.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).

En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.

48. gr.

Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning), ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess. **Kosning óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt) Kjörmiði ógildur.**

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eftir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B, o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B, o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

49. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að öllum utanþingsmönnum sje vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert, og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. (Stjsk. 1874 § 40). **Fundir í heyranda hljóði.**

50. gr.

Áheyrendur.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á, að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

V. Ýmisleg ákvæði.

51. gr.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings. (Stjsk. 1874 § 38).

52. gr.

Alþingistíðindi.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

53. gr.

Þingsafglöpun og þingvíti.

Ef þingmaður talar óvirðulega um konunginn eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum, eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti, og má hver þingmanna, sem vill, kalla til hans: »Þetta er vítavert«, og nefna þau ummæli, sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti með samþykki fundarins svifta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar til atkvæða er gengið, eða neitar að greiða atkvæði við nafnakall eða leynilega atkvæðagreiðslu, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag. Sama þingvíti liggur við broti á fyrirmælum 39. gr.

54. gr.

Afbrigði frá þingsköpum.

Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi, má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða um-

boðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi 10. nóvbr. 1905.

Ed. **515. LÖG**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 24. ágúst).

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnarumdæmanna.

Ed. **516. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn (þingskjal 503).

Frá Eiríki Briem, Jósef Björnssyni og Sigurði Stefánssyni.

Við 3. gr.

Á eftir orðunum »sem þá nota« bætist inn í:
eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en

Nd. **517. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um þegnskylduvinnu.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild skipaði, til að athuga þegnskyldumálið, hefir eigi getað orðið sammála. Meiri hlutinn, þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, Þorleifur Jónsson, og Jóhann Eyjólfsson, vilja eigi, að þingið sinni málinu á neinn hátt. Telja þeir hugmyndina óframkvæmanlega og engan veginn munu bera þann ávöxt, er menn vænti. Við undirritaðir getum eigi verið á sama máli. Teljum við hugmyndina svo mikilsverða, að fjarstæða ein sje, að þingið vísi henni á bug.

Við viljum nú nota tækifærið til að fara nokkrum orðum um sögu málsins, frá því það fyrst kom fram á þingi 1903 og til þessa dags. Þegar frjettin um þingsályktunartillögu Hermanns Jónassonar barst út um land, skiftust menn þegar í tvo flokka, og líkt mun hafa verið á þingi. Eigi er auðvelt að sjá,

hvern hug þingmenn yfirleitt hafa borið til málsins, því auk flutningsmanns talaði enginn annar í málinu en Þórhallur biskup Bjarnarson, og var hann málinu mjög fylgjandi, enda er hann einn af víðsýnni mönnum þessarar þjóðar og alls eigi hræddur við nýjar hugsjónir, sem þó er svo mjög algengt hjá oss og er arfur frá eymdaröldum lands vors.

Það var óheppilegt fyrir málefnið, að það kom svo seint fram á þingi 1903. Þingmönnum hættir um of við því, að missa áhuga á þjóðmálefnum, þegar langt er liðið á þingtímann. Gerast þá flestir heimfúsir, og hafa hugann meir en góðu hófi gegnir við bú sín og heimili. Þingmenn munu hafa hugsað sem svo, að best væri að hafa sem fæst orð um málið, til þess að það tæki sem minstan tíma. Þögn þingmanna um málið getur naumast skilist á annan veg

Þingsályktunartillagan 1903 var stíluð frá Alþingi og átti því að ganga gegnum báðar deildir þingsins, ef landsstjórnin átti að taka tillit til hennar. Tillagan var samþykt í neðri deild með 13 : 1 atkvæði, en af þingsskjölunum verður eigi séð, að hún hafi verið tekin á dagskrá í efri deild. Annars er það einkennilegt, að af 24 mönnum, sem þá áttu sæti í neðri deild, greiða aðeins 14 atkvæði um slíka tillögu. Þetta sannar tvent: fyrst það, er við sögðum rétt áður um áhugaleysi þingmanna undir þinglokin, og annað það, að menn hafa eigi haft djörfung til að greiða atkvæði gegn tillögunni.

Eitthvert hættulegasta vopn gegn hverju góðu málefni er áhugaleysið. Bein og harðsnúin mótstaða er ekki nándar nærri eins hættuleg og hefir auk þess þann mikla kost, að málin skýrast í meðferðinni og vekja því meiri athygli og umtal. En það er hverju góðu máli holt, að um það sé talað og sem víðast.

Úti um land skiftust menn í tvo flokka um þetta mál, svo sem fyr er sagt. Mótbárur þeirra, er andstæðir voru málinu, voru hinar sömu og meiri hluta nefndarinnar nú hér á þingi. Málið, sögðu þeir, væri að vísu fögur hugsjón, en hún væri óframkvæmanleg; öll skilyrði vantaði til þess að hún kæmi að gagni. Meðal annars vantaði verkstjóra, sem færir væru um að stjórna. En aðrir leituðu við að gera málefnið tortryggilegt með því að jafna því við herskyldu manna í útlöndum. Gerðu slíkir menn allmikið úr skatti þeim, er þetta legði á þjóðina og um möguleika þess til að glæða sanna þjóðrækni, fóru þeir háðslegum orðum. Jafnvel þeir, er öðlast höfðu hagmælsku að vöggugjöf, en eigi að því skapi víðsýni, notuðu hagmælskuna til að henda gaman að hugmyndinni. Þannig kvað einn hagyrðingur Norðanlands um þegnskylduhugmyndina þessa alkunnu vísu:

»Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti' hann vera' í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt«.

Vísa þessi hefir nú um mörg ár verið aðalröksemdalind allra andstæðinga þegnskylduhugmyndarinnar. Allir heilvita menn sjá, hve mikil rök í henni felast. Heyrt höfum við, að einn maður, sem talsvert ber á í þjóðfjelagi voru um þessar mundir, hafi átt að segja, þegar rætt var um þegnskylduna, nú fyrir skemstu, að Íslendingar væru frjálsbornir menn, hefðu aldrei verið þrælar og skyldu aldrei verða þrælar. Þessi og þvílík hafa verið rök andstæðinga málsins.

Þeir, sem málinu voru hlyntir, álitu að vísu margir, að tillaga Hermanns

Jónassonar væri eigi allskostar heppileg, en allir viðurkendu þeir, að hugmyndin væri eigi aðeins fögur, heldur og vel framkvæmanleg, og þeir töldu og telja enn, að þá fyrst geti menn farið að vænta hér verulegra framfara, þegar þegnskylduvinna sé komin á, með góðu fyrirkomulagi. Þeim er það ljóst, að eins og stendur, höfum vér ekki verkstjóra, sem færir sé um að stjórna og leiðbeina, en þeir trúa því statt og stöðugt, að vjer getum fengið þá, ef vjer sendum unga og efnilega vel mentaða menn til útlanda til að læra þar verkstjórn. Það er heldur ekki auðvelt að sjá, á hvern hátt þeir muni geta trúað á framför þessa þjóðfjelags, sem eigi geta trúað því, að efnilegir menn lands vors geti lært verkstjórn svo í lagi sé. Að þetta kosti nokkuð fje í fyrstu, er auðvitað rjett. En til hvers skyldi þá fje ekki kosta, ef eigi til þess, að ráða bót á því, sem oss er mest áfátt í, svo sem verklægni, verkstjórn, aga og stundvísi?

Fyrstu árin, eftir að mál þetta kom fram á þingi, var talsvert mikið um það rætt, með og móti, og í mörgum sveitum var það borið upp á flestum fundum, er höfðu þjóðmál til meðferðar. Óvíða mun þó meiri hlutinn hafa verið því fylgjandi, en það höfum við fyrir satt, að flestir hinna bestu manna í hverju bygðarlagi hafi frá byrjun ljeð því fylgi sitt, þótt þá greindi á í ýmsu um tilhögun framkvæmdanna. Einn var sá galli á tillögu Hermanns Jónassonar, sem fylgismönnum málsins geðjaðist ekki að, og hann var sá, að ráð var gert fyrir því, að menn gætu komist hjá þegnskylduvinnunni, ef þeir aðeins legðu til fullgildan mann í sinn stað. Þetta þótti mönnum sem orðið gæti til þess, að synir höfðingja og ríkismanna skyti sér undan vinnunni og keyptu menn í sinn stað, og myndi því draga úr hinni demokratisku þýðingu málsins. Þótti sem hún mundi leiða til góðs, ef eigi væri úr henni dregið með þessu ákvæði. Álitu flestir, að aðeins vottorð um vanheilsu mætti veita undanþágu.

Eftir því sem lengra leið frá því að mál þetta kom fram á þingi, hljóðnaði yfir því, en í allflestum sveitum landsins munu þó hafa verið fleiri eða færri menn, er héldu því vakandi. Þegar Hermann Jónasson ritaði hina ágætu ritgjörð sína um þegnskylduvinnu í »Andvara« 1908, lifnaði yfir málinu af nýju og síðan má segja, að því hafi aukist fylgi með hverju ári.

Þegar Norðurálfuófriðurinn hófst og allir varnarskyldir menn voru kallaðir undir merki hinna ýmsu landa, og þúsundir sjálfboða streymdu á vígstöðvarnar til að fórna lífi sínu fyrir sanna og ímyndaða hagsmuni ættjarðar sinnar, þá tóku ungu mennirnir hjer heima einnig fjörkipp og hugur þeirra snerist þá að sjálfsögðu að þessari vanræktu hugmynd. Þeim varð það ljóst, að slík fórnfýsi, sem, því miður, í ófriðarlöndunum leiðir af sjer svo mikið böl, að naumast verður með orðum lýst, gæti hjá oss orðið til ævarandi blessunar fyrir land og lýð. Vjer Íslendingar eigum því láni að fagna, að vjer erum ekki hernaðarþjóð, og þurfum því eigi að fórna fje voru og lífi til manndrápa og blóðsúthellinga. En samt eigum vjer óvini, þar sem er óblíð veðurátta, og þó ekki hvað síst vorir eigin þjóðbrestir, sem oss eru verri en hafís, eldgos og landskjálftar. Móti þessum óvinum þurfum vjer að hefjast handa, og því fyr sem það verk er byrjað, því betra.

Að vísu væri það fegurst, að þessi barátta væri hafin af sjálfboðum einum. En þeir, sem þekkja hugsunarhátt hinnar íslensku þjóðar, munu vart búast við, að málið komist nokkru sinni í framkvæmd án afskifta landsstjórnarinnar

og mundi aldrei ná nauðsynlegri festu án íhlutunar löggjafarvaldsins. Þetta hefir þeim, sem nú bera málið mest fyrir brjósti, verið ljóst.

Málgagn Ungmennafjelags Íslands, »Skinfaxi«, hefir hin síðustu misseri flutt ritgerðir um málið og að tilhlutun Ungmennafjelags Íslands hafa verið fluttir fyrirlestrar um það.

Fjelag nemenda hins almenna mentaskóla hefir og tekið mál þetta upp á stefnuskrá sína og fyrir tilmæli þess fjelags er það nú borið fram á þingi. Sagt er, að ungmennafjelög landsins, að minsta kosti þau, sem eru í sambandi, sje öll málinu fylgjandi, enda hefir starfsemi ýmsra þeirra gengið í líka átt, þótt lítið hafi áunnist, sem eigi var heldur við að búast, þar sem bæði skorti fjárhagslega stoð og leiðbeiningu. •Norður í Svarfaðardal hefir eitt slíkt fjelag af frjálsum vilja lagt alllangan akvegarspotta og ætlar að halda áfram þar til verkinu er lokið. Hefir það fjelag fengið einhvern lítilfjörlegan styrk af landsfje.

Þannig er þá þessu máli nú komið. Eru nú miklar líkur til, að löggjöf um þetta efni yrði öllum fjölda landsmanna kærkomin. En þó álítum við, allra hluta vegna, rjettast að bera málið undir atkvæði þjóðarinnar áður en lög eru sett um það, eða ráðstafanir gerðar til undirbúnings. Skyldi svo ótrúlega takast til, að meiri hluti atkvæða yrði því mótfallinn, þá væri það sönnun þess, að þjóðin er ekki enn þroskuð svo, að hún skilji hina mikla þýðingu málsins, bæði sem uppeldis- og menningarmeðal, og væri þá við það að una að svo stöddu máli.

En skyldi nú svo fara, sem við væntum, að meiri hlutinn vildi sinna málinu, þá væri tími til að fara að undirbúa það af hálfu landsstjórnar og þings.

Við viljum nú í fám orðum geta hinna helstu kosta, er við teljum þegnskylduvinnunni til gildis, og hið fáa, sem af nokkru viti er hægt að færa gegn henni.

Því verður naumast neitað með gildum rökum, að ungir menn mundu geta á tiltölulega stuttum tíma lært hlýðni og stundvísi og er oss Íslendingum þó í fáu eins áfátt. Þá mundi og auðvelt að leiðbeina þeim í háttprýði og þrifnaði og það því fremur, sem vjer erum þannig að náttúrufari, þótt nokkuð skorti á að vel sje. Verklægnin yrði að líkindum það, sem erfiðast yrði viðfangs og mundi taka mestan tíma að innræta mönnum. En það liggur í augum uppi, að ef sá tími, sem fyrst væri byrjað með, yrði of stuttur, þá yrði að lengja hann þar til sæmilegt gagn yrði að.

Nú er það á hvers manns vitorði, að á næstu árum þurfum vjer Íslendingar að leggja út í stór fyrirtæki, svo sem hafnabyggingar, brúabyggingar, vegalagningar og ef til vill járnbrautarlagningar. Til þessa alls þurfum vjer mikinn mannafla. Gætum vjer nú sparað landssjóði mikinn hluta vinnulauna við þessi stórvirki, þá mundi að minsta kosti eigi þurfa að leggja nýja skatta á þjóðina til að koma þeim í framkvæmd. Þjóðin eignaðist á sama tíma áhugasama borgara, sem lagt hefði niður ýmsa þá meinlegu bresti, sem þjóðin nú hefir, einungis með því, að hver einstaklingur verði sárlitlum hluta æfi sinnar í þarfir landsins ókeypis. Hugsunarháttur allrar þjóðarinnar yrði innan fárra áratuga breyttur til hins betra. Tortrygnin, öfundin, einræningsskapurinn, fjelagslyndisleysið, áhugaleysið, óstundvísin, og með henni ýms óreiða í orðum og gjörðum mundi væntanlega með öllu hverfa. Agaleysið færi í sömu gröfina og á moldum þessara bresta og lasta mundu vaxa: áhugi, hlýðni, háttprýði, atorka, fjelagslyndi, þrifnaður, stundvísi og áreiðanleiki í orðum og viðskiftum. Og á sama

tíma yrði landið betra og byggilegra. Ást manna á landinu myndi aukast og fórnfýsi fyrir það skapast, eigi einungis af því, að landið yrði betra, heldur, og einkum, af því að þá hefði menn eitthvað lagt í sölurnar fyrir það.

Þá er að athuga, hverjir sjeu annmarkar á að koma þegnskylduvinnunni í framkvæmd og hverja erfiðleika hún bakar landsmönnum. Það er vitaskuld, að það kostar landssjóð allmikið fje að undirbúa verkstjóra, en það mega líka heita einu erfiðleikarnir, sem teljandi eru fyrir landssjóðinn. Það mundi og fljótlega borga sig í haganlegri verkstjórn.

Fyrir landslýðinn er eigi önnur óþægindi að telja en vinnutap um lengri eða skemmri tíma, alt eftir því, hve langur eða stuttur þegnskyldutíminn væri. En þótt menn hugsuðu sjer heilt ár, og lengri tími hefir engum enn komið til hugar, þá mundi það geta skoðast sem fje, er lagt væri á vöxtu. Mennirnir yrði sem sje miklu nýtari menn sjer sjálfum og öðrum og þeir gæti verið að taka út á þessa eins árs vinnu alla sína æfi. Í sárfáum tilfellum mundi þetta verða neinum tilfinnanlegt, og naumast munu þess dæmi í útlöndum, að nokkur fjölskylda hafi fyrir þá sök farið á vonarvöl og er þó hervarnarskyldan þar víðast lengri tími en eitt ár, sumstaðar jafnvel þrjú ár.

Að þessu athuguðu leyfum við okkur að bera fram tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu í þegnskyldumálinu, á þingskjali 518.

Neðri deild Alþingis, 18. ágúst 1915.

Matth. Ólafsson, skrifari.	Samþ. niðurstöðunni. Sveinn Björnsson, formaður.

Nd. **518. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu.

Frá minni hluta Þegnskyldunefndarinnar.

Alþingi skorar á landstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um það, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu, fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera, einhverntíma á aldrinum 17—25 ára, allt að 3 mánaða tíma, í eitt skifti.

Atkvæðagreiðsla þessi sje leynileg og fari fram samhliða næstu almennum kosningum.

Ed. **519. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um atvinnu við siglingar (þgskj. 340).

Frá Karli Finnbogasyni og Kristni Daníelssyni.

Fyrir orðið »smálestir« í fyrirsögn I. kafla frumvarpsins, komi:
lestir (ton);

Og í stað orðsins: »s m á l e s t«, alstaðar annarstaðar í frumvarpinu, komi:
l e s t.

Nd. **520. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
16. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 11,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500	18,500	18,500	37,000
17. Óvissar tekjur	20,000	20,000	40,000
Samtals	1,836,500	1,896,500	3,733,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,200 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls ...	15,000	15,000	30,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	3,000	3,000	6,000
4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands	10,000	10,000	20,000
Samtals...	28,100	28,100	56,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 283,400 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . ... Af eftirstöðvum símaláns Búðahrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.	52,000	49,500	101,500
2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs ...	11,475	11,475	22,950
3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar kr. 110,000...	4,950	4,950	9,900
4. Leigur af bankavaxtabrjefum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	45,000	44,050	89,050
5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	15,000	15,000	30,000
6. Vextir af innstæðum í bönkum	3,000	3,000	6,000
7. Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða...	10,000	14,000	24,000
Samtals...	141,425	141,975	283,400

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 15,600 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	1,800	1,800	3,600
Flyt...	1,800	1,800	3,600

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	1,800	1,800	3,600
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	1,000	1,000	2,000
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur. ...	5,000	5,000	10,000
Samtals...	7,800	7,800	15,600

6. gr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1916 og 1917 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,507,906 kr. 92 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 491,221 kr. 12 a.

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
I. Vextir:			
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur kr. 500,000 tekið 1908 til 15 ára, til símalagningar	11,666,66	10,333,34	
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1,500,000 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	52,440,38	50,187,56	
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn kr. 250,000 tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	10,218,75	9,843,75	
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum kr. 500,000 tekið 1912 til 15 ára vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	18,000	16,500	
Flyt...	92,325,79	86,864,65	

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	92,325,79	86,864,65	
5. Ritsímalánið 1913 4½% og endurborgun á 30 árum tekið hjá stóra norræna ritsímafjelaginu...	21,653,23	21,249,04	
6. Viðskiftagjald af láni til að kaupa ritsíma Reykjavíkur	480,00	480,00	
	114,459,02	108,593,69	223,052,71
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33,333,33	33,333,34	
2. — — — 1909	50,000,00	50,000,00	
3. — — — 1912	8,333,33	8,333,33	
4. — — — 1912	33,333,34	33,333,33	
5. — — — 1913	8,882,11	9,286,30	
	133,882,11	134,286,30	268,168,41
Samtals...	.....	.....	491,221,12

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 113,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra: kr.			
a. Laun... 8,000			
b. Til risnu 2,000			
	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	3,000	3,000	6,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	20,000	20,000	40,000
6. Til landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að...	5,500	5,500	11,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1,500	1,500	3,000
Samtals...	56,500	56,500	113,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 297,990 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna.			67,300	67,300	
b. Til hreppstjóra...			8,000	8,000	
2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...			1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður...			5,195	5,195	
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			5,100	5,100	
			86,995	86,995	173,990
B. Ýmisleg útgjöld.					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450	450			
b. Til pappírs og prentunar..	6,000	6,000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1,200	1,200			
d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að	500				
			8,150	7,650	
2. Hagstofa Íslands:					
a. Laun hagstofustjóra.. ...	3,000	3,000			
b. — aðstoðarmanns ...	2,500	2,500			
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3,500	3,500			
d. Prentun eyðublaða ...	1,000	1,000			
e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800	800			
f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	800	800			
g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að	1,000				
			12,600	11,600	
3. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	6,000	6,000			
Flyt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990
b. Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti eða samtöl	8,000	8,000			
			14,000	14,000	
4. Brunaábyrgðar- sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar..			4,000	4,000	
5. Til embættiseftirlitsferða			2,000	2,000	
6. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			300	300	
7. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.			8,000	8,000	
8. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ...			1,000	1,000	
9. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...			200	200	
10. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			12,000	12,000	
11. Til að útvega peningaskáp handa sýslumannsembættunum í Stranda-,Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu			1,000	.....	
			63,250	60,750	124,000
Samtals...			.....	.....	297,990

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 420,355 kr. 80 aurar.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81,200	81,200	162,400
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis til hvors hrepps 300 kr... ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjerað.	600	600	1,200
3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.	300	300	600
4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður í Hróarstunguhjerað.	300	300	600
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar ... ... Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.	300	300	600
6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	85,500	85,500	171,000

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	85,500	85,500	171,000
8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9. Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að	3,500	.....	3,500
10. Holdsveikisspítalinn...	37,821,40	37,521,40	75,342,80
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	1916	1917	
	kr. a.	kr. a.	
1. Laun... ... ... Þaraf 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.	6,000	6,000	
2. Viðurværi 76 m. ...	16,921,40	16,921,40	
3. Klæðnaður...	1,400	1,400	
4. Meðul og sáraumbúðir	1,800	1,800	
5. Eldsneyti	4,500	4,500	
6. Ljósmeti	700	700	
7. Húsbúnaður og áhöld	1,500	1,200	
8. Viðhald á húsum ...	1,500	1,500	
9. Þvottur og ræsting...	800	800	
10. Greftrunarkostnaður..	200	200	
11. Skemtanir...	400	400	
12. Skattar o. fl.... ...	1,300	1,300	
13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ———	800	800	
	37,821,40	37,521,40	
Flyt...	127,821,40	124,021,40	251,842,80

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	127,821,40	124,021,40	251,842,80
11.	Geðveikrahælið á Kleppi.		25,856,50	25,856,50	51,713
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	kr. a.			
	A. Laun læknis	2,700			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna	3,950			
	2. Viðurværi 86 manns 60 a. á dag	18,834			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,950			
	4. Meðul og umbúðir	500			
	5. Ljós og hiti...	4,800			
	6. Viðhald og áhöld..	3,200			
	7. Þvottur og ræsting	1,000			
	8. Skemtanir	350			
	9. Skattar m. m.	1,000			
	10. Óviss útgjöld	800			
		39,084			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 63 sjúklingum 50 a. á dag	kr. 11,497,50			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu.. ...	1,000	13,227,50		
		Mismunur...	25,856,50		
12.	Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið		5,000	5,000	10,000
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag..		35,000	35,000	70,000
14.	Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum		5,000	.....	5,000
15.	Önnur útgjöld:				
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla... ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,200			
		Flyt... 4,200	198,677,90	189,877,90	388,555,80

		1916.	1917.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	4,200	198,677,90	189,877,90	388,555,80
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs	3,000			
c. Bólusetningarkostnaður..	1,000			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4,000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar.. ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.	900			
g. Styrkur til sjúkrasamlaga	600			
h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis alt að ...	800			
i. Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn hvort árið...	400			
		15,900	15,900	31,800
Samtals...		214,577,90	205,777,90	420,355,80

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,453,860 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun: kr.			
a. Póstmeistara 4,000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík 7,600			
2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur 24,000			
c. Brjefhirðingarmanna 8,500			
	44,100	44,100	
2. Póstflutningur ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.	68,000	68,000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... kr. 7,000			
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að 3,000			
c. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur 2,500			
d. Önnur gjöld 9,000			
	21,500	21,500	
	133,600	133,600	267,200
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:			
	1916	1917	
1. Verkfræðingur landsins:	kr.	kr.	
a. Laun	3,600	3,600	
b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings.	400	400	
Flyt...	4,000	4,000	 267,200

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	4,000 4,000	.....	.....	267,200
c.	Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	500 500			
2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	4,000 4,300			
	Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. Sbr. 16. gr. 3.				
3.	Skrifstofukostnaður	900 700			
4.	Til eftirlits með vegaviðhaldi	200 200			
			9,600	9,700	
II.	Flutningabrautir:	kr. kr.			
1.	Borgarfjarðarbraut ...	2,000			
2.	Húnvetningabraut	25,000 15,000			
3.	Skagfirðingabraut	10,000			
4.	Eyjafjarðarbraut	2,000			
5.	Reykjadalsbraut	5,000			
6.	Grímsnesbraut	15,000 15,000			
7.	Viðhald flutningabrauta	11,000 11,000			
			58,000	53,000	
III.	Þjóðvegir:	kr. kr.			
1.	Stykkishólmsvegur ...	8,000			
2.	Milli Hvítár og Örnólfsdalsár	4,000			
3.	Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	10,000			
4.	Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	7,000 7,000			
5.	Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði	3,000			
	Flyt...	22,000 17,000	67,600	62,700	267,200

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	22,000 17,000	67,600	62,700	267,200
6.	Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi...	78,000			
	Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má fresta framkvæmdum verksins.				
7.	Hróarstunguvegur	7,000 7,000			
8.	Aðrar vegabætur og viðhald	16,000 16,000			
			123,000	40,000	
IV.	Fjallvegir.		4,000	4,000	
V.	Til áhalda		2,000	2,000	
VI.	Tillög til akfærra sýsluvega alt að... ... gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er stjórnarráðið setur í reglugerð.		20,000	20,000	
VII.	Til brúar á Austur-ós Hjeraðsvatna, alt að gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.		25,000	.....	
VIII.	Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi ... ... gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.		.....	7,000	
IX.	Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... ... þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.		1,000	.....	
X.	Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...		300	300	
XI.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti.... ...		300	300	
XII.	Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju.. ... ... gegn því er tilvantar annarsstaðar frá.		.....	800	
XIII.	Brú á Ljá (endurveiting)		3,000	.....	
			246,200	137,100	383,300
	C.				
I.	Til strandferða..		60,000	77,300	
II.	Til Eimskipafjelags Íslands		40,000	40,000	
		Flyt...	100,000	117,300	650,500

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	100,000	117,300	650,500
III. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	kr.			
1. Til Faxaflóabáts...	12,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts alt að ...	9,000			
3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa, alt að.. ...	9,000			
4. Til Norðurlandsbáts alt að ...	9,000			
5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:				
a. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka alt að... ... ... 6,000 6,000				
b. Til Rangársands alt að ... 1,200 1,200	7,200			
6. Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að	800			
7. Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar alt að	400			
8. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti alt að	300			
9. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að	400			
10. Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands	300			
		48,400	48,400	
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:				
að bátar þeir, sem notaðir verða, sjeu að dómi hlutaðeigandi hjeraðsstjórna góðir bátar og hentugir til þessara ferða og sendist vottorð um það til stjórnarráðsins;				
að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun bátanna og sje uppkast að henni sent stjórnarráðinu innan þess tíma, sem það tiltekur;				
að landssjóðsstyrkurinn nemi aldrei meiru en helmingi reksturskostnaðar bátanna;				
að útgerðarmenn bátanna sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en styrkurinn er að fullu greiddur.				
		148,400	165,700	
				314,100
	Flyt...	.....	.....	964,600

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
D.	Flutt...	.....	.....	964,600
Hraðskeyta- og talsímasamband.				
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)...		35,000	35,000	
II. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landsíminn á innanbæjarkerfi: Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, og til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl.		7,500	7,500	
III. Til byggingar nýrra lína samkvæmt 4. gr. sbr. 7. gr. l. nr. 35, 20. okt. 1913 ... ... enda sje gætt skilyrða laganna um fjárframlög hjeraðanna.		49,500	50,000	
Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum, að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.				
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:				
	1916 1917			
1. a. Laun landsímastjóra ..	3,500 3,500			
b. Persónuleg launaviðbót	1,500 1,500			
2. Laun símaverkfræðings ..	2,800 2,800			
3. Aðstoð og annar kostnaður	2,000 2,000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	21,120 21,820			
5. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu ..	8,300 8,400			
6. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu ..	11,590 11,590			
7. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu ...	5,660 5,660			
8. Símastöðin á Borðeyri ...	3,300 3,820			
9. Símastöðin í Hafnarfirði alt að..	1,500 1,500			
10. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að...	1,800 1,800			
	Flyt... 63,070 64,390	92,000	92,500	964,600

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	63,070	64,390	92,000	92,500	964,600
11. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði.	6,000	6,500			
12. Viðgerð og endurbætur á bæjarsímakerfi Akureyrar, alt að	9,000				
13. Til þess að kaupa peningaskápa handa 6 símastöðvum	1,200		79,270	70,890	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...			5,000	5,000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			1,500	1,500	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að			2,000	2,000	
VIII. Viðhald landsímanna			15,000	15,000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			195,320	187,440	382,760

E.

Vitamál.

I. Stjórn og undirbúningur vitamála.

	kr.	kr.			
a. 1. Laun umsjónarmanns...	3,600	3,600			
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi umsjónarmanns	400	400			
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.					
b. Til aðstoðarmanns	2,500	2,500			
Hann sje jafnframt skyldur að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.					
Flyt...	6,500	6,500			1,347,360

			1916.	1917.	Alls
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	6,500	6,500			1,347,360
c. Skrifstofuhald	800	700			
d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikingi alt að	1,000	1,000			
			8,300	8,200	
II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:					
1. Svörtulofta- og Öndverðanessvitar:					
a. Laun vitavarðar	400	400			
b. Reksturskostnaður ...	500	500			
2. Elliðaeyjarviti:					
a. Laun vitavarðar	400	400			
b. Reksturskostnaður ...	400	400			
3. Bjargtangaviti:					
a. Laun vitavarðar	200	200			
b. Reksturskostnaður ...	350	350			
4. Arnarnessviti:					
a. Laun vitavarðar	500	500			
b. Reksturskostnaður ...	400	500			
5. Straumnessviti:					
a. Laun vitavarðar	100	200			
b. Reksturskostnaður ...	»	400			
6. Grímseyjar- og Malarhornsvitar:					
a. Laun vitavarðar	250	250			
b. Reksturskostnaðar ...	500	500			
7. Hólmavíkurviti:					
a. Laun vitavarðar	100	100			
b. Reksturskostnaður ...	150	150			
8. Kálfshamarnessviti:					
a. Laun vitavarðar	100	100			
b. Reksturskostnaður ...	200	200			
9. Skagatáarviti:					
a. Laun vitavarðar	150	150			
b. Reksturskostnaður ...	400	400			
10. Siglunessviti:					
a. Laun vitavarðar	900	900			
b. Reksturskostnaður ...	500	500			
Flyt...	6,500	7,100	8,300	8,200	1,347,360

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	6,500 7,100	8,300	8,200	1,347,360
11.	Flateyjarviti:				
	a. Laun vitavarðar	150 150			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
12.	Rifstangaviti:				
	a. Laun vitavarðar	200 200			
	b. Reksturskostnaður ...	300 300			
13.	Langanessviti:				
	a. Laun vitavarðar	250 250			
	b. Reksturskostnaður ...	200 200			
14.	Dalatangaviti:				
	a. Laun vitavarðar	600 600			
	b. Reksturskostnaður ...	600 600			
15.	Vattarnessviti:				
	a. Laun vitavarðar	100 100			
	b. Reksturskostnaður ...	200 200			
16.	Ingólfshöfðaviti:				
	a. Laun vitavarðar	200 200			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
17.	Dyrhólaviti:				
	a. Laun vitavarðar	200 200			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
18.	Vestmannaeyjaviti:				
	a. Laun vitavarðar	700 700			
	b. Reksturskostnaður ..	500 500			
19.	Reykjanessviti:				
	a. Laun vitavarðar	1,500 1,500			
	b. Reksturskostnaður ...	1,600 1,600			
20.	Garðskagaviti:				
	a. Laun vitavarðar	600 600			
	b. Reksturskostnaður ...	750 750			
21.	Gróttuviti:				
	a. Laun vitavarðar	500 500			
	b. Reksturkostnaður... ...	450 450			
22.	Styrkur til að halda uppi leiðarljósi á Gerðatanga ...	100 100			
	Flutt ..	17,400 18,000	8,300	8,200	1,347,360

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	17,400	18,000	8,300	8,200	1,347,360
23. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum á Svartatanga við Stykkishólm	100	100			
			17,500	18,100	
III. Bygging nýrra vita o. fl.					
a. Malarrifsviti	16,300	»			
b. Straumnesviti	»	16,300			
c. Selvogsviti...	»	12,300			
			16,300	28,600	
IV. Sjómerki, þar með leiðarstaurar frá Knappavallaós að Hvalsíki 2,500 kr.			4,500	2,000	
V. Ýmislegt			1,500	1,500	
			48,100	58,400	106,500
Samtals...			.....	.....	1,453,860

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 722,990 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A.					
Andlega stjettin:		kr.			
a. 1. Laun biskups		5,000			
2. Skrifstofukostnaður		1,000			
			6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:					
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			2,000	2,000	
2. Til bráðabirgðauppbóta brauðum... ...			4,000	3,500	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			5,000	5,000	
Flyt...			17,000	16,500	.....

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	17,000	16,500	.....
4. Framlag til prestlaunasjóðs			40,000	40,000	
5. Álag á Sandfellskirkju í Öræfum			500	.....	
6. — á Einholtskirkju.			450	.....	
7. — á Stafafellskirkju...			600	.....	
			58,550	56,500	115,050
B.					
Kenslumál:					
I. Til háskólans:					
a. Laun			40,600	40,100	
b. Aukakensla:	1916	1917			
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	kr. 800	kr. 800			
2. Til kennarans í efnafræði	600	600			
3. Til kennarans í lagal. læknisfræði...	300	300			
			1,700	1,700	
c. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	9,000	9,000			
2. Húsaleigustyrkur.. ...	4,000	4,000			
3. Utanfararstyrkur læknaefna	300	300			
Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarnemendum.					
			13,300	13,300	
d. Til bókakaupa m. m.:					
1. Bókakaup	2,000	2,000			
2. Til bókakaupa handa heimspekisdeild	1,000	»			
Flyt...	3,000	2,000	55,600	55,100	115,050

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flyt...	3,000	2,000	55,600	55,100	115,050
3. Til kensluáhalda handa læknadeild	800	800			
4. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik	200	200	4,000	3,000	
e. Til útgáfu kenslubóka alt að..			2,500	2,500	
Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka.					
f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju			500	500	
g. Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. alt að...			1,600	1,600	
h. Eldiviður, ljós og ræsting			1,300	1,300	
i. Önnur gjöld:		kr.			
1. Laun ritara		800			
2. Laun dyravarðar, gæsla hitunarvjelar m. m.		1,600			
3. Ýmisleg útgjöld		1,500	3,900	3,900	
			69,400	67,900	137,300
II. Mentaskólinn almenni:					
a. Laun			21,600	21,600	
b. Aðstoðarfje:		kr.			
Handa fimleikakennaranum ...		700			
Til dyravarðar		1,000			
c. Til söngkennara		600	2,300	2,300	
d. Önnur útgjöld:	kr.	kr.			
1. Til bókasafns skólans	400	400			
2. Til eldiviðar, ljósa og vatns	1,700	1,700			
3. Til skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
4. Til tveggja fastra aukakennara..	4,000	4,000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að...	4,500	4,500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720			
Flutt...	12,720	12,720	23,900	23,900	252,350

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	12,720	12,720	23,900	23,900	252,350
7. Námsstyrkur	2,000	2,000			
8. Læknisþóknun	100	100			
9. Ýmisleg útgjöld... ...	1,200	1,200			
10. Til vísindalegra áhalda við kensluna	300	300			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina ...	1,000	1,000			
12. Til áhalda við fimleikakenslu...	100	100			
13. Til verðlaunabóka ...	100	100			
			17,520	17,520	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum að öðru jöfnu.					
			41,420	41,420	82,840
III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. Laun			9,600	9,600	
Af þessari upphæð eru persónulegar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.					
b. Önnur útgjöld:		kr.			
1. Til aukakennara þriggja ...		2,200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til Lárusar Rist.					
2. Tímakensla		1,800			
3. Til bóka- og kensluáhalda ...		600			
4. Til eldiviðar og ljósa		1,200			
5. Námsstyrkur		800			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öllu jöfnu.					
6. Til dyravörslu...		600			
7. Til skólahússins utan og innan		1,000			
8. Til ýmislegra útgjalda		800	9,000	9,000	
			18,600	18,600	37,200
Flyt...			.....	.....	372,390

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	.....	.....	372,390
IV. Kennaraskólinn:	kr.	kr.			
a. Laun	7,000	7,000			
Þaraf persónuleg launaviðbót handa núverandi 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.					
b. Önnur útgjöld:					
1. Tímakensla...	1,200	1,200			
2. Til aukakennara	1,400	1,400			
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi aukakennara.					
3. Eldiviður og ljós. ...	1,200	1,200			
4. Bókakaup og áhöld...	300	300			
5. Námsstyrkur.	1,500	1,500			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfnu.					
6. Til viðhalds..	300	300			
7. Ýmisleg útgjöld... ...	1,300	1,300			
8. Vatnssalerni..	1,000	»			
			15,200	14,200	
					29,400
V. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun			4,400	4,400	
	1916	1917			
b. Önnur útgjöld:	kr.	kr.			
1. Til tímakenslu	2,000	2,000			
2. Til að semja og gefa út kenslubók í siglingafræði á íslensku, 45 kr. fyrir örkina, alt að ...	900				
3. Til áhaldakaupa o. fl.	500	500			
4. Til eldiviðar og ljósa	600	600			
5. Ýmisleg útgjöld... ...	800	800			
			4,800	3,900	
			9,200	8,300	
VI. Til bændakenslu:					17,500
1. Til bændaskólans á Hólum:	kr.	kr.			
a. Laun	2,700	2,700			
Flyt...	2,700	2,700	.....	.....	419,290

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr,
Flutt...	2,700	2,700	.....	.....	419,290
b. Til aðstoðarkennara...	1,000	1,000			
c. Til smíðakennara ...	600	600			
d. Til smíða- og dráttlistarkenslu...	800	800			
e. Önnur útgjöld:					
1. Til verklegs náms..	700	700			
2. Til kensluáhalda ...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	1,000	1,000			
4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári.	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld ...	1,000	1,000			
			8,700	8,700	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. Laun	2,700	2,700			
b. Til aðstoðarkenslu ...	1,000	1,000			
c. Til smíða og leikfimiskenslu...	600	600			
d. Önnur útgjöld:					
1. Til verklegs náms..	1,000	1,000			
2. Til kensluáhalda ...	500	500			
3. Til eldiviðar og ljósa	1,000	1,000			
4. Til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn veitist fátækum, efnilegum nemendum, er próf taka frá skólanum, þó aldrei meira hverjum einstökum nemanda en 40 kr. á ári.	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,000			
			8,400	8,200	
		Flyt...	17,100	16,900	419,290

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	17,100	16,900	419,290
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi eigi skemur en 6 vikur á ári, og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 6 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
3. Til skólahalds á Eiðum..	2,500	2,500	
	19,600	19,400	39,000
VII. Til iðnfræðslu:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík ...	1916. kr. 5,000	1917. kr. 5,000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til kvöldskólahalds.	1,000	1,000	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds.	1,000	1,000	
d. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds.	600	600	
	7,600	7,600	15,200
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar.			
VIII. Til verslunarskóla:			
Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að halda uppi, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar ...	5,000	5,000	10,000
Flyt...	.....	.....	483,490

		1916	1917	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	... .	483,490
IX.	Til húsmæðrafræðslu:			
1.	Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að...	1,200	1,200	
2.	Til Jónínu Sigurðardóttur Líndal til húsmæðrakenslu á Akureyri	1,000	1,000	
3.	Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka	200	200	
			2,400	2,400	4,800
X.	Yfirsetukvennaskólinn:	kr.	kr.	
1.	Laun forstöðumanns ..	1,000	1,000	
2.	Til verklegrar kenslu:			
a.	Laun 3 yfirsetukvenna í Reykjavík	300	300	
b.	Annar kostnaður, alt að	400	400	
3.	Styrkur til námskvenna	2,000	2,000	
4.	Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	300	300	
			4,000	4,000	8,000
XI.	1. Til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði	1916. kr. 7,000	1917. kr. 7,000	
2.	Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að	2,000	2,000	
3.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	600	600	
4.	Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 900 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði ...	3,800	3,800	
5.	Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að	1,400	1,400	
			14,800	14,800	29,600
	Flyt...	.....	.....	525,890

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	525,890
XII. Til almennrar barnafræðslu:			
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr.	30,000	30,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.			
2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hvers hrepps	20,000	20,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum.			
3. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2,500	2,500	
4. Til prófdómara við barnapróf ...	4,200	4,200	
5. Til framhaldskenslu handa kennurum	1,500	1,500	
6. Utanfarastyrkur handa barnaskólakennurum	1,000	1,000	
7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,600	3,600	
Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.			
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi alt að	600	600	
	63,400	63,400	126,800
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	14,500	14,500	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks			
Flyt...	14,500	14,500	652,690

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	14,500	14,500	652,690
annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólunum á Hvítárbakka, Núpi, (í Dýraf.). Ísafirði og Seyðisfirði, 1500 kr. hverjum á ári, ef þeir fullnægju áskildum skilyrðum. Auk þess má veita Hvítárbakkaskóla og Núpskóla 30 kr, fyrir hvern nemanda, sem er allan kenslutímann, þó ekki yfir 600 kr. þeim fyrnefnda og ekki yfir 400 kr. þeim síðarnefnda.			
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	43,000
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	1,600
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	14,000
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	2,000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík. ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	1,200	1,200	
b. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,500	1,500	
Flyt...	2,700	2,700	713,290

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	2,700	2,700	713,290
c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
d. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir verði færir um að kenna leikfimi	450	450	
e. Utanfararstyrkur til sama til þess að kynna sjer úti-íþróttir	500	.....	
	4,100	3,600	7,700
XVIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Rvík	1,000	1,000	2,000
Samtals...	....	.....	722,990

15. gr,

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 206,080 kr.

	1916	1917	1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:	kr.	kr.			
a. Laun landsbókavarðar	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar	1,800	1,800			
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 1. bókavarðar.					
c. Laun 2. bókavarðar	1,200	1,200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. Til aðstoðar á lestrarsal	1,000	1,000			
e. Til að kaupa bækur og handrit	7,000	7,000			
f. Til bókbands...	3,300	3,300			
Flyt ..	17,300	17,300	.....	.....	.....

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt	17,300 17,300			
g.	Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár	2,400 2,400			
h.	Fyrir afskriftir (eftir reikningi)	1,000 1,000			
i.	Til að prenta ritaukaskrá ...	280 280			
j.	Til þess að semja og gefa út minningarrit safnsins á 100 ára afmæli þess eftir reikningi alt að	1,500			
k.	Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360 360			
l.	Ýmisleg gjöld	400 400	21,740	23.240	
2.	Landsskjalasafnið:				
a.	Laun skjalavarðar..	1,800 1,800			
b.	Laun aðstoðarskjalavarðar...	1,200 1,200			
c.	Til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	1,000 1,000			
d.	Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600 600			
e.	Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250 250			
f.	Til að láta afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta Ísland, í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum	1,000 1,000	5,850	5,850	
3.	Þjóðmenjasafnið:				
a.	Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)...	1,800 1,800			
b.	Til aðstoðar eftir reikningi, alt að	800 800			
c.	Til að útvega forngripi og til áhalda og aðgerðar, alt að	1,700 1,700			
d.	Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876	300 300			
	Flyt...	4,600 4,600	27,590	29,090	

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	4,600 4,600	27,590	29,090	
e.	Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að	1,000 1,000	5,600	5,600	
	Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.				
4.	Náttúrufræðisfjelagið		1,000	1,000	
	Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári.				
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.				
5.	Landsbókasafnshúsið:				
a.	Til eldiviðar, ljósa o. fl. ...	3,600 3,600			
b.	Til dyravarðar	1,400 1,400			
c.	Til viðhalds og áhalda.. ...	1,000 1,000	6,000	6,000	
6.	Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2,000	2,000	
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði..		1,500	1,500	
8.	Til hins íslenska bókmentafjelags..		2,000	2,000	
9.	Til Þjóðvinafjelagsins		750	750	
10.	Til Fornleifafjelagsins		400	400	
	Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.				
11.	Til sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...		750	750	
12.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni...		800	800	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.				
	Flyt...		48,390	49,890	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	48,390	49,890	
13. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
14. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
15. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda.	600	600	
16. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að...	2,000	2,000	
17. Styrkur til skálda og listamanna...	12,000	12,000	
18. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara...	.....	2,000	
19. Til byggingar yfir listaverk Einars Jónssonar, alt að	10,000	.....	
20. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn..	800	800	
21. Til Steingríms Jónssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn	800	.....	
22. Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til framhalds málfræðisnámi við Kaupmannahafnarháskóla	600	600	
23. Til Einars Hjaltested til þess að ljúka námi í söglist	3,000	.....	
24. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi	1,100	1,100	
25. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
26. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orða-			
Flyt...	80,740	70,440	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	80,740	70,440	
bók með íslenskum þýðingum, 3. og 4. greiðsla á 8 ára styrk	3,000	3,000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn verji öllum starfskröftum sínum til þessa starfa, enda geri hann stjórnarráðinu á hverju misseri grein fyrir því, hvað starfinu líður.			
27. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum	2,000	2,000	
enda sje handritið eign landsins að honum látnum.			
28. Til Boga Th. Melsted til að rita Íslendingasögu	800	800	
29. Til Jóhanns Kristjánssonar til þess að rannsaka meðferð á guðsþakkafje, gjöfum og sjóðum, semja skýrslu um það	600	600	
30. Til dr. Guðm. Finnbogasonar til rannsókna og tilrauna til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu.	3,000	3,000	
31. Til próf. Ágústs Bjarnason, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«, 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
32. Til Sighvats Gr. Borgfirðings til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ...	300	300	
33. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna...	600	600	
34. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
35. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna...	1,800	1,800	
36. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
37. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
38. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
Flyt...	105,290	94,990	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	105,290	94,990	
39. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins	500	500	
40. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur...	600	600	
41. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi ...	1,000	1,000	
42. Til íþróttasambands Íslands...	800	800	
	108,190	97,890	206,080
Samtals...	.....	.....	206,080

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast 530,610 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr,	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			56,000	56,000	
2. Til búnaðarfjelaga			22,000	22,000	
3. Til vatnsvirkja:					
a. Stjórn og undirbúningur ...	3,500	3,500			
b. Til áveitunnar á Miklavatnsmýri	13,000	»			
Upphæð þessi komi eigi til útborgunar nema landsverkfræðingurinn hafi lagt fram yfirlýsingu um, að nægilegt vatn fyrir áveitusvæðið fáist, svo að tilraunin með jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.					
c. Til byrjunar framkvæmda til þess að afstýra vatnaágangi af Þverá		15,000			
			16,500	18,500	
4. Til sandgræðslu			5,000	5,000	
5. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3,000	3,000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu..	10,000	10,000			
			13,000	13,000	
Flyt...			112,500	114,500	

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	112,500	114,500	
7.	Til dýralækninga:				
	a. Laun handa 2 dýralæknum	2,400 2,400			
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400 400			
	c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna..	300 300			
	d. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis	1,200 1,200			
	e. (Endurveiting). Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að	900			
			5,200	4,300	
	Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.				
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...		600	600	
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brúttó tekjum stofnunarinnar	2,400 2,400			
	Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns.				
	b. Til gerlarannsókna:				
	1. Laun	1,500 1,500			
	2. Til áhaldakaupa	690			
	c. Til húsaleigu.	700 700			
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500 500			
			5,790	5,100	
10.	Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar		2,500	2,500	
11.	Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að		400	400	
		Flyt...	126,990	127,400	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	126,990	127,400	
12. Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:			
a. Laun 1,500			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að 400	1,900	1,900	
13. Til þess að styrkja efnilega menn til verklegs náms erlendis	4,000	4,000	
14. Til Fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
15. Til Landhelgissjóðs Íslands	5,000	5,000	
16. Til Fiskifjelags Íslands	18,000	18,000	
17. Til sama fjelags handa erindreka erlendis..	4,000	4,000	
18. Til sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námsskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga ... ... gegn að minsta kosti 500 kr. tillagi annarsstaðar frá.	1,000	1,000	
	1916	1917	
19. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	kr. 8,000	kr. 8,000	
b. Til ferðakostnaðar eftir reikningi alt að	400	400	
	8,400	8,400	
20. a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar	2,000	2,000	
b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	400	400	
	2,400	2,400	
21. a. Til leiðbeiningar í ullarverkun og til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. ...	1,200		
b. Ferðakostnaður, eftir reikningi alt að	400		
c. Laun 4 ullarmatsmanna ...	1,600	1,600	
d. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	800	800	
	4,000	2,400	
22. Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands..	1,000	1,000	
Flyt...	182,690	181,500	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	182,690	181,500	
23. Þóknun til vörumerkjaskráritarans	360	360	
24. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu	2,500	2,500	
25. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd...	300	300	
26. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina.	300	300	
27. Eftirlit með áfengiskaupum:			
a. Laun umsjónarmanns 900 900			
b. Önnur útgjöld... ... ... 800 800			
	1,700	1,700	
28. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...	300	300	
29. Til Bjargráðasjóðs	20,000	20,000	
30. Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum	.....	62,500	
31. Til rannsóknar og undirbúnings Flóaáveitunni, alt að	2,500	.....	
32. Til brimbrjóts í Bolungarvík..	10,000	10,000	
Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns.			
33. Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni	.....	5,000	
gegn því að hjeraðsbúar leggi fram það sem til vantar.			
34. (Endurveiting). Til bryggjugerðar á Sauðárkróki þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, alt að ..	6,000	.....	
Hreppsnefnd Sauðárkróks veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.			
Flyt...	226,650	284,460	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	226,650	284,460	
35. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir helming kostnaðar ... gegn því sem til vantar annarsstaðar frá. Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi og sje bryggjan til almenningsnota undir eftirliti sýslunefndar.	.....	5,000	
36. Til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness (í Mýrasýslu) og Skógarness (í Hnappadalssýslu) og á höfnum beggja staðanna ...	5,000	.....	
37. Til bátabryggju á Blönduósi 1/3 kostnaðar, alt að...	7,500	.....	
38. Til bryggjugerðar í Búðardal, alt að ... gegn jafn miklu annarsstaðar að, enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.	2,000	.....	
	241,150	289,460	530,610
Samtals...	.....	.....	530,610

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 6,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 167,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til prófl. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; viðbót við eftirlaun fyrverandi hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal 250 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinssdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loptsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftir-

laun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun prestsekkju Ástu Þórarinsdóttur 129,94 kr.; til Guðlaugar Sakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar, 360 kr.; til Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar, 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.; til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.; til sjómanns Eggerts Brandssonar 150 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra 500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannebrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar 400 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr. og eftirlaun Björns læknis Blöndal 750 kr. hvorttveggja frá 1. jan. 1916 að telja.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 20,000 kr.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður, 299,706 kr. 92 au., greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum Búnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 5% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 5% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita og sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 5% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má lána Davíð Stefánssyni í Fornahvammi alt að 2000 kr. til húsabygginga á jörðinni, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni prentmyndasmið 5000 kr. til þess að setja á stofn prentmyndasmíðastofu, gegn tryggingu, sem landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

7. Úr viðlagasjóði má lána Guðm. T. Hallgrímssyni lækni, 2500 kr. til húsbyggingar á Siglufirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

8. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu 6000 kr. til þess að kaupa bústað handa hjeraðslækni. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Húsavíkurhreppi 20000 kr. til þess að raflýsa Húsavíkurkauptún, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi, 50000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1915 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Landsstjórninni heimilast að kaupa Melkotslóð (milli ráðherrabústaðarins og Suðurgötu) fyrir alt að kr. 1,50 hverju feralin.

Landsstjórninni heimilast að kaupa landsbankarústirnar ásamt brunabótaupphæð hennar fyrir virðingarverð til brunabóta og lóðina, sem húsinu fylgir eftir mati dómkvaddra manna. Kaupverðið greiðist þannig: Landsbankinn fái upp í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð í Arnarhólstúni, eftir virðingu; afgangurinn greiðist með skuldabrjefi.

Landsstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á tveim lánum úr viðlagasjóði til verksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri, hinu fyrra, að upphæð 50,000 kr., veittu 1908, hinu síðara 60,000 kr., veittu 1912, að bæði lánin greiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum, frá 1918 að telja.

Landsstjórninni heimilast að taka alt að 65,000 kr. lán til þess að breyta bæjarsíma Reykjavíkur í »kvart-automatisk central«, svo framarlega sem lánið fæst með sæmilegum kjörum.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess, að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. eftirlaun á ári, í 2 ár, frá 1. nóv. þ. á. að telja.

Ed. **521. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi ekki getað fylgst í öllu með samnefndarmönnum mínum í nefnd þeirri, er skipuð var í efri deild til að íhuga ofannefnt frumvarp. Fyrir því verð jeg að gera sjerstaklega grein fyrir afstöðu minni.

Jeg álít þá, að ekki verði hjá því komist, að leggja fram úr landssjóði alt að 10,000 kr. til að koma upp nýjum grafreit fyrir Reykjavík, af þeirri stærð, er ráð er fyrir gert í nefndaráliti neðri deildar á þingskjali nr. 162. Og mun jeg því á sínum tíma greiða atkvæði með 1. og 2. grein í frumvarpinu.

Þar á móti álít jeg óeðlilegt og órjettlátt að legkaup sje tekið upp eingöngu fyrir þá, er grafnir verða í kirkjugarði Reykjavíkur. Jeg tel rangt að leggja slíkan skatt á einn söfnuð landsins einungis, en sleppa öllum öðrum. Fyrir því mun jeg greiða atkvæði gegn 3. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er það mín skoðun, að rjett sje að taka upp aftur legkaupið um alt land. Og ber jeg fram frumvarp um það.

Efri deild 24. ágúst 1915.

Björn Þorláksson.

Ed. **522. Frumvarp**

til laga um upptöku legkaups.

Frá minni hluta Kirkjugarðsnefndar.

Legkaup skal tekið upp um alt land, 2 kr. fyrir barn yngra en 2 ára, og 4 kr. fyrir þá, er eldri eru. Legkaup greiðist til kirkju þeirrar sóknar, þar sem sá andast, er grafinn er.

Nd. **523. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

1. Á eftir orðunum: »frá 1. janúar 1914 að telja« komi:
   og greiðist honum auk þess, í eitt skifti fyrir öll, 1800 kr. uppbót úr landssjóði.

2. Varatillaga: Á eftir orðunum: »frá 1. janúar 1914 að telja« komi:
og greiðist honum auk þess, í eitt skifti fyrir öll, 1200 kr. uppbót úr landssjóði.

Ed. **524. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. (þgskj. 502).

Frá Karli Finnbogasyni.

1. við 3. gr.

fyrir: »200—2000 kr.« komi:
10—2000 kr.

2. við 5. gr.

Fyrir: »notuð hafa verið« komi:
að eins hafa verið notuð.

Nd. **525. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Minni hlutinn er með öllu sammála meiri hlutanum um, að mjög væri æskilegt, að brunatrygging á húsum og lausafje hjer á landi, kæmist á innlendur hendur. Enda var sú tilætlun með lögum nr. 58 frá 22. nóv. 1907.

En lög þau hafa ekki komist í framkvæmd, af því endurtrygging sú, er lögin gera ráð fyrir, hefir ekki fengist, en með henni var tilætlunin að takmarka áhættu landssjóðs og sveitarfjelaganna. Enda er það meginregla við brunatryggingar annarsstaðar, að áhættan, sem við brunatryggingar er mjög erfitt að áætla, skiftist á sem flestar hendur. Án þess vilja fjelögin ekki taka á sig áhættuna, og við það verða fjelögin um leið fastari og tryggari bakhjarl fyrir þá, sem tryggja í þeim.

Minni hlutanum þykir varhugavert að landssjóður og sveitarfjelögin taki ábyrgð þá á sig, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, án endurtryggingar. Áhætta landssjóðs er að vísu bundin við 800,000 krónur, og þannig takmörkuð.

En bæði er nú það, að hjer er um all-mikla upphæð að ræða, sem landssjóði gæti orðið örðugt að greiða í svipinn, ef til kæmi, en auk þess má ætla, ef brunaskaðinn færi fram úr 800 þúsundum auk brunabótasjóðs, að þá væri landssjóður siðferðislega bundinn til frekari greiðslu, gagnvart þeim, sem í trausti til hans hafa vátrygt í fjelaginu.

Um það má vitanlega deila, hvort slíka brunaskaða muni að hendi bera, en með rjettu verður því ekki neitað, að mögulegleikar eru fyrir meiri brunaskaða en þeim, sem ábyrgð landssjóðs hrykki fyrir. Nægir í því efni að vísa til, að á Akureyri einni eru hús virt á hjer um bil $1^1/_2$ miljón króna. Og reynsla undanfarinna ára sýnir, að þar hafa orðið miklir brunar, og gætu þeir orðið margfalt stærri.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að með bættum bruna-áhöldum, og betri skipun brunaliðsins minkaði brunahættan, og þetta er rjett; en þrátt fyrir tilraunir til endurbóta í þessu efni sýndi bruninn mikli í Reykjavík við hvað ramman reip er að draga, þar sem eldurinn er.

Að því er áhættu sveitarfjelaganna snertir, þá er hún samkv. lögunum $^1/_6$ hluti verðs, og getur hjer verið að ræða um all-verulega áhættu fyrir sveitarfjelög, þar sem þorp liggja í sveitarfjelaginu eða sveitarfjelagið er kauptún, því á slíkum stöðum er oft um miklar húsaþyrpingar að ræða.

Virðist minni hlutanum athugavert, að leggja slíka áhættu á sveitarfjelögin áður en þau eru spurð.

Mjer er ekki kunnugt um að ríki vátryggi nokkursstaðar gegn brunabættu. Að vísu er brunabótatryggingin í Baden þannig að húseigendur eru skyldir að vátryggja gegn eldhættu í gagnkvæmu brunabótafjelagi, sem að öllu leyti er undir eftirliti landstjórnarinnar, án þess að landið hafi tekið að sjer nokkra fjárhagslega ábyrgð eða fje hafi verið lagt úr ríkissjóði til fjelagsins. Og er fyrirkomulagið þannig að brunaskaðanum er jafnað niður árlega á þá, sem vátryggja í því. Ástæða virðist til að rannsaka fyrirkomulag þessarar tryggingar nánar og hvernig hún hefir reynst.

Enda verður yfirleitt ekki annað sjeð, en að viðfangsefni það, sem hjer liggur fyrir sje ofvaxið þingnefnd og því eðlilegast að fela stjórninni frekari undirbúning þessa máls, enda full ástæða til þess að hún útvegaði sjerfróða aðstoð til þess að íhuga þetta mál og skilyrði fyrir ýmsri annari ábyrgðarstarfsemi hjer í landinu.

Samkvæmt ofanrituðu getur minni hlutinn ekki lagt til að frumvarpið verði samþykt, en vill vísa þessu mikla velferðarmáli til stjórnarinnar til frekari undirbúnings undir næsta þing.

Alþingi, 25. ágúst 1915.

Sigurður Eggerz.

15. gr. 17.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

Við 15. gr. 17.

1. Liðurinn orðist svo:
   Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna.
2. Fyrir: »12,000 — 12,000« komi:
   10,000 — 10,000.

16. gr. 9. a.

Nd. **527. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson, frá Vogi.

Við 16. gr. 9. a.

Fyrir »brúttó« komi:
öllum.

13. gr. C. III.

Nd. **528. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 13. gr. C. III.

Í stað »mótorbátsferða« alstaðar í lið þessum og breytingartillögum við hann komi:
vjelbátsferða.

2. gr. 9.

Nd. **529. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 2. gr. 9.

Fyrir: »límonade« komi:
gosdrykkir.

16. gr. 16.

Nd. **530. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Matth. Ólafssyni.

Við 16. gr. 16.

Liðurinn orðist þannig:

Til Fiskifjelags Íslands ... ... 20,000 — 20,000

gegn því, að fjelagið haldi uppi kenslu á Ísafirði handa skipstjóraefnum á smáskipum.

13. gr. B. III. 5.

Nd. **531. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B. III. 5.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu ... ... 3,900 síðara árið.

Ed. **532. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (á þingskjali 449).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir ekki getað orðið að öllu leyti samdóma.

Meiri hluti nefndarmanna lítur svo á málið:

Við teljum sjálfsagt að frumvarpið nái fram að ganga.

Við unum því að vísu illa, að legkaup sje heimtað af Reykvíkingum, þeim einum, en engum öðrum. Við teljum legkaup yfirleitt mjög óviðfeldinn skatt á alþýðu manna. Hins vegar stendur sjerstaklega á hjer í höfuðstaðnum. Hjer verður að kaupa kirkjugarðsstæði dýru verði. Fyrir þá sök getum við fallist á að legkaup sje heimtað. En við teljum rangt að hafa leiði framliðinna fyrir gjaldstofn. Þess vegna viljum við með engu móti að legkaupið sje sett hærra en svo að rjett svari tilkostnaði við kirkjugarðinn. Við álítum að stjórnin hafi í frumvarpi sínu sett legkaupið fullhátt, 2 kr. fyrir börn og 4 kr. fyrir fullorðna. Við viljum vekja athygli stjórnarinnar á því, að fyrirmæli reglugjörðarinnar um kirkjugarða 16. ágúst 1902, hafa verið fótum troðin hjer í Reykjavík, sbr. nefndarálit neðri deidar á þingskjali 162. Teljum vjer mjög áríðandi að bót verði ráðin á því ólagi. Við erum sammála neðri deildar nefndinni um það, að 25 ára umferðartími sje nægur hjer á landi, óhætt að grafa á ný í hvert 25 ára gamalt leiði. En hjer er orðinn siður að tildra stórum steini á annaðhvort leiði, að heita má. En legkaupið á ekki að gilda fyrir lengri tíma en 25 ár. Vilji einhver tryggja sjer grafreit í 50 ár, teljum við rjett að hann greiði tvöfalt gjald, en sá ferfalt, sem vill tryggja grafreit alla tíð meðan kirkjugarðurinn stendur. Við viljum vekja athygli á því, að legstaður fullorðins manns nemur að jafnaði 4 flatarstikum (10 flatarálnum).

Nú ætlum við, að hjer megi enn komast að þeim kaupum á landi, að hver flataralin í þeim nýja kirkjugarði fullgerðum kosti ekki meira en 1 kr., og einn legstaður þá 10 kr. Virðist okkur 4 kr. fullhátt gjald fyrir 25 ára afnot, og 16 kr. góða borgun fyrir frambúðarafnot (»erfðafestu«).

En hjer er eins að gæta. Í öðrum löndum er víðast siður, vitum við, að ætla 2 börnum innan 10 ára sama rúm í garði og einum fullorðnum, og haga legkaupi eftir því. Við teljum ranglátt, að heimta fult legkaup fyrir ungbörn, ársgömul og þaðan af eldri. Þar viljum við miða við 5 ára aldur.

Loks viljum við vekja athygli á því, að okkur virðist sjálfsagt, að sóknarnefnd ráði mestu um það, hvar land skuli tekið og hvenær. Kirkjugarðsmál eru jafnan tilfinningamál fyrir allan almenning, og illa farið, ef tekinn væri upp kirkjugarður að söfnuðinum forspurðum og þá kannske honum um geð.

Um það atriði er nefndin öll sammála, og eins um hitt, að legkaup eigi að vera mismunandi eftir tímalengd.

Af framángreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykt, en ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr., 1. málsgr.:
   Á eftir orðunum »í samráði við biskup« komi:
   eftir tillögum sóknarnefndar.
2. Við 2. gr., 4 málsgr.:
   Fyrir »stjróninni« komi:
   stjórninni.
3. Við 3. gr.:
   Greinin orðist svo:
   Legkanp skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 5 ára, en 4 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.
   Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Efri deild Alþingis, 25. ág. 1915.

G. Björnson, framsögum. meiri hlutans. Hákon J. Kristófersson.

Ed. **533. Frumvarp**

til laga um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Gjöld til kirkjufjelaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sjer löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sje niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af stjórnarráðinu.

Ed. **534. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909 um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Aftan af 2. gr. falli burt orðin:

»enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim, 15 ára eða eldri«.

Nd. **535. LÖG**

um sparisjóði.

(Afgreidd frá Nd. 25. ágúst)

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda Stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugjörð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyr en slík staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugjörð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugjörð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1916 sækja til Stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugjörðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er Stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu um stundarsakir í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega ríflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundraði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum Stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugjörð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna Stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því að eins veita til lengri tíma en eins árs, að þau sjeu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sje láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldabrjef, bankavaxtabrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra

útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaforða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabrjef sín eða verðbrjef til tryggingar slíkum lánum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávísanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frádregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur Stjórnarráðið samþykt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af varasjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugjörð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi endurskoðenda sparisjóðsins, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur Stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það Stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugjörð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur Stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjeraði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

22. gr.

Heimilt er að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda

sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugjörð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renni í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **536. Álit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Frá Landbúnaðarnefnd.

Nefndinni hefir verið skýrt svo frá, að í sumum kaupstöðum vorum væru fóðurbirgðir manna fyrir skepnur þeirra alla-jafna af skornum skamti að haustinu, og leiddi þetta til þess, að bæjarbúar yrðu að kaupa hey úr nærsveitunum, þegar fram á kæmi. Leiðir þetta að sjálfsögðu til þess, að bændur í nágrenni kaupstaða verða ver settir með fóðurbirgðir en ella, er þeir freistast til að selja hey sín að vetrinum.

Nefndin leit svo á, að rjettast væri því, að forðagæslulögin væru einnig látin ná til kaupstaðanna, til þess að koma í veg fyrir þetta, og vill því mæla með því, að frv. þetta sje samþykt.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Guðm. Hannesson, ritari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður Sigurðsson.

Jóhann Eyjólfsson. Björn Hallsson.

Bjarni Jónsson, frá Vogi.

Nd. **537. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 59, 10 nóv. 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

a. liður 3. gr. orðist svo:
Rjúpur alfriðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. febrúar til 1. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

15. gr. 34.

Nd. **538. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þgskj. 520).

Frá ráðherra.

Við 15. gr. 34: Fyrir: »1500 — 1500« komi:
1800 — 1800.

15. gr. 17.

Nd. **539. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1916 og 1917.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Skúli Thoroddsen.

Við 15. gr. 17.

Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:

Einars skálds Hjörleifssonar	1200	(innan	striks).
til Guðmundar skálds Friðjónssonar ...	600	—	—
— Guðmundar skálds Guðmundssonar	1200	—	—
til vara:	1000		
— Guðmundar skálds Magnússonar ...	1200	—	—
til vara:	1000		
— sjera Valdimars Briems	800	—	—
— Einars Jónssonar	1500	—	—

Nd. **540. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

I. kafli.
Um rjett til formensku á skipum 6—12 lestir (tonn).

2. gr.

Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 4 til 12 lesta að stærð, hefir sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi um það:

a. að hann þekki á áttavita;
b. að hann þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er Stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6 til 12 lestir að stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er rennur í landssjóð.

II. kafli.
Um rjett til skipstjórnar á skipum alt að 30 lesta.

3. gr.

Rjett til að vera skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, ef að skipið er yfir 12 lestir, en ekki yfir 30 lestir, að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á smáskipum.

4. gr.

Sá einn getur staðist skipstjóraprófi fyrir smáskipi, er:

a. kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b. kann að nota áttavita og ber skyn á athvarf (deviation) og misvísun;
c. kann að nota skipshraðamæli;
d. þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásigling;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
f. hefir stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta.

Próf þetta fer að eins fram í kaupstöðum og þeim kauptúnum, sem lögreglustjóri býr í, og skipar hann í prófnefnd 3 valinkunna skipstjóra. Stjórnarráð Íslands semur reglur um prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Sá er staðist hefir prófið, getur fengið skipstjóraskírteini á smáskipum hjá yfirvaldi, og skal hann greiða fyrir það 2 krónur, er renna í landssjóð.

III. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á skipum alt að 300 lesta, í innanlands og utanlandssiglingum.

5. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðist hefir fiskiskipstjóraprófeða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lesta;
c. er fullveðja;
d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
e. sannar að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Rjett til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á fiskiskipi, er:

a. staðist hefir fiskiskipstjóraprófeða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

IV. kafli.

Um rjett til skipstjórnar og stýrimensku á verslunarskipum yfir 300 lesta, í utanlandssiglingum.

9. gr.

Rjett til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

10. gr.

Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

a. er fullveðja;
b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almennings áliti;
c. sannar, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.

11. gr.

Sá, er öðlast hefir skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, og auk þess sannar með vottorði, að hann hafi staðist próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn við stýrimannaskólann í Reykjavík, á kost á að fá viðaukaskírteini þessu til sönnunar hjá Stjórnarráði Íslands.

12. gr.

Rjett til að vera stýrimaður í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eða í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum. Sje um gufuskip að ræða, hefir sá einn rjettinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.

13. gr.

Sá einn getur öðlast stýrimannsskírteini á verslunarskipi í utanlandssiglingum er:

a, hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
b, sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
c. staðist hefir hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
d. hefir verið fullgildur háseti á verslunarskipi, minst 18 mánuði, og af þeim tíma minst 12 mánuði í utanlandssiglingum, eða hefir verið 12 mánuði fullgildur háseti á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði fullgildur háset á verslunarskipi.

V. kafli.
Ákvæði ýmislegs eðlis.

14. gr.

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 30 lesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hjer á landi, til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa, að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um verslunargufuskip að ræða, sem er meira en 300 lesta, skulu stýrimenn vera minst tveir.

15. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru hjer að framan, í 6., 8., 10 og 13 gr., eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem þar eru talin.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur semja, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra.

Fyrir skipstjóraskírteini skal greiða 10 krónur, en stýrimannsskírteini 2 kr. og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, um útgáfu skírteinis, og getur hann þá sent Stjórnarráði Íslands kæru sína, sem gerir út um málið, en þó hefir kærandi óskertan rjett til að leita dómsúrskurðar.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á og nauðsyn krefur, getur Stjórnarráð Íslands veitt undanþágu, en þó að eins frá liðunum b og c í 6. gr. og b í 8., e. í 10. og d. í 13. gr. Þó má siglingatíminn aldrei vera minni en helmingur hins áskilda tíma.

17. gr.

Frá þeim tíma að lög þessi hafa öðlast gildi, skulu skipverjar sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem Stjórnarráðið lætur semja og hverjum skipverja er skylt að fá hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip eftir greindan tíma. Skal sjóferðabókin jafnan lögð fram, þegar sanna á siglingatíma þann, er um ræðir í 6., 8., 10. og 13. grein.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári; svo skal þar og vera stutt lýsing á útliti hans og vexti og sjerkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, hve nær hann er skráður á skip og af því og af hvaða ástæðu hann fór af skipinu; svo skal þar og skýrt frá hegðun hans og framferði á því.

Skipstjóra ber að geyma sjóferðabækur skipverja, útfylla þær og undirskrifa. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli skrásetningarstjóra, í hvert skifti sem skipverji er skráður af skipi, og skal hún þá afhent skipverjanum.

18. gr.

Nú er maður, er fengið hefir skipstjóra- eða stýrimannsskírteini, dæmdur fyrir eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu.

19. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi í innanlandssiglingum, eða formaður á vjelabát, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu, án stýrimannaprófs, að því er skipstjóra og stýrimenn snertir eða vottorðs, að því er snertir vjelabátaformenn, áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu skipstjórar og stýrimenn sanna, að sjón þeirra sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

Þessu skilyrði eru og rjettindi þeirra bundin, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr. laga nr. 50, 10. nóv. 1905.

Þeir, sem fyrir þann tíma hafa tekið hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eiga kost á, að fá skipstjóra eða- stýrimannsskírteini á fiskiskipi, ef þeir að öðru leyti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

Enn fremur skal hið meira stýrimannspróf í lögum nr. 50, 10. nóv. 1905, veita sömu rjettindi og hið almenna stýrimannspróf í lögum þessum.

Lög þessi ná eigi til þeirra, sem fengið hafa skipstjóra eða- stýrimannsskírteini í utanlandssiglingum, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Hvarvetna í lögum þessum, þar sem talað er um stærð skipa, er átt við brúttóstærð. Orðið skip á jafnt við gufuskip og seglskip, nema annað sje tekið fram.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; sje brotið ítrekað, geta sektirnar hækkað alt að 400 kr.

Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að stafliður a í 9. gr., gengur eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **541. Frumvarp**

til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á Íslandi er bannað að brugga eða búa til áfenga drykki. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\%$ af vínanda eða alkohóli að rúmmáli.

2. gr.

Það er og bannað að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.

3. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. varða 200 til 2000 kr. sektum. Allar sektir renna í landssjóð.

4. gr.

Um sölu áfengis, sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

5. gr.

Öll áhöld, er að eins hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða við verknað þann að gera áfengi, sem er óhæft til drykkjar, aftur drekkandi, svo og áfengið, sem búið hefir verið til eða gert hefir verið aftur drekkandi, ásamt ílátum, skal vera upptækt og andvirðið renna í landssjóð.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum, skal fara sem með almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla um leið úr gildi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja frá 12. janúar 1900.

Nd. **542. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir eiðsvarnir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, en Stjórnarráðið gefur þeim erindisbrjef. Landssjóður leggur þeim til stimpla og greiðist kostnaðurinn úr landssjóði.

2. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið var.

3. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir, sem þá nota, eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 aura um klukkustund.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **543. Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Frá 1. október 1917 skulu allir búandi menn, hafa næg hús fyrir allan búpening sinn. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum í brúkun. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Ed. **544. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Í stað 2. málsliðar. 2. gr. (»Hross má eigi flytja . . . . til ágústmánaðarloka«) komi:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí, og eigi á þilfari á öðrum tíma árs, en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Ed. **545. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Frumvarp þetta er fyrst borið upp í háttv. neðri deild af fjárlaganefndinni þar, og eru tildrög málsins þessi.

Með lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi var lagt útflutningsgjald á hverja síldartunnu (108 pt.) 25 aura, en með lögum nr. 10, 13. apríl 1894 var það gjald aftur lækkað í 20 aura á hverja tunnu (120 pt.).

En þá er síldarútvegur útlendinga hjer við land fór stór vaxandi kringum 1905 og þar á eftir, þá var gjaldið með lögum nr. 11, 1907 hækkað upp í 50 aura á hverja tunnu (108—120 pt.). Tilgangurinn var þó ekki sá, að íþyngja innlendum síldveiðamönnum, og var því ákveðið jafnframt í sömu lögum, að 10% af gjaldinu skyldi renna í fiskiveiðasjóð, og varið til eflingar innlendum síldarútveg, og með lögum nr. 18, 11. júlí 1911 var nánara tiltekið, að styrk þessum skyldi úthluta til útgerða síldveiðiskipa, og síðan hafa þá útgerðarmennirnir sjálfir notið væntanlega allrar hækkunarinnar, sem kom á útveg þeirra með því, að fá 10% einnig af gjaldinu af afla útlendinga. Hefir þannig verið útbýtt til þeirra samkvæmt skýrslu á þingskj. 291 árið 1911 kr. 7926,13, 1912 kr. 6169,65 og 1913 kr. 9549,31.

Nú eiga innlendir síldveiðamenn allmjög í vök að verjast fyrir ágangi útlendra veiðiskipa í landhelgi um síldveiðitímann, og hefir sá siður verið upp tekinn á Norðurlandi, sem víðar, að halda uppi vörn gegn yfirgangi þeirra með vjelbátum, sem til þess eru gerðir út, og er sú útgerð ærið kostnaðarsöm, þar sem bátar þessir geta litla aðra atvinnu stundað, ef vörnin á að vera í lagi.

Hefir þessi vörn, sem kunnugt er, verið styrkt með fjárveitingu í fjárlögum. En upphæð sú, er fiskifjelag Norðlendinga nú fór fram á í þessu skyni, var svo há, að háttv. fjárlaganefnd neðri deildar sá sjer ekki fært, að hækka svo mjög þennan gjaldlið fjárlaganna, þó að hún kannist við, að málið væri nauðsynjamál. Leit hún svo á, að sá tíundi hluti útflutningsgjaldsins, sem ætlaður var til eflingar innlendum síldveiðum, gæti ekki á annan hátt betur náð þeim tilgangi sínum, heldur en með því, að honum væri varið til landhelgisvarnarinnar, þar sem lítið munaði hverja útgerð um að útbýta honum, og kom því, sem áður er á minst, fram með þetta frumvarp sitt.

En undir meðferð málsins í háttv. neðri deild hefir þó sú breyting orðið á hinu upphaflega frumvarpi, að einungis helmingur styrksins gangi til varnarinnar, en hinum helmingnum verði sem áður útbýtt, með því að sanngjarnt hefir ekki þótt, að kippa öllum styrknum af útgerðarmönnum. En af því leiðir aftur að meiri styrk verður að ætla í fjárlögum til varnarinnar.

Vjer erum sammála háttv. fjárlaganefnd neðri deildar, að eins og á stendur verði tæpast annað gert meira til eflingar innlendri síldveiði en að verja landhelgina fyrir ásókn útlendinga, og teldum því æskilegast að hinn umræddi tíundi hluti útflutningsgjaldsins gengi til þess óskiftur, en eftir atvikum viljum vjer þó ekki koma fram með breytingartillögu til að færa frumvarpið í hið upphaflega

form, þar sem vjer játum, að ekki sje ósanngjarnt, að útgerðarmenn haldi nokkrum hluta styrksins, sem þeir þá geta varið til framlags af sinni hálfu til móts við fjárlagastyrkinn eftir ákvæði fjárlaganna.

Af þessum sanngirnisástæðum viljum vjer þá leggja til, að frumvarpið sje samþykkt óbreytt, þótt það hefði það í för með sjer, að hækka yrði nokkuð í fjárlögum styrkinn til landhelgiseftirlits, til að geta fullnægt þeim þörfum, sem nú eru fyrir hendi, en því atriði viljum vjer skjóta til háttv. fjárlaganefndar.

Efri deild Aldingis, 25. ágúst 1915.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Hákon J. Kristófersson.

Ed. **546. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um dýraverndun.

Frá nefndinni.

Við 2. gr.

Í stað orðanna: »búandi menn ... ... sinn« komi: þeir, er skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar.

Nd. **547. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um allsherjar Þjóðskjalasafn í Reykjavík.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, sem hefir haft mál þetta til athugunar, hefir ekki getað fylgst að um þá tillögu, að ráða háttvirtri þingdeild til að samþykkja frumvarp það, sem fram er komið um þetta efni, ekki heldur með þeim breytingum, sem háttvirtur meiri hluti leggur til að gerðar sjeu í því.

Það skal játað, með meiri hluta nefndarinnar, að Landsskjalasafnið sé mjög merkilegt og dýrmætt safn, og að leggja verði kapp á, að þar verði jafnan skipaður til safngæslu sem hæfastur maður, að vanda þurfi val á manni til þess starfa, þegar þess manns missir við, sem nú er landsskjalavörður. Öllum kemur saman um það, að safninu er það fyrir bestu, að aðalstarfsmaður þess sé áhugamaður um starf sitt, duglegur að efla safnið að merkum skjölum og komi þeim

vel fyrir. Þá er hitt eigi síður áríðandi, að hann sje sem kunnugastur skjölum þeim, sem geymd eru í safninu, geti leiðbeint notendum sem best.

Þá getum við verið meiri hluta nefndarinnar samdóma um það, að núverandi landsskjalaverði sje mest að þakka það, hve safn þetta hefir náð vexti og viðgangi á síðustu árum, að hann sé manna best fallinn til þess að hafa þetta starf á hendi, enda orðinn gamall starfsmaður þess, og því allra manna kunnugastur, hvað þar er að finna. Um elju hans og áhuga á því, að draga að safninu merk skjöl og handrit, og forða þeim þannig frá að falla í gleymsku og glatast, efast enginn, sem nokkuð þekkir starf hans við safnið.

Það skal því viðurkent, að sá maður er góðs maklegur og verður viðurkenningar. Gæti vel komið til mála, að veita honum persónulega launaviðbót sem viðurkenningu fyrir vel unnið starf.

Þrátt fyrir það, að við erum meiri hlutanum samdóma um það, sem að framan er sagt, sjáum við ekki nauðsyn þess, að gera stöðu landsskjalavarðarins að föstu embætti með 3000 kr. launum, nú þegar á þessu þingi, og það því síður sem aðrir starfsmenn við söfn landsins hafa við sömu, eða lík, launakjör að búa, en ekki er jafnframt ætlast til umbóta á þeim. Við verðum að álíta, að laun þau, sem landsskjalavörður hefir, sjeu í sjálfu sér nægileg, því störfum mun svo háttað, að hægt er að hafa jafnframt allmikla aukavinnu, sem gefur af sjer tekjur. Þannig hefur núverandi skjalavörður á hendi ýms störf, sem fje er lagt til úr landssjóði, svo sem útgáfu Fornbrjefasafns, Alþingisbóka og ef til vill fleira.

En sú er þó aðalástæða fyrir því, að við viljum ekki sinna máli þessu í því formi, sem það hefir verið lagt fyrir þingið, að skipuð hefir verið millibinganefnd, sem nú situr að störfum og verður að líkindum að miklu leyti búin að ljúka störfum fyrir næsta þing. Það er verkefni þeirrar nefndar, ásamt fleiru, að athuga launakjör allra embættismanna »og annara starfsmanna landssjóðs« og koma fram með tillögur til nýrrar skipunar á þeim. Við sjáum því ekki ástæðu til þess að grípa fram fyrir hendur þessarar nefndar, og fara nú að gjöra breytingu þá, sem farið er fram á í þessu frumvarpi, en teljum að sú breyting geti beðið eftir tillögum nefndarinnar, sjáum ekki ástæðu til þess, að gjöra breytingar á embættaskipunum fyr en tillögur nefndarinnar eru fram komnar. Sama gildir um aðrar opinberar sýslanir, einkum þær, sem engin knýjandi nauðsyn er fyrir hendi að því er snertir þá breytingu sem hjer er ráðgjörð, og opin leið er til viðurkenningar núverandi landsskjalaverði, ef þinginu sýnist ástæða til.

Samkvæmt framanrituðu viljum vjer ráða háttvirtri deild frá að samþykkja frumvarp þetta, en leggjum til að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem við munum leyfa okkur að koma fram með undir umræðunum um málið.

Neðri deild Alþingis, 25. ág. 1915.

G. Eggerz. Þórarinn Benediktsson, skrifari minni hlutans.

Nd. **548. Nefndarálit**

rá þingskapanefndinni.

I.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndir kosnar í báðum deildum Alþingis hafa haft þetta mál til meðferðar, og unnið að því í fjelagi. Hafa nefndirnar komið sjer saman um allstórvægilegar breytingar á þingsköpum þeim, er nú eru í gildi, og þótt ekki hafi náðst samkvæði allra nefndarmanna um allar breytingarnar, þá er þó hver ein breyting samþykt af meiri hluta í hvorri nefnd, að minsta kosti.

Nefndirnar hafa tekið upp fyrst og fremst þær breytingar á þingsköpunum, sem óhjákvæmilegar eru vegna breytingarinnar á stjórnskipulögunum, þeirrar er nú er að komast á og samþyktar voru í neðri deild 1914. Því næst hafa nefndirnar tekið upp þær aðrar breytingar á þingsköpunum, sem samþyktar voru í neðri deild í fyrra. Um þessar breytingar þykir ekki þörf að fjölyrða.

Þá eru enn nokkrar breytingar, sumar talsvert þýðingarmiklar, sem hlýða þykir að fara um fám orðum.

Nefndunum hefir þótt við eiga, svo sem á sjer stað í þingsköpum sumra annara þjóða, að taka upp í 2. gr. þingskapa vorra eiðstaf þann, er nýir þingmenn eiga að undirrita samkvæmt stjórnarskránni 1874, 30 gr. Eiðstafur þessi er mjög hinn sami, sem eiðstafur er um getur í Njálu og er þannig:

»Nemni ek í þat vætti, at ek vinn eið at bók, lögeið, ok segi ek þat guði, at ek skal svá sök þessa sækja, sem ek veit sannast ok rjettast ok helst at lögum, ok öll lögmæt skil af hendi inna, meðan ek em at þessu máli«.

Í þingsköpum annara þjóða eru ákvæði um það, hvernig skipað skuli sætum á þingbekkjunum. Sumstaðar er þingmönnum raðað eftir kjördæmum, sumstaðar hlutað um sæti, sumstaðar sitja flokkarnir saman o. s. frv., en hvergi er sá siður annarstaðar en hjer, að láta þetta afskiftalaust.

Því er sú viðbót tekin upp í 7. gr., að hlutað skuli um sætin.

Það hefir verið litið svo á, að embættismenn þingsins gætu ekki sagt af sjer starfi sínu, nje þingið sett þá frá. Svo getur þó staðið á, að þörf sje á að skifta um embættismann á þinginu, og teljum vjer rjett, að þetta sje framkvæmanlegt.

Það er ekki gert ráð fyrir því í stjórnskipulögunum, hvernig að skuli fara, ef þingmaður, er kosinn er óhlutbundinni kosningu, og sæti á í efri deild, deyr eða fer frá, áður en kjörtíminn er úti, hvort sá, er kosinn er í hans stað, eigi og að skipa sæti hans í efri deild, eða kjósa eigi meðal allra alþingismanna, kjördæmakosinna, — að hinum nýkosna meðtöldum, þeirra er ekki eiga þegar sæti í efri deild, einn mann í stað hins fráfarna. Vjer höfum hallast að því, að láta hinn nýkosna mann taka sæti í þeirri deild, er hinn fráfarni var í.

Nefndirnar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri, að forsetar þingsins hefðu ekki nein veruleg störf önnur á hendi, en að stjórna hinum eiginlegu þingstörfum, hefðu ekki nein bein afskifti af reikningum

þingsins og öðrum skrifstofustörfum, en þeir hefðu aðeins eftirlitið með þessu og æðsta vald yfir. Hefir oss virst heppilegt, að forsetarnir skipuðu fyrir nokkurra ára tíma, mann með föstum launum til að sjá um framkvæmdir fyrir þingið að þessu leyti. Skyldi hann ráða þingskrifara og aðra starfsmenn þingsins, með ráði forseta, standa fyrir öllum reikningum þingsins, sjá um útsendingu Alþingistíðindanna, ritstjórn þeirra, og prófarkalestur, sjá um Alþingishúsið, bókasafn Alþingis o. s. frv. Svo umfangsmikið starf telja nefndirnar ekki ofborgað með 2400 kr. árslaunum. Byggjum vjer á því, að þá komi meiri regla á skrifstofustörf Alþingis, og betra verði eftirlitið með, og gæsla á eignum Alþingis, er einn maður hefir til langframa umsjón með öllu þessu, svo að þetta horfi beint til sparnaðar.

Það hefir einatt þótt brenna við hjer, að vinnubrögðin hafi ekki þótt sem best, sjerstaklega framan af hverju þingi. Þá eru einatt kosnar margar nefndir, fyrir einstök mál, og þess eigi gætt, að haga svo nefndarskipunum, að störfin komi nokkurn vegin jafnt niður á alla þingmenn. Við það reka nefndastörfin sig á, því að vitanlega getur hinn sami maður eigi setið á fundi í tveim nefndum eða fleirum í senn.

Vjer höfum talið það líklegt til að bæta vinnubrögð þingsins, að því væri skift, þegar það kemur saman, í svo margar fastanefndir, sem lið er til, og skiftist nefndarstörfin sem jafnast milli þingmanna. Gerum vjer þá ráð fyrir, að til sje og ein fastanefnd, vinnunefnd, er skipar fyrir um fundartíma o. fl. sbr. 16. gr. í frumv., sem annars er vísað til. Sú grein er mjög sniðin eftir þingsköpum Norðmanna. Væntanlega þarf þá ekki að kjósa margar lausanefndir. Nöfn fastanefndanna benda nokkuð á, hver mál ætlast er til að fari í hverja nefnd. Það er ætlast til að aðalstarf fjárlaganefndar, fjárveitingin, gjaldakafli fjárlaganna, hverfi undir fjárlaganefnd, en til fjárhagsnefndar sje annars vísað öllum fjármálum, fjalli hún þannig um skattmál, samþykt landsreikninganna, endurskoðun þeirra, tekjuhlið fjárlaganna og fleira þvíumlíkt. Samgöngumálanefnd, landbúnaðar, og sjávarútvegs eru þegar fyrir venju orðnar nokkurskonar fastanefndir í þinginu. Til þeirra nefnda mætti vísa, eftir því, sem við þætti eiga, öðrum atvinnumálum landsins. Til mentamálanefndar höfum vjer hugsað oss, að vísa mætti þeim málum, sem venjulega heyra undir stjórnardeild þá, er mentamál hefir með höndum (Kultus ministerium). Til allsherjarnefndar mætti svo vísa þeim málum, er ekki þættu heyra undir neina aðra fastanefnd. En lausanefnd ætti ekki þurfa að kjósa að jafnaði, nema ef svo stæði á að eitthvert mál þætti svo mikilsvert, að í það þyrfti að kjósa sjerstaka nefnd.

Vjer teljum það eiga mjög illa við, að önnur deildin útaf fyrir sig geti samþykt þingsályktun, sem fer fram á gjöld úr landssjóði. Fjárveitingarvaldið er hjá þinginu í heild sinni. Og af því að vjer erum þeirrar skoðunar, að jafnan beri að fara varlega í fjármálum, leggjum vjer til að tekið verði upp í þingsköpin ákvæði um, að slíkar þingsályktanir verði ræddar í tveimur umræðum og í báðum deildum (§ 29).

Það hefir sýnt sig hvað eftir annað, að landsstjórn og fjárlaganefndir hafa lítið vald yfir því, hvernig útkoman verður á fjárlögunum, þegar þau fara frá þinginu. Einstakir þingmenn fá stundum samþyktar fjárveitingar, og það svo að segja á síðustu stundu, sem raska jafnvægi fjárlaganna. Vjer höfum

ekki viljað ganga svo langt, eins og sumstaðar annarstaðar er gert, að banna einstökum þingmönnum að koma fram með tillögur um aukin útgjöld, í trássi við fjárlaganefnd. En vjer leggjum það til, að sett sje þau takmörk fyrir framgangi þeirra, að þær þurfi $^2/_3$ atkvæða til samþyktar. Það geta verið rjettmæt og þörf útgjöld, er stjórn og fjárveitinganefnd setur sig á móti, en sje það auðsætt, er líklegt að tillagan geti fengið að minsta kosti $^2/_3$ atkvæða. Annars eru líkindin fyrir því, að þau gjöld sjeu ekki bráðnauðsynleg, er hvorki landstjórn nje fjárveitinganefnd vill sinna (§ 32).

Vjer höfum skift þingsköpunum lítið eitt öðruvísi en áður, og er í frumvarpinu sjerstakur kafli, er nefndur er fundarsköp. Í þessum kafla er sagt nokkuð gjör frá því, er fram fer á hverjum einum fundi. Í þessu sambandi má geta þess, að óþarft virðist, og að eins tímaþjófur, að lesa upp fundabók frá síðasta fundi í byrjun hins næsta. Ef fundabókin er látin vera til sýnis á skrifstofunni í tvær klukkustundir fyrir fundinn, þá er hverjum þingmanni innan handa að athuga bókunina og krefjast lagfæringar, ef þarf (§ 33).

Vjer getum ekki betur sjeð, en að það sje nóg fyrir flutningsmann og framsögumann hvers máls að tala þrisvar, og gerum vjer þá ráð fyrir, að hann tali allajafna, ef um mikilsvert atriði er að ræða, í byrjun umræðunnar, í miðri umræðunni, ef þurfa þykir, og í lok hennar. Það lengir of mjög umræðurnar, er framsögumaður svarar hverri andmælaræðu jafnóðum og fram kemur, í staðinn fyrir að draga andmælin saman til betra yfirlits. Um ráðherra getur verið öðru máli að gegna, að ástæða sje fyrir hann að andmæla einhverju þegar í stað, eða svara fyrirspurn í ræðu þegar í stað (§ 35).

Það er lagt til (§ 42), að heimilt sje, með samþykki $^2/_3$ fundarmanna, að ganga til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, eins og víða á sjer stað annarsstaðar, t. a. m., ef veita á einhverjum þjóðnýtum manni fje eða því um líkt, því að umræður um slíkt geta einatt orðið til leiðinda einna.

Það virðist rjett að krefjast þess, að eigi sje hægt að gera neina ályktun, nema meiri hluti fundarmanna atkvæðisbærra gjaldi henni jákvæði. Með öðrum orðum, að það komi í ljós, að það sje vilji meiri hluta þeirra, að ályktunin gangi fram. Svo virðist það og eiga að telja sjálfsagt, að þingmaður megi ekki greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs hans (§ 44).

Vjer teljum það rjett, að láta kylfu ráða kasti um það, á hverjum þingmanni eigi að byrja við atkvæðagreiðslu með nafnakalli, en ekki láta alt af hinn sama mann byrja atkvæðagreiðsluna. Þá þykir oss ástæða til að leggja það til, að heimiluð sje leynileg atkvæðagreiðsla hjer sem víða annarsstaðar á þingum. Það getur komið fyrir, að einhverju málsatriði sje svo háttað, að þetta sje ráðlegt.

Ekki virðist oss nein ástæða til að svifta forseta atkvæðisrjetti (§ 47).

Í § 53 eru talin þingvíti og hegning við þeim. Það virðist nauðsynlegt, að einhver sjeu viðurlög, ef þingmaður gætir eigi skyldu sinnar við þingið, og innir ekki af hendi þau skil, sem hann hefir undirgengist. Sjerstaklega skal það tekið fram, að það virðist vera hin fyrsta skylda hvers þingmanns, að segja til um, greiða atkvæði um hvert það mál, er fyrir þingið kemur og borið er þar upp til úrskurðar, og að það sje þá brot á hinni sjálfsögðustu skyldu hvers þingmanns, að hliðra sjer hjá því, að leggja þar það til mál-

anna, er hann telur rjettast og sannast, nema hann hafi lögmæta ástæðu til að hliðra sjer hjá því, t. a. m. af því, að málið snerti hann sjálfan. Því viljum vjer hafa viðurlög við því, ef þingmaður, að ástæðulausu, neitar að greiða atkvæði við nafnakall.

Vjer höfum flutt til fáeinar greinar þingskapanna, þar er oss þótti önnur niðurröðun betur fara vegna efnisins.

Með þessum athugasemdum ber nefndin upp frumvarp það til þingskapa Alþingis, er prentað er á þingskjal nr. 514.

Neðri deild Alþingis 23. ágúst 1915.

H. Hafstein, form. Jón Magnússon, skrifari og framsögum. Einar Jónsson.

Þórarinn Benediktsson. G. Eggerz, með fyrirvara. Guðm. Hannesson.

II.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi orðið ósamþykkur hinum nefndarmönnunum um ýms atriði. Mun jeg í sem fæstum orðum láta þeirra atriða getið:

I. Eiðstafur meiri hlutans er sniðinn eftir eiðspjalli Marðar Valgarðssonar, þar sem hann býður Flosa »at hlýða til eiðspjalls »síns« ok til framsögu sakar«, Njáls saga, Rvík 1894, kap. 142, bls. 359. Þessi eiður er því eigi þingmannseiður, heldur eiðspjall málaflutningsmanns. Við hann getur það átt að inna af hendi öll lögmæt skil (ok öll lögmæt skil af hendi inna), en miklu síður við þingmann. Þau orð vil jeg fella úr eiðstaf frv. á þgskj. 514. Hitt líkar mjer vel, að sníða hann eftir fornri fyrirmynd; sjá breyt.till. mínar.

II. Ógeðfelt er mjer að hluta um sæti. Þætti mjer betra, að hvert kjördæmi ætti sitt sæti við hliðarborðin, og væri þeim fengin sætin eftir stafrófsröð, rakið frá horninu á vinstri hönd forseta, en inni í skeifunni væri sex sæti handa alþjóðkjörnum mönnum. Þau sæti væri síðan auð, er menn yrði kjörnir úr til efri deildar, nema þá er sameinað þing hjeldi fund.

III. Varhugavert þykir mjer að ákveða, sem gert er í 9. gr., að ný-kosinn þingmaður í stað dáins manns setjist í þá deild, sem hinn var í. Þetta gæti brjálað um of flokkahlutföllum og jafnvel orðið stjórn að falli.

IV. Um skrifstofustjóra er það eitt, sem í milli ber, að jeg vil eigi kveða svo að orði, að hann ráði skrifara og starfsmenn *með samþykki forseta.*

Þykir mjer sem vald sje dregið úr höndum forseta með þessu. Hitt vil jeg, að hann veiti forsetum liðsinni sitt í þessum málum og hafi tillögurjett.

V. Meiri hluti vill setja þau ákvæði, að tiltekinn meiri hluta þurfi til samþyktar á gjalda-tillögum frá einstökum þingmönnum. Þetta er ótækt af þeim ástæðum, sem nú verða taldar:

1. Þingmenn (og þar með kjördæmi) fá eigi allir jafnan rjett.
2. Óviturlegt, að setja önnur ákvæði um gjalda-tillögur þingmanna, en um sparnaðar-tillögur þeirra, því að jafnt gagn eða tjón getur leitt af báðum.
3. Þetta ákvæði gefur flokks-ofsóknum ákjósanlegasta tækifæri til þess, að ná sjer niðri á einstökum mönnum og kjördæmum.
4. Ákvæðið kemur í bága við 9. gr. stjórnarskipunarlaga 1903.

VI. Eg er því gjörsamlega andvígur, að takmarka málfrelsi þingmanna meira en gert er í þingsköpum vorum nú, svo sem gert er í 35. gr. frv. Þykir mjer óþarfi að láta löggjöf vora bera þess vott, að menn telji örvænt um að þingmenn fallist á rjett rök.

VII. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að banna þingmanni að greiða atkvæði um fjárveiting til sjálfs sín. Þótt eg geri enga breytingartillögu við þetta, vil eg þó láta þess getið, að mjer finst þetta bæði óþarft og óviturlegt. Ástæður:

1. Fjárveitingaratkvæði er miklu minna vert atriði, en t. d. atkvæðagreiðsla um sakleysi eða sekt. En um það er þingmanni ekki bannað atkvæði í frumvarpinu.
2. Ákvæðið er óþarft, því að þetta hefir sjaldan eða aldrei komið fyrir.
3. Vafasamt, hvort ákvæðið er heppilegt.
4. Ákvæðið mun vekja grun um að þetta sje stílað til einstakra manna, sem bornir hafa verið rógi um sjerdrægni, og yrði þá litið svo á, að nú sje sá siður upp tekinn að beita löggjafarofsókn gegn einstökum mönnum.

VIII. Leynilega atkvæðagreiðslu tel eg afarhættulega og lítt sæmandi.

Ágreining minn mun eg að öðru leyti rökstyðja í umræðum um málið, láta koma breytingartillögur á sjerstöku þingskjali.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Nd. **549. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um rafmagnsveitur (þingskj. 505).

Háttvirt efri deild hefir ekki getað fallist á breytingar þær, er neðri deild gerði á frumvarpinu. Hún hefir því breytt því á sama veg og áður var.

Breyting neðri deildar var í því fólgin, að einkarjettar tímatakmarkið í 6. gr. var fært upp, úr 15 árum í 30 ár, og ákvæðum sömu greinar um tilnefning yfirmatsnefndar breytt á þann veg, að yfirmatsmenn skyldu vera 5 í stað þriggja, og að þeir væru útnefndir af hinum íslenska landsyfirdómi.

Neðri deildar nefndin vill nú til samkomulags við efri deild í þessu efni, leggja það til, að einkarjettarleyfið sje sett 20 ár. Tilhögunina á útnefning yfirmatsnefndar gerir nefndin ekki að kappsmáli, og sættir sig þar við gerð efri deildar.

Hinsvegar vill nefndin ráða til, að aftan við annan málslið 10. gr. sje því viðbætt, að gjaldið fyrir hústaugar fari að öðru leyti eftir virðingarverði hússins.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að gerðar sjeu þessar breytingar við frumvarpið:

Við 6. gr.
Í stað »15« í þriðju línu komi:
20.

Við 10. gr. Aftan við annan málslið greinarinnar bætist:
að tiltölu við virðingarverð hússins.

Neðri deild Alþingis, 25. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formáður. — Benedikt Sveinsson, ritari.

Einar Jónsson. — Björn Hallsson.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **550. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 523.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Framan við 1. tölulið komi:
Við 9. grein.

Ed. **551. LÖG**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 18. ágúst).

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjelgæsluskírteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðist vjelgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjelar í 3 ár, og hefir meðmæli smiða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttað, svo og um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 5. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

a. hefir staðist vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 7. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr.:

a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár, og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjórum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela.
b. er 25 ára að aldri.

8. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

9. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 7. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

10. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

11. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. og staflið b. í 7. gr., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi, með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. gr.

Á gufuskipi, með meira en 100, en minna en 700 hestafla vjel, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 5. og 7. gr., eftir því sem við á.

Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.

Á gufuskipi, með 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórarnir samkvæmt 9. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelgæslulið, sem áskilið er í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3., 5., 7., 9. og 11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er Stjórnarráðið semur.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð Stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert vjelstjóraskírteini sínu.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis, kost á að fá slík skírteini, þótt ekki vanti vjelstjóra.

Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðið ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.

Beiðni um slík skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða. Þó skal það tekið fram berum orðum í skírteini því, er hann fær samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari undanþáguheimild.

Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufu skipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914, um breyting á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **552. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Nefndin er sammála um, að frv. sje til bóta. Í nefndaráliti efri deildar um málið stendur, að biskup hafi leitað álits allra sóknarnefnda á landinu, og hafi mikill meiri hluti þeirra, er svöruðu, talið breytingnna æskilega rjettarbót.

Breytingar frá gildandi lögum eru þessar helstar:

Að prestskosning fer fram í hverri sókn. Áður stofnaði prófastur til kjörfundar fyrir alt prestakallið. Sóknarnefnd stýrir kosningu í hverri sókn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 úr eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður undirkjörstjórnar. Áður stýrði prófastur og fulltrúar sóknarnefndar eða sóknarnefnda kosningunni.

Yfirkjörstjórn skipar nú biskup og 2 menn aðrir, er stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Undirkjörstjórnir senda atkvæðaseðlana beint til yfirkjörstjórnar.

Leynileg kosning fer fram, þótt að eins sje 1 umsækjandi. Áður leitaði kjörstjórn að eins munnlegra atkvæða fundarmanna, þegar um 1 var að velja.

Í gildandi lögum stendur, að landsstjórnin sje ekki *beinlínis* bundin við kosninguna, ef enginn hefir náð meiri hluta greiddra atkvæða, eða gölluð er kosningin.

Orðinu »beinlínis« er nú slept úr, og virðist það ekki skifta miklu máli.

Fleiri breytingar eru, sem hjer verða ekki taldar, en yfirleitt álítum vjer frumvarpið til bóta og hagræðis fyrir söfnuðina, og hefir ekki teljandi kostnað í för með sjer.

Leggjum vjer því eindregið með, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður.
Stefán Stefánsson, Eyf., skrifari.
Jón Jónsson.
Benedikt Sveinsson.
Sigurður Sigurðsson.

Nd. **553. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. g.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:
»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.
Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en 1/5 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 2 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:
800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
höfn.
Aftan við sömu grein bætist:
með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:
Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi:
kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«, komi:
eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:
800 þúsund kr.
Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.

Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús . . . . . tilkall til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Nd. **554. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um þingsköp Alþingis á þgskj. 514.

Frá minni hluta þingskapanefndar.

1. *Við 2. gr.*

Í stað orðanna »Jeg sver — á Alþingi« skal setja:

Því heiti jeg, að halda stjórnarskrá landsins og leggja það eitt til mála á Alþingi, sem jeg veit sannast og rjettast. Vinn jeg lögeið að þessu heiti mínu.

2. *Við 5. gr.*

Úr 1. málsgrein 5. gr. skal fella orðin: »og einnig frestað að taka kosning gilda til þess að fá skýrslur«.

3. *Við 9. gr.*

9. gr. skal orða svo:

Nú deyr efri deildar þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosning, og annar maður er kosinn í hans stað, þá skal kjósa 1 mann til efri deildar með þeim hætti, sem segir í 6. gr.

4. *Við 11. gr.*

Í stað orðanna: »Hann skal ráða — samþykki forsetanna« í síðari málsgrein skal koma:

Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og má gera tillögur um það.

5. *Við 16. gr.*

Nefndirnar skal skilgreina svo:

1. Fjárhagsnefnd. Hún skal vera reikningslaganefnd og hafa tekjukafla fjárlaganna til meðferðar, skattamál og tollmál og önnur fjárhagsmál, sem hverfa eigi undir fjárveitinganefnd.
2. Fjárveitinganefnd. Hún hefir með höndum allar fjárveitingar og gjaldakafla fjárlaganna.
3. Samgöngumálanefnd. Undir hana hverfa öll samgöngumál á sjó og landi.
4. Landbúnaðarnefnd. Hún fjallar um öll búnaðarmál og jarðrækt, þar á meðal skógrækt og sandgræðslu.
5. Sjávarútvegsnefnd. Undir hana hverfa fiskiveiðamál og fiskiskipastóll, farmenska og þess háttar mál.
6. Mentamálanefnd. Hún fjallar um skólamál og fræðslumál, listir og vísindi.
7. Verslunarnefnd og iðnaðar. Hún fjallar um öll verslunarmál og iðnað, kjör daglaunamanna og atvinnumál, sem eigi hverfa undir 4. og 5. nefnd.
7. Allsherjarnefnd. Hún fer með þau mál, sem hverfa eigi undir neina af hinum nefndunum.

6. *Við 32. gr.*

Síðustu málsgrein »Breytingartillögur — fram að ganga« skal fella niður.

7. *Við 35. gr.*

Fyrir *þrisvar* í fyrri málsgrein skal setja:
svo oft sem honum þykir þurfa.

8. *Við 46. gr.*

3. og 5. málsgrein skal fella burt.

Ed. **555. Tillaga**

til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi skorar á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi lög um lands-lífsábyrgðarfjelag, og ef fært þykir, slysa-ábyrgðarfjelag í sambandi við það.

Landsstjórninni heimilast að verja alt að 5000 krónum til rannsókna og undirbúnings málinu.

Nd. **556. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm: Stefán Stefánsson, Eyf.

Annar málsliður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Nd. **557. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 25. ágúst.

Flutningsmaður: Sigurður Eggerz.

(Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, þingskjal 129).

Í trausti til þess, að stjórnin útvegi sjer sjerfróða aðstoð til að íhuga skilyrði fyrir innlendri ábyrgðarstarfsemi, þar á meðal brunabótastarfsemi, og leggi frumvarp þar að lútandi fyrir næsta Alþingi, ef fært verður, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **558. Fyrirspurn**

til ráðherra um »Minningarsjóð Herdísar og Ingileifar Benediktsen«.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Hvar er »Minningarsjóður Herdísar og Ingileifar Benediktsen«, og hve mikið af honum er handbært fje?

Er sjóður þessi orðinn nægilega stór, til þess að hann geti tekið til starfa. Hver ræður, hvar hinn fyrirhugaði skóli er settur, og hvernig fyrirkomulag hans verður?

14. gr. B. XIII. b.

Nd. **559. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Matth. Ólafssyni.

Við 14. gr. B. XIII. b.

Aftan við þann lið bætist nýr liður:

c. Til ungfrú Hólmfríðar Árnadóttur til kveldskólahalds í Reykjavík ... ... — 800 — 800

13. gr. C. I. og C. III.

Nd. **560. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Strandferðanefndinni.

1. Við 13. gr. C. I. Fyrir »60,000—77,300 komi: 75,000—75,000.

2. — 13. — C. III. Liðurinn orðist svo:

1.	Til Faxaflóabáts.	10000 kr.
2.	Til Breiðafjarðarbáts (eða báta) ...	7000 —
3.	Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi ...	5000 —
4.	Til bátaferða á Eyjafirði...	3500 —
5.	Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:	
	a. Milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar	5000 —
	b. Milli Vestmannaeyja og Rangársands	1200 —
6.	Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði	300 —
8.	Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar...	400 —
8.	Til mótorbátsferða á Lagarfljóti ...	300 —
9.	Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu	400 —
10.	mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands	300 —

Nd. **561. Nefndarálit**

um strandferðir.

Frá samvinnunefnd beggja deilda um strandferðir.

I. Strandferðir.

Nefndir þær, sem kosnar voru í báðum deildum Alþingis til þess að íhuga strandferðamálið og gera tillögur um það, komu fyrst saman til sameiginlegs fundar 26. júlí. Áður höfðu þær hvor í sínu lagi átt fundi og á þeim fundum var ákveðið orðið, að haga störfum á sama hátt og á undanförnum þingum, þannig að nefndirnar störfuðu í sameiningu, sem ein nefnd væri.

Neðri deildar nefndin, sem skipuð var 7 mönnum, hafði kosið sjer formann Sigurð Eggerz og skrifara Svein Björnsson, en form. efri deildar-nefndarinnar, sem skipuð var 5 mönnum, var Steingrímur Jónsson og Jósef Björnsson skrifari.

Til að kalla samnefndina saman til funda og stýra fundum hennar var valinn form. neðri deildar nefndarinnar Sigurður Eggerz.

Eins og nú stendur heldur Björgvinjargufuskipafjelagið uppi strandferðum hjer við land árin 1914—1915, gegn 30 þús. króna tillagi á ári og gildir þetta til aprílbyrjunar 1916. Jafnframt hefir og Thor Tulinius skip hjer í förum með ströndum fram, gegn öðrum 30 þús. krónum úr landssjóði og gildir samningur um þetta nú til ársloka 1915.

Að árinu 1915 liðnu eða frá byrjun aprílmán. 1916, var með bráðabirgðasamningi dags. 4. febrúar 1914, svo ráð fyrir gert, að Eimskipafjelag Íslands tæki að sjer strandferðir hjer við land og Alþingi 1914 heimilaði landsstjórninni að semja við tjeð fjelag um strandferðir fyrir árin 1916—1917 með skilyrðum, sem kveðið er á um í nefndaráliti samvinnustrandferðanefndarinnar á Alþingi 1914 og tillögum þeim, er hún bar fram og samþyktar voru á Alþingi þá.

Frá þessu, er hjer er á drepið, skýrði ráðherra nánar í ræðu þeirri, er hann hjelt, þegar þingsályktunartillögur þær voru til umræðu, sem ákváðu að kjósa skyldi strandferðanefndirnar. Hann skýrði og þá frá, að sökum Norðurálfuófriðarins væri með öllu ómögulegt að skip þau, sem ráð var fyrir gert á Alþingi 1914 að höfð yrðu til strandferða, fengjust smíðuð svo fljótt að Eimskipafjelagið gæti með þeim byrjað ferðir á árinu 1916. Í sambandi við þetta benti hann og á, að skipaverð væri nú orðið svo hátt, að hæpið væri hvort rjett væri að leggja í að kaupa ný skip, og að sennilegt væri að Eimskipafjelagið gæti eigi lagt í það. Þá skýrði og ráðherra frá því, að Thor Tulinius hefði skýrt landsstjórninni frá því, að hann vildi vera laus við strandferðirnar hjer við land framvegis, en byðist hinsvegar til að selja landinu skipið »Ísafold«

fyrir 72 þúsund krónur, og að Björgvinjargufuskipafjelagið myndi ekki heldur vera fúst til að taka að sjer ferðirnar, þótt hann hefði ekki farið þess á leit við tjeð fjelag, nje hefði af þeirri sök fengið svar frá því um það efni. Loks gat ráðherra þess, að hann samkvæmt viðtali við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands gerði sjer von um að Eimskipafjelagið gæti tekið að sjer strandferðirnar með leigðum skipum, og að framkvæmdarstjórinn væri nú heimkominn með »Goðafoss«, svo að ná mætti til hans til samningaumleitunar.

Þannig var þá strandferðamálið lagt fyrir samvinnunefndina, sem um það hefir haft að fjalla að þessu sinni.

Á fyrsta fundi samvinnunefndarinnar var brjef Thor E. Tulinius til Stjórnarráðsins dags. 29. júní þ. á. lagt fram. Í því er tekið fram að hann vilji ekki endurnýja samning um strandferðirnar, en bjóði skipið »Ísafold« landssjóði til kaups fyrir 72 þúsund krónur.

Þessa málaleitun tók nefndin þá þegar til athugunar. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri að kaupa skip þetta, þar eð verðið, eftir upplýsingum, sem nefndin fjekk annarsstaðar að, væri langt of hátt, miðað við kosti skipsins.

Nefndin ræður því eindregið frá því að Alþingi láti kaupa skipið »Ísafold«.

Eins og strandferðamálið nú lá fyrir, var nefndinni ljóst að annaðhvort varð að gera, að reyna að ná samningum við Eimskipafjelag Íslands eða landssjóður yrði að gera út strandferðir, þar eð sára litlar líkur voru til að samningar gætu tekist við Björgvinjargufuskipafjelagið, enda ýmsir gallar verið á ferðum þess, sem bæði er alkunnugt og sjá mátti af ýmsum brjefum, sem nefndin hafði til meðferðar og farið höfðu milli Stjórnarráðsins og fjelagsins, en Tulinius alveg genginn frá, og engin tilboð úr neinni átt fyrirliggjandi.

Áður frekara væri aðgert af nefndinni taldi hún þá rjett vera að grenslast væri frekar um, hver vera myndi vilji Björgvinjarfjelagsins og fól formanni samnefndarinnar Sig. Eggerz að grenslast eftir því nánar. Gerði formaður það á þann hátt, að hann átti tal við afgreiðslumann fjelagsins Nic. Bjarnason. Skýrði formaður nefndinni síðar frá að afgreiðslumaður hefði tjáð sig ekkert umboð hafa til samninga, og að hann hefði búist við að fjelagið væri ófúst á að semja.

Þegar hjer var komið hafði nefndin þegar byrjað að leita samninga við Eimskipafjelag Íslands. Hafði hún fengið framkvæmdarstjóra Nielsen á fund með sjer og átt tal við hann um málið.

Í viðtali sínu við nefndina ljet framkvæmdarstjóri í ljós, að ófært væri að hugsa til að fá ný skip til ferðanna vegna afarverðs, er nú væri orðið á skipum. Hann sagði að nú myndu skip af þeirri gerð og stærð, sem ráð var fyrir gert á Alþingi 1914 eigi fást ódýrri en 330 þús. kr. skipið, í stað 260 þús. kr., sem þá var ráðgert. Hinsvegar taldi hann ekki ósennilegt að takast kynni að fá leigð til strandferða sæmileg skip. Skip af þeirri gerð, sem til þess gætu talist hentug væri eigi jafn örðugt að fá og vöruflutningaskip. Ef skip fengj-

ust af líkri stærð og gerð og skipin »Austri« og »Vestri«, eða skip, sem rúma minst 20 farþega á 1. farrými og 25 á öðru farrými, þá var bæði hann og nefndin sammála um, að það yrði að teljast viðunandi eftir atvikum, og slík skip gerði framkvæmdarstjóri sjer von um að geta fengið leigð.

Aðaldrættir í tilboði framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins fyrir hönd fjelagsins, er hann gerði nefndinni til bráðabirgðar voru þessi:

1. Að fjelagið tæki að sjer að reka strandferðirnar kring um land árin 1916—1917 með leigðum bátum svo góðum sem fengjust.
2. Að þessir bátar rúmuðu minst 20 farþega á 1. farrými og 25 farþega á 2. farrými og fylgdi reyksalur 1. farrými.
3. Að síðustu ferðir, þær er áætlaðar voru á Alþingi 1914 fjellu niður.
4. Að styrkur til strandferðanna yrði líkt áætlaður og gert var ráð fyrir 1914, þótt skipin væru lakari en þá var ráðgert og ferðirnar færri.

Með brjefi, sem framkvæmdarstjóri ritaði nefndinni sama dag og hann hafði átt tal við hana fyrst, fer hann enn fremur fram á, að 1. ferð annars skipsins að minsta kosti, sje feld niður og helst fyrir bæði, svo að þau hefji eigi ferðir sínar fyr en í apríl.

Þá er málinu var þannig komið og samvinnunefndin hafði rætt það fram og aftur, kaus hún 5 manna nefnd úr sínum flokki, til að íhuga og leita samkomulags við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins um:

1. Ferðaáætlanir strandferðaskipa fyrir árin 1916 og 1917.
2. Skipakost til þeirra ferða.
3. Styrk úr landssjóði til ferðanna.

Undirnefnd þessi hafði lokið störfum sínum 30. júlí og afhent álit sitt.

A fundi samvinnunefndarinnar 31. júlí var álit undirnefndarinnar lagt fram og rætt.

Voru tillögur undirnefndarinnar síðan bornar til atkvæða og samþyktar allar óbreyttar, eins og þær koma fram á fylgiskjali I. með nefndaráliti þessu, og vísast til þess, er þar stendur.

Að því er Gilsfjörð snertir, sem framkvæmdarstjóri hafði farið fram á að feldur væri úr fastri áætlun, þá var nefndin því mótfallin, að svo yrði og vildi eindregið halda við það, að Gilsfjörður stæði á áætlun, á sama hátt og ráðgert var á síðasta þingi, en þó því að eins, að skipin fáist vátrygð þangað.

Þess skal og getið hjer, að tillaga undirnefndarinnar undir staflið c, fylgiskj. I, um landssjóðstillagið til millilandaferðanna, var nokkrum ágreiningi undirorpin í nefndinni, og að 3 nefndarmanna (Stgr. J., P. J. og E. P.), greiddu henni ekki með-atkvæði.

Þegar samvinnunefndin hafði lokið störfum sínum að mestu, og til þess kom, að fá fullnaðar-tilboð frá Eimskipafjelagi Íslands um strandferðirnar, þá kom það í ljós, að fjelagið treystist ekki til að taka að sjer ferðirnar,

með þeim styrk, sem áður hafði verið um rætt og fram er tekið um, hver vera ætti, í fylgiskj. I. C., nema landssjóður tæki að sjer að bæta fjelaginu þann halla, sem verða kynni á útgerðinni, vegna ástands þess, sem nú er, og verða kann vegna stríðsins.

Frá hálfu fjelagsins var það tekið fram, að það mætti á engan hátt taka að sjer nú, þegar það væri að byrja starfsemi sína, fyrirtæki, sem allmikil áhætta fylgdi eða gæti fylgt. En eins og ástandið nú væri, vegna stríðsins, og horfurnar fram undan, þá væri ekki annað hægt að segja, en að áhætta væri fyrir fjelagið, að taka strandferðirnar með alveg fast á kveðinni styrkupphæð, nema því að eins, að styrkurinn væri tiltekinn með mjög hárri upphæð.

Samvinnunefndin verður að játa það fyllilega rjettmætt og sjálfsagt, að Eimskipafjelagið fari gætilega og vilji ekki eiga við fyrirtæki, sem það lítur svo á, að áhætta fylgi, nema það þá jafnframt tryggi sig gegn áhættunni.

Og með því að nefndin enn fremur verður að játa, að ekki sje unt stríðsins vegna, að gera sjer fulla grein fyrir kostnaði af strandferðunum, þá hlaut hún að verða Eimskipafjelaginu samdóma um, að landssjóðurinn yrði eftir atvikum að bera áhættuna.

Eftir nokkrar bollaleggingar milli Eimskipafjelagsins og nefndarinnar varð það því að samkomulagi, að til strandferðanna yrði áætluð nokkru lægri upphæð en gert er ráð fyrir í fylgskj. I. C., en í þess stað bættur upp halli sá er verða kynni á rekstri ferðanna vegna ófriðarins, og að fjelagið tæki að sjer ferðirnar með þeim skilyrðum, að það fái 75 þús. kr. styrk til strandferðanna hvort árið. En ef tekjuhalli verður á útgerð strandferðaskipanna vegna aukavátryggingar, og þess að skipaleiga og annað er eða verður í hærra verði en vanalega af orsökum stríðsins, bætir landssjóður fjelaginu hallann. Að öðru leyti standa atriði þau óhreyfð, sem fram eru tekin í fylgskj. I. og samþykt voru í nefndinni og vísast því til þess og tilboðs Eimskipafjelagsins, sem prentað er hjer með sem fylgskj. VI.

II. Flóa- og fjarðabátar.

Þá er samvinnunefndin þannig, sem nú hefir verið frá skýrt, hafði komist að áðurnefndum samningagrundvelli, er hún eftir atvikum taldi sæmilegan, um strandferðir fyrir árin 1916 og 1917, tók hún til athugunar flóa- og fjarðabátana.

Um flóa- og fjarðabáta hafði nefndin allmörg skjöl til meðferðar sumpart umsóknir um styrk til bátaferða og sumpart skýrslur og reikninga, er snerta ferðir bátanna undanfarið. Meðal þessara skjala var og skýrsla og tillögur um samgöngumál á sjó frá samgöngumálaráðanaut stjórnarinnar dags. 6. júlí þ. á. Skýrslu þessa lagði samvinnunefndin til grundvallar undir umræður sínar um flóa- og fjarðabátana, og er hún prentuð hjer með sem fylgiskjal II.

Samvinnunefndin er samgöngumálaráðanautnum sammála um, að með endurbættum strandferðum, eins og gert er ráð fyrir að verði árin 1916—1917 sbr. fgskj. I. og þingskj. 395 frá 1914 Alþt. A. bls. 588—591, verði þörfin á

flóa- og fjarðabátum mun minni en verið hefir að undanförnu, og að þess vegna sje líka hægt að minka fjárstyrk til þeirra frá því sem verið hefir.

Nefndin er og þeirrar skoðunar að mikilsvert sje að reynt sje að haga ferðum flóa- og fjarðabátanna þannig, að sem sjaldnast komi fyrir að þeir fari ferðir nær því erindislaust, þannig að þeir hafi hvorki farm nje fólksflutning, er nokkru nemi. En þetta mun eigi svo óvíða hafa átt sjer stað undanfarið, og eðlilega orðið til þess, að gera hallann á útgerðinni meiri en ella hefði verið.

Þetta þyrfti að hafa fyrir augum þá er samdar eru áætlanir um ferðir bátanna, og hallast nefndin á þá skoðun samgöngumálaráðanautsins, sem fram er tekin á flgskj. II. í kaflanum um »Flóa- og fjarðabátaferðir«, að aukaferðir ættu bátarnir sem oftast að fara þegar flutningsþörf er fyrir hendi, þótt reglubundnar áætlunarferðir yrðu færri fyrir þá sök.

Um landssjóðsstyrk til flóa- og fjarðabáta fyrir árin 1916—1917 hefir það orðið að samþyktum innan samvinnunefndarinnar að mæla með þessum upphæðum:

1.	Faxaflóabátur fái	10000	kr.	styrk	hvort	árið
2.	Breiðafjarðarbátur eða bátar	7000	—	—	—	—
3.	Ísafjarðardjúpsbátur	5000	—	—	—	—
4.	Eyjafjarðarbátur*)	3500	—	—	—	—
5.	Bátar milli Vestmannaeyja og lands:					
	a, milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar**)	5000	—	—	—	—
	b, milli Vestmannaeyja og Rangársands	1200	—	—	—	—
6.	Mótorbátur á Hvítá	300	—	—	—	—
7.	— til Hvalfjarðar	400	—	—	—	—
8.	— í Austur-Skaptafellssýslu	400	—	—	—	—
9.	— á Lagarfljóti	300	—	—	—	—
10.	— milli Patreksfjarðar og Rauðasands	300	—	—	—	—

Um styrkupphæðir þessar var ágreiningur nokkur í nefndinni og tóku ýmsir nefndarmanna fram, að þeir áskildu sjer óbundin atkvæði um mótorbátana. Jósef Björnsson og Guðm. Ólafsson tjáðu sig og ósamþykka tillaginu til Eyjafjarðarbáts.

---

*) Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.

**) Þessum styrk skal skifta svo að bátur til Víkur fái 3000 kr., en bátur til Stokkseyrar 2000 kr. nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.

Um skilyrðin fyrir styrkveitingum þessum til flóa- og fjarðabátanna komu fram ýmsar skoðanir í samvinnunefndinni. Eftir að þetta málsatriði hafði verið rætt fram og aftur í nefndinni varð það að samþyktum á fundi 10. ágúst að kjósa 3ja manna aukanefnd til að koma fram með tillögur um skilyrðin fyrir styrkveitingu til flóa- og fjarðabátanna og þeir Sigurður Eggerz, Jósef Björnsson og Steingrímur Jónsson kosnir í aukanefndina.

Næsta dag skilaði aukanefnd þessi áliti sínu og er það prentað hjer með sem fylgiskjal III. Öll þau atriði, sem þar eru talin undir töluliðunum 1—5, voru samþykt af samvinnunefndinni.

Um tölulið 4 á flgskj. III., snertandi reikningsfærslu bátanna, skal það tekið fram, að nefndinni hafði borist ásamt skýrslu samgöngumálaráðanautsins tillaga frá honum um »Reglur um reikningsfærslu fyrir flóa- og fjarðabáta þá, sem styrk fá úr landssjóði«. Eftir að hafa athugað reglur þessar leggur nefndin til að reikningsfærsla sú, er Stjórnarráðið skipar fyrir um að útgerðarmenn bátanna fylgi, verði í líkingu við nefndar reglur frá samgöngumálaráðanautnum, sem prentaðar eru með nefndarálitinu sem fylgiskjal IV. a og IV. b.

Í sambandi við það, sem hjer er sagt um reikningsfærslu bátanna og í framhaldi af því, sem sagt er hjer að framan um, að æskilegt væri, að flóa- og fjarðarbátar fari sem sjaldnast erindisleysu eða nær því erindisleysu á hafnir, sem settar hafa verið á áætlun, en hvorki hafa fólksflutning nje vöruflutning fyrir bátana, þá leggur nefndin til, að lagt verði fyrir útgerðarmenn bátanna, að láta reikningunum fylgja yfirlit yfir allar tekjur af fólks- og vöruflutningi frá og að hverri þeirri höfn, er báturinn kemur á. Af slíku yfirliti mætti, að áliti nefndarinnar, fá vissu um á hverjar hafnir borgaði sig að sigla og á hverjar hafnir ekki borgar sig að koma. En þetta ætti þá líka að vera hin besta leiðbeining um, hvernig ferðaáætlun bátanna mætti haga, svo að ábatavænlegast væri.

Yfirlit í þá átt, sem hjer er nefnt, fylgdi að eins einstöku reikningi af flóa- og fjarðabátareikningum þeim, sem nefndin fjekk til athugunar. Þó fylgdi þess konar yfirlit með reikningum »Faxaflóabátsins«, og að því er vöruflutninga snertir með reikningi bátsins »Ásdís«. Sjeu þessi yfirlit athuguð, þá sjest glögt hvílíka erindisleysu bátar þessir hafa haft á suma þá staði, er þeir hafa komið á. Útdráttur úr yfirliti Faxaflóa-bátsins, og yfirlitið yfir vöruflutninga bátsins »Ásdís«, er til glöggvunar í þessu efni prentað sem fylgiskjal V. a. og V. b. með nefndarálitinu. Framvegis mætti og yfirlit þau, er heimtuð væri, að fylgdi reikningum bátanna, vera gerð í líkingu við yfirlit þessi.

Þá vill nefndin og láta þess getið, að henni virðist nauðsyn bera til, að eftirlit sje með því haft, að björgunartæki sjeu höfð eftir því, sem ástæður leyfa á þeim bátum, er margt fólk flytja að jafnaði, og að einhver takmörk sjeu sett um, hve margt fólk hver einstakur bátur megi flest flytja í senn.

Loks lætur nefndin í ljós, að hún teldi æskilegt, að póstmeistari ljeti reikna út, hve miklu sá ljettir á póstflutningi myndi nema, sem flóa- og fjarðabátarnir flytja.

Þingsályktunartillögu um strandferðirnar flytur samvinnunefndin, og er hún prentuð á sjerstöku þingskjali, og verður fyrst lögð fyrir háttvirta neðri deild.

Alþingi 25. ágúst 1915.

Sig. Eggerz,
formaður Nd. nefndar.

Jósef Björnsson,
ritari samvinnu-nefndarinnar og framsögum. í efri deild.

Sveinn Björnsson,
ritari Nd. nefndar.

Karl Finnbogason. Hjörtur Snorrason.

M. J. Kristjánsson. Jón Jónsson. Guðm. Ólafsson.

Með fyrirvara er gerð verður grein fyrir við umræður:

Steingrímur Jónsson,
formaður Ed. nefndarinnar.

Pjetur Jónsson. Hákon J. Kristófersson. Eggert Pálsson.

Fylgiskjal I.

Hinn 28. júlí kaus samvinnunefndin um strandferðir úr sínum flokki 5 manna undirnefnd og voru kosnir: Jón Jónsson, Jósef Björnsson, Magnús Kristjánsson, Sigurður Eggerz og Steingrímur Jónsson.

Verkefni undirnefndar var:

1. Athugun ferðaáætlana strandferðaskipa 1916—1917, sem ráðgert er að H.f. Eimskipafjelag Íslands taki að sjer;
2. Skipakostur til þeirra ferða;
3. Styrkur úr landssjóði til strandferðanna.

Gerðir undirnefndar.

A. Um ferðaáætlanir.

1. Nefndin leggur til að til grundvallar sje lögð »Áætlun nr. 2«, fgsk. IX, á þingskjali 395, Alþt. A 1914, bls. 588—591.
2. Hún leggur þó til að gengið verði að því, að víkja það frá nefndri áætlun nr. 2, að *síðasta strandferð* skipanna A og B (fgsk. IX með nefndaráliti strandferðanefndar 1914) *falli burtu*, þó *með því skilyrði*, að næst síðasta ferð beggja skipa á þeirri áætlun, sem nú er ætlast til að verði *síðasta ferð þeirra, sje sett alt að, eða kringum viku síðar* en ráð er fyrir gert á »Áætlun nr. 2«, fgsk. IX.

   Aftur á móti leggur nefndin til að *ekki sje að því gengið að fella burt 1. ferð* skipanna A og B, og það eins þótt ekki sje um að ræða nema 1. ferð annars skipsins.
3. Enn fremur leggur undirnefndin til, að samvinnunefndin um strandferðir geri nokkrar smábreytingar á ferðaáætlun »nr. 2, fgsk. IX«, án þess þó að semja nýja ferðaáætlun, og láti þeirra breytinga getið í nefndaráliti sínu.

   Þær smábreytingar, sem hjer er átt við og undirnefndin mælir með, eru þessar:

   a, Skip B komi á Norðurfjörð 23. apríl en ekki á Reykjarfjörð, og að skip B komi í 10. ferð (síðustu ferð) eigi að eins á Reykjarfjörð heldur líka á Norðurfjörð.

   b, Að Hofsós fái allar þær viðkomur skipanna A og B, sem á áætlun »nr. 2, fgsk. IX« eru ætlaðar »Hofsós og Grafarós«, og að Grafarós standi að eins á áætluninni með *.

   c, Að skipin komi að Flatey á Skjálfanda í annari hvorri strandferð á leið sinni milli Húsavíkur og Akureyrar.

   d, Að fjölgað sje viðkomum á Borgarfjörð eystra, þannig að skip A komi þar á fyrri ferðinni í *maí* og í septemberferðinni og að skip B komi þar við í báðum ferðum í maí og í septemberferðinni.

   e, Að Vík fái jafnmargar viðkomur og Hornafjörður.

f, Að tilfærsla sú á væntanlegri síðustu ferð, sem nefnd er í A 2 hjer að framan, verði samkvæmt uppástungu framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, þessi:

Skip A fari frá Rvík 3. okt., frá Ísafirði 8. okt., frá Akureyri 15. okt., frá Seyðisfirði 19. okt. og komi til Rvíkur 26. okt.

Skip B fari frá Rvík 1. okt., frá Seyðisfirði 9. okt., frá Akureyri 18. okt., frá Ísafirði 23. okt. og komi til Rvíkur 30. okt.

Það skal í sambandi við þetta tekið fram, að framkvæmdarstjóri »H.f. Eimskipafjelag Íslands« tók það fram við undirnefndina, að hæpið væri hvort ábyrgð fengist á skipunum til Gilsfjarðar, og færi svo yrði eigi hægt að sigla þangað. En ef svo rjeðist að ábyrgð fengist, þá gæti Eimskipafjelagið þó ekki gengið að því, að láta skipin ganga þangað, nema þar eða þangað væri flutningur er næmi 200 kr. farmgjaldi og veður ekki hamlaði. Sá staður yrði því að falla úr fastri áætlun og merkjast með * og tilvísun til skilyrðisins um farmgjald og veður.

Þessu atriði vill undirnefndin skjóta undir aðalnefndina án þess að mæla með því eða móti.

B. Skipakostur.

Um skipakost leggur undirnefndin til, að haldið verði framvegis fast við skip af þeirri stærð og gerð, sem ráð er fyrir gert í flgskj. IV, nr. 2, við þingskj. 395, Alþt. A 1914, bls. 570—571. En sökum hins sjerstaka ástands, sem nú er um dýrleik skipa og örðugleika á að fá ný skip, þá lítur nefndin svo á, að nú verði að sætta sig við nokkru lakari skip næstu 2 ár. Hún mælir því með, að 2 næstu árin megi nota skip, sem nokkru sjeu lakari en hin fyrirhuguðu nýbygðu skip, þó ekki lakari en svo, að þau jafngildi fyllilega að gæðum skipunum »Austri« og »Vestri«, sem áður hafa verið í strandferðum hjer við land.

C. Styrkur úr landssjóði til strandferðanna.

Þótt bæði sje það, að strandferðirnar verða nokkru færri en gert var ráð fyrir á Alþingi 1914 (sbr. flgskj. IX við þingskj. 395, Alþt. A. 1914) og skipin verði nokkru lakari en þá var gert ráð fyrir, þá leggur nefndin þó til, að styrkurinn verði sá, er þá var gert ráð fyrir eða 77,300 kr., því að öðrum kosti mun Eimskipafjelagið eigi treystast til að taka að sjer að halda strandferðunum uppi á sinn kostnað.

Í sambandi við þetta lætur nefndin þess getið, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins kvað fjelagið því að eins myndi taka að sjer strandferðirnar með þessum styrk, að því yrði veittar 40,000 kr. styrkur á ári til millilandaferðanna. Væri þeim styrk kipt burtu, eða hann minkaður, þá gæti Eimskipafjelagið ekki við strandferðirnar fengist.

Af þessum sökum leggur meiri hluti undirnefndarinnar (J. J., J. B., M. K. og Sig. Eggerz) til, að strandferðanefndin mæli með því við fjárlaganefnd, að Eimskipafjelagið fái 40,000 kr. styrk hvort árið til millilandaferða, en ferðaáætlanir þess liggi þá og undir samþykki landsstjórnarinnar.

Loks skal þess getið, að nefndin hefir rætt öll þau atriði málsins, sem hjer að framan er getið, við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og skildist

henni svo, að fjelagið myndi taka strandferðirnar að sjer, ef alt það nær samþykki, sem undirnefndin hjer hefir mælt með.

Alþingi 30. júlí 1915.

Sig. Eggerz, formaður. Jósef Björnsson, skrifari.

Jón Jónsson. Steingrímur Jónsson. M. J. Kristjánsson.

Fylgiskjal II.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐANAUTURINN.

Reykjavík 6. júlí 1915.

Skýrsla
og tillögur um samgöngumál á sjó.

1. Flóa- og fjarðabátaferðir.

Með tilliti til þess að »Eimskipafjelag Íslands« tekur væntanlega að sjer strandferðirnar vorið 1916, þótt með leiguskipum hljóti að verða fyrsta árið, ef ekki verða keypt brúkuð skip, má búast við fleiri og hagkvæmari strandferðum en verið hafa síðustu árin, þar sem þeim mun verða hagað eftir áætlun þeirri, er síðasta þing samþykti, sbr. þingskj. 395, Alþ.tíð. 588—591. En af því leiðir, að þörfin fyrir flóa- og fjarðabátaferðir minkar að miklum mun á ýmsum svæðum, og þar af leiðandi má spara allmikið af fjárhæð þeirri, — alls 49,900 kr. — sem veitt er í gildandi fjárlögum til slíkra ferða.

Aftur á móti verður tillagið til strandferðanna þeim mun hærra, tæplega þó.

Eftir að hafa athugað flutningaþörf og flutningamagn flóa- og fjarðabátanna undanfarandi ár, eftir því sem kostur hefir verið á, enn fremur reikninga þeirra yfir tekjur og kostnað, hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að breyta beri fyrirkomulagi ferðanna og styrkveitingunum til þeirra, eftir því sem síðar skal bent á.

Yfirleitt virðast mjer hjeraðsstjórnirnar heimta of margar reglubundnar áætlunarferðir fyrir bátana. Skýrslur um flutningsmagn og tekjur bátanna í einstökum ferðum, svo sem Norðurlands-, Ísafjarðardjúps- og Breiðafjarðarbátanna, sýna að bátar þessir hafa í mörgum ferðum engan teljandi flutning haft, hvorki fólk nje farangur. Slíkar ferðir eru fáum til gagns, en gerir útgerð bátanna miklu dýrari en þörf er á.

Hinar reglubundnu áætlunarferðir ættu því framvegis að fækka á ýmsum svæðum, verða strjálli, en bátarnir þess á milli að sigla eins margar aukaferðir

og þörf krefur. — Sú breyting á núverandi fyrirkomulagi mundi minka allmikið reksturkostnaðinn, en ekki draga neitt úr tekjum bátanna.

Þessu næst skal athugað fyrirkomulag ferða hvers flóabáts fyrir sig, og styrkveiting úr landssjóði:

1. Faxaflóabáturinn.

Við ferðaáætlun hans sje jeg eigi ástæðu til að gera neinar sjerstakar breytingartillögur.

Þessi bátur hefir á yfirstandandi fjárhagstímabili haft 13500 kr. styrk úr landssjóði hvort árið.

Jafnaðarreikningar bátsins fyrir árin 1913 og 1914 sýna svo mikinn tekjuafgang, (og að líkindum verður hann eigi minni þetta ár) að ástæðulaust er að veita eins háan landssjóðsstyrk til þessa báts eftirleiðis. Jeg legg því til að styrkurinn verði færður niður í *9000 kr.* hvort árið, á næsta fjárhagstímabili; hygg jeg að útgerðin beri sig fullkomlega með þeim styrk.

2. Breiðafjarðarbátar 2.

Síðustu árin hafa 2 mótorbátar fengið landssjóðsstyrk gegn því að halda uppi reglubundnum ferðum um Breiðafjörð og víðar. Á yfirstandandi fjárhagstímabili nemur sú upphæð 9000 kr. hvort árið til beggja bátanna. Sá báturinn, sem annast hefir ferðirnar um suðurhluta Breiðafjarðar, er miklu stærri en hinn, enda er honum ætlaður 7200—7300 kr. styrkur, en þeim, sem siglir um norðurhluta fjarðarins, 1700—1800 kr.

Með tilliti til þess, að strandferðaskipunum er eftirleiðis ætlað að koma við á öllum verslunarstöðum við Breiðafjörð og sunnan á Snæfellsnesi, verður eigi þörf nema fyrir 1 mótorbát á því svæði.

Mundi hentugast að það væri vel útbúinn vél- og seglbátur, sem rúmaði um 40 smálestir af vörum og hefði farrými undir þiljum fyrir nokkra farþega.

Ætti hann aðallega að ganga um Breiðafjörð, en þess utan að eins að sigla nokkrar ferðir á hafnirnar sunnan á Snæfellsnesi, vegna verslunarsambanda við Stykkishólm. — Væri æskilegt að Faxaflóa- og Breiðafjarðarbátarnir gætu þá mæst, t. d. á Búðum. — Aftur á móti virðist þá ástæðulaust að láta Breiðafjarðarbátinn sigla til Reykjavíkur og Vestfjarða, eins og áætlunin fyrir þetta ár gerir ráð fyrir.

Með hliðsjón af far- og farmgjaldsskrám þeim, sem (nú) gilda þetta ár á Breiðafirði, álít jeg hæfilegt að styrkja slíkan bát úr landssjóði með *7000 kr.* tillagi hvort árið næsta fjárhagstímabil.

3. Ísafjarðardjúpsbátur.

Á fjárhagstímabilinu 1912 og 13 voru bátaferðir um Ísafjarðardjúp styrktar með 5500 kr. landssjóðstillagi hvort árið.

En Alþingi 1913 hækkaði styrkinn upp í 9000 kr. hvort árið á yfirstandandi fjárhagstímabili, með þeim skilyrðum að báturinn sigldi nokkrar ferðir til Húnaflóa. Gerði þingið þá ráðstöfun í því skyni að bæta úr strjálum skipaferðum um Húnaflóa, með því að Björgvinjarfjelagsskipin fengust ekki til að koma við nema á einni höfn við flóann.

Vorið 1914 var því samið við þáverandi útgerð Ísafjarðarbátsins um að

hann sigldi nokkrar ferðir til og um Húnaflóa eftir áætlun. Skyldi Ísafjarðarbáturinn mæta Norðurlandsbátnum á Kálfshamarsvík í sumum þeim ferðum.

Við athugun reikninga Ísafjarðarbátsins yfir tekjurnar af Húnaflóaferðunum kom í ljós, að þær voru miklu minni en við hefði mátt búast. Fólks- og vöruflutningur var tiltölulega mjög lítill í þeim ferðum, og virtust þær því ekki koma að tilætluðum notum, enda tapaði útgerðin á þeim, þrátt fyrir hinn ríflega styrk.

Yfirstandandi ár fjekst eigi nægilega stór bátur til að halda uppi þessum ferðum, og urðu þær af þeirri ástæðu að falla niður, enda lítil eftirsjón í þeim fyrir hlutaðeigandi héruð við Húnaflóa. Og eftir að Eimskipafjelagið hefir tekið að sjer standferðirnar, verða slíkar bátaferðir á þessu svæði með öllu óþarfar.

Með tilliti til þess, að Ísafjarðarbáturinn sigli framvegis aðeins um Ísafjarðardjúpið, og að strandferðaskipunum er ætlað að koma við á 3 helstu stöðunum í Djúpinu — auk Ísafjarðar — þegar um talsverða flutninga er að ræða til eða frá þeim stöðum, mundi mótorbátur, sem rúmar ca. 15—20 smálestir og hefir skýli undir þilfari fyrir nokkra farþega, vera hæfilegur. — Geri jeg ráð fyrir að *5500 kr.* styrkur til þeirra ferða yrði nægilegur.

4. Norðurlandsbátur.

Til gufubátsferða á svæðinu frá Kálfshamarsvík við Húnaflóa að vestan til Þórshafnar við Þistilsfjörð að austan, var fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil veittur 9000 kr. landssjóðsstyrkur hvort árið. Árið 1914 hjelt »Gufubátsfjelag Norðlendinga« ferðunum uppi með gufubátnum Jörundi. Beið fjelagið svo mikið tap á ferðunum (ca. 3000 kr.), að það sá sjer eigi fært að taka þær að sjer aftur þetta ár, nema með auknum styrk, eða á þann hátt, að sigla nokkrar ferðir á greindu svæði um vortímann og aftur að haustinu, gegn 9000 kr. landssjóðsstyrk. — Sumarmánuðina hugsaði fjelagið sjer að láta bátinn stunda veiðar. — Síðar tók fjelagið tilboð þetta aftur, þóttist ekki geta gefið kost á neinum ferðum.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar sóttu þá um alt að 3000 kr. styrk til þess að halda uppi mótorbátsferðum milli Akureyrar og Siglufjarðar frá vori til hausts. Var talið bagalegast að ferðirnar fjellu niður á því svæði.

Við athugun reikninga Norðurlandsbátsins, yfir tekjur hans í hverri einstakri ferð, kom í ljós að farþega- og vöruflutningur var mjög lítill í flestum ferðum; munu því fáar af þeim hafa borgað kostnaðinn. Bendir þetta, — sem og reynsla fyrri ára, — á að flutningaþörfin á þessu svæði er eigi öllu meiri en svo, að strandferða- og millilandaskip þau, er sigla eftir áætlun fyrir Norðurlandi, fullnægi henni. — Þegar ennfremur er tekið tillit til þess, að strandferðirnar verða á þessu svæði, sem öðrum, fleiri og hagkvæmari en hingað til, og að ferðir e/s »Goðafoss« bætast við, virðast þessar ferðir að skaðlausu fyrir hlutaðeigandi hjeruð mega falla niður.

Aftur á móti er rjett að taka tillit til þess, að við Eyjafjörð, sem er með allra lengstu fjörðum landsins, er tiltölulega mjög þjettbýlt, margir verslunarstaðir og veiðistöðvar beggja megin fjarðarins, sem sjómenn og verkafólk streymir til að vorinu, til þess að stunda atvinnu um sumartímann. Einnig ber að líta á það, að Siglufjörður í sömu sýslu er langstærsta síldarveiðistöð og síldarbræðslustöð landsins.

Mundi því hentugt að hraðskreiður mótorbátur, með um 20 hesta farmrými og farrými fyrir nokkra menn undir þilfari, gengi um Eyjafjörð til Siglufjarðar á tímabilinu frá maí til október til fólks- vöru- og beituflutninga. Ættu ákveðnar áætlunarferðir ekki að vera margar í mánuði, en aukaferðir eftir þörfum, þegar vissa væri fengin um nægan flutning. Með því fyrirkomulagi mundu slíkar bátaferðir svara betur kostnaði, eins og að framan er sagt.

Hæfilegur styrkur til þessara ferða geri jeg ráð fyrir að yrði *2500* kr.

5. Vestmannaeyjabátar 2.

Milli Vestmannaeyja og lands:

A. Til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka.

B. Til Rangársands.

Á yfirstandandi fjárhagstímabili er bátum þessum áætlaður:

a. 6000 kr. styrkur hvort árið.

b. 1200 — — — —

eða samtals kr. 7200,00.

Þar sem þessir staðir liggja fyrir opnu hafi, og ekki hægt að afgreiða skip á þeim, nema í góðu veðri, og því aðeins að brimlaust sje, er þýðingarlaust að semja ferðaáætlun fyrir þessa báta.

Með því að símasamband er milli allra staðanna, væri hentugast að hafa fyrirkomulag afgreiðslunnar og ferðanna þannig:

1. Útgerð bátanna verður að vera í Vestmannaeyjum og bátarnir að liggja þar milli ferða, — Afgreiðslumaður þarf að vera á hverjum viðkomustað.
2. Afgreiðslumennirnir verða að gera útgerðarmanni aðvart þegar hægt er að afgreiða bátana, og tilkynna honum jafnframt, hve mikill flutningur sje á staðnum.

Með þessu fyrirkomulagi yrðu bátarnir aldrei sendir frá Eyjum, nema þegar hægt er að afgreiða þá á ákvörðunarstöðum. og nægur flutningur býðst.

Hæfilegur styrkur til þessara báta virðist mjer 5000 kr. til A. og 1000 kr. til B.

eða *6000 krónur* til beggja.

Styrk til eftirtaldra báta sje jeg eigi ástæðu til að breyta næsta fjárhagstímabil:

6.	Til mótorbátaferða á	Hvítá í Borgarfirði	Kr. 800,00
7.	— ——	til Hvalfjarðar	— 400,00
8.	— ——	á Lagarfljóti	— 300,00
9.	— ——	í Austur-Skaftafellssýslu	— 400,00

Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið um flutningaþörfina milli Patreksfjarðar og Rauðasands, virðist eigi ástæða til að styrkja mótorbátsferðir milli þeirra staða eftirleiðis. Legg því til að sá (300 kr. árl.) styrkur falli burt.

Æskilegast tel jeg að hlutaðeigandi sýslufjelög ættu bátana sjálf; ljetu byggja trausta, hæfilega stóra og vel útbúna báta, og að útgerð hvers báts væri stjórnað af 3 manna nefnd, sem rjeði framkvæmdarstjóra til að annast útgerðina og afgreiðsluna undir sinni umsjón.

Skilyrðunum fyrir styrkveitingu landssjóðs til flóa- og fjarðarbátanna, virðist mjer nauðsynlegt að breytt verði á þessa leið:

Þremur mánuðum áður en ferðirnar eiga að hefjast, sendi hlutaðeigandi hjeraðsstjórn Stjórnarráðinu skjöl þau, er hjer skal greina:

1. Vottorð um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.
2. Uppkast að ferðaáætlun bátanna.
3. Do. að gjaldskrá fyrir fólks- og vöruflutning.
4. Áætlun um tekjur og gjöld bátanna.

Þrjú síðast nefnd skjöl fyrir næsta útgerðartímabil.

Ennfremur skyldi þessi skilyrði sett:

a. *að* Stjórnarráðið samþykki greind skjöl án breytinga, eða með breytingum, sem hjeraðsstjórnirnar síðar fallast á.
b. *að* landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meira en helmingi reksturkostnaðar bátanna, og aldrei meira en tekjuhalla á útgerð þeirra, samkvæmt jafnaðarreikningi, er Stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.
c. *að* útgerðarmennirnir sendi Stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.
d. *að* útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum Stjórnarráðsins, og að eyðublöð þau, sem það gefur form fyrir, verði rjett útfylt.

Hjer skulu tilfærðar ástæður fyrir breytingartillögum mínum á skilyrðunum fyrir greiðslu landssjóðs-tillagsins til bátanna.

Reynsla undanfarandi ára hefir í flestum tilfellum sýnt, að hjeraðsstjórnirnar hafa eigi með nægilega löngum fyrirvara gert ráðstafanir til þess að útvega nothæfa báta til flóa- og fjarðaferðanna. Hafa þess vegna oft neyðst til að leigja miður hentuga báta og það með lakari kjörum en ella. Þar af leiðandi hefir það viðgengist, að uppköst að áætlunum bátanna, svo og gjaldskrár fyrir þá, hafa ekki borist Stjórnarráðinu fyr en skömmu áður, eða um sama leyti og ferðirnar hafa átt að hefjast. Tíminn því of naumur til að athuga þau plögg eins nákvæmlega og æskilegt væri, og gera samanburð á hinum ýmsu gjaldskrám.

Hingað til hefir það ekki verið venja að hjeraðsstjórnirnar sendu Stjórnarráðinu jafnframt áætlun um tekjur og gjöld bátanna fyrir næsta útgerðartímabil. En það hlyti að hafa allmikla þýðingu, meðal annars til að geta nokkurn veginn vitað fyrirfram, hve mikils styrks bátarnir þörfnuðust. Og ef þær áætlanir sýndu að styrkur sá, sem þeim er ætlaður í fjárlögunum, ekki hrykki til að jafna tekjuhallann, mætti þá þegar hækka far- og farmgjöldin, eða fækka hinum ákveðnu áætlunarferðum, sem því svaraði, eftir því sem heppilegast þætti.

Reikningar yfir tekjur og gjöld flóabátanna flestra hafa verið svo sundurleitir og ógreinilegir, að það hefir verið mjög örðugt að átta sig á þeim. Bendir það til þess, að reikningsfærslunni sje mikið ábótavant.

Til þess að ráða bót á því, leyfi jeg mjer að leggja hjer með form fyrir slíkri reikningsfærslu, eins og jeg hygg að henni sje vel fyrir komið.

Með því að gera útgerðarmönnum að skyldu að fara eftir föstu reikningsformi, yrði meira samræmi í reikningunum, og þá fyrst hægt að bera þá saman til athugunar, en það hefir naumast verið mögulegt til þessa. Þar af leiðandi hafa styrkveitingarnar orðið meira af handa hófi en ella hingað til.

Samkvæmt framanrituðum breytingartillögum mínum um styrkveitingu landssjóðs til flóa- og fjarða-bátanna næsta fjárhagstímabil, lækkar hún úr 49,900 kr. niður í 31,900 kr. = um 18,000 kr. Aftur á móti geri jeg ráð fyrir að

styrkurinn til strandferðanna hækki um 17,300 kr. samkv. ályktun síðasta þings, ef »Eimskipafjelag Íslands« tekur þær að sjer.

Fjársparnaðurinn fyrir landssjóð verður því eigi mikill, enda ekki við því að búast, þar sem útgerðarkostnaður gufuskipa hefir hækkað all-mikið, og með tilliti til þess, að strandferðirnar verða væntanlega miklu fleiri og hagkvæmari fyrir landsmenn framvegis en að undanförnu.

Samanburðurinn lítur þannig út:

		1914—'15 hvort árið krónur	1916—'17 hvort árið krónur
I.	Til strandferða	60,000	77,300
II.	Til báta ferða á flóum, fjörðum og vötnum:		
1.	Til Faxaflóabáts	13,500	9,000
2.	» 2 Breiðafjarðarbáta	9,000	7,000
3.	» Ísafjarðardjúpsbáts	9,000	5,500
4.	» Norðurlandsbáts	9,000	2,500
5.	» báta ferða milli Vestmannaeyja og lands:		
a.	til Víkur, Stokkseyrar og Eyrarbakka .	6,000	5,000
b.	» Rangársands	1,200	1,000
6.	Til mótorbátsferða á Hvítá	800	800
7.	» —»— til Hvalfjarðar	400	400
8.	» —»— í Austur-Skaptafellssýslu .	400	400
9.	» —»— á Lagarfljóti	300	300
10.	» —»— milli Patreksfjarðar og Rauðasands	300	
	Samtals hvort árið kr.	109900	109200

II. Strandferðir.

Eins og drepið er á í upphafi þessarar skýrslu, geri eg ráð fyrir að »Eimskipafjelag Íslands« taki að sjer strandferðirnar eftirleiðis, þ. e. frá vorinu 1916 gegn 77,300 kr. árl. styrk úr landssjóði. Verður þeim þá hagað eftir einni af þeim þremur strandferðaáætlunum, er jeg samdi í fyrra sumar, sbr. þingskj. 395 Alþtíð. bls. 588—591. — Að eins gæti orðið um lítilsháttar breytingar að ræða, ef með þeim fengist betra samband milli strandferðaskipanna og millilandaskipanna.

Af Norðurálfustyrjöldinni hefir leitt, að skip og alt efni til skipa, svo og smíði á þeim, hefir stigið feikilega í verði. Hefir stjórn Eimskipafjelagsins þess vegna eigi enn þá sjeð sjer fært að semja um smíði á hinum fyrirhuguðu strandferðaskipum, þar sem gera má ráð fyrir að þau ný myndi kosta með öllum útbúnaði alt að 700 þús. kr. en búist var við í fyrra, áður en stríðið hófst, að verð þeirra færi eigi fram úr 500 þús. kr. með öllu tilheyrandi. Það getur því naumast komið til mála að strandferðaskip verði bygð fyrst um sinn, líklegt að það geti dregist í 4—6 ár. Verður Eimskipafjelagið þess vegna, — taki það strandferðirnar að sjer, — að leigja skip til þeirra fyrstu árin, nema því að eins að fjelagið fyrir hendingu gæti komist að aðgengilegum kaupum á nothæfum, brúkuðum far-

þegaskipum, því þau munu vera tiltölulega ódýrari nú en vöruflutningaskipin og verða að líkindum meðan á stríðinu stendur.

Mjer virðist ekki ástæða til að gera ráð fyrir því, að ekki semjist um það milli Alþingis og Eimskipafjelagsins, að fjelagið taki eftirleiðis að sjer strandferðirnar með eins hentugum skipum og það getur fengið, gegn styrkveitingu úr landssjóði alt að 77,300 kr. árlega. Því bæði er það, að þing og þjóð mun telja þá ráðstöfun eðlilegasta og besta, og að hinu leytinu mun fjelagið fúst til að annast þær, ef það líður ekki fjárhagslegt tjón við það. Það hefir hingað til — og ekki að ástæðulausu — verið meira og minna almenn óánægja með strandferðirnar, sem verið hafa og eru enn í höndum útlendra fjelaga; er því naumast hugsanlegt að Alþingi geri tilraunir til að semja við nokkurt þeirra, eins og nú stendur á.

III. Millilandaferðir.

Með brjefi mínu, dagsettu 1. okt. 1914, sendi jeg Stjórnarráðinu tillögur um breytingar á ferðaáætlun fyrir skip »Sameinaða« fjelagsins og Björgvinjarfjelagsins, sem aðallega gengu út á það, að fjölga beinum ferðum skipanna milli Reykjavíkur og Austfjarða. Sömuleiðis að Norðurlandsskip þess »Sameinaða« kæmi í vesturleið frá útlöndum við á Skagaströnd og Blönduósi í febrúar, með tilliti til hættu þeirrar, er stafað gæti af, að ís kynni síðar á vetrinum að teppa skipagöngur um Húnaflóa, eins og átti sjer stað í vor.

»Sameinaða« fjekst ekki til að gera neinar breytingar, en Björgvinjarfjelagið hefir tekið þær til greina hvað »Flóru« snertir, sem samkvæmt þessa árs áætlun fer þremur beinum ferðum fleiri hjeðan til Seyðisfjarðar en síðasta ár. En beinum ferðum »Pollux« frá Seyðisfirði hingað, hefir það ekki viljað fjölga, eins og jafnframt var farið fram á.

Það mundi því að líkindum reynast árangurslaust, að fara þess á leit af nýju, — í öllu falli meðan á stríðinu stendur, — að áætlunum skipa tjeðra fjelaga verði breytt. Má búast við að þau þykist ekki skyld til þess samkvæmt gildandi samningum við þau.

Þar á móti má vænta þess, að »Eimskipafjelag Íslands« láti sjer umhugað um, að haga svo ferðum skipa sinna, að þær komi landsmönnum að sem mestum og bestum notum, eftir því sem það sjer sjer frekast fært vegna hagsmuna sinna, sem það að sjálfsögðu verður jafnframt að taka tillit til.

Þess ætti því að mega vænta, að samgöngurnar á sjó verði eftirleiðis, — þegar stríðið ekki lengur er millilandaferðunum til tálmunar, — betri en nokkru sinni fyr.

O. Friðgeirsson.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal III.

Undirritaðir, sem strandferðanefndin kaus á fundi sínum 10. þ. m. til þess að athuga og koma fram í nefndinni með tillögur til skilyrða fyrir styrkveitingu landssjóðs til flóa- og fjarðabáta, leggjum til að strandferðanefndin samþykki fyrir sitt leyti eftirfarandi skilyrði:

1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi Stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:
   a, Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.
   b, Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.
   c, Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.
   d, Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.
2. Að Stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölulið 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar felst á.
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum reksturskostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er Stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæm fyrirmælum Stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett út fylt.
5. Að útgerðarmenn sendi Stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.

Alþingi 11. ágúst 1915.

Sig. Eggerz	Jósef Björnsson	Steingr. Jónsson.
formaður.	skrifari.	

Fylgiskjal IV a.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐANAUTURINN.

Reykjavik 6. júlí 1915.

Reglur

um reikningsfærslu fyrir flóa- og fjarðabáta þá, sem styrk fá úr landssjóði samkvæmt fjárlögunum.

Tekjur og gjöld bátanna skal innrita í »Aðalbók« jafnótt og greiðast, eftir þeirri flokkun, sem hjer segir:

Tekjur:

1. Reikningur yfir fargjöld.
2. — — farmgjöld.
3. — — leigu fyrir aukaferðir.
4. — — greiðslur fyrir að draga skip og aðstoða.
5. — — aðrar tekjur.
6. — — landssjóðsstyrk.

Gjöld:

1. Reikningur yfir kaup skipshafnarinnar.
2. — — fæði ——
3. — — kol og vjelaolíu og tvist.
4. — — steinolíu (brensluolíu á m/b).
5. — — viðhald skipsins.
6. — — — vjelarinnar.
7. — — — skipsáhalda.
8. — — vátryggingargj. skipsins með tilh.
9. — — —— á póstflutningi.
10. — — hafnar- og bryggjugjöld.
11. — — leiðsögugjald.
12. — — greiðslur fyrir glataðar sendingar og skemdir á vörum.
13. — — afgreiðslubækur, eyðublöð og áætlanir ásamt prentunarkostnaði.

14. Reikningur yfir síma- og póstgjöld.
15. — — þóknun til afgreiðslumanna.
16. — — ýmisleg gjöld, sem ekki verða heimfærð undir aðra útgjaldaliði.

Enn fremur færist til útgjalda á jafnaðarreikningi:

17. Vextir af bátsverðinu.
18. Fyrning á bátnum (skipinu).
19. — á vjelinni í mótorbátum.

Afrit af útgjalda- og tekjureikningum bátanna sendast Stjórnarráðinu í lok hvers útgerðartímabils, sem fylgiskjöl með jafnaðarreikningi og efnahagsreikningi.

Fyrir utan fyrnefnda aðalbók (reikningsfærslubók) skal aðal-afgreiðslumaður hvers báts hafa til notkunar »kassabók«, er í sje ritaðar allar innborganir og útborganir í peningum.

Enn fremur skulu færðar tvíritaðar farmskrárbækur yfir allan flutning bátsins.

Eftirtöld eyðublöð ber að útfylla við sendingu flutnings:

1. farmskrár.
2. farmskírteini eða fylgibrjef.
3. hleðsluseðla — ásamt kvittunum. —

Loks skulu útgerðirnar hafa tvírituð fargjalda eyðublöð.

Og fyrir tekjur bátanna tvíritunarbækur fyrir far- og farmgjöld til og frá hverjum viðkomustað.

Eyðublöð þessi útfyllir bátsstjóri eða stýrimaður.

Skulu þessar og aðrar tekjur bátanna færast inn í »aðalbók« að hverri ferð lokinni, þannig, að hver tekjuliður sje dreginn saman í eina upphæð.

Fylgiskjal IV b.

Jafnaðar-

yfir tekjur og gjöld flóabátsins

	Tekjur:	Fylgiskjal	Kr.	au.	Kr.	au.
1.	Fargjöld					
2.	Farmgjöld					
3.	Leiga fyrir aukaferðir					
4.	Greiðsla fyrir að draga skip og aðstoða					
5.	Aðrar tekjur:					
	a.					
	b.					
6.	Landssjóðsstyrkur.....					

reikningur

..... frá ..... til ..... 191..

	Gjöld:	Fylgiskjal	Kr.	au.	Kr.	au.
1.	Kaup skipshafnarinnar.....					
2.	Fæði ——					
3.	Kol, vjelolía (áburðarolía) tvistur.....					
4.	Steinolía (brensluolía til vjelbáta).....					
5.	Aðgerðir og viðhald skipsins.....					
6.	— — — vjelarinnar					
7.	— — — skipsáhalda.....					
8.	Vátrygging skipsins með áhöldum.....					
9.	— póstflutnings					
10.	Hafnar- og bryggjugjald.....					
11.	Leiðsögugjald					
12.	Greiðslur fyrir glataðar sendingar og skemdir á vörum,.....					
13.	Afgreiðslubækur, eyðublöð og áætlanir ásamt prentunarkostnaði.....					
14.	Síma- og póstgjöld					
15.	Þóknun til afgreiðslumanna..					
16.	Ýmisleg gjöld:					
	a.					
	b.					
	c.					
17.	Vextir af bátsverðinu % af kr.....					
18.	Fyrning á bátnum... % — —					
19.	— á vjelinni... % — —					

Fylgiskjal V a.

Útdráttur

úr sundurliðun á vöruflutning og fólksflutning með Faxaflóabátnum árið 1914.

	Sundurliðum á vöruflutning 1914	Sundurliðun á fólksflutning 1914*	Samtals
	kr. au.	kr. au.	kr. au.
Frá og til Borgarness	11,013,38	7,679,00	18,692,38
— — — Akraness	697,76	1,402,40	2,100,16
— — — Keflavíkur.	2,491,14	1,829,50	4,320,64
— — — Garðs	2,207,42	1,105,90	3,313,32
— — — Sandgerðis	328,81	34,10	362,91
— — — Hafnarfjarðar	1,033,49	19,50	1,052,99
— — — Grindavíkur	3,446,23	65,50	3,511,73
— — — Þorlákshafnar	923,00		923,00
— — — Eyrarbakka	2,578,38	18,00	2,596,38
— — — Stokkseyrar	29,45		29,45
— — — Hafnarleirs	443,40	18,00	461,40
— — — Vogavíkur	48,05		48,05
— — — Akra	67,90	31,50	99,40
— — — Straumfjarðar	71,60	12,20	83,80
— — — Búða	700,00	8,00	708,00

* Aths. Hjer er miðað við Reykjavík, að því er snertir fólksflutning, svo að tölurnar sýna fargjald milli Reykjavíkur og þeirra staða, sem nefndir eru. Önnur fargjöld til og frá þessum stöðum sín á milli ættu og að takast með, en þau miða allstaðar mjög litlu árið 1914 nema milli Akraness og Borgarness. Þar eru fargjöldin kr. 528,55. Annarsstaðar eru fargjöldin víðast undir 20 kr. og á einum stað að eins 25 aurar og gera því lítinn mismun, þó þau hefðu verið tekin með.

Fylgiskjal V b.

Yfirlit

yfir farmgjald af vörum fluttum með mótordekksbátnum, »Ásdís« frá 15. maí til 15. des. 1914, milli neðangreindra staða.

Frá	Vestmannaeyjum til Víkur	kr. 1,175,14
—	Vík til Vestmannaeyja..	— 328,69
—	Vestmannaeyjum til Stokkseyrar...	— 381,40
—	Stokkseyri til Vestmannaeyja	— 48,15
—	Vestmannaeyjum til Eyrarbakka...	— 60,70
—	Eyrarbakka til Vestmannaeyja...	— 3,97
—	Vestmannaeyjum til Reykjavíkur...	— 37,05
—	Reykjavík til Vestmannaeyja	— 15,60
—	Reykjavík til Stokkseyrar	— 17,48
—	Stokkseyri til Reykjavíkur...	— 0,75
—	Vík til Stokkseyrar...	— 2,02
—	Stokkseyri til Víkur	— 26,72
—	Vík til Reykjavíkur...	— 59,39
—	Reykjavík til Víkur	— 210,91
—	Eyrarbakka til Reykjavíkur...	— 4,20
—	Eyrarbakka til Víkur...	— 4,69
		Kr. 2,376,86

Fylgiskjal VI a.

H.F. EIMSKIPAFJELAG ÍSLANDS
Símnefni (Telegr. Adr.): Eimskip
A. B. C. Code, 5th. Ed.

Reykjavík, 19. ágúst 1915.
(Ísland — Iceland).

Á stjórnarfundi í H.f. Eimskipafjelagi Íslands, er haldinn var í gær, þann 18. ágúst, var samþykt að gera Alþingi svohljóðandi tilboð um strandferðir 1916—17:

1. Fjelagið býðst til að taka að sjer strandferðir árin 1916 og 17 með leiguskipum, eins hentugum að stærð og gerð til slíkra ferða, sem fjelagið getur fengið, enda samþykki Stjórnarráð Íslands skipin.
2. Ferðir samkvæmt ferðaáætlun prentaðri í Alþtíð. 1914 A, þingskj. 395, flgskj. IX, þó þannig að síðustu ferðir beggja skipanna falli burtu og síðasta ferð A-skipsins endi í Reykjavík 26. okt., og B-skipsins 30. okt.
3. Fjelagið fái að minsta kosti þann styrk til ferðanna, 77,300 kr. hvort árið, sem í fyrra, áður en stríðið byrjaði, var talinn hæfilegur, en vegna þess hversu öll útgjöld hafa aukist síðan stríðið byrjaði, og vegna þess að ófyrirsjáanlegt er, hvernig útgjöldin kunna að aukast enn, sakir stríðsins, áskilur fjelagið sjer, að landssjóður greiði þann halla, sem kynni að verða á ferðunum vegna stríðsins, með ofannefndum styrk.
4. Að öðru leyti sjeu samningsskilmálar þeir, sem gert er ráð fyrir í ofannefndu þingskjali (395).

Tilboð þetta er gert á þeim grundvelli, að fjelagið haldi óskertum þeim 40 þús. kr. styrk á ári, til millilandaferða, sem það nú hefir.

Virðingarfylst,
H.f. Eimskipafjelag Íslands.

Emil Nielsen.

Til
strandferðanefndar Alþingis 1916—17.

Fylgiskjal VI b.

H.F. EIMSKIPAFJELAG ÍSLANDS

Reykjavík, 25. ágúst 1915.

Að gefnu tilefni frá hinum háttvirtu nefndum, hefir stjórn H.f. Eimskipafjelags Íslands samþykt að breyta 3. lið í tilboði sínu um strandferðir

1916 og 1917, sem fjelagsstjórnin samþykti 18. þ. m., þannig að nefndur liður tilboðsins orðist svo:

»Fjelagið fái líkan styrk til ferðanna og í fyrra var talinn hæfilegur, 75,000 krónur hvort árið, en ef tekjuhalli verður á útgerð strandferðaskipanna vegna auka-vátryggingargjalda, og vegna þess að skipaleiga, kol og annað, er eða verður í hærra verði sakir stríðsins heldur en venjulegt er, þá bætir landssjóður fjelaginu hallann«.

Jafnframt samþykti fjelagsstjórnin að skrifa Alþingi samhliða þessu, að hún gangi út frá því, að verði ágreiningur um, hvað kalla skuli venjulegt verð á kolum, skipaleigu og öðru, skuli lagt til grundvallar meðalverð síðustu 12 mánaða fyrir stríðið.

Virðingarfylst,
H.f. Eimskipafjelag Íslands.

Emil Nielsen.

Til
strandferðanefndar Alþingis.

Nd. **562. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir.

Frá Strandferðanefndinni.

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli nefndarálits Strandferðanefndarinnar (þingskjal 561).

Nd. **563. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þingsköp alþingis.

Frá Pjetri Jónssyni.

Við 19. gr.

Á eftir orðunum: »meðal þingmanna á fundi« komi:

Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum.

Nd. **564. Frumvarp**

til laga um þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skulu í því geymast bæði öll þau skjöl og bækur, er hingað til hafa verið geymd í Landsskjala safninu, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **565. Framhaldsnefndarálit**

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fyrir breytingum þeim, er háttvirt efri deild hefir gert á frumv., er að mestu gerð grein í áliti fjárlaganefndar e.d. þskj. 358. Flestar þessar breytingar eru svo lagaðar, að vjer annaðhvort föllumst fyllilega á þær, eða teljum ekki vert að gera ágreining um þær. En það eru tvær breytingar, sem nefndin getur alls eigi fallist á:

1. Fjárveitingin til Fossvallasmjörbúsins hefir verið feld burt í ed. (kr. 380,76).
2. Athugasemdin um endurgreiðslu á vörutolli til Sláturfjelags Suðurlands (kr. 570,40) hefir einnig verið feld burtu.

Þessar fjárveitingar viljum vjer nú setja inn í frumv. aftur, samkvæmt því sem nánar verður frá skýrt í framsögu. En til þess að ganga á móti nefndinni í ed. í samkomulagsáttina, leggjum vjer til, að upphæðirnar sje lítið eitt lægri; ekki af því, að það hafi neina fjárhagsþýðingu, heldur til merkis um það, að hjer sje að eins um sanngirniskröfur að ræða gagnvart landssjóði, bygðar á sjerstökum ástæðum. Má þá ætla, að þessar eftirgjafir dragi heldur ekki neinn tilfinnanlegan dilk á eftir sjer.

Samkvæmt framansögðu kemur nefndin með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 8. gr.

Á undan síðasta lið greinarinnar komi nýr liður:
Til Fossvallasmjörbús ... ... kr. 300,00

2. Við 9. gr.

Á eftir 3. málslið komi nýr liður, þannig:
Landsstjórninni heimilast að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af 184 tn. af saltkjöti innfluttu 21. júlí 1914 kr. 450,00

Sveinn Björnsson, form. Pjetur Jónsson, frsm. Þórarinn Benediktsson.

Björn Kristjánsson. Sigurður Sigurðsson. Eggert Pálsson.

Skúli Thoroddsen.

Ed. **566. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Í stað »1. maí«, í annari málsgrein, komi:
1. júní.

13. gr. D. IX.

Nd. **567. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 13. D. IX.

Á eftir þeim lið komi nýr liður

X. Af framlagi hjeraðanna til símalínunnar Sauðárkrókur — Siglufjörður, endurgreiðist ... ... kr. ... — 5000.

15. gr. 23.

Nd. **568. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 15. grein 23.

Í stað »3,000« komi:
1,000.
Til vara:
1,500.

18. gr.

Nd. **569. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Við 18. gr.

Á eftir »til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar 400 kr.« komi:
Til barnakennara Benedikts Þorkelssonar ... ... kr. 100 — .....

Ed. **570. Lög.**

um vatnssölu í kaupstöðum.

Afgreidd frá Ed. 26.ágúst

1. gr.

Hvervetna þar, er bæjarstjórn hefir lagt vatnsveitu í pípum, til afnota fyrir kaupstað, skal hún hafa einkarjett til vatnssölu á því svæði, er vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og eins á höfn kaupstaðarins, innan takmarka hennar eins og þau nú eru og síðar kunna að verða sett. Vatnið selst eftir taxta, er bæjarstjórn semur og Stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum. Auk þess skal sá, er vatn selur ólöglega, greiða kaupstaðnum endurgjald það, er hann hefir fengið fyrir ólöglega selt vatn.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

Ed. **571. Lög.**

um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi.

Afgreidd frá Ed. 26. ágúst.

18. gr. orðist svo:

Landssjóður kostar viðhald þjóðvega með undantekningum þeim, er getur um í 16. gr.

Nd. **572. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast, að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess, að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur, til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá Alþingi, og það vill veita leyfið.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri smálest, sem út er flutt af járnsandi, en 1 krónu fyrir hverja smálest af útfluttu og unnu járni. Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim. Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 7%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir, samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed. **573. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög (á þgskj. 500).

Þetta frumvarp er hingað komið frá háttvirtri neðri deild.

Nefndin þar hefir gert ljósa grein fyrir því, að hækka beri tillagið úr landssjóði, og vísum vjer til álits hennar á þingskjali 389.

En oss getur ekki dulist, að hækkunin í kaupstöðunum, úr 1 kr. upp í 1 kr. 50 aur., er oflítil.

Þess ber vel að gæta, að nú er í ráði að hækka meðlag með sjúklingum í Heilsuhælinu á Vífilsstöðum um 50 aura á dag. En sjúkrasamlögin hafa mikla byrði af sjúklingum sínum, þeim, sem þau verða að kosta í Hælinu. Önnur sjúkrahús hafa einnig hækkað meðgjöf með sjúklingum meira eða minna.

Af þeirri ástæðu leggjum vjer eindregið til, að tillagið til sjúkrasamlaga í kaupstöðum sje hækkað upp í 2 kr. á mann, og er það þó helmingi minna, en tíðkast í Svíþjóð og Danmörku, sbr. nefndarálit neðri deildar.

Jafnframt viljum vjer vekja athygli á því, að þessi gjaldliður í fjárlagafrumvarpinu er of lágt settur 600 kr. hvort árið. Ætti að vera 3000 kr. hvort árið.

Vjer leggjum því til að frumvarpið sje samþykt, en berum fram þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað »1 króna 50 aurar, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar« komi:
2 krónur, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar.

Efri deild Alþingis, 26. ág. 1915.

Karl Finnbogason, formaður. G. Björnson, ritari og framsögum.

G. Ólafsson.

Nd. **574. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild til að veita einkarjett til að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

Frá nefndinni.

Við 1. gr.

Fyrir »Alþingi« í síðari málsgrein, komi: löggjafarvaldinu.

Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnsandi, en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járni (í stöngum, bútum, þynnum eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.

Nd. **575. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 26. ágúst.

Flutningsm.: G. Eggerz og Þórarinn Benediktsson.

(Frv. til laga um allsherjar þjóðskjalasafn í Reykjavík á þgskj. 217).

Vegna þess að milliþinganefnd situr að störfum, sem hefir það verkefni, að athuga og koma fram með tillögur um launakjör embættismanna og annara starfsmanna landssjóðs, sjer deildin ekki ástæðu til að taka ákvörðun um frumvarp á þingskjali 217, meðan tillögur nefndarinnar eru ekki komnar fram. Tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **576. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarp það, er hjer ræðir um, er komið frá háttvirtri efri deild, og hefir nefndin ekki getað haldið saman um, hverja leið skuli fara í þessu máli.

Eins og kunnugt er, var mikill ágreiningur um það á Alþingi 1905, hvort stytta skyldi sveitfestistímann, samkvæmt ákveðnum tillögum meiri hluta milliþinganefndarinnar í fátækramálum er skipuð var 27. jan. 1902, er vildi hafa sveitfesti bundna við 2 ára löglega dvöl í hrepp. En hitt varð þó ofan á, er minni hluta maður milliþinganefndarinnar beitti sjer fyrir með miklum dugnaði, að 10 ára takmarkinu var haldið.

Það er nú ljóst af umræðum þeim, er fóru fram um málið 1905, að margir voru þeirrar skoðunar, að nauðsyn bæri til að stytta sveitfestistímann, með tilliti til þess, að atvinnuvegir og allur þjóðarhagur, hafði mjög breyst frá 1848, að 10 ára tíminn var lögleiddur.

En eins og kunnugt er, hefir breytingin máske orðið einna örust á síðasta áratuginum, og því virðist nauðsynin enn þá meir knýjandi nú, til að stytta sveitfestistímann.

Nú horfir þannig við, að fólkið er eins og fugl á kvisti. Menn fara úr einum stað í annan til að leita sjer atvinnu, eru sjaldan lengi í sama stað, leita úr einni sveit í aðra, eftir litla dvöl, og úr einum landsfjórðungi í annan.

Bættar samgöngur á sjó og landi, leysing vistarbands og aukinn úthugur, framahugsun og gróðavon, eða þá sumpart sjálfræðisstefna, kemur því til leiðar, að fólkið er á einlægri hringferð að leita gæfunnar, og finni það hana ekki í einum landsfjórðungnum, þá fer það í hinn o. s. frv.

Vinnufólk vistbundið er að hverfa. Ungir menn hyggja mest á sjálfsmensku, í sveit eða við sjó, eitt árið í þessum stað og annað í hinum.

Af þessum sökum er það, að nú er það miklu sjaldgæfara en áður, að menn tolli svo lengi á sömu stöðvum, að þeir vinni sjer sveit með 10 ára óslitinni dvöl.

Og því verður endirinn vanalega sá, að ef fólk brestur heilsu, eða aðrir þeir erfiðleikar koma fyrir, er verða þess valdandi að það getur ekki sjeð fyrir sjer sjálft, þá á það engan hrepp eftir núgildandi lögum, annan en fæðingarhreppinn, og þangað er hlutaðeigandi rekinn — fluttur, þegar yfirvöldin loks eftir miklar skriftir, rekistefnu og vafstur hafa fundið það út, hvar öreiginn hafi fæðst. Og ber það stundum við, að þann hrepp hefir hann ekki augum litið, frá því hann var ósjálfbjarga barn.

Þá er á hitt að líta, að langur sveitfestistími, eins og sá sem nú gildir, gefur sveitarstjórnum meira og betra tækifæri til að gera því fólki erfitt fyrir og ýta því af sjer, sem þær eru hræddar um að kunni að verða sveitinni til einhverrar byrði. Það er ekki svo fátítt, að sveitarstjórnir fari einmitt að amast við fátækum fjölskyldumönnum, þegar fer að líða á ára tuginn. Ef að það er bóndi við búhokur, þá að reyna að koma honum af jörðunni á 9. ár-

inu, en sje það húsmaður, þá með því, að stuðla að því að erfitt sje fyrir hann að fá grasnyt eða húsnæði, sje það lasburða eða aldrað hjú, þá að reyna að fá samtök um að vista það ekki eitt ár, eða svo.

Langur sveitfestistími, eða þessi 10 ára dvöl, gefur hinni verstu tegund hreppapólitíkur þannig byr undir báða vængi, er gengur því næst, að niðst sje á persónufrelsi þeirra einstaklinga í þjóðfjelaginu, sem verst eru staddir: fátækra barnamanna og lasburða einstæðinga. Og auk margs annars ills, sem þetta veslings fólk hlýtur að finna mjög til, þá leiðir þessi afskiftasemi einatt til þess, að fólk, sem hefði ef til vill getað bjargast, ef það hefði fengið að vera í friði, er gert ósjálfbjarga með því að rífa það upp og flytja það á fæðingarhreppinn, eða þá á þann hrepp, er það kann áður að hafa unnið sjer inn.

Af öllu þessu fargani leiða sífeldar skriftir milli stjórnarvalda, yfirheyrslur og úrskurðir óteljandi, og að því loknn er fólkið flutt, eins og fjenaður, á þann hrepp, sem úrskurðað er að það eigi með rjettu, sem oftast mun nú á tímum vera einmitt fæðingarhreppurinn, þar sem það kannske þekkir engan og enginn kannast við það, nema hvað rifjast upp við rekistefnur málsins, að hlutaðeigandi hafi verið þar í heiminn borinn.

Öll þessi aðferð í fátækramálum, er ekki vansalaus fyrir þjóðfjelagið. En á þessu myndi ekki fást veruleg bót, nema með því móti að stytta sveitfestistímann mjög.

Sumum af oss myndi geðjast best að því, og þótt það langákjósanlegast, að miða við 1 árs löglega dvöl, eða 2 ára, eins og meiri hluti milliþinganefndar frá 1902 lagði til. Því að með því móti myndu sveitarstjórnir ekki fá neitt ráðrúm til að ýta fólki af sjer. En eins og nú er ástatt með þá miklu eftirspurn eftir fólki, á öllum sviðum, mundi ekki koma til mála að nein hefting yrði á því, að fólk kæmi inn í hreppi, eða bæi, til að setjast að, eða leita sjer atvinnu, enda vitum vjer ekki til að hægt sje að beita neinum lögum í þá átt.

En þótt að því sje þannig varið, að sumir af oss hafi þá skoðun, að tími sje tilkominn að stytta sveitfestistímann sem mest, þá mun óvíst um fylgi við það á þingi nú, og þar sem háttv. efri deild hefir nú hallast að því, að binda sveitfesti við 5 ára takmark, sem vjer verðum að telja heldur til bóta frá núgildandi lögum, þá munum vjer til samkomulags ráða til að fylgja efri deild þar að málum.

En aftur á móti getum vjer ekki fallist á hitt ákvæðið, að maður skuli eiga þar sveit, sem hann hefir dvalið lengst samfleytt. Þessu ákvæði, eða því líku, hefir að vísu áður verið haldið fram af einstöku manni, en ekki náð neinu fylgi, og vjer getum ekki sjeð að það eigi að neinu leyti betur við nú, þar sem menn eru allmikið meira á flökti úr einum stað í annan, eins og áður er tekið fram.

Það ákvæði myndi líka oft valda miklum skriftum og allskonar vafningum og taka langan tíma, áður en áreiðanleg vissa fengist um það, hvar hlutaðeigandi öreigi hefði lengst dvalið samfleytt, og auk þess nær þetta ákvæði ekki þeim tilgangi, að framfærsluskyldan verði sem mest í rjettu hlutfalli við þann hagnað, sem fjelögin hafa haft af vinnu einstaklingsins, þar sem ákvæðið er þannig, að maðurinn á að eins framfærslurjett þar, sem hann hefir lengst dvalið samfleytt. Það er t. d. ekki mikill munur á vinnuframlagi

einstaklingsins í einum hreppi, sem hann hefir unnið í 5 ár, og hinum sem hann hefir unnið í 6 ár. Og úr því farið er að miða við slíkt, þá virðist það ekki neitt sjerlega sanngjarnt, að sá hreppurinn sem maðurinn hefir dvalið í 6 árin, beri alla byrðina af honum, en hinn sleppi alveg, þar sem hann hefir dvalið 5 árin. Og ekki myndi þetta ákvæði að neinu leyti draga úr sveitarflutningum, nje heldur hinu, að hreppsnefndir og sveitarstjórnir hefðu góðan tíma og tækifæri til að amast við fólki, máske þegar verst gegnir alveg eins og nú, og viljum vjer því fella þetta ákvæði burtu úr frumvarpinu.

Vjer vitum nú að háttvirtur minni hluti er oss ósamþykkur um alt þetta mál. Hann vill á engan hátt stytta sveitfestistímann, og mun helst hallast að því, að æskilegt væri, að fæðingarhreppurinn ætti að vera sá eini löghelgaði framfærsluhreppur, og mun hann gera grein fyrir sinni skoðun í sjerstöku áliti.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem hafa verið færðar til hjer að framan, berum vjer fram breytingartillögur við frumvarp efri deildar, á sjerstöku þingskjali, og ráðum háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum.

Neðri deild Alþingis, 26. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Þorleifur Jónsson, skrifari og framsögum.
Sigurður Sigurðsson.	Hjörtur Snorrason.

Nd. **577. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum nr, 44. 10. nóv. 1915.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið 5 ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. 2. gr. falli burtu, og greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **578. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Frá minni hlutanum.

Jeg get ekki fallist á þær breytingar, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, að nokkru leyti af sömu ástæðum og meiri hlutinn, og að öðru leyti af því, að jeg er ósamdóma bæði frumvarpinu og meiri hluta nefndarinnar.

Jeg get ekki sjeð, að það sje til umbóta, að stytta sveitfestistímann úr 10 árum niður í 5 ár. Jeg hefi alt af litið svo á, að þess styttri, sem sá tími væri, er sveitfestin væri bundin við, því lakara væri þetta fyrirkomulag.

En mjer skilst, að háttvirtur meiri hluti líti svo á, að því styttri, sem hann er, því betra.

Hjer er því um algerðar skoðana andstæður að ræða um þetta fyrirkomulag.

Þegar um það er að ræða, hvaða tímatakmark sje hentugast, til að skapa sveitfestina, þá verður á tvent að líta jafnframt. Í fyrsta lagi á það, hvað sje hentugast fyrir sveitarfjelög og sveitarstjórnir og bæjarfjelög og bæjarstjórnir, og í öðru lagi verður að líta á það, og ekki síður, hvaða fyrirkomulag sje hentugast vegna þeirra manna, er sveitarstjórnirnar þyrftu að hafa, eða þættust þurfa að hafa eftirlit með.

Það eru að eins þrjár aðferðir, sem jeg man eftir, að hafi verið nefndar, til að binda sveitfestina við: Í fyrsta lagi, að hafa fæðingarhreppinn fyrir framfærsluhrepp; í öðru lagi, að maður geti unnið sjer sveit á skemri eða lengri tíma, og í þriðja lagi, að hver eigi þar sveit, sem hann hefir eignast heimili, án tillits til þess, hvort hann er farinn að vinna þar nokkuð eða ekki neitt.

Maður gæti nú reyndar sagt, að það væri í sjálfu sjer alveg sama, hvað af þessu væri haft, til að binda sveitfestina við, og það væri það líka, ef hver einstaklingurinn væri óháður áhrifum og afskiftum sveitastjórnanna viðvíkjandi því, hvar hann hefði heimili sitt.

Jeg get hjartanlega tekið undir með einum mjög merkum íslenskum stjórnmálamanni, það sem hann sagði fyrir nokkuð mörgum árum, er um þetta mál var verið að ræða.

»Þjóðfjelagið, sem ein heild, á að annast þurfamenn sína, það er ástæðulaust, að metast um það, hvar þurfamaðurinn er framfærður; það hefir jafnan verið svo, að sveitarþyngslin hafa verið mismunandi í hinum einstöku hreppum, og þau breytast sífeldlega í hreppunum, sem fer eftir ýmsum þeim kringumstæðum, sem lög ekki geta haft áhrif á«.

Það er hjer um bil áreiðanlegt, að hvað sem af þessu þrennu væri haft, til að binda sveitfestina við, þá yrðu sveitarþyngslin hjer um bil hlutfallslega þau sömu í hreppunum jafnt fyrir það; ekkert sveitarfjelag getur haft skaða af því, við hvað sveitfestin er bundin, þegar hin sömu lög gilda um land alt, svo frá þeirri hlið sjeð ætti því að vera sama, hver fyrirkomulagsaðferðin væri lögskipuð.

En það er einstökum mönnum og einstöku fátæku fjölskylduliði, sem getur riðið það á miklu, hvernig þetta fyrirkomulag er, og það er vegna þeirra manna, sem eru svo fátækir eða á einhvern hátt mjög illa og erfiðlega staddir, sem það er svo afar nauðsynlegt, að fyrirkomulagið gæti verið þannig, að það væri sem allra minst ástæða fyrir sveitarstjórnirnar, að skifta sjer af þeim, fyr en þeir sjálfir óska eftir hjálp og afskiftum.

En því er nú svo varið, eins og líka eðlilegt er, að sveitarstjórnirnar hafa mjög glögt og nákvæmt auga með öllu því fólki, sem þær halda að einhver hætta geti stafað af vegna hagsmuna hreppsins, og yfir þessu vaka þær eins og þær hafa vit og getu til, og nú þykir hver sá sveitarstjóri helst geta staðið í stöðu sinni, og vera maður með mönnum, sem í skjóli laganna beitir sem mestum afskiftum og ofriki við þessa fátæklinga, ef um einhver hagsmuna spursmál fyrir hreppsins hönd gétur verið að ræða; og það er út af þessum veslingum, sem sveitarstjórnirnar eiga oft í erfiðu stímabraki, og hörðu höggi hverjar við aðra, og það hefir átt sjer stað of oft, að þessar deilur hafa orðið svo harðar, að þær hafa gert vini að óvinum og frændur að fjandmönnum, og það er á þessu sviði, sem hreppapólitikin hefir oftast staðið á sínu hæsta stigi.

Það fyrirkomulagið, sem jeg tel áreiðanlega langbest og mannúðlegast, er að sveitfestin sje bundin við fæðingu mannsins, það er að hver maður eigi þar framfærslurjett, þar sem móðirin átti lögheimili, þegar hann fæddist, þá er hverjum manni með fæðingunni ákveðinn sinn framfærsluhreppur, og þá yrði svo sjerstaklega lítil ástæða fyrir sveitarstjórnirnar, að skifta sjer af því, hvar maðurinn dveldi, hvort heldur væri um skemri eða lengri tíma, af því þær sjá, að hann verður aldrei þeirra þurfamaður.

Jeg hefði gjarnan viljað koma að breytingartillögu í þessa átt, en eftir því sem jeg lít til, að þingið muni vera skipað nú í þessu falli, þá hygg jeg, að það mundi ekki hafa mikla þýðingu, og læt það því ógert að þessu sinni.

En þó jeg sjái mjer ekki fært, að koma fram umbótum á hinu verandi fyrirkomulagi, þá sje jeg mjer þó skylt, að gera alt sem jeg get til þess, að því sje ekki spilt, en það tel jeg stórum umspilt, ef sá tími, sem sveitfestin er bundin við, er færð úr 10 árum niður í 5 ár.

Samkvæmt því, sem jeg sagði hjer áður, þá tel jeg óefað fyrirkomulagið því betra, sem tímatakmarkið er lengra, 10 ár því helmingi betri en 5, og 20 ár helmingi betri en 10.

Það eina, sem gerir hið núverandi fyrirkomulag slæmt, að hver eigi þar sveit, sem hann hefir dvalið full 10 ár eftir 16 ára aldur, er það, að sveitarstjórnirnar gera alt það, sem í þeirra valdi stendur, til að reka þá menn í burtu úr hreppnum á áttunda eða níunda dvalarárinu, sem þær eru nokkuð hræddar við, að geti orðið sveitinni til byrði, eða þá að þær veiða þá eða narra þá til að fá sveitarstyrk eða taka sveitarlán, og úr þessu verður oft misklíð og stundum málarekstur á milli hreppanna, og einstakir menn hafa oft orðið fyrir megnasta órjetti og skaða með þessum aðförum.

Væri nú þessu tímatakmarki breytt eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til, þá yrði afleiðingin að eins sú, að hinir áður umtöluðu fátæklingar hefðu hvorki frið eða grið fyrir sveitarstjórnunum lengur en 3—4 ár í staðinn fyrir, að þeir hafa það nú í 8—9 ár; þetta er svo auðsjeð og sjálfsögð afleið-

ing, að jeg skil ekkert í því, að það skuli vera til nokkur maður hjer á þingi, sem ekki skilur þetta.

Það er altítt, að fátækur maður bjargast lengi við lítil efni og ljelegar ástæður, ef hann fær að vera kyr og óáreittur í sama stað, en svo sýnist sveitarstjórninni vissara, að láta hann fara burt úr hreppnum áður en hann verður sveitlægur, og fyrir dugnað hennar og hyggindi verður manninum svo komið í burtu, en maðurinn, sem hefir orðið fyrir þessari meðferð, að vera flæmdur frá ábýli sínu með fjölskyldulið sitt, bíður oft við það ómetanlegt tjón, sem hann fær aldrei bætur á, og fer kanske innan skamms á sveitina, einmitt fyrir þessa meðferð, og þar að auki er hægt að geta þess til, að tilfinningar hans og konu hans sjeu tilfinnanlega særðar með slíkri aðferð.

Þá vil jeg að eins minnast á það fyrirkomulagið, sem mjer skilst helst að sumir háttvirtir nefndarmenn telji að muni vera langbest, það er að hafa dvalarhreppinn fyrir framfærsluhrepp, að hver maður eigi þar sveit, sem hann hefir eignast heimili, eða að minsta kosti þar sem hann er búinn að eiga heima í eitt ár. Þetta fyrirkomulag álít jeg verst og hættulegast af öllu því, sem mönnum hefir dottið í hug að hafa til að binda sveitfestina við.

Í staðinn fyrir að eftir núgildandi lögum er reynt að standa á móti því að fátækir eða farlama menn sjeu svo lengi í sveitinni í einu að þeir verði sveitlægir, þá væri, ef þetta fyrirkomulag yrði að lögum, lítt mögulegt fyrir nokkurn mann, sem væri mjög fátækur, eða á einhvern hátt fatlaður, að eignast heimili nema í sinni sveit, þá mundi sveitarstjórnum fyrst fyrir alvöru gefast kostur á að leggja fram dugnað sinn og hyggindi, og í samtökum við forðaeigendur og forðaumráðendur og aðra sveitabændur mundu þær af öllum kröftum standa á móti því, að fátækir búendur fengju heimilisfestu í hreppnum, einnig alt farlama fólk og gamalt fólk, og yfirleitt alt það fólk, sem einhverjar ástæður væri til að halda að gæti orðið ósjálfbjarga þegar minst vonum varði, og það væri sama um hvaða stöðu væri að tala, hvort heldur það væri búendastaða, húsmenska, lausamenska eða vinnumenska, það mundi þykja mesti ódrengskapur, og ganga landráðum næst, að hleypa slíku fólk inn í sveitina eða á heimili sitt, og sá, sem það gerði, yrði talinn óalandi og óferjandi; og alt þetta fólk, sem er nokkuð margt, hlyti því undir flestum kringumstæðum að vera þar kyrt alla sína æfi, sem það hefir einu sinni lent, sem sagt, vera þar lifandi grafið, hvort sem því væri það geðfelt eða ógeðfelt, haganlegt eða óhaganlegt. Af þessu leiddi því óbeinlínis eitthvert hið megnasta atvinnuófrelsi sem maður gæti hugsað sjer. Og að hugsa sjer hvað þetta væri þvingandi og drepandi fyrir alla manndáð og sjálfstæði fyrir manninn í lífsbaráttunni.

Það er ekki til neins, að vera að tala um það, að þetta mundi ekki alment eiga sjer stað, og að allir betri mennirnir sjeu hafnir yfir þess háttar skrílmensku, nei, það er ekki til neins að vera að tala um það, á meðan við sjáum að hreppapólitíkin hreykir sjer eins hátt í sessinum og hún gerir og allir færari og betri mennirnir nota hæfileika sína til þess að ýta af sjer ómegð og álögum með öllu leyfilegu móti, yfir á nágrannahreppana. Nei, það er ekki til neins, á meðan lífsskilyrðin og manneðlið eru á því stigi, sem þau eru nú, og hver einstakur hugsar meira um sína eigin pyngju, en um pyngju ná-

ungans; það er altaf hægt að tala fallega og frjálsmannlega, og það gera alt of oft þeir, sem eru eigingjarnir óþokkar.

Og svo er annað, sem jeg er hræddur um að yrði gripið til, ef þetta fyrirkomulag yrði að lögum.

Það á sjer oft stað, að eitt hreppsfjelag á jörð, sem liggur í annari sveit, t. a. m. Tunguhreppur á jörð, sem heitir Móakot og liggur í Strandarhreppi, þá er það innanhandar fyrir sveitarstjórnina í Tunguhreppi að byggja einhverjum bláfátækum manni jörðina Móakot, manni, sem hefir verið á hrakhólum hjá þeim innan um hreppinn og er rjett kominn á sveitina, þessum manni byggja þeir svo Móakot til eins eða tveggja ára; þegar hann er búinn að vera þar svo lengi, þá byggja þeir honum út og segja að nú geti Strandhreppingar annast hann, og senda svo aftur annan bónda að Móakoti, sem er af líku tagi og hinn fyrri.

Og það er hægt að koma svona hreppapólitík við, þó hreppsfjelagið eigi enga jörð, sem liggur í annari sveit; það þarf ekki annað en að einstakir menn eigi hana. T. d. hreppstjórinn, oddvitinn eða einhver úr Strandarhreppi á jörð, sem liggur í Tunguhreppi, og þessi jarðareigandi annaðhvort gerir það fyrir hreppsfjelag sitt, eða hann hugsar sjer það sjálfur, að hann skuli nú launa Tunghreppingum fyrir byggginguna á Móakoti, og byggja svo sína jörð manni úr Strandarhreppi, sem er af sama tagi og Móakotsbóndinn.

Það þarf alls ekki að efa að þessi dæmi mundi eiga sjer stað, því það sem hreppsfjelögin geta þegar um hagsmuni hreppsins er að ræða, *það gera þau.*

En þó að þessi tilfelli eða dæmi, sem jeg hefi nefnt nú síðast, sjeu mjög slæm, og ættu helst ekki að geta verið til, þá liggur samt ekki við að þau sje eins afskræmileg, eða svo sorgum og böli blönduð, eins og þau atriði, sem jeg hefi tekið fram hjer áður, viðvíkjandi meðferð og afskiftum af fátæku fólki.

Eftir því sem tilhagar hjer á landi, þá tel jeg engan vafa á því, að það væri langbest að binda sveitfestina við fæðingarhreppinn, þá hyrfu að mestu leyti þeir gallar, sem jeg tel vera á hinu núverandi fyrirkomulagi, og þá hyrfi líka það, sem gjörði það hættulegt og óhafandi, að binda sveitfestina við dvalarhreppinn; þá væri engin þörf fyrir Tunguhrepp að eiga neitt Móakot í Strandarhreppi, og þá færi engin sveitarstjórn að skifta sjer af því, þó hann Jón á Hóli tæki hann Sigurð gamla halta svo sem eitt ár, það væri verst fyrir hann Jón sjálfan, ef karl greyið gæti ekki unnið almennilega fyrir sjer, og þá dytti engri sveitarstjórn í hug að fara að flæma annað eins meinleysis- og gæðaskinn, og hann Gvend í Hjáleigunni burt úr sveitinni, með konuna og krakkana sína, sem alt eru efnilegustu börn, þó hann væri búinn að vera þar í 4 eða 9 ár, og það væri heldur engum þægð í að hann færi að fá sjer sveitarlán eða sveitarstyrk, og þá færi heldur enginn að skifta sjer af því, þó hann Björn á Barði lofaði henni Guðrúnu kerlingunni að vera eins lengi og hann vildi. Allur þessi ósómi hyrfi algjörlega, ekki af því að sveitarstjórnirnar hugsuðu ekki eins og áður um hagsmuni hreppsins, heldur af því að það væri svo ávinningslítið. Hverjum manni yrði þá með fæðingu ákvarðaður sinn framfærsluhreppur, svo það væri sama hvert hann færi, og hvar hann væri um fleiri eða færri ár, hann á altaf sama ákveðinn framfærsluhrepp, ef hann

verður þurfamaður. Það yrði því engin ástæða fyrir neina sveitarstjórn að skifta sjer af því, þó einhver flytji í hreppinn, og sje þar eins lengi og hann vill, þó hann sje mjög fátækur, bara ef hann er heiðarlegur og velkyntur maður.

Það sem mig hefir langað til að sýna fram á í þessu nefndaráliti mínu, er, að þetta umtalaða fyrirkomulag þurfi og eigi að vera svo, eða sem næst því, að hver einstakur maður sje þess vegna sem óháðastur afskiftum annara, og sjálfstæði hans og persónulegu frelsi sje sem allra minst misboðið.

Það er þetta, sem við verðum hjer um fram alt að hafa hugfast, að þjóðfjelagið hefir ekki einungis meiri lagalegan rjett, heldur og líka langtum meiri siðferðislegan rjett til þess að skifta sjer af og ráðstafa þeim manni — eftir því sem best á við — sem er búinn að segja sig til sveitar, og er að biðja um hjálp og ráðstöfun, heldur en af þeim manni, sem er að berjast fyrir lífinu, sem er að berjast við að vera laus við hjálp og ráðstöfun.

Samkvæmt framansögðu leyfi jeg mjer að ráða háttv. deild til að fella rumvarpið.

Alþingi, 26. ágúst 1915.

Jóhann Eyjólfsson.

9. gr. 5.

Nd. **579. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingskjal 520).

Frá ráðherra.

Við 9. gr. 5.

Fyrir »20000 — 20000« komi:
22000 — 22000

13. gr. C. III.

Nd. **580. Viðaukatillaga**

við breytingartilllögu á þingskjali 560.

Frá Strandferðanefndinni.

1. Aftan við tölulið 4 bætist svohljóðandi athugasemd:
Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.

2. Aftan við tölulið 5 a. komi svohljóðandi athugasemd:
Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr.. en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórninar komi sjer saman um sameiginlegan bát.

15. gr. 35.

Nd. **581 Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga.

Á eftir 15. gr. 35. lið komi svolátandi nýr liður:
Til Einars skrifstofustjóra Þorkelssonar, til þess að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi .. .. 800 — 800

Varatillaga:

Til Einars skrifstofustjóra Þorkelssonar, til þess að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi .. .. 600 — 600

13. gr. C. III. 9.

Nd. **582. Breytingartillaga**

við frumvap til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. C. III. 9.

Fyrir »400« komi:
800

Nd. **583. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingsk. 520).

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 12. gr. 4. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.

2. — 12. gr. 5. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Styrkveitingarnar 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árl. send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.

3. — 13. gr. D. III. Fyrir »49500 — 50000« komi:
50000 — 50000.

4. — 13. gr. E. II. 4. b. Fyrir »400 — 500« komi:
400 — 400.

5. — 13. gr. E. III. Liðurinn orðist svo:
Bygging nýrra vita o. fl.

a. Straumnesviti	.....	— 16300
b. Malarrifsviti	16300 —	.....
c. Bjarnareyjarviti	10700 —	.....
d. Selvogsviti	.....	— 12300
e. Akranesviti	.....	— 7800

Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum, að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.

6. — 14. gr. B. I. a. Fyrir »40600 — 40100« komi:
40600 — 41000.

7. — 14. gr. B. IV. b. 1. Fyrir »1200 — 1200« komi:
2000 — 1200.

8. — 14. gr. B. VI. 1. c. Liðurinn falli burt.

9. — 14. gr. B. VI. 3. Fyrir »2500 — 2500« komi:
3000 — 3000.

10. Við 14. gr. B. XII. 2. Aftan við liðinn komi:
Ef fje það, sem veitt er í 14. gr. B. XII. 3, í fjárlögum fyrir 1914 og 1915, verður eigi notað til fulls á fjárhagstímabilinu, heimilast landsstjórninni að nota afganginn á sama hátt.

11. — 14. gr. B. XIV. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Samúels Eggertssonar til að gera landslagsuppdrætti ... ... 1000— ...

12 — 15. gr. 31 Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Age Meyer Benedictsen til að koma út á dönsku ritgerð G. Björnson landlæknis í álitsskjali fánanefndarinnar ... ... 500— ...

13. — 16. gr. 2. Fyrir »22000—22000« komi:
... —22000.

14. — 16. gr. 7 d. Liðurinn orðist svo:
Til dýralækninganáms erlendis .. .. 1200— 600

15. — 16. gr. 15. Fyrir »5000—5000« komi:
20000—20000.

16. — 16. gr. 21. a. Fyrir »1200—« komi:
1500.— ...

17. — 16. gr. 33. Aftan við athugasemdina við liðinn bætist:
og landsverkfræðingurinn álíti að verkið komi að tilætluðum notum.

18. — 16. gr. 38. Fyrir »2000—« komi:
1000— ...

Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
gegn því sem ávantar annarstaðar að, enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

19. — 18. gr. Orðin »viðbót við eftirlaun prestekkju Ástu Þórarinsdóttur 129,44 kr.«, falli burt.

20. — 21. gr. 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
11. Úr viðlagasjóði má lána Jósep Blöndal stöðvarstjóra 6000 kr. til byggingar póst- og símahúss á Siglufirði, gegn tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

13. gr. D. III.

Nd. **584. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þgsk. 520).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við athugasemdina við 13. gr. D. III skal koma:
Sama er um þessa gjaldliði: 13. gr. B. II. 1, 2, 3 og 6; 13. gr. B. III. 3, 4, 7; 13. gr. B. IV, VI.

13. gr. B. III. 1.

Nd. **585. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917

Flutningsm. Sigurður Gunnarsson.

Við 13. gr. B., III. 1. (Stykkishólmsvegur).
Í stað »8000 — ... ... komi:
8000 — 6000.

15. gr. 3. a.

Nd. 586. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 3. a.
Aftan við liðinn bætist:
Persónuleg launaviðbót 700—700.

15. gr. 15.

Nd. 587. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 15.
Liðurinn falli burt.

15. gr. 36.

Nd. 588. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 36.
Liðurinn falli burt.

16. gr. 3. b.

Nd. **589. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr. 3 b.

Liðurinn falli burt.

13. gr. C. III.

Nd. **590. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

Aftan við 13. gr. C. III. (skilyrðin) bætist:

að þeir bátar undir lið C. III., sem hafa fasta ferðaáætlun, og halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

22. gr.

Nd. **591. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm. Bjarni Jónsson og Sigurður Gunnarsson.

Við 22. gr.

Aftan við síðasta lið greinarinnar bætist:

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 10,000 króna lán fyrir Flóabátsfjelag Breiðafjarðar til vjelskipskaupa.

15. gr. 17.

Nd. **592. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Sig. Eggerz.

Við 15. gr. 17. Eftir liðnum komi:
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje: einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins, og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.

13. gr. B. III. 4.

Nd. **593. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá G. Eggerz.

13. gr. B. III. 4. liður falli burtu.

16. gr. 38.

Nd. **594. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sveini Björnssyni.

Við 16. gr. 38.
Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til kolanámurannsókna á Vestfjörðum . . . . . 15,000—10,000
Rannsóknirnar fari fram undir umsjón námuverkfræðings.

21. gr. 10.

Nd. **595. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sveini Björnssyni.

Við 21. gr. 10.

Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi.:

Úr viðlagasjóði má lána Hjálpræðishernum alt að 25,000 kr. til byggingar gistihúss og sjómannahælis í Reykjavík gegn 1. veðrétti í húsinu með lóð. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

15. gr. 23.

Nd. **596. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sveini Björnssyni og Birni Kristjánssyni.

Við 15. gr. 23. Aftan við liðinn bætist:
Til Theódórs Árnasonar, til þess að fullkomna sig í fiðluspili 1000 — 1000.

11. gr. B. 8.

Nd. **597. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá meiri hluta bannlaganefndarinnar

Við 11. gr. B. 8.

Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:

Til aukins lögregluefirlits vegna bannlaganna ... ... 5000 — 5000.

15. gr. 35.

Nd **598. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr.

Eftir 35. lið komi nýr liður svo látandi:

Til Jakobs Jóhannessonar til þess að safna til og semja íslenska setningafræði (syntaxis) ... ... 600 — 600

Sþ. **599. Frumvarp**

til laga um rafmagnsveitur.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Orðið *sveit* táknar í lögum þessum kaupstað, kauptún eða hrepp, þar á meðal Vestmannaeyjar.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi eða hreppsfjelag út af fyrir sig.

2. gr.

Hver sveitarstjórn hefir einkarjett til að veita rafmagni um sveit sína, hvort heldur er ofanjarðar eða neðan (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905) og til að selja rafmagn innan sveitar.

3. gr.

Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarstjórnin ákveður að rafmagnsveitan skuli ná yfir, skulu skyldir að þola hverskonar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna, svo og að efni það, er þarf til þeirra, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er. Verði svo álitið, að landeigandi eða leiguliði biði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

4. gr.

Nú hefir sveitarstjórn komið rafmagnsveitu á, og getur þá sveitarstjórnin áskilið sjer einkasölu í sveitinni á rafmagnstækjum, er nota á í sambandi við veituna.

5. gr.

Einkarjettur sveitarstjórna samkvæmt 2. gr. nær eigi til:

a. rafmagnsveitu, sem einstakur maður eða einstakir menn, ekki fleiri en 10 í sveitum með yfir 1000 íbúa og ekki fleiri en 5 í öðrum sveitum, koma sjer upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa; þó þarf leyfi sveitarstjórnar til slíkrar rafmagnsveitu í þeim sveitum, þar sem sveitarstjórn hefir komið á stofn rafmagnsveitu þegar lögin öðlast gildi.

b. rafmagnstauga, er einstakir menn eða fjelög þurfa að leggja í gegnum eina eða fleiri sveitir til þess að leiða afl úr fossum, enda hafi þeir leyfi landstjórnarinnar til þessa, og skulu þá landeigendur eða leiguliðar á því svæði, þar sem taugarnar eiga að liggja, skyldir að þola öll þau mannvirki á landi þeirra og lóðum, sem nauðsynleg eru fyrir rafmagnstaugarnar svo og að efni það, sem á þarf að halda, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem hægast er, alt gegn fullu endurgjaldi, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, ef samningar ekki takast. Sá, er um þetta leyfi biður, skal senda Stjórnarráðinu til staðfestingar uppdrátt og lýsing af fyrirkomulagi hinna fyrirhuguðu mannvirkja.

6. gr.

Einkarjett þann, sem um ræðir í 2.—4. gr., getur sveitarstjórnin með samþykki Stjórnarráðsins veitt einstökum mönnum eða fjelögum. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó ekki lengur en 20 ár í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Í hvert skifti sem leyfistími er á enda, á sveitarstjórnin rjett á að fá sjer afhenta rafmagnsveituna með öllum áhöldum fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður, ef samkomulag næst ekki. Matsupphæðina skal miða við þá fjárhæð, er ætla má að slík rafmagnsáhöld mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, sem á þeim er orðið, og annara ákvæða, er um það standa í leyfisbrjefinu.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra dómkveður undirrjettardómarinn í þeirri þinghá, sem sveitin liggur í, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir sveitarstjórnin, en leyfishafi hinn þriðja. Tilnefni leyfishafi engan, skal nefndur undirdómari dómkveðja mann í hans stað. Matskostnað allan greiðir sveitarsjóður.

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt, að öðru leyti en því, að hinn íslenski landsyfirrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er um yfirmatið biður, ef yfirmatsnefndin breytir ekki matinu meira en nemi 10% af matsverði. Annars fellur kostnaður jafnt á báða málsaðilja.

7. gr.

Nú eru rafmagnstaugar eða rafmagnsveita sett upp án heimildar samkvæmt þessum lögum, og skulu þá þær taugar og þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirðið til sveitarsjóðs. Auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 500 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Nú vill sveitarstjórnin fá sveitinni til handa rafmagnsveitu, er einstakir menn eiga, og um ræðir í 5. grein a, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 6. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

9. gr.

Nú vill sveitarstjórn, leyfishafar eða einstakir menn, leggja rafmagnstaugar þar sem fyrir eru aðrar rafmagnstaugar einstakra manna eða sveita og skal þá rafmagnstaugum þessum svo fyrir komið og um búið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á þeim taugum, er fyrir voru.

Nú valda rafmagnstaugar er síðar voru uppsettar, skemdum eða óreglu á fyr uppsettum taugum, og eru þá eigendur hinna síðar uppsettu tauga, sje ekki öðruvísi um samið, skyldir að bæta skaðann að fullu, en sje ekki strax viðgert, þá er eigendum hinna fyr uppsettu tauga heimilt að gera á kostnað eiganda hinna síðar uppsettu rafmagnstauga þær breytingar á þeim og sínum eigin, sem með þurfa, til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakast. Sá er síðar leggur rafmagnstaugar, þar sem taugar voru fyrir, getur krafist þess, að á hans kostnað verði gerðar hentugar breytingar á taugum þeim, er fyrir voru, til þess að tryggja hans eða annara taugar.

10. gr.

Gjald fyrir rafmagn skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórnin semur og Stjórnarráðið staðfestir, og ber að endurskoða hana eigi sjaldnar en 5. hvert ár.

Nú kostar sveitarstjórn hústaugar og er henni þá heimilt að heimta gjald af hverjum húsráðanda fyrir hústaug hans, og skal þetta gjald af hústaug vera jafnt fyrir alla húsráðendur að tiltölu við virðingarverð hússins.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitargjöld.

Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar, úr sveitarsjóði.

11. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög rafmagnsveitu, sem starfrækt hefur verið fyrir 20. okt. 1913, og kemur í bága við rjett þann, sem sveitarstjórnunum er áskilinn í 2. gr. laga þessara, og skulu þá eigendur þeirra, ef þeir óska að framhalda starfrækslunni, innan 3ja mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi skýra sveitarstjórninni frá því og ákveður hún þá með samþykki Stjórnarráðsins staðartakmörk fyrirtækisins um leið og hún veitir viðurkenningu fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því eigi til fyrirstöðu, að sveitarstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá, til þess að stofnsetja og starfrækja rafmagnsveitu innan hinna tilteknu starfrækslutakmarka.

Ef eigandi eldri rafmagnsveitu óskar þess, getur sveitarstjórnin með stað-

festingu Stjórnarráðsins veitt honum leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 6. gr.

12. gr.

Sveitarstjórnin ein hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, og reglum um frágang á verkinu, sem sveitarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga, er setja á í samband við rafmagnsveitu sveitarinnar, eða við önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitunni lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

13. gr.

Hver, sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarinnar eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsi eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæta auk þess skaðann að fullu.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 6. gr. má svo ákveða, að framanskráð hegningarákvæði skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til rafmagnsveitu eða rafmagnstækja þeirra, er leyfisbrjefið hljóðar um.

14. gr.

Sveitarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun rafmagnsins, frágang og meðferð á rafmagnstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni og renni þær í sveitarsjóð. Stjórnarráðið staðfestir hana.

15. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sjer ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sje fylgt, og leggja sektir við brot á móti þeim.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916, og falla þá úr gildi lög nr. 28, 20. okt. 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Ed. **600. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10 nóv. 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. liður 3. gr. orðist svo:

Rjúpur alfriðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. febrúar til 1. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **601. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. g.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:

»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.

Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en 1/5 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 2 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:

800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:

höfn.

Aftan við sömu grein bætist:

með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:

Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi: kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«, komi:

eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:

800 þúsund kr.

Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 1% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.

Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús . . . . . tilkall til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.

15. gr. 18.

Nd. **602. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 15. gr. 18.

Á eftir þeim lið komi nýr liður, sem verður 19.:

Til Brynjólfs Þórðarsonar til þess að stunda nám í málaralist 1000—...

Nd. **603. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um að veita einkarjett til þess að hagnýta sjávarsand á Hjeraðsflóa.

2. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Ráðherra Íslands veitist, um 5 ára skeið, heimild til að veita innlendum mönnum eða fjelögum einkarjett um 50 ár til þess að hagnýta sjer á þann hátt, er þeim er hagkvæmast, sjávarsand hverskonar sem er, fyrir innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, og að vinna járn úr honum hjer á landi, þó eigi nær landi en 60 faðma fyrir utan landhelgislínuna.

Einkaleyfi þetta skal þó eigi veitt nema ráðherranum sje afhent greinileg áætlun um, hvernig sandvinslunni skuli fyrir komið, og hvað kostar að koma fyrirtækinu á fót, full trygging fyrir því, að nægt veltufje fáist til þess að koma fyrirtækinu á fót og að reka það, svo og trygging fyrir því, að fyrirtækið verði sett á stofn samkvæmt áætluninni.

3. Við 2. gr.

Greinin falli burt og breytist greinatalan samkvæmt því.

4. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Nú er einkaleyfi veitt, og fyrirtækið að vísu komið á fót, en ekki rekið samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt leyfinu upp, en gefa skal hann einkaleyfishöfum eins árs frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er.

5. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Í einkaleyfinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa eftirlit með stjórn, rekstri og reikningshaldi fyrirtækisins og á þess kostnað.

6. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, sem lög þessi heimila, greiði einkaleyfishafi 50 aura í landssjóð fyrir hverja lest (tonn) af járnefni því, er hann vinnur úr sandinum á landi, en 1 krónu fyrir hverja lest, ef hann tekur járnefnið úr sandinum á sjó.

Ef sandurinn er fluttur til útlanda óunninn, skal gjaldið til landssjóðs vera 50 aurar fyrir hverja lest.

7. Við 7. gr.

Orðin »hvar sem er á landinu« falli burt.

8. Við 8. gr.

Á eftir orðunum: »Þegar einkaleyfistíminn er úti« komi:
eða einkaleyfishafi hefir mist rjett sinn samkv. 2. gr.

13. gr. C. III. 6.

Nd. **604. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Guðmundi Hannessyni.

Við 13. gr. C. III. 6.

Liðurinn falli burt.

12. gr. 15. f.

Nd. **605. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Frá Guðmundi Hannessyni.

Við 12. gr. 15. f. Í stað 900 komi:
1500.

Aftan við athugasemdina bætist:
Heimilt er Stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.

16. gr. 22 og 23.

Nd. **606. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Frá Guðmundi Hannessyni.

Við 16. gr.

1. 22. Við liðinn bætist þessi athugasemd:
Styrkur þessi skiftist milli Heimilisiðnaðarfjelags Íslands og Heimilisiðnaðarfjelags Akureyrar að tiltölu við það, sem hvort fjelag leggur til sjálft.
2. 33. Aftan við athugasemdina bætist:
og landsverkfræðingurinn álíti að verkið geti komið að tilætluðum notum.

14. gr. XVII. a.

Nd. **607. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Matth. Ólafssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni og Jóhanni Eyjólfssyni.

Við 14. gr. XVII. a:

Fyrir »1200—1200« komi:
300—300.

Eftir liðnum *a* komi nýr liður svo hljóðandi:

b. Laun þeirra feðga, Páls Erlingssonar og Erlings Pálssonar, fyrir sundkenslu þá, sem getur í *a* og fyrir að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund 1200—1200.

Nd. **608. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt nefnd í efri deild hefir af nýju haft mál þetta til meðferðar og gert við það ýmsar smábreytingar, sem deildin hefir að mestu fallist á.

Enda þótt vjer eigi getum sjeð, að betur fari á sumum breytingum háttv.

efri deildar, þá teljum vjer þó, að það atriði sje eigi þess vert, að málið komi í sameinað þing.

Breytingar þær, sem ágreiningur er um, eru þær, að efri deild vill ekki setja formönnum á bátum, sem minni eru en 6 smálesta, nein þekkingarskilyrði, en vjer höfðum lagt til, og háttv. neðri deild samþykt, að skilyrðin næði til formanna á bátum, er væri 4 smálesta og stærri. Þar sem flestir þessir smáu bátar eru nú að leggjast niður og stærri að koma í þeirra stað, má vænta þess, að þetta verði sjaldan að meini.

Hin breytingin er sú, að efri deild vill nota orðið »lest« í staðinn fyrir »smálest«.

Aðrar breytingar eru að eins leiðrjettingar á prentvillum.

Vjer ráðum því háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú kemur frá efri deild.

Neðri deild Alþingis, 26. ágúst 1915.

G. Eggerz, form. Matth. Ólafsson, skrifari.

Þórarinn Benediktsson. M. J. Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

13. gr. C. III.

Nd. **609. Breytingartillaga**

Við breytingar- og viðaukatillögur á þingskjali 560.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 2. tölulið 3.

Í stað »Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5000 kr.« komi:
Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 6,500 kr.

Til vara:

»Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5000 kr.« verði:
Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5,590 kr.

16. gr. 2.

Nd. **610. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 583 við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 2.

Við úthlutun styrksins til búnaðarfjelaganna 1917 skal, auk jarðabótanna, er gerðar voru 1916, einnig taka tillit til jarðabóta þeirra, er gerðar hafa verið 1915, ef þær hafa verið mældar 1916, og skýrsla um þær send Stjórnarráðinu á venjulegum tíma það ár.

Nd. **611. Þingsályktun**

um endurskoðun á vegalögunum.

(Samþykt í Nd. 27. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að endurskoða flokkun þá til viðhalds á vegum, sem er í vegalögunum 22. nóv. 1907, og leggja fyrir næsta Alþingi — ef tími vinst til — nýtt frumvarp til vegalaga.

2. Að leita tekjustofna handa sýslunum til að standast kostnað við viðhald á vegum, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

3. Að taka til íhugunar, hvort eigi sje tímabært að breyta vegagerðaraðferð á vegum þeim, sem landssjóður kostar að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega, hvort eigi beri að hafa vegina undirgrýtta (»púkkaða«), og leggja fyrir næsta þing skýrslur landsverkfræðings og álit um kostnað við slíka gerð á vegum, samanborið við þá vegagerðaraðferð, sem nú tíðkast, og um haldgæði þeirra, ásamt tillögum landsstjórnarinnar um þetta efni.

Nd. **612. Frumvarp**

til laga um dýraverndun.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim

með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Frá 1. október 1917 skulu allir þeir, sem skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum í brúkun. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Nd. **613. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í stað 2. málsliðar. 2. gr. (»Hross má eigi flytja . . . . til ágústmánaðarloka«) komi:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní, og eigi á þilfari á öðrum tíma árs, en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Nd. **614. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta fátækralaganefndar.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild, og var vísað til fátækralaganefndarinnar.

Það gerir þá eina breytingu á núgildandi sveitarstjórnarlögum, að við

kosningar til sýslunefnda og hreppsnefnda skuli viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður, eða 1/10 hluti kjósenda óska.

Vjer höfum nú að vísu ekki orðið þess varir, að enn sem komið er, sje, alment tekið, nein knýjandi nauðsyn að kjósa leynilega til sveitastjórna.

Að minsta kosti vitum vjer ekki til að mikil eftirsókn sje um að komast í hreppsnefndir.

En þrátt fyrir það, er þó ekki gott að staðhæfa, að ekki geti þau atvik komið fyrir að rjettara væri, að viðhafa leynilegar kosningar, og þar sem sú aðferð er ekki alment fyrirskipuð í frumvarpinu, heldur hitt að kjósendur og hreppsnefnd megi ráða því nokkuð, hvort leynilegar kosningar eru viðhafðar eða ekki, þá sjáum vjer ekki neitt athugavert við það að þessu leyti, að frumvarpið nái fram að ganga.

Aftur á móti þykir oss það nokkuð varhugavert, að aðeins 1/10 hluti kjósenda geti ráðið því, að leynileg kosning sje viðhöfð. Viljum vjer færa þá tölu upp í 1/8, og berum fram svofelda

BREYTINGARTILLÖGU

við frumvarpið á þingskjali 381.

Við 1. málsgrein 1. greinar.

Fyrir 1/10 komi:
1/8.

Ráðum vjer svo háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu.

Alþingi 27. ágúst 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Þorleifur Jónsson, skrifari og framsm.
Hjörtur Snorrason.	Sigurður Sigurðsson.

Nd. **615. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Vjer höfum nú athugað frumv. til laga um breyting á lögum um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, og haft þar landssímastjórann til ráðaneytis. Hefir nefndin fallist á frumvarpið, en leggur til, að frumvarpsgreinin sje gerð nokkru skýrari að orðalagi, og kemur með breytingartillögu í þá átt.

Þá hefir landssímastjórinn vakið athygli nefndarinnar á því, að eins og nú stæði, væri óframkvæmanlegt að byggja loftskeytastöð þá, sem 6. gr. síma-

laganna ræðir um, og eftir að styrjöldinni ljetti, myndu talsverðir örðugleikar verða á því, að koma hjer upp loftskeytastöð, er drægi til útlanda, svo sem Noregs. Hins vegar væri þörfin nú óðum að aukast til þess að koma hjer upp loftskeytastöð, er hefði samband við skip í nálægð við Ísland (200—300 km.) Í sambandi við slíka stöð í Reykjavík mætti svo, ef sýndist, setja smástöðvar á nokkrum stöðum innanlands, sem mest þörf er á, en ekki er auðvelt að koma í símasamband. Þá gat símastjóri þess í samtali við nefndina, að hús og annað tilheyrandi þessari minni stöð hjer í Reykjavík, gæti komið að góðum notum þótt stöðin yrði stækkuð, enda myndi þá verða fáanlegt rafmagn hjer í bænum með aðgengilegum kjörum, svo sem hin stærri stöð þarfnaðist í viðbót.

Að þessu athuguðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að bæta þeim ákvæðum í 6. gr. símalaganna, er heimili stjórninni, ef henni virðist brýn þörf til, að koma upp loftskeytastöð hjer í Reykjavík, þótt hún ekki drægi svo langt, sem lögin nú áskilja. Kemur hún því með viðaukatillögu við frumvarpið þessa efnis.

Skiftar voru skoðanir nefndarmanna um það, hvort hvetja ætti stjórnina fram til þess, að hraða mjög bygging þessarar minni loftskeytastöðvar, á meðan efni til hennar og vinna er óvenju dýrt af styrjaldarástæðum. Birtist væntanlega í umræðum vilji þingsins í því efni.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sjer að gera við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Frumvarpsgreinin, sem verður 1. gr., orðist svo:

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandaskörð til Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

Á eftir þessari grein komi ný grein sem verður

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Alþingi, 26. ágúst 1915.

Sig. Eggerz, formaður. Björn Hallsson. Pjetur Jónsson, skrifari.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **616. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Fjárlaganefndin hefir tekið til athugunar frumvarpið eins og háttv. deild hefir skilið við það við 2. umræðu. Þótt nefndin sjái eigi færi á því að lagfæra þær breytingar á frumv. sem orðið hafa við 2. umr. og að hennar dómi eru í lakari áttina, leyfir hún sjer, að koma með nokkrar breytingatillögur. Verða þær aðallega skýrðar í framsögunni, en þó vill nefndin í sambandi við þær og frumv. gera nokkrar athugasemdir:

1. Úr því deildin vildi hækka fjeð til byggingar nýrra síma, þrátt fyrir mikla óvissu um, að framkvæmdir verði í því efni, vill nefndin láta standa á 50,000 kr. hvort árið, og að það sje tekið svo upp, að það sje á valdi stjórnarinnar, ef til símalagninga kemur fyrra árið, hverjir símar verði lagðir. Fyrirheiti Alþingis 1915, nær til símalagninga, sem alls kosta yfir 90,000 kr. að frádregnum tillögum hjeraða (sjá Alþtíð. 1914, bls. 597, sbr. bls. 593). Þar var þó gleymt Grenivíkursímanum, sem stendur í lögunum fremstur 3. flokks síma, eins og brjef landsímastjórans sem hjer með fylgir (Fylgiskj. á þingskj: 627) ber með sjer, og verður með engu móti settur aftur fyrir hina. Þegar nú fjárveitingin bæði árin eigi hrekkur til meira, en þeirra síma, er þannig standa jafnt mjög að vígi, þá virðist nefndinni rjettast, að leggja á vald stjórnarinnar, að haga því eftir ástæðum, hvernig símalagningarnar skiftast á árin, þar sem það er á hennar valdi, hvort nokkrar símalagningar komast til framkvæmda á tímabilinu.

2. Hin háttvirta deild gat eigi fallist á þá tillögu fjárlaganefndar að spara nýjar vitabyggingar að mestu á fjárhagstímabilinu. Úr því svo fór, virðist nefndinni engin ástæða til þess, að fella burtu Bjarnareyjar- og Akranessvita, því sá sparnaður dregur ekki svo, að hann nái tilgangi nefndarinnar. Hún leggur því til, að allir sömu vitar sjeu teknir upp, sem í stjórnarfrumv. voru, en í þeirri röð sem vitaumsjónarmaður lagði til við nefndina, að þeim væri væri skipað í, eftir því sem hann taldi þá áríðandi. En þó vill og nefndin, að um þessar vita vitabyggingar gildi sama undanþága fyrir landsstjórnina, sem um símalagningarnar.

   Nefndin gerir enga tillögu um, að bæta við reksturskostnaði við hina fyrirhuguðu vita, með því, að þeir eru í þessari óvissu. Stjórnin hlýtur að hafa, ef til kemur, heimild til að taka fje til reksturskostnaðar þeirra.

3. Hækkun sú, er nefndin stingur nú upp á, á tímakenslufje Kennaraskólans, er svo til komin: Sigurður Guðmundsson magister hefir að undanförnu verið kennari í fjarveru Björns Bjarnarsonar, sem sökum heilsu sinnar dvelur enn erlendis. Birni hefir verið leyft, að halda kennaraembættinu, ef hann setti mann í sinn stað við kensluna. Sigurður vill eigi una við það kaup, sem hægt er að fá einhvern og einhvern annan færan mann til að ganga að, en

skólastjóri vill með engu móti missa Sigurð á meðan Björn er fjarverandi, og fer því fram á 800 kr. hækkun fyrra árið til aukakenslu, til þess að Sigurður geti fengið það kaup fyrir kenslu sína, sem hann eftir ástæðum sínum geti unað við.

4. Eftir umsókn frá formanni stjórnarnefndar búnaðarskólans á Eiðum, hefir fjárlaganefndin samþykt að færa styrk til skólans úr kr. 2500 upp í kr. 3000. Nefndin verður að játa, að styrkur til skólans er lágur, borinn saman við fjárveitingar til annara skóla. En sjerstakar ástæður til þessarar hækkunar eru þær, að breytt hefir verið fyrirkomulagi skólans og því komið í líkt horf og á bændaskólum landsins. Auk þess hefir orðið að hækka kaup kennara, og ennfremur er gert ráð fyrir að námsstyrkur verði veittur meiri en áður hefir verið. Loks má á það minna, að verðhækkun á kolum og olíu og fleiru, kemur mjög tilfinnanlega niður á þessum skóla eins og öðrum. Þetta hefir alt aukin gjöld í för með sjer, en fjárhagur skólans hefir verið mjög þröngur að undanförnu og þolir ekki aukin útgjöld. Vill því nefndin mæla með þessari hækkun.

5. Ráðherra skýrði nefndinni frá, að af fje því, sem veitt væri á núgildandi fjárlögum til styrktar barnaskólabyggingum utan kaupstaða, mundi nokkuð til drátta, máske upp undir 14000 kr., verða óeytt í lok tímabilsins. Þennan afgang ætlast nefndin til, að að stjórnin hafi heimild til að veita á næsta fjárhagstímabili í sama augnamiði og með sömu skilyrðum og í núgildandi fjárlögum, sökum þess, að samskonar liður var alveg feldur burt af fjárlagafrumvarpinu.

   Í sambandi við liðinn B. XII. 6. í 14. gr. vill nefndin geta þess, að Helgi Salómonsson barnakennari hefir sótt um utanfararstyrk, og óskar nú að sjer yrði ánafnaður styrkurinn á þessum lið síðara árið, á sama hátt eins og Steingr. Arasyni fyrra árið. Vegna afspurnar þeirrar, er nefndin hefir fengið af þessum umsækjanda, vill hún mæla með því, að hann hann fái að njóta góðs af nefndum styrk síðara árið.

6. Samúel Eggertsson sækir með brjefi 23. f. m. til Alþingis um styrk til þess meðal annars að gera landslagsuppdrátt af Íslandi. Fylgja meðmæli fræðslumálastjórans þessari umsókn, og er hvorutveggja, að hann telur mikla nauðsyn á slíkum uppdrætti og ber hið besta traust til umsækjandans til þess að leysa þetta vandaverk sæmilega af hendi. Nefndin felst á að veita herra Samúel Eggertssyni 1000 kr. f. á. í þessu skyni.

7. Ennfremur leggur nefndin til, að herra Age Meyer Benediktsen sje veittur 500 kr. styrkur til þess að gefa út á dönsku ritgerð Guðmundar landlæknis Björnssonar »um þjóðfána og önnur flögg, notagildi þeirra og merkingu«, sem er einn bálkurinn í fánabókinni.

   Nefndin lítur svo á, að það sje þarft verk, að leiðrjetta þann misskilning á fánamáli voru og afstöðu vorri til að hafa sjerstakan þjóðfána, sem mun vera talsvert almennur í Danmörku og víðar.

8. Við nánari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að hvorki væri þarft nje holt, að veita eins og að undanförnu hefir verið um rúm 20 ár, *tveimur mönnum árlega* styrk til að nema dýralækningar. Engar líkur sjeu til, að hjer verði fleiri en 4 dýralæknisembætti og nú lítur út fyrir, að bráðum fáist nægir menn útlærðir í þau. Verði þá nóg viðkoma úr því, ef stöðugt er einn maður efnilegur að námi, en ekki holt, að draga fleiri á þá braut, en þörf er á, af því námið er talsvert dýrt, en lítið í aðra hönd að hafa hjer á landi fyrir embættislausa dýralækna. Þess vegna leggur nefndin til, að styrkur til dýralækninganáms sje síðara árið miðaður einungis við einn nemanda, og ætlast til, að svo verði framvegis.

9. Nefndin hefir fengið brjef frá landsverkfræðingnum viðvíkjandi bryggju í Búðardal, sem kaupfjelag Hvammsfjarðar hefir trygt með 300 kr. styrk úr sýslusjóði. Kemur það í ljós, að landsverkfræðingurinn hefir munnlega lagt ráð á um veggjagjörð bryggjunnar. Nefndin hefir og fengið upplýsingar um það frá formanni fjelagsins, að bryggjan kosti um 2800 kr. Sjest á þessu, að styrkur sá er samþyktur var við 2. umræðu til bryggju þessarar, hefir verið æði mikið út í bláinn. Nefndin telur nóg, að þingið styrki bryggjugjörð þessa með 1000 krónum.

10. Á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 var tekin í efri deild athugasemd um það, að eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur skuli reiknast 300 kr. Þessa athugasemd aðhyllist nefndin, og býst við hún verði samþykt hjer í deildinni. En þá er óþarft að hafa í 18. gr. viðbót við eftirlaun sömu konu kr. 129,94, og gæti jafnvel skoðast, sem viðbót við 300 kr. eftirlaun, en það átti að vera viðbót við kr. 170,06, sem Stjórnarráðið hafði úrskurðað.

11. Nefndin vill heimila stjórninni, að veita stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanni Jósep Blöndal á Siglufirði 6000 króna lán til steinsteypuhúss, er hann hefir bygt og virt er á 15000 kr. Þar er símastöð og póstafgreiðsla í húsinu og og trygging fyrir að allvel fari um hvorutveggja. Á húsinu hvílir nú 4500 kr. skuld með 1. veðrjetti. Nefndin væntir þess, að sveitastjórnin í Hvanneyrarhreppi muni ganga í ábyrgð fyrir láninu að því leyti sem 2. veðrjettur í húsinu ekki nægir.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1915.

Sveinn Björnsson, formaður. Pjetur Jónsson, skrif. og framsögum. Þórarinn Benediktsson.

Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen. Eggert Pálsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **617. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. B. III. 4. Fyrir »7000 — 7000« komi:
..... — 7000.
— 15. — 17. Fyrir »12000 — 12000« komi:
11,000 — 10,000.
— 15. — 35. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að koma á kenslu í hraðritun 800 — .....

13. gr. C. III. 2.

Nd. **618. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 560.

Frá Sigurði Gunnarssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2 tölulið 2. (Við 13. gr. C. III.) Liðinn skal orða svo:
Til Breiðafjarðarbáta 13500—13500.

Ed. **619. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um upptöku legkaups (þingskjal 522).

Frá minni hluta kirkjugarðsnefndar.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
En þar sem bændakirkja er, skal legkaupið leggjast í sjóð til viðhalds kirkjugarði, og hefir sóknarnefnd umráð sjóðsins.

13. gr. C. II.

Nd. **620. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Við 13. gr. C. II.
Í stað 40,000 — 40,000 komi:
35,000 — 25,000.

15. gr. 17.

Nd. **621. Breytingartillaga**

við beytingartillögu á þgskj. 539.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við síðasta nafnið á tillögunni:

Þar skal standa:

— Einars Jónssonar frá Galtafelli ekki minna en 2,000.

13. gr. C. III.

Nd. **622. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá strandferðanefndinni.

Við 13. gr. C., III.

Athugasemdirnar falli burt. Í stað þeirra komi:

Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:

1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi Stjórnarrráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:
   a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.
   b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.
   c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.
   d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.

2. Að Stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölulið 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar felst á.

3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum reksturskostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er Stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.

4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæm fyrirmælum Stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfylt.

5. Að útgerðarmenn sendi Stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.

13. gr. C. III.

Nd. **623. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu strandferðanefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1916 og 1917, 13. gr. C. III, þingskjal nr. 622.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Aftan við 5. lið skilyrðanna komi svohljóðandi 6. skilyrði:

6. Að þeir bátar undir lið C. III, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

Ed. **624. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um líkbrenslu (á þingskjali 483, nefndarálit neðri deildar á þingskjali 384).

Þetta frumvarp fer fram á að leyfa líkbrenslu hjer á landi, og tekur til með hvaða skilyrðum það leyfi skuli veitt.

Þau skilyrði eru öll hin sömu, sem tíðkast í öðrum löndum og jafnsjálfsögð hjer sem þar.

Vjer höfum athugað frumvarpið og leggjum til að það verði samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

G. Björnson, form. Björn Þorláksson, ritari.

Hákon J. Kristófersson.

Nd. **625. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á Þorlákshöfn.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin hefir haft tillögu þessa til athugunar og er sammála um, að rjett sje að leita kaups á Þorlákshöfn, með því að eðlilegra sje að landið eigi eignir þær, sem fyrirhugað er að gera mannvirki á.

Hinsvegar er mestur hluti nefndarinnar á þeirri skoðun, að rjett sje, að þingið ákveði hámark verðs þess, er stjórnin megi gefa fyrir eignina. Þeir af nefndarmönnum, sem hafa nokkuð aðra skoðun á þessu atriði, gera ef til vill grein fyrir því við umræðurnar í háttvirtri deild.

Nefndin leggur því til að háttvirt neðri deild samþykki tillöguna með eftirfarandi:

BREYTINGU:

Á eftir orðunum: »með öllu tilheyrandi« komi:

og veitist henni heimild til að verja alt að 50 þús. krónum til kaupa á eigninni.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1915.

G. Eggerz, form. Matth. Ólafsson, skrifari. Stefán Stefánsson, Eyf.

Sigurður Gunnarsson. Þórarinn Benediktsson. (Með fyrirvara). M. J. Kristjánsson.

Skúli Thoroddsen. (Með fyrirvara).

Nd. **626. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Meðan nefndin hefir haft mál þetta til meðferðar, hefir komið fram beiðni um, að svæði það, er yfirmatsmaðurinn á Ísafirði á að hafa til yfirsóknar, verði ákveðið milli Horns og Öndverðaness.

Byggist þessi beiðni á því, að líklegt sje, að áður en langt líði, muni einnig verða farið að veiða síld á þessu svæði, til útflutnings, t. d. á Grundarfirði.

Nefndinni virðist þetta sennilegt, og því sanngjart að verða við þeirri málaleitun, og þar sem hún álítur að frumvarpið í heild sinni sje nauðsynlegt, leggur hún til, að háttvirt neðri deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað »Látrabjargs« komi:
Öndverðaness.

Neðri deild Alþingis, 27. ágúst 1915.

G. Eggerz, form. | Matth, Ólafsson, skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf. | Sigurður Gunnarsson.

Þórarinn Benediktsson. | M. J. Kristjánsson.

Skúli Thoroddsen.

Nd. **627. Fylgiskjal**

með framhaldsnefndaráliti fjárlaganefndar á þingskjali 616.

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík 30. júlí 1915.

Fyrir tildrög hlutaðeigenda skal jeg hjermeð leyfa mjer að taka fram, að ætlun mín, þegar jeg samdi frumvarp mitt til línulagninga fyrir árin 1916 og 1917 — sent Stjórnarráðinu með brjefi dags. 29. okt. 1914 — var sú, að línan frá Akureyri að Grenivík ætti að verða sú fyrsta af línum þeim, er leggja ætti árið 1917.

Var það gleymska frá minni hlið, að ekki var stungið upp á að línan yrði lögð 1916, þegar málið var til umræðu á Alþingi 1914.

O. Forberg.

Stjórnarráð Íslands, Reykjavík.

Ed **628. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild hefir kosið til að athuga nefnt frumvarp, leyfum oss hjer með að taka fram tillögur vorar, er það snerta, á þessa leið:

Í frumvarpi þessu er eigi aðeins það, sem sparast hefir á einum gjaldalið annað árið, dregið frá því, sem greitt hefir verið umfram fjárveitingu seinna árið, heldur er og, að því er snertir flutningabrautirnar og þjóðvegina, hinum ýmsu gjaldaliðum slegið saman, svo að það, sem ónotað hefir verið af fje því, sem veitt var á einum lið, hefir verið látið koma upp í það, sem varið hefir verið fram yfir það, sem veitt var á öðrum lið. Fjárveitingin í frumvarpi því, er fyrir liggur, snertir því að eins það, sem á fjárhagstímabilinu hefir samtals verið varið til flutningabrauta og þjóðvega umfram það, sem löggjafarvaldið hafði heimilað. Þetta þykir oss ekki rjett regla, heldur að það eigi að bera undir atkvæði alþingis umframgreiðslurnar á hinum einstöku liðum fjárlaganna; en af því að vjer mundum hafa lagt það til, að umframgreiðslurnar á hinum einstöku liðum í þetta sinn yrðu allar samþyktar, þá viljum vjer eigi bera nú fram neina breytingartillögu um þetta, en viljum þó ekki, að þessi aðferð sje skoðuð sem neitt fordæmi fyrir framtíðina.

Í frumvarpinu eru taldar sparaðar á árinu 1912 til þjóðvega kr. 2982,08

Veitt var til þjóðvega það ár í fjárlögunum	kr. 43,100,00
En varið var til þjóðvega það ár	— 40,127,92
Mismunur því —	2,972,08

Ennfremur er prentvilla í samtölunni kr. 2656,94 fyrir kr. 2686,94. Þetta er leiðrjett með fyrstu breytingartillögu vorri.

Útgjöld kennaraskólans hafa árið 1913 farið samtals kr. 303,11 fram yfir fjárveitingu, og sýnist oss ástæða til, að sú upphæð sje öll tekin upp í fjáraukalögin.

Til sundkenslu í Reykjavík höfðu verið veittar fyrir árin 1910 og 1911 300 kr. hvort ár, sem ekki hafði verið vitjað á þeim árum, en þær voru svo borgaðar út árið 1912. Oss þykir rjett að taka upphæð þessa upp í fjáraukalögin til endurveitingar.

Árið 1912 fór útborgaður námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 225 kr. fram yfir fjárveiting. Þótt upphæð þessi hafi sparast á undangengnu fjárhagstímabili, þykir oss rjett að taka hana upp til endurfjárveitingar.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar verða því þessar:

1. Við 5. gr. B. III. (þjóðvegir) fyrir kr. 2982,08 komi:
   kr. 2972,08.
   og í samtölunum: fyrir kr. 1403,89 komi:
   kr. 1413,89.
   fyrir kr. 2656,04 komi:
   kr. 2696,04.
2. Við 6. gr. IV. (Kennaraskólinn):
   Fyrir kr. 248,63 komi:
   303,11.
   og eftir IV. b. 3 komi:
   4. og 6.

3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sundkensla í Reykjavík 1912 kr. 600,00.
4. Við 8. gr.: Á eftir »Við 5. lið« bætist inn í:
   Við 27. lið. Námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 1912 kr. 225,00.

Efri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
formaður og frsm.	skrifari

Guðm. Ólafsson.

Ed. **629. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

Útgjaldaliður 10. í frumvarpi þessu á að vera kr. 40325,10 því að gjöldin voru 1912 ... ... kr. 32644,40
1913 ... ... kr. 7680,70
samtals kr. 40325,10

Til jafnaðar móti lántökum landssjóðs er gjaldamegin talið í frumvarpinu aðeins kr. 250000,00, en lánin voru kr. 750000,00 og eru þau talin með tekjunum. Oss sýnist því sjálfsagt, að telja þá upphæð alla til jafnaðar móti lántökum landsjóðs og verður þá tekjuafgangurinn þeim mun lægri.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Útgjöld 10. Fyrir 40324,10 komi:
   40325,10

2. Útgjöld 15. Fyrir 250000,00 komi:
   750000,00

3. Tekjuafgangur. Fyrir 791884,63 komi:
   291883,63

Efri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

Björn Þorláksson,	Eiríkur Briem,
formaður og framsögumaður.	skrifari.

Guðmundur Ólafsson.

Ed. **630. Frumvarp**

til laga um þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skulu í því geymast bæði öll þau skjöl og bækur, er hingað til hafa verið geymd í Landsskjalasafninu, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **631. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald á kjöti, ull o. fl. og um hækkun á útflutningsgjaldi af fiski o. fl.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Jón Magnússon, Skúli Thoroddsen.
(Bjargráðanefndin).

1. gr.

Af öllu kjöti, ull, gærum, hestum og lifandi sauðfje, er flyst út á skipum, sem afgreidd eru frá íslenskri höfn, skal greiða í landssjóð útflutningsgjald, sem hjer segir:

1.	Af hverju kg. af kjöti	8 aura
2.	Af hverju kg. af ull	20 —
3.	Af hverri gæru	10 —
4.	Af hverjum hesti	10,00 —
5.	Af hverri sauðkind	3,00 —

2. gr.

Af öllum fiski og fiskiafurðum, er útflutningsgjald skal gjalda af samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881, lögum nr. 10, 13. apríl 1894 og lögum nr. 8, 6. mars 1896, skal gjalda í landssjóð fimmfalt það gjald, sem ákveðið er í nefndum lögum; þó skal útflutningsgjald af hvers konar lýsi vera 5 aurar fyrir hvert kilógramm.

3. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 lítra), í hverjum umbúðum sem hún flyst, skal útflutningsgjald vera ein króna.

4. gr.

Um innheimtu gjalds þess, er 1., 2. og 3. gr. greinir, fer samkvæmt lögum nr. 16, 4. nóv. 1881.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta reglulegs þings; þó skal þeim afljett að einhverju leyti eða öllu, eða gjaldið fært niður hlutfallslega, ef ástandið breytist áður í verulegum atriðum, svo sem fyrir verðlækkun á útlendri vöru eða innlendri, frá því sem nú er.

Nd. **632. Frumvarp**

til laga um dýrtíðarhjálp.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

1. gr.

Dýrtíðarhjálp veitir landssjóður heimilisframfærendum, sem hafa síðastliðið ár haft 2000 króna tekjur eða minna, og fá fyrirsjáanlega ekki hærri árstekjur á komandi ári, 1. okt. 1915—30. sept. 1916, ef þeir þiggja ekki af sveit.

2. gr.

Dýrtíðarhjálpin skal vera sem hjer segir:

Fyrir kvongaðan mann 50 krónur, og auk þess 10 krónur fyrir hvert barn undir 15 árum, sem er hjá foreldrunum, þó svo að upphæðin fari aldrei fram úr 10% af árstekjum, nema börnin sjeu fleiri en 4. Upphæðin getur þó aldrei farið fram úr 120 kr. til eins heimilisframfæranda. Ef hvorttveggja hjónanna hafa tekjur á árinu, skal leggja saman tekjurnar, og eiga þau því að eins rjett á dýrtíðarhjálp, að tekjur beggja samtaldar sjeu undir hámarki því, er umræðir í 1. gr.

Með árstekjum skal telja hverskonar tekjur og hlunnindi, þ. á. m. ókeypis húsnæði, ókeypis ljós, eldivið, jarðarafnot o. s. frv.

Í sveitum er dýrtíðarhjálpin helmingi minni en í kauptúnum.

3. gr.

Stjórnarráðið ákveður hvenær greiða skuli dýrtíðarhjálpina og setur reglur um úthlutun hennar. Það sker og úr ágreiningi um það, hvort einhverjum beri dýrtíðarhjálp, hve há upphæðin skuli vera og öðrum ágreiningi, sem rísa kann út af lögum þessum, og verður þeim ágreiningi eigi skotið til dómstólanna.

4. gr.

Lög þessi gilda til loka næsta reglulegs þings; þó skulu þau afnumin að einhverju leyti eða öllu ef ástandið breytist áður í verulegum atriðum, svo sem fyrir verðlækkun á útlendri vöru eða innlendri frá því sem nú er.

Aths. Upprunalega var ætlast til að í frumvarpinu væru sjerstök ákvæði um dýrtíðaruppbót til lágt launaðra starfsmanna hins opinbera. Því slept nú, af því að búast má við sjerstökum tillögum í því efni.

Nd. **633. Breytingartillaga**

við breytingartillögu um frumvarp til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic. Sand) á þingskjali 603.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 2. lið 1. málsgrein:

Fyrir orðin: »og að vinna járn úr honum« — enda málsgreinarinnar, komi:

Þó eigi nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð, og að vinna járn úr honum.

22. gr.

Nd. **634. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þingskj. 591 (fjárlagafrv. 22. gr.).

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Aftan við bætist:

Þó svo að fulltryggt hlutafje fjelagsins nemi eigi minna en 45% af verði hins fyrirhugaða vjelarbáts.

Nd. **635. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 615.

Flutningsm.: Björn Hallsson.

Frumvarpsgreinin, sem verður 1. gr., orðist svo:

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt

orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur) um Sandaskörð, Loðmundarfjarðar í Norður-Múlasýslu. Ennfremur í staðin fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

Ed. **636. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út (þingskjal 464).

Með bráðabirgðalögum nr. 59, 30 nóvember 1914 var ráðherra heimilað að veita Íslandsbanka, til loka septembermánaðar 1915, rjett til að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 mátti gefa út, úr 2½ miljón upp í 3 miljónir króna og lagði stjórnin bráðabirgðalög þessi fyrir háttvirta neðri deild. Við meðferð málsins í neðri deild kom í ljós, þrátt fyrir allmikinn ágreining um ýms aukaatriði málsins, það einhuga álit deildarmanna að brýn þörf sje á að framlengja þessa heimild, að minsta kosti þar til Norðurálfustyrjöldinni er lokið. Urðu úrslit málsins þau, að deildin samþykti frumvarpið á þingskjali 464, en samkvæmt því má veita Íslandsbanka, til 1 desember 1917, rjett til að auka seðlafúlgu bankans, upp í 3½ miljón króna.

Vjer, sem háttv. deild hefir kosið til að íhuga frumvarp þetta, höfum nú rætt og athugað málið eftir föngum. Erum vjer sammála um, að ástand það sem leitt hefir og leiðir enn af Norðurálfustyrjöldinni, geri það nauðsynlegt að auka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka meðan styrjöldin stendur, og hin mikla dýrtíð og hið geysiháa verð á öllum framleiðsluvörum helst.

Að öðru leyti eru skoðanir nefndarmanna allsundurleitar. Litur meiri hluti nefndarinnar svo á að ekki muni ráðlegt að hafa seðlaaukninguna minni en 1 miljón króna, eins og í frumvarpinu er ákveðið. Minni hlutinn hyggur aftur á móti að nægilegt myndi vera að auka seðlafúlguna um 500 eða 700 þúsund kr. Þá telja sumir nefndarmennirnir mjög æskilegt að ríkari skorður væru reistar, en gert er í frumvarpinu, gegn því að bankinn noti þennan rjett til aukinnar seðlaútgáfu, nema brýn nauðsyn krefjist, annaðhvort með auknu afgjaldi til landsjóðs eða með öðrum tryggingarákvæðum.

Loks vilja 2 af nefndarmönnunum láta þess getið, að 3. liður 1. gr. frumvarpsins eigi í raun og veru ekki heima í því, þar eð slík viðskifti milli banka sjeu að sjálfsögðu að eins samningsmál milli bankastjórnanna. En þó vilja þeir ekki gera ágreining um þetta efni, þar eð um það mun hafa verið samið, milli bankastjórnanna, áður en frumvarpið var atgreitt í neðri deild.

En þrátt fyrir þessar mismunandi skoðanir höfum vjer þó, að athuguðum öllum málavöxtum og með sjerstöku tilliti til meðferðar málsins í neðri

deild, orðið á eitt sáttir um að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 28. ágúst 1915.

Kristinn Daníelsson, form. Með fyrirvara. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsm. Jón Þorkelsson.

Hákon J. Kristófersson. Karl Finnbogason.

Ed. **637. Frumvarp**

til laga um upptöku legkaups.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Legkaup skal tekið upp um alt land, 2 kr. fyrir barn yngra en 2 ára, og 4 kr. fyrir þá, er eldri eru. Legkaup greiðist til kirkju þeirrar sóknar, þar sem sá andast, er grafinn er. En þar sem bændakirkja er, skal legkaupið leggjast í sjóð til viðhalds kirkjugarði, og hefir sóknarnefnd umráð sjóðsins.

Nd. **638. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Síðari liður 2. greinar laga nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og sveitarfjelaga, svohljóðandi: »Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu« er úr lögum numin.

Ed. **639. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar (á þingskj. 533, nefndarálit neðri deildar á þingskj. 438).

Vjer erum sammála meiri hluta nefndarinnar í neðri deild um það, að

öll sanngirni mæli með því, að utanþjóðkirkjusöfnuðum sje veittur lögtaksrjettur á kirkjugjöldum sínum. Leggjum því til, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

G. Björnson, formaður. Björn Þorláksson, skrifari.

Hákon J. Kristófersson.

Ed. **640. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 22. okt. 1912 um vörutoll.

Flutningsmaður: G. Björnson.

1. gr.

Orðið »kornvörum« í 1. gr. 1. tölulið falli burtu.

Upphaf 2. málsgreinar í sömu grein orðist þannig:

Undanþegnar gjaldi þessu eru kornvörur og þær vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **641. Frumvarp**

til laga um breytingu á tolllögum fyrir Ísland 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: G. Björnson.

1. gr.

9., 10. og 11. liður 1. greinar orðist þannig:

9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar 15 aura af hverju kílógr.
10. Af alls konar brendu kaffi 20 aurar af hverju kílógr.
11. Af sykri og sírópi 5 aurar af hverju kílógr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ástæður: Í dýrtíðarnefndinni eru allir á einu máli um það, að nauðsyn beri til að auka tekjur landsins með því að leggja útflutningsgjald á matvöru, sem flutt er út úr landinu. Þessar vörnr hafa stigið stórum í verði. Þessar álögur lenda því á þeim, sem best mega við því að borga aukin gjöld í landssjóð.

Verðhækkunin á *alls konar* matvöru, innlendri og útlendri nemur *til uppjafnaðar* 50% að minsta kosti.

Dýrtíðin kemur langverst niður á þeim, sem vinna fyrir kaupi, erfiðisfólki og starfsmönnum.

Þess vegna virðist brýn nauðsyn að lækka aðflutningsgjald á aðfluttum nauðsynjavörum, einkum matvöru.

Ef þetta frumvarp yrði að lögum, mundi lækkunin á kaffitollinum nema um 69000 kr. á ári og lækkunin á sykurtollinum um 215000 kr. á ári.

Jafnframt leyfi jeg mjer að bera upp annað frumvarp um afnám korntollsins. Sá afljettir mundi nema um 20000 kr. á ári.

Tekjumissir landssjóðs yrði þá samtals nokkuð yfir 300000 kr. á ári. Það er dýrtíðaruppbót, sem fátækt fólk munar mest um.

Hins vegar mundi útflutningsgjöldin, sem farið er fram á í frumvarpi neðri deildar nema um 800000 kr. á ári og lenda aðallega á þeim sem mest hafa gjaldþolið nú. Og þar með er fenginn tekjuauki upp á ½ miljón kr. — til að standast þau bágindi, sem af dýrtíðinni geta hlotist og varna því, að landssjóður verði fjárþrota.

Nd. 642. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á frv. að flytja tímatakmarkið 1. apríl fram til 1. júní. Nefndin getur eftir atvikum fallist á þessa breytingu. Ræður hún því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

Einar Jónsson, form.	Sveinn Björnsson, ritari.
Björn Hallsson.	Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson.

Nd. 643. Framhalds-nefndarálit

um frv. til laga um dýraverndun.

Háttv. efri deild hefir gert tvær smávægilegar breytingar á frv. Nefndin getur fallist á þessar breytingar, og ræður því háttv. deild, til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

Einar Jónsson, formaður.	Sveinn Björnsson, ritari.
Björn Hallsson.	Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson.

Nd. **644. Atkvæðaskrá**

við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frumvarp eftir 2. umr. i Nd. 520.

Framhaldsnefndarálit 616.

Breytingartillögur fjárlaganefndar 583, 617 og 620 (minni hl.).

Breytingartillögur annara:

526, 527, 528, 529, 530, 531, 538, 539, 559, 560, 567, 568, 569, 579, 580, 581, 582, 584, 585, 586, 587, 588, 589, 590, 591, 592, 593, 594, 595, 596, 597, 598, 602, 604, 605, 606, 607, 609, 610, 618, 621, 622, 623, 634.

2. gr.

1. Brtt. 529.
Við 9. Fyrir: »limonade« komi:
gosdrykkir.

9. gr.

2. Brtt. 579.
Við 5. Fyrir »20000—20000« komi:
22000—22000.

11. gr.

3. Brtt. 597.
Við B. 8. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til aukins lögreglueftirlits vegna bannlaganna 5000 — 5000

12. gr.

4. Brtt. 583, 1.
Við 4. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.

5. Brtt. 583, 2.
Við 5. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Styrkveitingarnar 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.

6. Brtt. 605 (fyrri liður).
Við 15. f. Í stað 900 komi:
1500.

7. Brtt. 605 (síðari liður).
Við 15. f. Aftan við athugasemdina bætist:
Heimilt er Stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.

13. gr.

8. Brtt. 585.
Við B. III. 1. (Stykkishólmsvegur).
Í stað »8000 — .....« komi:
8000 — 6000.

9. Brtt. 593.
Við B. III. 4. liður falli burtu.

10. Brtt. 617 (fyrsti liður).
Við B. 3. 4. Fyrir »7000 — 7000« komi:
..... — 7000.

11. Brtt. 531.
Við B. III. 5. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu ... ... — 3900

12. Brtt. 561, 1.
Við C. I. Fyrir »60000—77300« komi:
75000—75000.

13. Brtt. 620.
Við C. II. Í stað »40000—40000« komi:
35000—25000.

14. Brtt. 560: 2, 1.
Við C. III. 1. Til Faxaflóabáts 10000

15. Brtt. 618.
Við Brtt. 560: 2. 2.
Til Breiðafjarðarbáta... 13500

16. Brtt. 560, 2, 2.
Við C. III. 2. Til Breiðafjarðarbáts (eða báta) 7000

17. Brtt. 609 (aðaltillaga).
Við Brtt. 560, 2, 3.
Í stað »Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5000 kr.« komi:
Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 6500

18. Brtt. 609 (varatillaga):
Við Brtt. 560, 2, 3.
»Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5000 kr.« verði:
Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5590

19. Brtt. 560, 2, 3.
Við C. III. 3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi... 5000

20. Brtt. 560, 2, 4.
Við C. III. 4. Til bátaferða á Eyjafirði 3500

21. Brtt. 580, 1.
Við Brtt. 560, 2, 4 bætist svohljóðandi athugasemd:
Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.

22. Brtt. 560, 2, 5. a.
Við C. III. 5. a. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:
Milli Vestmanneyja, Víkur og Stokkseyrar 5000

23. Brtt. 580, 2.
Við Brtt. 560, 2, 5 a, komi svohljóðandi athugasemd:
Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr., en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.

24. Brtt. 560, 2, 5. b.
Við C. III. 5. b. Milli Vestmanneyja og Rangársands... 1200

25. Brtt. 604.
Við C. III. 6. Liðurinn falli burt.

26. Brtt. 560. 2, 6.
Við C. III. 6.
Til mótorbátsferða á Hvítá í Borgarfirði... 300

27. Brtt. 560: 2, 7—8.
Við C. III. 7—8.
Til mótorbátsferða til Hvalfjarðar 400
Til mótorbátsferða á Lagarfljóti... 300

28. Brtt. 582.
Við C. III. 9. Fyrir 400 komi:
800.

29. Brtt. 560: 2, 9—10.
Við C. III. 9—10.
Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400
Til mótorbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands 300

30. Brtt. 528.
Við C. III. Í stað »mótorbátsferða« alstaðar í lið þessum og breytingartillögum við hann komi: vjelbátsferða.

31. Brtt. 622.
Við C. III. Athugasemdirnar falli burt. Í stað þeirra komi:
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi Stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:
   a, Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.
   b, Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.
   c, Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning.
   d, Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.
2. Að Stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölulið 1. a.—d.,

án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar felst á.

3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum reksturskostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er Stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum Stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett út fylt.
5. Að útgerðarmenn sendi Stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.

33. Brtt. 623.

Við C. III. Aftan við 5. lið skilyrðanna komi svohljóðandi 6. skilyrði:

Að þeir bátar undir lið C. III, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

34. Brtt. 590.

Aftan við C. III. (skilyrðin) bætist:

að þeir bátar undir lið C. III., sem hafa fasta ferðaáætlun, og halda eiga dagbók, sendi Stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.

35. **Við C. III.**

Liðurinn orðist samkvæmt atkvæðagreiðslu um tölulíði 14 til 34 hjer að framan.

36. Brtt. 583, 3.

Við D. III. Fyrir »49500 — 50000« komi:
50000 — 50000.

37. Brtt. 584.

Við D. III. Aftan við athugasemdina skal koma:
Sama er um þessa gjaldliði: 13. gr. B. II. 1, 2, 3 og 6; 13. gr. B. III. 3, 4, 7; 13. gr. B. IV, VI.

38. Brtt. 567.
Við D. IX. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
X. Af framlagi hjeraðanna til símalínunnar Sauðárkrókur—Siglufjörður endurgreiðist... ..... — 5000

39. Brtt. 583, 4.
Við E. II. 4. b. Fyrir »400 — 500« komi:
400 — 400.

40. Brtt. 583, 5.
Við E. III. Liðurinn orðist svo:
Bygging nýrra vita o. fl.
a. Straumnesviti .... — 16300
b. Malarrifsviti..... 16300 — .....
c. Bjarnareyjarviti ..... 10700 — .....
d. Selvogsviti .... — 12300
e. Akranesviti .... — 7800
Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum, að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.

14. gr.

41. Brtt. 583, 6.
Við B. I. a. Fyrir »40600 — 40100« komi:
40600 — 41000.

42. Brtt. 583, 7.
Við B. IV b. 1. Fyrir »1200 — 1200« komi:
2000 — 1200.

43. Brtt, 583, 8.
Við B. VI. 1. c. Liðurinn falli burt.

44. Brtt. 583, 9.
Við B. VI. 3. Fyrir »2500 — 2500« komi:
3000 — 3000.

45. Brtt. 583, 10.
Við B. XII. 2. Aftan við liðinn komi:
Ef fje það, sem veitt er í 14. gr. B. XII. 3, í fjárlögum fyrir 1914 og 1915,

verður eigi notað til fulls á fjárhagstímabilinu, heimilast landsstjórninni að nota afganginn á sama hátt.

46. Brtt. 583, 11.
Við B. XIV. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Samúels Eggertssonar til að gera landslagsuppdrætti ... ... 1000— ... ..

47. Brtt. 607 (fyrri liður).
Við XVII. a. Fyrir »1200 — 1200« komi:
300 — 300.

48. Brtt. 607 (síðari liður).
Við XVII. a. Eftir liðinn *a* komi nýr liður svo hljóðandi:
b. Laun þeirra feðga, Páls Erlingssonar og Erlings Pálssonar, fyrir sundkenslu þá, sem getur í *a* og fyrir að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund 1200 — 1200

49. Brtt. 559.
Við B. XIII. b. Aftan við þann lið bætist nýr liður:
c. Til ungfrú Hólmfríðar Árnadóttur til kveldskólahalds í Reykjavík ... 800 — 800

15. gr.

50. Brtt. 586.
Við 3. a. Aftan við liðinn bætist:
Persónuleg launaviðbót 700—700.

51. Brtt. 587.
Við 15. Liðurinn falli burt.

52. Brtt. 526, 1.
Við 17. 1. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna.

53. Brtt. 526, 2.
Við 17. Fyrir: »12,000 — 12,000« komi:
10,000 — 10,000.

54. Brtt. 617, 2.
Við 17. Fyrir: »12,000 — 12,000« komi:
11,000 — 10,000.

55. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Einars skálds Hjörleifssonar 1200

56. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Guðmundar skálds Friðjónssonar ... 600

57. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Guðmundar skálds Guðmundssonar ... 1200

58. Brtt. 539. (Varatillaga).
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Guðmundar skálds Guðmundssonar ... 1000

59. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Guðmundar skálds Magnússonar ... 1200

60. Brtt. 539. (Varatillaga).
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Guðmundar skálds Magnússonar ... 1000

61. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
sjera Valdimars Briem 800

62. Brtt. 621.
Við Brtt. 539.
Við síðasta nafnið á tillögunni: Þar skal standa:
Til Einars Jónssonar frá Galtafelli ekki minna en 2000.

63. Brtt. 539.
Við 17. Á eftir þessum lið komi:
Þar af hvort árið til:
Einars Jónssonar 1500.

64. Brtt. 592.
Við 17. Eftir liðnum komi:
Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje: einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins, og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.

65. Brtt. 602.
Við 18. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til Brynjólfs Þórðarsonar til þess að stunda nám í málaralist ... ... 1000— .....

66. Brtt. 568 (aðaltillaga).
Við 23. Í stað »3000« komi:
1000.

67. Brtt. 568 (varatillaga).
Við 23. Í stað »3000« komi:
1500.

68. Brtt. 596.
Við 23. Aftan við liðinn bætist:
Til Theódórs Árnasonar, til þess að fullkomna sig í fiðluspili .. .. 1000 — 1000

69. Brtt. 583, 12.
Við 31. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Age Meyer Benedictsen til að koma út á dönsku ritgerð G. Björnson landlæknis í álitsskjali fánanefndarinnar ... ... 500 — .....

70. Brtt. 538.
Við 34. Fyrir »1500—1500« komi:
1800—1800.

71. Brtt. 581, (aðaltillaga).
Á eftir 35. lið komi svolátandi nýr liður:
Til Einars skrifstofustjóra Þorkelssonar, til þess að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi ... ... 800 — 800

72. Brtt. 581, (varatillaga).
Á eftir 35. lið komi svolátandi nýr liður:
Til Einars skrifstofustjóra Þorkelssonar, til þess að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi ... ... 600 — 600

73. Brtt. 598:
Eftir 35. lið komi nýr liður svo látandi:
Til Jakobs Jóhannessonar til þess að safna til og semja íslenska setningafræði (syntaxis) ... ... 600 — 600

74. Brtt. 617 (síðasti liður).
Við 35. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að koma á kenslu í hraðritun ... ... 800 — .....

75. Brtt. 588.
Við 36. Liðurinn falli burt.

16. gr.

76. Brtt. 583, 13.
Við 2. Fyrir »22000—22000« komi:
... — 22000.

77. Brtt. 610.
Við 2. Við úthlutun styrksins til búnaðarfjelaganna 1917 skal, auk jarðabótanna, er gerðar voru 1916, einnig taka tillit til jarðabóta þeirra, er gerðar hafa verið 1915, ef þær hafa verið mældar 1916, og skýrsla um þær send Stjórnarráðinu á venjulegum tíma það ár.

78. Brtt. 589.
Við 3 b. Liðurinn falli burt.

79. Brtt. 583, 14.
Við 7 d. Liðurinn orðist svo:
Til dýralækninganáms erlendis ... . 1200 — 600

80. Brtt. 527.
Við 9. a. Fyrir »brúttó« komi:
öllum.

81. Brtt. 583, 15.
Við 15. Fyrir »5000—5000« komi:
20000—20000.

82. Brtt. 530.
Við 16. Liðurinn orðist þannig:
Til Fiskifjelags Íslands ... ... 20000—20000
gegn því, að fjelagið haldi uppi kenslu á Ísafirði handa skipstjóraefnum á smáskipum.

83. Brtt. 583, 16.
Við 21. a. Fyrir »1200—« komi:
1500—.....

84. Brtt. 606, 1.
Við 22. bætist þessi athugasemd:
Styrkur þessi skiftist milli Heimilisiðnaðarfjelags Íslands og Heimilisiðnaðarfjelags Akureyrar að tiltölu við það, sem hvort fjelag leggur til sjálft.

85. Brtt. 583, 17 og brtt. 606, 2.
Við 33. Aftan við athugasemdina við liðinn bætist:
og landsverkfræðingurinn áliti að verkið komi að tilætluðum notum.

86. Brtt. 583, 18 (fyrri málsliður).
Við 38. Fyrir »2000—« komi:
1000—.....

87. Brtt. 583, 18 (síðari málsliður).
Við 38. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
gegn því sem á vantar annarstaðar að, enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

88. Brtt. 594.
Við 38. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til kolanámurannsókna á Vestfjörðum . ... 15000—10000
Rannsóknirnar fari fram undir umsjón námuverkfræðings.

18. gr.

89. Brtt. 583, 19.
Orðin »viðbót við eftirlaun prestsekkju Ástu Þórarinsdóttur 129,44 kr.« falli burt.

90. Brtt. 569.
Á eftir »til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar 400 kr.« komi:
Til barnakennara Benedikts Þorkelssonar ... ... kr. 100 — .....

21. gr.

91. Brtt. 583, 20.
Við 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
11. Úr Viðlagasjóði má lána Jósep Blöndal stöðvarstjóra 6000 kr. til byggingar póst- og símahúss á Siglufirði, gegn tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

92. Brtt. 595.

Við 10. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Hjálpræðishernum alt að 25,000 kr. byggingar gistihúss og sjómannahælis í Reykjavík gegn 1. veðrétti í húsinu með lóð. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

22. gr.

93. Brtt. 591.

Aftan við síðasta lið greinarinnar bætist:

Landstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 10,000 króna lán fyrir Flóabátsfjelag Breiðafjarðar til vjelskipskaupa.

94. Viðaukatill. 634.

Við Brtt. 591.

Aftan við bætist:

Þó svo að fulltrygt hlutafje fjelagsins nemi eigi minna en 45% af verði hins fyrirhugaða vjelarbáts.

Nd. **645. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar, og hefir að eins gert á því þá einu breytingu, að þóknun til vigtarmanna skuli ákveðin af lögreglustjóra í stað þess, að vjer höfðum lagt til, að um það rjeði samkomulag milli vigtarmanna og þeirra, sem þá notuðu.

Vjer álítum þetta gersamlega þýðingarlaust atriði, eitt út af fyrir sig, og ráðum því háttvirtri deild, til að samþykkja frumvarpið eins og það nú kemur frá háttv. efri deild.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

G. Eggerz. formaður. Matth. Ólafsson, skrifari.

M. J. Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Þórarinn Benediktsson.

Sigurður Gunnarsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

22. gr.

Nd. **646. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu frá meiri hluta fjárlaganefndar á þgskj. 634.

Flutningsm. Bjarni Jónsson frá Vogi og Sigurður Gunnarsson.

Í stað »45%« komi:
40%.

13. gr. C. III. 2.

Nd. **647. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 618.

Flutningsm. Sigurður Gunnarsson.

Til vara:
Til Breiðafjarðarbáta . . . . . 12000 — 12000.

Nd. **648. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

Flutningsm.: Eggert Pálsson.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Þá er skjöl þau, sem um ræðir í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd af embættismanni, sem til þess er bær, á hann að sjá um, að þau sjeu stimpluð, eins og fyrir er mælt í lögum þessum, á kostnað þess manns, sem biður um að skjalið sje útgefið eða afgreitt.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur búa til stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð

og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hvernig haga skuli sölu á stimpilmerkjum. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við söluna.

Stjórnarráðið hefir heimild til þess að láta búa til pappír með áletruðu stimpilmerki og má nota hann í stað stimpilmerkja.

3. gr.

Engin áhrif hefir það á stimpilskylduna, hvenær eða hvar skjal er útgefið, eða hvar útgefandi á heima. Við útreikning stimpilgjaldsins gilda þessar almennu reglur:

a. Þegar stimpilgjald skal reikna sem hundraðsgjald eftir verðhæð skjalsins, færist það niður í tölu, sem er deilanleg með 5, en má þó eigi vera minna en 10 aurar.
b. Hljóði skjalið um vöru, skal farið eftir almennu verðlagi, þar sem samningar fara fram.
c. Í afsals- og afhendingarskjölum og leigusamningum, sem þinglesin eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leigumála eða andvirðið, sem fyrir rjettindin kemur.

   Nú inniheldur stimpilskylt skjal eigi nægilegar upplýsingar um verðmæti skjalsins, og getur valdsmaður þá heimtað af samningsaðilum nákvæmari upplýsingar eða álit þeirra um það, eins og þeir hyggja sannast og rjettast, og afgreiðir hann eigi skjalið fyr en hann hefir fengið þær upplýsingar í þessu efni, er honum þykir nægja.
d. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, skal þá stimpilgjaldið reiknað af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, skal stimpilgjaldið vera af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

   Ef greiðsla er áskilin um æfitíð einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu fimmföldu; ef árgjaldið er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

II. Um stimpilgjald einstakra skjala.

4. gr.

Með $^1/_2$% af verðhæðinni skal stimpla neðangreind skjöl:

a. *Afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum,* þar með talin afsöl við fógetagjörðir, skifti eða uppboð, svo og öll önnur skjöl um afsal fasteigna og skipa, hvort heldur eru kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventu-

samningar eða önnur slík skjöl. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita kaupanda rjett til að selja og veðsetja eignina. Ef giftingarvottorð, erfðaskrá eða önnur slík skjöl, eru þinglesin sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema því að eins, að endurgjald sje áskilið til meðerfingja eða annara, því þá skal reikna stimpilgjald sem að framan greinir eftir endurgjaldinu.

Að öðru leyti skal reikna stimpilgjaldið fyrir öll slík heimildarskjöl eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í afsalsbrjefinu. Með kaupverðinu skal telja veðskuldir og aðrar kvaðir, sem kaupandi eða rjettþegi tekur að sjer. Föst kúgildi teljast með í kaupinu eða afsalinu, en fylgi því annar fjenaður eða lausafje, og verðhæð þess er sönnuð áður en skjalið er þinglesið, skal ekkert stimpilgjald greiða af því.

Þegar kaupsamningur er þinglesinn, má þinglesa afsalsbrjef til sama kaupanda án þess það sje stimplað á ný. Ef heimildarbrjef er framselt, er það skoðað sem sjerstakt afsalsbrjef og stimplað svo.

b. *Byggingarbrjef og leigusamninga* um fasteignir og skip, eftir þeim reglum, sem segir í 3. gr. d. Ef áskilinn er uppsagnarfrestur til þess, að leigumálar falli niður, álíst samningurinn gerður um óákveðinn tíma. Framsal á slíkum rjettindum skal stimpla eins og segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

c. *Skjöl, sem heimila rjett til fiskiveiða, eða veiðirjettindi, leggja ítök, ískyldur eða kvaðir á annars manns fasteign,* ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjald eftir endurgjaldinu. Ef ekkert endurgjald er greitt eða áskilið, skal stimpla skjalið sem yfirlýsingu. Framsal á þessum rjettindum skal stimpla á sama hátt, sem segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.

d. *Erfðaskrár.* Um leið og látið er tilkynt skiftaráðanda, skal hann grenslast eftir því, hvort erfðaskrá sje til, og ef svo er, gera ráðstafanir til, að hún sje send sjer þegar í stað ásamt öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að ákveða stimpilgjaldið, en það skal gert þannig: gjaldið skal reiknað eftir þeirri upphæð, sem samkvæmt erfðaskránni fellur til arfs, að frádreginni þeirri upphæð, sem að lögum hefði fallið í arf til hvers einstaks erfingja eða gjafþega. Minsta stimpilgjald er þó 2 krónur.

Ákvæði um að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gerð.

Um dánargjafir og gjafarfa gilda sömu reglur sem um erfðaskrár.

Eftirlátnar eigur arfleiðanda skal reikna til stimpilgjalds á sama hátt sem til erfðafjárgjalds. Stimpilgjaldið greiðist einungis einu sinni, eftir þeim erfðaskrár-ákvæðum, sem gilda við andlátið, jafnvel þó þau standi í fleiri skrám en einni. Gjaldið hvílir sameiginlega á öllum erfingjum, einum fyrir alla og öllum fyrir einn, en að öðru leyti hvílir skyldan, nema öðru vísi sje ákveðið í erfðaskránni, á hverjum erfingja út af fyrir sig, hlutfallslega við það, sem honum hlotnast eftir henni, fram yfir þann arf, sem honum hefði borið að lögum. Ef einn eða fleiri menn hafa með erfðaskránni hlotið rjett til að njóta vaxta eða þegið gjafir, skal skiftaráðandi ákveða, hvernig skifta skuli stimpilgjaldi milli þeirra, þó þannig, að

sá sem er óánægður með úrskurð hans, getur skotið málinu til Stjórnarráðsins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Stimpilgjaldið skal greiða um leið og erfðafjárgjaldið; afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip er skrásett; erfðaskrár, þegar arfleiðandi deyr, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

5. gr.

Með $^1/_4$% af verðhæðinni skal stimpla þessi skjöl:

a. *Kaupmála* um leið og þeir eru staðfestir, eða þegar staðfestingar þarf eigi, þá þegar þeir eru þinglesnir. Stimpilgjaldið skal reikna eftir verðhæð þess, sem haldið skal utan fjárfjelags af annars eða beggja hálfu.

b. *Fjelagssamninga* um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. Gjaldið skal reiknað eftir upphæð alls þess fjár, sem aðiljar leggja í fjelagið, en er þó eigi, þegar staðfestingar er leitað, lægra en 10 krónur. Sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar eða umráða, skal þó reikna stimpilgjaldið $^1/_2$% af verðhæðinni, en þegar svo á stendur, má þó þinglesa samninginn eða skrásetja hann sem eignarheimild án frekara stimpilgjalds. Nú leggur einn aðili fram peningaupphæð eða peningaígildi, en annar persónulega vinnu, og skal þá meta hana jafna peningaframlaginu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum; sjeu peningaframlög mismunandi, skal telja vinnuna jafna lægsta framlaginu. Nú hljóðar samningur eigi um nein framlög, heldur að eins um persónulega vinnu aðilja í einhverjum arðsömum tilgangi, og skal þá stimpla hann með 10 krónum.

Ef aðiljar leysa upp fjelag sitt og skjal um það er þinglesið eða skrásett sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal stimpla það sem eignarskjal, ef fasteignin eða skipið fellur til annars en þess, sem eftir stimpuðu heimildarskjali hefir lagt það í fjelagið, ella stimplast skjalið sem yfirlýsing.

c. *Skuldabrjef og veðskuldabrjef*, sem eru þinglesin með tryggingu í fasteign, skipi, eða lausafje, svo og kyrsetningar- og aðfarargjörðir, svo framarlega, sem fasteign hefir eigi verið lögð út til eignar.

Stimpilgjaldið skal reikna eftir upphæð skjalsins. Sje veðrjettur stofnaður fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

d. *Framsal á skjölum þeim*, sem nú voru nefnd undir slaflið c, ef framsalið er þinglesið, hvort sem framsalið er ritað á sjálft skjalið eða á sjerstakt skjal. Stimpilgjaldið skal reikna eftir þeirri skuldarupphæð, sem framseld er, eða veðrjetti þeim, sem framseldur er.

e. *Yfirfærslu á skyldum skuldunauts til annars*, ef skjalið er þinglesið, jafnvel þó yfirfærslan sje rituð á skjal, sem áður hefir verið stimplað.

Ef stimpilskylt eignar- eða heimildarbrjef skyldar kaupanda til þess að taka að sjer veðskuldir, eða á annan hátt að greiða nokkurn hluta kaupverðsins til seljanda eða þriðja manns, og veðbrjef um þessa skyldu er eigi þinglesið, skal stimpla heimildarbrjefið að þessu leyti sem veðskulda-

brjef, en þá má síðar þinglesa veðbrjefið án frekara stimpilgjalds. Nú er kaupsamningur þinglesinn, sem skyldar kaupanda til þess að greiða af kaupverðinu, áður en afsalsbrjef er gert, og skal þá ekkert stimpilgjald greiða, nema samningurinn sje sjerstaklega þinglesinn sem veðbrjef að þessu leyti.

6. gr.

Eftirnefnd skjöl og brjef skal stimpla með föstu gjaldi:

a. *Yfirlýsingar,* sem eru þinglesnar eða skrásettar, skal stimpla með einni krónu, ef þær falla ekki undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.

b. *Borgarabrjef til verslunar* með 10 krónum; borgarabrjef handiðnamanns eða skipstjóra með 5 krónum. Sveinsbrjef með 2 krónum. Málafærslumannsleyfi með 20 krónum.

c. *Leyfisbrjef sem Stjórnarráðið* eða *valdsmenn* gefa út, skal stimpla svo sem hjer segir:

Einkaleyfis veitingabrjef með 50 krónum.

Leyfisbrjef sem veita *undanþágu* frá skilyrðum, sem sett eru í einkaleyfisveitingabrjefum með 25 kr. *Vígslubrjef* með 1 kr.; önnur leyfisbrjef með 2 kr.

d. *Embættisveitingabrjef* eða sýslanabrjef, sem Stjórnarráð, sýslumenn, bæjarstjórnir eða önnur stjórnarvöld veita, stimplast þannig: Ef árslaunin ekki eru yfir 1000 kr. með 2 krónum, ef launin eru frá 1000 kr. til 2000 kr. með 4 kr., ef þau eru frá 2000 kr. til 3000 kr. með 8 kr., ef þau eru frá 3000 kr. til 4000 kr. með 12 kr., og sjeu þau þar yfir (4000 kr.) með 16 kr.

e. *Mælingabrjef* skipa frá 12—30 tons með 1 kr., frá 30—100 tons með 2 kr. og sjeu þau þar yfir með 5 kr.

f. *Sáttakærur, fyrirköll, stefnur og innlegg fyrir undirrjetti og prófastsrjetti,* skal stimpla með 50 aurum, um leið og þau eru lögð fram í rjettinn. Útdrætti, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr dómsmálabókum, skiftabókum, uppboðs- eða notarialbókum, veðbókum, skipaskráningarbókum, firmaskránni og vörumerkjaskránni, skal stimpla með 50 aurum. Sama stimpilgjald skal greiða fyrir notarialgjörðir og notarial-vottorð, hvers konar sem eru, þar á meðal notarialvottorð um undirskrift, um stefnubirtingu, afsögn á víxli o. s. frv.

Fullkomnar dómsgjörðir eða aðrar rjettargjörðir in forma fyrir hjeraðsrjetti stimplast með 2 kr. Þingsvitni stimplast með 1 kr. Stimpilfrjáls eru þó þingsvitni, sem tekin eru til þess að öðlast verðlaun fyrir björgun frá druknun, eða þegar slys ber að höndum. Stefna og innlegg til yfirrjettar, skipaðra (commissios) dómstóla og synodalrjettar, stimplast með 2 kr. við framlagninguna. Dómsgjörðir frá sömu rjettum með 4 kr.

Í opinberum málum og barnsfaðernismálum greiðist ekkert stimpilgjald. Í gjafsóknarmálum er gjafsóknarhafi undanþeginn því að greiða stimpilgjald bæði við rekstur málsins og fyrir útskriftir þær og vottorð, er hann kann að þurfa til upplýsingar í málinu. En verði hinn málsaðili

dæmdur til þess að greiða honum málskostnað, skal hann einnig skyldur til þess að greiða þau stimpilgjölp, er greiða hefði átt, ef málið hefði ekki verið gjafsóknarmál.

g. *Löggiltar verslunarbækur* stimplast með 2 krónum.

h. *Útnefningar utanrjettar* stimplast með 1 krónu.

7. gr.

Öll önnur skjöl en þau, er nú hafa verið nefnd, eru stimpilfrjáls; svo eru og undanþegnar stimpilgjaldi þær bækur, brjef og skuldbindingar, sem um getur í 14. gr. laga nr. 11., 7. júní 1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Þegar skjal, sem þegar er stimplað eftir einhverri af reglum þeim, sem að framan greinir, verður stimpilskylt á ný eftir annari reglu, t. a. m. þegar veðskuldabrjef, sem er undirskrifað í viðurvist notari er afhent til þinglesturs, þá skal skjalið stimplast að fullu eftir báðum reglum. Hinsvegar er skjal, sem þegar er stimplað við þinglestur þess eða skrásetning, ekki stimpilskylt á ný, þó það eða samrit af því sje þinglesið eða skrásett í öðrum lögsagnarumdæmum, og heldur eigi þó það vegna áteiknunar verði á ný afgreitt af yfirvaldi, nema áteiknun sje framsal eða á annan hátt hafi sjálfstæða stimpilskyldu í för með sjer.

III. Ýms ákvæði.

8. gr.

Þegar skjal, sem er stimpilskylt samkvæmt framanskráðum reglum, er efhent embættismanni, skal hann skýra hlutaðeiganda frá upphæð stimpilgjaldsins, eða ef ekki er hægt að reikna það út, heimta þegar nauðsynlegar upplýsingar í því efni. Skal það vera aðalregla að greiða stimpilgjaldið þegar í stað. Nú er stimpilgjald eigi greitt þegar í stað, og má eigi synja um stimplun skjalsins og afgreiðslu að heldur, ef það getur valdið hlutaðeiganda rjettarmissis eða verulegra óþæginda, og skal þá embættismaður annast um innheimtu stimpilgjaldsins eftir á. Heldur eigi má fresta afgreiðslu skjals af því að embættismaður tortryggir upplýsingar þær, er liggja til grundvallar fyrir verðhæðinni, en þegar svo stendur á, getur hann látið virðingu fram fara af útnefndum mönnum. Meti þeir verðmæti skjalsins að minsta kosti 10% hærra en skýrt var frá, skal sá, er stimpilskyldan hvílir á, borga virðingarkostnaðinn, ella greiðist hann úr landssjóði.

9. gr.

Nú verður það uppvíst, að verðhæð skjals, sem er stimpilskylt, er sett lægri en rjett er, til þess að svíkjast undan gjaldi, eða ósannar skýrslur eru

vísvitandi gefnar í sama skyni, og skal þá greiða fult gjald, og auk þess sekt, er sje að minsta kosti fimmfalt hærri en stimpilgjaldið. Sektina ákveður lögreglustjóri með úrskurði, er áfrýja má til yfirrjettar.

Sömu ábyrgð skal sá sæta, sem til þess að komast undan stimpilgjaldi á erfðaskrá, lætur fyrirfarast að leggja hana fram í skiftarjetti við andlát arfleiðanda.

10. gr.

Sektir og ógoldin stimpilgjöld má taka lögtaki. Gjöld þessi hafa sama forgöngurjett, sem önnur gjöld til landssjóðs.

Sá einn svarar til sekta, er gerst hefir sekur í brotinu.

Þegar um einkaskjöl er að ræða, bera þeir ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, útgefandi skjalsins, viðtakandi og sá, sem beiðist afgreiðslu hlutaðeigandi stjórnarvalds á því. Þá er um önnur skjöl er að ræða, ber sá ábyrgð á greiðslunni, sem biður um afgreiðslu. Sektirnar renna í landssjóð. Stjórnarráðið getur fært sekt niður eða enda látið hana falla alveg niður, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

11. gr.

Ákvörðunum þeim og úrskurðum, sem yfirvöldin gera um stimpilskylduna, má áfrýja til Stjórnarráðsins, en þó er eigi að síður heimilt að leggja málið fyrir dómstólana.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 19.. Þau gilda um allar opinberar afgreiðslur, sem stimpilskylda er bundin við, ef afgreiðslu er beiðst eftir þann dag, og stendur þá á sama, hvenær skjalið er gert og samið. Þegar stimpilfrjáls skjöl eru afhent til afgreiðslu vegna framsals eða áteiknana, skal reikna stimpilgjaldið eingöngu eftir framsalinu og áteiknaninni.

Ed. **649. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
16. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 11,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500	18,500	18,500	37,000
17. Óvissar tekjur	20,000	20,000	40,000
Samtals	1,836,500	1,896,500	3,733,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,200 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls ...	15,000	15,000	30,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	3,000	3,000	6,000
4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands	10,000	10,000	20,000
Samtals...	28,100	28,100	56,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 283,400 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . ... Af eftirstöðvum símaláns Búðahrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.	52,000	49,500	101,500
2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs ...	11,475	11,475	22,950
3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar kr. 110,000...	4,950	4,950	9,900
4. Leigur af bankavaxtabrjefum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	45,000	44,050	89,050
5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	15,000	15,000	30,000
6. Vextir af innstæðum í bönkum	3,000	3,000	6,000
7. Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða...	10,000	14,000	24,000
Samtals...	141,425	141,975	283,400

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 15,600 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	1,800	1,800	3,600
Flyt...	1,800	1,800	3,600

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	1,800	1,800	3,600
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	1,000	1,000	2,000
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur. ...	5,000	5,000	10,000
Samtals...	7,800	7,800	15,600

6. gr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1916 og 1917 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,498,306 kr. 92 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 491,221 kr. 12 a.

	1916.	1917.	Alls.
I. Vextir:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur kr. 500,000 tekið 1908 til 15 ára, til símalagningar	11,666,66	10,333,34	
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1,500,000 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	52,440,38	50,187,56	
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn kr. 250,000 tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	10,218,75	9,843,75	
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum kr. 500,000 tekið 1912 til 15 ára vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	18,000	16,500	
Flyt...	92,325,79	86,864,65	

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	92,325,79	86,864,65	
5. Ritsímalánið 1913 4½% og endurborgun á 30 árum tekið hjá stóra norræna ritsímafjelaginu...	21,653,23	21,249,04	
6. Viðskiftagjald af láni til að kaupa ritsíma Reykjavíkur	480,00	480,00	
	114,459,02	108,593,69	223,052,71
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33,333,33	33,333,34	
2. — — — 1909	50,000,00	50,000,00	
3. — — — 1912	8,333,33	8,333,33	
4. — — — 1912	33,333,34	33,333,33	
5. — — — 1913	8,882,11	9,286,30	
	133,882,11	134,286,30	268,168,41
Samtals...	.....	.....	491,221,12

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 117,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra: kr.			
a. Laun... 8,000			
b. Til risnu 2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	3,000	3,000	6,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	22,000	22,000	44,000
6. Til landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að...	5,500	5,500	11,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1,500	1,500	3,000
Samtals...	58,500	58,500	117,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o.fl. eru veittar 297,990 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn:				
1.	Laun:				
	a. Til dómara og sýslumanna.		67,300	67,300	
	b. Til hreppstjóra...		8,000	8,000	
2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...		1,400	1,400	
3.	Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður...		5,195	5,195	
4.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.		5,100	5,100	
			86,995	86,995	173,990
	B. Ýmisleg útgjöld.				
1.	Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:				
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450	450		
	b. Til pappírs og prentunar..	6,000	6,000		
	c. Til kostnaðar við sending með póstum	1,200	1,200		
	d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að	500			
				8,150	7,650	
2.	Hagstofa Íslands:				
	a. Laun hagstofustjóra.. ...	3,000	3,000		
	b. — aðstoðarmanns ...	2,500	2,500		
	c. Pappir, prentun og hefting hagskýrslna	3,500	3,500		
	d. Prentun eyðublaða ...	1,000	1,000		
	e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800	800		
	f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	800	800		
	g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að	1,000			
				12,600	11,600	
3.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	6,000	6,000		
	Flyt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990
	b. Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti eða samtöl	8,000	8,000			
				14,000	14,000	
4.	Brunaábyrgðar- sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar..			4,000	4,000	
5.	Til embættiseftirlitsferða			2,000	2,000	
6.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum			300	300	
7.	Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.			8,000	8,000	
8.	Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...			1,000	1,000	
9.	Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...			200	200	
10.	Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			12,000	12,000	
11.	Til að útvega peningaskáp handa sýslumannsembættunum í Stranda-,Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu			1,000	.....	
				63,250	60,750	124,000
	Samtals...			.....	.....	297,990

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 421,555 kr. 80 aurar.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81,200	81,200	162,400
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis til hvors hrepps 300 kr.	600	600	1,200
Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum og fellur niður í Árneshreppi þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhjerað.			
3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.			
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
Styrkveitingarnar í 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.			
6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	85,500	85,500	171,000

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	85,500	85,500	171,000
8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
9. Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að	3,500	.....	3,500
10. Holdsveikisspítalinn...	37,821,40	37,521,40	75,342,80
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	1916	1917	
	kr. a.	kr. a.	
1. Laun...	6,000	6,000	
Þaraf 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.			
2. Viðurværi 76 m. ...	16,921,40	16,921,40	
3. Klæðnaður...	1,400	1,400	
4. Meðul og sáraumbúðir	1,800	1,800	
5. Eldsneyti	4,500	4,500	
6. Ljósmeti	700	700	
7. Húsbúnaður og áhöld	1,500	1,200	
8. Viðhald á húsum ...	1,500	1,500	
9. Þvottur og ræsting...	800	800	
10. Greftrunarkostnaður..	200	200	
11. Skemtanir...	400	400	
12. Skattar o. fl.... ...	1,300	1,300	
13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ———	800	800	
	37,821,40	37,521,40	
Flyt...	127,821,40	124,021,40	251,842,80

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	127,821,40	124,021,40	251,842,80
11.	Geðveikrahælið á Kleppi.		25,856,50	25,856,50	51,713
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	kr. a.			
	A. Laun læknis	2,700			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna	3,950			
	2. Viðurværi 86 manns 60 a. á dag	18,834			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,950			
	4. Meðul og umbúðir	500			
	5. Ljós og hiti...	4,800			
	6. Viðhald og áhöld..	3,200			
	7. Þvottur og ræsting	1,000			
	8. Skemtanir	350			
	9. Skattar m. m.	1,000			
	10. Óviss útgjöld	800			
		39,084			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 63 sjúklingum 50 a. á dag	kr. 11,497,50			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu.. ...	1,000	13,227,50		
		Mismunur...	25,856,50		
12.	Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið		5,000	5,000	10,000
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag..		35,000	35,000	70,000
14.	Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum		5,000	.....	5,000
15.	Önnur útgjöld:				
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla... ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,200			
		Flyt... 4,200	198,677,90	189,877,90	388,555,80

		1916.	1917.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	4,200	198,677,90	189,877,90	388,555,80
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs	3,000			
c. Bólusetningarkostnaður..	1,000			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4,000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar..	1,500			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
Heimilt er stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.				
g. Styrkur til sjúkrasamlaga	600			
h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis alt að ...	800			
i. Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn hvort árið...	400			
		16,500	16,500	33,000
Samtals...		215,177,90	206,377,90	421,555,80

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,463,360 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun: kr.			
a. Póstmeistara 4,000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík 7,600			
2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur 24,000			
c. Brjefhirðingarmanna 8,500			
	44,100	44,100	
2. Póstflutningur ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.	68,000	68,000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... kr. 7,000			
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að 3,000			
c. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur 2,500			
d. Önnur gjöld 9,000			
	21,500	21,500	
	133,600	133,600	267,200
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:			
	1916	1917	
1. Verkfræðingur landsins:	kr.	kr.	
a. Laun	3,600	3,600	
b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings.	400	400	
Flyt...	4,000	4,000	 267,200

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	4,000	4,000	.....	.....	267,200
c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	500	500			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	4,000	4,300			
Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. Sbr. 16. gr. 3.					
3. Skrifstofukostnaður	900	700			
4. Til eftirlits með vegaviðhaldi	200	200	9,600	9,700	
II. Flutningabrautir:	kr.	kr.			
1. Borgarfjarðarbraut ...	2,000				
2. Húnvetningabraut	25,000	15,000			
3. Skagfirðingabraut	»	10,000			
4. Eyjafjarðarbraut	»	2,000			
5. Reykjadalsbraut	5,000				
6. Grímsnesbraut	15,000	15,000			
7. Viðhald flutningabrauta	11,000	11,000	58,000	53,000	
III. Þjóðvegir:	kr.	kr.			
1. Stykkishólmsvegur ...	8,000	6,000			
2. Milli Hvítár og Örnólfsdalsár	4,000	»			
3. Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	»	10,000			
4. Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	»	7,000			
5. Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði	3,000				
6. Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu	»	3,900			
Flyt...	15,000	26,900	67,600	62,700	267,200

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	15,000 26,900	67,600	62,700	267,200
6.	Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi...	78,000			
	Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má fresta framkvæmdum verksins.				
7.	Hróarstunguvegur	7,000 7,000			
8.	Aðrar vegabætur og viðhald	16,000 16,000			
			116,000	49,900	
IV.	Fjallvegir.		4,000	4,000	
V.	Til áhalda		2,000	2,000	
Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (Stjsk. 1903 § 9). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sje því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (Stjsk. 1903 § 9) og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

26. gr.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verður aftur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjsk. 1903 § 9).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

27. gr.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um breytingu á stjórnarskránni.

Lagafrumvarp, er felur í sjer tillögu um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sjer tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sje hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

28. gr.

Feld frumvörp.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

29. gr.

Þingsályktunartillögur.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minsta kosti 1 nótt síðar, ályktar deildin eða þingið eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (23. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hjer á undan í grein þessari. Sje henni breytt þar, skal hún lögð þar fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum, og hafa tvær umræður um þær.

30. gr.

Ávarp.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

31. gr.

Fyrirspurnir.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (Stjsk. 1874 § 37), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sje forseta, og skal prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi, jafnframt því að forseti skýrir frá henni. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

32. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er. **Breytingartillögur.**

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlýta þeim úrskurði.

Breytingartillögur þingmanna við fjárlögin, þær er fara fram á aukin útgjöld, og mælir fjárveitinganefnd í móti, þurfa $^2/_3$ greiddra atkvæða til þess að ná fram að ganga.

IV. Fundarsköp.

33. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unt er, og metur hann nauðsynina. **Fundarsetning o. fl.**

Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki.

Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.). Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borist eða útbýtt hefir verið. Þá er gengið til dagskrár.

34. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu. **Þingmaður tekur til máls.**

35. gr.

Hve oft þingmaður má taka til máls við umræðu.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa, og til þess að bera af sjer sakir.

Ráðherra eða umboðsmaður hans mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

36. gr.

hverri röð þingmenn taka til máls.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiftist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrjetting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

37. gr.

Krafa um að umræður hætti.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

38. gr.

Upplestur.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

39. gr.

Þingmenn gæti reglu.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sje góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlje á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

40. gr.

Afturköllun.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

41. gr.

Máli vísað til ráðherra.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (Stjsk. 1903 § 12).

42. gr.

Einföld dagskrá.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sje vísað frá eða frestað um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa. Heimilt er og þingmanni að krefjast þess að gengið sje til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því að eins gert, ef $^2/_3$ fundarmanna eru því samþykkir.

Rökstudd dagskrá.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

43. gr.

Dagskrá.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eftir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sje látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sje farið fram á, að mál sje tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sje hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 54. gr.

44. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði (Stjsk. 1903 § 11).

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (53. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

45. gr.

Skifting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skift og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls, áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sje skift, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á að skifta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 32. gr.).

Þó þarf ekki að koma fram með þá tillögu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

46. gr.

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall. Leynileg atkvæðagreiðsla.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir sjeu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sje út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.—26. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður rjettir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sje hvorki samþykt nje felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

47. gr.

Afl atkvæða.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).

En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.

48. gr.

Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning), ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess. **Kosning óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt) Kjörmiði ógildur.**

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eftir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B, o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B, o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

49. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að öllum utanþingsmönnum sje vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert, og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. (Stjsk. 1874 § 40). **Fundir í heyranda hljóði.**

50. gr.

Áheyrendur. Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á, að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

V. Ýmisleg ákvæði.

51. gr.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns. Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings. (Stjsk. 1874 § 38).

52. gr.

Alþingistíðindi. Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

53. gr.

Þingsafglöpun og þingvíti. Ef þingmaður talar óvirðulega um konunginn eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum, eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: »Þetta er vítavert«, og nefna þau ummæli, sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti með samþykki fundarins svifta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar til atkvæða er gengið, eða neitar að greiða atkvæði við nafnakall eða leynilega atkvæðagreiðslu, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag. Sama þingvíti liggur við broti á fyrirmælum 39. gr.

54. gr.

Afbrigði frá þingsköpum. Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi, má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða um-

boðsmaður hans leyfir, og $^{3}/_{4}$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi 10. nóvbr. 1905.

Nd. **667. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Við 11. gr.

Á eftir »Alþingistíðindanna« í síðari málsgrein 11. gr. komi:
lesa prófarkir af þeim.

2. Við 16. gr.

Orðin: »og skal ritarinn vera framsögumaður.
Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls« í 9. og 10. málsgrein 16. greinar, falli burt.

3. Við 23. gr.

Aftan við greinina komi:
og skal leita atkvæða um frumvarpið í heild sinni með nafnakalli.

4. Við 32. gr.

Á eftir »þurfa« í síðustu málsgrein 32. greinar komi:
við þriðju umræðu fjárlaganna.

Ed. **668. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóv. 1913.

Nefndin, sem háttv. Ed. skipaði til þess að íhuga mál þetta, hefir athugað öll þau skjöl, sem lágu fyrir þinginu 1913 og það, sem síðar hefir gerst í málinu. Og til þess að geta kynt sjer málið sem best, fóru allir nefndarmennirnir til Vestmannaeyja og athuguðu hafnarstæðið með aðstoð umsjónarmanns hafnargerðarinnar, verkfræðings A. L. Petersens. Enn fremur fjekk

nefndin í þessari ferð upplýsingar hjá verkfræðingi verktakanda, hr. Þórarni Kristjánssyni.

Samkvæmt áætlun þeirri, er lá fyrir þinginu 1913, átti hafnargerðin að kosta kr. 249,300. Meðan á þingi stóð kom fram tilboð frá N. C. Monberg um að framkvæma verk þetta fyrir kr. 295,000. Þegar svo hægt var að gera samning við hann veturinn 1914, þá samdist svo, að hann tók að sjer að byggja bylgjubrjótana fyrir kr. 135,000, sem var nálægt hinum áætlaða kostnaði við að byggja þá. Þá var von um að takast mundu samningar við sama um hin önnur hafnarvirki fyrir áætlað verð eða sem næst því. En þó var ekki hægt að fá endanlega samninga við hann þá, jafnvel ekki upp á tilboð það, er upprunalega lá fyrir og áður er nefnt. Og ekki var hægt að neyða hann til þess, þar eð hann var ekki bundinn við þá. Sjerstaklega var það dýpkunin og uppfyllingin, sem hann treysti sjer ekki til að gera ákveðið tilboð í.

Með brjefi dags. 28. apríl 1915 gerði N. C. Monberg tilboð í hafnarvirkin og samkvæmt því tilboði ásamt þeim viðbótum, sem yfirumsjónarmaður hafnarverksins fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum, hafnarverkfræðingur C. Bech, álítur nauðsynlegar, og kostnaði við þær framkvæmdir, sem liggja fyrir utan verksamninginn, sbr. 3. lið á flgskj. I., er hjer er prentað aftan við, — verður allur kostnaður við verkið kr. 394,000. Um leið og vjer vísum í flgskj. II., nefndarálit Ed. 1913 um frv. til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, sem vjer föllumst á, nema hvað vjer álítum að höfnin hafi enn þá meiri þýðingu en þar er tekið fram, og byggjum það meðal annars á því, að hægt er að dýpka höfnina mun meira en gert er ráð fyrir nú, þannig að nothæft svæði fyrir skip og báta, er með vissu er hægt að segja að sje um 20 hektarar, leyfum vjer oss enn fremur að taka fram eftirfarandi:

Við mælingar, sem bygðar eru á rannsóknum þeim, er farið hafa fram, að því er dýpkun snertir á höfninni, kemur það fram, að dýpka má í 5 metra um fjöru við hið fyrirhugaða bólverk og viðar, þar sem getur komið til mála að gera bryggjur síðar meir, þegar umferðin um höfnina vex, og einnig má dýpka tvöfalt stærra svæði, niður í 5 metra úti á höfninni miðri, heldur en gert er ráð fyrir að gera nú þegar. Nú er áætlað að dýpka 2,2 ha. niður í 4 metra, en þar að auki er hægt að dýpka 3,6 ha., svo jafndjúpt verði. En nú er hjer við að athuga, að dýpkunarmöguleikar eru að eins rannsakaðir með sanddælu, en full ástæða til að ætla að fulla $^2/_3$ parta hafnarinnar megi dýpka eins og maður vill og þörf er á, nefnilega allan norðurhluta hafnarinnar, án þess að berg verði fyrir. En þetta verður ekki rannsakað nema með borum, en slík rannsókn er mjög dýr, og virðist ekki ástæða til að framkvæma hana, fyr en þörfin gerir nauðsynlegt að stækka höfnina fram yfir það, sem áætlað er, og telur skrifari nefndarinnar, að það muni verða innan skamms. Og öll nefndin álítur, að þau verk, sem nú á að framkvæma, komi jafnt að tilætluðum notum, því að stækkun hafnarinnar og dýpkun yrði að eins framhald á þeim hafnarverkum, sem nú er verið að gera.

Að því er snertir hin einstöku atriði í áætluninni á fylgiskj. I, vill nefndin að eins vekja eftirtekt á því, að kostnaðaraukningin við hafnargerðina frá því sem upprunalega var áætlað, liggur aðallega í því, að dýpkun og uppfylling kosta miklu meira. Dýpkunin var áætluð 1 kr. fyrir m^3, en nú kr. 1.50;

uppfylling var áætluð kr. 0.75, en nú kr. 1.25. Þar að auki er gert ráð fyrir að sjerstaklega þurfi að borga alt að kr. 7000 fyrir að koma sandi þeim, er kemur upp við dýpkunina út fyrir höfnina. Hinn annar verðmunur liggur sumpart í endurbótum, t. d. styrking á bylgjubrjótunum, kr. 28.000, styrking á sandstíflu o. fl., sumpart í auknum, óvissum útgjöldum, sbr. fgskj. nr. I. 3 (umsjón).

Nefndin er á einu máli um það, að öll þau verk, sem áætlað er að framkvæmd verði, sjeu nauðsynleg, en vill taka það fram til athugunar fyrir sýslunefnd Vestmannaeyja, sem á að sjá um verkið, að það getur komið til mála að spara, t. d. við uppfyllinguna, með því að láta framkvæma hana á annan hátt, en gert en ráð fyrir í áætluninni, og svo getur svo farið að 7000 kr. liðurinn fyrir útflutning á sandi úr höfninni, geti sparast.

Nefndin vill því leggja til, að upphæðunum í 1. og 2. gr. frumvarpsins verði þannig breytt, að í 1. gr. komi kr. 90.000 í stað kr. 98.500 og í 2. gr. kr. 270.000 í staðinn fyrir kr. 295.500. Reynist þetta fje ekki nægilegt, verður það væntanlega ekki að tjóni, þar eð verkinu ekki verður lokið fyrir þing 1917.

Þá virðist nefndinni fara betur á því, að orðin: »orðist svo« í fyrirsögn beggja greinanna falli burt, en bætt verði við 3. gr., sem nemi úr gildi 1. og 2. gr. úr hafnarlögum Vestmannaeyja.

Nefndin leggur því eindregið til að hv. ed. samþykki frumvarpið með þessum breytingum.

Alþingi 30. ágúst 1915.

Steingrímur Jónsson, formaður.

Karl Einarsson, skrifari og framsögumaður.

Magnús Pjetursson.

Fylgiskjal I.

Overslag

over

Havnearbejderne paa Vestmanöerne.

A. Anlægsbro, Dæmning og Oplagsplads.

		Kr. Ö.	Kr. Ö.
N. C. Monbergs Overslag af $^{28}/_{4}$ '15 Kr. 76229,00 & 12½ pCt.		85760 00	
Herfra p. G. af forskellige mindre Ændringer ca.	5950,00		
men tilkommer:			
Forögelse af Stenfyldens Mængde i Dæmningen	Kr. 2160,00		
Forögelse af Stenlagets Tykkelse i Opfyldningens östre Skraaning	— 1200,00		
Friholderværk paa begge Sider af Broen mellem Pillerne ... ... ca.	— 4860,00		
Tilkommer	Kr. 8220,00		
÷	-- 5950,00		
Tilkommer	Kr. 2270,00		
+ 12.5 pCt		2840 00	
Ialt			87600 00

B. Uddybningen.

Tidligere paaregnet	51600 m³		
Uddybning til 3.5 m Nord fra Broen ca. ...	2500 —		
Uddybning til 2.5 m i Stedet for til 2 m ca...	9800 —		
Ca.	63900 m³		
à Kr. 1,50 + 12.5 pCt ca.		107830 00	
Vederlag til N. C. Monberg for Opgivelse af Fordringen om Ret til Losning af Fyld i Bugten		7000 00	
Ialt			114830 00
N. C. Monbergs nye Entreprise vil ialt andrage ... ... ca. Kr.			203430 00

Samlet Overslag.

	Kr. Ö.	Kr. Ö.
1. N. C. Monbergs Entreprise vedrörende Anlægsbro, Dæmning, Oplagsplads og Uddybning ca.		203430 00
2. Hringsker og Hörgeyri Molerne:		
N. C. Monbergs Kontrakt..	135000 00	
Forstærkning af Betonoverbygningen i begge Moler	24280 00	

	Kr. Ø.	Kr. Ø.
Spor paa Hringsker Molen (ca. 140 m à 8,00)	1120 00	
Sten i Oplag ved do — do (100 m³ à 6,00)	600 00	
Udmuring af större Aabninger i Hringskær Molens östre Skraaning og af Hovedet anslaaet til	2000 00	163000 00
3. Endvidere:		
2 Fyr paa Molerne ca.	3500 00	
Administration ca...	20000 00	
Vareafgift ca.	2000 00	
Forskellige mindre Udgifter, bl. a. Fiskekranes paa Anlægsbroen	2070 00	27570 00
Ialt paaregnet Udgift Kr.		394000 00

Anm. Spörgsmaalet om, hvorvidt det vil blive nödvendigt at bortsprænge fast Lava af Hensyn til Uddybningen, samt om Udgiften hertil henstaar fremdeles uafgjort.

p. t. Reykjavík, den 30. Juli 1915.

P. Bech.

Fylgiskjal II.

Nefndarálit

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar í efri deild 1913.

Vjelarbátaútvegur hefir aukist mjög í Vestmannaeyjum síðustu árin, og hefir fiskiafli eyjabúa farið mjög vaxandi við þann útveg. Eyjarnar eru aflasæl fiskistöð, og eiga einmitt þess vegna eflaust góða framtíð fyrir höndum.

En allmikill þröskuldur í vegi þykir þeim Eyjamönnum það, hve höfnin þar er ill og óhagkvæm. Hefir mönnum lengi verið ljóst, að gera þyrfti allverulegar umbætur á höfn þessari, hafa nú verið gerðar rækilegar rannsóknir á höfninni, gerð »plön« fyrir hafnarvirkjum og áætlun um kostnað við þau.

Að þessum undirbúningi loknum, hafa nú Eyjamenn tekið ákvörðun um að ráðast í að gera hafnarvirki, samkvæmt þessari áætlun, og hafa þeir leitað til þingsins um styrk til hafnargerðarinnar, og um lán eða ábyrgð fyrir láni til þessa fyrirtækis.

Mál þetta hefir fengið allrækilegan undirbúning, eins og sjá má á skjölum þeim, er nefndinni hafa verið afhent, en þau eru:

1. 3 uppdrættir af höfninni og hafnarvirkjunum.
2. Áætlun um kostnað við hafnargerðina; er kostnaðurinn áætlaður kr. 249,300, og eru þar með taldir vitar á báðum hafnargörðunum og bryggja fyrir báta og smærri hafskip.
3. Áætlun sýslunefndar um tekjur og gjöld hafnarinnar.

Helstu hafnarmannvirkin eru 2 skjólgarðar og skipabryggja. Þá þarf og að dýpka höfnina á nokkrum stöðum, verður þá dýpið í innsiglingunni og við bryggjuna 4 metrar um meðal-fjöru. Dálítill pollur verður inni á höfninni með 5 metra dýpi, svo stór, að þar getur legið eitt skip, en of lítið dýpi er það fyrir millilandaskip þau, sem hjer eru í förum eftir fastri áætlun, en nægilegt smærri vöruflutningaskipum. En ekki mun vera auðið að fá meira dýpi þarna, eftir því er sjeð verður á þeim gögnum, er fyrir liggja.

Höfnin verður því að mestu liði fyrir báta og smærri skip, og verður því afar-mikilsverð fyrir sjávarútveg Eyjanna. Eigi er heldur lítils um það vert fyrir vöruflutninga, að og frá suðurströnd landsins, að trygg höfn fáist í Vestmannaeyjum. Hafnargerð þessi verður því þegar á alt er litið, að teljast mesta nauðsynja fyrirtæki, sem æskilegt er að komist í framkvæmd.

En þá er spurning um, hvort óhætt sje að ráðast í svo dýra hafnargerð þarna, úr því að höfnin þó ekki verður fær stórskipum — hvort þessi höfn muni þá geta borið sig. Af áætlun þeirri, er sýslunefndin hefir gert um tekjur og útgjöld hafnarinnar, og sem virðist vera gerð af mestu varfærni, verður ekki annað sjeð, en góðar horfur sjeu á því, að höfnin geti strax borgað sig.

Landssjóðsstyrkur sá, sem ákveðinn er til þessa fyrirtækis í frumvarpi því til hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, sem oss var falið til athugunar, er í samræmi við það, sem áður hefir verið veitt úr landssjóði til slíkra hafnarmannvirkja, og virðist rjettmætt að styrkja þetta fyrirtæki, að sömu tiltölu.

Hjá því verður ekki komist, að landssjóður taki á sig ábyrgð á láni því, er Vestmannaeyjasýsla þarf að taka til hafnargerðarinnar, enda stendur honum nærri, þar sem eyjarnar eru landssjóðseign.

Frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eftir hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað nr. 19, 11. júlí 1911, og hefir nefndin ekkert við það að athuga.

Tillaga nefndarinnar verður því sú í þessu máli, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 7. sept. 1913.

J. Havsteen, formaður.

Jón Jónatansson, skrifari og framsögumaður.

G. Björnsson.

Nd. **669. Frumvarp**

til laga um dýrtíðarskatt af tekjum.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hver sá maður, sem hefir meiri hreinar tekjur, en 3000 kr., skal gjalda dýrtíðarskatt af þeim tekjum, sem hann hefur fram yfir þá upphæð.

2. gr.

Af fyrstu hálfri þúsund króna fram yfir þrjár skal gjalda 10%.
Af fyrstu heilli þúsund fram yfir þrjár 15%.
Af annari heilli þúsund fram yfir þrjár 20%.
Af þriðju heilli þúsund fram yfir þrjár 25%.
Af fjórðu heilli þúsund fram yfir þrjár 35%.
Af hverri heilli þúsund þar yfir 45%.

3. gr

Hreinar tekjur teljast laun starfsmanna og tekjur af fyrirtækjum að frádregnum kostnaði. Framfærslukostnaður heimilisins verður ekki dreginn frá.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og standa til næsta þings.

Nd. **670. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

1. Við 16. gr.

Aftan við orðin »og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni«, í 3. málsgrein, komi:

Fjárveitinganefndin í neðri deild skal þó jafnan vera 7 manna nefnd og í efri deild 5 manna nefnd.

2. Við 32. gr.

Síðasta málsgrein orðist svo:

Ef fjárveitinganefnd í einu hljóði, með nafnakalli, sem bókað sje í fundabók nefndarinnar, mælir í móti einhverri fjárveitingu, þarf $^2/_3$ greiddra atkvæða til þess að fjárveitingin nái fram að ganga.

3. Við 53. gr.

Síðari málsgrein orðist svo:

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þá missir hann af kaupi sínu þann dag.

Nd. **671. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 7. gr. frumvarpsins:

Orðin: »þegar þessum kosningum er lokið« o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.

Ed. **672. Frumvarp**

til laga um verkfall opinberra starfsmanna.

Flutningsm.: Jósef Björnsson. Magnús Pjetursson. Karl Finnbogason. Björn Þorláksson.

1. gr.

Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2000 kr. eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **673. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. Við 8. gr.

Í stað orðanna »er fyrir allan þingtímann það ár« komi:
gildir að eins um 4 vikur í senn.

2. Við 16. gr.

Orðin: »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur«, — falli burt.

3. Við 16. gr.

Í stað orðanna: »og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni« komi:
Ekki sjeu þó fleiri en 7 þingmenn í neinni nefndinni.

Ed. **674. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast, að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess, að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur, til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá löggjafarvaldinu og það vill veita leyfið.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnsandi, en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járni (í stöngum, bútum, þynnum eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed. **675. Breytingartillaga**

við 1. breytingartillögu á þingskjali 652.

Frá nefndinni.

Á eftir orðinu: »búnaðarháttu« bætist inn í orðið:
sín.

Nd. **676. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar telur eitt atriði í ákvæðunum um stundarsakir mjög athugavert, sem sje það, að skipa svo fyrir um, að kosningar hinna landkjörnu þingmanna skuli fram fara fyrra hluta marsmánaðar. Á þeim tíma árs er allra veðra von, og getur vel komið fyrir, að ekki verði fært í sumum sveitum þessa lands, að sækja kosningarnar hinn tiltekna dag. Minni hlutinn leggur því til, að landskjörið verði eigi látið fram fara fyr en fram á sumar kemur, og getur meiri hlutinn ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að til þessara kosninga verði tekinn, sem næst, sá dagur, sem kveðið er á um í 61. gr. frumvarpsins, að venjulega skuli vera kjördagur landskosninganna. — Nú væri hentugast fyrir margra hluta sakir, að kosningar hinna þingmannanna, óhlutbundnu kosningarnar, færi fram hinn sama dag sem landskjörið, en það er varla heimilt eftir stjórnarskipunarlögunum frá 19. júní þ. á. Ákvæði þeirra um þetta atriði hljóta að byggja á því, að framboð þingmannaefna og undirbúningur undir hinar síðari kosningarnar fari fram í millibilinu milli hlutbundnu og óhlutbundnu kosninganna. Úr því ekki er talið fært, að láta báðar kosningarnar fara fram á sama degi, þá virðist meiri hluta nefndarinnar rjettast, að óhlutbundnu kosningarnar sjeu látnar bíða til haust, og með því að ekki má líða meira en ársfjórðungur milli kosninganna, þá yrðu óhlutbundnu kosningarnar að fara fram innan 1. október, þegar landskjörið væri 1. júlí. Þar eftir virðist rjettast að láta óhlutbundnu kosningarnar fara fram í september, og hyggur meiri hluti nefndarinnar, að hentugast væri að láta það þá vera heldur eftir miðjan mánuðinn. Samkvæmt því er það lagt til að ákveðinn verði laugardagurinn 18. september.

Að öðru leyti virðist frumvarpið mega vera óbreytt, eins og það kom frá hv. efri deild, enda er það alveg samhljóða því frumvarpi, er samþykt var á Alþingi í fyrra, því að breytingar þær, er gerðar voru í hv. efri deild, eru ekki teljandi.

Samkvæmt þessu leyfir meiri hlutinn sjer að gera svofelda

BREYTINGARTILLÖGU

við frumvarpið:

Í stað orðanna: »skal fram fara . . . . 1.—10. júní sama ár« í fyrstu málsgrein ákvæða um stundarsakir komi:

Skal fram fara 3. júlí 1916, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 18. september s. á.

Neðri deild Alþingis, 31. ágúst 1915.

Skúli Thoroddsen, formaður.	Jón Magnússon, skrifari.	H. Hafstein.	Þorleifur Jónsson.

G. Eggerz. Einar Jónsson.

Ed. **677. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

Nefndin, sem háttvirt deild kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir nú gert það eftir föngum og kynt sjer ástæður málsins.

Þykjumst vjer sjá, að miklu máli geti skift fyrir Siglufjarðarkauptún og miklu atvinnu við síldveiðar, sem þar er nú rekin, að mannvirki þau komist í framkvæmd, sem í frumvarpinu ræðir um, og vildum að Alþingi styddi nokkuð að því.

Þó þykir oss málið ekki vera svo búið í hendur þingsins, að vjer getum ráðið til að ganga að því, eins og það liggur fyrir frá háttv. neðri deild.

Í frv., eins og það fyrst kom fram í háttv. neðri deild, var farið fram á, að úr landssjóði væri veitt til hafnargerðar á Siglufirði 1/4 af áætluðum kostnaði, 150 þús., og tekin ábyrgð á 3/4. — Nefndin, sem fjallaði um málið, sá ekki fært að mæla með fjárveitingunni, en lagði þó til, að landssjóður ábyrgðist alla upphæðina.

Málinu er beint til þingsins af þrem mönnum í hafnarnefnd á Siglufirði, en fyrir liggur engin umsögn nje meðmæli frá hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps eða sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Þykir oss ekki mega ganga fram hjá sýslunefnd um jafn mikilvægt mál, og ekki rjett, að víkja frá þeirri annars venjulegu reglu, að Alþingi áskilji ábyrgð hennar, sem sönnun og trygging fyrir, að henni þyki gerlegt og áhættulítið að ráðast í svo kostnaðarsamt fyrirtæki, því að þótt atvinnurekstrinn sje nú mikill, þá er hann rekinn að miklu leyti af útlendingum, sem hverfa burtu, er minst varir, ef veiðin minkaði að mun um nokkurt árabil, sem ekki er óhugsandi að komi fyrir, og yrði þá ofvaxið fyrir einn hrepp, að standa straum af svo hárri lántöku, sem frumvarpið fer fram á.

Þó þykir oss ekki rjett, að Alþingi vísi málinu frá sier, þangað til meðmæli og ábyrgð sýslunefndar liggur fyrir, en að frumvarpinu sje snúið í það horf, að slík ábyrgð sje áskilin og afskifti sýslunefndar, til tryggingar og eftirlits með hagnýtingu og meðferð svo mikillar fjárhæðar.

Væri nokkur tregða á þeirri þátttöku af hálfu sýslunefndar, sem eðlilega hefir fleiri skilyrði til að hafa nægan kunnugleik á því efni, sem hjer um ræðir, mundi oss þykja leika meiri vafi á, að rjett sje, að Alþingi bindi landssjóð í svo mikla ábyrgð, sem gæti að meira eða minna leyti orðið sama sem endanleg fjárveiting, ef út af bæri.

Viljum vjer því ráða til nokkurra breytinga á frumvarpinu, þeirra er hjer fara á eftir, og leggja til að háttv. deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. grein.

Aftan við greinina bætist:

Á Siglufirði gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. Við 3. grein.
Í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndar.
Og í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndarinnar.

3. Við 4. grein.
Framan af greininni falli orðin:
»Þau afskifti ... ... Hvanneyrarhrepp snertir«.

4. Við 4. grein.
Í stað »Stjórnarráðs Íslands« komi:
Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

5. Við 8. grein.
Í stað »Stjórnarráðsins« komi:
sýslunefndarinnar.

6. Við 9. grein.
Á eftir orðunum í næst síðustu málsgrein: »Stjórnarráð Íslands staðfestir« komi:
að fengnum tillögum sýslunefndar.

7. Við 10. grein.
Í stað »10. gr.« á tveim stöðum í greininni komi:
9. gr.

8. Við 12., 13., 14. og 15. grein.
Í stað orðanna »Stjórnarráðinu« og »Stjórnarráðsins« á sex stöðum í þessum greinum komi:
sýslunefndinni og sýslunefndarinnar.

9. Við 16. grein.
Í stað orðanna: »er hreppsnefndin ... ... staðfestir« komi:
þeirri er um ræðir í 9. grein.

Efri deild Alþingis, 31. ágúst 1915.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögumaður

Hákon J. Kristófersson.

Nd. **678. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breytingu á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 (þingskj. 334).

Frá ráðherra.

1. Við 2. gr. bætist:
   Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfssvið þeirra.

2. Við 3. gr.: Í stað »fyrstu og annarar« komi:
   1. 2. og 5.

Nd. **679. Nefndarálit**

í málinu um fjölgun ráðherra.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í þetta mál, lítur svo á, sem mjög mikið mæli með því, að ráðherrum verði fjölgað. Ráðherrastörfin eru afar-margbrotin, og það er óneitanlega til mikils ætlast af ráðherra, að hann kynni sjer þau öll vel og leysi þau öll vel af hendi, auk þess sem það getur að minsta kosti verið álitamál, hvort ekki er of mikið vald lagt í hendur einum manni með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Að hinu leytinu verður því ekki neitað, að töluverðrar mótspyrnu hefir orðið vart í landinu gegn fjölgun ráðherra. Ef til vill stafar sú mótspyrna af því, að lítið kapp hefir verið á það lagt að koma alþýðu manna í skilning um verulega nauðsyn á breytingunni. Margir munu líka líta svo á, fyrir ýmsra hluta sakir, sem ráðherrar ættu fremur að vera 3 en 2, ef til er breytt á annað borð.

Þar sem nú

1. málið horfir svo við, sem þegar hefir verið tekið fram, að töluvert eru skiftar skoðanir um, *hvort* breyta eigi til í þessu efni, og *hvernig* þá ætti að breyta til, og þar sem
2. stjórnin hefir fasta þingnefnd sjer til aðstoðar í mikilvægum vandamálum, svo að þörfin á ráðherrafjölguninni er væntanlega ekki brýnni nú en hún hefir verið síðustu ár, og þar sem
3. kosningar verða að fara fram fyrir næsta þing, og þetta mál að sjálfsögðu verður rætt og skýrt fyrir þjóðinni á undan kosningunum

þá virðist nefndinni rjettast að ráða til þess, að frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17, 3. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands verði ekki gert að lögum á þessu þingi, og ræður því þinginu til þess að samþykkja eftirfarandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í því trausti að stjórn og kjósendur athugi nánar til næsta þings, hvort ekki sje rjett að ráðherrar verði 3, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Sigurður Gunnarsson, formaður. H. Hafstein, skrifari. Stefán Stefánsson, Eyf.

Skúli Thoroddsen. Sig. Eggerz, með fyrirvara.

Nd. **680. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandskörð, Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Nd. **681. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk yfirmatsmanna þeirra, sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld, skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Öndverðaness, en hinn

svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **682. Breytingartillaga**

við 2. breytingartillögu á þingskjali 670 (um þingsköp Alþingis).

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Á eftir »þarf« í 2. breytingartillögu komi:
við þriðju umræðu fjárlaganna.

Nd. **683. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Við 16. gr.

Eftir orðin: »2) Fjárveitinganefnd«, komi:
3) Lög-umbótanefnd, og breytist liðirnir, er á eftir fara, því samkvæmt.

Nd. **684. Álit**

um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Háttv. meiri hluti nefndarinnar getur þess í áliti sínu, að »hentugast væri fyrir margra hluta sakir, að kosning hinna þingmannanna, óblutbundnu kosningarnar, færi fram hinn sama dag sem landskjörið«.

Á þessu er enginn vafi. Þegar þess er gætt, að við landskjör eru kosnir einir þrír þingmenn fyrir alt landið (nema 6 í fyrsta sinni), þá tel jeg það við búið, að þær kosningar verði afar-illa sóttar í flestum sveitum, ef þær fara fram á öðrum tíma en hjeraðakosningarnar. Færi svo, leiddi þetta til

þess, að landskjörið mistækist algerlega. Það yrði þá að mestu leyti í höndum bæjanna, sem eiga miklu auðveldara með að sækja kosningu.

Nú má segja, meðan reynslan sker ekki úr þessu, að eigi komi til þessa, kosninga-áhuginn sje svo ríkur, að landskjör verði sótt engu síður en almennar óhlutbundnar kosningar. Ef sú spá rætist, þá er hjer að ræða um mikla óþarfa fyrirhöfn og fjáreyðslu, sem gengi til þess, að kjósa eina þrjá menn. Kosningarrjett til landskjörs hafa nú um 30,000 manna, og þó ekki sæki fleiri kosningu en 60%, sem er nokkru minna en verið hefir við alþingiskosningar, þá eyðist til þessa heill dagur fyrir 18,000 kjósendum. Kostnaðurinn við kosningarnar verður tæplega metinn miklu minna en 30,000 kr., svo framarlega, sem kosning er vel sótt.

Alt þetta fje og fyrirhöfn má spara. Í stjórnarskipunarlögunum frá 19. júní 1915 (Ákvæði um stundarsakir) er svo mælt fyrir, að »almennar óhlutbundnar kosningar skuli fara fram *sem fyrst eftir hlutfallskosningarnar,* og ekki síðar en innan ársfjórðungs«.

Orðin »sem fyrst« get jeg ekki skilið á annan veg en: svo fljótt sem því verður komið við eða svo fljótt sem auðið er. Er því ekkert til fyrirstöðu að þær fari fram strax á eftir að hlutfallskosningu er lokið, og nota sama daginn til beggja kosninga. Á þennan hátt má fyrirhafnarlaust tryggja að hlutfallskosningar verði vel sóttar. Háttv. meiri hluti telur slíkt fyrirkomulag »varla heimilt eftir stjórnskipunarlögunum«, en jeg get ekki sjeð að orðalag þeirra sje þessu til fyrirstöðu.

Þá hefir þeirri mótbáru verið hreyft, að æskilegt sje að þeim mönnum, sem ekki ná kosningu við hlutfallskosningar, sje gert það mögulegt að bjóða sig fram á eftir við óhlutbundnar kosningar. Jeg hygg að það muni ekki reynast meðmæli við hjeraðskosningar að hafa fallið við landskosningar, en auk þess lítil ástæða til þess að verja miklu fje og fyrirhöfn til þess að gefa nokkrum mönnum tækifæri til að bjóða sig fram við báðar kosningarnar. Ástæðan er því í mínum augum ljettvæg.

Að lokum vil jeg geta þess, að sjeu kosningarnar látnar fara saman á sama degi, þá losnar landið við sjerstaka æsingu og kosningaöldu samfara hlutbundnu kosningunum. Jeg tel þetta mikilsvirði.

Af þessum ástæðum öllum hef jeg ekki getað fylgst með meiri hlutanum, og leyfi mjer að koma fram með breytingartillögur, sem miða að því, að hvorttveggja kosningarnar fari fram sama dag.

Alþingi 31. ágúst 1915.

Guðm. Hannesson.

Nd. **685. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 23. gr.

Greinin orðist þannig:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, utan kaupstaða hinn 1. júlí, eða næsti virkur dagur á eftir ef 1. júlí ber upp á helgan dag.

Í kaupstöðum skal kjördagur vera 2. júlí, eða næsti virkur dagur á eftir, ef hann ber upp á helgan dag.

Bæði reglulegar kosningar og kosningar sem fara fram eftir þingrof, skulu gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

2. Við 27. gr.

Í stað orðanna: »Á hádegi skal kjörfund setja«, komi:

Á hádegi skal kjörfund setja í kaupstöðum, en annarsstaðar, þá er hlutbundnum kosningum er lokið.

Nd. **686. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingu á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. október 1891.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

1. gr. orðist svo:

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðingafjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi.

Meðan eigi er kostur dýralækna í alla fjórðungana, skal sami dýralæknir gegna störfum í Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungum.

Ed. **687. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 4. gr. 1. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

2. — 5. gr. 1. Fyrir »5 dagsláttur« komi:
8 dagsláttur.

3. — 11. gr. B. 8. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til aukins tolleftirlits, og lögregluefirlits vegna bannlaganna ... . 5000 — 5000

4. — 11. gr. B. 11. Liðurinn orðist svo:
Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-, Snæfellsness-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu .. .. 1130 — .....
Þar sem fast sýslumannssetur er, skulu skáparnir vera uppmúraðir.

5. — 12. gr. 2. Athugasemdin orðist svo:
Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum, en þegar læknir verður skipaður í Reykjarfjarðarhjerað greiðist honum styrkur Árneshrepps, sem persónuleg launaviðbót.

6. — 12. gr. 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að setja upp miðstöðvarhitun í spítalanum 22000 — «

7. — 12. gr. 14. Fyrir »5000« — « komi:
8000.

8. — 12. gr. 15. i. Liðurinn falli burt.

9. — 13. gr. A. 1. b. 2. Fyrir »24000« komi:
24200.

10. — 13. gr. A. 1. c. Fyrir »8500« komi:
8620.

11. — 13. gr. B. II. 6. Fyrir »15000 — 15000« komi:
8000 — 8000.

12. — 13. gr. B. II. 7. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Stjórninni er heimilt að fresta Hún-

vetningabrautinni að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara lögskipaðra útgjalda, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.

13. Við 13. gr. B. III. 1. Fyrir »8000—6000« komi: 8000—4000.

14. — 13. — B. III. 3. Liðurinn falli burt.

15. — 13. — B. III. 4. Fyrir »..... — 7000« komi: 5000 — .....

16. — 13. — B. III. 6. b. Til brúargerðar á Jökulsá. Liðurinn falli burt.

17. — 13. — B. VI. Fyrir »20000—20000« komi: 15000—15000.

18. — 13. — B. IX. Liðurinn falli burt.

19. — 13. — C. III. 6. Fyrir »800« komi: 300.

20. — 13. — D. II. Á eftir orðunum »Til rannsókna símaleiða« komi: þar á meðal á símaleiðinni milli Steingrímsfjarðar og Reykjarfjarðar.

21. — 13. — D. IV. 10. Liðurinn orðist svo:

Símastöðin í Vestmannaeyjum alt að Þar af 800 kr. hvort árið fyrir aðstoð og 600 kr. fyrir húsaleigu, ljós, hita og ræstingu.	2400—	2400

22. — 13. — D. IV. 13. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd: Þar sem landssjóður á stöðvarhúsin verði uppmúraðir skápar.

23. — 13. — E. I. a. 1. Fyrir »3600—3600« komi: 3500—3500.

24. — 13. — E. I. a. 2. Fyrir »400—400« komi: 200—200.

25. — 13. — E. I. c. Liðurinn orðist svo:

Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	500—	500

26. Við 13. gr. E. V. Fyrir »1500—1500« komi: 2000—2000.

27. — 14. — B. 1. a. Fyrir »40600—41000« komi: 40200—40600.

28. — 14. — B. I. b. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður:
4. Til dr. Alexanders Jóhannessonar til að halda fyrirlestra í þýskum fræðum ... ... 1000— 1000

29. — 14. — B. II. d. 7. Fyrir »2000—2000« komi: 2000—1500.

30. — 14. — B. II. 13. Aftan við athugasemdina bætist: Námsstyrkurinn lækki um 500 kr. á ári, uns hann alveg hverfur, enda fái þeir engan námsstyrk, sem hjer eftir ganga inn í skólann.

31. — 14. — B. III. b. 5. Liðurinn falli burt.

32. — 14. — B. VI. 1. d. 1. Fyrir »700—700« komi: 1200—1200.

33. — 14. gr. B. VI. 1. d. 4. Liðurinn falli burt.

34. — 14. — B. VI. 2. d. 1. Fyrir »1000 — 1000« komi: 1200 — 1200.

35. — 14. — B. VI. 2. d. 4. Liðurinn falli burt.

36. — 14. — B. VII. Aftan við athugasemdina bætist: Styrkveitingarnar í b—d lið veitast jafnt þó nemendurnir sjeu eigi iðnnemar.

37. — 14. — B. IX. 1. Liðurinn orðist svo:
1. Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 600 kr. framlagi annarsstaðar að ... ... 1600 — 1600

38. — 14. — B. IX. 2. Liðurinn falli burt.

39. — 14. — B. IX. 3. Liðurinn falli burt.

40. — 14. — B. X. 4. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að gefa út nýja yfirsetukvennafræði, alt að ... ... 1000 — .....

41. Við 14. — B. XI. 1. Fyrir »1500« komi: 1800.

42. — 14. — B. XI. 4. Fyrir »900« komi: 1000.

43. — 14. — B. XI. 5. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd: Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.

44. — 14. — B. XIII. b. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds í Reykjavík ... ... 800 — 800

45. — 14. — B. XV. Aftan við liðinn bætist: Þar af til forstöðukonunnar 200 kr. hvort árið, til ljóss og hita.
Stjórnin annast um að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kenslukostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. $^{26}/_{2}$ 1872, 2. gr.

46. — 14. — B. XVII. e. Liðurinn falli burt.

47. — 15. — 1. b. Liðurinn orðist svo: Laun 1. bókavarðar ... ... 2000 — 2000

48. — 15. — 2. f. Fyrir »1000 — 1000« komi: 1500 — 1500.

49. — 15. — 3 e. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til aðgerðar á Þingvöllum .. .. 2000 — .....

50. — 15. — 7. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til bókasafnsins á Seyðisfirði til þess að kaupa fyrir gamlar bækur ... ... 500 — .....

51. — 15. — 13. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til þess að gefa út landsyfirrjettardóma frá 1800—1873 ... ... 500 — 500

52. — 15. — 17. Fyrir »11000 — 10000« komi: 10000 — 9000.

53. — 15. — 21. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til Hjartar Þorsteinssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn 1000 — .....

54. — 15. — 23. Liðurinn falli burt.

55. Við 15. — 30. Liðurinn orðist svo:
Til dr. Guðm. Finnbogasonar til sálarfræðilegra rannsókna ... ... 3000 — 3000

56. — 15. — 31. Liðurinn falli burt.

57. — 15. — 32. Liðurinn falli burt.

58. — 15. — 33. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Finns Jónssonar á Kjörseyri til að safna sögulegum fróðleik ... ... 200 — 200

59. — 15. — 35. Fyrir »1800 — 1800« komi:
1500 — 1500.

60. — 15. — 36. Fyrir »1800 — 1800« komi:
1000 — 1000.

61. — 15. — 36. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Jakobs Jóhannessonar til þess að safna til og semja íslenska setningafræði (syntaxis) 600 — 600

62. — 15. — 37. Liðurinn orðist svo:
Til Helga Tómassonar til þess að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun ... ... 800 — .....

63. — 15. — 42. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Með því skilyrði að hann láti þau hjeruð ganga fyrir, þar sem hann hefir ekki áður komið.

64. — 16. gr. 2. Liðurinn falli burt.

65. — 16. gr. 8. b. Liðurinn falli burt.

66. — 16. — 15. Liðurinn orðist svo:
Til Fiskifjelags Íslands ... ... 19000 — 19000
Þar af 500 hvort árið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum, undir umsjón og eftirliti fjelagsins.

67. — 16. — 21. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til þess að reyna að koma á sútun skinna á Norðurlandi ... ... 200 — .....

68. — 16. — 23. Fyrir »2500 — 2500« komi:
1500 — 1500

69. — 16. — 23. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til Eggerts Brandssonar sjómanns 300 — .....

70. Við 16. gr. 25. Fyrir »300 — 300« komi:
100 — 100.

71. — 16. — 29. Á eftir liðnum komi þessir nýir liðir:
a. Til sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum til þess að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu, alt að ... ... 5000 — .....
b. Til kolanámurannsókna á Íslandi ... 25000 — .....
Stjórnin lætur framkvæma rannsóknirnar undir umsjón námuverkfræðings.

72. — 16. — 31. Aftan við athugasemdina bætist:
og að minsta kosti þriðjungs framlag komi annarsstaðar frá.

73. — 16. — 34. Liðurinn orðist svo:
Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... — 3500
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi, og sje bryggjan til almennings nota undir eftirliti sýslunefndar.

74. — 16. — 36. Aftan við liðinn bætist:
enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

75. — 16. — 37. Liðurinn orðist svo:
Til bryggjugerðar í Búðardal, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... 1000 — .....
enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

76. — 18. — Fyrir »til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.« komi:
til Árna Gíslasonar pósts ... ... 200 — .....

77. — 18. — Fyrir »til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.« komi:
til Bjarna Ketilssonar pósts ... ... 200 — .....

78. — 18. — Orðin »til sjómanns Eggerts Brandssonar 150 kr.« falli burt.

79. — 18. — Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr., og eftirlaun Björns Blöndal læknis 875 kr., hvorttveggja frá þeim tíma, er þeir fengu lausn frá embættinu.

80. Við 19. — Aftan við greinina komi þessi athugasemd:
Af þessari upphæð greiðist lögreglustjórum kostnaður sá, er þeir kunna að hafa við lögregluleftirlit með fiskiveiðum í landhelgi.

81. — 21. — 9. Liðurinn falli burt.

82. — 21. — 10. Liðurinn falli burt.

83. — 22. — Fyrir orðin »30 árum« í 5. málsgrein komi:
40 árum.

84. — 22. — síðustu málsgrein. Fyrir »þó svo . . . . . fyrirhugaða vjelbáts« komi:
gegn ábyrgð sýslufjelaganna.

Nd. 688. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. október 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. grein.
Aftan við greinina bætist:
Á eftir orðunum »um Barðastrandarsýslu« bætist við:
frá Patreksfirði til Króksfjarðarness, þaðan um Tjaldanes til Búðardals, með aukalínum frá Tjaldanesi til Skarðs og frá Ásgarði til Staðarfells.

2. Við 2. grein.
Greinin falli burt.

Ed. 689. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi felur landsstjórninni að semja við h/f Eimskipafjelag Íslands um strandferðir árin 1916 og 1917 á grundvelli nefndarálits Strandferðanefndarinnar (þingskjal 561).

Nd. **690. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

1. Við 2. grein.
   Orðin: »Skal hann rita nafn sitt undir þennan ... ... til enda greinarinnar falli burt.

2. Við 11. grein.
   Orðið: »má« í niðurlagi annarar málsgreinar falli burt.

Nd. **691. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hlutanum.

Við játum, að breytingartillaga meiri hlutans við 1. gr. sje ekki ósanngjörn, og að viðbótin við 3. gr. sje til bóta. En ekki getum við samt fallist á frumvarpið. Meiri hlutinn telur rangt, að afnema bannlögin, og vill bæta úr göllunum. Um afnám laganna þarf ekki að tala nú, því að enginn í neðri deild hefir stungið upp á því, og við gerum það ekki heldur. En hitt sýnist okkur varhugavert, að fara nú að herða á ákvæðum laganna. Við höfum ekki trú á, að brot á þessum lögum verði fyrirbygð, hvernig sem frá þeim er gengið. Andróðurinn gegn lögunum virðist ekki vera eins kröftugur nú, eins og fyrst eftir að þau komust á, og bannmenn segja, að gert sje alt of mikið úr brotum. En hvað sem um það má segja, er hætt við, að ófriður og deilur rísi um málið að nýju, ef til vill öflugri en nokkurn tíma áður, ef mönnum er ögrað með enn þyngri hegningu og sektum. Til þess viljum við ekki stuðla og álítum, að það hefði verið ráðlegra af bannmönnum, að hreifa málinu alls ekki.

Ekki getum við fallist á, að unt sje með 5000 króna árlegri fjárveitingu úr landssjóði, að útrýma með eftirliti brotum á bannlögunum svo, að mjög lítil brögð verði að þeim. En þessu heldur meiri hlutinn fram þótt undarlegt sje. Verðir í skipum á höfnum, og annað eftirlit slíkt, hlyti að þurfa svo mikið, að það stæði jafnfætis tollgæslunni í öðrum löndum, þar sem hún er talin fullkomin og kostaði þá of fjár, eins og skipagangur er hjer mikill, hafnir margar og strandlengja mikil, og á þessari löggæslu mundi að öllum líkum verða sami gallinn og á tollgæslu í útlöndum, að talsvert læki með. Jafnvel »sportið«, að brúka mútur eða fara í kringum slíka gæslu, mundi engu síður freistandi, eftir reynslunni, heldur en vinið sjálft. Ef lítil byrjun í þessa átt

þætti nauðsynleg, þá mundi áframhald og umbætur á löggæslunni þykja óhjákvæmilegar alt þangað til, að kostnaðurinn væri kominn í algleyming. Vel má vera, að þjóðinni sjálfri megi kenna um, að aðflutningsbannið var tekið í lög, og þá sje þjóðinni mátulegt, þótt hún ekki einungis missi vínfangatollinn, heldur verði að kosta æfa fjár — máske öðru eins — til, að halda lögunum uppi. En heldur enn að þjóðin leggi þann kross á herðar sjer, viljum við, að svo búið standi um eftirlitið, þangað til vínbannið er af numið, enda ekki hægt að vita nú, hvað þjóðin vill á sig leggja til slíkra ráðstafana.

Sú skoðun kom fram í nefndinni, að erlend fiskiskip fengi ekki að hafa neinn vínforða að ráði nema helst rauðvín. Er þá ekki mikið að óttast af þeirra hálfu. Má vænta, að útgerðarmenn íslenskra fiskiskipa fylgi sömu reglu. Meiri hlutinn ræður til, að hafa rauðvín í lyfjabúðum. Sýnist það þá ekki ósanngjarnt, þó að skipverjar á íslenskum fiskiskipum mætti hafa það sjer til heilsubótar og hressingar í sjóvolkinu með jafn einhæfri fæðu, sem þeir munu hafa við að búa oft og tíðum. Jafnvel gæti verið nauðsynlegt fyrir þá að hafa öl með mat, þó að í því væri meira en $2^1/_4$ % af vinanda. Virðist okkur því 3. gr. frv. all-nærgöngul við skipshafnir á íslenskum fiskiskipum, en ákvæði 5. greinar bannlaganna full góð.

Þá eru ákvæði 4. gr. frv. æði-hörð. Ölvaðan mann má taka fastan, hafa í haldi og sekta alt að 100 kr. Og geri hann ekki grein fyrir því fyrir dómara, hvernig hann hafi fengið áfengið, er hann var ölvaður af, telst hann brotlegur gegn 1. gr. bannlaganna. En brot gegn þeirri grein varðar frá 200 til 5000 kr. sekt. Hjer má beita tvöfaldri sekt við manninn, auk innsetningar, og má þá segja, að nærri honum sje gengið.

Þá má og telja víst, að ákvæði þessu yrði lítið eða ekkert framfylgt annarsstaðar en í kaupstöðum, þar sem löggæsla er, og nægja þá lögreglusamþyktir kaupstaðanna í þessu efni.

Samkvæmt þessu teljum við fyrirliggjandi frumvarp hvorki nauðsynlegt nje heppilegt. Hins vegar getur stjórnin án breytinga á lögunum gert nauðsynlega breytingu á lyfjaskránni, samkvæmt breytingartill. meiri hluta við 1. gr.

Leggjum við því til, að málið sje afgreitt til stjórnarinnar með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnarráðið löggildi nú þegar til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 1. sept. 1915.

Jón Jónsson. Pjetur Jónsson.

Nd. **692. Frumvarp**

til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, eftir tillögum sóknarnefndar, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja alt að 10,000 kr.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 4 krónur fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.

Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Ed. **693. LÖG**

um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 1. september).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Helming styrks þessa skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annarstaðar en hjer við land. Hinum helmingnum skal varið til styrktar eftirliti með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, 11. júlí 1911, um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **694. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir »1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna komi:
2 krónur, en annarstaðar 2 krónur 25 aurar.

2. gr.

Fyrir »1200 kr.« í 3. gr. 2. c. komi:
1800 kr.

og aftan við liðinn bætist:
»Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«, stofnað 1897, skal undanþegið þessu ákvæði.

Ed. **695. LÖG**

um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út.

(Afgreidd frá Nd. 1. september).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslands banka til 1. desember 1917 að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi getur gefið út, þó eigi um hærri upphæð en eina milljón króna í mesta lagi.

Þessa viðbót við seðlafúlguna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., sje málmforði samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvbr. 1905.

2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ milljón kr., og málmforðinn nægir ekki til.

3. bankinn greiði ókeypis, og eftir þörfum, í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir þær, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt, og ókeypis, það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem inneign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **696. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi skorar á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um það, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu, fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera, einhverntíma á aldrinum 17—25 ára, alt að 3 mánaða tíma, í eitt skifti.

Atkvæðagreiðsla þessi sje leynileg og fari fram samhliða næstu almennum kosningum.

Ed. **697. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1912 og 1913, veitast 166,369 kr. 14 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna, veitast: 6,195 kr. 98 aur.

Við tölulið 5.	1912	kr.	1,873,75	
	1913	—	4,322,23	kr. 6,195,98

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, veitast: 6,150 kr. 26 aur.

Við 3. Hegningarhúsið í Reykjavík	1912...	kr.	549,62	
	1913	—	258,96	kr. 808,58
Við b. 1. c. Landshagsskýrslur	1912...	kr.	3,387,22	
	1913	—	1,950,71	— 5,337,93
Við B. 7. Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann				
	1912	—	90,00	
Þar frá dragast sparaðar	1913	—	86,25	— 3,75
				kr. 6,150,26

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, veitast: 17,178 kr. 31 eyrir.

Við 7. lið. Holdsveikra spítalinn	1912	kr.	3,961,15	
	1913	—	7,095,01	kr. 11,056,16
Við 8. lið. Geðveikrahælið á Kleppi	1912	kr.	1,092,35	
	1913	—	5,029,80	— 6,122,15
				kr. 17,178,31

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna, veitast: 80,552 kr. 89 aur.

A. Póstmál:

Við A. 1. b. 2. Póstafgreiðslum.	1913	kr.	1,060,00	
Frádragast sparaðar	1912	—	240,00	kr. 820,00
Við A. 2. Póstflutningur... ...	1912	kr.	6,345,65	
	1913	—	11,506,13	— 17,851,78
			Flyt	kr. 18,671,78

			Fluttar		kr. 18,671,78	
Við A. 3. a.	Skrifstofukostnaður	1912	kr. 807,03			
		1913	— 865,01	— 1,672,04		
Við A. 3. b.	Önnur útgjöld ...	1912	kr. 5,003,51			
		1913	— 1,620,25	— 6,623,76		kr. 26,967,58
	B. Vegabætur:					
Við B. I. 3.	Skrifstofukostnaður	1912	kr. 82,28			
		1913	— 204,61	kr. 286,89		
Við B. II.	Flutningabrautir ...	1912	kr. 1,414,13			
	sparaðar	1913	— 418,87	— 995,26		
Við B. III.	Þjóðvegir	1913	kr. 4,385,97			
	sparaðar	1912	— 2,972,08	— 1,413,89		kr. 2,696,04
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband:					
Við D. II. 2.	Talsími frá Búðardal	1912	.. ..	kr. 3,298,40		
Við D. III. 2. 6. 7. 10. og 11. lið		1912	kr. 14,427,92			
		1913	— 7,171,15			
Til starfrækslu bæjarsímans í Rvík		1912	— 8,642,47			
Við D. IV. V. og VI.		1912	— 5,431,70			
		1913	— 6,785,03	— 42,458,27		kr. 45,756,67
	E. Vitamál	1912	kr. 2,965,65			
		1913	— 2,166,95			— 5,132,60
						kr. 80,552,89

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna, veitast: 20,555 kr. 97 aur.

Við B. I. f.	Háskólinn	1912...	kr. 1,829,60		
		1913	— 1,350,49		
Við B. I. g.	Háskólinn	1912...	— 4,282,32		
		1913	— 3,699,74		kr. 11,162,15
Við II. e. 5. h. alm. mentaskóli		1912...	kr. 954,25		
		1913	— 1,987,75	— 2,942,00	
Við III. b. 2. Gagnfr.skóli Akureyrar		1912...	kr. 572,66		
		1913	— 449,86		
Við III. b. 3.		1912...	— 647,00		
		1913	— 773,00		
Við III. b. 5.		1912...	— 7,82	— 2,450,34	
Við IV. b. 3.,4. og 6. Kennaraskólinn		1912	kr. 91,30		
		1913...	— 303,11	— 394,41	
Við V. b. 1. Stýrimannaskólinn		1912	kr. 322,50		
		1913...	— 815,00		
— b. 3.		1912	— 116,90		
			Flutt	kr. 1,254,40	kr. 16,948,90

		Fluttar kr. 1,254,40	kr. 16,948,90	
	1913...	— 61,82		
Við V. b. 4.	1912	— 184,24		
	1913...	— 392,06	— 1,892,52	
Við VI. l. Heyrnar- og máll.skóli	1912	kr. 203,57		
	1913...	— 431,98	— 635,55	
Við VII. b. Sundkensla utan Reykjavíkur	1912	kr. 479,00		
Sundkensla í Rvík	1912...	— 600,00	— 1,079,00	
				kr. 20,555,97

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna, veitast: 3,028 kr. 18 aur.

Við 5. a. og b. Landsbókas.húsið	1912...	kr. 2,038,86	
	1913	— 655,99	
Til salsgæslu-aðstoðar í Landsbókasafninu	... ...	— 333,33	kr. 3,028,18

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna, veitast: 5,090 kr. 23 aur.

Við 1. lið c. 2. 3. og 6. Bændaskóli á Hólum	1912...	kr. 458,72	
	1913	— 743,59	
Við 1. lið 1. d.	1912...	— 1,203,27	kr. 2,405,58
Við 2. lið c. 3. og 5. Hvanneyrarskóli	1913		— 986,55
Við 5. lið. Framhaldsrannsókn á járnbrautarsvæði	1913		— 1,004,80
Við 27. lið. Námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis	1912		— 225,00
Við 35. lið. Skoðun á prestsetrum	1912...	kr. 134,95	
	1913	— 333,35	— 468,30
			kr. 5,090,23

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna, veitast: 27,617 kr. 32 aur.

Við óviss útgjöld	1912	kr. 5,279,79	
— — —	1913	— 9,838,57	kr. 15,118,36
Til milliþinganefndar í fjármálum landsins	... ...		— 4,712,81
Til manntalskostnaðar	1912	kr. 4,591,65	
	1913	— 2,310,00	— 6,901,65
Til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum	... ...		kr. 208,85
Fyrir samningu á frumvarpi um lögaldur	... ...		— 263,15
Viðbót við bókaútgáfufje Háskólans 1913	... ...		— 112,50
Til áveitu á Meðallandssandana	... ...		— 300,00
			kr. 27,617,32

Ed. **698. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

	I. Tekjur	Áætlun. Kr. au.	Reikningur. Kr. au
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	100,000,00	112,417,84
2.	Húsaskattur	26,000,00	28,462,15
3.	Tekjuskattur	60,000,00	69,260,00
4.	Aukatekjur	110,000,00	152,989,17
5.	Erfðafjárskattur	6,000,00	11,012,52
6.	Vitagjald	60,000,00	116,399,79
7.	Leyfisbrjefagjöld	12,000,00	15,133,89
8.	Útflutningsgjald	300,000,00	324,873,44
9.	Áfengistollur	330,000,00	467,527,72
10.	Tóbakstollur	320,000,00	429,809,71
11.	Kaffi- og sykurtollur	760,000,00	978,918,96
12.	Annað aðflutningsgjald	40,000,00	71,520,50
13.	Árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja	18,000,00	22,700,00
14.	Pósttekjur	190,000,00	316,836,58
15.	Símatekjur	205,000,00	343,778,14
16.	Tekjur af Íslandsbanka	24,000,00	24,126,99
17.	Óvissar tekjur	20,000,00	133,822,45
18.	Tekjur af jarðeignum landsjóðs	36,000,00	40,700,45
19.	Tekjur af kirkjum	200,00	356,41
20.	Tekjur af silfurbergsnámunum	4000,00	7,884,22
21.	Tekjur af ræktunarsjóði		19,751,14
22.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	106,000,00	118,654,36
23.	Tekjur af seðlaláni Landsbankans	15,000,00	15,000,00
24.	Leigur af innstæðu í bönkum	16,000,00	13,507,57
25.	Greitt frá prestaköllum	4,000,00	5,093,87
26.	Endurgreiðsla á skyndilánum embættismanna	1,200,00	2,578,21
27.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	36,237,77
28.	Greitt úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
29.	Vörutollur		373,583,14
30.	Tekjur af láninu 1909		56,756,50
31.	Lán eftir lögum nr. 20, 1911, og nr. 14, 1909		750,000,00
	Samtals	2,887,400,00	5,179,693,49

II. Útgjöld:	Fjárveiting. Kr. a.	Reikningur. Kr. a.
1. Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum landsjóðs	99,633,34	304,437,39
2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins	101,000,00	111,173,07
3. Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	62,400,00	121,622,81
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173,000,00	176,284,57
B. Ýmisleg útgjöld	52,300,00	86,012,71
5. Til útgjalda við læknaskipunina.	333,880,00	336,286,28
6. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	217,800,00	244,625,41
B. Til vegabóta	315,500,00	315,076,26
C. Til gufuskipaferða	212,300,00	210,300,00
D. Til ritsíma og talsíma	313,900,00	402,871,77
E. Til vita	93,950,00	91,966,15
7. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	116,700,00	137,475,11
B. Til kenslumála	470,440,00	482,233,63
8. Til vísinda og bókmenta	162,740,00	162,270,11
9. Til verklegra fyrirtækja.	348,394,00	432,629,96
10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna ...	5,200,00	40,325,10
11. Til eftirlauna og styrktarfjár	158,400,00	126,111,69
12. Óviss útgjöld	6,000,00	21,118,36
13. Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum o. fl.		267,877,12
14. Útgjöld viðlagasjóðs		50,772,81
15. Til jafnaðar móti lántökum landsjóðs		750,000,00
16. Við útgjöldin bætast		16,339,55
Áætlaður tekjuhalli var	446,167,34	
En tekjuafgangur varð	... ...	291,884,63
Samtals	3,689,704,68	5,179,694,49

Nd. **699. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Ákvæðin um stundarsakir falli burt.

Nd. **700. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Fátækralaganefndinni.

Frumvarp þetta, sem flutt hefir 2. þingm. Eyfirðinga, gerir þá einu breytingu á núgildandi lögum um sveitarstjórn, að leggja megi aukaútsvar á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni, eða í landhelgi, líkt og um hvern annan atvinnurekstur, sem leyft er að leggja aukaútsvar á.

Nefndin sjer ekkert á móti því, að þessi viðbót sje gerð, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 1. sept. 1915.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Þorleifur Jónsson, skrifari.

Jóhann Eyjólfsson. Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.

Ed. **701. Breytingartillaga**

við 2. breytingartillögu á þingskjali 652.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Aftan við »5 krónur á dag« komi:
í fæðispeninga.

Nd. **702. Breytingartillögur**

við frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Fyrirsögnin skal vera: Frumvarp til laga um misærisskatt af tekjum.

2. Við 1. gr.
Fyrir »dýrtíðarskatt« komi:
misærisskatt.

3. Við 2. gr.

Greinina skal orða svo:

Skattskyldir menn eftir 1. grein þessara laga, skulu greiða 4% af fyrstu gjaldskyldri þúsund, 4½ af hinni næstu, 5 af þriðju o. s. frv. Skal hundraðsgjaldið hækka um ½ við hver þúsundaskifti, þar til er það verður 20%, en hækkar eigi úr því.

4. Eftir 3. gr. komi þessar nýjar greinar:

4. gr.

Stjórnarráðið skipar skattnefnd í hverri sýslu og í hverju fógetadæmi og yfirskattanefnd fyrir alt landið. Skal hún hafa aðsetur í Reykjavík. Það skiftir verkum milli nefndarmanna í öllum þessum nefndum. Enginn getur skorast undan því, að vera skipaður í skattnefnd eða yfirskattnefnd. Nefndir þessar vinna launalaust.

5. gr.

Sveitarstjórnum, bæjarstjórnum, hreppstjórum og sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að láta skattnefndum í tje alla fræðslu um hag manna, sem þeim er máttugt að veita. Skal það talin embættis-afglöpun, ef þessi völd tregðast við, og varða auk þess sektum frá 200—2000 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið lætur skattnefndum í tje fyrirsögn um, hversu telja skal mönnum tekjur til þessa skatts, en þær birta þá fyrirsögn fyrir almenningi hver í sínu umdæmi, og krefjast þess, að menn segi til sjálfir um tekjur sínar eftir þessari fyrirsögn og leggi við drengskap sinn eða fjárhaldsmenn og meðráðamenn ófullveðja manna.

7. gr.

Nú vanrækir maður að segja til um tekjur sínar, og skal þá skattnefnd setja honum skatt, en kæra frá hans hendi er ónýt, nema hann sanni að gild forföll hafi valdið því, að hann sagði eigi til.

8. gr.

Telji maður tekjur sínar víss vitandi rangt, þá skal hann gjalda skattinn sjöfaldan, nema hann vilji heldur láta málið koma fyrir dómstólanna. Fara skal með slík mál sem sakamál, og skal refsað fyrir sem skjalafals, ef sannast sviksamlegt framtal.

9. gr.

Skylt er bönkum og öðrum stofnunum til fjárgeymslu að segja skattnefndum til um eign manna í bankanum eða stofnuninni og tekjur þeirra af peningum og verðbrjefum.

10. gr.

Á skattnefndum hvílir rík þagnarskylda, en sje af brugðið, skal það bæta 1000—5000 krónum.

11. gr.

Vinni skattnefndir verk sitt seinlega, má knýja þær til framkvæmda með dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður.

12. gr.

Skattur þessi skal krafinn í fyrsta sinn 1. nóv. þetta ár af tekjum þeim, er menn höfðu frá 1. jan. 1915 til 30. júní sama ár, en næsta sinn 1. febr. 1916 af tekjum manna frá 1. júlí til 31. des. 1915, en í síðasta sinn 1. júlí 1916 af tekjum manna frá 1. jan. 1916 til þess tíma.

13. gr.

Fje þessu má verja til þess að jafna misæri það í verslun, sem leiðir af heimsstyrjöldinni. Verði afgangur, skal hann renna í landhelgisjóð.

14. gr.

Sá misserisskattur, skal falla niður, sem eigi er fallinn í gjalddaga, þá er misærinu ljettir af.

5. Við 4. gr.:
Greinin verður 15. gr.

Ed. **703. Breytingartillaga**

við tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913 (á þingskj. 463).

Flutningsmaður G. Björnson.

5. töluliður orðist þannig:

Að setja fastar reglur um dagpeninga embættismanna og starfsmanna, sem að undanförnu hafa verið mjög á reiki.

Nd. **704. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um kaup á Þorlákshöfn (þgskj. 244).

Flutningsmaður: Þór. Benediktsson.

Fyrir orðin: »Neðri deild Alþingis« komi:
Alþingi.

Nd. **705. Frumvarp**

til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Þórarinn Benediktsson, Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Meðan hið óeðlilega háa verð er á vörum vegna Norðurálfuófriðarins, heimilast bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í sveitamálum og kaupstaða, að jafna niður dýrtíðargjaldi einu sinni á ári, ef brýn þörf er, á alla þá menn í kaupstaðnum eða hreppnum, sem að áliti bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eru svo efnum búnir og hafa svo góðar ástæður, að þeir þurfa alls ekki á dýrtíðarhjálp að halda. Niðurjöfnunargjald þetta skal lagt á menn eftir efnum og ástæðum eins og aukaútsvar.

2. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtíðargjaldið og skifta því svo sanngjarnlega sem unt er milli bágstaddra manna, sem ekki hafa þegið sveitarstyrk. Styrkur þessi skal kallaður dýrtíðarstyrkur og er óendurkræfur. Má alls ekki skoða hann sem sveitarstyrk né neina skerðingu á heiðri og mannréttindum.

Dýrtíðargjald þetta má taka lögtaki.

3. gr.

Með kærur út af niðurjöfnun dýrtíðargjaldsins, eftir lögum þessum, skal farið eins og kærur út af niðurjöfnun sveitarútsvara samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Heimildarlög þessi gilda til næsta reglulegs þings.

Ed. **706. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 10, 22. okt. 1912 um þingfararkaup alþingismanna.

Flutningsmaður: G. Björnson.

1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 8 króna þóknun daglega fyrir þann tíma, sem þeir sitja á þingi, en 6 kr. daglega fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til Alþingis og frá Alþingi heim aftur.

2. gr.

1. málsgr. 1. greinar laga nr. 10, 22. okt. 1912 er úr gildi numin.

12. gr. 8.

Ed. **707. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

1. Við 12. gr. 8. Á eftir þessum tölul. (á undan athugasemdinni) komi nýr liður:

9. Styrkur til M. Júlíussonar húðsjúkdómalæknis 1200 — 1200

Til vara ... ... 1000 — 1000

(Í athugasemdinni komi nafn hans á eftir nöfnum hinna annara lækna).

Ed. **708. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk yfirmatsmanna þeirra, sem skipaðir eru með lögum nr. 26, 11. júlí 1911 um skoðun á síld, skulu vera 2 yfirmatsmenn, og hefir annar þeirra heimili á Ísafirði og hinn á Seyðisfirði. Hafa þeir í árslaun 600 kr. hvor, og hefir hinn fyrri til yfirsóknar svæðið milli Horns og Öndverðaness, en hinn svæðið milli Langaness og Djúpavogs. Að öðru leyti fer um skipun þeirra og starfssvið, rjettindi og skyldur svo sem segir í nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **709. Frumvarp**

til laga um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. Þingskipun.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans. **Þingsetning. Prófun kjörbrjefa og kjörgengis og ályktun um það.**

Til þess að prófa kjörbrjef og kosningu nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sje nema einn, ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbrjef þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbrjef þau, er hún tekur við og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sjer framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um. (Stjsk. 1915 § 16).

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 35. og 37. gr.

2. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna að kosning hans sje gild (Stjsk. 1874, § 30). **Eiður þingmanna.**

3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og gengst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara. **Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.**

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur eigi neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).

4. gr.

Kjörbrjefanefnd.

Þá skjal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbrjef, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefir frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn eftir reglum um nefndarkosningar (17. og 48. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.). Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbrjefadeildanna í 1. gr.

5. gr.

Hvenær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosningu. Rjettindi þingmanns áður en kosning hans og kjörgengi er tekið gilt.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbrjef hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sjer að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því að eins, að kært sje yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því að eins tekin til greina, að hún sje frá kjósendum þingmannsins, einum eða fleirum, og komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eftir kosninguna.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefir sjerhver þingmaður fullan þingmannsrjett. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, uns það mál er útkljáð, og kosning hans og kjörgengi viðurkent.

6. gr.

Kosning til efri deildar.

Eftir kosningar þær, sem talað er um í 3. og 4. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna til efri deildar eftir reglunum um nefndarkosningar (Stjsk. 1915, § 8).

7. gr.

Forsetakosning og skrifara í deildunum.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um samskonar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annara en forseta og skrifara.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið. (Stjsk. 1915, § 8). **Hve lengi kosningar eftir 2.—3. og 6.—7. gr. gildi o. fl.**

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði $^2/_3$ þingmanna eða deildarmanna.

9. gr.

Nú deyr efri deildar þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, og annar maður er kosinn í hans stað, þá skal kjósa 1 mann til efri deildar með þeim hætti, er segir í 6. gr. **Sæti kjördæmakosins þingmanns losnar.**

10. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefir meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rjett og skyldur sem forseti. **Rjettur og skylda aldursforseta.**

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. **Verksvið forseta.**

Forsetar Alþingis ráða í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, til 6 ára í senn, og skal hann hafa að launum 2400 kr. á ári. Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og gera tillögur um það. Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistíðindanna, lesa prófarkir af þeim, ráða útsölumenn þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um að alt sje í lagi í þinghúsinu þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbrjef handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað. **Rjettur og skylda varaforseta.**

13. gr.

Nú er hvorki forseti nje varaforseti búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í **Millibingaforseti.**

Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosningu.

14. gr.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sjer gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir sjeu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skifta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.

15. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 12. og 14. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II. Nefndir.

16. gr.

Nefndaskipan.

Hver þingdeild skal skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á 2. þingfundi hvorrar deildar:

1) Fjárhagsnefnd,
2) Fjárveitinganefnd,
3) Samgöngumálanefnd,
4) Landbúnaðarnefnd,
5) Sjávarútvegsnefnd,
6) Mentamálanefnd,
7) Allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skift í þessar nefndir, og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur, og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni. Fjárveitinganefndin í neðri deild skal þó jafnan vera 7 manna nefnd og í efri deild 5 manna nefnd.

Hver fastanefnd kýs sjer formann og fundarskrifara.

Formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefndin skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannabýtti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um að mannabýttin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir þingið eru lögð og þörf þykir að nefnd íhugi, og skal þá vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sjer formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls. Enginn fastanefndarmaður er skyldur að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess.

Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu.

17. gr.

Kosning nefnda.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2 er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 47. gr.).

18. gr.

Formaður og skrifari nefndar. Nefndarálit.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III. Þingmál.

19. gr.

Hvenær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

20. gr.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (Stjsk. 1874 § 27).

21. gr.

1. umræða.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

22. gr.

2. umræða. Breytingartillögur.

Önnur umræða fer eigi fram fyr en tveim nóttum eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

23. gr.

3. umræða Breytingartillögur.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyr en tveim nóttum eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

24. gr.

Frumvarp sendist hinni deildinni og síðan ráðherra.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (Stjsk. 1903 § 9) og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

25. gr.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (Stjsk. 1903 § 9). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sje því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (Stjsk. 1903 § 9) og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

26. gr.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verður aftur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjsk. 1903 § 9).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

27. gr.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um breytingu á stjórnarskránni.

Lagafrumvarp, er felur í sjer tillögu um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sjer tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sje hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

28. gr.

Feld frumvörp.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

29. gr.

Þingsályktunartillögur.

Að lokinni brenslu skal jarðsetja öskuna í kirkjugarði, eða setja hana á aðra staði, sem sjerstaklega eru útbúnir til þess, eftir fyrirmælum Stjórnarráðsins.

5. gr.

Nánari ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma líkbrenslu, setur Stjórnarráðið með reglugjörð.

14. gr. B. III. b. 1.

Ed. **738. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 14. gr. B. III. b. 1.

Fyrir: »2200« komi:
2400.
Og fyrir: »200« komi:
400.

14. gr. B. XIV.

Ed. **739. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 14. gr. B. XIV.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Samúels Eggertssonar til að gera landslagsuppdrætti... 900 – ...

14. gr. B. XII. 5. og 6.

Ed. **740. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

1. Við 14. gr. B. XII. 5.

Fyrir: »1500—1500«, komi:
2400—2400.

2. Við 14. gr. B. XII. 6.

Liðurinn verði svo:

Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum ... 2000 — 2000.

Styrkurinn veitist með því skilyrði að styrkþegi gefi út á sinn kostnað prentaða skýrslu um ferð sína (1 örk minst) og sendi hana öllum starfandi barna- og unglingakennurum á landinu.

13. gr. E. III. e.

Ed. **741. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 13. gr. E. III. e.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

d. Þokulúður á Dalatanga ... ... 14000 — .... gegn því að annarstaðar að komi það sem á vantar.

15. gr. 43.

Ed. **742. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. 43.
Liðurinn falli niður.

Nd. **743. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 1. málsgrein Ákvæða um stundarsakir.

1. Fyrir »3. júlí 1916« komi:
   1. júlí 1916.
2. Fyrir »18. september s. á.« komi:
   9. september s. á.

Nd. **744. Frumvarp**

til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður eða $^1/_5$ hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óska þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir núgildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá frammi, sje um reglulega kosning að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði, sem þeir eru margir, er kjósa skal, og má hann

þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggja eða fleiri, eftir því hve marga þarf að kjósa.

2. gr.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá	Atkvæði

lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið; þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

15. gr. 37.

Ed. **745. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 19167. og 191

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. 37. Liðurinn orðist svo:

Til hraðritunar ... ... 1600 — .....

Þar af: 800 kr. í styrk til hraðritunarnáms og til Helga Tómassonar 800 kr. til að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun.

15. gr. 16.

Ed. **746. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 16.

Liðurinn falli burt.

Til vara:
Liðurinn orðist svo:
Til Leikfjelags Reykjavíkur gegn jöfnu framlagi annarstaðar að 1250 — 1250

15. gr. 30.

Ed. **747. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 30.
Liðurinn falli burt.

15. gr. 2. f.

Ed. **748. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 2. f.

A eftir »útlendum skjalasöfnum« komi:
eftir reikningi alt að ... ...

15. gr. 11.

Ed. **749. Breytingartillaga.**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm: Hákon J. Kristófersson.

Við 15. gr. 11:

Fyrir »Til sögufjelagsins« komi:
Til Sögufjelagsins.

16. gr. 34.

Ed. **750. Viðaukatillaga**

við tillögu á þingskjali 719.

Flutningsmaður: Hákon J. Kristófersson.

Aftan við liðinn bætist:
enda sje bryggjan heimil látin til almennra nota.

12. gr. 8.

Ed. **751. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 12. gr. 8.

Aftan við liðinn komi nýr liður:

Til Ólafs læknis Gunnarssonar til sjerlækninga í liða- og beinsjúkdómum (orthopædi) ... ... 1500 — 1500

Nd. **752. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. október 1891.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

1. Við fyrirsögnina:

Fyrirsögnin skal vera svo:

Frumvarp til laga um dýralækna.

2. Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist:

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

3. Eftir 2. gr. skulu koma þessar greinar:

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.

13. gr. B. III. 6.

Ed. **753. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (á þgskj. 649).

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

1. Við 13. gr. B. III. 6.

Aftan við liðinn »6. Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu« komi nýr liður:

Til brúargerðar á Eyjafjarðará ... ... —75,000

Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins, má fresta framkvæmdum verksins.

14. gr. B. IX. 2. og B. XII. 2.

Ed. **754. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Steingr. Jónssyni.

1. Við 14. gr. B. IX. 2.
   Aftan við liðina bætist: gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að.
2. Við 14. gr. B. XII. 2.
   Aftan við liðinn komi nýr liður:
   Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að Stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu
   ..... — 10,000.

Ed. **755. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um verkfall opinberra starfsmanna (á þingskjali 672).

Flutningsm.: G. Björnson.

1.

Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr.:

Bannað er að hefja verkfall þeim mönnum öllum, er samkvæmt embættisskyldu eða sýslan vinna í þarfir landsins, Landsbankans, sveitar, sýslu eða kaupstaðar.

Ef ágreiningur verður milli opinberra starfsmanna og vinnuveitanda, út af kaupgjaldi eða vinnukjörum, þá skal skjóta þeim ágreiningi í gerðardóm; skal vinnuveitandi nefna 1 mann, starfsmennirnir annan, en landsyfirdómurinn þann þriðja.

Þessir þrír menn skulu gera um málið svo fljótt, sem verða má, og eru báðir aðiljar skyldir að hlíta þeim dómi.

2. Við 1. gr.

1. gr. verði 2. gr. og orðist þannig:

Hver sá opinber starfsmaður, sem tekur þátt í verkfalli, skal sæta sektum frá 100—1000 kr. eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

3. Við 2. gr.

Greinin falli burt.

4. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

5. Við 4. gr.

Greinin falli burt.

6.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Lög um bann gegn verkfalli opinberra starfsmanna.

Ed. **756. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Nefndin, sem háttvirt efri deild kaus til þess að athuga frumvarp þetta, hefir ihugað það og rætt á 20 fundum. Einnig hefir hún kynt sjer öll þau erindi og skjöl, er til þingsins hafa komið og snerta fjárlögin. Lætur því nefndin uppi þetta álit sitt:

Í frumvarpi stjórnarinnar voru tekjurnar áætlaðar 4.203,700 kr. Hinum ýmsu liðum í tekjubálkinum hefir háttvirt neðri deild breytt að nokkru, en þær breytingar raska ekki tekjuáætluninni meir en svo, að hún hefir að eins hækkað um einar 4500 kr. Nefndin gerir engar breytingartillögur við þessa áætlun háttv. neðri deildar, en þó blandast henni ekki hugur um, að sumir tekjustofnarnir eru að mun óvissari og óábyggilegri en áður hefir verið, sökum ófriðarins mikla.

Nefndin var sammála um það, að reyna að stefna sem mest að því að minka tekjuhalla frumvarpsins. Eins og frumvarpið nú liggur fyrir háttv. efri deild, þá er tekjuhallinn áætlaður kr. 290,106,92. Þess ber þó að gæta að talsvert stórar útgjaldaupphæðir eru þeim skilyrðum bundar, að tekjur landssjóðs hrökkvi fyrir þeim. Ef þessar upphæðir eru dregnar frá, verður hinn eiginlegi tekjuhalli kr. 48,706,92. Þetta virðist í fljótu bragði enginn gífurlegur tekjuhalli hjá því sem oft hefir verið í fjárlögunum. En þegar litið er á það, að tekjuhallinn er þó enn þetta hár, þrátt fyrir að gert er ráð fyrir að fresta miklum og bráðnauðsynlegum framkvæmdum í landinu, þá er það sýnilegt að mjög óvarlegt er að gera ekki annað tveggja, að fresta enn fleiri framkvæmdum eða útvega landssjóði nýjar tekjur. Það leiðir af sjálfu sjer, að af þessu tvennu átti nefndin ekki kost á öðru en að taka þá leiðina að takmarka útgjöldin enn meira.

Nefndin leyfir sjer að koma fram með allmargar breytingar- og viðaukatillögur, sem prentaðar eru á þingskjali 687. Ef þær tillögar yrðu allar samþyktar, mundi frumvarpið líta þannig út: Allur tekjuhallinn yrði þá um 210,800 kr., en ef þar eru dregnar frá hinar skilyrðisbundnu fjárveitingar, sem yrðu 203,400 kr.. þá yrði hinn eiginlegi tekjuhalli um 7,400 kr.

Við breytingar- og viðaukatillögurnar, leyfir nefndin sjer að gera þessar athugasemdir.

4. gr.

Nefndinni finst ekki rjett að svo komnu, að ganga inn á neinar endurborganir af símalánum, þar eð búast má við að slíkt dragi þann dilk eftir sjer, að fleiri þættust eiga jafnmikinn rjett til endurgreiðslu á þeim.

5. gr.

Nefndinni þótti jarðabætur þær, sem krafist er af presti þessum, of litlar, bornar saman við fjárhæðina, af því að sagt er að jörð sje þar auð-

unnin. Leggur nefndin því til að skilyrðinu sje breytt þannig, að krafist sje 8 dagslátta.

11. gr.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að með fjárveiting þeirri, sem farið er fram á í fyrri breytingartillögu nefndarinnar við þessa grein, megi nokkuð sporna við vínaðflutningi og varna tollsvikum. Meira að segja miklar líkur til, að á þessu græddist fje fyrir landssjóð í auknum tollgjöldum.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu skýrði nefndinni frá því, að peningaskápur sá, er embættinu fylgir, væri alt of lítill, og óskaði því eftir að fá skáp af líkri stærð og ætla má að hinir skáparnir verði (250 kr.). En jafnframt kvaðst hann geta selt gamla skápinn fyrir fult verð (120 kr.), og virðist því nefndinni sjálfsagt að veittur verði mismunurinn, 130 kr. Eins og athugasemdin við þessa breytingartillögu ber með sjer, lítur nefndin svo á, að lang tryggilegast væri, að skáparnir væru uppmúraðir þar sem því verður við komið. — Ef tillögur nefndarinnar verða samþ. þá hækkar greinin um 10130 kr. yfir fjárhagstímabilið.

12. gr.

Árneshreppur er þannig settur, að afarmikil nauðsyn er á því, að þangað komi sem allra fyrst læknir. Þó nú styrkurinn til að sækja lækni bæti nokkuð úr þeim mikla kostnaði sem sveitarmenn verða fyrir, þegar þeir þurfa að vitja læknis, þá bætir hann ekki úr því böli, að stundum er algerlega ómögulegt að ná í lækni. Þá hjálpa ekki peningar. Nú er þetta læknishjerað svo fáment, að læknar eru tregir til að fara þangað, vegna þess að þeir búast við litlum aukatekjum. Á þessu verður eigi ráðin bót á annan hátt, en með því að gera hjeraðið ofurlítið eftirsóknarverðara fyrir væntanlegan lækni. Af þessum ástæðum vill nefndin mæla með, að styrknum verði varið til launauppbóta í læknishjeraðinu.

Læknir holdsveikraspítalans hefir sent Alþingi erindi þess efnis, að veitt verði fje til að koma upp miðstöðvarhitun í spítalanum.

Segir hann, að reykur úr ofnum spítalans hafi verið mjög hvumleiður öll þau ár, er spítalinn hefir staðið. Kveður svo mikið að þessu, að þegar ofnar eru kyntir, ríkur alla jafna úr fleiri eða færri ofnum, hjer og hvar í húsinu, eftir vindstöðu, og þó hefir verið reynt alt til að ráða bót á þessu, en árangurslaust. Sjúklingarnir hafa einnig sent umkvörtun sína og segja þeir svo mikil brögð að þessu, að þeir oft kjósi heldur, að sitja við kulda, en búa við reykinn. Þar sem hjer er um það fólk að ræða, sem skyldað er til að búa á spítalanum, þá virðist nefndinni það skylda löggjafarvaldsins, að láta því líða sem best, og þá að minsta kosti verja það þessari plágu. Ennfremur má geta þess, að líkindi eru til, að þetta fyrirkomulag mundi lækka reksturskostnað spítalans, þar sem miðstöðvarhitun í stórhýsum eyðir venjulega minni kolum en ofnar og þarf minni hirðingu. Nefndin mælir því sterklega með, að breytingartillaga sú, er hjer um ræðir nái fram að ganga.

Rögnvaldur Ólafsson byggingarmeistari hefir látið uppi álit sitt um fyrirhugaða byggingu, fjóss, hlöðu og haughúss á Vífilsstöðum. Telur hann að 15 kúa fjós, sem gert hefir verið ráð fyrir, muni kosta að minsta kosti helm-

ingi meira, en háttv. neðri deild hefir ætlað. Hann bendir jafnframt á, að ef til vill væri heppilegt, að byggja yfir 30 kýr, en nefndin álitur ekki rjett, að ráðast í það, að svo stöddu, en býst við, að hið fyrirhugaða fjós verði bygt þannig, að auðvelt verði að byggja við það, ef þess reynist þörf. Hinsvegar blandast nefndinni ekki hugur um, að 5000 kr. muni alls eigi nægja til að byggja fyrir 15 kúa fjós, og leggur því til, að liður þessi verði hækkaður.

Nefndin telur ekki rjett, að löggjafarvaldið taki upp þá venju, að kosta framfærslu fábjána að nokkru eða öllu leyti. Þar sem nú munu vera um 100 fábjánar á landinu, gæti þetta síðar meir orðið talsverður kostnaðarauki, því margir mundu verða fegnir, að koma fábjánum sínum á landssjóðinn. — Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að 15. liður i. verði feldur burt.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþyktar, hækkar greinin um 24,200 kr. yfir fjárhagstímabilið.

13. gr. A.

Póstafgreiðslumaðurinn á Siglufirði, brjefhirðingarmennirnir á Silfrastöðum, Skinnastað, Arngerðareyri, Hesteyri, Látrum og Melgraseyri hafa sent póstmeistara erindi, þar sem þeir fara fram á ofurlitlar launahækkanir og hefir hann gefið umsóknum þessum meðmæli sín. Þar sem nefndinni virðast laun þessara póstþjóna sjerstaklega lág, vill hún mæla með að þeir fái launabætur samkvæmt tillögum póstmeistara.

Ef tillögur nefndarinnar verða samþykktar, hækkar liðurinn um 640 kr. yfir fjárhagstímabilið.

13. gr. B.

Nefndinni duldist það ekki, að svo framarlega sem minka ætti tekjuhalla fjárlaganna, yrði að ganga lengra en neðri deild hafði gert í því að fresta vegagerðum í landinu. Þar sem neðri deild hafði heimilað stjórninni, ef á þyrfti að halda, að fresta byggingu nýrra vita og símalína að öllu leyti, þá tanst nefndinni liggja næst að gera vegunum að einhverju leyti sömu skil. Þess vegna sá nefndin sjer eigi annað fært, en sumpart að minka fjárveitingar til þjóðvega og flutningabrauta og sumpart að heimila stjórninni að fresta framkvæmdum á þeim, ef á þyrfti að halda.

Það er stærsta fjárveitingin meðal flutningabrautanna, sem nefndin vill heimila stjórninni að fresta, ef þörf gerist, og er sú ráðstöfun ráðlögð einungis af varfærni.

Þá vill nefndin lækka tillögin til Grímsnesbrautarinnar. Finst nefndinni að í þetta sinn megi vel sætta sig við, að til þessarar brautar verði varið nokkru minna fje, en á yfirstandandi fjárhagstímabili. Voru á því veittar til brautarinnar 20,000 kr., en nú leggur nefndin til að fjárveitingin verði 16,000 kr.

Fjárlaganefnd neðri deildar lagði til, að fella alveg burt fjárveitingu til Stykkishólmsvegarins síðara árið, en deildin lækkaði fjárveitinguna að eins um 2000 kr. frá því, er hún var í frumvarpi stjórnarinnar. Nú vill nefndin fara hjer meðalveg og leggur til að fjárveitingin til vegarins verði 4000 kr. s. á.

Þótt nefndin verði að játa, að töluverð þörf sje á vegagerð upp Norðurárdal, eins og víðar, þá vill meiri hluti hennar, af sparnaðarástæðum, ráða

fastlega til þess að fella niður fjárveitingu til þessa vegar, enda rekur engin knýjandi nauðsyn til annars.

Meiri hluti nefndarinnar finnur enga ástæðu til að ráðast í að byggja nokkra stórbrú á næsta fjárhagstímabili og þá síst þær brýr sem eftir samgönguþörfinni og tillögum landsverkfræðings eiga að sitja á hakanum fyrir öðrum enn nauðsynlegri.

Sýsluvegafjeð leggur nefndin til að sje nokkuð lækkað. Finst henni að sama verði yfir þá vegi að ganga eins og flutningabrautir og þjóðvegi, að þeir verði að bíða betri fjárhags.

Ólafsfjarðarós mun vera á hreppavegi og finst nefndinni varhugavert að landssjóður leggi fje til slíkra vega, að svo stöddu.

Verði tillögur nefndarinnar samþykktar, lækkar þessi liður um 117,000 kr. yfir fjárhagstímabilið.

13. gr. C.

Þessum lið hefir nefndin ekkert breytt að öðru en því, að hún leggur til að haldið sje fast við tillögu samgöngumálanefndar um styrkveitinguna til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði.

Vegna málaleitana, er komu til fjárlaganefndarinnar frá strandferðanefndinni eftir að breytingartillögur nefndarinnar voru komnar í prentsmiðjuna, um hækkun styrks til flóabátanna á Faxaflóa og Breiðafirði, þá vill nefndin geta þess, að hún mun taka þær málaleitanir til yfirvegunar fyrir 3. umræðu.

13. gr. D.

Stöðvarstjórinn í Vestmannaeyjum hefir sent þinginu erindi, þar sem hann fer fram á að laun sín verði hækkuð upp í 2600 kr. á ári. Síðan landið keypti Vestmannaeyjasímann hefir hann haft 1400 kr. fyrir símaþjónustu, húsaleigu, ljós, hita og ræstingu og 200 kr. fyrir boðsendingar. Árið 1914 voru símaafgreiðslur 15300 að tölu, en innanbæjarsímar eru 55. Tekjur símans voru það ár rúmar 12600 kr. Nefndinni finst það augljóst eftir þessum upplýsingum, að einn maður, hvort sem það er karl eða kona, getur ekki annast afgreiðsluna á stöð þessari svo í lagi sje, en við það munu launin hafa verið miðuð. Stöðvarstjórinn hefir því að sögn orðið að halda tvær símameyjar að jafnaði auk starfs hans sjálfs við eftirlit og reikningsfærslu.

Að öllu þessu athuguðu vill nefndin leggja til að hann fái launauppbót, sundurliðaða samkvæmt breytingartillögunni.

13. gr. E.

Við þennan tið gerir nefndin litlar breytingar. Að eins hefir hún ekki getað fallist á að hækka laun umsjónarmanns vitanna nje skrifstofukostnað hans, og leggur því til að liðir þessir standi með sömu upphæðinni og á núgildandi fjárlögum.

Nefndin býst við að V. liður muni ekki reynast nógu hátt áætlaður, eins og hann kemur frá háttv. neðri deild, ekki síst ef fjárhagurinn leyfir einhverjar nýjar vitabyggingar. Enda mun það frekast vera af vangá hjá fjárlaganefnd neðri deildar, að liður þessi var eigi aftur hækkaður, er allar hinar

fyrirhuguðu vitabyggingar voru á ný settar inn í frumvarpið. Leggur nefndin því til að liður þessi verði aftur eins og hann var í frumvarpi stjórnarinnar.

14. gr. B.

Háttvirt neðri deild hækkaði fjárveitinguna til launa háskólakennaranna um 600 kr. hvort árið. Þar af voru 200 kr. ætlaðar prófessor B. M. Ólsen, en 400 kr. docent Sigurði Sivertsen. Nefndin sjer ekki ástæðu til að hækka laun þessa docents fremur en annara docenta við háskólann, og leggur því til að liðurinn lækki um 400 kr. á ári.

Dr. Alexander Jóhannesson sækir um 2000 kr. styrk á ári til að halda fyrirlestra við háskólann í ýmsum þýskum fræðum og hefir heimspekisdeild háskólans mælt með umsókn hans. Nú stendur svo á, að þjóðverji sá, er hingað var sendur í fyrra sumar til þess að kenna þýsk fræði við háskólann, varð að hverfa heim, en engin von um, að annar Þjóðverji komi í hans stað, fyrst um sinn. Nefndinni finst æskilegt að hægt verði að halda uppi kenslu í þessum fræðum og telur dr. Alexander vel til þess hæfan, enda hefir hann stundað nám í þessum greinum við háskólana í Kaupmannahöfn, Leipzig og Halle. Nefndin vill þó eigi leggja til að honum verði veitt meira en 1000 kr. hvort árið.

Meiri hluti nefndarinnar telur rjett að byrja nú þegar á næsta fjárhagstímabili á því, að minka námsstyrkinn við mentaskólann.

Álítur nefndin, að alt of margir flykkist á skóla þenna, og því sje síst þörf á að hæna menn að skólanum með styrkveitingum. Annars lítur meiri hluti nefndarinnar líkt á þetta mál og fjárlaganefnd neðri deildar (sbr. nefndarálit, þingskj. 337 bls. 10) og tekur undir það með henni, að mjög æskilegt væri, að stjórnin athugaði þetta mál rækilega fyrir næsta þing.

Af sömu ástæðum leggur nefndin til að námsstyrkurinn við gagnfræðaskólann á Akureyri, sje feldur burt.

Nefndin var þeirrar skoðunar, að miklu meiri þörf væri á, að styrkja verklegt nám bændaefna, heldur en bóklegt og leggur því til, að hækkaðar verði fjárveitingarnar til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri. Aftur á móti leggur nefndin til, að styrkirnir til nemenda við vetrarnám, falli burt.

Vegna fyrirkomulags skólanna, sem vetrarskóla, vill nefndin leggja áherslu á, að nemendur sjeu hvattir til að leggja sem mesta stund á verklegt nám að sumrinu, og það telur nefndin sje gert með því, að hafa styrkinn til verklegs náms all-ríflegan, svo að sem flestir þeirra nemenda, er skólana sækja, geti notið hans.

Nefndinni er kunnugt um, að ágreiningur nokkur er milli kvenna á Norðurlandi um hvar væntanlegur húsmæðraskóli fyrir Norðurland eigi að standa. Vill hún því ekki veita fje til slíks skólahalds fyr en samkomulag fæst um, hvar skólinn verði settur. Allar bráðabirgða-ráðstafanir í þessu efni geta orðið til þess, að skólinn festist einmitt á þeim stað, er síðar kynni að valda óánægju.

Húsmæðrakenslan á Eyrarbakka virðist nefndinni einungis vera venjulegt matreiðslu námsskeið, en þau hafa hingað til verið eingöngu kostuð af

búnaðarfjelaginu og sveitafjelögunum. Nefndinni finst því engin ástæða til að styrkja sjerstaklega námsskeið á þessum stað.

Húsmæðraskólinn á Ísafirði hefir undanfarin ár starfað með mikilli aðsókn og átt vinsældum að fagna. Finst því nefndinni sjálfsagt, að styrkja þann skóla ríflega, ekki síst, þar sem hann einnig nýtur mikils styrks annarsstaðar frá.

Landlæknir sendi fjárlaganefndinni erindi þess efnis, að kenslubók í yfirsetukvennafræði sje næstum uppseld, svo að það sem eftir er muni rjett nægja handa þeim, sem á skólann koma í haust, enda var upplagið að eins 500 eintök. Þessi kenslubók var gefin út með styrk úr landssjóði. Bókin er nú orðin úrelt og þegar af þeirri ástæðu er þörf á nýrri bók. Hefir landlæknir undanfarin ár á ýmsan hátt búið sig undir samningu hennar og segir hann að bókina þurfi nú nokkuð stærri og sjerstaklega með fleiri myndum en eru í þeirri, sem nú er notuð. Álítur hann því að ekki sje hægt að komast af með minni styrk til útgáfu bókarinnar en alt að 1000 kr., og finst nefndinni óhjákvæmilegt að þessi upphæð verði veitt.

Nefndinni fanst rjett, að úr því að hækkuð voru tillög landssjóðs til kvennaskólanna, þá væri einnig rjettmætt að á móti væri krafist hærra tillags annarstaðar frá. Enn fremur felst nefndin á þá skoðun stjórnarinnar, sem kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að skólar þessir eigi að standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Það má ekki eiga sjer stað, eins og verið hefir með Blönduósskólann, að reikningar skólans sjeu eigi sendir stjórninni í tæka tíð.

Ungfrú Hólmfríður Árnadóttir hefir sótt um 1000 kr. styrk á ári, til þess að halda kvöldskóla í Reykjavík fyrir stúlkur. Hún hefir 5 undanfarna vetur haldið uppi slíkum skóla og aðsókn að honum farið vaxandi. Hefir hún ágæt meðmæli frá ýmsum þektum bæjarmönnum. Nefndin álítur mjög þarft verk að gefa fátækum stúlkum í Reykjavík, sem ekki geta sótt fasta skóla, tækifæri til þess að verja kvöldstundum sínum til þess að afla sjer mentunar, án alt of mikils tilkostnaðar, og leggur því til að Hólmfríði Árnadóttur verði veittar 800 kr. á ári.

Forstöðukona heyrnar- og málleysingjaskólans hefir sent Alþingi brjef, þar sem hún fer fram á, að sjer verði veittar 200 kr. á ári til ljóss og hita. Nefndinni virðist sanngjarnt að verða við þessari ósk hennar, því það mun venja allstaðar við slíkar stofnanir, að forstöðukonurnar eða forstöðumennirnir fái það, sem hjer um ræðir, ókeypis. Enda verður nefndin að álíta að það sje nauðsynlegt, að forstöðukonan búi í skólahúsinu til þess að geta haft sem best eftirlit með börnunum, en forstöðukonan segir að það verði sjer bæði dýrara og erfiðara heldur en að búa annarstaðar.

Samt sem áður virðist engin ástæða til að hækka fjárveitinguna, því nefndin telur sjálfsagt, að nemendurnir sjeu látnir greiða kenslugjald, ef þeir hafa efni á því, en það mun eigi hafa verið gert. Er það næsta undarlegt, þar sem tilskipun 26. febrúar 1872 fyrirskipar það og auk þess vakti Alþingi 1911 einmitt athygli stjórnarinnar á þessu.

15. gr.

Meiri hluta nefndarinnar virðist eigi rjett að lækka fjárveitinguna til þess að láta afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta sögu Íslands, frá því, er áætlað var í frumvarpi stjórnarinar, þar eð hjer er um svo merkilegt verkefni að ræða og svo mikið að það mun ekki nokkurra ára verk, heldur mannsaldraverk. Enda sýnir það sig, að mikið hefir þegar verið unnið fyrir fje það, er veitt hefir verið í þessu skyni. Þar sem t. d. öll hyllingarskjöl Íslendinga frá 1649 og auk þess fjöldi skjala í X. og XI. bindi fornbrjefasafnsins, eru bygð á þessum afritum. Auk þess hafa stórmerkileg skjöl verið ljósmynduð, en einmitt ljósmyndirnar eru afardýrar.

Nefndinni finst ekki rjett að láta lengur dragast að veita fje til aðgerðar á Þingvöllum og vísar til ummælanna um þessa fjárveitingu í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumvörpin fyrir árin 1913 og 1914, og 1915 og 1916. Ræður nefndin því eindregið til að taka upp aftur fjárveitingu þá, er stóð í frumvarpi stjórnarinnar, enda eru líkindi til að aðgerðin verði því dýrari, sem lengur dregst að verkið sje framkvæmt.

Þá vill nefndin taka aftur upp fjárveitinguna til þess að gefa út landsyfirrjettardóma árin 1800—1873. Þar sem dómar þessir munu vera mikilsvarðandi fyrir menningarsögu landsins, mannfræði þess og notkun gildandi rjettar, þá telur nefndin rjett, að byrjað sje á útgáfu þeirra þegar á næsta fjárhagstímabili.

Af sparnaðarástæðum sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til að styrkurinn til skálda og listamanna verði hærri en 9000 kr. á ári auk 1000 kr. endurveitingar fyrra árið handa Ríkarði Jónssyni.

Hjörtur Þorsteinsson sækir um styrk til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn, en því mundi lokið í janúar 1917. Þar sem maður þessi er sagður mjög efnilegur, en svo fátækur, að hann verður að hætta við nám þegar Garðstyrk er lokið, sem verður í lok þessa mánaðar, þá vill nefndin gera honum jafn hátt undir höfði eins og Steingrími Jónssyni, með því að veita honum 1000 kr. fyrra árið.

Nefndin getur enga ástæðu fundið, til að taka einn listamann af öllum þeim hóp, er sótt hefir um styrk, og veita honum sjerstaklega nafnbundið fje, leggur nefndin því til, að 23. liður falli burt.

Af sparnaðar-ástæðum leggur nefndin til, að fjárveitingin til að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans« verði látin falla burt.

Nefndinni finst lítil ástæða til, að veita fje til þess, að gefin sje út á dönsku ritgerð G. Björnson landlæknis í fánanefndarálitinu, og leggur því til, að sá liður falli burt. Væri frekari ástæða til, að styrkja útgáfu þeirrar ritgerðar á fjöllesnara máli.

Finnur Jónsson á Kjörseyri í Hrútafirði hefir um 20 ára bil safnað ýmsum sögufróðleik, einkum frá 19. öld. Hann hefir lagt mikla fyrirhöfn og vinnu í þetta verk, en þó er tiltölulega lítill hluti af safni hans kominn í þann búning, að aðgengilegt sje til aflestrar. Nú er maður þessi orðinn 73 ára gamall og á orðið mjög erfitt um skriftir, en hann er eigi svo efnum búinn, að hann geti fengið mann til þess, að hreinskrifa sögusafn sitt. Fer hann því fram á, að fá 200 kr. styrk á ári, til þess að geta fengið sjer hjálp við skrift-

irnar. Þar sem hjer er áreiðanlega um mikinn og merkilegan fróðleik að ræða, sem annars færi ef til vill forgörðum, þá leggur nefndin til, að honum sje veittur umbeðinn styrkur.

Það má undarlegt heita, að engin íslensk setningafræði skuli vera til, en hennar virðist þó jafn-mikil þörf eins og annara málfræðiskenslubóka. — Nú hefir magister Jakob Jóhannesson, sótt um styrk til þess, að rita íslenska setningafræði, sem gæti orðið nothæf fyrir æðri skóla hjer á landi. Meiri hluta nefndarinnar virðist svo mikil þörf á slíkri bók, að sjálfsagt sje að veita hinn umbeðna styrk, enda veita þeir prófessor B. M. Ólsen og yfirkennari Pálmi Pálsson þessu meðmæli sín.

Nefndin vill að fjárveitingin til hraðritunarkenslu sje bundin við nafn Helga Tómassonar, þar sem hann hefir þegar tilbúið handrit til kenslubókar í íslenskri hraðritun, og er auk þess æfður hraðritari samkvæmt meðmælum landlæknis, er fylgdu erindi hans til nefndarinnar.

16. gr.

Með því að neðri deild hefir numið í burt styrk til búnaðarfjelaga fyrra árið, en sá styrkur hefir verið tiltölulega lítill síðari árin, miðað við dagsverkafjölda unninna jarðabóta, svo að hann hefir lítið ljett undir við jarðabótaframkvæmdir, þá sjer nefndin ekki ástæðu til, að halda honum síðara árið. Leggur hún því til, af sparnaðar-ástæðum, að styrkurinn falli alveg burt, að þessu sinni.

Ástæðulítið finst nefndinni, að gera gerlarannsóknarstofuna nú sem stendur, að fastri landsstofnun með fastlaunuðu embætti. Mun það eigi hafa verið meining síðasta fjárlagaþings, þótt Gísla Guðmundssyni gerlafræðing væri þá veittur utanfararstyrkur, að það væri undirbúningur undir, að hann yrði fastur starfsmaður landsins, heldur hitt, að hann á eftir ræki rannsóknarstofuna á eigin kostnað.

Fyrir Alþingi liggur áskorun frá þingmálafundi á Ísafirði og Fiskiþinginu um styrk til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum. Smáfiskiskipunum (frá 12—30 lesta) fjölgar árlega á Ísafirði, og er því þegar farið að bóla á, að vanta muni skipstjóra á skip þessi, er fullnægi því er lögin krefjast af skipstjórum á slíkum skipum. Á Ísafirði hefir farið fram kensla undanfarna vetur, til að ráða bót á þessu, en sú kensla hefir orðið nokkuð dýr fátækum mönnum, og mun því óvíst, að sjómenn fáist framvegis til að sækja hana undir sömu kjörum og verið hefir. Nefndin telur áríðandi, að sem flestir sjómenn geti notið slíkrar kenslu, og vill því eindregið mæla með, að styrkurinn til Fiskifjelagsins sje hækkaður lítið eitt, og af þeirri hækkun sje aftur varið nokkru til þessarar kenslu. Álítur nefndin það tryggingu fyrir því, að kenslan komi að tilætluðum notum, ef Fiskifjelagið hefir umsjón með henni.

Eggert Kristjánsson á Sauðárkróki sækir um 500 kr. styrk til þess að gera tilraunir til þess að koma á sútun skinna á Norðurlandi. Nefndin telur æskilegt að hægt yrði að koma þessum iðnaði á, einnig á Norðurlandi, og leggur því til að þessum manni sjeu veittar 200 kr. fyrra árið í þessum tilgangi.

Af sparnaðar-ástæðum sjer nefndin sjer eigi fært að hækka styrkinn til ungmennafjelaganna frá því sem verið hefir og leggur því til, að upphæðin verði sú sama og í frumvarpi stjórnarinnar.

Vestmanneyingar hafa engin vatnsból önnur en safnbrunna, sem regnvatn það, er af húsum rennur, er látið safnast í. Eru þetta að mörgu leyti stór vandræði; fyrst og fremst er vatnið af svo skornum skamti, eins og geta má nærri, að ef þurkar ganga um lengri tíma, getur þar orðið alment vatnsleysi, t. d. í sumar mun hafa verið að því komið að sækja þyrfti vatn til lands. Í öðru lagi er vatn þetta fremur ógeðslegt og getur orðið með þeim umbúnaði, sem nú er hafður, óholt til neyslu. Á þessu ástandi virðist því brýn þörf að ráða bót, ekki síst þar sem Vestmannaeyjar eru eitt hið mesta framtíðarhjerað þessa lands og því má búast við að fólki fjölgi þar mjög ört og skipastóll Eyjanna vaxi, en þetta hvorttveggja gerir nauðsynina á nægu og góðu vatni enn brýnni. Þess má geta, að einstakir menn í Vestmannaeyjum og sýslunefndin hafa varið nokkru fje til þess að leita að vatni, en engar þær rannsóknir hafa verið að marki vegna þess, hve litlu fje hefir verið varið til þeirra. Nefndinni virðist sjálfsagt að veitt sje fje til þess að ítarleg rannsókn á þessu geti farið fram, svo gengið verði úr skugga um á hvern hátt Vestmanneyingum verði sjeð fyrir nægilegu og góðu vatni.

Fyrir Alþingi hafa legið þrjú erindi um að það veitti fje til kolanámurannsókna. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skorar á Alþingi, að það veiti fje til kolanámurannsókna á Vestfjörðum. Námufjelag Íslands sækir um 20 þús. kr. til að leita að kolum í landinu, sem endurgreiðist ef kol finnast svo mikil að námar verði reknir. Þá sækir enn fremur G. E. J. Guðmundsson um 30—40 þús. kr. lán til kolanámugraftar undir Skorarhlíðum.

Nefndin telur það mjög mikilvægt fyrir landið, ef hjer fyndust kolanámur er gætu veitt landinu gott og ódýrt eldsneyti. Um það, hvort slíkt geti átt sjer stað eru skiftar skoðanir, en þær rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum, hafa þó leitt í ljós, að til eru á Vestfjörðum talsvert af brúnkolum, sumstaðar nokkuð leirkendum, en á öðrum stöðum allhreinum. Nefndin telur málið þess vert að það sje ítarlega rannsakað, og þá sjálfsagt að landið kosti rannsóknirnar. Leggur hún því til að veittar sjeu í þeim tilgangi 25000 kr. fyrra árið. Ætlast nefndin til að landsstjórnin ráði æfðan námuverkfræðing, er hún láti stjórna þessum rannsóknum. Ef rannsóknunum eigi yrði lokið fyrra árið, þá virðist nefndinni rjett að heimilt verði að nota það af fjenu, sem afgangs yrði til framhaldsrannsókna síðara árið, ef landsstjórninni þykir þá rjett að halda rannsóknunum áfram.

Nefndinni finst eigi rjett að landssjóður einn kosti framhald brimbrjótsins í Bolungarvík og leggur því til að krafist sje að minsta kosti þriðjungs framlags annarsstaðar frá.

Nefndin vill halda fast við þá stefnu, að landssjóður leggi ekki fram til bryggjugerða í landinu meira en $^1/_3$ kostnaðar og vill gera öllum bryggjubyggingum jafn hátt undir höfði. Af þessum ástæðum gerir hún breytingartillögurnar við 34. og 37. lið.

18. gr.

Nefndinni finst engin ástæða til, að þeir landpóstar, sem nú bætast við á eftirlaun fái hærri eftirlaun en nokkur hinna, er fyrir voru. Leggur hún því til að eftirlaun þeirra Árna Gíslasonar og Bjarna Ketilssonar verði ekki nema 200 kr. Varhugavert finst nefndinni að setja Eggert Brandsson sjómann á föst eftirlaun, vegna þess að margir þeir menn, er fyrir slysum hafa orðið, mundu þykjast eiga jafnan rjett til slíks. En vegna þess að nefndinni virðist maður þessi hafa sýnt frábæran dugnað og þolgæði, þá leggur hún til að honum verði veittar 300 kr. í eitt skifti fyrir öll.

Nefndinni finst öll sanngirni mæla með því, að Birni lækni Blöndal verði reiknuð eftirlaun fyrir allan þann tíma, er hann var læknir, og ber fram tillögu í þá átt.

21. gr.

Þótt nefndinni finnist ástæðulítið að hafa nokkrar lánsheimildir í fjárlögunum, að þessu sinni, þá vill hún þó ekki amast við ýmsum smá-lánsheimildum, sem eru í greininni. Aftur á móti leggur meiri hluti hennar til að tvær stærstu lánveitingaheimildirnar falli burtu.

22. gr.

Klæðaverksmiðjan »Gefjun« hefir áunnið sjer besta orð fyrir vinnu sína frá því er hún tók verulega til starfa; dúkar hennar fá alment lof og útsalan gengur mjög greiðlega upp á síðkastið. Engu að síður er fjárhagurinn þröngur vegna vantandi rekstursfjár og hárra vaxta og afborgana. Hluthafar hafa hvað eftir annað bætt við hlutafjeð og tekið á sig ábyrgðir til þess að verksmiðjan gæti staðið í skilum. Nú sverfur sjerstaklega að verksmiðjunni af völdum dýrtíðarinnar, einkum er henni bagalegt hið afarháa ullar- og kolaverð, og þó eigi síst útflutningsbannið á litarefnum frá Þýskalandi. Nú hefir stjórn verksmiðju fjelagsins, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Akureyrar, sem ábyrgjast í sameiningu annað landssjóðslánið (60,000 kr.) farið þess tvívegis á leit að afborgunartími lánanna verði lengdur upp í 40 ár, og færir þau rök að því, að ef svo yrði þá mundi verksmiðjufjelagið geta staðið í skilum og borgað lánin að fullu. Þar sem hjer er um mjög þarflegt fyrirtæki að ræða, og landssjóður á hinn bóginn á mikið í húfi, ef verksmiðjufjelagið getur ekki staðið í skilum, þá hefir nefndin viljað verða að fullu við ofangreindum tilmælum.

Eftir ósk þingmanna Dala- og Snæfellsnessýslu, vill nefndin breyta síðustu málsgr. 22. gr., þannig að sýslufjelögin taki á sig ábyrgð gagnvart landssjóði í stað þess að krefjast að innborgað sje 40% af hlutafjenu. Þar sem þeir um leið upplýstu að skilyrðið, eins og það kom frá háttv. neðri deild, mundi ef til vill tefja fyrir málinu, en á hinn bóginn ábyrgð sýslufjelaganna eins tryggileg fyrir landssjóð, þá fellst nefndin á þessa breytingu.

Alþingi 3. sept. 1915.

Karl Einarsson, formaður. Magnús Pjetursson, skrifari og framsögum.

Björn Þorláksson, Jósef Björnsson, Sigurður Stefánsson.

Nd. **757. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá öðlast gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki, fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá eldri. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni, meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir, að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarm. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett, þegar kjörskráin öðlast gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er lögð fram, skal auglýsa hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern, næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var lögð fram, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri, og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann á kjörskrá, þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. grein.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

1. tala (númer) ílátsins,
2. nafn tegundar,
8. þyngd ílátsins með innihaldi,
4. þyngd ílátsins (sjálfs),
5. þyngd innihaldsins.

4. grein.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. er renna í landssjóð.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Nd. **761. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fasteignamat.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Ed. Nefndin vill taka undir það með nefnd þeirri er þar var skipuð í málið, að hjer sje um mesta nauðsynjamál að ræða, hvort sem litið er á slíkt mat sem undirstöðu undir nýrri skatta-

álögu eða frá landhagfræðilegu sjónarmiði, og leggur því eindregið til að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin sér þó ástæðu til að leggja það til að ýmsar breytingar sjeu gerðar á frumv. eins og það kom frá háttv. Ed. Kemur hún því fram með nokkrar breytingartillögur á þgskj. 762.

Um ástæður nefndarinnar fyrir breytingartillögum þessum, skal farið hjer nokkrum orðum.

Um 1.

Í 2. gr. er getið nokkurra atriða, sem hliðsjón beri að hafa af við mat á hverri fasteign. Nefndin telur að í því efni beri eigi eingöngu að taka tillit til verðs þess, er fasteignin *sjálf* hefir verið seld fyrir, heldur og söluverðs fasteigna, sem að henni liggja eða í nágrenni við hana og telur rjett að þetta sje beinlínis tekið fram í lögunum.

Um 2. a.

Nefndin telur rjettara að sýslumaður — sem gera má ráð fyrir að kunnugri sje staðháttum en stjórnarráðið — skeri hér úr og til enn frekari tryggingar, að hann afli sjer jafnan tillagna úttektarmanna, áður en hann kveður upp úrskurð um það hvað skoða skuli sem sjerstaka fasteign við matið.

b) er að eins til skýringar.

Um 3 a.

Sjerstaklega með það fyrir augum, að matið verði notað sem undirstaða undir nýrri skattaálögu, telur nefndin rjett, að auk húsa sjeu metin sjerstaklega mannvirki þau, er gerð hafa verið síðustu 10 árin; eru ýmsir nefndarmenn þeirrar skoðunar að slik mannvirki eigi jafnan að vera undanþegin skatti, en þá eigi matið að sýna hvers virði þau eru sjerstaklega.

b) Nefndin telur óþörf orð þau, er hjer er lagt til að fella burt.

Um 4.

Sú breyting byggist á sömu ástæðum sem 3 a.

Um 5.

Breyting þessi miðar til þess að gera matið enn skýrara.

Um 6.

Nefndin lítur svo á, að í 8. gr. frumvarpsins felist í rauninni breyting á núgildandi skattaákvæðum og telur hana því eigi eiga heima í lögum þessum, sem eingöngu skipa fyrir um fasteignamat og hvernig það skuli framkvæma.

Um 7.

Þetta er nokkuð mikil breyting á frumvarpinu, en nefndin fær eigi sjeð að hjá henni verði komist. Frv. mun vera bygt á frv. skattanefndarinnar frá 1907 um jarðamat. Því frv. fylgdi annað frv. um skattanefndir. Gerir jarðamatsfrumvarpið sýnilega ráð fyrir því að skattanefndarfrv. yrði samþykt jafnframt, og mun því byggja á ákvæðum þessum um yfirskattanefndir, skipun þeirra m. m. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir er á ýmsum stöðum vísað

til yfirskattanefndar, en engin ákvæði um hvernig sú nefnd sje skipuð, til hve langs tíma o. s. frv. Nefndin telur rétt að fasteignamati verði skotið til yfirmatsnefnda og að þær hafi eftirlit með matinn á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna leggur nefndin til að upp í frv. séu tekin ákvæði þau um yfirmatsnefndir sem brtt. fela í sjer og eru þau sniðin eftir ákvæðunum um yfirskattanefndir í skattanefndarfrumvarpi nefndarinnar frá 1907. Rjett þykir að kalla nefndir þessar *yfirmats*-nefndir í stað yfirskattanefnda.

12. gr. samkv. breytingartillögunum er samhljóða síðari málsgr. 9. gr. í frumv. efri deildar.

Um 8.

Brtt. í samræmi við það sem segir hjer á undan.

Um 9.

Sjálfsögð breyting.

Neðri deild Alþingis 4. sept. 1915.

Eggert Pálsson formaður.	Sveinn Björnsson skrifari og framsögum.	Björn Hallsson.
Hjörtur Snorrason.	Sigurður Sigurðsson.	

Nd. **762. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fasteignamat.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr.

Á eftir orðunum: »áður en matið fór fram« komi:
söluverð nágranna-fasteigna á sama tíma.

2. Við 3. gr.

a. Fyrir orðin: »sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi« komi:
sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

b. 2. málsgrein orðist svo:
Eyðijarðir *og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika,* skal meta sjer í lagi, nema hafi að fullu og öllu í síðustu fimtán ár legið undir aðra jörð.

3. Við 4. gr.

a. Á eftir orðunum: »landeiganda eða annara« komi:
og mannvirki þau og umbætur er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin.

b. Orðin: »þótt eigi hafi ... ... áhrif á matsverð jarðarinnar« falli burt.

4. Við 5. gr.

Á eftir orðunum: »og lóð sú« komi:
mannvirki.

5. Við 7. gr.

Greinin orðist svo:

Hverri fasteign, sem metin er, skal *lýsa nákvæmlega*, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. *Þegar mat fer fram í fyrsta sinn skal tilgreina landamerki í matsgjörðinni.*

6. Við 8. gr.

Greinin falli burt.

7. Við 9. gr.

Í stað greinarinnar komi 4 nýjar greinar svohljóðandi:

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri er að framan getur.

10. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

11. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

12. gr.

Fasteignamat og yfirmat, skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi, fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgerðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

Greinatalan á eftir breytist samkvæmt þessu.

8. Við 10. gr. (sem verði 13. gr.).

Fyrir »yfirskattanefnd« komi:
yfirmatsnefnd **alstaðar í greininni og í öðrum greinum frumvarpsins.**

9. Við 14. gr. (sem verði 17. gr.).

„12. gr.“ breytist í samræmi við atkvæðagreiðsluna um breytingartillögurnar hjer að framan.

Nd. **763. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um sjúkrasamlög.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á frumvarpinu að ákveðið er að landsjóðstillagið skuli vera 2 krónur í stað 1 kr. 50 aura. Með því að sumir nefndarmanna telja breytingu þessa til mikilla bóta, og aðrir í nefndinni telja nokkra sanngirni mæla með breytingunni, vill nefndin eftir atvikum ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 3. september 1915.

Sigurður Sigurðsson, formaður. Sveinn Björnsson, ritari og framsögumaður.

Jóhann Eyjólfsson. Björn Hallsson. Benedikt Sveinsson

Nd. **764. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. október 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Við 1. grein.

Aftan við greinina bætist:

Á eftir orðunum »um Barðastrandarsýslu« bætist við:
með aukalínum til Skarðs og Staðarfells.

2. Við 2. grein.

Greinin falli burt.

Ed. **765. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um verkfall opinberra starfsmanna.

Frá Jósef Björnssyni.

Við 1. gr.

a. A eftir orðinu »Landsbankans« bætist inn í:
spítala.

b. Aftan við gr. bætist:
Ef sjerstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. alt niður í 200 kr.

Ed. **766. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frv. eftir 3. umr. í Nd. 649.

Nefndarálitið 756.

Breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar 687.

Breytingar- og viðaukatillögur annara:

707, 714, 715, 716, 717, 718, 719, 720, 726, 727, 728, 738, 739, 740, 741, 742, 745, 746, 747, 748, 749, 750, 751, 753, 754, 759.

1. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 2.—6. gr.

2. gr.

Óbreytt.

3. gr.

Óbreytt.

4. gr.

1. Brtt. 687, 1.
Við 1. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

5. gr.

2. Brtt. 687, 2.
Við 1. Fyrir »5 dagsláttur« komi:
8 dagsláttur.

6. gr.

Óbreytt.

7. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu um 8.—19. gr.

8. gr.

Óbreytt.

9. gr.

Óbreytt.

10. gr.

Óbreytt.

11. gr.

3. Brtt. 728.
Við B. 7. Í stað »8000—8000« komi:
10000—10000.

4. Brtt. 687, 3.
Við B. 8. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til aukins tolleftirlits, og lögregluefirlits vegna bannlaganna	5000 — 5000

5. Brtt. 687, 4.
Við B. 11. Liðurinn orðist svo:

Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-, Snæfellsness-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu	1130 — .....

Þar sem fast sýslumannssetur er, skulu skáparnir vera uppmúraðir.

12. gr.

6. Brtt. 687, 5.
Við 2. Athugasemdin orðist svo:
Styrkurinn greiðist hreppsnéfndunum, en þegar læknir verður skipaður í Reykjarfjarðarhjerað greiðist honum styrkur Árneshrepps, sem persónuleg launaviðbót.

7. Brtt. 707.
Við 8. Á eftir þessum tölul. (á undan athugasemdinni) komi nýr liður:
9. Styrkur til M. Júlíussonar húðsjúkdómalæknis ... ... 1200 — 1200
Til vara ... ... 1000 — 1000
(Í athugasemdinni komi nafn hans á eftir nöfnum hinna annara lækna).

8. Brtt. 751.
Við 8. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Ólafs læknis Gunnarssonar til sjerlækninga í liða- og beinsjúkdómum (orthopædi) ... 1500 — 1500

9. Brtt. 687, 6.
Við 10. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að setja upp miðstöðvarhitun í spítalanum ... ... 22000 — .....

10. Brtt. 687, 7:
Við 14. Fyrir »5000« — « komi:
8000.

11. Brtt. 726.
Við 15. h. Í stað 800 komi:
1000.

12. Brtt. 687, 8.
Við 15. i. Liðurinn falli burt.

13. gr.

13. Brtt. 687, 9.
Við A. 1. b. 2. Fyrir »24000« komi:
24200.

14. Brtt. 687, 10.
Við A. 1. c. Fyrir »8500« komi:
8620.

15. Brtt. 687, 11.
Við B. II. 6. Fyrir »15000 — 15000« komi:
8000 — 8000.

16. Brtt. 687, 12.
Við B. II. 7. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Stjórninni er heimilt að fresta Húnvetningabrautinni að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara lögskipaðra útgjalda, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.

17. Brtt. 687, 13.
Við B. III. 1. Fyrir »8000—6000« komi:
8000—4000.

18. Brtt. 687, 14.
Við B. III. 3. Liðurinn falli burt.

19. Brtt. 687, 15.
B. III. 4. Fyrir »..... — 7000« komi:
5000 — .....

20. Brtt. 753.
Við B. III. 6.
Aftan við liðinn »6. Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu« komi nýr liður:
Til brúargerðar á Eyjafjarðar á ... ... —75000
Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins, má fresta framkvæmd verksins.

21. Brtt. 687, 16.
Við B. III. 6. b. Til brúargerðar á Jökulsá. Liðurinn falli burt.

22. Brtt. 727.
Við brt. 687, 17.
Í stað 15000—15000 komi:
18000—18000.

23. Brtt. 687, 17.
Við B. VI. Fyrir »20000—20000« komi:
15000—15000.

24. Brtt. 687, 18.
Við B. IX. Liðurinn falli burt.

25. Brtt. 714.
Við C. III 2. Í stað: »Til Breiðafjarðarbáts alt að 9000« komi.
Til Breiðafjarðarbáta alt að 12000.

26. Brtt. 687, 19.
Við C. III. 6. Fyrir »800« komi:
300.

27. Brtt. 759.
Við C. III. 6. Fyrir »800« komi:
600.

28. Brtt. 687, 20.
Við D. II. Á eftir orðunum: »Til rannsókna símaleiða« komi:
Þar á meðal á símaleiðinni milli Steingrímsfjarðar og Reykjarfjarðar.

29. Brtt. 687, 21.
Við D. IV. 10. Liðurinn orðist svo:
Símastöðin í Vestmannaeyjum alt að 2400 — 2400
Þar af 800 kr. hvort árið fyrir aðstoð og 600 kr. fyrir húsaleigu, ljós, hita og ræstingu.

30. Brtt. 687, 22.
Við D. IV. 13. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Þar sem landssjóður á stöðvarhúsin verði uppmúraðir skápar.

31. Brtt. 687, 23.
Við E. I. a. 1. Fyrir »3600—3600« komi:
3500—3500.

32. Brtt. 687, 24.
Við E. I. a. 2. Fyrir »400—400« komi:
200—200.

33. Brtt. 687, 25.
Við E. I. c. Liðurinn orðist svo:
Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að 500— 500

34. Brtt. 741.
Við E. III. e. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
f. Þokulúður á Dalatanga ... ... 14000 — .....
..... gegn því að annarstaðar að komi það, sem á vantar.

35. Brtt. 687, 26.
Við E. V. Fyrir »1500—1500« komi:
2000—2000.

14. gr.

36. Brtt. 687, 27.
Við B. 1. a. Fyrir »40600—41000« komi:
40200—40600.

37. Brtt. 687, 28..
Við B. I. b. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður:
4. Til dr. Alexanders Jóhannessonar til að halda fyrirlestra í þýskum fræðum ... ... 1000 — 1000

38. Brtt. 687, 29.
Við B. II. d. 7. Fyrir »2000—2000« komi:
2000—1500.

39. Brtt. 687, 30.
Við B. II. 13. Aftan við athugasemdina bætist:
Námsstyrkurinn lækki um 500 kr. á ári, uns hann alveg hverfur, enda fái þeir engan námsstyrk, sem hjer eftir ganga inn í skólann.

40. Brtt. 738.
Við B. III. b. 1. Fyrir »2200« komi:
2400.
Og fyrir »200« komi:
400.

41. Brtt. 687, 31.
Við B. III. b. 5. Liðurinn falli burt.

42. Brtt. 687, 32.
Við B. VI. 1. d. 1. Fyrir »700 — 700« komi:
1200 — 1200.

43. Brtt. 687, 33.
Við B. VI. 1. d. 4. Liðurinn falli burt.

44. Brtt. 687, 34.
Við B. VI. 2. d. 1. Fyrir »1000 — 1000« komi:
1200 — 1200.

45. Brtt. 687, 35.
Við B. VI. 2. d. 4. Liðurinn falli burt.

46. Brtt. 687, 36.
Við B. VII. Aftan við athugasemdiaa bætist:
Styrkveitingarnar í b—d lið veitast jafnt þó nemendurnir sjeu eigi iðnnemar.

57. Brtt. 687, 37.
Við B. IX. 1. Liðurinn orðist svo:
1. Til kvenfjelagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds gegn að minsta kosti 600 kr. framlagi annarsstaðar að ... ... 1600 — 1600

48. Brtt. 687, 38.
Við B. IX. 2. Liðurinn falli burt.

49. Brtt. 754, 1.
Við B. IX. 2.
Aftan við liðinn bætist:
gegn að minsta kosti 400 kr. framlagi annarstaðar að

50. Brtt. 754, 2.
Við B. XII. 2.
Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði, að Stjórnarráðið samþykki uppdrátt af húsinu ... ... — 10,000

51. Brtt. 687, 39.
Við B. IX. 3. Liðurinn falli burt.

52. Brtt. 687, 1.
Við B. X. 4. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til að gefa út nýja yfirsetukvennafræði, alt að ... ... 1000 — .....

53. Brtt. 687, 41.
Við B. XI. 1. Fyrir »1500« komi:
1800.

54. Brtt. 687, 42.
Við B. XI. 4. Fyrir »900« komi:
1000.

55. Brtt. 687, 43.
Við B. XI. 5. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Skólar þessir standi undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.

56. Brtt. 740, 1.
Við B. XII. 5. Fyrir »1500 — 1500 komi:
2400 — 2400.

57. Brtt. 740, 2.
Við B. XII. 6. Liðurinn verði svo:

Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum	2000 —	2000

Styrkurinn veitist með því skilyrði að styrkþegi gefi út á sinn kostnað prentaða skýrslu um ferð sína (1 örk minst) og sendi hana öllum starfandi barna- og unglingakennurum á landinu.

58. Brtt. 687, 44.
Við B. XIII. b. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds í Reykjavík	809 —	800

59. Brtt. 739.
Við B. XIV. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til Samúels Eggertssonar til að gera landslagsuppdrætti	900 —	.....

60. Brtt. 687, 45.
Við B. XV. Aftan við liðinn bætist:
Þar af til forstöðukonunnar 200 kr. hvort árið, til ljóss og hita.
Stjórnin annast um að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kenslukostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.

61. Brtt. 687, 46.
Við B. XVII. e. Liðurinn falli burt.

15. gr.

62. Brtt. 687, 47.
Við 1. b. Liðurinn orðist svo:
Laun 1. bókavarðar... ... ... 2000 — 2000

63. Brtt. 748.
Við 2. f. Á eftir »útlendum skjalasöfnum« komi:
eftir reikningi alt að ... ...

64. Brtt. 687, 48.
Við 2. f. Fyrir »1000 — 1000« komi:
1500 — 1500.

65. Brtt. 715.
Við 687, 49. Í stað »2000 krónur« komi:
1000 krónur.

66. Brtt. 867, 49.
Við 3. e. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til aðgerðar á Þingvöllum ... ... 2000 — .....

67. Brtt. 687, 50.
Við 7. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til bókasafnsins á Seyðisfirði til þess að kaupa fyrir gamlar bækur... ... ... 500 — .....

68. Brtt. 749.
Við 11. Fyrir »Til sögufjelagsins« komi:
Til Sögufjelagsins.

69. Brtt. 687, 51.
Við 13. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til þess að gefa út landsyfirrjettardóma frá 1800—1873 ... ... 500 — 500

70. Brtt. 746 (aðaltillaga).
Við 16. Liðurinn falli burt.

71. Brtt. 746 (varatillaga).
Við 16. Liðurinn orðist svo:
Til Leikfjelags Reykjavíkur gegn jöfnu framlagi annarstaðar að ... ... 1250 — 1250

72. Brtt. 687, 52.
Við 17. Fyrir »10000 — 10000« komi:
10000 — 9000.

73. Brtt. 687, 53.
Við 21. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Hjartar Þorsteinssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn ... 1000 — .....

74. Brtt. 687, 54.
Við 23. Liðurinn falli burt.

75. Brtt. 747.
Við 15. gr. 30. Liðurinn falli burt.

76. Brtt. 687, 55.
Við 30. Liðurinn orðist svo:
Til dr. Guðm. Finnbogasonar til sálarfræðilegra rannsókna ... ... 3000 — 3000

77. Brtt. 687, 56.
Við 31. Liðurinn falli burt.

78. Brtt. 687, 57.
Við 32. Liðurinn falli burt.

79. Brtt. 716.
Við 33. Í stað »300—300« komi:
400—400.

80. Brtt. 687, 58.
Við 33. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Finns Jónssonar á Kjörseyri til að safna sögulegum fróðleik ... ... 200 — 200

81. Brtt. 687, 59.
Við 35. Fyrir »1800 — 1800« komi:
1500 — 1500.

82. Brtt. 687, 60.
Við 36. Fyrir »1800—1800« komi:
1000—1000.

83. Brtt. 687, 61.
Við 36. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Jakobs Jóhannessonar til þess að safna til og semja íslenska setningafræði (syntaxis) ... 600 — 600

84. Brtt. 745.
Við 37. Liðurinn orðist svo:
Til hraðritunar ... ... 1600 — .....

Þar af:
800 kr. í styrk til hraðritunarnáms.
Til Helga Tómassonar 800 kr. til að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun.

85. Brtt. 687, 62.
Við 37. Liðurinn orðist svo:
Til Helga Tómassonar til þess að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun... ... ... 800 — .....

86. Brtt. 687, 63.
Við 42. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Með því skilyrði að hann láti þau hjeruð ganga fyrir, þar sem hann hefir ekki áður komið.

87. Brtt. 742.
Við 43. Liðurinn falli niður.

16. gr.

88. Brtt. 687, 64.
Við 2. Liðurinn falli burt.

89. Brtt. 687, 65.
Við 8. b. Liðurinn falli burt.

90. Brtt. 687, 66.
Við 15. Liðurinn orðist svo:
Til Fiskifjelags Íslands . ... 19000—19000
Þar af 500 hvort árið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum, undir umsjón og eftirliti fjelagsins.

91. Brtt. 687, 67.
Við 21. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til þess að reyna að koma á sútun skinna á Norðurlandi ... ... 200 — .....

92. Brtt. 717.
Við 21. Fyrir »Til Heimilisiðnaðarfjelags Íslands« komi:
Til heimilisiðnaðar.

93. Brtt. 687, 68.
Við 23. Fyrir »2500 — 2500« komi:
1500 — 1500.

94. Brtt. 718.
Við 23. Við liðinn bætist þessi athugasemd:
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.

95. Brtt. 687, 69.
Við 23. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til Eggerts Brandssonar sjómanns ... 300 — .....

96. Brtt. 687, 70.
Við 25. Fyrir »300 — 300« komi:
100 — 100.

97. Brtt. 687, 71 a.
Við 29. Á eftir liðnum komi:
Til sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum til þess að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu, alt að ... ... 5000 — .....

98. Brtt. 687, 71 b.
Við 27. Til kolanámurannsókna á Íslandi ... ... 25000— .....
Stjórnin lætur framkvæma rannsóknirnar undir umsjón námuverkfræðings.

99. Brtt. 687, 72.
Við 31. Aftan við athugasemdina bætist:
og að minsta kosti þriðjungs framlag komi annarsstaðar frá.

100. Brtt. 687, 73.
Við 34. Liðurinn orðist svo:
Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... . — 3500
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi, og sje bryggjan til almennings nota undir eftirliti sýslunefndar.

101. Brtt. 750.
Við brtt. 719. Aftan við liðinn bætist:
enda sje bryggjan heimil látin til almennra nota.

102. Brtt. 719.
Við 34. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til bátabryggju í Flatey 1/3 kostnaðar alt að ..... — 1500

103. Brtt. 687, 74.
Við 36. Aftan við liðinn bætist:

enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

104. Brtt. 687, 75.

Við 37. Liðurinn orðist svo:

Til bryggjugerðar í Búðardal, þó eigi yfir 1/8 kostnaðar, alt að ... ... 1000 — .....

enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.

17. gr.

Óbreytt.

18. gr.

105. Brtt. 687, 76.

Fyrir »til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.« komi:

til Árna Gíslasonar pósts 200

106. Brtt. 687, 77.

Fyrir »til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.« komi:

til Bjarna Ketilssonar pósts 200

107. Brtt. 687, 78.

Orðin »til sjómanns Eggerts Brandssonar 150 kr.« falli burt.

108. Brtt. 687, 79.

Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:

Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr., og eftirlaun Björns Blöndal læknis 675 kr., hvorttveggja frá þeim tíma, er þeir fengu lausn frá embættinu.

19. gr.

109. Brtt. 687, 80.

Aftan við greinina komi þessi athugasemd:

Af þessari upphæð greiðist lögreglustjórum kostnaður sá, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit með fiskiveiðum í landhelgi.

20. gr.

Samkvæmt atkvæðagreiðslu um 8. — 19. gr.

21. gr.

110. Brtt. 720.

Við 5.

Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:

Landstjórninni veitist heimild til þess að veita Guðmundi E. Guðmundssyni bryggjusmið í Reykjavík, lán úr viðlagasjóði alt að 25000 krónum til að starfrækja kolanámuna á Sjöundaá í Barðastrandasýslu. Lánið ávaxtast með 5% árlega, og sje afborgunarlaust fyrstu 4 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 8 árum. Lánið sje trygt með 1. veðrjetti lántakanda í Sjöundaárlandi í Stálfjalli og mannvirkjum hans þar og verkfærum.

111. Brtt. 687, 81.

Við 9. Liðurinn falli burt.

112. Brtt. 687. 82.

Við 10. Liðurinn falli burt.

22. gr.

113. Brtt. 687, 83.

Fyrir orðin »30 árum« í 5. málsgrein komi:

40 árum.

114. Brtt. 687, 84.

Við síðustu málsgrein. Fyrir »þó svo . . . . fyrirhugaða vjelbáts« komi:

gegn ábyrgð sýslufjelaganna.

Nd. **767. Fyrirspurn**

til ráðherra um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Hvað hefir landsstjórnin gert til þess, að flýta fyrir stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi, samkvæmt ályktun Alþingis í fyrra sumar? Og hvenær verður útibúið stofnað?

Ed. **768. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðingafjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Meðan eigi er kostur dýralækna í alla fjórðungana, skal sami dýralæknir gegna störfum í Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungum.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.

Nd. **769. Frumvarp**

til laga um verkfall opinberra starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Ef sjerstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. alt niður í 200 kr.

2. gr.

Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2000 kr. eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **770. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandskörð, Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Nd. **771. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 4. september.

Flutningsmaður: Matthías Ólafsson.

(Tillaga til þingsályktunar um kaup á Þorlákshöfn á þingskjali 244)

Í því trausti, að ráðherra Íslands leiti sjer vitneskju um, hvort Þorlákshöfn fáist keypt og með hvaða verði, áður en næsta þing kemur saman, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **772. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Háttv. neðri deild hefir gert nokkrar orðabreytingar á frumvarpi þessu eins og það fór úr þessari deild, en þar sem þær breyta ekki efni, getur nefndin fallist á þær.

Aftur á móti hefir neðri deild aukið við nýrri grein, þess efnis, að heimilt skuli að reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki sje fullnægt því skilyrði ritsímalaganna, að hún hafi nægan kraft til sambands við útlönd.

Þessi viðbót kemur ekki háttv. efri deild með öllu á óvart, með því að undir meðferð hennar á málinu var á þetta minst, þótt sú yrði niðurstaðan, að taka ekki þetta ákvæði inn í frumvarpið.

En þar sem nú háttv. neðri deild þykir það ráðlegt og æskilegt, viljum vjer einnig fallast á það, og ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis 4. sept. 1915.

Björn Þorláksson, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Eiríkur Briem.

Ed. **773. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

Í háttv. neðri deild hefir frumvarp þetta tekið þeirri breytingu, að matsmaðurinn á Ísafirði hafi til yfirsóknar, svæðið frá Horni til Öndverðarness, í stað Látrabjargs, og ráðum vjer til að samþykkja frumvarpið, eins og það nú er orðið.

Efri deild Alþingis 4. sept. 1915.

Sigurður Stefánsson, form.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Hákon J. Kristófersson.

Nd. **774. Álit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Í áliti háttv. nefndar, sem kosin var í efri deild, til þess að athuga frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913, og frumvarp til samþyktar á landsreikningnum fyrir sama tímabil, er því haldið fram, að þess beri að krefjast, að Stjórnarráðið leiti jafnan aukafjárveitingar fyrir hverri þeirri upphæð, sem fara kynni fram úr fjárveitingu á hinum einstöku liðum, sem veitt er til vega. Á þessa skoðun getur nefndin ekki fallist vegna þess, að hún tel-

ur ekkert á móti því, þó meira fje sje notað fyrra árið, ef útborgunin í heild fer ekki fram úr fjárveitingu yfir fjárhagstímabilið. Jafnframt skal það tekið fram, að nefndin sjer því ekkert til fyrirstöðu, að þegar fje sparast á einum lið, þá megi verja því til annara vegagerða, ef það reynist nauðsynlegt til þess að þeirri vegagerð sje þar með þannig lokið, að hún geti þegar í stað komið að notum.

Þá hefir háttv. efri deild tekið upp í fjáraukalögin 303 kr. 11 aura, til kennaraskólans, í stað 248 kr. 63 aur. Oss virðist ekki ástæða til að krefjast aukafjárveitingar fyrir þessari litlu upphæð, eftir að vjer höfðum athugað svar Stjórnarráðsins þessu viðvíkjandi, en viljum hinsvegar ekki gera það að kappsmáli, úr því háttv. efri deild hefir þótt þetta svo miklu máli skifta.

Sem styrkur til sundkenslu í Reykjavík, var árið 1912 útborgað kr. 900,00, en fjárveitingin það ár að eins kr. 300,00. Umframgreiðsla þessi stafar af því, að styrkurinn, sem veittur var árin 1910 og 1911 hafði ekki verið útborgaður, vegna þess, að hans hafði ekki verið vitjað, og engin skýrsla um sundkensluna lá fyrir. Þegar Stjórnarráðið hafði 1912 fengið fullnægjandi skýrslur um kensluna fyrir öll árin, og þar kom fram, að hið áskilda fje hafði verið lagt fram á móti úr bæjarsjóði Reykjavíkur, áleit Stjórnarráðið rjett að útborga styrkinn fyrir öll árin. Þessari ráðstöfun erum vjer fullkomlega samþykkir og teljum því óþarft að leita aukafjárveitingar fyrir þeim kr. 600,00, sem háttv. efri deild hefir nú tekið upp á fjáraukalögin fyrir árin 1912 og 1913.

Um námsstyrkinn til iðnaðarmanna erlendis, að upphæð kr. 225,00, gildir alt hið sama og sundkenslustyrkinn sem um ræðir hjer að framan, og getum vjer því ekki fallist á, að þörf sje að leita aukafjárveitingar fyrir þessari upphæð.

Af framantöldum ástæðum, verðum vjer að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

I. Við 6. gr. VII. b.

Sundkensla í Reykjavík kr. 600,00, falli burt. Samtala greinarinnar breytist samkvæmt því.

II. Við 8. gr. 27. lið:

Námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis kr. 225,00, falli burt. Samtala greinarinnar breytist samkvæmt því.

Neðri deild Alþingis, 4. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Hjörtur Snorrason, skrifari.

M. J. Kristjánsson, framsögum.

Nd. **775. Álit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum, árin 1912 og 1913.

Háttvirt efri deild hefir gert tvær breytingar við frumvarpið á þingskjali 462, sem vjer getum ekki fallist á.

Til jafnaðar móti lántökum landssjóðs er gjaldamegin talið í frumvarpinu kr. 250000,00, en lánið var alls kr. 750000,00. Háttvirt efri deild vill að öll hin síðarnefnda upphæð sje færð til jafnaðar gjaldamegin, en þetta er ekki rjett, vegna þess, að þegar reikningurinn var gerður voru kr. 500,000,00 af láninu óeyddar, og var því sjálfsagt að telja þær með öðrum tekjuafgangi eins og gert er í frumvarpi stjórnarinnar. Afleiðingin af þessu verður sú, að tekjuafgangurinn á frumvarpinu, eins og það kom frá efri deild, er vantalinn um þessa upphæð, kr. 500000,00.

Af framantöldum ástæðum verðum vjer að koma með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Útgjöld, 15 lið.
   Fyrir »750,000,00« komi:
   250,000,00.
2. Tekjuafgangur.
   Fyrir »291,884,63« komi:
   791,884,63.

Neðri deild Alþingis, 3. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður.

Hjörtur Snorrason, skrifari.

M. J. Kristjánsson, framsögumaður.

Ed. **776. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
16. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 11,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500	18,500	18,500	37,000
17. Óvissar tekjur	20,000	20,000	40,000
Samtals	1,836,500	1,896,500	3,733,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,200 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls ...	15,000	15,000	30,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	3,000	3,000	6,000
4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands	10,000	10,000	20,000
Samtals...	28,100	28,100	56,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 283,400 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	52,000	49,500	101,500
2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs ...	11,475	11,475	22,950
3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar kr. 110,000...	4,950	4,950	9,900
4. Leigur af bankavaxtabrjefum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	45,000	44,050	89,050
5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	15,000	15,000	30,000
6. Vextir af innstæðum í bönkum	3,000	3,000	6,000
7. Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða...	10,000	14,000	24,000
Samtals...	141,425	141,975	283,400

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgjöld teljast 15,600 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	1,800	1,800	3,600
Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 8 dagsláttur á þessum 2 árum.			
Flyt...	1,800	1,800	3,600

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	1,800	1,800	3,600
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	1,000	1,000	2,000
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur. ...	5,000	5,000	10,000
Samtals...	7,800	7,800	15,600

6. gr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1916 og 1917 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,444,176 kr. 92 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 491,221 kr. 12 a.

	1916.	1917.	Alls.
I. Vextir:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur kr. 500,000 tekið 1908 til 15 ára, til símalagningar	11,666,66	10,333,34	
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1,500,000 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	52,440,38	50,187,56	
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn kr. 250,000 tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	10,218,75	9,843,75	
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum kr. 500,000 tekið 1912 til 15 ára vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	18,000	16,500	
Flyt...	92,325,79	86,864,65	

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	92,325,79	86,864,65	
5. Ritsímalánið 1913 4½% og endurborgun á 30 árum tekið hjá stóra norræna ritsímafjelaginu...	21,653,23	21,249,04	
6. Viðskiftagjald af láni til að kaupa ritsíma Reykjavíkur	480,00	480,00	
	114,459,02	108,593,69	223,052,71
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33,333,33	33,333,34	
2. — — — 1909	50,000,00	50,000,00	
3. — — — 1912	8,333,33	8,333,33	
4. — — — 1912	33,333,34	33,333,33	
5. — — — 1913	8,882,11	9,286,30	
	133,882,11	134,286,30	268,168,41
Samtals...	.....	.....	491,221,12

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 117,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra: kr.			
a. Laun... 8,000			
b. Til risnu 2,000			
	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	3,000	3,000	6,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	22,000	22,000	44,000
6. Til landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að...	5,500	5,500	11,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1,500	1,500	3,000
Samtals...	58,500	58,500	117,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o.fl. eru veittar 302,120 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna.			67,300	67,300	
b. Til hreppstjóra...			8,000	8,000	
2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...			1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður...			5,195	5,195	
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			5,100	5,100	
			86,995	86,995	173,990
B. Ýmisleg útgjöld.					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450	450			
b. Til pappírs og prentunar..	6,000	6,000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1,200	1,200			
d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að	500				
			8,150	7,650	
2. Hagstofa Íslands:					
a. Laun hagstofustjóra.. ...	3,000	3,000			
b. — aðstoðarmanns ...	2,500	2,500			
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3,500	3,500			
d. Prentun eyðublaða ...	1,000	1,000			
e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800	800			
f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	800	800			
g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að	1,000				
			12,600	11,600	
3. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ..	6,000	6,000			
Flyt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	6,000 6,000	20,750	19,250	173,990
b.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti eða samtöl	8,000 8,000			
			14,000	14,000	
4.	Brunaábyrgðar- sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar..		4,000	4,000	
5.	Til embættiseftirlitsferða		2,000	2,000	
6.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		300	300	
7.	Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga		10,000	10,000	
	gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.				
8.	Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ...		1,000	1,000	
9.	Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...		200	200	
10.	Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905		12,000	12,000	
	Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.				
11.	Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-,Snæfellsness-, Skaptafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu		1,130	.....	
	Þar sem fast sýslumannssetur er, skulu skáparnir vera uppmúraðir.				
			65,380	62,750	128,130
	Samtals...		.....	.....	302,120

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 445,755 kr. 80 aurar.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81,200	81,200	162,400
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis til hvors hrepps 300 kr....	600	600	1,200
Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum, en þegar læknir verður skipaður í Reykjarfjarðarhjerað greiðist honum styrkur Árneshrepps, sem persónuleg launaviðbót.			
3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.			
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
Styrkveitingarnar í 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.			
6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	85,500	85,500	171,000

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	85,500	85,500	171,000
8. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík... ... ... Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.	1,000	1,000	2,000
9. Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að	3,500	.....	3,500
10. Holdsveikisspítalinn...	59,821,40	37,521,40	97,342,80
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	1916	1917	
	kr. a.	kr. a.	
1. Laun... ... ... Þaraf 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.	6,000	6,000	
2. Viðurværi 76 m. ...	16,921,40	16,921,40	
3. Klæðnaður...	1,400	1,400	
4. Meðul og sáraumbúðir	1,800	1,800	
5. Eldsneyti	4,500	4,500	
6. Ljósmeti	700	700	
7. Húsbúnaður og áhöld	1,500	1,200	
8. Viðhald á húsum ...	1,500	1,500	
9. Þvottur og ræsting...	800	800	
10. Greftrunarkostnaður..	200	200	
11. Skemtanir...	400	400	
12. Skattar o. fl.... ...	1,300	1,300	
13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ———	800	800	
14. Til að setja upp miðstöðvarhitun í spítalanum...	22,000		
	59,821,40	37,521,40	
Flyt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80
11.	Geðveikrahælið á Kleppi.		25,856,50	25,856,50	51,713
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:	kr. a.			
	A. Laun læknis	2,700			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna	3,950			
	2. Viðurværi 86 manns 60 a. á dag	18,834			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,950			
	4. Meðul og umbúðir	500			
	5. Ljós og hiti...	4,800			
	6. Viðhald og áhöld..	3,200			
	7. Þvottur og ræsting	1,000			
	8. Skemtanir	350			
	9. Skattar m. m.	1,000			
	10. Óviss útgjöld	800			
		39,084			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 63 sjúklingum 50 a. á dag	kr. 11,497,50			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu.. ...	1,000	13,227,50		
		Mismunur...	25,856,50		
12.	Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið		5,000	5,000	10,000
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag..		35,000	35,000	70,000
14.	Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum		8,000	.....	8,000
15.	Önnur útgjöld:				
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla... ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,200			
		Flyt... 4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80

		1916.	1917.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs	3,000			
c. Bólusetningarkostnaður..	1,000			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4,000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar..	1,500			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
Heimilt er stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.				
g. Styrkur til sjúkrasamlaga	600			
h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis alt að ...	800	16,100	16,100	32,200
Samtals...		239,777,90	205,977,90	445,755,80

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,367,100 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun: kr.			
a. Póstmeistara 4,000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík 7,600			
2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur 24,200			
c. Brjefhirðingarmanna 8,620			
	44,420	44,420	
2. Póstflutningur ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.	68,000	68,000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að ... ... kr. 7,000			
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að 3,000			
c. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur 2,500			
d. Önnur gjöld 9,000			
	21,500	21,500	
	133,920	133,920	267,840
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:			
	1916 kr.	1917 kr.	
1. Verkfræðingur landsins:			
a. Laun	3,600	3,600	
b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings.	400	400	
Flyt...	4,000	4,000	 267,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	4,000 4,000	.....	.....	267,840
c.	Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	500 500			
2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	4,000 4,300			
	Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. Sbr. 16. gr. 3.				
3.	Skrifstofukostnaður	900 700			
4.	Til eftirlits með vegaviðhaldi	200 200	9,600	9,700	
II.	Flutningabrautir:	kr. kr.			
1.	Borgarfjarðarbraut ...	2,000			
2.	Húnvetningabraut	25,000 15,000			
3.	Skagfirðingabraut	» 10,000			
4.	Eyjafjarðarbraut	» 2,000			
5.	Reykjadalsbraut	5,000			
6.	Grímsnesbraut	8,000 8,000			
7.	Viðhald flutningabrauta	11,000 11,000			
	Stjórninni er heimilt að fresta Húnvetningabrautinni að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara lögskipaðra útgjalda, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.		51,000	46,000	
III.	Þjóðvegir:	kr. kr.			
1.	Stykkishólmsvegur ...	8,000 4,000			
2.	Milli Hvítár og Örnólfsdalsár	4,000 »			
	Flyt...	12,000 4,000	60,600	55,700	267,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	12,000 4,000	60,600	55,700	267,840
3.	Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	5,000 »			
4.	Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði	3,000			
5.	Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu	» 3,900			
6.	Hróarstunguvegur	7,000 7,000			
7.	Aðrar vegabætur og viðhald	16,000 16,000			
			43,000	30,900	
IV.	Fjallvegir.		4,000	4,000	
V.	Til áhalda		2,000	2,000	
VI.	Tillög til akfærra sýsluvega alt að... ... gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er stjórnarráðið setur í reglugerð.		15,000	15,000	
VII.	Til brúar á Austur-ós Hjeraðsvatna, alt að gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.		25,000	.....	
VIII.	Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi ... . gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.		.....	7,000	
IX.	Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...		300	300	
X.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		300	300	
XI.	Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju.. ... ... gegn því er til vantar annarsstaðar frá.		.....	800	
XII.	Brú á Ljá (endurveiting)		3,000	.....	
			163,200	116,000	269,200
	C.				
I.	Til strandferða..		75,000	75,000	
II.	Til Eimskipafjelags Íslands		40,000	40,000	
		Flyt...	115,000	115,000	537,040

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	115,000	115,000	537,040
III. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum	kr.			
1. Til Faxaflóabáts...	10,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts alt að ...	12,000			
3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi	5,000			
4. Til Eyjafjarðarbáts	3,500			
Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.				
5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:				
a. Milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar	5,000			
Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr., en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.				
	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	532,890
XII. Til almennrar barnafræðslu:			
1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 10,000 kr. ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks úr bæjarsjóði, hreppssjóði eða fræðslusjóði.	30,000	30,000	
2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers og til eftirlits með heimafræðslu alt að 100 kr. til hvers hrepps ... ... Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða fræðslusjóði að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum. Ef fje það, sem veitt er í 14. gr. B. XII. 3, í fjárlögum fyrir 1914 og 1915, verður eigi notað til fulls á fjárhagstímabilinu, heimilast landsstjórninni að nota afganginn á sama hátt.	20,000	20,000	
3. Tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	2,500	2,500	
4. Til prófdómara við barnapróf ...	4,200	4,200	
5. Til framhaldskenslu handa kennurum	1,500	1,500	
6. Utanfarastyrkur handa barnaskólakennurum	1,000	1,000	
7. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna ... ... Þar af persónuleg launaviðbót til núverandi fræðslumálastjóra 600 kr.	3,600	3,600	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi alt að	600	600	
	63,400	63,400	126,800
XIII. a. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar ... ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið setur sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til þeirra, og að þeir njóti styrks	14,500	14,500	
Flyt...	14,500	14,500	659,690

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	14,500	14,500	659,690
annarsstaðar að, er ekki sje minni en helmingur landssjóðsstyrksins. Af upphæðinni skal þó veita skólunum á Hvítárbakka, Núpi, (í Dýraf.). Ísafirði og Seyðisfirði, 1500 kr. hverjum á ári, ef þeir fullnægju áskildum skilyrðum. Auk þess má veita Hvítárbakkaskóla og Núpskóla 30 kr, fyrir hvern nemanda, sem er allan kenslutímann, þó ekki yfir 600 kr. þeim fyrnefnda og ekki yfir 400 kr. þeim síðarnefnda.			
b. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	
c. Til Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds í Reykjavík..	800	800	44,600
XIV. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	1,600
XV. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m. Þar af til forstöðukonunnar 200 kr. hvort árið til ljóss og hita. Stjórnin annast um að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kenslukostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.	7,000	7,000	14,000
XVI. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	2,000
XVII. Til sundkenslu og leikfimi:			
a. Til sundkenslu í Reykjavík. ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. Laun þeirra feðga, Páls Erlingssonar og Erlings Pálssonar, fyrir sundkennslu þá, sem getur í *a* og fyrir að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1,200	1,200	
c. Til sundkenslu o. fl. annarstaðar ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,500	1,500	
Flyt...	3,000	3,000	721,890

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	3,000	3,000	721,890
d. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
e. Til Björns Jakobssonar fimleikakennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarpiltum, svo að þeir. verði færir um að kenna leikfimi	450	450	
	3,900	3,900	7,800
XVIII. Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Rvík	1,000	1,000	2,000
Samtals...	.....	.....	731,690

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista veitast 216,080 kr.

	1916	1917	1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:	kr.	kr.			
a. Laun landsbókavarðar	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar	1,800	1,800			
c. Laun 2. bókavarðar	1,200	1,200			
Þar af 200 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi 2. bókavarðar.					
d. Til aðstoðar á lestrarsal ...	1,000	1,000			
e. Til að kaupa bækur og handrit	7,000	7,000			
f. Til bókbands...	3,300	3,300			
Flyt ..	17,300	17,300	.....	.....	.....

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt	17,300 17,300			
g.	Til að semja skrá um handritasafn Landsbókasafnsins og til þess að halda áfram samningu spjaldskrár	2,400 2,400			
h.	Fyrir afskriftir (eftir reikningi)	1,000 1,000			
i.	Til að prenta ritaukaskrá ...	280 280			
j.	Til þess að semja og gefa út minningarrit safnsins á 100 ára afmæli þess eftir reikningi alt að	1,500			
k.	Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360 360			
l.	Ýmisleg gjöld	400 400	21,740	23.240	
2.	Landsskjalasafnið:				
a.	Laun skjalavarðar..	1,800 1,800			
b.	Laun aðstoðarskjalavarðar...	1,200 1,200			
c.	Til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	1,000 1,000			
d.	Til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600 600			
e.	Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250 250			
f.	Til að láta afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta Ísland, í Ríkisskjalasafni Dana og öðrum útlendum skjalasöfnum eftir reikningi alt að	1,500 1,500	6,350	6,350	
3.	Þjóðmenjasafnið:				
a.	Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)...	1,800 1,800			
b.	Til aðstoðar eftir reikningi, alt að	800 800			
c.	Til að útvega forngripi og til áhalda og aðgerðar, alt að	1,700 1,700			
d.	Til að gefa út skýrslur um safnið frá 1876	300 300			
	Flyt...	4,600 4,600	28,090	29,590	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt... 4,600 4,600	28,090	29,590	
e. Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja, alt að 1,000 1,000	5,600	5,600	
Þjóðmenjasafnið sje opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.			
4. Til aðgerða á Þingvöllum	2,000	»	
5. Náttúrufræðisfjelagið	1,000	1,000	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.			
6. Landsbókasafnshúsið:			
a. Til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,600 3,600			
b. Til dyravarðar 1,400 1,400			
c. Til viðhalds og áhalda.. ... 1,000 1,000	6,000	6,000	
7. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði	2,000	2,000	
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði..	1,500	1,500	
9. Til bókasafnsins á Seyðisfirði til þess að kaupa fyrir gamlar bækur	500	»	
10. Til hins íslenska bókmentafjelags..	2,000	2,000	
11. Til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
12. Til Fornleifafjelagsins	400	400	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók komi út hvort árið.			
13. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
14. Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni...	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sje gefið út við hvert bindi af safninu.			
Flyt...	51,390	50,390	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	51,390	50,390	
15. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
16. Til þess að gefa út landsyfirrjettardóma frá 1800—1873.	500	500	
17. Til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
18. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rjett íslenskra rithöfunda.	600	600	
19. Til Leikfjelags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að...	2,000	2,000	
20. Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna Styrk þennan skal veita eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kjörin sje: einn af háskólaráðinu, einn af stjórn Bókmentafjelagsins, og einn af Stúdentafjelaginu í Reykjavík.	10,000	9,000	
21. Til þess að kaupa málverk eftir íslenska listmálara...	.....	2,000	
22. Til byggingar yfir listaverk Einars Jónssonar, alt að	10,000	.....	
23. Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til þess að halda áfram námi í húsagerðarlist við listaháskólann í Kaupmannahöfn..	800	800	
24. Til Steingríms Jónssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn	800	.....	
25. Til Hjartar Þorsteinssonar til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn	1,000	.....	
26. Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til framhalds málfræðisnámi við Kaupmannahafnarháskóla	600	600	
27. Til Sigfúsar Einarssonar, organista við dómkirkjuna, að því tilskildu, að hann haldi uppi kenslu í organslætti og sönglist í Reykjavík, og vinni að eflingu og útbreiðslu söngþekkingar hjer á landi	1,100	1,100	
28. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
29. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar, til þess að semja og búa undir prentun íslenska orða-			
Flyt...	80,240	68,440	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	80,240	68,440	
bók með íslenskum þýðingum, 3. og 4. greiðsla á 8 ára styrk	3,000	3,000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að höfundurinn verji öllum starfskröftum sínum til þessa starfa, enda geri hann stjórnarráðinu á hverju misseri grein fyrir því, hvað starfinu líður.			
30. Til Hannesar Þorsteinssonar til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum	2,000	2,000	
enda sje handritið eign landsins að honum látnum.			
31. Til Boga Th. Melsted til að rita Íslendingasögu	800	800	
32. Til Jóhanns Kristjánssonar til þess að rannsaka meðferð á guðsþakkafje, gjöfum og sjóðum, semja skýrslu um það	600	600	
33. Til dr. Guðm. Finnbogasonar til sálarfræðilegra rannsókna	3,000	3,000	
34. Til próf. Ágústs Bjarnason, til þess að ljúka við »Yfirlit yfir sögu mannsandans«, 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
35. Til Åge Meyer Benedictsen til að koma út á dönsku ritgerð G. Björnson landlæknis í álitsskjali fánanefndarinnar	500	.....	
36. Til Ragnars Lundborgs, rithöfundar, til þess að gera Ísland kunnugt erlendis.. ...	5,000	5,000	
37. Til Sighvats Gr. Borgfirðings til þess að kynna sjer skjöl í söfnum í Reykjavík ...	400	400	
38. Til Finns Jónssonar á Kjörseyri til að safna sögulegum fróðleik..	200	200	
39. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsókna...	600	600	
40. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,800	1,800	
41. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna...	1,000	1,000	
42. Til Jakobs Jóhannessonar til þess að safna til og semja íslenska setningafræði (syntaxis)	600	600	
43. Til Helga Tómassonar til þess að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun	800	.....	
44. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
45. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
46. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
Flyt...	111,490	98,390	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	111,490	98,390	
47. Til alþýðufræðslu stúdentafjelagsins í Reykjavík og á Akureyri. ... — ... ... Af þessari fjárveitingu greiðist Stúdentafjelaginu á Akureyri 200 kr. hvort árið.	700	700	
48. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur... með því skilyrði að hann láti þau hjeruð ganga fyrir, þar sem hann hefir ekki áður komið.	600	600	
49. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi ...	1,000	1,000	
50. Til íþróttasambands Íslands...	800	800	
	114,590	101,490	216,080
Samtals...	.....	.....	216,080

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast 500,910 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr,	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands			56,000	56,000	
2. Til vatnsvirkja:					
a. Stjórn og undirbúningur ...	3,500	3,500			
b. Til byrjunar framkvæmda til þess að afstýra vatnaágangi af Þverá		15,000			
			3,500	18,500	
3. Til sandgræðslu			3,000	3,000	
4. Til skógræktar:					
a. Laun skógræktarstjóra ...	3,000	3,000			
b. Laun skógarvarða og til skóggræðslu..	10,000	10,000			
			13,000	13,000	
Flyt...			62,500	77,500	

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	62,500	77,500	
5.	Til dýralækninga:				
	a. Laun handa 2 dýralæknum	2,400 2,400			
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	400 400			
	c. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna..	300 300			
	d. Til dýralækninganáms erlendis	1,200 600			
	e. (Endurveiting). Styrkur til að semja og gefa út dýralækningabók, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, enda verði söluverð bókarinnar eigi yfir 16 aura hver örk, alt að	900			
			5,200	3,700	
	Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.				
6.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...		600	600	
7.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	2,400 2,400			
	Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns.				
	b. Til gerlarannsókna:				
	1. Laun	1,200 1,200			
	2. Til áhaldakaupa	690			
	c. Til húsaleigu.	700 700			
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500 500			
			5,490	4,800	
8.	Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar		2,500	2,500	
9.	Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að		400	400	
		Flyt...	89,690	102,500	

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	89,690	102,500	
10.	Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: a. Laun .. .. 1,500 b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að 400	1,900	1,900	
11.	Til þess að styrkja efnilega menn til verklegs náms erlendis	4,000	4,000	
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
13.	Til Landhelgissjóðs Íslands	5,000	5,000	
14.	Til Fiskifjelags Íslands ... ... Þar af 500 hvort árið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum, undir umsjón og eftirliti fjelagsins.	19,000	19,000	
15.	Til sama fjelags handa erindreka erlendis..	4,000	4,000	
16.	Til sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námsskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga ... ... gegn að minsta kosti 500 kr. tillagi annarsstaðar frá.	1,000	1,000	
		1916 kr.	1917 kr.	
17.	a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8,000	8,000	
	b. Til ferðakostnaðar eftir reikningi alt að	400	400	
			8,400	8,400
18.	a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar	2,000	2,000	
	b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	400	400	
			2,400	2,400
19.	a. Til leiðbeiningar í ullarverkun og til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. ...	1,500	1,500	
	b. Ferðakostnaður, eftir reikningi alt að	400	400	
	c. Laun 4 ullarmatsmanna ...	1,600	1,600	
	d. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	800	800	
			4,300	4,300
20.	Til heimilisiðnaðar... ... ... Styrkur þessi skiftist þannig, að Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fái 1000 kr. og Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands 500 kr. hvort árið.		1,500	1,500
21.	Til þess að reyna að koma á sútun skinna á Norðurlandi...		200	
	Flyt...	147,390	160,000	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	147,390	160,000	
22. Þóknun til vörumerkjaskráritarans	360	360	
23. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.	1,500	1,500	
24. Styrkur til Eggerts Brandssonar sjómanns..	300	.....	
25. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd...	300	300	
26. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina.	200	200	
27. Eftirlit með áfengiskaupum:			
a. Laun umsjónarmanns 900 900			
b. Önnur útgjöld... ... ... 800 800			
	1,700	1,700	
28. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...	300	300	
29. Til kolanámurannsókna á Íslandi. ... ... Stjórnin lætur framkvæma rannsóknirnar undir umsjón námuverkfræðings.	25,000	.....	
30. Til Bjargráðasjóðs	20,000	20,000	
31. Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum	.....	62,500	
32. Til sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum til þess að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu, alt að	5,000	.....	
33. Til rannsóknar og undirbúnings Flóaáveitunni, alt að	2,500	.....	
34. Til brimbrjóts í Bolungarvík.. ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns og að minsta kosti þriðjungs framlag komi annarsstaðar frá.	10,000	10,000	
Flyt...	214,550	256,860	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	214,550	256,860	
35. Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni. ... ... gegn því að hjeraðsbúar leggi fram það sem til vantar og landsverkfræðingurinn álíti að verkið komi að tilætluðum notum.	.....	5,000	
36. (Endurveiting). Til bryggjugerðar á Sauðárkróki þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, alt að .. Hreppsnefnd Sauðárkróks veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	6000	.....	
37. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi og sje bryggjan til almenningsnota undir eftirliti sýslunefndar.	.....	3,500	
38. Til bátabryggju í Flatey 1/3 kostnaðar, alt að enda sje bryggjan heimil látin til almennra afnota.	.....	1,500	
39. Til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness (í Mýrasýslu) og Skógarness (í Hnappadalssýslu) og á höfnum beggja staðanna ...	5,000	.....	
40. Til bátabryggju á Blönduósi 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.	7,500	.....	
41. Til bryggjugerðar í Búðardal, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.	1,000	.....	
	234,050	266,860	500,910
Samtals...	.....	.....	500,910

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 6,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 167,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til prófessor dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; viðbót við eftirlaun fyrverandi hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal 250 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinssdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loptsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur 300 kr.; til Guðlaugar Sakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar, 360 kr.; til Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar, 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Árna Gíslasonar pósts 200 kr.; til Bjarna Ketilssonar pósts 200 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra 500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannebrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar 400 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr., og eftirlaun Björns læknis Blöndal 875 kr., hvorttveggja frá þeim tíma, er þeir fengu lausn frá embætti.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 20,000 kr.

Af þessari upphæð greiðist lögreglustjórum kostnaður sá, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit með fiskiveiðum í landhelgi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður, 248,176 kr. 92 au., greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum Búnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðinga-

efni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 5% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern gegn 5% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita og sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 5% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má lána Davíð Stefánssyni í Fornahvammi alt að 2000 kr. til húsabygginga á jörðinni, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni prentmyndasmið 5000 kr. til þess að setja á stofn prentmyndasmíðastofu, gegn tryggingu, sem landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

7. Úr viðlagasjóði má lána Guðm. T. Hallgrímssyni lækni, 2500 kr. til húsbyggingar á Siglufirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

8. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu 6000 kr. til þess að kaupa bústað handa hjeraðslækni. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Húsavíkurhreppi 20000 kr. til þess að raflýsa Húsavíkurkauptún, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Úr viðlagasjóði má lána Ísafjarðarkaupstað 45,000 krónur til þess að raflýsa kaupstaðinn. Lánið ávaxast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

11. Úr viðlagasjóði má lána Jósep Blöndal stöðvarstjóra 6000 kr. til byggingar pósts- og símahúss á Siglufirði, gegn tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1915 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Landsstjórninni heimilast að kaupa Melkotslóð (milli ráðherrabústaðarins og Suðurgötu) fyrir alt að kr. 1,50 hverju feralin.

Landsstjórninni heimilast að kaupa landsbankarústirnar ásamt brunabótaupphæð hennar fyrir virðingarverð til brunabóta og lóðina, sem húsinu fylgir eftir mati dómkvaddra manna. Kaupverðið greiðist þannig: Landsbankinn fái upp í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð í Arnarhólstúni, eftir virðingu; afgangurinn greiðist með skuldabrjefi.

Landsstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á tveim lánum úr viðlagasjóði til verksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri, hinu fyrra, að upphæð 50,000 kr., veittu 1908, hinu síðara 60,000 kr., veittu 1912, að bæði lánin greiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum, frá 1918 að telja.

Landsstjórninni heimilast að taka alt að 65,000 kr. lán til þess að breyta bæjarsíma Reykjavíkur í »kvart-automatisk central«, svo framarlega sem lánið fæst með sæmilegum kjörum.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess, að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. eftirlaun á ári, í 2 ár, frá 1. nóv. þ. á. að telja.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 10,000 króna lán fyrir Flóabátsfjelag Breiðafjarðar til vjelskipskaupa, gegn ábyrgð sýslufjelaganna.

Nd. **819. Ágreiningsatriði**

um frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá minni hluta.

Eg varð einn þeirra manna, sem í nefndina voru skipaðir, á því máli, að í hallæri ætti efnaðri mennirnir að hjálpa þeim fátækari. Eg mun þó eigi af þeirri skoðun láta, og aldrei mun eg samþykkja þau hjálparlátalæti, sem fram hafa komið frá ýmsum hliðum, að taka bitann úr munni eins fátæklings og stinga honum upp í annan jafnfátækan.

Að öðru leyti mun eg gera grein fyrir máli þessu í framsögu. Eg ræð háttv. deild til þess að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem minni hluti nefndarinnar ber fram á þingskj. 820, er koma í staðinn fyrir breytingartill. mínar á þgskj. 702.

Alþingi 7. september 1915.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Nd. **820. Breytingartillögur**

við frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Fyrirsögnin skal vera: Frumvarp til laga um misærisskatt af tekjum.

2. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Hver sá maður, sem hefir meiri hreinar tekjur en 2500 kr., skal gjalda misærisskatt af þeim tekjum, sem hann hefir fram yfir þá upphæð.

3. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Skattskyldir menn eftir 1. gr. þessara laga skulu gjalda sem hjer segir:

Af fyrstu 500 kr. fram yfir 2500 kr.	2%.
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	3%.
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	3½%.
Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan	4%.

Síðan skal hundraðsgjaldið vaxa um ½ við hver þúsundaskifti þar til það nær 10%. Eftir það vex það um 2‰ uns það nær 15%, en þá um 1‰ þar til það er orðið 20%.

4. Eftir 3. gr. komi þessar nýjar greinar:

4. gr.

Stjórnarráðið skipar skattnefnd í hverri sýslu og í hverju fógetadæmi og yfirskattnefnd fyrir alt landið. Skal hún hafa aðsetur í Reykjavík. Það skiftir verkum milli nefndarmanna í öllum þessum nefndum. Enginn getur skorast undan því, að vera skipaður í skattnefnd eða yfirskattnefnd. Nefndir þessar vinna launalaust og skulu vinna eið að starfi sínu.

5. gr.

Sveitarstjórnum, bæjarstjórnum, hreppstjórum og sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að láta skattnefndum í tje alla fræðslu um hag manna, sem þeim er máttugt að veita. Skal það talin embættis-afglöpun, ef þessi völd tregðast við, og varða auk þess sektum frá 200—2000 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið lætur skattnefndum í tje fyrirsögn um, hversu telja skal mönnum tekjur til þessa skatts, en þær birta þá fyrirsögn fyrir almenningi, hver í sínu umdæmi, og krefjast þess, að menn segi til sjálfir um tekjur sínar eftir þessari fyrirsögn og leggi við drengskap sinn, eða fjárhaldsmenn og meðráðamenn ófullveðja manna.

7. gr.

Nú vanrækir maður að segja til um tekjur sínar, og skal þá skattnefnd setja honum skatt, en kæra frá hans hendi er ónýt, nema hann sanni að gild forföll hafi valdið því, að hann sagði eigi til.

8. gr.

Telji maður tekjur sínar viss vitandi rangt, þá skal hann gjalda skattinn sjöfaldan, nema hann vilji heldur láta málið koma fyrir dómstólanna. Fara skal með slík mál sem sakamál, og skal refsað fyrir sem skjalafals, ef sannast sviksamlegt framtal.

9. gr.

Skylt er bönkum og öðrum stofnunum til fjárgeymslu að segja skattnefndum til um eign manna í bankanum eða stofnuninni og tekjur þeirra af peningum og verðbrjefum.

10. gr.

Á skattnefndum hvílir rík þagnarskylda, en sje af brugðið, skal það bæta 1000—5000 krónum.

11. gr.

Vinni skattnefndir verk sitt seinlega, má knýja þær til framkvæmda með dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður.

12. gr.

Skattur þessi skal krafinn í fyrsta sinn 1. nóv. þetta ár af tekjum þeim, er menn höfðu frá 1. jan. 1915 til 30. júní sama ár, en næsta sinn 1. febr. 1916 af tekjum manna frá 1. júlí til 31. des. 1915, en í síðasta sinn 1. júlí 1916 af tekjum manna frá 1. jan. 1916 til þess tíma.

13. gr.

Fje þessu má verja til þess að jafna misæri það í verslun, sem leiðir af heimsstyrjöldinni. Verði afgangur, skal hann renna í landhelgissjóð.

14. gr.

Sá misserisskattur, skal falla niður, sem eigi er fallinn í gjalddaga, þá er misærinu ljettir af.

5. Við 4. gr.: Greinin verði 15. gr.

14. gr. B. IX. 2.

Nd. **821. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 14. gr. B. IX. 2.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka... ... ... 200 — 200

gegn 1/3 af þessari upphæð annarsstaðar frá.

12. gr. 15. h.

Nd. **822. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 12. gr.

Við 15. tölulið, aftan við stafliðinn h. komi nýr liður:

Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur frá Hjálmsstöðum á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn ... 350 — 350

21. gr. 11.

Nd. **823. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson.

Við 21. gr. 11.

Aftan við liðinn komi nýr liður:

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi 50000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

16. gr. 1.

Nd. **824. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 16. gr. 1. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til búnaðarfjelaga ... ... — 20000

Við úthlutun styrksins til búnaðarfjelaganna 1917 skal, auk jarðabótanna, er gerðar voru 1916, einnig taka tillit til jarðabóta þeirra, er gerðar hafa verið 1915, ef þær hafa verið mældar 1916, og skýrsla um þær send Stjórnarráðinu á venjulegum tíma það ár.

Ed. **825. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands (á þingskj. 601).

Frumvarp þetta er komið frá háttv. neðri deild, og var borið þar fram af þingmanna hálfu. Verði frumvarpið að lögum, gerir það þá breytingu á lögum nr. 58, 22. nóvember 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, að fjelaginu verður eigi skylt að endurtryggja í öðrum brunabótafjelögum hinar hærri vátryggingar.

Nefndinni er ljóst, að hjer er um mjög þýðingarmikið nauðsynjamál að ræða, og mun mega fullyrða, að því nær allir landsmenn sjeu sammála um, að það sje mjög illa farið, að nýnefnd lög um stofnun brunabótafjelags Íslands hafa eigi komist til framkvæmda, enda eru vátryggingargjöld af húseignum og lausafje utan Reykjavíkur svo há, að vart má við una.

Auk þess vaxa mönnum mjög í augum þær stóru fjárupphæðir, sem árlega ganga til útlendra brunabótafjelaga. Fara þær upphæðir vaxandi hröðum skrefum, þar eð húseignir utan Reykjavíkur hækka mjög mikið í verði með ári hverju, sumpart af því að húseignum fjölgar mjög í kaupstöðum og kauptúnum landsins, en sumpart, og það máske enn þá fremur af því, að menn byggja nú, eftir því sem velmegun vex í landinu og kröfur manna til bættra híbýla aukast, vandaðri og dýrari hús.

Að lögin frá 1907 hafa enn þá eigi komist til framkvæmda kemur af því, að endurvátrygging hefir ekki fengist í útlendum brunabótafjelögum, eins og fyrirskipað er í 6. gr. laganna. Virðist nú vera að eins um tvent að velja: að breyta þessu ákvæði laganna, eða að sætta sig við það ástand, sem nú er. En eins og vikið er að hjer að framan, verða ókostir þess tilfinnanlegri og almenningi ógeðfeldari með hverju ári sem líður.

Nefndinni er að vísu ljóst, að það er nokkur áhætta fyrir landssjóð, að ábyrgjast hið væntanlega fjelag, þótt ábyrgðin sje takmörkuð við 800 þús. kr. eins og gert er í frumvarpi þessu, ef eigi fæst endurábyrgð á hinum hærri vátryggingum. En hins vegar er á það að líta, hve afarmikil nauðsyn er á því að koma fjelaginu á laggirnar, því að vorri hyggju hlýtur það að verða byrjun til þess, að gera alla vátryggingarstarfsemi landsins innlenda, og er öllum ljóst, hve þýðingarmikið það er.

Þá er nefndin samdóma meiri hluta neðri deildar nefndarinnar um, að brunahættan fari mjög minkandi hjer á landi. Húsin eru betur bygð, oft járnvarin, meira bygt úr steinsteypu, eldfæri öll og ljóstæki tryggari og betri, og aðstaða til að slökkva eld er víða í kaupstöðum og kauptúnum miklu betri, en áður hefir verið. Loks veita lög nr. 85, 22. nóv. 1907, mikla tryggingu fyrir því að eftirlitið verði betra, og þá jafnframt von um að brunar verði fátíðari.

Af þessum ástæðum vill nefndin ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim einum breytingum, að hámark einstakra lausafjár vátrygginga verði sett 6000 kr. í stað 2000 kr.. og að samanlögð upphæð lausafjár vátrygginga megi nema $^1/_4$ af öllum vátryggingum fjelagsins. Virðist oss að lægra megi það ekki vera, ef lausafjárvátryggingarnar eiga að verða annað en nafnið tómt.

Eru breytingartillögurnar þannig:

1. Við 1. gr.

Fyrir »$^1/_5$« komi:
$^1/_3$.

2. Við 1. gr.

Fyrir »2 þúsund« komi:
6 þúsund.

Alþingi 8. sept. 1915.

Jón Þorkelsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Karl Einarsson.

Ed. **826. Frumvarp**

til laga um sölu á steinolíu, bensíni og áburðarolíu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. grein.

Steinolíu, bensín og áburðarolíu skal selja eftir vigt.

2. grein.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, bensín eða áburðarolíu skal vera merkt:

a. nafn firma þess, fjelags eða einstaks manns, er vöruna selur.
b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur.
c. þyngd ílátsins með innihaldi (Bruttó-vigt).
d. þyngd innihaldsins (Nettó-vigt).
e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. grein.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

1. tala (númer) ílátsins,
2. nafn tegundar,
8. þyngd ílátsins með innihaldi,
4. þyngd ílátsins (sjálfs),
5. þyngd innihaldsins.

4. grein.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. er renna í landssjóð.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Nd. **827. LÖG**

um verkfall opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 8. september).

1. gr.

Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta sektum frá 500—5000 krónum eða fangelsi eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. Ef sjerstakar málsbætur eru fyrir hendi, svo sem æska, upphvatning vandamanna eða yfirboðara, má færa sektina niður úr 500 kr. alt niður í 200 kr.

2. gr.

Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar

honum til sliks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta sektum frá 200—2000 kr. eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, alt að 2000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 828. **Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Frumvarp þetta er loks aftur komið úr háttv. neðri deild, eftir að hafa gengið gegnum hreinsunareld hennar, og hefir þar orðið fyrir nokkrum breytingum. Verða sumar breytingarnar að teljast til bóta, en aðrar til skemdar. Mun verða gerð grein fyrir í framhalds-framsögu, hvernig þessum breytingum er háttað.

Eftir atvikum, vill nefndin ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú er orðið.

Efri deild Alþingis 8. sept. 1915.

Jósef Björnsson, form. Björn Þorláksson, skrif. og framsögum. G. Björnson.

Karl Einarsson. M. Pjetursson.

Ed. **829. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (þgskj. 788 framhaldsnefndarálit nd. þgskj. 777).

Neðri deild hefur gert þessar breytingar á frumvarpinu:
1. Úr 2. gr. eru feld orðin »til viðbótar kirkjugarðinum«.
2. Í 3. gr. er sett í kirkjugörðum Reykjavíkur« þar sem áður stóð: í kirkjugarði Reykjavíkur.

Vjer leggjum til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 7. sept. 1915.

Björn Þorláksson,	G. Björnsson,
ritari og framsögum.	form.

Hákon J. Kristófersson.

Nd. **830. Frumvarp**

til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:
1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000, 20% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500, 15% af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000, skulu fá 10% af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 kr. skulu fá 10% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5% af launahæðinni.

4. gr.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi þeim, er jafnframt lifa af framleiðslu, hvort sem hún er af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, verslun eða annari atvinnu.

Nú hefir maður á hendi embætti eða sýslan í sambandi við önnur störf, er tekjur gefa, svo sem bókmentastarfsemi, málflutningur, lækningar, kensla, búðarstörf o. s. frv., eða hann nýtur styrks úr opinberum eða einkasjóðum eða öðru slíku, og fær hann þá eigi dýrtíðaruppbót, nema tekjur hans samanlagðar verði eigi hærri en svo, að dýrtíðaruppbót fylgi þeim samkvæmt lögum þessum.

Embættismenn þeir eða sýslunar, er aukatekjur hafa af embætti sínu eða sýslun, eða því fylgir ókeypis húsnæði, eldsneyti, ljósmeti eða önnur slík hlunnindi, fá því að eins dýrtíðaruppbót, ef launin samanlögð við hlunnindi þessi, metin til peninga, ná eigi þeirri upphæð, er útiloki dýrtíðaruppbót samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú gegnir maður fleirum embættum eða sýslan í senn, og skal þá leggja saman laun og hlunnindi, er báðum eða öllum fylgja, enda verður þá engin dýrtíðaruppbót veitt, nema samanlagðar tekjur af stöðunum nái eigi þeirri upphæð, er dýrtíðaruppbót útiloki samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú hefir kona embættis- eða sýslunarmanns tekjur, af hverju sem er, og skulu þær lagðar við tekjur bónda, og dýrtíðaruppbót til þess heimilis reiknast eftir samanlagðri tekjuupphæðinni.

Nú gegnir kona embætti eða sýslan, og koma þá tekjur bónda hennar á sama hátt til greina, er reikna skal dýrtíðaruppbót handa henni.

5. gr.

Dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum kemur eigi til álita, er reikn skal biðlaun eða eftirlaun embættismanna.

6. gr.

Meðal starfsmanna landsímans og talsíma þeirra, er landssjóður rekur, skal Stjórnarráðið, eftir tillögum landssímastjóra, skifta upphæð, er nemi 16% af samanlögðum launum þeirra, er hafa alt að 1800 kr. í árslaun. Aðrir símamenn landsins fá uppbót eftir 2. og 3. gr. laga þessara.

7. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar öll mál, er í lögum þessum greinir, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess mánaðar, er næstur kemur eftir að þau hafa fengið staðfestingu konungs.

Nd. **831. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú er háttv. neðri deild Alþingis kaus til þess að íhuga framangreint frumvarp hefur ekki getað orðið sammála.

Eftir því sem okkur hefur getað skilist af umræðum í nefndinni, lítur meiri hluti hennar svo á, að frumvarp þetta hafi ekki, enn sem komið er, fengið nægilega góðan undirbúning. Og fyrir því má ætla að meiri hlutinn hafi komist að þeirri niðurstöðu annaðhvort að svæfa málið enn af nýju á þessu þingi eða þá, ef það skyldi koma fram úr nefndinni, að því verði vísað til stjórnarinnar til frekari athugunar og undirbúnings.

Við, sem skipum minni hlutann, lítum aftur á móti svo á, að undirbúningur þessa máls sje svo góður að vel megi við una. Frá frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, er að öllu leyti gengið af milliþinganefnd þeirri í skattamálum, er skipað var árið 1907, og þar sem málið hefur þannig verið athugað og frá því gengið af jafn skýrum mönnum og þeim, sem sæti áttu í milliþinganefndinni 1907, og talið af þeim þess vert að verða að lögum, þá lítum við svo á að yfirskynsástæður meiri hlutans um ónógan og ófullkominn undirbúning verði ekki með nokkru móti teknar gildar, enda engar líkur til, að miklu rækilegri athugun en þegar hefur verið gerð á máli þessu, sje unt að fá, nema með því eina móti að skipa aftur milliþinganefnd í málið, þar sem sæti ættu nýir menn, er tæki að skýrleika fram þeim mönnum, er sæti áttu í milliþinganefndinni 1907. En á slíkum mönnum þykjumst við, að okkar leyti, ekki geta fest auga; auk þess sem vjer teljum slíkt með öllu óþarft og ekki svara kostnaði að skipa slíka nýja milliþingnanefnd, til þess að íhuga þetta mál, þótt færari mönnum væri á að skipa en þeim, er sæti áttu í milliþinganefndinni 1907.

Hins vegar lítum við svo á, að þótt einhverjir ófyrirsjáanlegir smáagnúar kynnu að koma í ljós við framkvæmd slíkra laga, sem hjer um ræðir, þá sje leiðin hjer, sem hvervetna annarstaðar þar sem ný braut er troðin, sú að láta reynsluna kenna sjer, og leiðrjetta smátt og smátt það, sem hún bendir að betur mætti fara.

Með þetta fyrir augum, sem og hina brýnu þörf landssjóðs fyrir auknar tekjur, er allir virðast sammála um, leyfum við okkur að leggja það til við háttv. deild að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, er við flytjum á sjerstöku þingskjali.

Alþingi 8. september 1915.

Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
form.	frá Vogi.

11. gr. B. 11.

Nd. **832. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þskj. 818).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 11. gr. B. 11.

Á eftir »Rangárvalla-« komi:

Dala.

Og fyrir »1,130— . . .« komi:

1,356— . . .

Nd. **833. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 3. september.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Pjetur Jónsson.

(Frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi á þgskj. 431).

Í því trausti, að Stjórnarráðið löggildi nú þegar til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **834. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga.

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sama er og um alla, er eftirlaun eða styrktarfje fá úr landssjóðnum, fari það eigi fram úr 1000 kr. á ári.

13. gr. B. III. 3.

Nd. **835. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf.

Við 13. B. III. 3.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Öxnadalsvegur 3,000 — .....

13. gr. B. VIII.

Nd. **836. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 13. gr. B. VIII.

Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:

Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... ... 1000 — ..... Þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.

Nd. **837. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar á Siglufirði gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og

þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

3. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og sýslunefndar komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð sýslunefndarinnar.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

7. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis sýslunefndarinnar selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkaupstúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, að fengnum tillögum sýslunefndar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

10. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 9. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutnings- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 9. gr., má taka lögtaki.

11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist sýslunefndinni til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki sýslunefndarinnar þarf til, og skal hún þá senda sýslunefndinni sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki sýslunefndarinnar geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis sýslunefndarinnar til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, en úrskurða af sýslunefndinni.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, þeirri er um ræðir í 9. gr., alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Ed. **838. LÖG**

um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913 um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 8. september).

1. gr.

Í 4. gr. laga 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, falli burt orðin: »Unaós og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu«, en í staðinn komi: Borgarfjarðar (austur), um Sandskörð, Loðmundarfjarðar. Enn fremur í staðinn fyrir orðin í sömu grein: »frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur« komi: frá Hafnarfirði um Voga til Grindavíkur, frá Keflavík til Hafna.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist þessi orð:

Þó skal landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, þótt ekki hafi hún nægan kraft til sambands við útlönd.

Nd. **839. Frumvarp**

til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnefninguna; það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslunefndir hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið á síðustu 5 árum svo að ábyggilegt sje, en um ummálsdrætti þeirra fer svo sem fyrir er mælt í 2. gr.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeiganda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000.

3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar.

4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Þó má sá helmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Nd. **840. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um fasteignamat.

Frá nefndinni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

2. Í 14. gr. fyrir »jarðabók« komi:
fasteignabók.

14. gr. B. II. 7. og 13. og B. III. 5.

Nd. **841. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 14. gr. B. II. 7.
Fyrir »2000—1500« komi:
2000—2000.

2. Við 14. gr. B. II. 13.

Síðari málsgrein athugasemdarinnar skal orða svo: Finni stjórnin í samráði við kennara skólans aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.

3. Við 14. gr. B. III. 5.

Fyrir »800—600« komi:
800—800.

11. gr. 11.

Nd. **842. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þgskj. 818).

Frá ráðherra.

Við 11. gr. 11.

Liðurinn orðist svo:

Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-, Snæfellsness-, Dala-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslum ... ... 1350 — .....

15. gr. 20.

Nd. **843. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá ráðherra.

Við 15. gr. 20.

Athugasemdin falli burt.

16. gr. 4. b.

Nd. **844. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá ráðherra.

Við 16. gr. 4. b.:

Liðurinn orðist svo:

Laun skógarvarða og til skóggræðslu ... ... 10000 — 10000

Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til Einars E. Sæmundsens.

Til vara:

Fyrir »400« komi 250.

15. gr. 3. a.

Nd. **845. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá ráðherra.

Við 15. gr. 3. a.:

Liðurinn orðist svo:

1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)... ... ... 1800—1800
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar ... 600— 600

13. gr. C. III. 6.

Nd. **846. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson.

Við 13. gr. C. III. 6.

Fyrir »300« komi:
600.

Til vara:
Liðurinn falli burt.

15. gr. 35.

Nd. **847. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 15. gr. 35.

Liðurinn falli burt.

15. gr. 40.

Nd. **848. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 15. gr. 40.

Fyrir »1800 — 1800« komi:

1500 — 1500.

15. gr. 42.

Nd. **849. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 15. gr. 42.

Liðurinn falli burt.

16. gr. 32.

Nd. **850. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 16. gr. 32.

Liðurinn falli burt.

Nd. **851. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 4. gr. 1. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Af eftirstöðvum símaláns Búðarhrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.

2. — 5. — 1. Fyrir »8 dagsláttur« komi:
6 dagsláttur.

3. — 13. — A. 3. Liðirnir a. og b. falli burt en í þeirra stað komi nýr liður:
Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að 9500

4. — 13. — B. II. 6. Fyrir »8000—8000« komi:
10000—15000.

5. — 13. — B. II. 7. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

6. — 13. — B. III. 2. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Frá Gljúfurá upp Norðurárdal ... ...—10000

7. — 13. — B. VI. Fyrir »15000—15000« komi:
18000—18000.

8. — 13. — B. IX. Liðurinn falli burt. (Hamarsá).

9. — 13. — B. XIII. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Landsstjórninni heimilast að færa fjárveitingar fyrra ársins til brúargerða, á síðara árið og sömuleiðis að fresta brúargerðum á fjárhagstímabilinu algerlega eða nokkrum brúm, ef örðugleikar verða á að fá efni vegna dýrleika eða af öðrum ástæðum.

10. — 13. — C. III. 2. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
Strandferðaskipum Eimskipafjelags Íslands er eigi skylt að koma oftar en tvisvar á ári, vor og haust, á Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

11. — 13. — D. IV. 10. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

12. — 13. — E. III. f. Liðurinn falli burt.

13. — 14. — B. I. a. Fyrir »40200—40600« komi:
40600—41000.

14. Við 14. gr. B. I. b. 1. Liðurinn falli burt.

15. — 14. — B. I. b. 5. Liðurinn falli burt.

16. — 14. — B. II. d. 13. Orðin: »Námsstyrkurinn lækki ... ... ganga inn í skólann« í athugasemdinni á eftir liðnum, falli burt.

17. — 14. — B. VI. 1. d. 1. Aftan við liðinn bætist:
alt að.

18. — 14. — B. VI. 2. d. 1. Aftan við liðinn bætist:
alt að.

19. — 14. — B. VII. d. Orðin »styrkveitingarnar ..... eigi iðnnemar« í athugasemdinni aftan við liðinn, falli burt.

20. — 14. — B. XIII. c. Liðurinn falli burt.

21. — 14. — B. XVII. e. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Utanfararstyrkur til sama til þess að kynna sjer úti-íþróttir ... ... 500— ...

22. — 15. — 1. b. Fyrir »1800—1800« komi:
1500—1500.

23. — 15. — 4. Liðurinn falli burt.

24. — 15. — 9. Liðurinn falli burt.

25. — 15. — 20. Fyrir »10000—9000« komi:
1100—10000.

26. — 15. — 25. Fyrir »1000 — ... komi:
800 — ...

27. — 15. — 36. Liðurinn falli burt.

28. — 15. — 38. Fyrir »200—200« komi:
400 — ...

29. — 15. — 41. Fyrir »1000—1000« komi:
1500—1500.

30. — 15. — 43. Liðurinn orðist svo:
Til þess að gefa út kenslubók í íslenskri hraðritun 800 — ...

31. — 16. — 2. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:
b. Til áveitunnar á Miklavatnsmýri ... ... 13,000 — ...
Upphæð þessi komi eigi til útborgunar nema landsverkfræðingurinn hafi lagt fram yfirlýsingu um, að nægilegt vatn fyrir áveitusvæðið fáist, svo að tilraunin með jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

32. Við 16. gr. 3. Fyrir »3000—3000« komi: 4000—4000.

33. — 16. — 13. Liðurinn falli burt.

34. — 16. — 19. a. Fyrir »1500—1500« komi: 1500—...

35. — 16. — 19. b. Fyrir »400—400« komi: 400—...

36. — 16. — 21. Liðurinn falli burt.

37. — 16. — 23. Fyrir »1500—1500« komi: 2000—2000.

38. — 16. — 24. Fyrir »300—... komi: 500—...

39. — 16. — 29. Liðurinn falli burt.

40. — 16. — 32. Fyrir 5000—... komi: 3000—...

41. — 16. — 32. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: gegn því, er tilvantar annarsstaðar frá.

42. — 19. — Fyrir »20000« komi: 30000

43. — 21. — 10. Liðurinn falli burt.

Nd. **852. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning rannsókna á kolanámum á Íslandi.

Frá fjárlaganefndinni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að útvega og leggja fyrir næsta þing, áætlun um kostnað við ítarlegar rannsóknir á kolanámum hjer á landi.

Ed. **853. Tillaga**

til þingsályktunar um mæli og vog.

Flutningsmenn: Steingrímur Jónsson, Karl Einarsson og Hákon Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta

reglulegt alþingi frumvarp til laga um rjettingu (löggildingu) og mótmerkingu (Justering) á mæli og vog, og um rannsókn á og eftirlit með mæli og vog í landinu.

21. gr. 8. og 9.

Nd. **854. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Við 21. gr. 8.

Á eftir 8. lið í 21. greininni komi nýr liður svo hljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Suðurfjarðarhreppi 15000 kr. til þess að raflýsa Bíldudalskauptún, gegn ábyrgð Vestur-Barðastrandarsýslu. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

2. Við 21. gr. 9.

Varatillaga.

Liðurinn falli hurt.

Ed. **855. Þingsályktun**

um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 8. september).

Alþingi skorar á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um það, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu, fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera, einhverntíma á aldrinum 17—25 ára, alt að 3 mánaða tíma, í eitt skifti.

Atkvæðagreiðsla þessi sje leynileg og fari fram samhliða næstu almennum kosningum.

15. gr. 41.

Nd. **856. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 15. grein 41. (Dr. Helgi Pjeturss).
Fyrir »1000 — 1000« komi:
1800 — 1800.

Athugasemd:
Jeg tel það heiður fyrir þingið, að láta dr. Helga Pjeturss ekki gjalda þess, fremur en t. d. dr. Björn Bjarnason, að hann er veikur enn þá.

Björn Kristjánsson.

Ed. 857. **Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »og skulu . . . . Landsskjalasafninu« komi: og skal í því geymast landsskjalasafnið, sem nú er.

2. Við 2. gr. Í stað »3000« komi:
2500.

3. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Þó skal núverandi skjalavörður hafa í árslaun 2800 kr.

Ed. 858. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (á þingskj. 709, nefndarálit neðri deildar á þingskj. 548).

Í þingbyrjun ályktuðu báðar deildir þingsins (þingskj. 29 og 30), að skipa nefndir, til að íhuga þingsköpin og gera tillögur í frumvarpsformi um ný þingsköp handa Alþingi. Var kosin 7 manna nefnd í neðri deild og 5 manna nefnd í efri deild. Gengu þessar nefndir í eina samvinnunefnd. Var 5. konungkj. þm. kosinn fundarstjóri samvinnunefndarinnar, en 2. þm. Reyk-

víkinga skrifari. Fundarstjóri tókst þá á hendur, að rannsaka þingsköp annara þjóða eftir bestu föngum og búa málið í hendur samvinnunefndinni. Var það svo rætt á mörgum samvinnufundum, og vinsað úr tillögum fundarstjóra um breytingar á þingsköpum vorum. Að því loknu var fundarstjóra og fundarskrifara falið, að semja uppkast að frumvarpi til laga um þingsköp Alþingis og taka upp í það öll þau nýmæli, sem unnið höfðu fylgi meiri hluta samvinnunefndarinnar. Nefndin hafði gengist fyrir því, að stjórnskipunarlög landsins yrðu gefin út öll í einu lagi, til hliðsjónar. Og nú ljet hún prenta sem handrit uppkast að þingsköpum, og er því svo háttað, að alt er með smáu letri, sem tekið er óbreytt úr núgildandi þingsköpum, en nýjungarnar með meginmálsletri. Bæði stjórnskipunarlögunum og þessu þingskapa-uppkasti hefir verið útbýtt meðal þingmanna.

Þar með lauk samvinnunefndin starfi sínu. Tók nú þingskapanefnd neðri deildar við málinu og bar upp í neðri deild frumvarp, sem var samhljóða uppkasti samvinnunefndarinnar, fylgdi því nefndarálit (á þingskj. 548).

Frumvarpið hefir að vísu tekið nokkrum breytingum í neðri deild, en þær eru þó hvorki margar nje miklar.

Í nefndaráliti neðri deildar (meiri hlutans) er gerð grein fyrir öllum helstu breytingunum á núgildandi þingsköpum, þeim, sem komu fram í frumvarpinu eins og það var lagt fyrir deildina (samhljóða uppkastinu). Vísum vjer því til þess nefndarálits (þingskj. 548).

En hjer þykir hlýða, að nefna þær breytingar, sem urðu á frumvarpinu í neðri deild, sbr. uppkastið (og frumvarp neðri deildar, á þingskj. 514).

Í 2. gr. er eiðstafurinn feldur burtu.

Í enda 8. gr. er orðabreyting — og hún til bóta. Í stað »þingfundarmanna« er komið: þingmanna eða deildarmanna.

9. gr. er breytt í þá átt, að sameinað þing skuli (eins og nú) kjósa mann í efri deild, ef einhver hjeraðskjörinn þm. þar deyr og annar er kosinn í hans stað. En í uppkastinu var svo til ætlað, að sá nýkosni þm. tæki sæti í þeirri deild, sem hinn hafði átt sæti í, er frá fór.

Í 11. gr. 2. málsgr. er gerð breyting á launum skrifstofustjóra (2400 kr. í stað 2000 kr) og ráðningu ritara.

Í 16. gr. er komin viðbót aftan við 2. málsgrein, um tölu nefndarmanna í fjárveitinganefndum, að þeir skuli vera 7 í neðri deild og 5 í efri deild. Þar er og feld ein óþörf setning aftan af 11. málsgr. ɔ: »sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað, (stendur í 1. málsgr., sama setningin).

Í 18. gr. er smávegis breyting í upphafi 2. málsgr. — til bóta. Óþarft að minnast hjer á framsögumann, því ákvæðin um kosningu framsögumanns standa í 16. gr., 9. og 10. málsgr.

Í 19. gr. er innskot um það, að hverju frumvarpi skuli fylgja stutt greinargerð.

Í 32. gr. er síðustu málsgrein breytt — rýmkað það ákvæði, svo að breytingartillögur þingmanna við fjárlögin þurfa yfirleitt ekki nema einfaldan meiri hluta eins og nú — og þarf því að eins að $^2/_3$ atkvæða, ef fjárveitinganefnd mælir *í einu hljóði* móti tillögunni, enda fari hún fram á *fjárveitingu* (aukin útgjöld).

Í 44. gr., 2. málsgr., er orðabreyting — til bóta. Aftan af síðustu málsgr. þeirrar greinar eru feld orðin »eða nánustu vandamanna sinna«.

Úr 46. gr. eru feld ákvæðin um leynilega atkvæðagreiðslu.

Úr 53. gr. 1. málsgr. eru feld orðin »og má hver þingmanna sem vill«. Úr 2. málsgr. eru feld orðin »eða leynilega atkvæðagreiðslu« (sbr. 46. gr.).

Þá eru taldar þær breytingar, sem neðri deild hefir gert á frumvarpi samvinnunefndarinnar.

Það er nú álit vort, að flestar þessar breytingar sjeu fremur til bóta. Sumir nefndarmanna eru að vísu ekki ánægðir með allar breytingarnar. En vjer höfum athugað frumvarpið vandlega eins og það nú liggur fyrir og alls enga ósamkvæmni fundið í því. Teljum vjer líka mjög varasamt að láta þetta frumvarp hrekjast milli deilda núna undir þinglokin í mesta annríkinu.

Fyrir því leggjum vjer eindregið til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Þegar málið kemur til umræðu, mun framsögumaður reifa það, gera deildinni grein fyrir öllum helstu nýmælunum í frumvarpinu.

að lokum setjum vjer hjer þær *prentskekkjur*, sem vjer höfum fundið, í því skyni, að þær verði leiðrjettar þegar frumvarpið er prentað upp aftur:

Í 10. gr. vantar högg (,) á undan »bæði« og eftir »hefir«.

Í 17. grein vantar depil á eftir »atkvæði« í 3. línu að ofan; í endanum stendur »47. gr.«, á að vera: 48. gr.

Í 26. gr., 11. línu að ofan, stendur »verður«, á að vera: verða.

Í 27. gr., fyrirsögninni, stendur »fleira um«, á að vera fleira. Um.

I 28. gr. stendur »Önnur hvor«, á að vera: Önnurhvor.

Í 29. gr., síðast í 3. málsgrein, stendur »lögð þar fyrir«, á að vera: lögð fyrir (þar bersýnilega ofaukið).

Í 34. gr. stendur »frá sæti sínu«, mun eiga að vera: úr sæti sínu.

Í 45. gr. eru málsgreinaskifti, sem ekki koma heim við efnið og eiga að hverfa (sú skekkja slæðst inn úr uppkastinu):

Í 48. gr., fyrirsögninni, vantar depil (.) á eftir »(de Hondt).

Í 51. gr á depillinn eftir »flutnings« að falla burtu.

Efri deild Alþingis, 8. september 1915.

Jón Þorkelsson, formaður.	G. Björnson, ritari og framsögumaður.
Björn Þorláksson.	Kristinn Daníelsson.

Guðm. Ólafsson.

Nd. **859. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stimpilgjald (þgskj. 648).

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 4. gr.

a. Liðirnir b. og d. frá »*Erfðaskrár — fullnaðarúrskurð á málið*«, falli burt.

b. Síðustu málsgrein í *d* skal orða svo:

Afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip eru skrásett, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru eftir þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

2. Við 6. gr.

Tveim stafliðum skal bæta aftan við greinina:

i. Byggingarbrjef og leigusamninga skal stimpla með 10 kr., ef ársleigan margfölduð með árafjöldanum fer ekki yfir 3000 krónur, með 20 krónum ef hærra fer.

j. Erfðaskrár, dánargjafir og gjafarfa skal stimpla með 10 krónum. Ákvæði um að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gerð. Erfðaskrár skal stimpla, þegar arfleiðandi deyr.

3. Eftir 6. gr. komi svolátandi grein:

Hálfsmánaðar víxla og skemri skal stimpla með 25 aurum, aðra víxla undir 1000 kr. með 20 aurum, en fari þeir þar yfir skal stimpla þá með 40 aurum af hverri þúsund eða hluta úr þúsund.

Víxla má flytja milli manna án stimpils.

Brot á þessari grein varða 20—100 króna sekt.

Nú selur maður öðrum manni skjal, sem er ekki gert úr garði sem löglegur víxill, en heimilar hinum að bæta því við, sem á vantar, og skal þá farið með það skjal sem víxil, bæði um stimplun og sektir.

4. Við 7. gr.

Aftan við fyrri málslið bætist:

Sömu undanþágu hefir Landsbankinn.

5. Við 12. gr.

Fyrstu setningu skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. 860. Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frumvarpið hefir tekið talsverðum breytingum í einstökum liðum í háttv. efri deild. Við ýmsar þeirra getum vjer í fjárlaganefndinni í neðri deild ekki felt oss, og leyfir nefndin sjer því að gera nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Mun aðallega verða gerð grein fyrir þeim í framsögu, en þó vill nefndin gera hjer nokkrar skýringar og athugasemdir viðvíkjandi sumum þeirra.

Við 13. gr. A. 3.

Nefndin leggur til, að um skrifstofukostnað póstmeistara sje hagað eins og í stjórnarfrumvarpinu var, að skrifstofukostnaður póstmeistara og kaup starfsmanna þeirra, sem ekki heyra undir A. 1. b. 1 sje óaðgreint; slíka greining ætlast nefndin til, að stjórnin geri, þegar hún leggur frumv. til fjárlaga fyrir næsta þing. Hins vegar felst nefndin á, að auka þurfi fje þetta að nokkru, samkvæmt undanfarandi reynslu, en vill þó ekki fara þar jafnhátt og efri deild, heldur leggur til, að þessir 2 liðir (a. og b.) sameinaðir í einn verði 9500 kr.

Við 13. gr. B.

Nefndin getur eigi fallist á, með háttv. efri deild, að fresta sökum árferðis vegagerðum, sem mestmegnis eru vinnukostnaður, og gerir því nokkrar breytingartill. til hækkunar á vegafje. Þar á móti getur verið ástæða til, og hún fullkomin, að fresta brúargerðum þeim, sem ráðgerðar eru, bæði þeim, sem sjerstaklega er veitt fje til, og hinum, sem innifelast í lagningu flutningabrauta. Hefir nefndinni borist brjef frá verkfræðingi landsins, þar sem vakin er athygli á þessu sökum hækkandi verðs á járni o. fl., og birtist brjef þetta hjer með sem fylgiskjal.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að í stað athugasemdar um heimild til að fresta framkvæmdum á Húnvetningabraut, sje sett heimild til stjórnarinnar, að fresta til síðara ársins frá fyrra árinu, eða til fulls framkvæmdum á brúargerðum.

Við 15. gr. 43. lið.

Nefndinni er kunnugt um, að tveir menn, Helgi Tómasson og Vilhelm Jakobsson leggja stund á hraðritun, en fylgja sínu hraðritunarkerfinu hvor. Þótt Helgi Tómasson sje kominn það lengra, að hafa samið íslenskt hraðritunarkerfi, og nefndin hafi alls ekkert á móti að hann fái styrkinn, vill hún, að stjórnin hafi frjálsar hendur til að velja um, og leggur því til, að styrkurinn sje eigi bundinn við nafn.

Við 16. gr. 29.

Meiri hluti nefndarinnar getur eigi fallist á, eins og nú er klipið af mörgum nauðsynlegum fjárveitingum, að veittar sjeu að þessu sinni 25000 kr. til kolarannsóknar, þar sem engin áætlun er til um það, hvað slík rannsókn, svo að verulegu gagni komi, muni kosta. Vill hann því, að þessari fjárveitingu sje frestað þangað til að slík áætlun liggur fyrir. En af því að nefndin er mjög hlynt

rækilegri námurannsókn, kemur hún fram með tillögu til þingsályktunar, sem skorar á stjórnina, að gera nauðsynlegan undirbúning í þessu máli fyrir næsta þing.

Við 19. gr.

Það horfir svo við, að ýms óviss útgjöld hljóta að verða meiri á næstkomandi fjárhagstímabili en venjulega, og stendur það eðlilega í sambandi við þær ráðstafanir, sem stjórninni, með ráði nefndar, er falið að gera út af Norðurálfuófriðnum. Til merkis um, að þessu sje ekki gleymt, leggur nefndin til, að fjárveitingin í þessari grein sje hækkuð um 10000 kr.

Neðri deild Alþingis, 8. sept. 1915.

Sveinn Björnsson, formaður.	Pjetur Jónsson, skrifari og framsögum.
Þórarinn Benediktsson.	Björn Kristjánsson.
Skúli Thoroddsen.	Eggert Pálsson.

Sigurður Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VERKFRÆÐINGUR LANDSINS.

Reykjavík, 30. ágúst 1915.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að leiða athygli hins háa Stjórnarráðs að eftirfarandi atriðum, er snerta brúargerðir næsta ár.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í neðri deild, liggur fyrir að gera þessar brýr næsta ár (1916):

1. Brú á Vatnsdalsá (Húnvetningabraut).
2. Brú á Breiðumýrará (Reykjadalsbraut).
3. Brú á Djúpá (Þjóðvegir, 5. liður).
4. Brú á Jökulsá (Þjóðvegir, 6. liður).
5. Brú á Austurós Hjeraðsvatna (VII. liður).
6. Brú á Ljá (XIII. liður, ætti að vera í III. lið, undir þjóðvegum).

Auk þess brú á Ólafsfjarðarós, sem jeg veit engin deili á, og svo má búast við, að eitthvað þurfi að endurbyggja af trjebrúm á þjóðvegunum, sem komnar eru að falli, og er það kostað af fjárveitingunni III. 8.

Af ofannefndum brúm eru 3 stórbrýr, 70 metra og lengri, sem sje brýrnar á Vatnsdalsá, Jökulsá og Hjeraðsvötnin. Allar verða þær að byggjast á sandi, og er því vandasamt að ganga frá undirstöðum, og getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til mála að byggja þær öðruvísi en svo, að verkfræðingur sje viðstaddur að miklu leyti meðan vinnan stendur yfir. En nú er ekki nema tveim verkfræðingum á að skipa, mjer og aðstoðarmanni mínum, með því að annar aðstoðarmaðurinn mun verða fastur í vatnsvirki, samkvæmt ákvörðunum þeim, er gerðar voru þegar sú sýslan var stofnuð. Mun því verða að fá einn verkfræðing til viðbótar um tíma, ef ekki er einhver þessara brúa flutt á seinna ár fjárhagstímabilsins.

Einnig leyfi jeg mjer að skýra frá því, að nú sem stendur eru óvenjulegir erfiðleikar á því að útvega járn til brúargerða, og ekki útlit fyrir að þeir minki meðan styrjöldin stendur yfir. Að vísu kemur það mál mjer ekki beinlínis við, því að jeg skil brjef Stjórnarráðsins til mín dags. 18. maí, um útboð á efni og áhöldum, svo, að Stjórnarráðið muni sjálft annast útvegun á efni og áhöldum til brúargerðanna, og losna jeg þá við þann vanda. En af því að jeg hefi haft þessa útvegun á hendi hingað til, og mjer þess vegna er kunnugt um örðugleikana, sem nú eru, þykir mjer rjett að skýra frá þeim.

Alt járn til brúargerðanna hefir fram að þessu sumri komið frá Þýskalandi. Þegar flutningur á þýskum vörum var stöðvaður til fulls í byrjun aprílmán. þ. á., var að eins komið hingað lítið eitt af járni því, sem kaup höfðu verið fest á til brúargerðanna í sumar; hitt var þá í Kaupmannahöfn, og hefir ekki komist þaðan, og hafa samningarnir um kaup á því verið upphafnir. Nokkrar leyfar af járni voru fyrirliggjandi í áhaldahúsinu frá síðasta ári, og hafa þær hjálpað talsvert, en annars hafa í sumar verið þessi þrjú úrræði til útvegunar á járni:

1. Sænskt járn frá Kaupmannahöfn. Það hefir kostað 270 kr. tonnið, en venjulegt verð á þýska járninu 110 til 125 kr. tonnið, hvorttveggja f. o. b. Kaupmannahöfn. Þó verðið sje hátt, þá er hitt þó verra, að jeg hefi ekki getað fengið, og hygg ekki að unt sje að fá, nema mjög stuttar stengur af sænsku járni, miklu styttri en þær þurfa að vera, og er nærri því, ef ekki alveg, frágangssök að byggja stórar brýr úr því járni.
2. Enskt járn. Þar festi jeg kaup á nokkru járni 2. júní, hjá umboðssala í Leith. Hefi jeg síðan stöðugt ámálgað við hann í brjefum og símskeytum að hraða afgreiðslunni, og veit jeg að hann hefir gert alt, sem unt var að gera til þess, og varð árangurinn sá, að loks fjekk jeg nokkuð af járninu fyrri hluta ágústmánaðar, og loforð um meira með næsta skipi, en í stað járns kom þá tilkynning um að ekkert járn væri tilbúið, og alls óvíst að verksmiðjan gæti látið neitt meira af hinu pantaða járni, því að allir kraftar væru nú teknir í þjónustu stjórnarinnar. Við þetta situr nú.
3. — — — — — — — — — — — — — — — — — — —
4. Loks er hugsanlegt að fá járn frá Ameríku, en með núverandi flutningsgjöldum mun það mega teljast ógjörandi kostnaðar vegna, nema bein ferð fáist.

Þess skal ennfremur getið, að jeg ljet í vor leitast fyrir um það hjá öllum gufuskipafjelögunum í Kaupmannahöfn, sem hafa skip í förum til Íslands, hvort þau mundu fáanleg til að taka þýskt járn handa landsstjórninni, ef

leyfi bresku stjórnarinnar til flutnings á því frá Kaupmannahöfn til Íslands, yrði útvegað — mun ekki hafa verið vonlaust um að það gæti fengist —, en öll fjelögin neituðu því afdráttarlaust. Munu þau hafa verið hrædd við tafir og rekistefnu út af vörunni, jafnvel þó slíkt leyfi lægi fyrir.

Mjer virðist nú ekki vera varlegt að gera ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að notandi járn til brúargerða muni verða fáanlegt hingað næsta vor, og þó það verði fáanlegt, veit enginn hvað það muni kosta. Trjáviður og sement hafa hækkað nokkuð í verði, en ekki svo að frágangssök sje, en ef skipaleiga hækkar mikið frá því sem hún var framan af þessu sumri, þá getur það orðið tilfinnanlegur útgjaldaauki við stóra brúargerð, eins og t. d. Jökulsá; þangað mun þurfa sem svarar einum skipsfarmi af trjávið og annan af sementi. Seglskipafragt á sementi frá Danmörku til Reykjavíkur var framan af þessu sumri 18 til 20 kr. fyrir tonnið, en nú í þessum mánuði hefir ekki fengist lægra tilboð en 30 kr. fyrir tonnið: slík hækkun mundi fyrir brú á Jökulsá nema 2000 til 3000 krónum.

Jeg vil nú á engan hátt letja fjárveitingarvaldið þess, að veita fje til svo margra brúargerða, sem kleift þykir, þótt mjer að vísu sýnist hentugra að vinna meira að vegagerðum, en minna að brúargerðum, undir núverandi kringumstæðum. En mjer virðist nauðsynlegt að landsstjórnin fái heimild til:

1. Að færa brúargerðirnar frá einu ári fjárhagstímabilsins til annars, eftir því hentugt álíst, og mundi þá einni af stóru brúnum verða frestað til seinna ársins.
2. Að fresta alveg fleiri eða færri brúargerðum, ef ókleyfir örðugleikar verða á útvegun efnis eða áhalda vegna stríðsins.

Til þess að vel væri frá öllu gengið, þætti mjer landsstjórnin einnig þurfa að hafa heimild til þess að láta vinna meira að vegagerðum, en sem fjárveitingunum til þeirra nemur, ef brúargerð verður látin farast fyrir vegna örðugleika á efnisútvegunum. Ástæðan til þessa er sú, að samkvæmt fyrirkomulagi því á útboðum efnis m. m., sem fyrirskipað er í áðurnefndu brjefi stjórnarráðsins 18. maí þ. á., mun verða ófært að fresta ráðningu verkamanna til brúargerðanna þangað til tilboð um efni í brýrnar eru fram komin, en fyr verður ekki sjeð, hvort nauðsyn er að fella brúargerðirnar niður. Getur það því komið fyrir, að hætt verði við brúargerð, en menn til vinnunnar sjeu ráðnir, og þarf þá að vera heimild til þess að láta þá vinna annað: Mætti þessi heimild vera bundin við það, að unnið væri að *lögmæltum* vegagerðum, sem eru flutningabrautirnar, eða að þeim vegagerðum á þjóðvegum og flutningabrautum, sem jeg í tillögum mínum dags. 30. okt. f. á., hef lagt til að yrðu látnar ganga fyrir öðrum.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

14. gr. B. I. 5.

Nd. **861. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 14. gr. B. I. 5. Liðurinn falli burt.

13 gr. D. IV. 10.

Nd. **862. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Einari Jónssyni.

Við 13. gr. D. IV. 10.
Fyrir »2400 — 2400« komi:
1800 — 1800.
Til vara| 2000: — 2000.

15. gr. 3. b. og d.

Nd. **863. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 15. gr. 3. b.
Fyrir »800—800« komi:
1000—1000.

Við 15. gr. 3. d.
Fyrir orðin: »gefa út« komi:
semja.

18. gr.

Nd. **864. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sveini Björnssyni og Þór. Benediktssyni.

Við 18. gr.

1. Fyrir »til Árna Gíslasonar pósts 200 kr.« komi:
til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.

2. Fyrir »til Bjarna Ketilssonar pósts 200 kr.« komi:
til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.

14. gr. B. II. d. 7.

Ed. **865. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga.

Við 14. gr. B. II. d. 7.

Í stað »1500» komi:
2000

13. gr. C. III. (aths.).

Nd. **866. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þingm. Norður-Ísfirðinga.

Við 13. gr. C. III. 1. d. (í athugasemdinni): Liðurinn falli burt.

— 13. — — III. 2. (í aths.): Í stað orðanna: »undir tölulið 1. a.—d.« komi: undir tölulið 1. a.—c.

— 13. — — III. 3. (í aths.): Liðurinn falli burt.

— 13. — — III. 5. (í aths.): Liðurinn falli burt.

16. gr. 34.

Nd. **867. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga og Matth. Ólafsson.

Við 16. gr. 34.

Orðin: »og að minsta kosti þriðjungs framlag komi annarsstaðar frá« falli burt.

Ed. 868. **Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1.	Við 6. gr. B. I. d. 1.	Til bókakaupa	kr. 500.
2.	Við 6. gr. B. V.	Til vjelstjóraskóla	— 500.
3.	Við 9. gr.	5. málsgrein: (Endurgreiðslan til Sláturfjelags Suðurlands) falli burt.	

Ed. 869. **Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

Frumvarp þetta kemur nú aftur í sömu mynd, eins og það var í, er það hið fyrra sinn kom fyrir háttvirta efri deild, að því undanteknu, að leiðrjetting sú hefir verið látin óátalin, er hjer var gjörð á samlagningarvillu, er verið hafði í frumvarpi stjórnarinnar. Nefndin í neðri deild segir um það, að hjer var öll lánsupphæðin kr. 750000,00 færð til upphæðar gjaldamegin, að það sje ekki rjett, »vegna þess að þegar reikningurinn var gerður voru kr. 500000,00 af láninu óeyddar og var því sjálfsagt að telja þær með öðrum tekjuafgangi, eins og gert er í frumvarpi stjórnarinnar«. Hjer er blandað saman tekjuafgangi og peningaforða og leyfum vjer oss að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Eðlilegast er að telja sem tekjuafgang það, sem tekjur landssjóðs í raun og veru fara fram úr útgjöldum.

Árið 1912 voru tekjur landssjóðs		kr.	2151249,72
Árið 1913 — — ——		—	2278443,77
	Samtals:	kr.	4429693,49
Árið 1912 voru útgjöld landssjóðs ...	kr. 2058330,40		
Árið 1913 — — —— ...	— 2063139,91		
Við útgjöldin bætast	16339,55	kr.	4137809,86
Tekjuafgangur árin 1912 og 1913		kr.	291883,63

Ef tekjuafgangur er skilinn á þennan veg, þá verður að telja til jafnaðar gjaldamegin upphæð þeirra lána, sem tekin hafa verið og talin eru tekjumegin.

En ef lán er tekið og talið með tekjunum, þá má einnig telja sem tekjuafgang það sem tekjuupphæðin samanlögð fer fram úr gjöldunum. Þeirri reglu var fylgt í lögum um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909. Væri landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913 hagað eins, þá yrði tekjuafgangurinn kr. 1041883,63.

Tekjur	kr.	5179693,49
Útgjöld	—	4137809,86
Afgangur	kr.	1041883,63

Tekjuafgangurinn breytist ekkert við það, þótt meiru eða minna af honum eða af lánum þeim, er tekin hafa verið, hafi verið varið til að kaupa bankavaxtabrjef eða gjört arðberandi á annan hátt. Það er að eins peningaforðinn er við það breytist. Tekjuafgangurinn er hinn sami, hvort sem hann er í sjóði hjá landsfjehirði, í hlaupareikningi í banka eða í arðberandi verðbrjefum. Því er það, að það hefir engin áhrif á upphæð tekjuafgangsins hvorri af ofannefndum skilgreiningum, sem fylgt er, þótt mestum hluta fyrra lánsins, sem tekið var 1912 kr. 250000,00, væri varið til að kaupa bankavaxtabrjef.

Það sem í frumvarpi því, sem fyrir liggur, er kallað tekjuafgangur er kr. 500000,00 meira en tekjuafgangurinn eftir fyrri skilgreiningunni, sem getið er hjer að ofan, en kr. 250000,00 minni heldur en eftir síðari skilgreiningunni, en þótt það sje þannig óljóst, hvað skilið er við tekjuafgang í frumvarpinu, þá er þó gjaldamegin talin öll upphæð lánanna kr. 750000,00 þar af í 15. lið kr. 250000,00 og sem viðbót við tekjuafganginn kr. 500000,00. Niðurstaðan verður því hin sama, eins og í frumvarpi því sem afgreitt var frá efri deild, þar sem upphæð lánanna öll var tilfærð í 15. lið gjaldamegin og tekjuafgangurinn talinn kr. 291883,63.

Með því að munurinn þannig að eins liggur í forminu, þá viljum vjer leggja til að við svo búið standi, og að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Efri deild Alþingis, 7. sept. 1915.

Björn Þorláksson, formaður og framsögum.	Eiríkur Briem, skrifari.	Guðm. Ólafsson.

Ed. 870. **Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.

Í frumvarpinu eins og það kemur frá háttvirtri neðri deild eru feldar burt tvær upphæðir: sundkensla í Reykjavík 600 kr. og námsstyrkur iðnaðarmanna erlendis 225 kr. Upphæðir þessar höfðu verið veittar fyrir fjárhagstímabilið 1910—1911 en eigi notaðar þá, en þær voru svo greiddar 1912. Upphæðir þessar höfðu verið settar inn í frumvarpið í þessari deild til endurveitingar. Báðar deildir Alþingis hafa þannig haft tækifæri til að lýsa því, að þær eru greiðslunni samþykkar, og stendur því á litlu hvort upphæðir þessar standa í frumvarpinu eða ekki.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Etri deild Alþingis, 7. sept. 1915.

Björn Þorláksson, formaður og framsm.
Eiríkur Briem, skrifari.

Guðm. Ólafsson.

Nd. 871. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Eftir að nefndin hefir kynt sjer öll þau gögn þessu máli viðkomandi, sem tök er á að ná í hjer á þinginu, leyfir hún sjer að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Fyrir þinginu 1913 lá áætlun um kostnað við hafnargjörð í Vestmannaeyjum, er nam 249300 kr.

Með lögum dagsettum 10. nóv. 1913 veitti þingið 62500 kr. styrk til fyrirtækisins og með sömu lögum var ráðherra Íslands veitt heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd landssjóðs 187,500 kr. lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kynni að fá til hafnargerðar.

Nú er það komið í ljós, að áætlun sú, er lá fyrir þinginu 1913, hefir verið mikils til of lág svo að eigi nemur minna en 144,700 kr.

En þegar litið er til þess, að þetta mannvirki virðist muni verða arðvænlegt eigi að eins fyrir Vestmannaeyinga heldur og fyrir landssjóð, sem á

Eyjarnar, þá virðist eigi áhorfsmál að halda fyrirtækinu áfram þar til því er lokið, og ræður því nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis 7. sept. 1915.

G. Eggerz, form.	Matth. Ólafsson, skrifari.

Þórarinn Benediktsson. Sigurður Gunnarsson.

M. J. Kristjánsson. Stefán Stefánsson, Eyf. Skúli Thoroddsen.

Nd. **872. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til athugunar og leitað sjer upplýsinga um málið, auk þeirra upplýsinga, sem felast í fylgiskjali því, er fylgir áliti nefndarinnar í efri deild á þingskjali 661.

Enda þótt nefndinni virðist, að ef bátur, sem er yfir 15 smálestir, heldur úti, þannig að hann eigi kemur nema endur og sinnum á höfn, geti valdið bátum þeim, er frá landi koma, sömu óþæginda, og þótt hann færi fyr til veiða en aðrir bátar, er á höfn liggja, þá sjer nefndin eigi ástæðu til að leggja móti frumvarpinu. Það liggur í hlutarins eðli, að ef báturinn, þótt stór sje, hagar sjer eins og minni bátarnir, þá verði hann og að lúta sömu lögum. Taki hann hins vegar að stunda veiði á annan hátt, svo sem með færi eða netum, eða ef hann aðeins að öðru hvoru kemur í höfn, er hann undanskilinn ákvæðum frumvarpsins.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis 7. sept. 1915.

G. Eggerz, form.	Matth. Ólafsson, skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf. M. J. Kristjánsson. Sigurður Gunnarson.

Þórarinn Benediktsson. Skúli Thoroddsen.

Ed. **873. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905 (þingskj. 792).

Háttvirt neðri deild hefur aðeins gert þá breytingu á frumvarpinu að í stað 1/10 hluta kjósenda þurfi 1/3 að óska þess, til þess að skylt sje, að láta þessar kosningar fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Þessi breyting þykir oss að vísu ekki til bóta, en teljum þó að við svo búið megi una, einkum þar sem hreppsnefndir einnig eftir frumvarpinu hafa rjett til að láta kosningu fara fram leynilega, hvort sem kjósendur óska þess eða ekki.

Viljum vjer því ekki gera þetta að kappsmáli, en ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 8. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, formaður. Guðmundur Ólafsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

21. gr. 8.

Nd. **874. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Á eftir 21. gr. 8 komi nýr liður, svo látandi:

Úr viðlagasjóði má lána Guðm. E. Guðmundssyni, bryggjusmið í Reykjavík, alt að 12,000 kr., til að starfrækja kolanámu í Sjöundárlandi í Barðastrandarsýslu.

Lánið ávaxtist með 5% árlega, og sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin, en greiðist síðan, með jöfnum afborgunum, á 9 árum.

Lánið sje trygt með veði í námurjetti lántakanda, í Stálfjalli, í Sjöundárandi, sem og í mannvirkjum hans og verkfærum þar.

13. gr. D. IV. 10.

Nd. **875. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: G. Eggerz.

Við 13. gr. D. IV. 10.

Fyrir »2400 — 2400« komi:
1800 — 1800.

13. gr. B. IX.

Nd. **876. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 13. gr. B. IX.

Liðurinn falli niður.

14. gr. B. IX. 1.

Nd. **877. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 14. gr. B. IX. 1.

Fyrir »1600 — 1600« komi:
1200 — 1200.

14. gr. B. X. 5.

Nd. **878. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

14. gr. B. X. 5.

Liðurinn falli niður.

15. gr. 33.

Nd. 879. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 15. gr. 33.

Fyrir »3000 — 3000« komi:
1500 — 1500
Til vara:
Fyrir »3000 — 3000« komi:
2000 — 2000

15. gr. 2. f.

Nd. 880. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 15. gr. 2. f.

Í stað »1500 — 1500« komi:
1000 — 1000.

15. gr. 9.

Nd. 881. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

15. gr. 9.

Liðurinn falli niður.

15. gr. 33.

Nd. 882. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 15. gr. 33. Liðurinn falli burt.

21. gr. 6.

Nd. 883. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 21. gr. 6. lið. Fyrir orðin: »Ólafi Jónssyni prentmyndasmið« komi: alt að.

16. gr. 32.

Nd. 884. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Eggerz.

Við 16. gr. 32. Liðurinn falli burt.

14. gr. XII. 6.

Nd. 885. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þskj. 819).

Flutningsmaður: Matthías Ólafsson.

Við 14. gr. XII. 6.

Liðurinn verði svo:

Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum ...	1600	— 1600

Styrkurinn veitist með því skilyrði, að styrkþegi gefi út prentaða skýrslu um ferð sína, 1 örk minst, og sendi hana ókeypis öllum starfandi barna- og unglingakennurum í landinu.

13. gr. B. III. 3.

Nd. 886. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Guðm. Hannessyni.

Við 13. gr. B. III. 3. Í stað »5000— .....« komi: 7000— .....

13. gr. B. VIII.

Nd. **887. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916—1917.

Flutningsmaður: Björn Hallsson.

Við 13. gr. B. VIII.

Fyrir ... ... 7000 komi:
komi 7000 ... ...

15. gr. 33.

Nd. **888. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Guðm. Hannessyni.

Við 15. gr. 33.

Í stað orðanna »til sálarfræðislegra rannsókna« komi:
til tilrauna að bæta vinnubrögð.

13. gr. B. III. 3.

Nd. **889. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmenn: Sig. Eggerz og Einar Jónsson.

Við 13. gr. B. III. 3.

Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi ... ...—78000
Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má frèsta framkvæmd verksins.

15. gr. 25.

Nd. **890. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1616 og 1917.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 15. gr.

Á eftir tölulið 25. komi nýr liður svohljóðandi:
26. Til Einars Hjaltesteds til þess að ljúka námi í sönglist 1000—1000

14. gr. B. I. b. 5.

Nd. 891. **Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 14. gr. B. I. b. 5.

(Til dr. Alexanders Jóhannessonar til að halda fyrirlestra í þýskum fræðum 1000 — 1000); liðurinn falli niður á þessum stað, en komi inn í 15. gr. næst á eftir tölulið 32.

12. gr. 8.

Nd. 892. **Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 12. gr. 8.

A eftir liðnum komi nýr liður:

Styrkur til húðsjúkdómalæknis M. Júlíussonar 1000 — 1000.

(Skilyrði sömu og fyrir aðra sjerlækna).

Ed. **893. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 8. september.

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

(Till. til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu á þgskj. 696.)

Með því að deildin lítur svo á, að undirbúningur sá, er mál þetta hefir fengið, sje ónógur, til þess að ráðlegt sje að láta almenna atkvæðagreiðslu kosningarbærra manna í landinu fara fram um það, samhliða næstu almennum kosningum, þá álítur hún tillögu þessa of snemma fram komna, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **894. Frumvarp**

til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Jón Jónsson, Jón Magnússon, Magnús Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum:
Nr. 16, 4. nóvember 1881,
— 10, 13. apríl 1894,
— 8, 6. mars 1896,
— 11, 31. júlí 1907 og
— 31, 22. október 1912
skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum, svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (Cif)| að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, síld, smjöri, ull, saltkjöti, kindargærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæti, og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	A hverjum 100 kg af fullverkuðum þorski	kr.	58,00
2.	» » 100 » » » smáfiski	—	52,00
3.	» » 100 » » fullverkaðri ýsu	—	46,00
4.	» » 100 » » » löngu	—	55,00
5.	» » 100 » » » keilu	—	37,00
6.	» » 100 » » fullverkuðum upsa	—	28,00
7.	» » 100 » » » Labradorfiski	—	36,00
8.	» » 100 » » » harðfiski	—	72,00
9.	» » 100 » » » blautfiski í ís eða frystu	—	20,00
10.	Á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.		
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af síld	—	20,00
12.	» » » (105 kg) af meðalalýsi	—	70,00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi	—	30,00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti	—	78,00
15.	» hverju kg af þveginni, hvítri vorull	—	2,00
16.	» » » » annari ull	—	1,30
17.	» » » » á hverju kg. af smjöri	—	2,00

18.	A hverju kg af sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum)	—	1,00
19.	Á hverju selskinni	—	5,00
20.	» sauðkindum á fæti, hvert kg í lifandi þyngd á	—	0,40
21.	» hverju hrossi	—	120,00

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins. Skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt, eða til umskipunar í annari höfn innanlands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2%. Skal gjaldið greiðast í peningum, eða í ávísunum er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir á stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.) er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit, eða staðfest endurrit, af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann og skyldur til, að gefa skriflegt vottorð, að viðlagðri æru og samvisku, um vörumagnið, og ef varan er þegar seld, um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sje sagt til vörutegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt frá höfn.

Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld, eða sá er sendir veit ekki söluverðið, eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur, sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörutegundum samtímis og þó eigi lægra. Geti sá er gjaldið greiðir, innan 6 mánaða sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nóv. 1914.

8. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 20. september 1915, og gilda til jafnlengdar 1917.

Ed. **895. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

Háttv. neðri deild hefir í nokkrum atriðum breytt þessu frumv. og það þá þannig, að setja inn aftur tvo liði, sem feldir voru í háttv. efri deild við meðferð málsins þar, nfl. fjárveitinguna til Fossvallasmjörbúsins og heimildina til að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af heimsendu kjöti. Auk þess hefir háttv. neðri deild lagt til að Skúla Thoroddsen sjeu greiddar 1200 kr. eitt skifti fyrir öll auk hinna hækkuðu eftirlauna. Nefndin leyfir sjer að gera þrjár brtt. við frumv. þetta á sjerstöku þingskjali og lætur uppi þetta álit sitt um þær:

1.

Kennarinn í klassiskum fræðum við háskólann sendi nefndinni erindi þess efnis, að hann vanti bækur til þess að geta haldið uppi kenslu í þessum fræðum. Nefndin sendi Stjórnarráðinu brjef þetta til umsagnar og þar sem það telur óhjákvæmlegt, að fje verði veitt til bókakaupa í þessum fræðum, þá getur nefndin fallist á það og leggur til að veittar sjeu 500 kr. í því skyni.

2.

Ráðherrann sendi nefndinni brjef, þar sem hann skýrir frá því að mjög mikilsvert sje að hinn fyrirhugaði vjelstjóraskóli geti komist á fót og tekið til starfa strax 1. okt. næstk., þar sem annars yrði að líða heilt ár áður en kensla gæti byrjað við skóla þenna. En tilfinnanleg vöntun er á vjelstjóraefnum hjer á landi og hafa þegar borist umsóknir frá ýmsum um það, hvort þeir ekki geti fengið aðgöngu að fyrstu deild vjelstjóraskólans þegar á næsta hausti. Af þessum ástæðum mælist hann til þess við nefndina, að hún leggi til að veitt verði fje til skóla þessa á fjáraukalögunum og finst nefndinni sjálfsagt að verða við þeim tilmælum.

3.

Þá leggur nefndin enn til að háttv. deild felli burtu heimildina til endurgreiðslu á vörutolli til Sláturfjelags Suðurlands. Telur hún það enn sem fyr rangt að endurgreiða þessu einstaka fjelagi vörutoll og ilt til eftirbreytni. Vísar að öðru leyti til fyrri ummæla um þetta bæði í nefndaráliti og framsögu.

Alþingi 9. sept. 1915.

Karl Einarsson, form.	Magnús Pjetursson, skrifari og framsm.	Björn Þorláksson.
Jósef Björnsson.	Sigurður Stefánsson.	

Ed. **896. Frumvarp**

til laga um fasteignamat.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara, og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef að fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema legið hafi að fullu og öllu í síðustu fimtán ár undir aðra jörð.

5. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, og mannvirki þau og umbætur, er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú og mannvirki, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

7. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa nákvæmlega, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Þegar mat fer fram í fyrsta sinn, skal tilgreina landamerki í matsgjörðinni.

9. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri, er að framan getur.

10. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára,

þannig, að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun af nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

11. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

12. gr.

Fasteignamat og yfirmat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

13. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

14. gr.

Yfirmatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

15. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefnda, lætur landsstjórnin semja fasteignabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að

matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

16. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

17. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 14. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Ed. **897. Frumvarp**

til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:

1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000, 20% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500, 15% af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000, skulu fá 10% af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 kr. skulu fá 10% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5% af launahæðinni.

4. gr.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi þeim, er jafnframt lifa af framleiðslu, hvort sem hún er af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, verslun eða annari atvinnu.

Nú hefir maður á hendi embætti eða sýslan í sambandi við önnur störf, er tekjur gefa, svo sem bókmentastarfsemi, málflutningur, lækningar, kensla, búðarstörf o. s. frv., eða hann nýtur styrks úr opinberum eða einkasjóðum eða öðru slíku, og fær hann þá eigi dýrtíðaruppbót, nema tekjur hans samanlagðar verði eigi hærri en svo, að dýrtíðaruppbót fylgi þeim samkvæmt lögum þessum.

Embættismenn þeir eða sýslunar, er aukatekjur hafa af embætti sínu eða sýslun, eða því fylgir ókeypis húsnæði, eldsneyti, ljósmeti eða önnur slík hlunnindi, fá því að eins dýrtíðaruppbót, ef launin samanlögð við hlunnindi þessi, metin til peninga, ná eigi þeirri upphæð, er útiloki dýrtíðaruppbót samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú gegnir maður fleirum embættum eða sýslan í senn, og skal þá leggja saman laun og hlunnindi, er báðum eða öllum fylgja, enda verður þá engin dýrtíðaruppbót veitt, nema samanlagðar tekjur af stöðunum nái eigi þeirri upphæð, er dýrtíðaruppbót útiloki samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú hefir kona embættis- eða sýslunarmanns tekjur, af hverju sem er, og skulu þær lagðar við tekjur bónda, og dýrtíðaruppbót til þess heimilis reiknast eftir samanlagðri tekjuupphæðinni.

Nú gegnir kona embætti eða sýslan, og koma þá tekjur bónda hennar á sama hátt til greina, er reikna skal dýrtíðaruppbót handa henni.

5. gr.

Dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum kemur eigi til álita, er reikna skal biðlaun eða eftirlaun embættismanna.

6. gr.

Meðal starfsmanna landsímans og talsíma þeirra, er landssjóður rekur, skal Stjórnarráðið, eftir tillögum landssímastjóra, skifta upphæð, er nemi 16% af samanlögðum launum þeirra, er hafa alt að 1800 kr. í árslaun. Aðrir símamenn landsins fá uppbót eftir 2. og 3. gr. laga þessara.

7. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar öll mál, er í lögum þessum greinir, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess mánaðar, er næstur kemur eftir að þau hafa fengið staðfestingu konungs.

12. gr. 10. 14.

Nd. **898. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 12. gr. 10. 14. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:

Heimilt er stjórninni að fresta framkvæmd verksins, ef ástæða þykir til þess vegna verðhækkunar.

Ed. **899. Framhalds-nefndarálit**

um frv. til laga um kosningar til Alþingis (þskj. 783).

Háttv. neðri deild hefir hvergi breytt frumvarpinu, nema kaflanum: »Ákvæði um stundarsakir«.

Breytingarnar eru þessar:

1. Í stað þess, að landskjörið átti að fara fram í síðari hluta marsmánaðar, en kjördæmakjörið 1.—10. júní 1916, samkv. frv., eins og háttv. efri deild samþykti það, á landskjörið að fara fram 1. júlí, en kjördæmakjörið 9. september 1916, samkv. samþykt háttv. neðri deildar.

2. Síðasta málsgr. frv. er feld burt. Enda er það sjálfsögð afleiðing af hinni breytingunni.

Nefndin felst ekki á, að háttv. neðri deild hafi ákveðið heppilega kjördagana, síst fyrir sveitirnar. Báðir geta þeir lent á slættinum, ef vel árar, en að sjálfsögðu hinn síðari. Og er það þó sá, er síður skyldi. Til landskjörsins koma að eins eldri menn, húsráðendur og þeir aðrir, er helst eiga heiman gengt. Til kjördæmakjörsins eiga fleiri erindi, og koma margfalt fleiri, að öllum líkindum. Það er því með öllu óhafandi, að kjördæmakjörið fari fram á miklum annatíma. Afsakanlegra er, að láta landskjörið fara fram á slíkum

tíma. Enda mun það aldrei verða fjölsótt í sveitum, hvort sem er, nema það færi fram samdægurs hinu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU

á kaflanum: »Ákvæði um stundarsakir«.

Fyrir »1. júlí«, komi:
5. ágúst.
Og fyrir »9. september«, komi:
1. vetrardagur.

Efri deild Alþingis, 9. sept. 1915.

Með fyrirvara
Eiríkur Briem,
form.

Karl Finnbogason,
skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson.

Nd. **900. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin í því máli hefir ekki getað komið sjer saman um meðferð þess. Tveir af nefndarmönnum, Eggert Pálsson og Bjarni Jónsson, vilja halda málinu fram, en hinir nefndarmanna sjá sjer ekki fært, að fylgja frumvarpi þessu, nema því sje til muna breytt, en tími til að gera rækilegar breytingar alt of naumur.

Nánar verður svo gerð grein fyrir skoðun meiri hlutans í þessu máli við umræður í deildinni.

Alþingi 9. sept 1915.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Guðm. Hannesson.

Þórarinn Benediktsson.

Nd. **901. Atkvæðaskrá**

við eina umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Fjárlagafrumvarp eftir 3. umr. í Ed. 818.

Breytingar- og viðaukatillögur fjárlaganefndar 851.

Framhaldsnefndarálit 860.

Breytingar- og viðaukatillögur frá einstökum þingmönnum:

821, 822, 823, 824, 832, 835, 836, 841, 842, 843, 844, 845, 846, 847, 848, 849, 850, 854, 856, 861, 862, 863, 864, 865, 866, 867, 874, 875, 876, 877, 878, 879, 880, 881, 882, 883, 884, 885, 886, 887, 888, 889, 890, 891, 892, 898.

4. gr.

1. Brtt. 851, 1.
Við 1. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Af eftirstöðvum símaláns Búðarhrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.

5. gr.

2. Brtt. 851, 2.
Við 1. Fyrir »8 dagsláttur« komi:
6 dagsláttur.

11. gr.

3. Brtt. 842.
Við B. 11. Liðurinn orðist svo:
Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-, Snæfellsness-, Dala-, Skaftafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslum ... ... 1350 — .....

4. Brtt. 832.
Við B. 11. Á eftir »Rangárvalla-« komi:
Dala.
Og fyrir »1130— .....« komi:
1356 — .....

12. gr.

5. a. Brtt. 892.
Við 8. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Styrkur til húðsjúkdómalæknis M. Júlíussonar (Skilyrði sömu og fyrir aðra sjerlækna). 1000— 1000

5. b. Brtt. 898.
Við 10. 14. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Heimilt er stjórninni að fresta framkvæmd verksins, ef ástæða þykir til þess vegna verðhækkunar.

6. Brtt. 822.
Við 15. tölulið. Aftan við stafliðinn h. komi nýr liður:
Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur frá Hjálmsstöðum á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn . . .. 350— 350

13. gr.

7. Brtt. 851, 3.
Við A. 3. Liðirnir a. og b. falli burt en í þeirra stað komi nýr liður:
Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að 9500.

8. Brtt. 851, 4.
Við B. II. 6. Fyrir »8000—8000« komi:
10000—15000.

9. Brtt. 851, 5.
Við B. II. 7. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

10. Brtt. 851, 6.
Við B. III. 2. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Frá Gljúfurá upp Norðurárdal ... ...— 10000

11. Brtt. 886.
Við B. III. 3. Í stað »5000— ..... komi:
7000— .....
(Langadalsvegur).

12. Brtt. 835.
Við B. III. 3. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Öxnadalsvegur. ... ... 3000— .....

13. Brtt. 889.
Við B. III. 3. Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:
Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi ... .— 78000
Ef fjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má fresta framkvæmd verksins.

14. Brtt. 851, 7.
Við B. VI. Fyrir »15000—15000« komi:
18000—18000.

15. Brtt. 887.
Við B. VIII. Fyrir ..... — »7000« komi:
7000— .....
(Miðfjarðará).

16. Brtt. 836.
Við B. VIII. Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að... ... 1000— .....
Þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.

17. Brtt. 851, 8 og brtt. 876.
Við B. IX. Liðurinn falli burt.
(Hamarsá).

18. Brtt. 851, 9.
Við B. XIII. Á eftir liðnum komi þessi athugasemd:
Landsstjórninni heimilast að færa fjárveitingar fyrra ársins til brúargerðar, á síðara árið og sömuleiðis að fresta brúargerðum á fjárhagstímabilinu algerlega eða nokkrum brúm, ef örðugleikar verða á að fá efni vegna dýrleika eða af öðrum ástæðum.

19. Brtt. 851, 10.
Við C. III. 2. Athugasemdin aftan við liðinn orðist svo:
Strandferðaskipum Eimskipafjelags Íslands er eigi skylt að koma oftar en tvisvar á ári, vor og haust, á Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

20. Brtt. 846 (aðaltillaga).
Við C. III. 6. Fyrir »300« komi:
600.

21. Brtt. 846 (varatillaga).
Við C. III. 6. Liðurinn falli burt.
(Hvítá).

22. Brtt. 866 (fyrsti liður).
Við C. III. 1. d. *(í athugasemdinni).*
Liðurinn falli burt.

23. Brtt. 866 (annar liður).
Við C. II. 2. d. *(í athugasemdinni).*
Í stað orðanna: »undir tölulið 1. a.—d.«
komi:
undir tölulið 1. a.—c.

24. Brtt. 866 (þriðji liður).
Við C. III. 3. d. *(í athugasemdinni).*
Liðurinn falli burt.

25. Brtt. 866 (fjórði liður).
Við C. III. 5. d. *(í athugasemdinni).*
Liðurinn falli burt.

26. Brtt. 875 og brtt. 862 (aðaltillaga).
Við D. IV. 10. Fyrir »2400—2400« komi:
1800—1800.
(Vestmey.símí).

27. Brtt. 862 (varatillaga).
Við D. IV. 10. Fyrir »2400—2400« komi:
2000—2000.

28. Brtt. 851, 11.
Við D. IV. 10. Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.

29. Brtt. 851, 12.
Við E. III. f. Liðurinn falli burt.
(Þokulúður á Dalatanga).

14. gr.

30. Brtt. 851, 13.
Við B. I. a. Fyrir »40200—40600« komi:
40600—41000.
(Háskóli, laun).

31. Brtt. 851, 14.
Við B. I. b. 1. Liðurinn falli burt.
(Líffærameinfræði).

32. Brtt. 851, 15 og brtt. 861.
Við B. I. b. 5. Liðurinn falli burt.
(Alex. Jóhannesson).

33. Brtt. 891.
Við B. I. b. 5. (Til dr. Alexanders Jóhannessonar til að halda fyrirlestra í þýskum fræðum 1000—1000); liðurinn falli niður á þessum stað, en komi inn í 15. gr. næst á eftir tölulið 32.

34. Brtt. 841, 1 og brtt. 865.
Við B. II. 7. Fyrir »2000—1500« komi:
2000—2000.
(Námsstyrkur, Mentaskóli).

35. Brtt. 851, 16.
Við B. II. d. 13. Orðin: »Námsstyrkurinn lækki ... ... ganga inn í skólann« í athugasemdinni á eftir liðnum, falli burt.

36. Brtt. 841, 2.
Við B. II. 13. Síðari málsgrein athugasemdarinnar skal orða svo:
Finni stjórnin í samráði við kennara skólans aðra leið til þess að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.

37. Brtt. 841, 3.
Við B. III. 5. Fyrir »800—600« komi:
800—800.
(Námsstyrkur, Akureyri).

38. Brtt. 851, 17.
Við B. VI. 1. d. 1. Aftan við liðinn bætist:
alt að.

39. Brtt. 851, 18.
Við B. VI. 2. d. 1. Aftan við liðinn bætist:
alt að.

40. Brtt. 851, 19.
Við B. VII. d. Orðin »styrkveitingarnar ..... eigi iðnnemar« í athugasemdinni aftan við liðinn, falli burt.

41. Brtt. 877.
Við B. IX. 1. Fyrir »1600—1600« komi:
1200—1200
(Ósk á Ísaf.).

42. Brtt. 821.
Við B. IX. 2. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka. ... 200 — 200
gegn 1/8 af þessari upphæð annarstaðar frá.

43. Brtt. 878.
Við B. X. 5. Liðurinn falli niður.
(Yfirsetukvennafræði).

44. Brtt. 885.
Við B. XII. 6. Liðurinn verði svo:
Utanfararstyrkur handa barna- og unglingakennurum .. .. 1600 — 1600
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að styrkþegi gefi út prentaða skýrslu um ferð sína, 1 örk minst, og sendi hana ókeypis öllum starfandi barna- og unglingakennurum í landinu.

45. Brtt. 851, 20.
Við B. XIII. c. Liðurinn falli burt.
(Hólmfríður Árnadóttir).

46. Brtt. 851, 21.
Við B. XVII. e. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Utanfararstyrkur til sama til þess að kynna sjer úti-íþróttir ... ... 500 — .....

15. gr.

47. Brtt. 851, 22.
Við 1. b. Fyrir »1800 — 1800« komi:
1500 — 1500.
(Bókav. Lbs.).

48. Brtt. 880.
Við 2. f. Í stað »1500 — 1500« komi:
1000 — 1000.
(Afskriftir Landskjalas.).

49. Brtt. 845.
Við 3. a. Liðurinn orðist svo:
1. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar) 1800 — 1800
2. Persónuleg launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar... ... ... 600 — 600

50. Brtt. 863 (fyrri liður).
Við 3. b. Fyrir »800 — 800« komi:
1000 — 1000.
(Aðstoð þjóðm.safn).

51. Brtt. 863 (síðari liður).
Við 3. d. Fyrir orðin: »gefa út« komi:
semja.

52. Brtt. 851, 23.
Við 4. Liðurinn falli burt.
(Þingvellir).

53. Brtt. 851, 24 og brtt. 881.
Við 9. Liðurinn falli burt.
(Bóksafn Seyðisfirði).

54. Brtt. 851, 25.
Við 20. Fyrir »10000 — 9000« komi:
11000 — 10000.
(Skáldin).

55. Brtt. 843.
Við 20. Athugasemdin falli burt.
(Skáldanefndin).

56. Brtt. 851, 26 [prentvilla: 27].
Við 25. Fyrir »1000 — ... komi:
800 — ...
(Hjörtur Þorsteinsson).

57. Brtt. 890.
Á eftir tölulið 25. komi nýr liður svohljóðandi:
26. Til Einars Hjaltesteds til þess að ljúka námi í sönglist ... ... 1000 —

58. Brtt. 882.
Við 33. Liðurinn falli burt.
(Guðm. Finnbogason).

59. Brtt. 879 (aðaltillaga).
Við 33. Fyrir »3000—3000« komi:
1500—1500.

60. Brtt. 879 (varatillaga).
Við 33. Fyrir »3000—3000« komi:
2000—2000.

61. Brtt. 888.
Við 33. Í stað orðanna »til sálarfræðislegra rannsókna« komi:
til tilrauna að bæta vinnubrögð.

62. Brtt. 846.
Við 35. Liðurinn falli burt.
(Age Benedictsen).

63. Brtt. 851,27.
Við 36. Liðurinn falli burt.
(Ragnar Lundborg).

64. Brtt. 851, 28.
Við 38. Fyrir »200 — 200« komi:
400 — ...
(Finnur Kjörseyri).

65. Brtt. 848.
Við 40. Fyrir »1800 — 1800« komi:
1500 — 1500.
(Helgi Jónsson).

66. Brtt 856.
Við 41. Fyrir »1000 — 1000« komi:
1800 — 1800.
(Helgi Pjeturss).

67. Brtt. 851, 29.
Við 41. Fyrir »1000 — 1000 komi:
1500 — 1500.
(Helgi Pjeturss).

68. Brtt. 849.
Við 42. Liðurinn falli burt.
(Jakob Jóhannesson).

69. Brtt. 851. 30.
Við 43. Liðurinn orðist svo:
Til þess að geta út kenslubók í íslenskri hraðritun ... ... 800 — .....

16. gr.

70. Brtt. 824.
Við 1. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til búnaðarfjelaga ... ... — 20000
Við úthlutun styrksins til búnaðarfjelaganna 1917 skal, auk jarðabótanna, er gerðar voru 1916, einnig taka tillit til jarðabóta þeirra, er gerðar hafa verið 1915, ef þær hafa verið mældar 1916, og skýrsla um þær send stjórnarráðinu á venjulegum tíma það ár.

71. Brtt. 851,31.
Við 2. a. Á eftir liðnum komi nýr liður:
b. Til áveitunnar á Miklavatnsmýri ... ... 13.000 — .....
Upphæð þessi komi eigi til útborgunar nema landsverkfræðingurinn hafi lagt fram yfirlýsingu um, að nægilegt vatn fyrir áveitusvæðið fáist, svo að tilraunin með jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum.

72. Brtt. 851, 32.
Við 3. Fyrir »3000—3000« komi:
4000—4000.
(Sandgræðsla).

73. Brtt. 844 (aðaltillaga).
Við 4. b. Liðurinn orðist svo:
Laun skógarvarða og til skóggræðslu... ... 10000—10000
Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til Einars E. Sæmundsens.

74. Brtt. 844 (varatillaga).
Við 4. b. Liðurinn orðist svo:
Laun skógarvarða og til skóggræðslu... ... 10000—10000
Þar af 250 kr. persónuleg launaviðbót til Einars E. Sæmundsens.

75. Brtt. 851, 33.
Við 13. Liðurinn falli burt.
(Landhelgissjóður).

76. Brtt. 851, 34.
Við 19. a. Fyrir »1500—1500« komi:
1500—.....
(Ullarverkun).

77. Brtt. 851, 35.
Við 19. b. Fyrir »400 — 400« komi:
400.— .....

78. Brtt. 851, 36.
Við 21. Liðurinn falli burt.
(Sútun skinna).

79. Brtt. 851, 37.
Við 23. Fyrir »1500 — 1500« komi:
2000 — 2000.
(Ungmennafjelögin).

80. Brtt. 851, 38.
Við 24. Fyrir »300 — ..... komi:
500 — .....
(Egg. Brandsson).

81. Brtt. 851, 39.
Við 29. Liðurinn falli burt.
(Kol).

82. Brtt. 850 og brtt. 884.
Við 32. Liðurinn falli burt.
(Vatnsleit Vestm.ey.).

83. Brtt. 851, 40.
Við 32. Fyrir 5000 — ..... komi:
3000 — .....
(Vatnsleit).

84. Brtt. 851, 41.
Við 32. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd:
gegn því, er til vantar annarstaðar frá.

85. Brtt. 867.
Við 34. Orðin: »og að minsta kosti þriðjungs framlag komi annarstaðar frá« falli burt.
(Brimbrjóturinn).

18. gr.

86. Brtt. 864, 1.
Fyrir »til Árna Gíslasonar pósts 200 kr.« komi:
til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.

87. Brtt. 864, 2.
Fyrir »til Bjarna Ketilssonar pósts 200 kr.« komi:
til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.

19. gr.

88. Brtt. 851, 42.
Fyrir »20000« komi:
30000.

21. gr.

89. Brtt. 883.
Við 6. lið. Fyrir orðin »Ólafi Jónssyni prentmyndasmið« komi:
alt að.

90. Brtt. 874.
Á eftir 8 komi nýr liður, svo látandi:
Úr viðlagasjóði má lána Guðm. E. Guðmundssyni, bryggjusmið í Reykjavík, alt að 12000 kr. til að starfrækja kolanámu í Sjöundárlandi í Barðastrandarsýslu.
Lánið ávaxtist með 5% árlega, og sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum, á 9 árum.
Lánið sje trygt með veði í námurjetti lántakanda, í Stálfjalli, í Sjöundárlandi, sem og í mannvirkjum hans og verkfærum þar.

91. Brtt. 854, 1. (aðaltillaga).
Við 8. Á eftir 8. lið í 21. greininni komi nýr liður svo hljóðandi:
Úr viðlagasjóði má lána Suðurfjarðarhreppi 15000 kr. til þess að raflýsa Bíldudalskauptún, gegn ábyrgð Vestur-Barðastrandarsýslu. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

92. Brtt. 854, 2. (varatillaga).
Við 9. Liðurinn falli burt.

93. Brtt. 851, 43.
Við 10. Liðurinn falli burt.
(Raflýsing Ísafirði).

94. Brtt. 823.
Við 11. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi 50000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtast með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Ed. **902. Frumvarp**

til laga um þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skal í því geymast Landsskjalasafnið, sem nú er, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Ed. **903. Þingsályktun**

um rannsókn á Sauðárkrókshöfn og um hvernig verja megi landbroti á kauptúninu.

(Samþykt í efri deild 9. september 1915.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að láta rannsaka og gera áætlanir um:

1. Hvernig varna megi því, að höfnin grynnist og eyrin norðan við höfnina eyðist.
2. Hvernig varna megi því, að sjórinn brjóti landið í kauptúninu norðanverðu og á milli kauptúnsins og eyrarinnar norðan við höfnina.

Nd. **904. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 4. grein.

Aftan við greinina bætist:

Undanþegnar tolli þessum eru vörur þær, sem seldar hafa verið til útlanda fyrirfram samkvæmt samningi eða símskeytum, en ófluttar eru til útlanda, er lög þessi koma í gildi.

2.

Aftan við 6. grein komi ný 7. og 8. grein svo hljóðandi:

7. gr.

Tolli þeim sem innheimtist, skal svo fljótt, sem unt er, komið í gullmynt.

3.

8. grein.

Landssjórninni er heimilt, að veita bæjarfjelögum, sýslufjelögum og hreppsfjelögum, er harðast verða úti vegna dýrtíðarinnar, samtals alt að 150 þúsund króna lán úr landssjóði, gegn 4% ársvöxtum, til vörukaupa, og þó einkum til fyrirtækja, sem veitt geti fátækum fjölskyldumönnum atvinnu, og endurborgist lánin með jöfnum afborgunum, á eigi lengri tíma en 20 árum.

4.

Greinatalan breytist eftir því.

Ed. **905. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. 9. september.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og G. Björnson.

(Frv. til laga um Þjóðskjalasafn Íslands á þingskj. 630).

Í því trausti að launum fastra starfsmanna við Landsskjalasafnið verði sanngjarnlega skipað með lögum, um leið og nýrri almennri skipun verður komið á launakjör allra íslenskra embættismanna og opinberra starfsmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **906. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand.

Frá Karli Finnbogasyni og Karli Einarssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hún, um leið og hún veitir einkarjett til að hagnýta járnsand — samkvæmt lögum um það efni — heimti alt að 100 þúsund kr. tryggingu fyrir því, að fyrirtækið verði sett á stofn til framkvæmda eins og tilskilið skal í leyfisbrjefinu.

Ed. **907. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi (þgskj. 814).

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 3. gr.

6. málsgrein greinarinnar falli burt.

Ed. **908. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
16. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 11,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500	18,500	18,500	37,000
17. Óvissar tekjur	20,000	20,000	40,000
Samtals	1,836,500	1,896,500	3,733,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,200 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls ...	15,000	15,000	30,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	3,000	3,000	6,000
4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands	10,000	10,000	20,000
Samtals...	28,100	28,100	56,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 283,400 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . ... Af eftirstöðvum símaláns Búðarhrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.	52,000	49,500	101,500
2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs ...	11,475	11,475	22,950
3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar kr. 110,000...	4,950	4,950	9,900
4. Leigur af bankavaxtabrjefum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	45,000	44,050	89,050
5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	15,000	15,000	30,000
6. Vextir af innstæðum í bönkum	3,000	3,000	6,000
7. Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða...	10,000	14,000	24,000
Samtals...	141,425	141,975	283,400

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgjöld teljast 15,600 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 6 dagsláttur á þessum 2 árum.	1,800	1,800	3,600
Flyt...	1,800	1,800	3,600

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	1,800	1,800	3,600
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	1,000	1,000	2,000
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur. ...	5,000	5,000	10,000
Samtals...	7,800	7,800	15,600

6. gr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1916 og 1917 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,565,096 kr. 92 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 491,221 kr. 12 a.

	1916.	1917.	Alls.
I. Vextir:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur kr. 500,000 tekið 1908 til 15 ára, til símalagningar	11,666,66	10,333,34	
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1,500,000 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	52,440,38	50,187,56	
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn kr. 250,000 tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	10,218,75	9,843,75	
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum kr. 500,000 tekið 1912 til 15 ára vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	18,000	16,500	
Flyt...	92,325,79	86,864,65	

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	92,325,79	86,864,65	
5. Ritsímalánið 1913 4½% og endurborgun á 30 árum tekið hjá stóra norræna ritsímafjelaginu...	21,653,23	21,249,04	
6. Viðskiftagjald af láni til að kaupa ritsíma Reykjavíkur	480,00	480,00	
	114,459,02	108,593,69	223,052,71
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33,333,33	33,333,34	
2. — — — 1909	50,000,00	50,000,00	
3. — — — 1912	8,333,33	8,333,33	
4. — — — 1912	33,333,34	33,333,33	
5. — — — 1913	8,882,11	9,286,30	
	133,882,11	134,286,30	268,168,41
Samtals...	.....	.....	491,221,12

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 117,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra:			
a. Laun... 8,000			
b. Til risnu 2,000			
	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	3,000	3,000	6,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	22,000	22,000	44,000
6. Til landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að...	5,500	5,500	11,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1,500	1,500	3,000
Samtals...	58,500	58,500	117,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 302,340 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna.			67,300	67,300	
b. Til hreppstjóra...			8,000	8,000	
2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...			1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður...			5,195	5,195	
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			5,100	5,100	
			86,995	86,995	173,990
B. Ýmisleg útgjöld.					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450	450			
b. Til pappírs og prentunar..	6,000	6,000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1,200	1,200			
d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að	500				
			8,150	7,650	
2. Hagstofa Íslands:					
a. Laun hagstofustjóra.. ...	3,000	3,000			
b. — aðstoðarmanns ...	2,500	2,500			
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3,500	3,500			
d. Prentun eyðublaða ...	1,000	1,000			
e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800	800			
f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	800	800			
g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að	1,000				
			12,600	11,600	
3. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef..	6,000	6,000			
Flyt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	6,000 6,000	20,750	19,250	173,990
	b. Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti eða samtöl	8,000 8,000			
			14,000	14,000	
4.	Brunaábyrgðar- sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar..		4,000	4,000	
5.	Til embættiseftirlitsferða		2,000	2,000	
6.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		300	300	
7.	Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.		10,000	10,000	
8.	Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ...		1,000	1,000	
9.	Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...		200	200	
10.	Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.		12,000	12,000	
11.	Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-,Snæfellsness-, Dala-, Skaptafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu.. ... ... Þar sem fast sýslumannssetur er, skulu skáparnir vera uppmúraðir.		1,350	.....	
			65,600	62,750	128,350
	Samtals...		.....	.....	302,340

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 446,855 kr. 80 aurar.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81,200	81,200	162,400
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis til hvors hrepps 300 kr..	600	600	1,200
Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum, en þegar læknir verður skipaður í Reykjarfjarðarhjerað greiðist honum styrkur Árneshrepps, sem persónuleg launaviðbót.			
3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.			
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
Styrkveitingarnar í 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.			
6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	85,500	85,500	171,000

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	85,500	85,500	171,000
8.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...		1,000	1,000	2,000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
9.	Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að		3,500	.....	3,500
10.	Holdsveikisspítalinn...		59,821,40	37,521,40	97,342,80
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun... ... ... Þaraf 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.	6,000	6,000		
	2. Viðurværi 76 m. ...	16,921,40	16,921,40		
	3. Klæðnaður...	1,400	1,400		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1,800	1,800		
	5. Eldsneyti	4,500	4,500		
	6. Ljósmeti	700	700		
	7. Húsbúnaður og áhöld	1,500	1,200		
	8. Viðhald á húsum ...	1,500	1,500		
	9. Þvottur og ræsting...	800	800		
	10. Greftrunarkostnaður..	200	200		
	11. Skemtanir...	400	400		
	12. Skattar o. fl.... ...	1,300	1,300		
	13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ———	800	800		
	14. Til að setja upp miðstöðvarhitun í spítalanum... ... ... Heimilt er stjórninni að fresta framkvæmd verksins, ef ástæða þykir til þess vegna verðhækkunar.	22,000			
		59,821,40	37,521,40		
		Flyt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80
11.	Geðveikrahælið á Kleppi.		25,856,50	25,856,50	51,713
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	2,700			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna	3,950			
	2. Viðurværi 86 manns 60 a. á dag	18,834			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,950			
	4. Meðul og umbúðir	500			
	5. Ljós og hiti...	4,800			
	6. Viðhald og áhöld..	3,200			
	7. Þvottur og ræsting	1,000			
	8. Skemtanir	350			
	9. Skattar m. m.	1,000			
	10. Óviss útgjöld	800			
		39,084			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 63 sjúklingum 50 a. á dag	11,497,50			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu.. ...	1,000	13,227,50		
		Mismunur...	25,856,50		
12.	Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið		5,000	5,000	10,000
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag..		35,000	35,000	70,000
14.	Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum		8,000	.....	8,000
15.	Önnur útgjöld:				
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla...	4,200			
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.				
		Flyt... 4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80

		1916.	1917.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs	3,000			
c. Bólusetningarkostnaður..	1,000			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4,000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar..	1,500			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
Heimilt er stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.				
g. Styrkur til sjúkrasamlaga	600			
h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis alt að ...	1,000			
i. Styrkur upp í dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur frá Hjálmsstöðum á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn.. ...	350	16,650	16,650	33,300
Samtals...		240,327,90	206,527,90	446,855,80

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,486,900 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	A. Póstmál.				
1.	Laun:				
	a. Póstmeistara	4,000			
	b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	7,600			
	2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	24,200			
	c. Brjefhirðingarmanna	8,620			
			44,420	44,420	
2.	Póstflutningur		68,000	68,000	
	Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.				
3.	Annar kostnaður:				
	a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að	9,500			
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að	3,000			
	c. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	2,500			
	d. Önnur gjöld	9,000			
			24,000	24,000	
			136,420	136,420	272,840
	B. Vegabætur.				
I.	Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
1.	Verkfræðingur landsins:				
	a. Laun	3,600	3,600		
	b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings.	400	400		
	Flyt...	4,000	4,000	.....	.....	272,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	4,000 4,000	.....	.....	272,840
	c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	500 500			
2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	4,000 4,300			
	Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. Sbr. 16. gr. 3.				
3.	Skrifstofukostnaður	900 700			
4.	Til eftirlits með vegaviðhaldi	200 200	9,600	9,700	
II.	Flutningabrautir:				
1.	Borgarfjarðarbraut ...	2,000			
2.	Húnvetningabraut	25,000 15,000			
3.	Skagfirðingabraut	» 10,000			
4.	Eyjafjarðarbraut	» 2,000			
5.	Reykjadalsbraut	5,000			
6.	Grímsnesbraut	10,000 15,000			
7.	Viðhald flutningabrauta	11,000 11,000	53,000	53,000	
III.	Þjóðvegir:				
1.	Stykkishólmsvegur ...	8,000 4,000			
2.	Milli Hvítár og Örnólfsdalsár	4,000 »			
3.	Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	» 10,000			
4.	Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	7,000 »			
5.	Öxnadalsvegur	3,000			
6.	Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi...	78,000			
	Ef Gfjárhagur reynist örðugur vegna stríðsins má fresta framkvæmd verksins.				
7.	Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði	3,000			
	Flyt...	25,000 92,000	62,600	62,700	272,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	25,000 92,000	62,600	62,700	272,840
8.	Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu	» 3,900			
9.	Hróarstunguvegur	7,000 7,000			
10.	Aðrar vegabætur og viðhald	16,000 16,000			
			48,000	118,900	
IV.	Fjallvegir.		4,000	4,000	
V.	Til áhalda		2,000	2,000	
VI.	Tillög til akfærra sýsluvega alt að... ... gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er stjórnarráðið setur í reglugerð.		18,000	18,000	
VII.	Til brúar á Austur-Hjeraðsvötn .. ... gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.		25,000	.....	
VIII.	Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi ... ... gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.		7,000	.....	
IX.	Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... ... Þó ekki yfir 1/3 kostnaðar.		1,000	.....	
X.	Til steinsteypubrúar á Hamarsá á Vatnsnesi 1/4 kostnaðar alt að		1,200	.....	
XI.	Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...		300	300	
XII.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		300	300	
XIII.	Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju.. ... ... gegn því er til vantar annarsstaðar frá.		.....	800	
Minni hluti landbúnaðarnefndarinnar í Nd. lagði í móti frumvarpinu í ítarlegu nefndaráliti (á þingskj. 369), færði það til, að dýralæknisþörfinni væri alls ekki fullnægt með 3 dýralæknum — þeir þyrftu þá að vera »að minsta kosti 10—20«.

Því erum við samdóma, og álítum meira að segja að ekki myndi veita af 30—40 dýralæknum, ef vel ætti að vera.

Við viljum vekja athygli á því, að hjeraðslæknar eru nú orðnir svo margir og hjeruðin flest svo lítil, að læknarnir hafa víða alt of lítið að gera. Þess vegna

virðist okkur vel geta komið til mála, að gefa hjeraðslæknum og læknaefnum kost á tilsögn í dýralækningum; fyrir *lækna* myndi tiltölulega stutt námsskeið nægja til þess, að þeir gætu stundað dýralækningar til mikils gagns fyrir alla alþýðu manna. Við teljum þessa tillögu svo mikilsverða, að sjálfsagt sje að íhuga hana nánar. Fyrir því getum vjer ekki fallist á að fjölga dýralæknum að mun. En teljum þó eftir atvikum rjett að bæta einum við — í Austfirðingafjórðungi, eins og upprunalega var farið fram á í frumvarpi neðri deildar.

Við leggjum því til að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu að dýralæknarnir verði þrír.

BREYTINGARTILLAGA:

1. grein orðist þannig:

Dýralæknar skulu vera þrír, einn í Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungum, annar í Norðlendingafjórðungi, þriðji í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Efri deild Alþingis, 10. september 1915.

Guðm. Ólafsson, form. — G. Björnson, ritari og framsm.

Karl Finnbogason.

Ed. 915. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (787).

Flutningsmaður: G. Björnson.

Við »Ákvæði um stundarsakir«.

1. Fyrir »1. júlí« komi:
laugardaginn í 4. viku sumars.

2. Fyrir »9. september« komi:
laugardaginn í 10. viku sumars.

Ed. 916. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frumvarp þetta fer fram á þá breytingu á gildandi sveitarstjórnarlög-

um, að leggja megi útsvar á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni, þótt rekin sje styttri tíma en 8 vikur á ári.

Þar sem hjer er um mjög mikilsverðan og arðsaman atvinnuveg að ræða, er nefndin á einu máli um það, að breyting þessi sje rjettmæt, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 9. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, form.	Guðm. Ólafsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **917. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:
»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.
Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en 1/3 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 6 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:
800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
höfn.
Aftan við sömu grein bætist:
með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:
Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi: kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«, komi:

eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:

800 þúsund kr.

Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.

Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús . . . . . tilkall til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Nd. **918. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum á þingskjali 909.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 2. breytingartillögu.

Tillagan orðist svo:

Nú hefir útflytjandi keypt eina eða fleiri vörutegundir, sem nefndar eru í 3. grein, áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim fyrir þann tíma, á útflytjandi þá rjett á að draga frá söluverði þess, er seldi honum vöruna, verðhækkunartoll þann, sem honum ber að greiða samkvæmt lögum þessum, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir.

Nú hefir útflytjandi keypt vöruna af millimanni, milli hans og framleiðanda, og dregst þá tollurinn frá söluverði millimannsins og hefir millimaðurinn þá aftur rjett til að fá tollinn endurgoldinn hjá framleiðandanum.

Ed. **919. LÖG**

um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 10. september).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, eftir tillögum sóknarnefndar, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja alt að 10,000 kr.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugörðum Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 4 krónur fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.

Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Ed. **920. Lög.**

um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 10. september).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknar-

stofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Lyfsölum skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar, svo og smáskamtalyf með vínanda í. Smáskamtalæknum er heimilt að fá í innlendum lyfjabúðum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal prófastum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en $2^1/_4$% að rúmmáli.

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal Stjórnarráðið löggilda til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, þessa áfengisvökva: Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac.

2. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannlaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:

ef það er unt.

3. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum milli landa, undanþágu frá þessu ákvæði, og gilda þá um þau skip ákvæði þessarar greinar um erlend skip.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsiglan og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, sem hitst hefir ölvaðnr, að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum 20—500 krónum.

5. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

6. gr.

Brot gegn 3. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi, er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign landssjóðs.

7. gr.

2. og 5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, eru úr gildi feldar.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.

Nd. **921. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

Frá Landbúnaðarnefnd.

Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. og fært það nær því, sem það upphaflega var. Er nú svo mælt fyrir, að *Stjórnarráðið* útnefni menn til mælinganna eftir tillögum *sýslunefnda*, í stað þess að búnaðarsamböndin leggi þá til. Nefndin telur þetta ekki miklu máli skifta, því að eigi að síður hljóta það að verða búnaðarsamböndin, sem að mestu eða öllu leyti hafa mælingarnar á hendi. Um það munu allir sammála.

Þá hefir Ed. fært gjald landssjóðs úr 2 kr. upp í 3 kr. — Vjer teljum þetta óþarfa breytingu, en viljum ekki gera hana að kappsmáli.

Þriðja breytingin er sú, að sá helmingur mælingagjalds sem miðaður er við hundraðstölu, fari ekki fram úr 10 kr. á býli, svo sem ákveðið var í upphafl. frv. Þetta skiftir litlu máli, því ákvæðið tekur til örfárra garða.

Nefndin vill ekki að þessar breytingar verði að ágreiningsefni og ræður deildinni til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 8. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf., formaður. Guðm. Hannesson, ritari.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Björn Hallsson.

Hjörtur Snorrason. Jóhann Eyjólfsson.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **922. Nefndarálit**

um frumv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Því verður eigi neitað, að svo framarlega sem nákvæmur tekjuskattur hefði verið kominn hjer í lög, skattur sem hvíldi á rjettu framtali allra tekna landsmanna á hreinum tekjum, hvers konar sem væru, þá hefði verið handhægt að koma fyrir dýrtíðarskatti, í svipaða átt og frumv. þetta fer. En einmitt þetta tekjuframtal er örðugt og tafsamt að fá svo í lagi sje. Til þess þarf bæði nákvæm lagafyrirmæli, og nákvæmar reglur frá landsstjórninni. Og loks má búast við, að fyrstu tilraunir í þessa átt yrðu ófullkomnar. Þess vegna álítum vjer, að til þessarar aðferðar verði eigi gripið í flýti nje flaustri, nje til bráðrar hjálpar, þar sem enginn undirbúningur er fyrir. Hitt virðist standa miklu nær, að sveitar- og bæjarstjórnir hafi hinn mikla tekjuauka framleiðenda, sem flýtur af verðhækkun íslenskra afurða, fyrir gjaldstofn í hverju sveitar- og bæjarfjelagi um sig, til þess að jafna á dýrtíðargjaldi eftir þörfum. Og frumv. í þá átt hefir nefndin til meðferðar.

Vjer getum því ekki ráðið háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið um dýrtíðarskatt af tekjum.

Alþingi 10. sept. 1915.

Pjetur Jónsson, skrifari. Þórarinn Benediktsson.

Guðm. Hannesson.

Samþykkur niðurstöðu nefndarálitsins.

Eggert Pálsson, formaður.

Nd. **923. Fyrirspurn**

til ráðherra um samninga við Björgvinjargufuskipafjelagið.

Frá Matth. Ólafssyni.

Hvað hefir landstjórnin gert til að gæta rjettar landsmanna útaf því, að fjelagið í ágústmánuði 1914, hækkaði öll farmgjöld um 25%, og hefir fjelaginu verið greitt gjald það, er landssjóður, samkvæmt samningi, átti að greiða því, þrátt fyrir þennan ójöfnuð og það, að ferðir þess hafa verið mjög óreglulegar?

Ed. **924. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 12. gr. 10. 14. (Miðstöðvarhitun). Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.
2. — 12. — 15 i. (Oddný Pálsdóttir). Liðurinn falli burt.
3. — 13. — B. III. 5. (Öxnadalsvegur). Liðurinn falli burt.
4. — 13. — B. III. 6. (Jökulsárbrú). Liðurinn falli burt.
5. — 13. — B. XIV. Orðin í athugasemdinni »eða af öðrum ástæðum« falli burt.
6. — 13. — C. III. 6. (Hvítárbátur). Fyrir »600« komi: 300.
7. — 14. — B. I. a. (Laun háskólakennara). Fyrir »40600 — 41000« komi: 40200 — 40600.
8. — 14. — B. IX. 3. (Húsmæðrakensla). Liðurinn falli burt.
9. — 14. — B. XIII. b. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds í Reykjavík ... . 500 — 500.
10. — 15. — 3. d. Fyrir orðið »semja« komi: gefa út.
11. — 15. — 3. Á eftir liðnum komi nýr liður: 4. Til aðgerða á Þingvöllum ... ... 2000 — .....
12. — 15. — 24. (Hjörtur Þorsteinsson). Fyrir »800 — ..... komi: 1000 — .....
13. — 15. — 25. (Einar Hjaltested). Liðurinn falli burt.
14. — 16. — 2. (Til búnaðarfjelaga). Liðurinn falli burt.
15. — 16. — 5. b. (Einar Sæmundsen). Athugasemdin aftan við liðinn falli burt.
16. — 16. — 19. a. (Ullarmat). Fyrir »1500 — .....« komi: 1500 — 1500.

17.	—	16. —	19. b.	(Sama). Fyrir »400 — .....« komi: 400 — 400.
18.	—	16. —	20.	Á eftir liðnum komi nýr liður: Til þess að vinna að fjelagsstofnun til að koma á skinnasútun á Norðurlandi ... ... 200 — .....
19.	—	16. —	30.	(Vestmannaeyjavatnið). Fyrir »3000 — .....« komi: 5000 — .....«
20.	—	21. —	9.	Aftan við síðustu málsgrein bætist: Lánið veitist þegar í stað.
21.	—	21. —	14.	(Skeiðaáveitan). Liðurinn falli burt.

Nd. **925. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Svo margt hefir verið ritað og rætt um dýrtíðarmál nú að undanförnu, að vjer sjáum ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. — Ekki skal heldur út í það farið, að hrekja þær staðleysur og getsakir sem staðið hafa í blöðunum og settar hafa verið í samband við dýrtíð og dýrtíðarráðstafanir. Blöðin hafa einkum beint orðum sínum að bændum þeim, sem sæti eiga á Alþingi. Öll þau ummæli hafa verið svo rakalaus að ekki tekur því að hrekja þau, enda munu þau hrynja af bændum eins og hagl í útsynningshreti, án þess að loða við og án þess að skilja eftir nokkurn blett á stétt þeirra.

Ekki getum vjer látið vera að geta þess, að vjer lítum svo á, að alt of mikið hafi verið að því gert, bæði á Alþingi og í blöðunum, að halda því fram, að svo mikil dýrtíð sje í landi að hallæri sje fyrir dyrum, ef ekki sjeu reistar öflugar skorður við því af löggjafarvaldinu, að afleiðingarnar verði ekki að tjóni. Ýmsir vilja að sett sjeu víðtæk og umsvifamikil lög til að varna því, að öll landsins börn verði dýrtíðinni og hallærinu að herfangi. Vjer verðum að líta svo á, að þjóðinni væri hollara að minna væri slegið á barlómsstrengina en gert hefir verið nú um tíma, að hollara væri að eyða orðum að því, að telja kjark og hugrekki í þá meðlimi þjóðfjelagsins, sem standa höllum fæti í baráttunni, örva þá til að taka hraustlega því sem mótdrægt er, mæta því með karlmensku. Íslenska þjóðin hefir oft á undanförnum öldum þurft að horfa gegn geigvænlegum tímum og orðið að mæta því mótdræga í ýmsum myndum, oft hefir hún barist hraustlega við örðugleika þá, sem náttúra landsins hefir skapað henni verslunarólag, samgönguleysi og ýmislegt fleira. Ekki verður annað sagt yfirleitt, en að þjóðin hafi sýnt dug og þolgæði í baráttunni, þótt allstór ör hafi barátan skilið í þjóðlífi voru — því miður. Er síst að undra þótt slík ör hafi orðið eftir eldgos, verslunareinokun og önnur ókjör, þegar litið er til þess, hver aðstaða þjóðarinnar var á þeim tímum í baráttunni við örðugleikana.

Ekki ber að skilja þessi ummæli svo, að vjer viljum draga úr því, að allar skynsamlegar ráðstafanir sjeu gerðar til þess að tryggja þjóðina sem best gegn öllu því, sem henni getur orðið til hnekkis á einhvern hátt. Þvert á móti. Vjer viljum leggja áherslu á það, að reynsla fyrri ára sje hagnýtt sem best, að menn læri af henni að varast það, sem orðið getur að tjóni og að komið sje í veg fyrir það í tíma, sem getur haft illar afleiðingar, svo sem með því að byrgja landið með nauðsynjavörum til tryggingar fyrir þeirri hættu, sem stafað getur af samgönguteppu.

Hins vegar verðum vjer að líta svo á, að rangt sje að halda því fram, að sú dýrtíð sje í landinu, að útlit sje fyrir hallæri, nema að því leyti sem stafað gæti af samgöngubanni. Allar vörur, sem framleiddar eru í landinu, eru í afarháu verði, svo háu, að fullkomlega jafnast við þá verðhækkun, sem enn er orðin á aðkeyptum nauðsynjavörum. Af þessu leiðir það, að lítil ástæða er til að fást um dýrtíð meðal þeirra manna, sem eitthvað framleiða, eða hjá þeim, sem eru á framfærslu með þeim. En svo er um langmestan hluta landsbúa. Þessi hópur allur á því að vera undanskilinn öllu dýrtíðarhjalinu. Nokkuð öðru máli er að gegna um þá, sem lifa að eins af vinnulaunum sínum. Búast má við, að þeir hafi ekki alment fengið þá hækkun á verkkaupi, sem eðlileg er og sem vegi á móti verðhækkuninni, og sem ætti að vera samfara hækkun á verði framleiðslunnar. Þó kaup verkamanna hafi víðast á landinu hækkað til muna, þá eru þeir sem lifa af vinnulaunum sínum, enn sem komið er, ver settir en þeir sem framleiða. Þessir menn eru auðvitað margir, en þó mikill minni hluti þjóðarinnar. Hjer er því ekki að ræða um vont árferði alment, heldur að eins misæri.

Einkum er það vinnulýður í kaupstöðum og sjóþorpum, sem harðast verður úti, meðan hann fær ekki þá hækkun á vinnulaunum, sem eðlileg er og nauðsynleg til að halda jafnvægi milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Þessir menn eru því þeir, sem til greina geta komið, þegar gera á dýrtíðarráðstafanir þeim til hjálpar, sem verst eru settir, það er aðrar ráðstafanir en þær, sem miða að því að tryggja alla landsbúa jafnt fyrir þeirri hættu, sem stafað gæti af því, að samgöngur teppist eða viðskifti heftist á einhvern hátt.

Þar sem hjer er ekki að ræða um alment harðæri, heldur að eins misæri, sem kemur niður að eins á nokkrum hluta þjóðarinnar, getum vjer ekki fallist á, að rjett sje að gera dýrtíðarráðstafanir í því formi, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi um almenna dýrtíðarhjálp, sem komið hefir fram í háttvirtri neðri deild og sem tekið hefir verið aftur af flutningsmanni þess. Þar var gert ráð fyrir því, að landssjóður legði beinlínis fram fje til styrkveitingar þeim, sem þurfandi kunna að verða vegna verðhækkunar á vörum, veitti þeim styrk á sama hátt og sveitasjóðir veita fátækum mönnum, sem ekki eru efnalega sjálfbjarga. Sú aðferð er ekki rjettlát, vegna þess, að hún mundi koma mjög misjafnlega niður. Að eins nokkrir hlutar landsins mundu að líkindum þurfa á slíkri hjálp að halda, eftir því sem dæmt verður af útliti nú. Í þessu sambandi má á það benda, að oft hefir áður verið misæri í landi og engum dottið í hug, að landssjóður ætti að jafna allan halla, sem einstakir menn og einstök bygðarlög hafa orðið fyrir af því. Þannig má á það minna, að ekki er langt síðan að búnaður manna á Suðurlandi varð fyrir mjög tilfinnanlegum hnekki vegna illa verkaðs fóðurs og þar af leiðandi óhreysti í búfje. Engum datt þó í hug að landssjóður ætti að leggja mönnum til almennan fátækrastyrk. Þannig mætti lengi telja.

Það sem landssjóður á að gera í þeim kringumstæðum sem nú eru, er það, að leggja fram fje til þess að byrgja af aðfluttum nauðsynjavörum eftir því sem hann getur og eftir því sem vitrir menn álíta að með þurfi til þess að geta mætt því sem að höndum ber. Þessum vörum á ekki að útbýta sem styrk til manna. Landssjóður á að bera sitt upp úr vörunum, að svo miklu leyti sem hægt er. Hitt er sjálfsagt, að á honum lendi það skakkafall, sem af því kann að verða að vörur falla í verði, af vörurýrnun og öðru þess háttar.

Til að reyna að finna aðra heppilegri leið í þessu máli, er frumvarp það fram komið, sem oss hefir verið falið til athugunar. Þar er gert ráð fyrir því, að gefa bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimild til þess að jafna niður sjerstöku gjaldi, sem svo sje varið þeim til bjargar, sem liðsinnis þurfa, vegna hins háa vöruverðs. Oss dylst það ekki, að sanngjarnt er að láta hvert bæjar- og sveitarfjelag hafa tök á því, að hjálpa þeim sem miður mega, án þess að slík hjálp verði að teljast sveitarstyrkur og verði þannig skerðing á heiðri og mannrjettindum þeirra sem þiggja. Það sem oss finst einkum mæla með þessu fyrirkomulagi fram yfir það, að verja fje úr landssjóði til beinnar dýrtíðarhjálpar er það, að á þennan hátt kemur framlagið til hjálparinnar í flestum tilfellum á þá, sem eru vinnuveitendur þeirra, sem hjálparinnar eiga að njóta. Auðvitað eru undantekningar frá þeirri reglu, en við mundi það verða aðalreglan á þeim stöðum, sem nota þyrftu lög í þessa átt. Þetta verður að álítast þýðingarmikið atriði, sem til greina verði að koma við þessar ráðstafanir. Í öllum sveitum og bæjum eru bæði framleiðendur — vinnuveitendur — og vinnuþiggjendur. Framlagið til dýrtíðarhjálparinnar mundi að mjög miklu leyti koma niður á framleiðendunum, enda mundu þeir best þola það undir núverandi kringumstæðum. Þessi aðferð er í fullu samræmi við það, sem áður hefir tíðkast, þegar misæri hefir verið í landi, þó með þeirri endurbót, að sjeð er fyrir því, að hlutaðeigendur verði ekki að láta af hendi mannrjettindi sín fyrir hjálpina. Áður hafa þeir, sem borið hafa skarðan hlut frá borði, vegna misæris, ekki átt annars kost en »fara á sveitina« og taka við öllum þeim óþægindum, sem því fylgja.

Nokkuð sjerstaklega mun standa á hjer í Reykjavík. Svo virðist sem vinnulaun daglaunamanna hafi hækkað minna hjer en víðast annarsstaðar, og að m. k. tæplega á móts við verðhækkun á lífsnauðsynjum. Hjer eru einnig fleiri menn en annarstaðar sem lifa af föstum árslaunum. Þeir menn þola dýrtíðina verst, ef launin eru lág. En hjer í Reykjavík eru líka þeir menn búsettir, sem mestan gróða hafa allra landsmanna af ríkulegum sjávarafla og háu verði á honum.

Vjer höfum leyft oss að koma fram með breytingartillögur á sjerstöku þingskjali við frumvarpið á þingskjali 705. Eru þær svo ljósar, að vjer sjáum ekki ástæðu til að fjölyrða um þær í nefndaráliti. En vjer viljum mæla sem best með því, að frumvarpið verði samþykt með breytingartillögum vorum.

Neðri deild Alþingis, 10. sept. 1915.

Þórarinn Benediktsson, skrifari og framsögum.	Pjetur Jónsson.	Guðm. Hannesson, með fyrirvara.

Nd. **926. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr.

Orðin: »að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í sveitamálum og kaupstaða«, falli burt.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtíðargjaldið. Hefir það lögtaksrjett, sem sveitarútsvör. Það fje, sem inn kemur með þessari niðurjöfnun, skal notað til þess, að sjá þeim fátækum mönnum fyrir atvinnu, sem hennar geta notið, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki, þá til þess, að sjá fátæku fólki fyrir lífsnauðsynjum, matvælum og eldsneyti, með vægu verði eða ókeypis, ef brýn þörf er. Styrkur þessi kallast dýrtíðarstyrkur og nær til allra búsettra manna, sem með þurfa. Má ekki skoða hann sem sveitarstyrk nje skerðing á heiðri eða mannrjettindum.

Ed. **927. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 912, við frumv. til laga um fasteignamat.

Frá nefndinni.

Við 3. lið.

Önnur málsgrein orðist þannig:

En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Nd. **928. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 10. september.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

(Fyrirspurn til ráðherra um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi á þingskjali 767).

Með skírskotun til ályktunar Alþingis 1914 um stofnun útibús á Austurlandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

14. gr. B. I. b.

Ed. **929. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: G. Björnson.

Við 14. gr. B. I. b.

Nýr töluliður bætist inn, sem verði 1. töluliður:

Til kenslu í líffæraameinfræði og sóttkveikjufræði ... ... — 2800.

Ed. **930. Fjáraukalög**

fyrir árin 1912 og 1913.

(Afgreidd frá Nd. 11. september).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1912 og 1913, veitast 165,544 kr. 14 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. fjárlaganna, veitast: 6,195 kr. 98 aur.

Við tölulið 5.	1912	kr.	1,873,75	
	1913	—	4,322,23	kr. 6,195,98

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. fjárlaganna, veitast: 6,150 kr. 26 aur.

Við 3.	Hegningarhúsið í Reykjavík 1912...	kr.	549,62		
	1913	—	258,96	kr.	808,58
Við B. 1. c.	Landshagsskýrslur 1912...	kr.	3,387,22		
	1913	—	1,950,71	—	5,337,93
Við B. 7.	Til lögregluefirlits um síldveiðatímann 1912	—	90,00		
	Þar frá dragast sparaðar 1913	—	86,25	—	3,75
				kr.	6,150,26

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna, veitast: 17,178 kr. 31 eyrir.

Við 7. lið. Holdsveikra spítalinn	1912	kr. 3,961,15		
	1913	— 7,095,01	kr. 11,056,16	
Við 8. lið. Geðveikrahælið á Kleppi	1912	kr. 1,092,35		
	1913	— 5,029,80	— 6,122,15	
				kr. 17,178,31

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna, veitast: 80,552 kr. 89 aur.

A. Póstmál:

Við A. 1. b. 2. Póstafgreiðslum.	1913	kr. 1,060,00		
Frádragast sparaðar	1912	— 240,00	kr. 820,00	
Við A. 2. Póstflutningur... ...	1912	kr. 6,345,65		
	1913	— 11,506,13	— 17,851,78	
Við A. 3. a. Skrifstofukostnaður	1912	kr. 807,03		
	1913	— 865,01	— 1,672,04	
Við A. 3. b. Önnur útgjöld ...	1912	kr. 5,003,51		
	1913	— 1,620,25	— 6,623,76	kr. 26,967,58

B. Vegabætur:

Við B. I. 3. Skrifstofukostnaður	1912	kr. 82,28		
	1913	— 204,61	kr. 286,89	
Við B. II. Flutningabrautir ...	1912	kr. 1,414,13		
sparaðar	1913	— 418,87	— 995,26	
Við B. III. Þjóðvegir	1913	kr. 4,385,97		
sparaðar	1912	— 2,972,08	— 1,413,89	kr. 2,696,04

D. Hraðskeyta- og talsímasamband:

Við D. II. 2. Talsími frá Búðardal	1912		kr. 3,298,40	
Við D. III. 2. 6. 7. 10. og 11. lið	1912	kr. 14,427,92		
	1913	— 7,171,15		
Til starfrækslu bæjarsímans í Rvík	1912	— 8,642,47		
Við D. IV. V. og VI.	1912	— 5,431,70		
	1913	— 6,785,03	— 42,458,27	kr. 45,756,67
E. Símamál	1912	kr. 2,965,65		
	1913	— 2,166,95		— 5,132,60
				kr. 80,552,89

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. fjárlaganna, veitast: 19,955 kr. 97 aur.

Við B. I. f.	Háskólinn	1912...	kr.	1,829,60	
		1913	—	1,350,49	
Við B. I. g.	Háskólinn	1912...	—	4,282,32	
		1913	—	3,699,74	kr. 11,162,15
Við II. e. 5. h. alm. mentaskóli		1912...	kr.	954,25	
		1913	—	1,987,75	— 2,942,00
Við III. b. 2. Gagnfr.skóli Akureyrar		1912...	kr.	572,66	
		1913	—	449,86	
Við III. b. 3.		1912...	—	647,00	
		1913	—	773,00	
Við III. b. 5.		1912...	—	7,82	— 2,450,34
Við IV. b. 3., 4. og 6. Kennaraskólinn		1912	kr.	91,30	
		1913...	—	303,11	— 394,41
Við V. b. 1. Stýrimannaskólinn		1912	kr.	322,50	
		1913...	—	815,00	
— b. 3.		1912	—	116,90	
		1913...	—	61,82	
Við V. b. 4.		1912	—	184,24	
		1913...	—	392,06	— 1,892,52
Við VI. l. Heyrnar- og máll.skóli		1912	kr.	203,57	
		1913...	—	431,98	— 635,55
Við VII. b. Sundkensla utan Reykjavíkur		1912..			kr. 479,00
					kr. 19,955,97

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna, veitast: 3,028 kr. 18 aur.

Við 5. a. og b. Landsbókas.húsið	1912...	kr.	2,038,86	
	1913	—	655,99	
Til salsgæslu-aðstoðar í Landsbókasafninu	... ...	—	333,33	kr. 3,028,18

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. fjárlaganna, veitast: 4,865 kr. 23 aur.

Við 1. lið c. 2. 3. og 6. Bændaskóli á Hólum	1912	kr.	458,72	
	1913	—	743,59	
Við 1. lið 1. d.	1912	—	1,203,27	kr. 2,405,58
Við 2. lið c. 3. og 5. Hvanneyrarskóli	1913			— 986,55
Við 5. lið. Framhaldsrannsókn á járnbrautarsvæði	1913			— 1,004,80
Við 35. lið. Skoðun á prestsetrum	1912	kr.	134,95	
	1913	—	333,35	— 468,30
				kr. 4,865,23

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. fjárlaganna, veitast: 27,617 kr. 32 aur.

Við óviss útgjöld	1912	kr.	5,279,79	
— — —	1913	—	9,838,57	kr. 15,118,36
Til milliþinganefndar í fjármálum landsins				— 4,712,81
Til manntalskostnaðar	1912	kr.	4,591,65	
	1913	—	2,310,00	— 6,901,65
Til endurbóta á gamla skólahúsinu á Hólum				kr. 208,58
Fyrir samningu á frumvarpi um lögaldur				— 263,15
Viðbót við bókaútgáfufje Háskólans 1913				— 112,50
Til áveitu á Meðallandssandana				— 300,00
				kr. 27,617,23

Ed. **931. LÖG**

um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.

(Afgreidd frá Ed. 11. september).

I. Tekjur	Áætlun. Kr. au.	Reikningur. Kr. au
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	100,000,00	112,417,84
2. Húsaskattur	26,000,00	28,462,15
3. Tekjuskattur	60,000,00	69,260,00
4. Áukatekjur	110,000,00	152,989,17
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	11,012,52
6. Vitagjald	60,000,00	116,399,79
7. Leyfisbrjefagjöld	12,000,00	15,133,89
8. Útflutningsgjald	300,000,00	324,873,44
9. Áfengistollur	330,000,00	467,527,72
10. Tóbakstollur	320,000,00	429,809,71
11. Kaffi- og sykurtollur	760,000,00	978,918,96
12. Annað aðflutningsgjald	40,000,00	71,520,50
13. Árgjöld af verslun og veitingu áfengra drykkja	18,000,00	22,700,00
14. Pósttekjur	190,000,00	316,836,58
15. Símatekjur	205,000,00	343,778,14
16. Tekjur af Íslandsbanka	24,000,00	24,126,99
17. Óvissar tekjur	20,000,00	133,822,45
18. Tekjur af jarðeignum landsjóðs	36,000,00	40,700,45
19. Tekjur af kirkjum	200,00	356,41
20. Tekjur af silfurbergsnámunum	4000,00	7,884,22
21. Tekjur af ræktunarsjóði		19,751,14
22. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	106,000,00	118,654,36
23. Tekjur af seðlaláni Landsbankans	15,000,00	15,000,00
24. Leigur af innstæðu í bönkum	16,000,00	13,507,57
25. Greitt frá prestaköllum	4,000.00	5,093,87
26. Endurgreiðsla á skyndilánum embættismanna	1,200,00	2,578,21
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	36,237,77
28. Greitt úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
29. Vörutollur		373,583,14
30. Tekjur af láninu 1909		56,756,50
31. Lán eftir lögum nr. 20, 1911, og nr. 14, 1909		750,000,00
Samtals	2,887,400,00	5,179,693,49

II. Útgjöld:	Fjárveiting. Kr. a.	Reikningur. Kr. a.
1. Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum landsjóðs	99,633,34	304,437,39
2. Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins	101,000,00	111,173,07
3. Kostnaður við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	62,400,00	121,622,81
4. Til útgjalda við dómgæslu og lögreglustjórn:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	173,000,00	176,284,57
B. Ýmisleg útgjöld	52,300,00	86,012,71
5. Til útgjalda við læknaskipunina.	333,880,00	336,286,28
6. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	217,800,00	244,625,41
B. Til vegabóta	315,500,00	315,076,26
C. Til gufuskipaferða	212,300,00	210,300,00
D. Til ritsíma og talsíma	313,900,00	402,871,77
E. Til vita	93,950,00	91,966,15
7. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	116,700,00	137,475,11
B. Til kenslumála	470,440,00	482,233,63
8. Til vísinda og bókmenta	162,740,00	162,270,11
9. Til verklegra fyrirtækja.	348,394,00	432,629,96
10. Til skyndilána og lögboðinna fyrirframgreiðslna ...	5,200,00	40,325,10
11. Til eftirlauna og styrktarfjár	158,400,00	126,111,69
12. Óviss útgjöld	6,000,00	21,118,36
13. Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum o. fl.		267,877,12
14. Útgjöld viðlagasjóðs		50,772,81
15. Til jafnaðar móti lántökum landsjóðs		250,000,00
16. Við útgjöldin bætast		16,339,55
Áætlaður tekjuhalli var	446,167,34	
En tekjuafgangur varð	... ...	791,883,63
Samtals	3,689,704,68	5,179,693,49

Sþ. **932. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 112,119 kr. 85 aurar til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:

Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.
— B. 6. Af þessu fje skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 40,084 kr. 71 e.:

Við 11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	38,000,00
— 12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
	Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
		Kr.	40,084,71

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 54,774 kr. 87 a.:

Við A. 3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins.. ...	kr.	1500,00
Við B. I. 1. c.	Viðbót við skrifstofukostnað	—	13,04
— - II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^2/_3$ hlutar kostnaðar	—	449,56
— - III.	Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
— - XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^1/_3$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
— D.	Til ýmsra endurbóta	—	28,712,27
— E. II. 15. c.	Stjórninni veitist heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin.		
— E.	Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
	Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey...	—	3,000,00
		Kr.	54,774,87

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 4,450 kr.:

	Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum	kr.	500,00
Við A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku.	—	600,00
—	B. I. a. Laun háskólakennara.	—	2,350,00
—	B. I. d. 1. Til bókakaupa	—	500,00
—	B. V. Til vjelstjóraskóla	—	500,00
		Kr.	4,450,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar		—	4,000,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,300 kr.:

Við 8. d.	Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915	kr.	200,00
Nýr liður.	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914.	—	800,00
	Til Fossvallasmjörbús	—	300,00
		Kr.	1,300,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. .. .. kr. 6,181,11

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að kr. 1000,00.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1912,54

frá 1. janúar 1914 að telja, og greiðist honum auk þess, í eitt skifti fyrir öll, 1200 kr. uppbót úr landssjóði.

Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.

Nd. **933. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá Sveini Björnssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Þær bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem, með heimild í lögum þessum, jafna niður og ráðstafa dýrtíðargjaldi, eiga rjett á að fá greiddan úr landssjóði $^1/_3$ hluta af upphæð þeirri, er notuð hefir verið til dýrtíðarráðstafana, þó aldrei hærri fjárhæð á einu ári en sem svari 3 krónum á hvern íbúa bæjarfjelagsins eða hreppsfjelagsins.

Nd. **934. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 11. september.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

(Frumvarp til laga um stimpilgjald á þingskjali 648).

Í trausti til þess, að stjórnin taki mál þetta til rækilegrar yfirvegunar og undirbúi og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um stimpilgjald, sjerstaklega lágt stimpilgjald af víxlum, ávísunum og kvittunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **935. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Þar sem við höfum eigi tíma til að rökræða þetta mál við meiri hlutann í áliti þessu, látum við okkur nægja að ráða deildinni til að fella þetta óþarfa frumvarp.

Alþingi 11. sept. 1915.

Bjarni Jónsson, frá Vogi. Eggert Pálsson, form.

Nd. **936. Frumvarp**

til laga um þjóðskjalasafn Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skal í því geymast Landsskjalasafnið, sem nú er, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **937. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir eina umr. í Ed.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá öðlast gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki, fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá eldri. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni, meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir, að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúarm. og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlímán. næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett, þegar kjörskráin öðlast gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er lögð fram, skal auglýsa hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern, næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var lögð fram, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri, og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann á kjörskrá, þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/3 hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óska þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir núgildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá frammi, sje um reglulega kosningu að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði, sem þeir eru margir, er kjósa skal, og má hann þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggja eða fleiri, eftir því hve marga þarf að kjósa.

2. gr.

Áður en kosning byrjar, skal kjörstjórn hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá	Atkvæði

lokaðan atkvæðakassa með rifu á lokinu og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn þeirra manna á kjörskránni, sem kjörgengir eru skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

3. gr.

Í húsinu, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörherberginu. Sje þess eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Í herberginu, eða hinu tjaldaða horni, skal vera lítið borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota fyrir kjósendur.

4. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann (afherbergið), eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskránni, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandinn fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra, framan við strikið á kjörseðlinum og fyrir aftan það í sömu línu, hve mörg atkvæði sín hann ætlar hverjum þeirra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess að enginn sjái hvað á seðlinum er.

5. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur og má ekki láta hann í atkvæðakassann. Einnig er kjörseðill ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.

Ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar geti ekki framkvæmt kosninguna á fyrirskipaðan hátt, þá skal maður úr kjörstjórninni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

6. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar síns.

Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, skal atkvæðagreiðslu lokið; þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

7. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, eftir að hafa hrist hann rækilega; tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp tölurna eða tölurnar, sem á honum standa, og rjettir hann svo meðkjörstjórunum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **942. Tillaga**

til þingsályktunar um mæli og vog.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um rjettingu (löggildingu) og mótmerkingu (Justering) á mæli og vog, og um rannsókn á og eftirlit með mæli og vog í landinu.

Nd. **943. Frumvarp**

til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum:
Nr. 16, 4. nóvember 1881,
— 10, 13. apríl 1894,
— 8, 6. mars 1896,
— 11, 31. júlí 1907 og
— 31, 22. október 1912
skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum, svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (Cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, síld, smjöri, ull, saltkjöti, kindargærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæti, og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	A	hverjum	100	kg	af	fullverkuðum	þorski	...	...	...	...	...	kr.	58,00
2.	»	»	100	»	»	»	smáfiski	...	...	...	...		—	52,00
3.	»	»	100	»	»	fullverkaðri	ýsu	...	...	...	...	...	—	46,00
4.	»	»	100	»	»	»	löngu	...	...	...	...	...	—	55,00
5.	»	»	100	»	»	»	keilu	...	..	...	...	...	—	37,00

6.	Á hverjum 100 » » fullverkuðum upsa	—	30,00
7.	» » 100 » » » Labradorfiski	—	36,00
8.	» » 100 » » » harðfiski...	—	72,00
9.	» » 100 » » » blautfiski í ís eða frystu	—	20,00
10.	Á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.		
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af síld	—	20,00
12.	» » » (105 kg) af meðalalýsi	—	70,00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi	—	30,00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti...	—	78,00
15.	» hverju kg af þveginni, hvítri vorull	—	2,00
16.	» » » » annari ull	—	1,30
17.	» » » » á hverju kg. af smjöri	—	2,00
18.	A hverju kg af sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum)	—	1,00
19.	Á hverju selskinni	—	5,00
20.	» sauðkindum á fæti, hvert kg í lifandi þyngd á	—	0,40
21.	» hverju hrossi	—	120,00

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins. Skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings. er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt, eða til umskipunar í annari höfn innanlands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2%. Skal gjaldið greiðast í peningum, eða í ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir á stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.) er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit, eða staðfest endurrit, af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann og skyldur til, að gefa skriflegt vottorð, að viðlagðri æru og samvisku, um vörumagnið, og ef varan er þegar seld, um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sje sagt til vörutegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt frá höfn.

Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld, eða sá er sendir veit ekki söluverðið, eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörutegundum samtímis, og þó eigi lægra. Geti sá er gjaldið greiðir, innan 6 mánaða sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það, er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Nú hefir útflytjandi keypt af framleiðanda og selt aftur, eina eða fleiri af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í 3. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim frá framleiðanda, og á útflytjandi þá rjett á að draga frá kaupverðinu verðhækkunartoll þann, sem lög þessi gera ráð fyrir, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir. Ef um fob sölu er að ræða gilda sömu reglur, sem um annað útflutningsgjald, ef ekki er öðru vísi um samið.

8. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nóv. 1914.

9. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda til jafnlengdar 1917.

16. gr. 20.

Ed. **944. Breytingartillaga**

við 18. breytingartillögu á þingskj. 924.

Frá fjárlaganefndinni.

Liðurinn orðist svo:

Til Eggerts Kristjánssonar á Sauðárkrók til þess að vinna að fjelagsstofnun til skinnasútunar á Norðurlandi 200—.....

Ed. **945. LÖG**

um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóvember 1913.

(Afgreidd frá Nd. 11. september).

1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum veitast úr landssjóði alt að 90,000

— níutíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega, þó ekki fyr en á árinu 1916.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 270,000 — tvö hundruð og sjötíu þúsund — króna lán, er sýslunefnd Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. og 2. grein í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar nr. 60, 10. nóv. 1913.

Nd. **946. Frumvarp**

til laga um fasteignamat.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær

sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara, og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef að fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema legið hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár undir aðra jörð.

5. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, og mannvirki þau og umbætur, er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú og mannvirki, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

7. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa í fám orðum, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Þegar mat fer fram í fyrsta sinn, skal tilgreina landamerki í matsgjörðinni.

9. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsa kann

að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir.

10. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri, er að framan getur.

11. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun af nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

12. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

13. gr.

Fasteignamat og yfirmat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma

fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á fasteignina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirmatsnefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

15. gr.

Yfirmatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

16. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefnda, lætur landsstjórnin semja fasteignabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

17. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $^1/_{10}$ eða meira.

18. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Ed. 947. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frumvarpið hefir enn tekið miklum breytingum í háttvirtri neðri deild og getur fjárlaganefndin ekki verið samþykk þeim öllum. Leyfir hún sjer því

að gera nokkrar breytingartillögur á sjerstöku þingskjali. Viðvíkjandi þeim vill nefndin gera þessar athugasemdir.

12. gr.

Nefndin getur ekki verið samdóma háttvirtri neðri deild um að leyfa að fresta miðstöðvarhituninni í holdsveikraspítalanum. Þetta verk hefir þegar dregist alt of lengi, og þar sem hjer er um mannúðarverk að ræða, lítur nefndin svo á, að hjer hafi háttvirt neðri deild ráðist á garðinn, þar sem hann var lægstur.

Þá getur nefndin enn eigi fallist á, að rjett sje að styrkja hinn margumrædda fábjána. Veldur því eigi fjárhæð styrksins, sem er smáræði eitt, heldur hitt, að yrði styrkur þessi veittur, þá væri óhjákvæmilegt að styrkja í framtíðinni fjölda af slíku fólki.

13. gr. B.

Nefndin getur ekki gengið lengra í fjárveitingum til vegagerða en fjárlaganefnd neðri deildar hefir gert, en við hennar tillögur vill hún una. Leggur hún því til, að í burtu falli fjárveitingarnar til Öxnadalsvegarins og Jökulsárbrúarinnar. Annars vísar nefndin til fyrri ástæða í nefndaráliti og framsögu.

13. gr. D.

Samkvæmt tilmælum þm. Barðstrendinga og þm. Dalamanna og álitsskjali landssímastjórans, vill nefndin láta það álit sitt í ljósi, að hún telur sjálfsagt, að um leið og símalínan frá Búðardal til Gilsfjarðar verður lögð, þá verði einnig lögð símalína yfir fjörðinn að Króksfjarðarnesi. Þó það hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sjer, þá er auðsætt að hagur yrði meiri af Króksfjarðarneslínunni en ýmsum öðrum símalínum, og því ástæða til að flýta henni sem mest.

14. gr. B.

Nefndin getur enn eigi fallist á hækkun launa Sigurðar dócents Sivertsen. Er það bæði af þeim ástæðum, sem áður eru teknar fram í fyrra nefndaráliti, og þó eigi síður af hinu, að hjer er um tiltölulega nýtt embætti að ræða, og þar sem launanefndin nú starfar að því að rannsaka launakjör allra embættismanna, þá finst nefndinni mjög svo varhugavert að þingið fari að svo komnu að hækka laun einstakra embættismanna við háskólann.

Um 8. og 9. breytingartillögu vísast til fyrra nefndaráláts, því nefndin heldur fast við skoðanir þær, sem áður eru látnar í ljósi í þessu efni.

15. gr.

Nefndin telur ekki rjett að veita fje sjerstaklega til þess að semja skýrslu um Þjóðmenjasafnið. Álítur nefndin að þetta heyri undir starf fornmenjavarðarins, einkum þar sem hann nú fær allríflega launahækkun. Vill hún því halda fast við að styrknum sje varið til þess að gefa út skýrslurnar eins og staðið hefir í frumvarpinu.

Nefndin heldur fast við fyrra álit sitt um aðgerð á Þingvöllum. Styrktist nefndin enn meir í skoðun sinni eftir að hún hafi átt tal við fornmenjavörðinn, og hann gefið nefndinni ýmsar skýringar, er nánar mun getið í framsögunni.

Það mun hafa verið mestmegnis af misskilningi að háttv. neðri deild lækkaði styrkinn til Hjartar Þorsteinssonar. Mun það hafa verið gert til samræmis við styrk til Steingríms Jónssonar, en þess ber að gæta að styrkur Hjartar er hafður svo hár vegna þess að hann hefir eigi fengið styrk fyr, en verður nú styrkþurfi 15 síðustu mánuði námsins.

16. gr.

Sökum meðmælabrjefs skógræktarstjóra, er fylgir launahækkunarbeiðni Einars Sæmundsens, getur nefndin ekki fallist á að hækka laun hans.

Nefndin vill halda fast við það, að veittar sje 5000 kr. til vatnsleitar í Vestmannaeyjum, en þykir rjett að láta athugasemdina við liðinn standa, þar sem gert er ráð fyrir að leitin muni kosta alt að 7000 kr.

Fyrir flestum af breytingartillögum þeim, sem eigi er gerð grein fyrir í þessu nefndaráliti eru áður færðar ástæður.

Alþingi 11. sept. 1915.

Karl Einarsson, formaður.	Magnús Pjetursson, skrifari og framsm.
Björn Þorláksson.	Sigurður Stefánsson.

Jósef Björnsson.

14. gr. XVII.b.

Ed. **948. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 14. gr. XVII. b.

Liðurinn orðist svo:

Laun Páls Erlingssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í a og til Erlings Pálssonar fyrir að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund. ..... 1200—1200.

21. gr. 2.

Ed. **949. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 21. gr. 2.

Á eftir 2. lið komi nýr liður svolátandi:

Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

21. gr. 6.

Ed. **950. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 21 gr. 6.

Aftan við 6. lið komi nýr liður svolátandi:

Úr viðlagasjóði má lána Samúel Eggertssyni kennara í Reykjavík 2000 kr. til að fullgera Íslandskort, gegn tryggingu, sem landstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed. **951. Fyrirspurn**

til ráðherra um áfengisbyrgðir landssjóðs.

Flutningsmaður: Karl Finnbogason.

Hversu mikið áfengi á landssjóður nú, hvar er það geymt, hvers virði er það, og hvaða ráðstafanir hefir stjórnin gert, til að koma því í verð?

Nd. **952. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um þjóðskjalasafn Íslands.

Háttvirt efri deild hefir gert smávægilegar orðabreytingar á frumvarpi þessu.

Breytingar þessar álítum vjer frekar til bóta, og ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 11. sept. 1915.

H. Hafstein, formaður. Matth. Ólafsson, skrifari.

Guðm. Hannesson.

15. gr. 16.

Ed. **953. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr.

Á eftir 16. tölulið komi nýr liður, sem verður 17. töluliður:

Til heildar-útgáfu af ritum Hallgríms Pjeturssonar alt að ... ... — 1500

Nd. **954. Frumvarp**

til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan hið óeðlilega háa verð er á vörum vegna Norðurálfuófriðarins, heimilast bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að jafna niður dýrtíðargjaldi einu sinni á ári, ef brýn þörf er, á alla þá menn í kaupstaðnum eða hreppnum, sem að áliti bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eru svo efnum búnir og hafa svo góðar ástæður, að þeir þurfa alls ekki á dýrtíðarhjálp að halda. Niðurjöfnunargjald þetta skal lagt á menn eftir efnum og ástæðum eins og aukaútsvar.

2. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtíðargjaldið. Hefir það lögtaksrjett, sem sveitarútsvör. Það fje, sem inn kemur með þessari niðurjöfnun, skal notað til þess, að sjá þeim fátækum mönnum fyrir atvinnu, sem hennar geta notið, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki, þá til þess, að sjá fátæku fólki fyrir lífsnauðsynjum, matvælum og eldsneyti, með vægu verði eða ókeypis, ef brýn þörf er. Styrkur þessi kallast dýrtíðarstyrkur og nær til allra búsettra manna, sem með þurfa. Má ekki skoða hann sem sveitarstyrk nje skerðingu á heiðri eða mannrjettindum.

3. gr.

Með kærur út af niðurjöfnun dýrtíðargjaldsins, eftir lögum þessum, skal farið eins og kærur út af niðurjöfnun sveitarútsvara samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Heimildarlög þessi gilda til næsta reglulegs þings.

Ed. **955. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag.

Við lífsábyrgð er áhættan mjög mismunandi, eigi að eins eftir aldri og kyni — sú áhætta jafnast upp við mismunandi iðgjöld — heldur og eftir mismunandi heilsufari, mismunandi atvinnu og fleiru, sem erfitt er eða ómögulegt að jafna upp með mismunandi iðgjöldum. Þar verður því eitt að jafna annað upp, en til þess er nauðsynlegt að fjöldi tryggínganna sje mikill, en í voru fámenna landi er mjög tvísýnt, að sá fjöldi gæti orðið nægur. Enn fremur er þess að gæta að stjórn lífsábyrgðarfjelags er tiltölulega mikið dýrari en til dæmis stjórn brunabótafjelags, því að í henni þurfa að vera menn, sem sjerstaka þekkingu hafa, og kostnaðurinn við stjórnina tekur upp miklu meiri hlut iðgjaldanna í fámennu fjelagi en fjölmennu. Þörfin fyrir að koma á innlendu lífsábyrgðarfjelagi er og miklu minni en t. d. innlendu brunabótafjelagi, af því að lífsábyrgðir geta hjerlendir menn keypt í útlendum lífsábyrgðarfjelögum með sömu kostum sem þarlendir menn. Að iðgjöldin gangi við það út úr landinu er eigi neitt ísjárvert, ef það sem fyrir þau fæst, er meira vert og fæst eigi eins ódýrt á annan hátt.

Af þessum ástæðum er nefndin öll á einu máli um það, að eigi sje ástæða til að skora á stjórnina skilyrðislaust að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi lög um lands-lífsábyrgðarfjelag, og að því er slysa-ábyrgðarfjelag snertir, þá vanta allar upplýsingar um slysahættu hjer á landi, og af fjárhagslegum ástæðum þykir

nefndinni ísjárvert að verja miklu fje til ítarlegra rannsókna um þetta mál og leggur því til að málinu sje ráðið til lykta með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti að stjórnin afli upplýsinga um málið og leggi þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara vill nefndin gera þá breytingartillögu við þingsályktunartillöguna, að fyrir orðin: »lög um landslífsábyrgðarfjelag og ef fært þykir« komi: ef fært þykir lög um landslífsábyrgðarfjelag og.

Efri deild Alþingis, 11. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, skrifari og framsm. Eiríkur Briem, form.

Jón Þorkelsson. Karl Finnbogason.

Guðm. Ólafsson.

Ed. **956. Frumvarp**

til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum:
Nr. 16, 4. nóvember 1881,
— 10, 13. apríl 1894,
— 8, 6. mars 1806,
— 11, 31. júlí 1907 og
— 31, 22. október 1912
skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum, svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (Cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, síld, smjöri, ull, saltkjöti, kindar-

gærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæti, og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	Á hverjum 100 kg af fullverkuðum þorski	kr. 58,00
2.	» » 100 » » » smáfiski	— 52,00
3.	» » 100 » » fullverkaðri ýsu	— 46,00
4.	» » 100 » » » löngu	— 55,00
5.	» » 100 » » » keilu	— 37,00
6.	» » 100 » » fullverkuðum upsa	— 30,00
7.	» » 100 » » » Labradorfiski...	— 36,00
8.	» » 100 » » » harðfiski	— 72,00
9.	» » 100 » » » blautfiski í ís eða frystu ...	— 20,00
10.	Á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.	
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af síld	— 20,00
12.	» » » (105 kg) af meðalalýsi	— 70,00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi	— 30,00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti	— 78,00
15.	» hverju kg af þveginni, hvítri vorull	— 2,00
16.	» » » » annari ull	— 1,30
17.	» » » » smjöri	— 2,00
18.	» » » » sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum)	— 1,00
19.	Á hverju selskinni	— 5,00
20.	» sauðkindum á fæti, hvert kg í lifandi þyngd á	— 0,40
21.	» hverju hrossi	— 120,00

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins. Skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings, er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt, eða til umskipunar í annari höfn innanlands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2%. Skal gjaldið greiðast í peningum, eða í ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir á stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.), er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit, eða staðfest endurrit, af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann og skyldur til, að gefa skriflegt vottorð, að viðlagðri æru og samvisku, um vörumagnið, og ef varan er þegar seld, um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sje sagt til vörutegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt frá höfn.

Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld, eða sá

er sendir, veit ekki söluverðið, eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörutegundum samtímis, og þó eigi lægra. Geti sá, er gjaldið greiðir, innan 6 mánaða, sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það, er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Nú hefir útflytjandi keypt af framleiðanda og selt aftur, eina eða fleiri af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í 3. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim frá framleiðanda, og á útflytjandi þá rjett á að draga frá kaupverðinu verðhækkunartoll þann, sem lög þessi gera ráð fyrir, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir. Ef um fob sölu er að ræða gilda sömu reglur, sem um annað útflutningsgjald, ef ekki er öðru vísi um samið.

8. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nóv. 1914.

9. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda til jafnlengdar 1917.

13. gr. B. IX.

Ed. **957. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917 (þingskj. 908).

Frá Guðm. Ólafssyni.

Við 13. gr. B. IX.

Liðurinn orðist svo:

Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... ... 800—.....
Þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.

16. gr. 29.

Ed. **958. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Einarssyni.

Við 16. gr. 29.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:

Til hafnarsjóðs Vestmannaeyja til endurgjalds útlögðum kostnaði við rannsókn á hafnarstæði og undirbúning hafnargerðar ... ... 2,305,64 — .....

Nd. **959. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana

Frá Sveini Björnssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Þær bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem, með heimild í lögum þessum, jafna niður og ráðstafa dýrtíðargjaldi, eiga rjett á að fá greiddan úr landssjóði $^1/_3$ hluta af upphæð þeirri, er notuð hefir verið til dýrtíðarráðstafana, þó aldrei hærri fjárhæð á einu ári en sem svari 2 krónum á hvern íbúa bæjarfjelagsins eða hreppsfjelagsins.

Nd. **960. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 11. september.

Flutningsmaður: Pjetur Jónsson.

(Frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum á þgskj. 669).

Í því trausti að landsstjórnin taki til rækilegrar meðferðar skattamál landsins, og leggi tillögur um umbót á sattalöggjöfinni fyrir næsta reglulegt þing, þar á meðal frumvarp til laga um tekjuskatt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **961. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 2. gr.

Aftan við greinina bætist:

Slíkan styrk fá þó ekki þeir, sem eru í sveitarskuld, að öðru leyti en því, að þeim skal sjeð fyrir atvinnu, eftir því sem kostur er, eins og öðrum fátækum mönnum.

Ed. **962. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um þingsköp Alþingis.

Frá Karli Einarssyni.

Síðasta málsgrein 32. greinar falli burt.

15. gr. 19.

Ed. **963. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. 19.

Athugasemdin falli burt.

Nd. **964. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Háttvirt efri deild hefir gert þá eina breytingu á frumvarpinu, ákvæðum um stundarsakir, að hinar hlutbundnu kosningar til Alþingis að ári skuli fara fram 5. ágúst í stað 1. júlí og kjördæmakosningarnar 1. vetrardag í stað 9. sept-

ember. Það er álitamál, hvort heppilegra er. Vjer teljum rjett að fallast á þessa breytingu háttvirtrar efri deildar og ráðum því háttvirtri neðri deild að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 12. september 1915.

H. Hafstein. Jón Magnússon, skrifari og frmsm.

G. Eggerz. Guðm. Hannesson. Skúli Thoroddsen, formaður.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.

Nd. **965. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðursýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Fylgiskjal.

Ráðherra Íslands!

Ísafirði, 12. sept. 1915.

Á jörðinni Höfn Hornvík hefir verið rekin sveitaverslun yfir 20 ár, þar er skipalagi sæmilegt og má þar með nokkrum kostnaði verða ágæt sumarhöfn fyrir síldveiði og fiskiveiðar sem mjög er stunduð á því svæði. Verið er að stofna fjelag til slíks veiðiskapar frá nefndri höfn. Með því það getur orðið til stórskaða fyrir landssjóð og einstaka menn að löggilding dragist til næsta þings, óska jeg að löggildingin verði afgreidd frá þessu þingi. Eigandi jarðarinnar er sýslumaður Magnús Torfason.

(Símskeyti frá sýslumanninum í Ísafj.sýslu).

Ed. **966. LÖG**

um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 13. september).

I. Þingskipun.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elsti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans. **Þingsetning. Prófun kjörbrjefa og kjörgengis og ályktun um það.**

Til þess að prófa kjörbrjef og kosningu nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sje nema einn, ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbrjef þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbrjef þau, er hún tekur við og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sjer framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um. (Stjsk. 1915 § 16).

Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 35. og 37. gr.

2. gr.

Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna að kosning hans sje gild (Stjsk. 1874, § 30). **Eiður þingmanna.**

3. gr.

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og gengst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara. **Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.**

Rjett kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur eigi neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).

4. gr.

Kjörbrjefa-nefnd.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbrjef, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefir frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn eftir reglum um nefndarkosningar (17. og 48. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.). Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbrjefadeildanna í 1. gr.

5. gr.

Hvenær kosninga-kæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosningu. Rjettindi þingmanns áður en kosning hans og kjörgengi er tekið gilt.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbrjef hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sjer að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því að eins, að kært sje yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því að eins tekin til greina, að hún sje frá kjósendum þingmannsins, einum eða fleirum, og komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eftir kosninguna.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefir sjerhver þingmaður fullan þingmannsrjett. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, uns það mál er útkljáð, og kosning hans og kjörgengi viðurkent.

6. gr.

Kosning til efri deildar.

Eftir kosningar þær, sem talað er um í 3. og 4. gr., skal kjósa 8 alþingismenn kjördæmakosna til efri deildar eftir reglunum um nefndarkosningar (Stjsk. 1915, § 8).

7. gr.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um samskonar kosningu í sameinuðu þingi.

Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annara en forseta og skrifara.

8. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið. (Stjsk. 1915, § 8). **Hve lengi kosningar eftir 2.—3. og 6.—7. gr. gildi o. fl.**

Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði $^2/_3$ þingmanna eða deildarmanna.

9. gr.

Nú deyr efri deildar þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, og annar maður er kosinn í hans stað, þá skal kjósa 1 mann til efri deildar með þeim hætti, er segir í 6. gr. **Sæti kjördæmakosins þingmanns losnar.**

10. gr.

Aldursforseti, bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefir, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rjett og skyldur sem forseti. **Rjettur og skylda aldursforseta.**

11. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. **Verksvið forseta.**

Forsetar Alþingis ráða í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, til 6 ára í senn, og skal hann hafa að launum 2400 kr. á ári. Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og gera tillögur um það. Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistíðindanna, lesa prófarkir af þeim, ráða útsölumenn þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um að alt sje í lagi í þinghúsinu þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbrjef handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

12. gr.

Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað. **Rjettur og skylda varaforseta.**

13. gr.

Nú er hvorki forseti nje varaforseti búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í **Millipingaforseti.**

Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosningu.

14. gr.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sjer gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir sjeu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skifta skrifarar milli sín eftir samkomulagi við forseta.

15. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 12. og 14. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II. Nefndir.

16. gr.

Nefndaskipan.

Hver þingdeild skal skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir, og skal það gert á 2. þingfundi hvorrar deildar:

1) Fjárhagsnefnd,
2) Fjárveitinganefnd,
3) Samgöngumálanefnd,
4) Landbúnaðarnefnd,
5) Sjávarútvegsnefnd,
6) Mentamálanefnd,
7) Allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skift í þessar nefndir, og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur, og eigi fleiri en 5 í neinni nefndinni. Fjárveitinganefndin í neðri deild skal þó jafnan vera 7 manna nefnd og í efri deild 5 manna nefnd.

Hver fastanefnd kýs sjer formann og fundarskrifara.

Formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefndin skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannabýtti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um að mannabýttin komist á, þó svo að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir þingið eru lögð og þörf þykir að nefnd íhugi, og skal þá vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sjer formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls. Enginn fastanefndarmaður er skyldur að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess.

Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu.

17. gr.

Kosning nefnda.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og að eins hjer telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2 er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 48. gr.).

18. gr.

Formaður og skrifari nefndar. Nefndarálit.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin lætur uppi álit sitt og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III. Þingmál.

19. gr.

Hvenær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

20. gr.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (Stjsk. 1874 § 27).

21. gr.

1. umræða.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

22. gr.

2. umræða. Breytingartillögur.

Önnur umræða fer eigi fram fyr en tveim nóttum eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

23. gr.

3. umræða Breytingartillögur.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyr en tveim nóttum eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

24. gr.

Frumvarp sendist hinni deildinni og síðan ráðherra.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (Stjsk. 1903 § 9) og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

25. gr.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

Ef deildin breytir aftur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (Stjsk. 1903 § 9). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sje því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (Stjsk. 1903 § 9) og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

26. gr.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aftur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjsk. 1903 § 9).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

27. gr.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira. Um breytingu á stjórnarskránni.

Lagafrumvarp, er felur í sjer tillögu um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sjer tillögu um breytingu á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sje hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

28. gr.

Feld frumvörp.

Lagafrumvarp, er önnurhvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

29. gr.

Þingsályktunartillögur.

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minsta kosti 1 nótt síðar, ályktar deildin eða þingið eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (23. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hjer á undan í grein þessari. Sje henni breytt þar, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr landssjóði, skal jafnan bera upp í báðum deildum, og hafa tvær umræður um þær.

30. gr.

Ávarp.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi, og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

31. gr.

Fyrirspurnir.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (Stjsk. 1874 § 37), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sje forseta, og skal prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi, jafnframt því að forseti skýrir frá henni. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

32. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er. Breytingartillögur.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Ef fjárveitinganefnd í einu hljóði, með nafnakalli, sem bókað sje í fundabók nefndarinnar, mælir í móti einhverri fjárveitingu, þarf $^2/_3$ greiddra atkvæða til þess að fjárveitingin nái fram að ganga.

IV. Fundarsköp.

33. gr.

Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unt er, og metur hann nauðsynina. Fundarsetning o. fl.

Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki.

Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.). Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borist eða útbýtt hefir verið. Þá er gengið til dagskrár.

34. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu. Þingmaður tekur til máls.

35. gr.

Hve oft þingmaður má taka til máls við umræðu.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sje tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæslu þingskapa, og til þess að bera af sjer sakir.

Ráðherra eða umboðsmaður hans mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa.

36. gr.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiftist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrjetting eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

37. gr.

Krafa um að umræður hætti.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sje hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að greidd sjeu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

38. gr.

Upplestur.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

39. gr.

Þingmenn gæti reglu.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sje góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlje á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

40. gr.

Afturköllun.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

41. gr.

Máli vísað til ráðherra.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (Stjsk. 1903 § 12).

42. gr.

Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sje vísað frá eða frestað um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa. Heimilt er og þingmanni að krefjast þess að gengið sje til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því að eins gert, ef $^2/_3$ fundarmanna eru því samþykkir. **Einföld dagskrá.**

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. **Rökstudd dagskrá.**

43. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eftir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. **Dagskrá.**

Ef þá er farið fram á, að mál sje látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sje farið fram á, að mál sje tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sje hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 54. gr.

44. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði (Stjsk. 1903 § 11). **Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.**

Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (53. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

45. gr.

Skifting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skift og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls, áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sje skift, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á að skifta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 32. gr.). Þó þarf ekki að koma fram með þá tillögu fyr en á þeim fundi, er atkvæðagreiðslan á að fara fram.

46. gr.

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir sjeu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sje út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.—26. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður rjettir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eftir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sje hvorki samþykt nje felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

47. gr.

Afl atkvæða.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).

En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.

48. gr.

Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning), ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess. **Kosning óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.**

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sjer saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eftir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B, o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B, o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

49. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafist þess, að öllum utanþingsmönnum sje vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert, og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum. (Stjsk. 1874 § 40). **Fundir í heyranda hljóði.**

50. gr.

Áheyrendur. Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á, að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

V. Ýmisleg ákvæði.

51. gr.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns. Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings (Stjsk. 1874 § 38).

52. gr.

Alþingistíðindi. Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Í Alþingistíðindunum má ekkert undanfella, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrjetta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sje óhjákvæmileg þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrjetting.

53. gr.

Þingsafglöpun og þingvíti. Ef þingmaður talar óvirðulega um konunginn eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum, eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: »Þetta er vítavert«, og nefna þau ummæli, sem hann vítir. Nú er þingmaður vittur tvisvar á sama fundi og má þá forseti með samþykki fundarins svifta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

Ef þingmaður er fjarstaddur í leyfisleysi, þegar til atkvæða er gengið, eða neitar að greiða atkvæði við nafnakall, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag. Sama þingvíti liggur við broti á fyrirmælum 39. gr.

54. gr.

Afbrigði frá þingsköpum. Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi, má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða um-

boðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi 10. nóvbr. 1905.

15. gr. 1. k.

Ed. **967. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Fjárlaganefndinni.

Við 15. gr. 1. k.

Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir:

l.	Endurgreiðsla fyrir keypta bókaskápa og útborgaða húsaleigu fyrir árin 1914 og 1915...	912,50—	.....
m.	Húsaleiga 1915 og 1916	180,00—	180,00

Ed. **968. LÖG**

um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

(Afgreidd frá Ed. 13. september).

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast, að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess, að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislínuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur, til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá löggjafarvaldinu og það vill veita leyfið.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnsandi, en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járni (í stöngum, bútum, þynnum eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Sþ. **969. Nefndarálit**

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Við eina umræðu í efri deild hefir frumvarpið tekið þeirri breytingu:

1. Að 2 upphæðum, hverri á 500 kr. hefir verið bætt inn í 6. gr., og verður ekki á móti þeim fjárveitingum haft.
2. Að athugasemd um endurborgun á vörutolli til Sláturfjelags Suðurlands hefir verið feld burtu.

Nefndin sjer ekki vert, að halda þessu lengur til streytu.

Samkvæmt ofansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi 13. sept. 1915.

Sveinn Björnsson, formaður. Pjetur Jónsson framsögumaður.

Eggert Pálsson. Björn Kristjánsson. Þórarinn Benediktsson.

Skúli Thoroddsen, Sigurður Sigurðsson.

Sþ. **970. Tillaga**

til þingsályktunar um skólamál.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason, Stefán Stefánsson 3. kgkj., Jón Þorkelsson, H. Hafstein, Matth. Ólafsson, Skúli Thoroddsen og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að íhuga rækilega skólamál landsins og gera tillögur til skipunar á þeim, er stjórnin svo leggi fyrir Alþingi.

15. gr. 2. b. og 30.

Ed. **971. Breytingartillaga**

1. við frumv. til fjárlaga fyrir 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

2. Við 15. gr. 2. b. Fyrir «1200—1200« komi: 1800—1800.
— 15. gr. 30. Fyrir »2000—2000« komi: 1400—1400.

Nd. **972. LÖG**

um mælingar á túnum og matjurtagörðum.

(Afgreidd frá Nd. 13. september).

1. gr.

Tún öll og matjurtagarða á landinu, utan kaupstaða, skal mæla á næstu árum eftir að lög þessi koma í gildi, og skal mælingunum lokið 1920. Stjórnarráðið útnefnir hæfilega marga menn til mælinganna, en sýslunefndirnar gera tillögur um tilnefninguna; það semur reglugjörð um mælingarnar og lætur sýslunefndir hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

Undanþegin nýjum mælingum eru tún þau og matjurtagarðar, sem mæld hafa verið á síðustu 5 árum svo að ábyggilegt sje, en um ummálsdrætti þeirra fer svo sem fyrir er mælt í 2. gr.

2. gr.

Um leið og túnin eru mæld, skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið skal sent Stjórnarráðinu, en hitt jarðeiganda. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1:2000.

3. gr.

Fyrir ummálsdrætti þá af túnum og matjurtagörðum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, og skal fje þetta greiðast til oddvita sýslunefndar, þá er lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar.

4. gr.

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár og hver kostnaðurinn var við það um fram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, sem metin eru til dýrleika, en að hálfu eftir hundraðatölu. Þó má sá helmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar.

Nd. **973. LÖG**

um þjóðskjalasafn Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 13. september).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skal í því geymast Landsskjalasafnið, sem nú er, og svo alt það skjala, er síðar kann framar að verða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Nd. **974. HAFNARLÖG**

fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Afgreidd frá Nd. 13. september).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar á Siglufirði gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og

þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

3. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki hreppsnefndar og sýslunefndar komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð sýslunefndarinnar.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmálum sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kýs til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hreppsnefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndar.

7. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis sýslunefndarinnar selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, að fengnum tillögum sýslunefndar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

10. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 9. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutnings- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 9. gr., má taka lögtaki.

11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist sýslunefndinni til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki sýslunefndarinnar þarf til, og skal hún þá senda sýslunefndinni sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki sýslunefndarinnar geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis sýslunefndarinnar til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, en úrskurða af sýslunefndinni.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, þeirri er um ræðir í 9. gr., alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Nd. **975. LÖG**

um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 13. september.).

I. Kjördæmakosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr.

Með þeim takmörkunum, sem hjer fara á eftir, hafa kosningarrjett við óhlutbundnar kosningar til Alþingis allir karlar og konur, sem fædd eru á Íslandi eða hafa átt þar lögheimili síðastliðin 5 ár, hafa óflekkað mannorð, og eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram. Þó öðlast konur og þeir karlmenn, sem ekki hafa haft kosningarrjett stöðu sinnar vegna samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903, ekki öll í einu kosningarrjettinn, heldur þannig, að þegar samdar eru alþingiskjörskrár fyrsta sinn eftir að lög þessi öðlast gildi, skal setja á kjörskrá þá eina af þessum nýju kjósendum, sem eru 40 ára að aldri eða eldri. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim nýjum kjósendum, sem eru 39 ára, og þannig framvegis lækka aldurstakmarkið um eitt ár í hvert skifti, þar til komið er niður í 25 ára aldur.

Útsvarsgreiðsla er úr lögum numin sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og ber því ekki að telja þá menn nýja kjósendur, sem fullnægt hafa kosningarskilyrðum, þegar lög þessi öðlast gildi, að öðru leyti en því að greiða nægilega hátt útsvar.

2. gr.

Enginn verður talinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sje hann eigi fjár síns ráðandi eða sje bú hans undir skiftameðferð sem þrotabú. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan ekki kosningarrjett sinn fyrir því.

4. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit, eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða eftirgefinn.

5. gr.

Enginn getur átt kosningarrjett, hafi hann eigi, þá er kosningin fer fram, verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Sá, sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vill neyta kosningarrjettar síns.

6. gr.

Kjörgengur við óhlutbundnar kosningar til Alþingis er hver sá karlmaður eða kvenmaður, sem kosningarrjett á til þeirra, nema þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi. Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá öðlast gildi. Enn fremur er heimilisfesta innanlands skilyrði fyrir kjörgengi annara en þeirra, sem setu áttu á Alþingi, þá er lög þessi öðlast gildi. Kjósa má mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir átt þar heima skemur en 1 ár.

Kjörstjórnir.

7. gr.

Í hverjum hreppi skal vera kjörstjórn, og sitja í henni hreppstjóri (sjeu tveir hreppstjórar, þá sá eldri að aldri), oddviti hreppsnefndarinnar og einn maður af öðrum kjósendum, er hreppsnefnd kýs. Hreppstjóri skal vera oddviti kjörstjórnar. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs hreppsnefnd þá tvo menn í kjörstjórnina.

Í kaupstað velur bæjarstjórnin kjörstjórn, eina fyrir hvern kaupstað, nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn kjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna. Heimilt er bæjarstjórn að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir, enda skal þá valin undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.

8. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

Nú eru einn eða fleiri úr yfirkjörstjórn í kjöri við alþingiskosning í kjördæminu, og skulu þeir þá víkja sæti úr kjörstjórninni, oddviti þó ekki, fyr en opna skal atkvæðakassana.

Verði yfirkjörstjórn af þessum eða einhverjum öðrum ástæðum ekki fullskipuð, eftir að varamennirnir hafa tekið sæti í henni, kveður oddviti menn úr flokki kjósenda í hin auðu sæti.

Fyrri varamaður er sá, er sýslunefnd eða bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, og tekur hann sæti í kjörstjórninni á undan hinum. Sjeu varamennirnir báðir úr flokki sýslunefndar eða bæjarstjórnar, þá sá eldri. Nú víkur oddviti sæti úr yfirkjörstjórninni, meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði talin, og skal þá elsti maður af hinum yfirkjörstjórunum koma í hans stað.

Yfirkjörstjórn skal hafa gjörðabók, löggilta af Stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Samning kjörskrár.

9. gr.

Kjörskrá til óhlutbundinna kosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í sveitum. Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í janúarmánuði ár hvert, og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næst á eftir, að báðum dögum meðtöldum. Hún skal vera fullbúin 1. febrúar og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hreppi eða kaupstað.

10. gr.

Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili eiga í hreppnum eða kaupstaðnum og kosningarrjett hafa í kjördæminu, þá er kjörskrá er samin, eða fullnægja skilyrðum fyrir því, að geta neytt kosningarrjettar fyrir 1. júlí næst á eftir. Rita skal í sjerstaka dálka fult nafn kjósenda eftir stafrófsröð, heimili, stjett og aldur.

11. gr.

Í fyrri hluta maímánaðar ár hvert skal semja aukakjörskrá, og skulu á hana settir þeir, sem að vísu hafa ekki kosningarrjett, þegar kjörskráin öðlast gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum fyrir kosningarrjetti einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, og skal um leið tilgreina þann dag, er hver þeirra öðlast kosningarrjett. Á þá skrá skulu þeir og settir, er eigi var vitanlegt um, þegar aðalkjörskrá var samin, að þeir mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí, og sömuleiðis þeir kjósendur, er láðst hefir að setja á aðalkjörskrá, og einhverra orsaka vegna hafa ekki átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

12. gr.

Fjórtán dögum áður en aðalkjörskrá er lögð fram, skal auglýsa hvar það verður gert, á þann hátt, sem þar er venja að birta almennar auglýsingar. Kjörskráin skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern, næstu 14 daga eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af skránni má hafa til þess að leggja fram.

13. gr.

Áður en þrjár vikur eru liðnar, frá því er kjörskráin var lögð fram, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverjum sje slept af skrá eða ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar kæru sína með þeim rökum og gögnum, er hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sje kæran um það, að einhver sje á skrá tekinn, sem eigi hafi rjett til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar innan 3 daga senda þeim, er kærður er, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

14. gr.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru fram komnar, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem

haldinn sje áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningarnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók sveitar- eða bæjarstjórnarinnar.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá þá, sem um ræðir í 11. gr., skal fara sem við aðalkjörskrána, en þó þannig, að frestir allir sjeu $^1/_3$ styttri, og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir þær. Eftir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn.

15. gr.

Kjörskrár skulu samdar í tvennu lagi, og skal önnur skráin fyrir 1. dag aprílmánaðar send oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra Stjórnarráðinu frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti.

16. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eftirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Rjettargjöld skulu engin greidd fyrir undirrjetti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnar, er stefnt er. Falli dómur þannig, að sækjandi málsins eigi kosningarrjett, skal taka hann á kjörskrá, þegar er hann leggur fram eftirrit af dóminum.

17. gr.

Samkvæmt aðalkjörskrám og aukakjörskrám skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári. Þeir menn, er standa á aukakjörskrá (11. gr.), hafa rjett til að greiða atkvæði, ef þeir hafa fyrir kjördag fullnægt þeim skilyrðum, er sett eru. Fari fram kosning oftar en einu sinni sama ár, skal við síðari kosningarnar nota eftirrit af kjörskránum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn staðfestir.

Framboð þingmannaefna og umboðsmenn.

18. gr.

Nú býður einhver sig fram til þingmensku, og skal hann þá tilkynna yfirkjörstjórninni í kjördæminu framboð sitt skriflega svo snemma, að það komi henni í hendur eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 12 kjósenda í kjördæmi því, þar sem þingmannsefni leitar þingmensku, um að þeir styðji kosningu þess.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni, en Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

Enginn má gefa kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi við sömu kosningar. Brjóti nokkur móti þessu, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, er hann kann að verða fyrir.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar Stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 53. gr. laga þessara.

19. gr.


Hvert þingmannsefni á rjett á, sje hann eigi sjálfur viðstaddur, að gefa einum manni eða tveimur í hverjum hreppi umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna. Þessir umboðsmenn hafa rjett til að vera viðstaddir atkvæðagreiðsluna á kjörfundum og gæta þess, að alt fari þar löglega fram. En skyldir eru þeir að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnin ákveður.

Undirbúningur af hálfu kjörstjórnar.

20. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð þingmannaefna (18. gr.), skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla fyrir umdæmi sitt, þar sem kosning á fram að fara. En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin. Stjórnarráðið annast prentun á eyðublöðum undir kjörseðla og sendir þau yfirkjörstjórnum. Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sjest ekki í gegnum, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir og eins í lagi og með sama lit. Yfirkjörstjórnin annast útbúning kjörseðlanna að öðru leyti. — Á hvern seðil skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra þingmannaefna í kjördæminu og skulu þau standa í stafrófsröð. Eigi tvö eða fleiri þingmannaefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Eigi skal fullgera fleiri seðla en þá, er sendir verða kjörstjórnum í hreppunum, og skal yfirkjörstjórn forðast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá.

Kjörseðil skal gera á þann hátt, er hjer segir: Hverju nafni skal ætla þverskák, er sje $2^1/_2$ cm. á breidd. Til vinstri handar við nafnskákirnar skal vera svartur borði upp og ofan, 3 cm. á breidd, og í honum miðjum hvítir kringlóttir reitir, $^1/_2$ cm. að þvermáli. Skal kjörseðill vera svipaður þessu:



Kjörseðla skal yfirkjörstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sjer, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða röndin á seðlinum falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

21. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin daginn eftir afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sje að senda hraðboða með þá, en kjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar umdæmi og 10% o

fram yfir. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

22. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja umslög fóðruð sterku ljerefti og með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 4 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »ógildir seðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin sjeu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt ljereftsfóðrað umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn undirkjördæmisins, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn í kjördæminu löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

Kjördagur.

23. gr.

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, hinn fyrsti vetrardagur.

Bæði, er þetta á sjer stað, og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þótt einstöku kosningar hafi eigi fram farið á þeim degi.

Kjörstaður, kjörherbergi, atkvæðakassi.

24. gr.

Kjörstaður í hverjum hreppi skal að jafnaði vera þingstaður hreppsins. Ef gallar á herbergjum á þingstaðnum eða önnur atvik gera það torvelt, að halda þar kjörfund, er yfirkjörstjórninni heimilt að ákveða annan kjörstað, þar sem fá má viðunandi herbergi, og sje sá staður svo nálægt þingstaðnum, sem vel má við koma. Sje kjörþing haldið annarstaðar en á þingstað hreppsins, skal yfirkjörstjórnin auglýsa það á kirkjustöðum hreppsins 8 dögum á undan kjörfundi.

25. gr.

Í húsinu, þar sem kosningin fer fram, skal vera annað herbergi áfast svo lagað, að eigi verði í það gengið nema úr kjörherberginu. Sje eigi á slíku völ, má tjalda fyrir eitt hornið í kjörherberginu, svo eigi sjáist þangað.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á herberginu eða hinu tjaldaða horni, svo að eigi verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöð-

um fest niður á jöðrum með innsigli kjörstjórnar. Í herberginu eða hinu tjaldaða horni skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

26. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti, atkvæðakassana, er landsstjórn hefir útvegað í fyrstu á kostnað landssjóðs. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sje 15,7 cm. löng, 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir ljereftspokar, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana, er kjörstjórn sendir þá til yfirkjörstjórnar.

Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar- eða bæjarsjóður þá endurnýjun.

Kosningarathöfnin.

27. gr.

Á hádegi skal kjörfund setja, og skulu þá mæta á kjörstað allir kjörstjórarnir; sjeu eigi allir mættir, kveðja þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi síðar.

28. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn; felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

29. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörherberginu; auk kjörstjórnarinnar má enginn inni vera í kjörherberginu, nema einn kjósandi í senn, og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis (sbr. 19. gr.), sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir.

30. gr.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnarinnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórninni, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil, eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður; skal þessa getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefni telja líka; skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í brjefi því, er yfirkjörstjórnin skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni og skrifa kjörstjórar og umboðsmenn eða þingmannaefnin þar undir.

31. gr.

Kjörstjórnin skal, áður en kosning byrjar, skipa til dyravörslu 2 menn eða fleiri, sem skiftast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að kosning byrji, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, einum í senn.

Sje ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá, af þeim, sem geta sig fram.

Kjósandinn gengur til oddvita kjörstjórnarinnar, er hann kemur inn í herbergið, og fær oddviti honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn og hann stendur á kjörskrá.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn, er honum kostur ger að fá inn með sjer 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sje sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

32. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá í kjördæminu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi endurritinu af kjörbókinni.

33. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í klefann (afherbergið), að borði því, er þar stendur, og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, sem kjósandinn vill velja, með svörtum stimpli, sem kjörstjórnin leggur til, og skal hann vera 1 cm. að þvermáli. Þegar kjósandinn hefir stimplað yfir reitinn, skal hann þerra hann (reitinn) vel með þerripappír, sem kjörstjórnin leggur til, og sjer um, að nóg sje til af, og brýtur hann síðan seðilinn saman í sama brot er hann var í, er hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái hvað á seðlinum er.

Stjórnarráðið skal í fyrsta sinni útvega stimplana, og greiðist sá kostnaður, er af því leiðir, úr landssjóði, en um endurnýjun þeirra fer svo, sem fyrir er mælt um atkvæðakassana í 26. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn metur gilda ástæðu, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

34. gr.

Meðkjörstjórarnir í hverri kjörstjórn skulu hafa fyrir sjer hvor sitt eftir-

rit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarrjettar sins.

35. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og þingmannaefnin eða umboðsmenn þeirra gæta þess, að kassinn sje tómur, og síðan læsa honum.

36. gr.

Engin merki má á seðilinn gera önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatöluna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur.

37. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur, og má eigi leggja hann í atkvæðakassann. Sama er og, ef kjósandi setur skakt kjörmerki á seðil, eða seðill merkist hjá honum af vangá. Hvort heldur af þessu á sér stað, skulu seðlarnir afhentir kjörstjórninni, sem skráir athugasemd um það í kjörbókina. Skulu þessir kjósendur því næst vikja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og atkvæðagreiðslunni haldið áfram, uns allir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði.

Þá er kjósandi hefir lagt seðilinn í atkvæðakassann, fer hann út, en næsti kjósandi kemur inn, og svo koll af kolli, uns atkvæðagreiðslu er lokið.

38. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess hlje verði á; þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða 1/4 klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má eigi slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlje verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í 37. gr., fyrri málsgrein, og þeim fengnir nýir seðlar, til að greiða atkvæði á, á meðan seðlaforðinn endist.

39. gr.

Þingmannaefni og umboðsmenn þingmannaefna eiga rjett á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sjer lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina, það er honum þykir áfátt.

Nú þykir þingmannsefni eða umboðsmanni þess eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina, og fær það eigi leiðrjett, og á það þá rjett á að fá ágrein-

ingsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

40. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal oddviti kjörstjórnarinnar þegar taka atkvæðakassann, án þess að opna hann, og að meðkjörstjórum, þingmannaefnum og umboðsmönnum þeirra ásjáandi, vefja ljerefti eða öðru slíku haldgóðu efni vandlega utan um hann á alla vegu og binda utan um; láta síðan kassann, þannig útbúinn, ofan í ljereftspoka þann, sem honum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið og pokann sem næst hnútnum; sömuleiðis eiga þingmannaefni og umboðsmenn, sem viðstaddir eru, rjett á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins.

Þá skal oddviti leggja í umslag sjer alla þá seðla, sem ógildir hafa orðið (37. gr.), og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

41. gr.

Til alls þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í þessu skyni. Í hvort umslag skal jafnframt leggja miða með samtölu seðlanna, sem í því eru, undirskrifaðan af kjörstjórn og þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra. Seðlatölunnar af hvoru tagi skal geta í kjörbókinni.

42. gr.

Þá er kosningarathöfninni er lokið og alt bókað í kjörbókina, skulu kjörstjórarnir og umboðsmenn eða þingmannaefni, sjeu þau viðstödd, rita undir hana.

Neiti kjörstjórnin að bóka eitthvað fyrir þingmannsefni eða umboðsmann áhrærandi kosningargjörðina, á hann rjett á að bóka það sjálfur og skrifi hann nafn sitt undir.

43. gr.

Þegar búið er að loka báðum umslögunum með kjörseðlunum, skal kjörstjórnin leggja þau, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, þegar í stað í aðalumslagið og setja innsigli sitt fyrir; einnig eiga þingmannaefni og umboðsmenn þeirra rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sitt á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglið raskist. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með brjefið, atkvæðakassann og kjörbókina í vatnsheldum umbúðum til formanns yfirkjörstjórnar og viðurkenning hans tekin fyrir.

44. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógild, samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 39. og 48. gr. þessara laga, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu, svo fljótt sem verða má.

45. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi, sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjör-

stjórn til kjörfundar af nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í annari málsgrein 51. gr. þessara laga.

Kosningarúrslit.

46. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningunum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

47. gr.

Þingmannsefni hvert hefir rjett á að hafa einn eða tvo umboðsmenn viðstadda meðan atkvæðakassarnir eru opnaðir og atkvæði eru talin úr því kjördæmi, er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt. Að öðru leyti skal athöfn þessi fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sje ekki þingmannsefni eða umboðsmenn þess viðstaddir, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

48. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar úr hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, helt í hæfilegt, tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram uns allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, og rjettir hann jafnótt þingmannaefnum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers þingmannsefnis. Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, þingmannaefnum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum. Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers þingmannsefnis eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sje gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í 2 sjerstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn telur gilda, og í hitt þá seðla, sem hún telur ógilda. Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti þingmannaefna og umboðsmanna, og lýsir þann kosinn, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir stjórnarráðinu eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem stjórnarráðið því næst leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkj-

um og það tók við þeim. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur það einnig fyrir þingið.

49. gr.

Hafi tvö þingmannaefni eða fleiri jöfn atkvæði, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sje kosinn.

50. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna alþingismanni kjörbrjef, samið samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið segir fyrir um, og senda stjórnarráðinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

51. gr.

Nú ferst kosning fyrir í hreppi á hinum ákveðna degi, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórninni, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má.

Undir eins og kjörstjórn fær kjörseðlana, kveður hún með þingboði til kjörfundar í hreppnum eða kaupstaðnum, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili.

Komi atkvæðasending eigi til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hafi farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í hreppnum, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

52. gr.

Sje atkvæðasending frá einhverjum kjörstað eigi komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 46. gr., skal yfirkjörstjórn engu síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, eftir því sem auðið er, hve nær sendingin verði opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

53. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg, eða þingmannssæti autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá stjórnarráðið fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur það þá, ef þörf þykir, stytt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal það auglýsa fyrirskipun sína í B-deild Stjórnartíðindanna, og jafnframt

tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum þau gögn, er lög þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

54. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður þá konungur kjördag, er auglýstur skal yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

55. gr.

Hvenær sem kosning á þingmanni eða þingmönnum fer fram á öðrum tíma árs en hinum lögskipaða kjördegi, skal fara eftir kjörskrám þeim, sem í gildi eru á þeim tíma, er kosningin fer fram.

Kostnaður.

56. gr.

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn fá í þóknun fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 4 kr. á dag, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, svo og endurgjald fyrir kostnað til ritfanga, sendiferða, húsnæðis o. fl.

Borgun til yfirkjörstjórna skal greiða úr sýslusjóði og í kaupstöðum úr bæjarsjóði; en kostnað allan við undirkjörstjórn skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

Kærur um kjörgengi.

57. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan 14 daga, frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni yfirkjörstjórnar kæru í tveim samritum, og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til Stjórnarráðsins. Sendir Stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi.

II. Hlutbundnar kosningar.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

58. gr.

Við hlutbundnar kosningar, er fram eiga að fara um land alt í einu lagi á þingmönnum til efri deildar Alþingis, eiga kosningarrjett og kjörgengi

allir hinir sömu, konur og karlar, sem kosningarrjett hafa og kjörgengi samkvæmt 1.—6. gr., ef náð hafa fullum 35 ára aldri, þá er kosning fer fram, en að öðru leyti með sömu skilyrðum.

Kjörstjórn.

59. gr.

Þegar hlutbundnar kosningar eiga að fara fram á landskjörnum þingmönnum, skipar ráðherra í tæka tíð landskjörstjórn, sem situr í Reykjavík. Í henni skulu sitja þrír menn, og kjósa þeir sjer sjálfir oddvita. Jafnframt skipar ráðherra 2 menn til vara og taka þeir sæti í forföllum hinna í þeirri röð, er útnefning þeirra greinir.

Enginn má sitja í landskjörstjórn, sem er þingmannsefni við þá kosning. Landskjörstjórn undirbýr kosninguna. Hún skal hafa gjörðabók löggilta af Stjórnarráðinu og bóka í hana allar gjörðir sínar, móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla, brjef, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

Kjörskrár.

60. gr.

Það ár, sem fram á að fara hlutbundin kosning landskjörinna þingmanna, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum semja, jafnhliða hinum árlegu kjörskrám, skrá yfir alla þá, er kosningarrjett hafa til landskosninga í kaupstaðnum eða hreppnum. Um samning, framlagning og aðfinslur við þessar kjörskrár gilda allar sömu reglur sem um hinar árlegu kjörskrár. Um aukakjörskrár til þessarar kosningar gilda og hinar sömu reglur sem um hinar árlegu aukakjörskrár.

Kjördagur, þingmannaefni, umboðsmenn.

61. gr.

Kjördagur skal að jafnaði vera 1. júlí eða næsta virkan dag á eftir, ef 1. júlí ber upp á helgan dag, árið áður en skifti verða á landskjörnum þingmönnum í efri deild. 8 vikum fyrir kjördag skulu landskjörstjórninni í Reykjavík afhentir listar með nöfnum þingmannaefna þeirra, sem fram eru boðin.

Nöfn þeirra skulu táknuð svo skýrt með tilgreindri stöðu og heimili, að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru. Einskis manns nafn má á lista setja, nema hann hafi gefið til þess skriflegt leyfi, og skal það fylgja listanum til landskjörstjórnar. Berist landskjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess skriflegt leyfi hans fylgi, skal nema það nafn burt af listanum og eigi prenta það á þann lista. Nú hefir maður skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá nema nafnið burtu af öllum listunum.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn þingmannaefna en kjósa á þingmenn í hvert skifti, með því að aðalþingmenn og varaþingmenn skulu kosnir á sama lista, án nokkurrar greiningar fyrir fram. Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn, en ógildur ef fleiri eru.

Framboðslista skal fylgja yfirlýsing að minsta kosti 170 kjósenda á landinu um að þeir styðji þann lista. Af þessum kjósendum skulu að minsta kosti 60 vera úr fyrverandi Suðuramti, 30 úr fyrverandi Austuramti og 40 úr fyrverandi Norðuramti og Vesturamti, hvoru um sig.

Listar skulu afhentir formanni landskjörstjórnar, og ritar hann á þá dag og stund, er hann veitir þeim móttöku, og merkir þá með bókstöfunum A, B, C o. s. frv., eftir því sem þeir berast honum.

62. gr.

Á hverjum lista skal tilgreina umboðsmenn fyrir listann. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna, rjettir umboðsmenn listans. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listunum viðvíkjandi, er landskjörstjórn þarfnast og óskar; svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess, að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða fundarreglum, er kjörstjórnir setja.

Undirbúningur af hálfu landskjörstjórnar.

63. gr.

Oddviti landskjörstjórnar skal kveðja landskjörstjórnina til fundar degi eftir að liðinn er frestur sá, sem settur er í 61. gr. fyrir afhending framboðslista, eða beri það upp á helgan dag, þá næsta virkan dag á eftir, og skal umboðsmönnum þingmannaefna og meðmælenda gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrjetta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Sjeu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, er rækur er ger.

Þá er listar hafa verið úrskurðaðir, skal landskjörstjórnin tafarlaust láta fullgera kjörseðla og gera almenningi kunnugt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, með tilgreindum nöfnum þingmannaefna á hverjum lista og bókstaf hvers lista. En hafi eigi nema einn listi er gildur er tekinn, komið til landskjörstjórnarinnar í tæka tíð, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir landskjörstjórnin þá kosna, er listinn greinir.

64. gr.

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir

upp, þannig að öðru megin á hæfilega stóru blaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannaefnanna ásamt stöðu og heimili, sem þó má vera skammstafað á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr strik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á kjörseðilinn hver við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannaefnanna á hverjum lista aðskilin með þverstrikum. Hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess striks, sem takmarkar listann.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum þykkum pappír, og skal landskjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgerðir fleiri seðlar en þeir, er sendir verða kjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá brotinu gengið, að auðvelt sje að leggja þá í sama brot, er þeir eru notaðir.

65. gr.

Áður en framboðsfrestur er liðinn, skal Stjórnarráðið senda landskjörstjórn skrá, er sýni tölu kjósenda í hverju lögsagnarumdæmi landsins. Svo löngu fyrir kjördag, að vissa sje fyrir að seðlarnir komi í tæka tíð, skal landskjörstjórn senda sýslumönnum og bæjarfógetum í ábyrgðarsendingum jafnmarga kjörseðla og kjósendur eru í lögsagnarumdæmi hvers þeirra og nægilega marga seðla umfram, ásamt hæfilega mörgum listum með nöfnum þingmannaefna. Þeirri sendingu skulu og fylgja nægilega mörg umslög til handa kjörstjórnum, eins og um getur í 22. gr. laga þessara.

Þegar eftir móttöku þessarar sendingar, sendir sýslumaður eða bæjarfógeti kjörstjórnum þeim öllum, sem eru í lögsagnarumdæmi hans, með hraðboða, ef á þarf að halda, jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverju umdæmi og 10% umfram. Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er sýslumaður eða bæjarfógeti innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Geyma skal svo kjörstjórn kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur innsigli fyrir kjörseðlasendingu eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar það sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Kjörstaður, kjörherbergi og atkvæðakassar.

66. gr.

Um kjörstað, kjörherbergi og atkvæðakassa fer eftir fyrirmælum 24.—26. greinar í lögum þessum.

Kosningarathöfnin.

67. gr.

Kosning fer fram á þann hátt, sem segir í 27.—45. gr. laga þessara, með þeirri breytingu, að kjósandi markar kross, rjettan kross eða skákross

við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, en að öðru leyti fer eftir því sem samrýmst getur fyrirmælum nefndra lagagreina. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn, sem hann getur ekki felt sig við, á þeim lista, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá ekki með við samtalningu atkvæða á þeim lista; þessi strik mega vera hvort heldur þverstrik eða langstrik yfir nafnið. Krossinn við listabókstafinn, tölustafinn við nöfnin og útstrikun nafna, skal hann gera með blýanti, er kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan leggur hann atkvæðaseðilinn saman aftur í sömu brot, sem hann var í, stingur honum svo þannig samanbrotnum niður í atkvæðakassann.

Ekki má kjósandi hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika út á þeim nje setja önnur merki á þá, nje heldur nein merki önnur en tjeð kosningarmerki á lista þann, sem hann kýs, ella verður atkvæðaseðill hans ónýtur.

Jafnskjótt og kosningu er lokið, skal kjörstjórnin senda atkvæðakassann, eftirrit af kjörbókinni og önnur þau plögg, sem getur um í 43. gr. laga þessara, til sýslumanns eða bæjarfógeta þess, er lögsögu hefir yfir þeim kjörstað, þótt í öðru kjördæmi sje. Þá er hann hefir tekið við öllum atkvæðakössunum úr lögsagnarumdæmi sínu, kveður hann til tvo votta, svo og umboðsmenn listanna, ef tilnefndir hafa verið, en sje svo eigi, tilnefnir hann auk þeirra einn valinkunnan mann fyrir hvern lista. Í viðurvist þessara manna opnar hann alla atkvæðakassana, eftir að hann ásamt þeim hefir rannsakað ástand kassanna með umbúðum; tæmir síðan kassana, telur seðlana, án þess að skoða nokkurn seðil, og lætur þá í einn kassa, er sje svo stór að hann taki alla seðlana. Að því búnu skal loka kassanum, láta hann í sterkan vatnsheldan poka, binda vandlega fyrir og innsigla hann með embættisinnsiglinu, og senda hann síðan sem ábyrgðarsendingu með fyrstu póstferð eða póstskipsferð til landskjörstjórnarinnar í Reykjavík. Sendingunni skal fylgja brjef og endurrit af kjörbókum kjörstjórnanna, svo og lykill að kassanum í sjerstöku innsigluðu umslagi. Alt það, sem gerst hefir, svo sem skoðun og lýsing á sendingunum frá undirkjörstjórnum, skýrsla um tölu seðla þeirra, sem í kassanum eru o. s. frv., skal bókað í yfirkjörstjórnarbók kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í, og skal endurrit úr henni fylgja sendingunni.

68. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, og engum leyfa það, sem eigi stendur á henni, nema hann með vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta sanni, að nafn hans standi á annari kjörskrá á landinu, og að hann hafi afsalað sjer þar kosningarrjetti sínum. Um þetta skal getið í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð sýslumanns eða bæjarfógeta fylgi eftirritinu af kjörbókinni.

Kosningarúrslit.

69. gr.

Landskjörstjórnin í Reykjavík skal boða, með viku fyrirvara að minsta kosti, stað og stund, hvenær hún kemur saman til þess að opna atkvæðakassa og telja saman atkvæði. Umboðsmenn hvers lista, sem í kjöri er, eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir, þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin. Sjeu ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir hvern lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

70. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar landskjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverju lögsagnarumdæmi, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns allir kjörseðlakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir blandist vel saman. Því næst opnar formaður landskjörstjórnarinnar ílátið, tekur upp einn og einn seðil í einu og les upp listabókstaf þann, er hefir verið krossað við á kjörseðlinum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum listanna, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hve margir seðlar fari í hvern bunka.

71. gr.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista,
3. skrifað nafn sitt á seðilinn,
4. sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan,
5. notað annan seðil, en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett eða krossað við eitt nafn á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlar eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðamagn listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt, eftir skýrslum þeim, er sýslumenn og bæjarfógetar gefa, samkvæmt 67. gr., um kjörseðlafjölda úr hverju lögsagnarumdæmi. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

72. gr.

Til þess að finna, hve mörg þingmannaefni ásamt varaþingmönnum hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn og varaþingmenn á að kjósa, og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess nú að finna, hver þingmannaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti landskjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannaefna allra, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá umboðsmönnum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þingmannaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með tölu þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Þeir menn, sem hæsta hafa fengið atkvæðaupphæðina á hverjum lista, eru aðalþingmenn listans, svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

73. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir landskjörinn þingmann eða þingmenn, hefir rjett til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, er ekki hefir hlotið aðalþingmann, hefir ekki rjett til varamanns, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og aðalþingmennina, þannig, að þeir eru tilnefndir varaþingmenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einum lista fengið jafnmörg atkvæði, og þeir geta ekki báðir eða allir komist að sem þingmenn eða varaþingmenn, þá skal hlutkesti ráða.

Síðan lýsir landskjörstjórnin yfir því, hvernig kosning hefir fallið, gefur þingmönnum kjörbrjef og varaþingmönnum skilríki fyrir því, að þeir sjeu kjörnir til þess starfs. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli landskjörstjórnar, og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

Landskjörstjórn sendir síðan landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir Alþingi í þingbyrjun, með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritið af kjörbókinni og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið. Kosningaúrslitin skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

74. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, og skal þá kjörstjórn tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi sýslumanni, er tilkynnir það landskjörstjórninni, er þá sendir nýja kjörseðla, svo fljótt sem verða má. Undir eins og kjörstjórn fær hina nýju kjörseðla, kveður hún með þingboði til kjörfundar, er eigi má halda síðar en að viku liðinni. Skal þá senda gagngert með þingboðið á hvert heimili. Komi atkvæðasending eigi til skila til hlutaðeigandi sýslumanns eða til landskjörstjórnar, eftir að kosning hefir farið fram, lætur landskjörstjórn nýjar kosningar fara fram í hreppnum eða lögsagnarumdæminu á sama hátt og segir í hinum fyrri málsliðum þessarar greinar.

75. gr.

Sje atkvæðasending úr einhverju lögsagnarumdæmi eigi komin til landskjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 69. gr., skal fresta upptalningu atkvæða, þar til atkvæðasendingin er komin. Komi atkvæðasendingin ekki í tæka tíð, er Stjórnarráðinu skylt að gera þær ráðstafanir til að ná atkvæðasendingunni, sem landskjörstjórn óskar. Auglýsa skal umboðsmönnum listanna, eftir því sem auðið er, hvenær atkvæði verða talin upp, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

76. gr.

Nú deyr einhver landskjörinna þingmanna eða fer frá áður en kjörtímabil hans er á enda, og tekur þá sæti hans sá varaþingmaður, sem næsta hafði atkvæðatölu á þeim lista, er hinn dáni eða fráfarni var kosinn á. Hafi hlutaðeigandi varaþingmaður verið kosinn alþingismaður í einhverju kjördæmi, tekur hann engu að síður autt sæti aðalmanns, en Stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í því kjördæmi, er hann var fulltrúi fyrir. Nú er enginn varamaður til á lista, til að taka autt sæti aðalþingmanns, og fyrirskipar þá Stjórnarráðið kosningu á þeim þingmanni eða þingmönnum og varaþingmönnum, er vanta í hið auða eða hin auðu sæti, svo fljótt sem því verður við komið eða þurfa þykir, og ákveður kjördag, og má stytta fresti þá, er ákveðnir eru í lögum þessum, ef þörf gerist. Að öðru leyti fer um hina nýju kosningu eins og lög þessi mæla fyrir um kosningu landskjörinna þingmanna. Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni eða hinir nýkosnu komu í staðinn fyrir.

77. gr.

Kjörstjórnir fá borgun fyrir starf sitt og tilkostnað samkvæmt 56. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar fá kostnað sinn til sendiferða, ritfanga o. fl. greiddan úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Kjörstjórar í landskjörstjórn eiga rjett á að fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt, svo og kostnað við útbúning kjörseðla, sendi-

ferðir, húsnæði o. fl., eftir reikningi, er Stjórnarráðið úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

78. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, og skal hann þá innan tveggja mánaða frá því er kosningarúrslit voru auglýst, senda formanni landskjörstjórnar kæru í tveimur samritum og afgreiðir hann kæruna svo fljótt sem verða má til Stjórnarráðsins. Sendir Stjórnarráðið þegar í stað annað samritið þingmanni þeim, sem kæran varðar, en hitt skal lagt fyrir Alþingi, sem úrskurðar kosninguna.

III. Almenn ákvæði.

79. gr.

Almennar hlutbundnar og óhlutbundnar kosningar til Alþingis fara venjulega fram 6. hvert ár.

Þá er almennar kosningar eiga fram að fara, af því að liðinn er kjörtími landskjörinna þingmanna til efri deildar eða kjördæmakosinna alþingismanna, skipar konungur fyrir um nýjar kosningar.

80. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð, og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 króna sekt fyrir hvern dag, er fram yfir líður. Stjórnarráðið úrskurðar dagsektir og gerir ráðstafanir til að þær verði innheimtar með lögtaki, og getur það á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs þess, er í hlut á, gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að kjörskrá sje samin svo fljótt sem kostur er á.

81. gr.

Vanræki nokkur þau störf, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, sæti hann 10 til 200 kr. sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir allar, samkvæmt lögum þessum, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

82. gr.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningu til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rjetti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

83. gr.

Kjörstjóri, er reynir að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu kjósenda, meðan á kosningarathöfn stendur, eða skoðar atkvæðaseðil kjósanda, áður en kjósandi leggur hann í kjörkassann, skal sæta sektum eða fangelsi.

Beiti kjörstjórnir af ásettu ráði ofríki við kosningarathöfn eða geri sig

seka í frekari rangsleitni, varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 7 árum, ef miklar sakir eru. Sömu hegningu skal það varða, ef einhver af ásettu ráði tefur fyrir sendingu atkvæðakassa eða skemmir eða glatar atkvæðasendingu.

84. gr.

Hver sem býr til kjörseðla, er líkjast kjörseðlum þeim, er notaðir eru við kosninguna, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sjer, svo að aðrir geti hagnýtt þá, sæti fangelsi, eigi minna en 3 mánaða einföldu fangelsi.

85. gr.

Með lögum þessum eru feld úr gildi:

Lög nr. 18, 3. október 1903, um kosningar til Alþingis.

Lög nr. 15, 9. júlí 1909, um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis frá 3. október 1903.

Lög nr. 18, 20. október 1913, um breytingu á lögum nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til Alþingis.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis og þau eru birt í Stjórnartíðindunum

---

Akvæði um stundarsakir.

Kosning á þeim 6 landskjörnu þingmönnum til efri deildar og 6 varamönnum, sem fram á að fara í fyrsta skifti eftir að lög þessi öðlast gildi, skal fara fram 5. ágúst 1916, en kosning hinna 34 þingmanna, er kjósa á í kjördæmum landsins, fer fram 1. vetrardag s. á.

Við kosningar þessar skal fara eftir þeim kjörskrám og aukakjörskrám, sem semja á samkvæmt 9., 11. og 60. gr. laga þessara, í janúar og maímánuðum næsta ár, en í þetta skifti skal á kjörskránum tilgreina við alla þá, sem hafa ekki öðlast kosningarrjett þann dag, er kjörskráin er lögð fram, þann dag, sem hver þeirra öðlast kosningarrjettinn, og hafa þeir þá rjett til að greiða atkvæði, ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir kosningarrjetti á kjördegi.

Nd. **976. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um fasteignamat (þskj. 946 eftir eina umr. í Ed.)

Háttvirt efri deild hefir gert nokkrar breytingar á frv. Flestar breytingarnar eru aðeins orðabreytingar eða leiðrjetting á prentvillum. Ein þeirra er efnisbreyting, tekin upp aftur 8. gr., sem feld var burt, þegar frv. var til meðferðar hér í deildinni. Nefndin vill ekki gera það að neinu kappsmáli, að fella burt umrædda grein og síst tefla málinu í tvísýnu út af þessu atriði. Ræður hún því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis, 13. sept. 1915.

Eggert Pálsson, formaður. Sveinn Björnsson. skrifari.

Hjörtur Snorrason. Björn Hallsson.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **977. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Síðan nefndin hafði mál þetta til meðferðar hafa komið fram upplýsingar, er benda til að frumvarpið, ef það yrði að lögum, gæti verið varhugavert. Leyfir nefndin sjer að benda til meðfylgjandi fylgiskjals, er sýnir það, að varhugavert er að binda burtfarartíma stórra vjelbáta af Vestmannaeyjahöfn við ákveðinn tíma, þar sem svo getur staðið á, að þeir komist alls eigi út úr höfninni á þeim tíma, ef lágsjávað er.

Nefndin hefir ráðfært sig við flutningsmann frumvarpsins og í samráði við hann leyfir hún sjer að leggja til að málið sje eigi látið ná framgangi að þessu sinni.

Neðri deild Alþingis, 13. september 1015.

G. Eggerz, form. M. J. Kristjánsson. Matth. Ólafsson, skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf. Þórarinn Benediktsson.

Skúli Thoroddsen. Sigurður Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Símskeyti.

Matth. Ólafsson, alþm., Rvík.

Vestmannaeyjum 11. sept. 1911.

Að gefnu tilefni leyfi jeg mjer hjer með að birta yður eftirfarandi yfirlýsingu, dagsetta í gær, er mjer hefir borist frá þeim Hannesi hafnsögumanni Jónssyni, Sigurði Sigurfinnssyni skipstjóra og Magnúsi útvegsbónda Guðmundssyni öllum í Vestmannaeyjum, en yfirlýsingin hljóðar svo: »Að gefnu tilefni vottast hjer með að bifbáturinn Óskar nr. 179, eign Gísla Magnússonar, flýtur ekki út og inn af innri skipalegunni hjer, nálægt 3 klukkustundir um stórstraumsfjöru, sje hann með hæfilegri seglfestu«. Frumrit yfirlýsingar þessarar sendi jeg yður með fyrstu ferð.

Gísli Magnússon.

Ed. **978. Þingsályktun**

um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand.

(Samþykt í Ed. 13. september).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hún, um leið og hún veitir einkarjett til að hagnýta járnsand — samkvæmt lögum um það efni — heimti alt að 100 þúsund kr. tryggingu fyrir því, að fyrirtækið verði sett á stofn til framkvæmda eins og tilskilið skal í leyfisbrjefinu.

Ed. **979. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um dýralækna.

Frá nefndinni.

Við 1. gr.

3. málsgrein orðist þannig:

Breyting þessi gengur í gildi, þegar dýralæknar verða skipaðir í Austfirðingafjórðung og Vestfirðingafjórðung.

16. gr. 29.

Ed. **980. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 958, við frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Karli Einarssyni.

Fyrir »2305,64« komi:
2300,00.

Ed. **981. Frumvarp**

til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan hið óeðlilega háa verð er á vörum vegna Norðurálfuófriðarins, heimilast bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að jafna niður dýrtíðargjaldi einu sinni á ári, ef brýn þörf er, á alla þá menn í kaupstaðnum eða hreppnum, sem að áliti bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eru svo efnum búnir og hafa svo góðar ástæður, að þeir þurfa alls ekki á dýrtíðarhjálp að halda. Niðurjöfnunargjald þetta skal lagt á menn eftir efnum og ástæðum eins og aukaútsvar.

2. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtíðargjaldið. Hefir það lögtaksrjett, sem sveitarútsvör. Það fje, sem inn kemur með þessari niðurjöfnun, skal notað til þess, að sjá þeim fátækum mönnum fyrir atvinnu, sem hennar geta notið, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki, þá til þess, að sjá fátæku fólki fyrir lífsnauðsynjum, matvælum og eldsneyti, með vægu verði eða ókeypis, ef brýn þörf er. Styrkur þessi kallast dýrtíðarstyrkur og nær til allra búsettra manna, sem með þurfa. Má ekki skoða hann sem sveitarstyrk nje skerðingu á heiðri eða mannrjettindum.

3. gr.

Með kærur út af niðurjöfnun dýrtíðargjaldsins, eftir lögum þessum, skal farið eins og kærur út af niðurjöfnun sveitarútsvara samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Heimildarlög þessi gilda til næsta reglulegs þings.

Nd. **982. Framhalds-nefndarálit**

um frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpi þessu hefir verið vel tekið af háttv. efri deild, eins og vænta mátti um jafn þýðingarmikið nauðsynjamál. Þó hefir háttv. efri deild gert á frumv. nokkrar breytingar, sem miða að því að gera almenningi hægra fyrir að tryggja lausafje í fjelaginu. Með því að nefndar breytingar koma ekki í bága við aðalstefnu frumv., ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumv. eins og það kom frá efri deild.

Neðri deild Alþingis, 13. sept. 1915.

Eggert Pálsson, formaður.	M. J. Kristjánsson, framsögumaður.
Þórarinn Benediktsson.	Sveinn Björnsson.

Sþ. **983. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá fjárlaganefnd neðri deildar.

1.	Við 14. gr. B. I. a.	Fyrir »40200 — 40600« komi: 40600 — 41000.
2.	— 16. — 20.	Liðurinn falli burt (Sútun skinna).
3.	— 16. — 30.	Fyrir »5000 — .....« komi: 4000 — ..... (Vestmannaeyjavatn).
4.	— 21. — 3.	Orðin »og húsabóta« falli burt.
5.	— 21. — 10.	Orðin »Lánið veitist þegar í stað« falli burt.

Sþ. **984. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Eftir eina umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
7.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar ... ... Þar af 400 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi forstöðumanns.	2,400 2,400			
	b. Til gerlarannsókna:				
	1. Laun	1,200 1,200			
	2. Til áhaldakaupa	690			
	c. Til húsaleigu.	700 700			
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500 500	5,490	4,800	
8.	Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við opinberar byggingar		2,500	2,500	
9.	Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að		400	400	
		Flyt...	103,690	103,500	

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	103,690	103,500	
10.	Styrkur til manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:			
	a. Laun 1,500			
	b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að 400	1,900	1,900	
11.	Til þess að styrkja efnilega menn til verklegs náms erlendis	4,000	4,000	
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
13.	Til Fiskifjelags Íslands	19,000	19,000	
	Þar af 500 hvort árið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum, undir umsjón og eftirliti fjelagsins.			
14.	Til sama fjelags handa erindreka erlendis..	4,000	4,000	
15.	Til sambands íslenskra samvinnufjelaga, til þess að útbreiða þekkingu á samvinnufjelagsskap og halda uppi námsskeiði í bókfærslu og starfrækslu slíkra fjelaga ... ... gegn að minsta kosti 500 kr. tillagi annarsstaðar frá.	1,000	1,000	
		1916 kr.	1917 kr.	
16.	a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	8,000	8,000	
	b. Til ferðakostnaðar eftir reikningi alt að	400	400	
		8,400	8,400	
17.	a. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar	2,000	2,000	
	b. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	400	400	
		2,400	2,400	
18.	a. Til leiðbeiningar í ullarverkun og til að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. ...	1,500	1,500	
	b. Ferðakostnaður, eftir reikningi alt að	400	400	
	c. Laun 4 ullarmatsmanna ...	1,600	1,600	
	d. Ferðakostnaður eftir reikningi alt að	800	800	
		4,300	4,300	
19.	Til heimilisiðnaðar...	1,500	1,500	
	Styrkur þessi skiftist þannig, að Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fái 1000 kr. og Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands 500 kr. hvort árið.			
20.	Til Eggerts Kristjánssonar á Sauðárkróki til þess að vinna að fjelagsstofnun til skinnasútunar á Norðurlandi	200		
	Flyt...	156,390	156,000	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	156,390	156,000	
21. Þóknun til vörumerkjaskráritarans	360	360	
22. Handa Ungmennafjelagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu ... ... Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.	2,000	2,000	
23. Styrkur til Eggerts Brandssonar sjómanns..	500	.....	
24. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd...	300	300	
25. Styrkur til ábúandans í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar bygð við og veita ferðamönnum gisting og beina.	200	200	
26. Eftirlit með áfengiskaupum:			
a. Laun umsjónarmanns 900 900			
b. Önnur útgjöld... ... ... 800 800	1,700	1,700	
27. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi, alt að... ...	300	300	
28. Til Bjargráðasjóðs	20,000	20,000	
29. Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum	.....	62,500	
30. Til sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum til þess að leita að vatni og undirbúa vatnsveitu, alt að ... ... gegn því, er til vantar, annarstaðar frá.	5,000	.....	
31. Til rannsóknar og undirbúnings Flóaáveitunni, alt að	2,500	.....	
32. Til brimbrjóts í Bolungarvík.. ... ... Styrkveitingin er bundin því skilyrði, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns.	10,000	10,000	
Flyt...	199,250	253,360	

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	199,250	253,360	
35. Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni. ... ... gegn því að hjeraðsbúar leggi fram það sem til vantar og landsverkfræðingurinn álíti að verkið komi að tilætluðum notum.	.....	5,000	
36. (Endurveiting). Til bryggjugerðar á Sauðárkróki þó ekki yfir 1/3 kostnaðar, alt að .. Hreppsnefnd Sauðárkróks veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	6,000	.....	
37. Til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... Kaupfjelagi Hjeraðsbúa veitist styrkur þessi og sje bryggjan til almenningsnota undir eftirliti sýslunefndar.	.....	3,500	
38. Til bátabryggju í Flatey 1/3 kostnaðar, alt að enda sje bryggjan heimil látin til almennra afnota.	.....	1,500	
39. Til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness (í Mýrasýslu) og Skógarness (í Hnappadalssýslu) og á höfnum beggja staðanna ...	5,000	.....	
40. Til bátabryggju á Blönduósi 1/3 kostnaðar, alt að... ... ... enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.	7,500	.....	
41. Til bryggjugerðar í Búðardal, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... enda sje bryggjan látin heimil til almennra afnota.	1,000	.....	
	218,750	263,360	482,110
Samtals...	.....	.....	482,110

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 6,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 167,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; viðbót við eftirlaun fyrverandi hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal 250 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinssdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loptsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun læknisekkju Elísabetar Ragnhildar Jónsdóttur 150 kr.; til fyrrum spítalaforstöðukonu Guðrúnar Jónsdóttur 200 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Pjetursdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Kristínar Sveinbjörnsdóttur 300 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Guðrúnar Torfadóttur 300 kr.; til Guðlaugar Sakaríasdóttur, ekkju Torfa Bjarnasonar, 360 kr.; til Jakobínu Pjetursdóttur, ekkju Jóns Stefánssonar, 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Hallgríms Kráksonar pósts 200 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Árna Gíslasonar pósts 300 kr.; til Bjarna Ketilssonar pósts 300 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra 500 kr.; til Sigurðar regluboða og dannebrogsmanns Eiríkssonar 300 kr.; til tveggja barna Þorsteins Erlingssonar 400 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

Landsstjórninni heimilast að reikna eftirlaun Bjarna Jenssonar læknis 1000 kr., og eftirlaun Björns læknis Blöndal 875 kr., hvorttveggja frá þeim tíma, er þeir fengu lausn frá embætti.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 30,000 kr.

Af þessari upphæð greiðist lögreglustjórum kostnaður sá, er þeir kunna að hafa við lögreglueftirlit með fiskiveiðum í landhelgi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður, 264,369 kr. 42 au., greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Til lánveitinga úr viðlagasjóði heimilast stjórninni:

1. Alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum eftir tillögum Búnaðarfjelagsins til að kaupa fyrir girðinga-

efni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 5% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár.

2. Alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 5% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Alt að 5000 kr. hvort árið til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 5% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, gegn 5% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

5. Alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfjelags Íslands og gegn ábyrgð sveita og sýslufjelaga. Þau ávaxtast með 5% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Davíð Stefánssyni í Fornahvammi alt að 2000 kr. til húsabygginga á jörðinni, gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

7. Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni prentmyndasmið 5000 kr. til þess að setja á stofn prentmyndasmíðastofu, gegn tryggingu, sem landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

8. Úr viðlagasjóði má lána Guðm. T. Hallgrímssyni lækni, 2500 kr. til húsbyggingar á Siglufirði, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu 6000 kr. til þess að kaupa bústað handa hjeraðslækni. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

10. Úr viðlagasjóði má lána Guðm. E. Guðmundssyni, bryggjusmið í Reykjavík, alt að 12000 kr. til að starfrækja kolanámu í Sjöundárlandi í Barðastrandarsýslu.

Lánið ávaxtast með 5% árlega, og sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum, á 9 árum.

Lánið sje trygt með veði í námurjetti lántakanda, í Stálfjalli, í Sjöundárlandi, sem og í mannvirkjum hans og verkfærum þar.

Lánið veitist þegar í stað.

11. Úr viðlagasjóði má lána Suðurfjarðahreppi 15,000 kr. til þess að raflýsa Bíldudalskauptún, gegn ábyrgð Vestur-Barðastrandarsýslu. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

12. Úr viðlagasjóði má lána Húsavíkurhreppi 20000 kr. til þess að raflýsa Húsavíkurkauptún, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið ávaxtist með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

13. Úr viðlagasjóði má lána Ísafjarðarkaupstað 45,000 krónur til þess að raflýsa kaupstaðinn. Lánið ávaxast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum.

14. Úr viðlagasjóði má lána Jósep Blöndal stöðvarstjóra 6000 kr. til byggingar póst- og símahúss á Siglufirði, gegn tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 5% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum

15. Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Árnessýslu til handa Skeiðahreppi 50,000 kr. til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Lánið ávaxtist með 5%, er afborgunarlaust fyrstu 2 árin, og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

22. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1915 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Landsstjórninni heimilast að kaupa Melkotslóð (milli ráðherrabústaðarins og Suðurgötu) fyrir alt að kr. 1,50 hverju feralin.

Landsstjórninni heimilast að kaupa landsbankarústirnar ásamt brunabótaupphæð hennar fyrir virðingarverð til brunabóta og lóðina, sem húsinu fylgir eftir mati dómkvaddra manna. Kaupverðið greiðist þannig: Landsbankinn fái upp í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð í Arnarhólstúni, eftir virðingu; afgangurinn greiðist með skuldabrjefi.

Landsstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á tveim lánum úr viðlagasjóði til verksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri, hinu fyrra, að upphæð 50,000 kr., veittu 1908, hinu síðara 60,000 kr., veittu 1912, að bæði lánin greiðist með jöfnum afborgunum á 40 árum, frá 1918 að telja.

Landsstjórninni heimilast að taka alt að 65,000 kr. lán til þess að breyta bæjarsíma Reykjavíkur í »kvart-automatisk central«, svo framarlega sem lánið fæst með sæmilegum kjörum.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess, að greiða bankagjaldkera Stefáni Stephensen 400 kr. eftirlaun á ári, í 2 ár, frá 1. nóv. þ. á. að telja.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 10,000 króna lán fyrir Flóabátsfjelag Breiðafjarðar til vjelskipskaupa, gegn ábyrgð sýslufjelaganna.

Sþ. **985. Fjáraukalög**

fyrir árin 1914 og 1915.

(Afgreidd frá Sþ. 13. september).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915, veitast 112,119 kr. 85 aurar til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:

Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:

Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.
— B. 6. Af þessu fje skal greiða Gerðahreppi fyrir tjón á mótorbáti við strandgæslu alt að 700 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 40,084 kr. 71 e.:

Við 11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr.	38,000,00
— 12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	—	1,400,00
	Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á íslenskum dreng	—	684,71
		Kr.	40,084,71

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 54,774 kr. 87 a.:

Við A. 3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna, vegna verðhækkunar á efni af völdum Norðurálfuófriðarins	kr.	1500,00
Við B. I. 1. c.	Viðbót við skrifstofukostnað	—	13,04
— - II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk $^2/_3$ hlutar kostnaðar	—	449,56
— - III.	Til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn $^1/_3$ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að	—	3,000,00
— - XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti $^1/_3$ kostnaðar, alt að	—	1,000,00
— D.	Til ýmsra endurbóta	—	28,712,27
— E. II. 15. c.	Stjórninni veitist heimilt að kaupa vitalóðina, þótt námurjettindi sjeu undanþegin.		
— E.	Til Grímseyjarvita	—	17,100,00
	Til að reisa vitavarðarbústað á Elliðaey...	—	3,000,00
		Kr.	54,774,87

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 4,450 kr.:

	Til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum	kr.	500,00
Við A.	Til síra Jóh. L. L. Jóhannssonar til baðstofubyggingar á Kvennabrekku.	—	600,00
— B. I. a.	Laun háskólakennara.	—	2,350,00
— B. I. d. 1.	Til bókakaupa	—	500,00
— B. V.	Til vjelstjóraskóla	—	500,00
		Kr.	4,450,00

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.:

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar		—	4,000,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,300 kr.:

Við 8. d.	Handa einum nemanda fyrir síðustu mánuði ársins 1915	kr.	200,00
Nýr liður.	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914.	—	800,00
	Til Fossvallasmjörbús	—	300,00
		Kr.	1,300,00

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... ... kr. 6,181,11.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti, ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir alt að 18,000 kr. er greiðist úr viðlagasjóði.

Landsstjórninni heimilast að kaupa ½ jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi fyrir alt að 1000 kr.

Eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen skulu reiknast kr. 1912,54 frá 1. janúar 1914 að telja, og greiðist honum auk þess, í eitt skifti fyrir öll, 1200 kr. uppbót úr landssjóði.

Eftirlaun prófastsekkju Ástu Þórarinsdóttur á Húsavík skulu reiknast 300 kr. á ári frá 1. febrúar 1915 að telja.

Sþ. **986. TILLÖGUR**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

(Afgreiddar frá Sþ. 13. september).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að vextir af póstávísanafje, er safnast hefir í sparisjóðsbók hjá Stjórnarráðinu, verði greiddir inn í landssjóð.

2. Að sjá um, að símareikningur landssímastjórans taki yfir tekjur og gjöld allra síma landsins ár hvert.

3. Að gera ráðstafanir til að vextir af veðlánum verði innheimtir tafarlaust.

4. Að sjá um að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari framvegis sem allra minst fram yfir fjárveitingu.

5. Að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, nema þegar svo stendur á, að nauðsynlegt er að verja meiru fje en áætlað hefir verið, til einhvers mannvirkis til að fyrirbyggja tjón, sem af drætti á framkvæmd verksins getur stafað.

6. Að eftirliti með bændaskólunum verði hagað þannig, að skipaðar sjeu tvær þriggja manna nefndir til að athuga árlega allar framkvæmdir og búnaðarháttu sín á hvorum skóla.

7. Að dagpeningar starfsmanna landsins, sem að undanförnu hafa verið mjög á reiki, ýmist 6 eða 8 krónur á dag, verði framvegis ekki reiknaðir yfir 6 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt, auk ferðakostnaðar.

8. Að reikningar efnarannsóknarstofunnar, sem að undanförnu hafa verið mjög á eftir tímanum, verði heimtaðir svo snemma, að tekjurnar geti komið fram á reikningsári því, sem þær tilheyra.

9. Að sala á niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði verði reynd á þessu ári, og jafnframt verði rannsakað hvort fyrverandi eigandi ekki er fær um að greiða það, sem á kann að vanta, svo að skuldinni, sem á verksmiðjunni hvílir, verði að fullu lokið.

Sþ. **987. Skýrsla**

nefndar þeirrar, er sameinað Alþingi kaus til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum, er stjórnin hefir síðastliðið ár keypt fyrir landssjóðs fje.

Vjer, sem hið háa Alþingi hefir kosið í nefnd til þess að rannsaka reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, sem stjórnin, með ráði velferðarnefndar hefir keypt fyrir landssjóðs fje og gefa þinginu stutta skýrslu um það, hvernig þessi verslun hefir borið sig, höfum fengið frá Stjórnarráðinu og samgönguráðunaut, hr. O. Friðgeirssyni, öll skjöl og bækur snertandi kaup og sölu varanna og er bráðabirgðaskilagrein Stjórnarráðsins prentuð sem fylgiskjal I. við skýrslu þessa.

Nefndin fjekk skjöl þessi í hendur 31. f. m. Hefir hún síðan átt nokkra fundi um málið og auk þess hafa nefndarmennirnir reynt að kynna sjer skjölin hver í sínu lagi, en tíminn hefir verið naumur og nefndarmennirnir hlaðnir öðrum þingstörfum, svo rannsóknin hefir ekki getað orðið eins nákvæm og víðtæk, og æskilegt hefði verið.

Þegar nefndin fór að kynna sjer skjöl málsins, sá hún brátt, að ekki gat komið til mála, að hún framkvæmdi reikningslega endurskoðun á reikningunum, enda leit hún svo á, að hlutverk hennar væri að gefa þinginu skýrslu um hvernig þessari verslun landsstjórnarinnar, hafi verið háttað, hve mikil hún hafi verið og hvernig hún hafi borið sig eða muni bera sig. Teljum vjer sjálfsagt, að hin reikningslega endurskoðun verði framkvæmd á 3. skrifstofu Stjórnarráðsins og síðan yfirfarin af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Eins og Alþingi mun vera kunnugt, voru menn við síðustu þinglausnir mjög hræddir um að aðflutningur nauðsynjavara til landsins mundi teppast af völdum Norðurálfustyrjaldarinnar, og hefir nefndinni verið sagt, að umboðssalar hjer í Reykjavík hafi eigi þóst geta ábyrgst að nægar nauðsynjavörur fengjust til vetrarins, en eins og við mátti búast, voru vörubirgðir litlar í landinu, þegar styrjöldin hófst.

Þess vegna snerist stjórnin, með ráði velferðarnefndarinnar, að því að kaupa fyrir reikning landssjóðs nokkrar birgðir af þeim nauðsynjavörum, sem hún óttaðist mest að þurð mundi verða á.

Samkvæmt skilagrein stjórnarinnar hefir hún keypt þessar vörur:

I. Kol.

Stjórnin hefir keypt 4 skipsfarma af kolum, sbr. fylgiskj. I., eða samtals 5364,85 tonn, og hafa þessi kol kostað samtals kr. 186531,46. Af kolabirgðunum hafa verið seld 3193,39 tonn, sem kostuðu samtals kr. 90450,81 og er þar með talinn allur kostnaður við sölu og afhending kolanna.

Af kolum þessum hafa 1551,85 tonn verið seld einstökum mönnum í Reykjavík, en hitt sumpart gasstöðinni í Reykjavík og sumpart skipum, þar á meðal leiguskipi landsstjórnarinnar, »Hermod«, til Ameríkuferðar síðastliðið haust.

Við verðlagning og sölu kolanna hefir nefndin ekkert að athuga, en vill að eins benda á, að þrátt fyrir að svo lítur út sem nálægt 60 tonna (ca. 3,54%) rýrnun hafi orðið á, kolafarmi þeim, sem seldur var í smásölu hjer í Reykjavík, hefir landssjóður hagnast kr. 6,287,02 á kolasölunni allri.

Af kolabirgðunum er nú óselt 2,181,46 tonn, sem hafa kostað 96,080,65 eða rúmar 44 kr. pr. tonn. Eru 1,082,3 tonn af þessum kolum dýr skipskol, en hitt venjuleg kol til heimilisnotkunar. Sje ágóðinn af kolasölunni dreginn frá verði þeirra kola, sem landssjóður nú á, verður tonnverð þeirra til jafnaðar kr. 41,11. Má ætla að auðvelt sje að fá það verð fyrir þau, þó gert sje ráð fyrir nokkurri rýrnun, þegar þau verða vegin og seld.

II. Vörur frá Ameríku með e/s Hermod.

Í lok ágústmánaðar f. á. sendi landsstjórnin, með ráði velferðarnefndar, gufuskipið Hermod til Ameríku, til þess að sækja þangað ýmsar nauðsynjavörur.

Fór skipið til New-York og var þar keypt hveiti, hafragrjón, hrísgrjón, maísmjöl og kaffi. Auk þess 700 föt af steinolíu og lítilsháttar af »apótekara- og Röntgensvörum«.

Allar þessar vörur kostuðu í New-York kr. 302,946,38 en voru verðlagðar hjer heima með flutningskostnaði og öllum öðrum kostnaði, þar með talinn kostnaður við afhending og rýrnun varanna, kr. 401,222,92, sbr. fgskj. I, II.

Af vörum þessum fengu Færeyingar tæp 200 tonn og greiddu fyrir þær kr. 45,858,76. Fyrir »apótekara og Röntgensvörur« voru greiddar kr. 4,851,28 og steinolían var seld Fiskifjelagi Íslands fyrir kr. 19,561,30. Enn fremur kemur til frádráttar verði varanna: endurgreidd skipaleiga kr. 373,60. Hinar aðrar vörur voru kornvörur og kaffi fyrir samtals kr. 311,673,98, er alt var selt hjer á landi, nema 1 kaffisekkur fyrir kr. 91,20, sem var óseldur, þegar Stjórnarráðið samdi bráðabirgðaskilagreinina. Er listi yfir sölu þessara vara prentaður hjer á eftir sem flgskj. II. Af lista þessum má sjá, að selt hefir verið hjer á landi:

605$^{68}/_{80}$	tonn	hveiti og overheadmjöl.
112,295	—	hafragrjón (völsuð).
102,100	—	hrísgrjón.
157,432	—	maísmjöl og
39,300	—	kaffibaunir.

Af skjölum þeim, sem nefndin hefir haft til athugunar, verður ekki sjeð hvernig eða eftir hvaða reglum hinar einstöku vörutegundir hafa verið verðlagðar, enda hefir nefndinni ekki unnist tími til að athuga nógu nákvæmlega innkaupsverð hverrar einstakrar vöru. En á listanum, flgskj. II., sjest söluverðið.

Þá hefi nefndin athugað að af vörum þessum hefir verið flutt burt frá Reykjavík vörur fyrir kr. 217,791,08 og eru í því verði taldar kr. 6,182,05, sem kaupendurnir greiddu fyrir útskipun, flutning og vátrygging varanna. En afgangurinn, vörur fyrir kr. 93,882,90, voru seldar í Reykjavík, í Hafnarfjörð, á Seltjarnarnesi, Álftanesi, Kjalarnesi eða í Mosfellssveit. Má af þessu og afhendingabókunum ráða, að vörurnar hafa skifst sæmilega jafnt um land alt. Nefndin lítur svo á, að rjett hefði verið að jafna að minsta kosti meiri partinum af þessum kostnaði á vöruna alla og hefði vöruverðið þá hækkað um 1—2%.

Þess skal hjer getið, að kaupendurnir í Gullbringu, Kjósar, Árness- og Rangárvallasýslum, og ef til vill fleiri, tóku við vörunum hjer í Reykjavík. Jafnast flutningskostnaðurinn þá á færri kaupendur, en nefndin hefir ekki getað sjeð með vissu hve margir þeir eru.

Um verð Ameríkuvaranna er það segja, að nefndin hefir ekki haft ráðrúm til að afla sjer, til samanburðar, upplýsinga um vöruverð síðastliðið haust víðsvegar um land og Hagstofan hefir ekki getað gefið þessar upplýsingar. En eftir því sem vjer höfum komist næst, mun verð varanna hafa verið nokkru lægra en kaupmannaverð alment, á sama tíma, og sumstaðar var jafnvel mikill verðmunur. En í nokkrum kaupfjelögum mun þó verð á sumum þessum vörutegundum hafa verið heldur lægra. Aftur á móti er alment viðurkent að vörurnar hafi verið mjög góðar, jafnvel talsvert betri en menn hafa átt að venjast, og vegur það á móti hinu háa verði.

Eins og vikið er að hjer að framan, var það hræðslan við siglingateppu, sem kom stjórninni til þess að ráðast í þessi vörukaup frá Ameríku. Að vísu hefir ráðist sæmilega fram úr með siglingar til landsins fram á þennan dag, og er að vorri hyggju engin sjerstök ástæða til að óttast að siglingar muni hjer eftir teppast af völdum ófriðarins. En samt sem áður verðum vjer að telja vörukaupin heppileg.

Víðsvegar um land var hálfgerður vöruskortur og bættu Ameríkuvörurnar þar mikið úr skák. Verð varanna var það lágt, að það hjelt niðri verði kaupmanna, að minsta kosti sumstaðar í landinu. Loks var eins og áður er minst á, hveitið og hafragrjónin mjög góðar tegundir, mun betri en almenningur hjer á landi hefir átt að venjast og má vænta að með þessum kaupum myndist ný og heppileg sambönd, sjerstaklega um þessar vörur.

Eftir því sem nefndinni hefir verið skýrt frá, hefir nokkur rýrnun orðið á vörunum. Hefir ekki unnist tími til að rannsaka nákvæmlega hve mikil hún er, en vjer höfum getað sannfært oss um, að rýrnunin hefir ekki numið svo miklu, að nokkuð verulegt sje við hana að athuga. Og þrátt fyrir hana sýnir skilagrein Stjórnarráðsins (fgskj. I., II.) að nokkur hagnaður hefir verið á sölunni.

III. Salt.

Stjórnin var hrædd um síðastliðið haust að vanta mundi salt til kjötsöltunar og keypti því 92½ tonn af salti. Var salt þetta selt og tapaði landssjóður á því kr. 203,21, sambr. fskj. I., IV.

IV. Síldarmjöl.

Þá keypti stjórnin einnig síðastliðið haust 50 tonn af síldarmjöli til skepnufóðurs. Var mjölið selt hjer í Reykjavík með kr. 266,50 hagnaði fyrir landssjóð.

V. Hafragrjón.

Þegar e/s Gullfoss fór til New York í síðastliðnum aprílmánuði, keypti stjórnin þaðan 70 tonn af hafragrjónum. Kostuðu þau samtals kr. 14337,28 eða kr. 20,48 pr. 50 kg. og eru öll óseld enn þá. Þetta verð er hátt og litlar líkur til að grjónin seljist án taps fyrir landssjóð, sjerstaklega ef þau verða geymd lengi úr þessu. Telur nefndin því hyggilegast að selja þau sem fyrst.

VI. Sykur.

Þegar e/s »Hermod« var sent til Ameríku í fyrra haust, var ráðgert að kaupa þaðan sykur, þar eð stjórnin óttaðist, að sykur eigi mundi fást frá Þýskalandi. En það tókst eigi, að fá þar viðunandi samninga um sykurkaup, og varð því ekkert úr þeim að því sinni.

Til þess þó að eiga nokkurn sykurforða, ef innflutningur hindraðist, keypti stjórnin gegnum umboðsmann hjer í bæ 156,022 kg. af allskonar sykri, er kostaði að tolli og öllum öðrum kostnaði meðtöldum samtals kr. 79688,95 eða rúman 51 eyri hvert kg. Af sykri þessum var búið að selja, þegar bráðabirgðaskilagreinin var gerð samtals 38,546½ kg. fyrir kr. 21,731,41. Er þá óselt af sykrinum 117,475½ kg., sem hefir kostað landssjóð kr. 57,957,54 eða um 49⅓ eyri kg. Má ætla, að selja megi sykurinn án þess að tapa svo nokkru nemi á þeirri verslun allri.

Samandregið yfirlit yfir alla þessa verslun landsstjórnarinnar lítur þannig út:

Keyptar vörur:

1.	5364,85 tonn kol	kr.	186,531,46
2.	Hermods-vörur frá Ameríku	—	388,981,99
3.	92,5 tonn salt	—	5,038,91
4.	50 tonn síldarmjöl	—	7,733,50
5.	70 tonn hafragrjón með Gullfossi	—	14,337,28
6.	156 tonn sykur	—	79,686,95
	Kostnaðarverð samtals	kr.	682,312,09

Hagnaður við söluna:

1.	Á kolum	kr.	6,287,02
2.	- Hermods-vörum	—	12,240,93
3.	- síldarmjöli	—	266,50
	Hagnaður samtals	kr.	18,794,45
	Þar frá dregst tap við sölu á salti	—	203,21
	Hreinn gróði því	kr.	18,591,24

Oseldar vörur eru nú:

1.	2281,46 tonn kol	kr.	96,080,65
2.	1 sekkur kaffibaunir	—	91,20
3.	70 tonn hafragrjón	—	14,337,28
4.	117,475½ kg. sykur	—	57,957,54
	Vöruleifar þannig samtals	kr.	168,466,67

Loks skal þess getið, að um síðastliðin mánaðarmót var óinnheimt af vöruverðinu samtals kr. 11,515,47. Stendur því nær alt það fje hjá hreppum og bæjarfjelögum, og væntir nefndin, að fjárupphæðir þessar verði innheimtar mjög bráðlega án nokkurs kostnaðar eða affalla fyrir landssjóð.

Alþingi 14. sept. 1915.

Ólafur Briem, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari.

Guðm. Hannesson. Matth. Ólafsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgða-skilagrein

fyrir keyptum og seldum vörum fyrir landssjóðsreikning 1914—1915.

I. Kolafarmur með e/s »Hermod«.

Gjöld:

1.	1400 tons kol frá Bergen og fyrirfram greiðsla á skipsleigu	kr.	44992,37		
2.	Kolatollur í Reykjavík og Hafnarfirði	—	1159,00		
3.	Skipgjald í Reykjavík og Hafnarfirði	—	477,35		
4.	Hafnsögugjald	—	118,52		
5.	Uppskipun í Reykjavík	—	2622,79		
6.	Símskeytakostnaður	—	173,80		
7.	Ábyrgðargjald	—	262,50	kr.	49806,33
8.	Í Hafnarfirði: Uppskipun á 311,400 tons kol	—	420,39		
9.	—— Ýmisleg gjöld	—	234,95		
10.	—— Sölulaun á seldum kolum 5%	—	454,90		
11.	—— Undirvigt 27,084 tons 32/—	—	866,69	—	1976,93
				—	51783,26

Tekjur:

1.	Selt Gasstöð Reykjavíkur 828 tons á 30/—	kr.	25840,00		
2.	Sent til Hafnarfjarðar 311,400 tons 32/—	—	9964,80		
3.	»Hermod« eytt af farminum 261 tons á 30/—	—	7830,00		
4.	Mismunur: Fyrirfram greidd skipsleiga o. fl. yfirfærist á Ameríkuferð skipsins	—	9148,46	kr.	51783,26
				—	51783,26

II. Kornvörur og steinolía með e/s »Hermod« frá Ameríku:

Gjöld:

1.	Yfirfært frá Noregsferðinni samkv. framanrituðu	kr.	9148.46	
2.	Innkaupsverð á vörum keyptum frá Ameríku $ 80,357,13 á kr. 3,77	—	302946,38	
3.	Skipsútgjöld, skipsleiga, kol m. m.	—	43018,86	
4.	Tollur og vörutollur	—	14202,80	
5.	Símskeytakostnaður	—	1653,77	
6.	Uppskipun m. m.	—	2901,82	
7.	Húsaleiga	—	1842,09	
8.	Vátryggingar	—	7474,29	
9.	För sendimanna til New York	—	3783,78	
10.	Hafnargjald á Eyjafirði m. m.	—	115.37	
11.	Ýmislegar kostnaður greiddur af O. Friðgeirssyni kr. 7092,58 ÷ þar af endurgreitt af vörukaupendum — 6557,21	—	535,37	
12.	Borgað O. Friðgeirssyni í ómakslaun	—	1359,00	— 388981,99
	Ávinningur			— 12240,93
				kr. 401222,92

Tekjur:

1.	Farmgjald til New York:			
	a. fyrir ull	kr.	6904,00	
	b. fyrir síld	—	12000,00	kr. 18904,00
2.	Endurgreiðsla á skipsleigu			— 373,60
3.	Seldar vörur frá Ameríku:			
	a. kornvörur og kaffi			— 311582,78
	b. steinolía			— 19561,30
4.	Innborgað fyrir apotekara- og Röntgensvörur			— 4851,28
5.	Innborgað frá Færeyjum fyrir vörur			— 45858,76
	Óselt: 1 sk. kaffi 60 kg. á 1,52			— 91,20
				kr. 401222,92

III. Kolafarmur með e/s »Falkness«.

Gjöld:

1.	Keypt 1692 tons 11 cwt. kol c. i. f. Reykjavík	kr.	36066,58
2.	Kolatollur	—	1721,00
3.	Uppskipun	—	3251,45
4.	Þóknun til skipstjóra £ 10.-0-0 18,50	—	185,00
5.	Sala, útlát og keyrsla á kolum	—	2968,88

6.	Prentun og auglýsingar	—	54,60		
7.	Borgað O. Friðgeirssyni í ómakslaun	—	162,00	kr.	44409,51
	Ávinningur			—	6287,02
				kr.	50696,53

Tekjur:

1.	Selt af Stjórnarráðinu:				
	a. 68 tons kol 28,00	kr.	1836,00		
	b. 13 tons kol 27,00	—	364,00		
2.	Selt af O. Friðgeirssyni:				
	9699,049 skpd. kol 5,00	—	48496,53	—	50696,53

IV. Salt frá e/s »Magnhild«.

Gjöld:

1.	Keypt 92½ tons salt fyrir	kr.	4604,12		
2.	Vörutollur	—	46,50		
3.	Uppskipun	—	163,20		
4.	Húsaleiga	—	120,00		
5.	Kostnaður við útlát og sölu á saltinu	—	105,09	kr.	5038,91

Tekjur:

1.	Selt 89,550 tons salt 54,00	—	4835,70		
2.	Undirvigt og tap	—	203,21	—	5038,91

V. Síldarmjöl keypt á Eyjafirði.

Gjöld:

1.	Keypt 500 sk. síldarmjöl 100 kg.	kr.	7455,50		
2.	Uppskipun	—	200,00		
3.	Húsaleiga	—	50,00		
4.	Sölukostnaður	—	28,00	kr.	7733,50
	Ávinningur			—	266,00
				kr.	8000,00

Tekjur:

Seldir 500 sk. síldarmjöl 16,00	kr.	8000,00

VI. Kolafarmur með e/s »Magnhild«.

Gjöld:

1.	Keypt 1190 tons kol c. i. f. Reykjavík	kr.	32130,00	
2.	Kolatollur	—	1213,00	
3.	Þóknun til skipstjóra £ 7-0-0 18,50	—	129,50	
4.	Uppskipun	—	2825,07	
5.	Kostnaður við söluna	—	236,00	kr. 36533,57

Tekjur:

1.	Selt 90,840 tons 37,50	—	3406,50	
2.	Óseld kol fyrir	—	33127,07	— 36533,57

VII. Kolafarmur með e/s »Polly«.

Gjöld

1.	Keypt 1082,3 tons kol fyrir	kr.	24764,20	
2.	Farmgjald fyrir smálest £ 1-12-6	—	34383,28	
3.	Þóknun til skipstjóra	—	120,00	
4.	Kolatollur	—	1099,00	
5.	Uppskipun og bryggjuleiga	—	2587,10	kr. 62953,58

Tekjur:

Öll kolin óseld fyrir	—	62953,58

VIII. Hafragrjón með e/s»Gullfoss«.

Gjöld:

1.	Keyptir 700 sekkir hafragrjón 50 kg. með kostnaði samkv. reikningi O. Johnson & Kaaber	kr.	14251,32	
2.	Brunaábyrgðargjald	—	40,96	
3.	Flutningur af bryggju í hús	—	45,00	kr. 14337,28

Tekjur:

Alt óselt fyrir	—	14337,28

IX. Sykur keyptur c. i. f. Reykjavík af A. Obenhaupt.

1.	51,022 kg. toppasykur	kr.	19161,70	
	90000 — kassasykur	—	30382,00	

5000 — steyttur sykur	—	1543,00			
10000 — púðursykur	—	2906,00	kr.	53992,70	
2. Uppskipun, pokar og flutningur			—	701,55	
3. Tollur.....				23403,30	
4. Greidd húsaleiga			—	675,00	
5. Brunabótagjald.....			—	623,40	
6. Borgað O. Friðgeirssyni ómakslaun			—	293,00	kr. 79688.95

Tekjur:

Selt til 24. ágúst 1915:			
a. með upphaflegu verði:			
10766½ kg. toppasykur 0,57	kr.	6136,91	
605 — toppasykur (óhreinir molar) 0,40	—	242,00	
21900 kg. kassasykur 0,57	—	12483,00	
2400 — steyttur sykur 0,53	—	1272,00	
1300 — púðursykur 0,51	—	663,00	
b. með hækkuðu verði:			
200 kg. toppasykur 0,62	—	124,00	
775 kg. kassasykur 0,62	—	480,50	
400 kg. steyttur sykur 0,56	—	224,00	
200 kg. púðursykur 0,53	—	106,00	kr. 21731,41
Óseldur sykur fyrir			— 57957,54
			kr. 79688,95

Í Stjórnarráði Íslands, 28. ágúst 1915.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Fylgiskjal II.

Listi

yfir seldar Hermods-vörur frá Ameríku.

1914—15

		A. Með upphaflegu verði:	Kr. a.	Kr. a.
2101	Sk.	Pilsbury hveiti $^{18}/_{85}$	39,603,85	
1261	»	Echo hveiti $^{17}/_{65}$	22,256,65	
2430	»	Straights hveiti $^{17}/_{80}$	42,039,00	
1597	»	Vernal hveiti $^{15}/_{25}$...	24,354,25	
2822	»	Verana hveiti $^{10}/_{80}$	30,477,60	
2245,9	»	Völsuð hafragrjón $^{15}/_{80}$	34,362,27	
664	»	Hrísgrjón Rangvon $^{81}/_{00}$	20,584,00	
428	»	-- Amerísk $^{14}/_{00}$	5,992,00	
286	»	— Síam $^{14}/_{80}$	4,232,80	
1789	»	Maismjöl $^{17}/_{40}$	31,128,60	
645	»	Kaffibaunir á 60 kg. $^{1}/_{42}$, $^{85}/_{20}$	54,954,00	
			Kr. 309,985,02	
		Hjer frá dregst:		
		a. Bætt upp vigt á kaffi 27$^{1}/_{4}$ kg. $^{1}/_{42}$ Kr. 38,69		
		b. Afsláttur á 14 sk. af skemdu hveiti — 82,80	121,49	309,863,53
		B. Með hækkuðu verði:		
1	Sk.	Pilsbury hveiti	20,85	
26	»	Echo hveiti $^{19}/_{65}$	510,90	
19	»	Straights hveiti $^{19}/_{80}$	366,70	
9	»	Kaffi á 60 kg. á $^{1}/_{52}$, $^{91}/_{20}$	820,80	1,719,25
		Seldar kornvörur og kaffi fyrir samtals		311,582,78
		Hjer við bætist óselt:		
		1 sekkur kaffi á 60 kg. á $^{1}/_{52}$		91,20
			Samtals Kr.	311,673,98

S. E. & O.

Reykjavík 27. ágúst 1915.

O. Friðgeirsson.

Ed. **988. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þgskj. 979 (Dýralæknar).

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Í stað orðanna: »Breyting þessi gengur«, komi:
Ákvæði þessi ganga.

14. gr. B. IX. 2.

Sþ. **989. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 14. B. IX. 2.

Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka ... ... 200 — 200

gegn 1/8 af þessari upphæð annarstaðar frá.

16. gr. 1.

Sþ. **990. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni, Eggert Pálssyni og Sk. Thoroddsen.

Við 16. gr. 1. Á eftir liðnum komi nýr liður:

Til búnaðarfjelaga ... ... — 20000

Við úthlutun styrksins til búnaðarfjelaganna 1917 skal, auk jarðabótanna, er gerðar voru 1916, einnig taka tillit til jarðabóta þeirra, er gerðar hafa verið 1915, ef þær hafa verið mældar 1916, og skýrsla um þær send Stjórnarráðinu á venjulegum tíma það ár.

Ed. **991. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana (þgskj. 981).

Nefnd sú, er máli þessu var í gærkveldi vísað til, skýrir hjer frá þeirri niðurstöðu, er hún hefir komist að.

Meiri hlutinn (B. Þ., Kr. D. og Stgr. J.) telja frumvarpið óþarft og leggja á móti því, að það fái fram að ganga. En um hina 2 nefndarmennina er það að segja, að annar þeirra (H. Kr.) er óákveðinn og hefir óbundið atkvæði um málið, en hinn (K. E.) telur frumvarpið vera til bóta, og er því hlyntur, að það verði samþykt.

Efri deild Alþingis 14. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, form. Björn Þorláksson, skrifari.

Steingrímur Jónsson. Hákon J. Kristófersson.

Karl Einarsson.

Ed. **992. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bráðabirgðaverðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum (þingskj. 956).

Nefndin, sem fjekk þetta mál til íhugunar, hefir haft að eins örskamman tíma, til að ráða ráðum sínum um það, og hefir niðurstaðan orðið þessi:

Einn nefndarmanna (H. Kr.) leggur gegn því að frumvarpið verði látið ganga fram.

Tveir nefndarmanna (B. Þ. og Stgr. J.) ráða eindregið til þess, að frumvarpið verði samþykt óbreytt með öllu. Og tveir aðrir nefndarmanna (K. E. og Kr. D.) eru því meðmæltir að frumvarpið verði gert að lögum, þó með þeirri breytingu, að af 10 fyrstu afurðaliðum 3. greinar, verði goldinn að eins einn af hundraði.

Efri deild Alþingis, 14. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, form. Björn Þorláksson, skrifari.

Hákon J. Kristófersson. Steingrímur Jónsson.

Karl Einarsson.

Ed. **993. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á toll-lögum nr. 54, 11. júlí 1911 (þgskj. 641).

Nefndin, er kosin var í þetta mál, sér ekki fært að leggja til þess, að það fái fram að ganga. Hér er að ræða um svo mikla tolllækkun og tekjumissi fyrir landssjóð, að hann mundi alls ekki mega við því.

Nefndin ræður því frá því, að frumvarpið verði samþykt.

Efri deild Alþingis, 14. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, form. — Björn Þorláksson, skrifari.

Hákon J. Kristófersson. — Steingrímur Jónsson.

Karl Einarsson.

Ed. **994. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30, 22. okt 1912 um vörutoll (þgskj. 640).

Tolllækkun sú, er frumvarp þetta fer fram á, er svo óveruleg, að engan mundi draga. Fyrir því vill nefndin, er fjekk það til meðferðar, ekki ráða til þess, að það verði gert að lögum.

Efri deild Alþingis, 14. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson, formaður. — Björn Þorláksson, skrifari.

Hákon J. Kristófersson. — Steingrímur Jónsson.

Karl Einarsson.

Ed. **995. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um bráðabirgðaverðhækkun á útfluttum, íslenskum, afurðum (þgskj. 956).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 4. gr.:

Fyrir orðin »Gjaldið er 3 af — — — — hluta vöruverðsins« komi:

Af vörum þeim, sem taldar eru í 1.—10. lið 3. greinar, er gjaldið 1 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta söluverðsins, en 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðs af vörum þeim, sem taldar eru í 11.—21. lið sömu greinar.

2. Fyrir »Skal það greitt« komi:
Gjaldið skal greitt.

Nd. **996. Frumvarp**

til laga um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðingafjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Ákvæði þessi ganga í gildi, þegar dýralæknar verða skipaðir í Austfirðingafjórðung og Vestfirðingafjórðung.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.

13. gr. B. VII.

Sþ. **997. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sig. Eggerz og Einari Jónssyni.

Við 13. gr. B. VII.

Á eftir liðnum komi nýr liður svohljóðandi:

Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi ... ... — 78,000.

Reynist fjárhagur örðugur vegna ófriðarins, má fresta framkvæmd verksins.

Ed. **998. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðursýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **999. LÖG**

um fasteignamat.

(Afgreidd frá Nd. 14. september).

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta mat eftir lögum þessum skal fara fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef fasteign verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum fasteignum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af fasteigninni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma og virðingar til lántöku og veðsetningar. Fasteignir skulu metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hverrar eignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skulu hreppstjórar í sveitum og bæjarfógetar í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skal rita á eyðublöð, er Stjórnarráðið segir fyrir um og lætur prenta, og skulu þær sendar formanni fasteignamatsnefndar fyrir lok marsmánaðar það ár, sem matið á fram að fara, og skulu þær fylgja matsgerðunum.

Ef að fasteignamatsnefnd æskir þess, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum skylt að láta henni í tje allar þær skýringar, sem kostur er á, til leiðbeiningar við mat fasteigna.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús, og afskift tún og engi, metin út af fyrir sig, hvort sem jörðin hefir áður talist lögbýli eða hjáleiga. Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker sýslumaður úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum úttektarmanna hreppsins.

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema legið hafi að fullu og öllu í síðustu fimtíu ár undir aðra jörð.

5. gr.

Með hverri jarðeign skal meta sjerstaklega hús þau, er á henni standa, hvort heldur þau eru eign landeiganda eða annara, og mannvirki þau og umbætur, er gerð hafa verið á eigninni síðustu 10 árin. Sömuleiðis skal meta allskonar hlunnindi jarða og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef, er jörðinni fylgja, afhent matsnefndinni í staðfestu eftirriti eða frumriti, og skulu þau síðan látin fylgja matsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum skal meta svo, að húsin sje metin sjer í lagi og lóð sú og mannvirki, er hverri húseign fylgir, sjer í lagi.

Enn fremur skal meta sjerstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignarrjettindi, sem ekki fylgja neinni jörð eða húseign.

7. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa í fám orðum, og skal ákveða hana svo skýrt, að eigi sje um að villast hver hún er; nafngreina skal eiganda hennar og notanda. Þegar mat fer fram í fyrsta sinn, skal tilgreina landamerki í matsgjörðinni.

9. gr.

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts. sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum, skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir.

10. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í fasteignamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa 3 varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, er settar verða í reglugjörð um fasteignamat.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirmatsnefnd. Í kaupstöðum skipar Stjórnarráðið formann yfirmatsnefndar og 2 aðra nefndarmenn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og tveir menn, er Stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmenn, er taki sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir reglum þeim, sem settar eru í reglugjörð þeirri, er að framan getur.

11. gr.

Sami maður má eigi sitja í fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd. Yfirmatsnefndarmenn, aðrir en formenn, utan kaupstaða, skulu skipaðir æfilangt. Matsnefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig, að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en

starfstími hans er liðinn, tekur varamaður sæti í nefndinni þann tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem verið hefir 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun af nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka á móti nefndarskipun.

12. gr.

Hver sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 5 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

13. gr.

Fasteignamat og yfirmat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur, og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí, í fyrsta sinni 1918. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirmatsnefndar.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur til að gefa matsmönnum allar þær upplýsingar um fasteignina, er þeim þykir nauðsynlegar. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á fasteignina, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni yfirmatsnefndar fyrir 31. dag ágústmánaðar. Innan sama tíma er hverjum eiganda heimilt að kæra yfir mati á öðrum fasteignum. Yfirmatsnefnd fellir úrskurð um kæruna, að fengnu áliti fasteignamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

15. gr.

Yfirmatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna í umdæmi sínu, og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan, að fengnum tillögum fasteignamatsnefndar, lagfæra matið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan októbermánaðarloka skal formaður yfirmatsnefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

16. gr.

Samkvæmt matsgjörðum fasteignamatsnefnda með þeim breytingum, er á matinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirmatsnefnda, lætur landsstjórnin semja fasteignabók fyrir alt landið. Gildir hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1920 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af Stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær,

sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

17. gr.

Allan matskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um 1/10 eða meira.

18. gr.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Nd. 1000. LÖG

um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 14. september).

1. gr.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:
»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.
Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:
Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en 1/3 af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 6 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:
800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
höfn.
Aftan við sömu grein bætist:
með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:

Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi: kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«, komi:
eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:
800 þúsund kr.
Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.
Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:
Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús . . . . . tilkall til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.

13. gr. B. III. 4.

Sþ. 1001. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 13. gr. B. III. 4.

Á eftir liðnum komi nýr liður:
Öxnadalsvegur ... ... — 3000.

Ed. **1002. LÖG**

um sölu á steinolíu, bensíni og áburðarolíu.

(Afgreidd frá Ed. 14. september).

1. grein.

Steinolíu, bensín og áburðarolíu skal selja eftir vigt.

2. grein.

Á hverju íláti, sem inniheldur steinolíu, bensín eða áburðarolíu skal vera merkt:

a. nafn firma þess, fjelags eða einstaks manns, er vöruna selur;
b. nafn tegundarinnar, sem ílátið inniheldur;
c. þyngd ílátsins með innihaldi (Bruttó-vigt);
d. þyngd innihaldsins (Nettó-vigt);
e. tala (númer) ílátsins.

Þessi ákvæði ná þó eigi til smásölu, þótt seljandi leggi til ílát eða selji þau með vörunni.

3. grein.

Hverjum sölureikningi skal fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreint er:

1. tala (númer) ílátsins;
2. nafn tegundar;
8. þyngd ílátsins með innihaldi;
4. þyngd ílátsins (sjálfs);
5. þyngd innihaldsins.

4. grein.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., er renna í landssjóð.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Ed. **1003. LÖG**

um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 14. september).

Annar málsliður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Nd. **1004. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 13. september.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Till. til þingsál. um undirbúning rannsókna á kolanámum á Íslandi á þgskj. 852).

Í trausti þess, að stjórnin leiti upplýsinga um það, ef unt er, hvað kosta muni ítarleg rannsókn á surtarbrandsnámum hjer á landi, og leggi þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **1005. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum íslenskum afurðum.

Frá Karli Finnbogasyni.

Við 3. gr. 7.

Fyrir: »36,00« komi:
46,00.

12. gr. 15. h.

Sþ. **1006. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 12. gr.

Við 15. tölulið, aftan við stafliðinn h., komi nýr liður:

Styrkur upp í kostnað við dvöl sjúklingsins Oddnýjar Pálsdóttur frá Hjálmstöðum á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn ... 350 — 350

Nd. **1007. Tillaga**

til þingsályktunar um ábyrgðarfjelög.

Flutningsmaður: Sveinn Björnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að rannsaka möguleika á því að koma á innlendum ábyrgðarfjelögum, þar á meðal lífsábyrgðarfjelagi, slysaábyrgðarfjelagi og sjóábyrgðarfjelagi, og undirbúa mál þessi undir næsta þing, að því er hún telur fært.

Ed. **1008. LÖG**

um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

(Afgreidd frá Ed. 14. september).

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum:

Nr. 16, 4. nóvember 1881,
— 10, 13. apríl 1894,
— 8, 6. mars 1896,
— 11, 31. júlí 1907 og
— 31, 22. október 1912

skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum, svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (Cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, síld, smjöri, ull, saltkjöti, kindargærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæti, og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	Á hverjum 100 kg af fullverkuðum þorski	kr.	58,00
2.	» » 100 » » » smáfiski	—	52,00
3.	» » 100 » » fullverkaðri ýsu	—	46,00
4.	» » 100 » » » löngu	—	55,00
5.	» » 100 » » » keilu	—	37,00
6.	Á hverjum 100 » » fullverkuðum upsa	—	30,00
7.	» » 100 » » » Labradorfiski	—	36,00
8.	» » 100 » » » harðfiski...	—	72,00
9.	» » 100 » » » blautfiski í ís eða frystu	—	20,00
10.	Á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.		
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af síld	—	20,00
12.	» » » (105 kg) af meðalalýsi	—	70,00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi	—	30,00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti...	—	78,00
15.	» hverju kg af þveginni, hvítri vorull	—	2,00
16.	» » » » annari ull	—	1,30
17.	» » » » á hverju kg. af smjöri	—	2,00
18.	Á hverju kg af sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum)	—	1,00
19.	Á hverju selskinni	—	5,00
20.	» sauðkindum á fæti, hvert kg í lifandi þyngd á	—	0,40
21.	» hverju hrossi	—	120,00

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins. Skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings. er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt, eða til umskipunar í annari höfn innanlands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2%. Skal gjaldið greiðast í peningum, eða í ávísunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir á stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.) er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit, eða staðfest endurrit, af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann

og skyldur til að gefa skriflegt vottorð, að viðlagðri æru og samvisku, um vörumagnið, og ef varan er þegar seld, um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sje sagt til vörutegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt frá höfn.

Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld, eða sá er sendir veit ekki söluverðið, eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörutegundum samtímis, og þó eigi lægra. Geti sá er gjaldið greiðir, innan 6 mánaða sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það, er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Nú hefir útflytjandi keypt af framleiðanda og selt aftur, eina eða fleiri af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í 3. gr., áður en lög þessi öðlast gildi, en er ekki búinn að senda þær frá sjer, eða taka á móti þeim frá framleiðanda, og á útflytjandi þá rjett á að draga frá kaupverðinu verðhækkunartoll þann, sem lög þessi gera ráð fyrir, að rjettu hlutfalli við verð það, er hann hefir keypt vöruna fyrir. Ef um fob sölu er að ræða gilda sömu reglur, sem um annað útflutningsgjald, ef ekki er öðru vísi um samið.

8. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nóv. 1914.

9. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda til jafnlengdar 1917.

Nd. 1009. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um dýralækna.

Hátttv. Ed. hefir ekki gert aðrar breytingar á frv., en að ákvæði þess um fjölgun dýralækna, gangi þá fyrst í gildi, er dýralæknar verða skipaðir í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungi. Meiri hluti nefndarinnar telur þessa

breytingu að engu leyti spilla frv., og ræður deildinni til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 15. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf. Björn Hallsson.

Bjarni Jónsson, frá Vogi. Sigurður Sigurðsson. Jóhann Eyjólfsson.

Nd. **1010. LÖG**

um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 15. september).

1. gr.

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðingafjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Ákvæði þessi ganga í gildi, þegar dýralæknar verða skipaðir í Austfirðingafjórðung og Vestfirðingafjórðung.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.

Nd. **1011. Þingsályktun**

um ábyrgðarfjelög.

(Samþykt í Nd. 15. september).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að rannsaka möguleika á því að koma á innlendum ábyrgðarfjelögum, þar á meðal lífsábyrgðarfjelagi, slysaábyrgðarfjelagi og sjóábyrgðarfjelagi, og undirbúa mál þessi undir næsta þing, að því er hún telur fært.

Nd. **1012. Þingsályktun**

um mæli og vog.

(Afgreidd frá Nd. 15. september).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um rjettingu (löggildingu) og mótmerkingu (Justering) á mæli og vog, og um rannsókn á og eftirlit með mæli og vog í landinu.

Ed. **1013. LÖG**

um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 15. september).

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal greint:

1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000 kr., 20% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500 kr., 15% af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000 kr., skulu fá 10% af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20% af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 kr. skulu fá 10% af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5% af launahæðinni.

4. gr.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi þeim, er jafnframt lifa af framleiðslu, hvort sem hún er af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, verslun eða annari atvinnu.

Nú hefir maður á hendi embætti eða sýslan í sambandi við önnur störf, er tekjur gefa, svo sem bókmentastarfsemi, málaflutning, lækningar, kenslu, búðarstörf o. s. frv., eða hann nýtur styrks úr opinberum eða einkasjóðum eða öðru slíku, og fær hann þá eigi dýrtíðaruppbót, nema tekjur hans samanlagðar verði eigi hærri en svo, að dýrtíðaruppbót fylgi þeim samkvæmt lögum þessum.

Embættismenn þeir eða sýslunar, er aukatekjur hafa af embætti sínu eða sýslun, eða því fylgir ókeypis húsnæði, eldsneyti, ljósmeti eða önnur slík hlunnindi, fá því að eins dýrtíðaruppbót, ef launin samanlögð við hlunnindi þessi, metin til peninga, ná eigi þeirri upphæð, er útiloki dýrtíðaruppbót samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú gegnir maður fleirum embættum eða sýslunum í senn, og skal þá leggja saman laun og hlunnindi, er báðum eða öllum fylgja, enda verður þá engin dýrtíðaruppbót veitt, nema samanlagðar tekjur af stöðunum nái eigi þeirri upphæð, er dýrtíðaruppbót útiloki samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú hefir kona embættis- eða sýslunarmanns tekjur, af hverju sem er, og skulu þær lagðar við tekjur bónda, og dýrtíðaruppbót til þess heimilis reiknast eftir samanlagðri tekjuupphæðinni.

Nú gegnir kona embætti eða sýslan, og koma þá tekjur bónda hennar á sama hátt til greina, er reikna skal dýrtíðaruppbót handa henni.

5. gr.

Dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum kemur eigi til álita, er rei kn skal biðlaun eða eftirlaun embættismanna.

6. gr.

Meðal starfsmanna landssímans og talsíma þeirra, er landssjóður rekur, skal Stjórnarráðið, eftir tillögum landssímastjóra, skifta upphæð, er nemi 16% af samanlögðum launum þeirra, er hafa alt að 1800 kr. í árslaun. Aðrir símamenn landsins fá uppbót eftir 2. og 3. gr. laga þessara.

7. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar öll mál, er í lögum þessum greinir, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess mánaðar, er næstur kemur eftir að þau hafa fengið staðfestingu konungs.

Ed. **1014. LÖG**

um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 15. september).

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Sþ. **1015. FJÁRLÖG**

fyrir árin 1916 og 1917.

(Afgreidd frá Sþ. 15. september).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1916 og 1917 er ætlast til, að tekjur landsins verði 4,208,200 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 3,733,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	54,000	54,000	108,000
2. Húsaskattur	14,000	14,000	28,000
3. Tekjuskattur	32,000	32,000	64,000
4. Aukatekjur	75,000	75,000	150,000
5. Erfðafjárskattur	4,500	4,500	9,000
6. Vitagjald	50,000	50,000	100,000
7. Leyfisbrjefagjöld	6,500	6,500	13,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	25,000	25,000	50,000
10. Tóbakstollur	210,000	210,000	420,000
11. Kaffi- og sykurtollur	500,000	500,000	1,000,000
12. Vörutollur	325,000	375,000	700,000
13. Annað aðflutningsgjald	32,000	32,000	64,000
14. Pósttekjur	125,000	125,000	250,000
15. Símatekjur	195,000	205,000	400,000
16. Tekjur af Íslandsbanka á ári kr. 11,000 — — Landsbankanum á ári kr. 7,500	18,500	18,500	37,000
17. Óvissar tekjur	20,000	20,000	40,000
Samtals	1,836,500	1,896,500	3,733,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 56,200 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls ...	15,000	15,000	30,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	3,000	3,000	6,000
4. Tekjur frá Ræktunarsjóði Íslands	10,000	10,000	20,000
Samtals...	28,100	28,100	56,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 283,400 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . ... Af eftirstöðvum símaláns Búðarhrepps í Suður-Múlasýslu, úr viðlagasjóði, falli 1500 kr. niður.	52,000	49,500	101,500
2. Leigur af innritunarskírteinum landssjóðs ...	11,475	11,475	22,950
3. Leigur af bankavaxtabrjefum 1. og 2. deildar kr. 110,000...	4,950	4,950	9,900
4. Leigur af bankavaxtabrjefum keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	45,000	44,050	89,050
5. Væntanl. útdregin bankavaxtabrjef 3. flokks	15,000	15,000	30,000
6. Vextir af innstæðum í bönkum	3,000	3,000	6,000
7. Ágóði landssjóðs af innskotsfje í Landsbankanum samkv. l. nr. 50, 10. nóv. 1913 áætlað 4% eða...	10,000	14,000	24,000
Samtals...	141,425	141,975	283,400

5. gr.

Ymislegar greiðslur og endurgjöld teljast 15,600 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38, hvort árið, til túnasljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 6 dagsláttur á þessum 2 árum.	1,800	1,800	3,600
Flyt...	1,800	1,800	3,600

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	1,800	1,800	3,600
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	1,000	1,000	2,000
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur. ...	5,000	5,000	10,000
Samtals...	7,800	7,800	15,600

6. gr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

II. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1916 og 1917 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 4,496,169 kr. 42 au.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast 491,221 kr. 12 a.

	1916.	1917.	Alls.
I. Vextir:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. 4% lán úr ríkissjóði Danmerkur kr. 500,000 tekið 1908 til 15 ára, til símalagningar	11,666,66	10,333,34	
2. 4½% lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1,500,000 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	52,440,38	50,187,56	
3. 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Khöfn kr. 250,000 tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	10,218,75	9,843,75	
4. 4½% lán hjá dönskum bönkum kr. 500,000 tekið 1912 til 15 ára vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	18,000	16,500	
Flyt...	92,325,79	86,864,65	

	1916.	1917.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	92,325,79	86,864,65	
5. Ritsímalánið 1913 4½% og endurborgun á 30 árum tekið hjá stóra norræna ritsímafjelaginu...	21,653,23	21,249,04	
6. Viðskiftagjald af láni til að kaupa ritsíma Reykjavíkur	480,00	480,00	
	114,459,02	108,593,69	223,052,71
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908	33,333,33	33,333,34	
2. — — — 1909	50,000,00	50,000,00	
3. — — — 1912	8,333,33	8,333,33	
4. — — — 1912	33,333,34	33,333,33	
5. — — — 1913	8,882,11	9,286,30	
	133,882,11	134,286,30	268,168,41
Samtals...	.....	.....	491,221,12

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 117,000 kr.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra:			
a. Laun... 8,000			
b. Til risnu 2,000			
	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	3,000	3,000	6,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	22,000	22,000	44,000
6. Til landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að...	5,500	5,500	11,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum...	1,500	1,500	3,000
Samtals...	58,500	58,500	117,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 75,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 3,600 kr., alls 78,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. eru veittar 302,340 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:					
1. Laun:					
a. Til dómara og sýslumanna.			67,300	67,300	
b. Til hreppstjóra...			8,000	8,000	
2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...			1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður...			5,195	5,195	
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.			5,100	5,100	
			86,995	86,995	173,990
B. Ýmisleg útgjöld.					
1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi:					
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	450	450			
b. Til pappírs og prentunar..	6,000	6,000			
c. Til kostnaðar við sending með póstum	1,200	1,200			
d. Fyrir samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin 1904—1915, alt að	500				
			8,150	7,650	
2. Hagstofa Íslands:					
a. Laun hagstofustjóra.. ...	3,000	3,000			
b. — aðstoðarmanns ...	2,500	2,500			
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	3,500	3,500			
d. Prentun eyðublaða ...	1,000	1,000			
e. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	800	800			
f. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	800	800			
g. Til útgáfu bókar, á erlendu máli, um landshagi, alt að	1,000				
			12,600	11,600	
3. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef ..	6,000	6,000			
Flyt...	6,000	6,000	20,750	19,250	173,990

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	6,000 6,000	20,750	19,250	173,990
	b. Endurgjald handa embættismönnum fyrir embættissímskeyti eða samtöl	8,000 8,000			
			14,000	14,000	
4.	Brunaábyrgðar- sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar..		4,000	4,000	
5.	Til embættiseftirlitsferða		2,000	2,000	
6.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum		300	300	
7.	Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga ... ... gegn þriðjungs framlagi frá þeim, er óska strandgæslu og njóta hennar.		10,000	10,000	
8.	Til lögreglueftirlits um síldveiðatímann ...		1,000	1,000	
9.	Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...		200	200	
10.	Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 ... ... Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.		12,000	12,000	
11.	Til að útvega peningaskápa handa sýslumannsembættunum í Stranda-,Snæfellsness-, Dala-, Skaptafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslu.. ... ... Þar sem fast sýslumannssetur er, skulu skáparnir vera uppmúraðir.		1,350	.....	
			65,600	62,750	128,350
	Samtals...		.....	.....	302,340

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 446,155 kr. 80 aurar.

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	81,200	81,200	162,400
2. Styrkur til hreppsbúa í Bæjarhreppi og í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis til hvors hrepps 300 kr..	600	600	1,200
Styrkurinn greiðist hreppsnefndunum, en þegar læknir verður skipaður í Reykjarfjarðarhjerað greiðist honum styrkur Árneshrepps, sem persónuleg launaviðbót.			
3. Styrkur til hreppsbúanna í Bolungarvíkurverslunarstað og í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hólshreppi.			
4. Styrkur til hreppsbúa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, til þess að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni og fellur burt, þegar læknir er skipaður eða settur í Hróarstunguhjerað.			
5. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
Styrkveitingarnar í 2.—5. lið, eru ennfremur bundnar því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein fyrir því, á hvern hátt styrknum er varið.			
6. a. Styrkur til augnlæknis Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustaða eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
7. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	85,500	85,500	171,000

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	85,500	85,500	171,000
8.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...		1,000	1,000	2,000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.				
9.	Styrkur til Jóns Kristjánssonar læknis til þess að setja á stofn gigtlækningastofu, helming stofnkostnaðar, alt að		3,500	.....	3,500
10.	Holdsveikisspítalinn...		59,821,40	37,521,40	97,342,80
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	1. Laun... ... ... Þaraf 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.	6,000	6,000		
	2. Viðurværi 76 m. ...	16,921,40	16,921,40		
	3. Klæðnaður...	1,400	1,400		
	4. Meðul og sáraumbúðir	1,800	1,800		
	5. Eldsneyti	4,500	4,500		
	6. Ljósmeti	700	700		
	7. Húsbúnaður og áhöld	1,500	1,200		
	8. Viðhald á húsum ...	1,500	1,500		
	9. Þvottur og ræsting...	800	800		
	10. Greftrunarkostnaður..	200	200		
	11. Skemtanir...	400	400		
	12. Skattar o. fl.... ...	1,300	1,300		
	13. Ýmisl. útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey ... ———	800	800		
	14. Til að setja upp miðstöðvarhitun í spítalanum...	22,000			
		59,821,40	37,521,40		
		Flyt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80

			1916.	1917.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Flutt...	149,821,40	124,021,40	273,842,80
11.	Geðveikrahælið á Kleppi.		25,856,50	25,856,50	51,713
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:				
	A. Laun læknis	2,700			
	B. Önnur útgjöld:				
	1. Kaup starfsmanna	3,950			
	2. Viðurværi 86 manns 60 a. á dag	18,834			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,950			
	4. Meðul og umbúðir	500			
	5. Ljós og hiti...	4,800			
	6. Viðhald og áhöld..	3,200			
	7. Þvottur og ræsting	1,000			
	8. Skemtanir	350			
	9. Skattar m. m.	1,000			
	10. Óviss útgjöld	800			
		39,084			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 63 sjúklingum 50 a. á dag	11,497,50			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu.. ...	1,000	13,227,50		
		Mismunur...	25,856,50		
12.	Til undirbúnings viðbótarbyggingar við geðveikrahælið		5,000	5,000	10,000
13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum, tillag..		35,000	35,000	70,000
14.	Til þess að byggja fjós, hlöðu o. fl. á Vífilsstöðum		8,000	.....	8,000
15.	Önnur útgjöld:				
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla... ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hjerað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,200			
		Flyt... 4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80

		1916.	1917.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt...	4,200	223,677,90	189,877,90	413,555,80
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 3,000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs	3,000			
c. Bólusetningarkostnaður..	1,000			
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	4,000			
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
f. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar..	1,500			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 150 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
Heimilt er stjórnarráðinu í þetta sinn eftir tillögum læknadeildar Háskólans að veita einum af kennurum læknadeildar 500 kr. af styrk þessum til utanfarar.				
g. Styrkur til sjúkrasamlaga	600			
h. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis alt að ...	1,000	16,300	16,300	32,600
Samtals...		239,977,90	206,177,90	446,155,80

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,408,900 kr.

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	A. Póstmál.				
1.	Laun:				
	a. Póstmeistara	4,000			
	b. 1. Póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavik	7,600			
	2. Póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	24,200			
	c. Brjefhirðingarmanna	8,620			
			44,420	44,420	
2.	Póstflutningur ... ... Af póstflutningafjenu má verja alt að 8,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.		68,000	68,000	
3.	Annar kostnaður:				
	a. Skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi, alt að	9,500			
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafgreiðslumanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði, alt að	3,000			
	c. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur	2,500			
	d. Önnur gjöld	9,000			
			24,000	24,000	
			136,420	136,420	272,840
	B. Vegabætur.				
I.	Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
1.	Verkfræðingur landsins:				
	a. Laun	3,600	3,600		
	b. Persónuleg launaviðbót til núverandi landsverkfræðings.	400	400		
	Flyt...	4,000	4,000	.....	.....	272,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	4,000 4,000	.....	.....	272,840
	c. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	500 500			
2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna og mælinga, alt að	4,000 4,300			
	Verkfræðingur landsins og aðstoðarmenn hafi einnig á hendi undirbúning og framkvæmd vatnsvirkja eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þegar um ræktunarvatnsvirkjafyrirtæki er að ræða. Sbr. 16. gr. 3.				
3.	Skrifstofukostnaður	900 700			
4.	Til eftirlits með vegaviðhaldi	200 200	9,600	9,700	
II.	Flutningabrautir:				
1.	Borgarfjarðarbraut ...	2,000			
2.	Húnvetningabraut	25,000 15,000			
3.	Skagfirðingabraut	» 10,000			
4.	Eyjafjarðarbraut	» 2,000			
5.	Reykjadalsbraut	5,000			
6.	Grímsnesbraut	10,000 15,000			
7.	Viðhald flutningabrauta	11,000 11,000	53,000	53,000	
III.	Þjóðvegir:				
1.	Stykkishólmsvegur ...	8,000 4,000			
2.	Milli Hvítár og Örnólfsdalsár	4,000 »			
3.	Frá Gljúfurá upp Norðurárdal	» 10,000			
4.	Langadalsvegur í Húnavatnssýslu	7,000 »			
5.	Öxnadalsvegur	» 3,000			
6.	Brú á Djúpá í Ljósavatnsskarði	3,000			
	Flyt...	22,000 17,000	62,600	62,700	272,840

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	22,000 17,000	62,600	62,700	272,840
7.	Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu	» 3,900			
8.	Hróarstunguvegur	7,000 7,000			
9.	Aðrar vegabætur og viðhald	16,000 16,000			
			45,000	43,900	
IV.	Fjallvegir.		4,000	4,000	
V.	Til áhalda		2,000	2,000	
VI.	Tillög til akfærra sýsluvega alt að... ... gegn að minsta kosti jafn miklu tillagi annarstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, er stjórnarráðið setur í reglugerð.		18,000	18,000	
VII.	Til brúar á Austur-Hjeraðsvötn .. ... gegn 10000 kr. tillagi úr sýslusjóði.		25,000	.....	
VIII.	Til brúar á Miðfjarðará í Skeggjastaðahreppi ... ... gegn því sem til vantar annarsstaðar frá.		7,000	.....	
IX.	Til brúar á Ólafsfjarðarós alt að ... ... Þó ekki yfir 1/4 kostnaðar.		1,000	.....	
X.	Til steinsteypubrúar á Hamarsá á Vatnsnesi 1/4 kostnaðar alt að		1,200	.....	
XI.	Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum ...		300	300	
XII.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti		300	300	
XIII.	Til dragferju á Skjálfandafljóti hjá Bergstaðaeyju.. ... ... gegn því er til vantar annarsstaðar frá.		.....	800	
XIV.	Brú á Ljá (endurveiting) ... ... Landsstjórninni heimilast að færa fjárveitingar fyrra ársins til brúargerða, á síðara árið, og sömuleiðis að fresta brúargerðum á fjárhagstímabilinu algerlega, eða nokkrum brúm, ef örðugleikar verða á að fá efni vegna dýrleika.		3,000	.....	
			169,400	132,000	301,400
	C.				
I.	Til strandferða..		75,000	75,000	
II.	Til Eimskipafjelags Íslands		40,000	40,000	
		Flyt...	115,000	115,000	574,240

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	115,000	115,000	574,240
III. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum			
1. Til Faxaflóabáts... 12,000			
2. Til Breiðafjarðarbáta alt að ... 12,000			
Strandferðaskipum Eimskipafjelags Íslands er eigi skylt að koma oftar en tvisvar á ári, vor og haust, á Hvammsfjörð og Gilsfjörð.			
3. Til bátaferða á Ísafjarðardjúpi 5,000			
4. Til Eyjafjarðarbáts 3,500			
Sá bátur gangi um Eyjafjörð og til Húsavíkur og Flateyjar á Skjálfanda.			
5. Til bátaferða milli Vestmannaeyja og lands:			
a. Milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar 5,000			
Þessum styrk skal skift, svo að bátur til Víkur fái 3000 kr., en bátur til Stokkseyrar 2000 kr., nema hjeraðsstjórnirnar komi sjer saman um sameiginlegan bát.			
b. Milli Vestmannaeyja og Rangársands 1,200			
6. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði alt að 600			
7. Til vjelbátsferða til Hvalfjarðar alt að 400			
8. Til vjelbátsferða á Lagarfljóti alt að 300			
9. Til vjelbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu alt að. 400			
10. Til vjelbátsferða milli Patreksfjarðar og Rauðasands 300			
	40,700	40,700	
Styrkir þessir veitast með þeim skilyrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeraðsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
Flyt...	155,700	155,700	574,240

	1916.	1917.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	155,700	155,700	574,240
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólksflutning og vöruflutning. d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölulið 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeraðsstjórn síðar felst á.			
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meira fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrurskostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, og að eyðublöð, sem það lætur í tje, verði rjett út fylt.			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti fjórði hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir lið C. III, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dagbók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferðabátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
	155,700	155,700	311,400
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)...	35,000	35,000	
II. Til rannsóknar símaleiða, þar á meðal á símaleiðinni milli Steingrímsfjarðar og Reykjarfjarðar, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til að fjölga notendalínum á þeim stöðum, sem landssíminn á innanbæjarkerfi: Hafnar-			
Flyt...	35,000	35,000	885,640

			1916	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	35,000	35,000	885,640
	firði, Vestmannaeyjum, Ísafirði, Akureyri, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Eskifirði, og til stofnunar nýrra stöðva á eldri línum o. fl.		7,500	7,500	
III.	Til byggingar nýrra lína samkvæmt 4. gr. sbr. 7. gr. l. nr. 35, 20. okt. 1913 ... ... enda sje gætt skilyrða laganna um fjárframlög hjeraðanna.		50,000	50,000	
	Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum, að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.				
IV.	Til starfrækslu landsímanna m. m.:				
	1. a. Laun landsímastjóra ..	3,500	3,500		
	b. Persónuleg launaviðbót	1,500	1,500		
	2. Laun símaverkfræðings ..	2,800	2,800		
	3. Aðstoð og annar kostnaður	2,000	2,000		
	4. Ritsímastöðin í Reykjavík	21,120	21,820		
	5. Ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu..	8,300	8,400		
	6. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu..	11,590	11,590		
	7. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu ...	5,660	5,660		
	8. Símastöðin á Borðeyri ...	3,300	3,820		
	9. Símastöðin í Hafnarfirði alt að..	1,500	1,500		
	10. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að...	2,400	2,600		
	11. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar Þar í ritsímaþjónusta á Siglufirði.	6,000	6,500		
	12. Viðgerð og endurbætur á bæjarsímakerfi Akureyrar, alt að	9,000			
		Flyt...	78,670	71,490	92,500	92,500	885,640

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	78,670	71,490	92,500	92,500	885,640
13. Til þess að kaupa peningaskápa handa 6 símastöðvum	1,200				
Þar sem landssjóður á stöðvarhúsin verði uppmúraðir skápar.					
			79,870	71,490	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...			5,000	5,000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna			1,500	1,500	
VII. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna eftir reikningi alt að			2,000	2,000	
VIII. Viðhald landsímanna			15,000	15,000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			196,420	188,040	384,460
E. Vitamál.					
I. Stjórn og undirbúningur vitamála.					
a. 1. Laun umsjónarmanns...	3,700	3,700			
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum eftir ákvæðum landsstjórnar.					
b. Til aðstoðarmanns	2,500	2,500			
Hann sje jafnframt skyldur að gefa einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota.					
c. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	500	500			
d. Ferðakostnaður og fæðispeningar eftir reikningi alt að	1,000	1,000			
			7,700	7,700	
II. Laun vitavarða og reksturskostnaður vitanna:					
1. Svörtulofta- og Öndverðanessvitar:					
a. Laun vitavarðar	400	400			
b. Reksturskostnaður ...	500	500			
Flyt...	900	900	7,700	7,700	1,270,100

			1916.	1917.	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	900 900	7,700	7,700	1,270,100
2.	Elliðaeyjarviti:				
	a. Laun vitavarðar	400 400			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
3.	Bjargtangaviti:				
	a. Laun vitavarðar	200 200			
	b. Reksturskostnaður ...	350 350			
4.	Arnarnessviti:				
	a. Laun vitavarðar	500 500			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
5.	Straumnessviti:				
	a. Laun vitavarðar	100 200			
	b. Reksturskostnaður ...	» 400			
6.	Grímseyjar- og Malarhornsvitar:				
	a. Laun vitavarðar	250 250			
	b. Reksturskostnaðar ...	500 500			
7.	Hólmavíkurviti:				
	a. Laun vitavarðar	100 100			
	b. Reksturskostnaður ...	150 150			
8.	Kálfshamarnessviti:				
	a. Laun vitavarðar	100 100			
	b. Reksturskostnaður ...	200 200			
9.	Skagatáarviti:				
	a. Laun vitavarðar	150 150			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
10.	Siglunessviti:				
	a. Laun vitavarðar	900 900			
	b. Reksturskostnaður ...	500 500			
11.	Flateyjarviti:				
	a. Laun vitavarðar	150 150			
	b. Reksturskostnaður ...	400 400			
12.	Rifstangaviti:				
	a. Laun vitavarðar	200 200			
	b. Reksturskostnaður ...	300 300			
13.	Langanessviti:				
	a. Laun vitavarðar	250 250			
	b. Reksturskostnaður ...	200 200			
	Flyt...	8,000 8,500	7,700	7,700	1,270,100

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	8,000	8,500	7,700	7,700	1,270,100
14. Dalatangaviti:					
a. Laun vitavarðar	600	600			
b. Reksturskostnaður ...	600	600			
15. Vattarnessviti:					
a. Laun vitavarðar	100	100			
b. Reksturskostnaður ...	200	200			
16. Ingólfshöfðaviti:					
a. Laun vitavarðar	200	200			
b. Reksturskostnaður ...	400	400			
17. Dyrhólaviti:					
a. Laun vitavarðar	200	200			
b. Reksturskostnaður ...	400	400			
18. Vestmannaeyjaviti:					
a. Laun vitavarðar	700	700			
b. Reksturskostnaður ..	500	500			
19. Reykjanessviti:					
a. Laun vitavarðar	1,500	1,500			
b. Reksturskostnaður ...	1,600	1,600			
20. Garðskagaviti:					
a. Laun vitavarðar	600	600			
b. Reksturskostnaður ...	750	750			
21. Gróttuviti:					
a. Laun vitavarðar	500	500			
b. Reksturkostnaður... ...	450	450			
22. Styrkur til að halda uppi leiðarljósi á Gerðatanga ...	100	100			
23. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum á Svartatanga við Stykkishólm	100	100			
			17,500	18,000	
III. Bygging nýrra vita o. fl.					
a. Straumnesviti	»	16,300			
b. Malarrifsviti	16,300	»			
c. Bjarnareyjarviti	10,700	»			
Flutt ..	27,000	16,300	25,200	25,700	1,270,100

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	27,000	16,300	25,200	25,700	1,270,100
d. Selvogsviti...	»	12,300			
e. Akranesviti..	»	7,800			
f. Þokulúður á Dalatanga . gegn því að annarstaðar að komi það, sem á vantar.	14,000	»			
			41,000	36,400	
Stjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum á verkum þessum, að nokkru eða öllu leyti, og verja fjárhæðunum til annara útgjalda landssjóðs, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur landssjóðs hrökkva eigi til þeirra.					
IV. Sjómerki, þar með leiðarstaurar frá Knappavallaós að Hvalsíki 2,500 kr.			4,500	2,000	
V. Ýmislegt			2,000	2,000	
			72,700	66,100	138,800
Samtals...			.....	.....	1,408,900

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 732,290

		1916.	1917.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
A.				
Andlega stjettin:	kr.			
a. 1. Laun biskups	5,000			
2. Skrifstofukostnaður	1,000			
		6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:				
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.		2,000	2,000	
2. Til bráðabirgðauppbóta brauðum... ...		4,000	3,500	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum		5,000	5,000	
Flyt...		17,000	16,500	.....

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	17,000	16,500	.....
4. Framlag til prestlaunasjóðs			40,000	40,000	
5. Álag á Sandfellskirkju í Öræfum			500	.....	
6. — á Einholtskirkju.			450	.....	
7. — á Stafafellskirkju...			600	.....	
			58,550	56,500	
					115,050
B.					
Kenslumál:					
I. Til háskólans:					
a. Laun			40,600	41,000	
b. Aukakensla:					
1. Til kenslu í liffærameinfræði og sóttkveikjufræði .. ..—		2,800			
2. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík	800	800			
3. Til kennarans í efnafræði	600	600			
4. Til kennarans í lagal. læknisfræði...	300	300			
			1,700	4,500	
c. Styrktarfje:					
1. Námsstyrkur	9,000	9,000			
2. Húsaleigustyrkur.. ...	4,000	4,000			
3. Utanfararstyrkur læknaefna	300	300			
Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 100 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 320 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega aðeins veita utanbæjarnemendum.					
			13,300	13,300	
d. Til bókakaupa m. m.:					
1. Bókakaup	2,000	2,000			
2. Til bókakaupa handa heimspekisdeild	1,000	»			
Flyt...	3,000	2,000	55,600	58,800	115,050

			1916.	1917.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flyt...	3,000	2,000	55,600	58,800	115,050
3. Til kensluáhalda handa læknadeild	800	800			
4. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik	200	200			
			4,000	3,000	
e. Til útgáfu kenslubóka alt að.. ... ... Eftir ákvæði háskólaráðsins má verja nokkru af fjenu til útgáfu fjölritaðra kenslubóka.			2,500	2,500	
f. Til að undirbúa efnisskrá yfir íslensk lög að fornu og nýju			500	500	
